Ár 1914, miðvikudaginn 1. júlí, var fyrsti fundur neðri deildar alþingis settur eftir að sameinað þing hafði lokið störfum sínum að þessu sinni og þeir þingmenn vóru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti. Sátu þessir þingmenn neðri deild:

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Bjarni Jónsson, þm. Dal.
Björn Hallsson, 1. þm. N.-Múl.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Eggert Pálsson, 2. þm. Rangv.
Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
Einar Jónsson, 1. þm. Rangv.
Guðmundur Eggerz, 2. þm. S.-Múl.
Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnv.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hjörtur Snorrason, þm. Borgf.
Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýr.
Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.
Jón Magnússon, 2. þm. Rvk.
Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
Matthías Ólafsson, þm. V.-Sk.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Eggerz, þm. V.-Sk.
Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Sveinn Björnsson, 1. þm. Rvk.
Þórarinn Benediktsson, 1. þm. S.-Múl.

Ókominn til þings var Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Ráðherra kvaddi þm. Snæf., Sigurð prófast Gunnarsson, sem aldursforseta til að stýra fundi. Tók hann við fundarstjórn og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Eggert Pálsson 2. þm. Rangv. og Svein Björnsson 1. þm. Rvk. Lét aldursforseti þá ganga til kosninga um forseta deildarinnar, 1. og 2. varaforseta og skrifara.

Forseti deildarinnar var kosinn Ólafur Briem, 1. þm. Skagf., með 17 atkv., 7 seðlar vóru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn Pétur Jónsson, þm. S.-Þing., með 19 atkv., 4 seðlar vóru auðir.

Annar varaforseti var kosinn Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing., með 13 atkv., Björn Kristjánsson og Sigurður Eggerz fengu 1 atkv. hvor, 8 seðlar vóru auðir.

Skrifarar voru kosnir Eggert Pálsson, 2. þm. Rangv., með 19 atkv. og Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnv., með 14 atkv. Sveinn Björnsson fekk 2 atkv., Einar Arnórsson, Magnús Kristjánsson og Matthías Ólafsson fengu 1 atkv. hvor, 4 seðlar vóru auðir.

Þá las forseti upp bréf frá ráðherra, dags. 1. júlí 1914, þar sem hann tilkynnir, að hann leggi fyrir deildina þessi frumv.:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.
2. Frv. til laga um kosningar til alþingis.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.
4. Frv. til laga um viðauka við lög um skipströnd 14. jan. 1876.
5. Frv. til laga um sparisjóði.
6. Frv. til laga um sandgræðslu.
7. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum skipum.
8. Frv. til laga um friðun héra.

Stóð *ráðherra (H. H.)* þá upp og tók til máls á þessa leið:

Frumv. það til stjórnarskipunarlaga sem eg leyfi mér að leggja fyrir hina heiðruðu deild, er hið sama frumvarp, sem samþykt var á síðasta þingi. Það er lagt fram af stjórnarinnar hálfu með skírskotun til konungsbréfs dags. 20. okt. 1913. En þar stendur svo:

»Um leið og Vér því ákveðum að á nefndum degi skuli fara fram almennar kosningar til alþingis viljum Vér eigi láta hjá líða að gefa kjósendum til vitundar, að ef hið nýkosna alþingi samþykkir óbreytt stjórnarskrárfrumvarp það, sem samþykt var á síðasta þingi, þá verðum Vér jafnframt því, sem Vér staðfestum frumvarpið, að ákveða samkvæmt 1. gr. frumvarpsins í eitt skifti fyrir

öll, að íslenzk lög og mikilsvarðandi stjórnarathafnir skuli eins og að undanförnu bera upp fyrir Oss í ríkisráði Voru og verður þá að gefa út um það sérstakan konungsúrskurð er, ráðherra Íslands ber upp fyrir Oss. Á þeim konungsúrskurði verður engin breyting gjörð nema Vér staðfestum lög um ríkisréttarsamband Íslands og Danmerkur, samþykt bæði af ríkisþinginu og alþingi, þar er ný skipan verði á gerð«.

Hin önnur frumv. finn eg ekki ástæðu til að tala um nú, en minnist á þau, er þau koma til 1. umr. Óska eg, að forseti taki þessi frumv. á dagskrá við hentugleika og deildin til meðferðar.

Þá ákvað forseti fund föstudaginn 3. júlí kl. 12 á hádegi.

Fundi slitið.

A.

Frumvörp, samþykt af alþingi sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Stjórnarskrármàlið.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt

frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 (A.bls. 1).

Á 2. fundi, föstudaginn 3. júlí, var frv. tekið til 1. umr. (A. bls. 1).

Ráðherrann (H. H.): Eg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, að svo stöddu. Frv. er öllum þm. kunnugt og kjósendur hafa víðsvegar um land, lýst yfir þeirri ósk, að það verði samþykt aftur óbreytt á þessu þingi, sem kvatt er til setu sérstaklega til að taka fullnaðarákvörðun um þetta mál. Eins og öllum háttvirtum þm. er kunnugt hafði hans Hátign konungurinn lýst yfir því, að hann mundi ekki samþykkja stjórnarskrárbreytingu, þar er ákvæðið um uppburð íslenzkra sérmála fyrir honum í ríkisráðinu, væri úr felt, nema áður hefði verið samþykt ný lög um ríkisréttarsamband Íslands og Danmerkur, er bæði alþingi og ríkisþingið hefði fallist á. En þrátt fyrir þetta lét konungurinn það að óskum Íslendinga, að hlíta þeirri málamiðlun, sem framkom og samþykt var á síðasta alþingi, að ákvæðinu um uppburð málanna í ríkisráði væri slept úr stjórnarskránni, og í stað þess lagt á vald konungs að ákveða, hvar málin skyldi borin upp fyrir honum. En jafnframt því og hann gekk að þessari miðlan lýsti hann yfir því, að hann mundi um leið og hann staðfesti stjórnarskrárbreytinguna, nota rétt þann, er 1. gr. frv. leggur honum í hendur, þannig, að ákveða í eitt skifti fyrir öll, að íslenzk mál skyldi, eins og hingað til, borin upp fyrir honum í ríkisráði *hans*. Og er það skilyrði fyrir staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins, að Íslands ráðherra nafnsetji þann úrskurð með honum. Konungur lýsti ennfremur yfir þeim ásetningi sínum, að þá er sá úrskurður væri útgefinn, þá mundi hann í konunglegri auglýsingu, sem forsætisráðherra Dana nafnsetti, birta það í Danmörku, að hann mundi ekki samþykkja neina breyting á þessu fyrirkomulagi nema hann staðfesti lög um annað ríkisréttarsamband millí Íslands og Danmerkur, er samþ. væri af löggjafarvöldum beggja landa, þar er ný skipun væri á gerð. Til þess að íslenzkir kjósendur gengi eigi þessa duldir, þótti rétt að taka þetta skilyrði og þessa ákvörðun upp í hið konunglega opna bréf um nýjar kosningar til alþingis, er sérstaklega hnigu að spurningunni um samþykt stjórnarskrárinnar. Þetta konunglega opna bréf las eg upp hér í deildinni í fyrradag og skírskota

eg til þes. Að öðru leyti álít eg óþarft að fara frekara út í málið að sinni.

Bjarni Jónsson: Mig hefir furðað á því, síðan eg sá opna bréfið og umræðurnar á ríkisráðsfundinum, síðastliðið haust, að ráðherra hefir leyft sér að leggja slíkt til við konung. Og svo er að sjá á ræðu hæstv. ráðherra, sem það sé í samræmi við vilja síðasta alþingis, að konungur hefir í hyggju að ráðstafa uppburði íslenzkra sérmála svo sem raun er á orðin. Mig undrar það, þar sem eg átti sæti á seinasta alþ. og veit, að vilji þess var þveröfugur við það, sem hæstv. ráðh. heldur fram í umræðunum í ríkisráðinu. Það var vilji alls alþingis að nema burt ríkisráðsákvæðið úr stjórnarskránni til þess að sýna það, að það hafi verið rétt hjá hæstv. ráðherra, sem hann hélt fram 1903, að hér væri um alíslenzkt löggjafarákvæði að ræða, sem alþingi og konungur gæti skilyrðislaust numið burt. En hér fer konungur mikið lengra en vilji seinasta alþingis var, þar sem ákveðið er, að sérmál vor skuli borin upp í ríkisráðinu um aldur og æfi, eða svo lengi sem dönsku löggjafarvaldi þóknast. Slíkt kom engum til hugar á seinasta þingi. Annars skal eg ekki orðlengja þetta frekar að sinni, því að eg vænti þess og geri það að till. minni, að 1. umr. málsins verði frestað og 7 manna nefnd kosin til að athuga það, og verður þá tækifæri til að hverfa að því síðar.

Ráðherrann (H. H.): Mig furðar á því að heyra ummæli háttv. þm. Dal. (B. J.), þar sem það var öllum ljóst í fyrra og enginn þm. gekk að því gruflandi, að konungur mundi nota þann rétt, er honum var heimilaður með stjórnarskrárbreytingunni, á þann hátt, að ákveða, að málin skyldi borin upp fyrir honum í ríkisráðinu. Það eitt þótti þá skifta máli, að ríkisráðsákvæðið stæði eigi lengur í stjórnarskránni. Með því þótti öllum slegið föstu, að stjórnarskipunarlög vor heimiluðu á engan hátt dönskum stjórnarvöldum neina tilhlutun um sérmál vor, og að það, hvernig uppburði málanna fyrir konungi væri hagað væri íslenzkt sérmál, sem konungur með Íslandsráðherra réði einn. Það, sem eg hefi gert í þessu máli, hefi eg gert í þeirri sannfæringu, að með því væri fullnægt vilja alþingis. Hitt er og víst, eins og eg hefi áður skýrt háttv. þm. frá, að sú ráðstöfun á uppburði málanna, sem opna bréfið greinir, er af konungs hálfu skilyrði fyrir staðfesting hans á þessari stjórnlagabreyting. — Stjórnarskrárbreytingin nær að öðrum kosti ekki staðfestingu konungs.

Bjarni Jónsson: Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, að þingmenn munu hafa gert ráð fyrir því, að málin yrði eftir sem áður borin upp fyrir konungi í ríkisráðinu, en hitt mun engum, eins og eg tók fram áðan, hafa komið til hugar, að gerð yrði bindandi ákvörðun um það, að þau skyldi borin þar upp um aldur og æfi, eða þangað til ríkisþingi Dana þóknaðist að samþykkja ný sambandslög milli Íslands og Danmerkur, eins og gert er ráð fyrir í opna bréfinu.

Ráðherrann (H. H.): Eg man ekki betur, en einmitt háttv. þm. Dalam., sem var í minni hluta í stjórnarskrárnefndinni á seinasta þingi, hafi í fyrra lýst yfir því skriflega í minni hluta áliti sínu, að hann gerði ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að ráðherra Íslands undirskrifaði með konungi úrskurðinn um það, hvar íslenzk mál skyldi borin upp

fyrir honum, og honum var það eins ljóst eins og öllum öðrum, að hann mundi kjósa til þess ríkisráðsfund.

Það er alls ekkert nýtt í því, að konungur bindi samþykki sitt til breytinga á slíkum úrskurði við það, að samþykt verði áður ný sambandslög milli landanna. Fyrrverandi konungur, Friðrik VIII., lýsti yfir því við þá verandi ráðherra, Kristján Jónsson, að hann gerði það að skilyrði fyrir staðfestingu stjórnarskrárbreytingar, er fæli í sér afnám ríkisráðsákvæðisins úr stjórnarskránni, að samþykt yrði ný sambandslög. Eftir konungaskiftin bar sami ráðherra þessi sömu boð frá hinum núverandi konungi vorum til alþingis. Það getur því ekki komið mönnum á óvart, þótt samskonar hugsun kæmi fram af hálfu konungs nú, þótt slept væri kröfunni um að uppburður málanna í ríkisráði væri stjórnarskráratriði, enda skildi meginþorri alþingis þessa skirskotun til nýrra sambandslaga svo á þingi 1912 og 1913, að konungur væri því hlyntur, að breyting yrði ger á ríkisréttarsambandinu, samkvæmt óskum af Íslands hálfu og gæti hugsað sér, að samkomulag gæti orðið milli beggja aðila, alþingis annarsvegar og ríkisþingsins hins vegar, um þannig lagaða breytingu á ríkisréttarsambandinu, að haga mætti uppburði málanna á annan hátt.

Skúli Thoroddsen: Þegar mér varð kunnugt um konungsúrskurðinn frá 20. okt. f. á., og umræðurnar á ríkisráðsfundinum, vóru þar ýms atriði, sem eg gat ekki felt mig við.

Eg gat *ekki* felt mig við það, að forsætisráðherra Dana færi að blanda sér í það, hvort konungurinn ætti að staðfesta stjórnarskrárbreytingu síðasta alþingis, eður eigi, þar sem eg veit ekki betur, en að þar væri um *al-íslenzkt* sérmál að ræða, sem ekki átti að fara annara á milli en konungsins og ráðherra Íslands.

Annað atriði, sem eg feldi mig þá og *eigi síður illa við*, var það, er ákveðið var, að jafnframt því er stjórnarskrárbreytingin yrði staðfest, skyldi og gefinn út sérstakur konungsúrskurður, þar sem ákveðið væri, að ísl. sérmál skyldi borin upp í ríkisráðinu, sem að undanförnu, og að á þessu mætti svo alls enga breytingu gera, nema samþykt hefði verið — og staðfest af konungi — sambandslög, þ. e. lög um ríkisréttarsambandið milli landanna Danmerkur og Íslands, er aðra skipan gerði.

Eg feldi mig *illa* við þetta — *ekki* að vísu við það, að ákveðið var að málin skyldi eftir sem áður borin fram í ríkisráðinu, því að við því höfðu allir þingmenn búist, heldur við *hitt*, er ákveðið var að svo skyldi standa, unz sambandslög yrði staðfest.

Eins og kunnugt er, vakti *það eitt* fyrir þinginu, er »ríkisráðsákvæðið« svo nefnda var felt burt úr stjórnarskránni, að þingið vildi á þann hátt — sýnandi, að engin nauðsyn væri það *í sjálfu sér*, að sérmál Íslands væru borin upp fyrir konunginum í ríkisráðinu — »vildi á þann hátt« leggja *áherzlu* á það, að *af sérmálum Íslands væri dönsku ráðherrunum alls engin afskifti ætlað að hafa*, og þenna skilning á þýðingu »úrfellingarinnar« kannaðist danski forsætisráðherrann og *beinum orðum* við á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913, og *kvað dönsku ráðherrana og mundu haga sér því samkvæmt*, — þ. e. *tjáði þá eigi munda blanda sér í sérmál Íslands.*

Á þenna hátt er það þá og fengið, sem alþingi vildi, og þá skiftir oss það að sjálfsögðu *engu*, þótt sérmál vor sé nú borin upp fyrir konunginum í ríkisráðinu, — dönsku ráðherrarnir þar þá eigi *nema sem dheyrendur*, að því er til sérmála vorra kemur. —

Á hinn bóginn getum vér Íslendingar þó auðvitað *eigi* látið oss lynda, að það sé lagt á vald danska löggjafarvaldsins, hve lengi svo skuli standa.

En því verður *ekki* neitað, að verði væntanlegur konungsúrskurður, eins og gert er ráð fyrir í »opna bréfinu« frá 20. okt. síðastl., eða samþykki alþingi stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt, án þess *skýr mótmæli* komi fram gegn því, sem »Opna bréfið« fer fram á, *þá er sérmálasviðið þrengt*, réttur vor *skertur* og málunum svo komið, að sérmál vor verða einatt borin upp í ríkisráðinu, *án þess vér getum nokkra breytingu á því gert*, fyrr en sá tími kemur, er ríkisþing Dana samþykkir lög um ríkisréttarsambandið milli landanna Danmerkur og Íslands, — með öðrum orðum: þetta *alíslenzka* sérmál, uppburður sérmálanna fyrir konunginum, það er þá eingöngu orðið háð vilja danska löggjafarvaldsins.

Það má nú að vísu ef til vill segja, að »factiskt« hafi þetta *ekki* mikla þýðingu, en »formelt« og »juridiskt« (þ. e. frá formlegu og lögfræðislegu sjónarmiði) hefir það þó *stórmikla* þýðingu, þar sem *íslenzkt* sérmál er þá þannig *lagt á vald danska löggjafarvaldsins*, — *vilji þess* orðinn *einráður*, en eigi vilji vor sjálfra. —

Á hinn bóginn var mér það þó ljóst, að þetta mætti *ekki* verða til þess, að stjórnarskrárbreyting síðasta alþingis, sem hefir í sér fólgnar margar og mjög mikilsverðar réttarbætur, sem ekki mega dragast — næði ekki fram að ganga, og því verður að gera það tvent: *að* gera alt til þess að stjórnarskrárbreytingin fái framgang nú á þinginu, og *jafnframt* að sjá svo um, að réttur vor verði þó ekki á nokkurn hátt skertur.

Eg get nú *ekki* séð, að ekki sé hægt að búa svo um hnútana, að ákvæði »opna bréfsins« 20. okt. 1913 verði oss ekki til baga, eða að það verði vankvæðum bundið að fá stjórnarskrárfrv. staðfest, þó að vér *mótmælum* ákvæðum þess, — látum þess getið, að samþykt stjórnarskrárfrumvarpsins á þinginu í sumar *megi á engan hátt skilja á þá leið, að vér þar með göngumst undir það, sem í »Opna bréfinu« segir.*

Það er ljóst, að það tvent hefir fyrir konunginum vakað, er konungsúrskurðurinn frá 20. okt. síðastl. var gefinn út: 1. *að* málin skyldi borin upp í ríkisráði, og 2. *að* þetta ætti að vera »stabil« ákvörðun, þ. e. ákvörðun, sem ekki væri altaf verið að breyta.

Hitt, þ. e. að vilja á nokkurn hátt skerða réttindi lands vors, *það hefir fráleitt fyrir konunginum vakað*. En tímatakmark varð að setja, að hans skoðun, og þá lá það eðlilega nær en alt annað, að benda þá á sambandslögin, þ. e. að breyting yrði þá þó að sjálfsögðu að gerast, ef í þeim yrði ákvæðið, er til kæmi. —

Eg sé því eigi neina ástæðu til þess að væna Hans hátign konunginn þess, að hann muni synja stjórnarskrárfrumvarpinu staðfestingar þótt þingið jafnframt því að afgreiða stjórnarskrárfrumvarpið óbreytt, samþykki þingsályktunartillögu, þar sem skorað er á ráðherra að búa svo um hnútana, að í engu verði skert réttindi landsins.

Í þingsályktunartiilögunni, sem og í konungsúrskurðinum, er staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins fylgir, verður þá og *að sjálfsögðu* að láta þess getið, *að þó að þingið samþykki stjórnarskrárfrumvarpið, megi þó eigi skilja samþykt þess á nokkurn hátt svo, sem það* (o: þingið) *vilji að nokkru leyti binda sig við eða fallast á það, sem haldið er fram í opna bréfinu frá 20. okt. 1913.*

Ráðherra á síðan að ganga svo frá öllu, eins og þingið býr honum í hendur — *og setja þá auðvitað stöðu sína að*

veði, svo að ekki sé réttur landsins á nokkurn hátt skertur.

Eg fæ því ekki séð, að það sé annað en *óþarfa grýla*, að nokkuð ilt geti leitt af því — eins og ótæpt hefir þó verið gefið í skyn nú undanfarið, þótt þingið komi *einarðlega* fram og búi málið svo í hendur ráðherranum, sem nú hefir sagt verið.

Og ef það er gert, *þá hefir þingið þó efnt loforðin*, sem þjóðin *með réttu* telur sér hafa gefin verið, og stendur þá og *að mun* betur að vígi á eftir, hvernig sem alt, gegn von vorri, kynni að snúast.

Að lokum get eg bætt því við, að eg get vel skilið, hvers vegna hæstv. ráðherra hefir gengið að því, að sérmálin skyldi borin upp í ríkisráðinu, og að á því mætti enga breytingu gera nema ný sambandslög væri sett, er aðra ákvörðun gerði. Í hans augum hefir það verið aðalatriðið, að Íslendingar myndi eigi æskja slíkra breytinga, og myndi því standa á sama um þetta.

Hann hefir í svipinn eigi gætt þess, að þar sem ný sambandslög geta eigi skapast nema danska ríkisþingið samþykki, þá var alt þannig lagt á vald Dana, þ. e. Íslendingar þá eigi framar bærir um það að ákveða *einir*, með konungi sínum, hvar íslenzku sérmálin skuli borin upp fyrir konunginum.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en óska eins og aðrir, að málið verði sett í nefnd og 1. umr. þess frestað.

Ráðherra (H. H.): Það var víst öllum ljóst, hver var í raun og veru tilgangur alþingis með því að taka þetta ákvæði út úr stjórnarskránni á þann hátt, sem gert var. Eg skal og leyfa mér að minna á ummæli mín um það efni í ríkisráðinu, áður en konungsúrskurðurinn var út gefinn. Þau hljóða svo, samkvæmt skýrslunni, sem birt var hér í Lögbirtingablaðinu:

»... Alþingi hefir eigi að síður talið sér skylt að standa fast við það, að í stjórnarskránni um sérmál Íslands eigi ekki að standa ákvæði, sem gæti misskilist á þá leið, að það vald, er samkvæmt stjórnarskránni liggur eingöngu undir konung og alþingi, eða ráðherra Íslands framkvæmir fyrir konungs hönd, sé þó jafnframt lagt undir dönsk ríkisvöld«.

Það ætti að vera auðsætt mál, að þegar konungur eftir þessa skýringu felst á úrfellingu ákvæðisins úr stjórnarskránni, þá staðfestir hann skilning alþingis, og það, að úrskurðurinn verður útgefinn með undirskrift Íslandsráðherra eins ásamt konunginum, slær því föstu, að uppburður íslenzkra mála sé íslenzkt sérmál, sem ekki hefir verið viðurkent út á við fyrr, þótt vér höfum litið svo á og haldið því fram.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gekk út frá því, að tilætlunin væri að taka upp í hinn væntanlega konungsúrskurð það ákvæði, að uppburði málanna verði eigi breytt, nema til komi ný sambandslög. Eg veit ekki, hvaðan hann hefir það. Þetta er ákvörðun, sem Hans hátign konungurinn er þegar búinn að taka og birta og ekki þarf að endurtaka. Og mér er spurn: Hvernig getum vér varnað konungi að einsetja sér þetta, eða látið hann taka það aftur? Eða hvernig getum vér bannað honum sem konungi Danmerkur að auglýsa þennan ásetning sinn í Danmörku? Eg vil spyrja hinn háttv. þm.: Hvaða veg höfum vér til þess að varna honum þess, þótt hann vildi auglýsa þar með aðstoð danskra ráðherra sinna hvern einasta íslenzkan konungsúrskurð, er honum virðist vita að Danmörku á einhvern hátt? Vér getum eigi ráðið við það.

Því verður hann að ráða sjálfur. Spurningin var hér einungis sú, hvort það ætti að láta þetta alt vera á huldu og láta ekki Íslendinga vita neitt um þennan ásetning konungs, að breyta ekki úrskurðinum um uppburð málanna, fyrr en eftir á, þegar búið væri að samþykkja frumvarpið aftur, eða gera þetta strax heyrinkunnugt. Eg fyrir mitt leyti á-leit réttara að láta þá vita þegar fyrirfram alt um skilyrði konungs fyrir staðfesting stjórnarskrárfrumvarpsins og þess vegna var athugasemd um þetta tekin upp í opna bréfið um nýjar kosningar. *(Bjarni Jónsson:* Hvers vegna undirskrifaði ráðherra úrskurðinn?). Úrskurðurinn er ekki útgefinn enn, en það heyrir undir verkahring ráðherra Íslands að nafnsetja með konungi innköllun til nýrra kosninga og það, er nauðsynlegt þykir að birta Íslendingum af konungs hálfu. Annars finn eg ekki ástæðu til að svara innskotssetningum eða aðfinslum háttv. þingmanns frekara en eg hefi gert.

Eg heyrði, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) bar kvíðboga fyrir því, að með takmörkun þeirri, er um ræðir í hinu kgl. opna bréfi 20. okt. 1913 mætti ef til vill segja, að mál vor sé á einhvern hátt lögð á vald ríkisþingsins danska, af því að ný sambandslög geti ekki orðið til án samþykkis ríkisþingsins. En það mætti alveg eins vel segja, að í konunglega opna bréfinu sé allar breytingar á sambandinu milli landanna lagðar á vald alþingis Íslendinga. Hingað til hefir, eins og háttvirtum þingheimi er kunnugt, því verið haldið fram af ýmsum dönskum stjórnmálamönnum, að eins og ríkisþingið eitt ásamt konungi hefði sett stöðulögin, eins gæti danskt löggjafarvald aftur breytt þeim, og aldrei hefir fengist neitt fast loforð um það, að samþykki alþingis skuli vera skilyrði fyrir breyting á stöðulögunum. En í þessu konunglega opna bréfi er það beint sagt, að ný lög um ríkisréttarsambandið milli Danmerkur og Íslands verði ekki staðfest af konungi nema bæði alþingi og ríkisþingið hafi samþykt þau. Það hefði einhvern tíma ekki þótt lítið varið í þess konar yfirlýsingu. Ummæli konungs í opna bréfinu sýna að minsta kosti þann vilja hans og ásetning, að þó að ríkisþingið t. d. vildi setja þau lög, að Íslandsráðherrann, er eingöngu fer með sérmálin, mætti ekki koma í ríkisráð Dana og heyra, hvað þar fer fram, þá mundi konungur ekki staðfesta slík lög án samþykkis alþingis Íslendinga.

Að hér geti verið um nokkurn samning að ræða gagnvart ríkisþinginu, get eg ekki séð né skilið. Hér er um ekkert annað að ræða, en venjulega íslenzka stjórnarráðstöfun. Konungur hefir auðvitað leyfi til þess að auglýsa hana, hvernig sem hann vill, og eg hefi gert skyldu mína, að láta Íslendinga þegar í stað vita, hvers vænta mátti.

Guðmundur Hannesson: Úr því að það er leyfilegt nú, að ræða málið nokkuð í heild sinni, þá vildi eg segja nokkur orð.

Mikið orð hefir verið gert á því, hversu nauðsynleg þessi breyting á stjórnarskránni sé, og hversu miklar réttarbætur hún veiti. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki betur séð, en að frumvarpið sé fremur lélegt. Mér liggur við að segja, að aðalbreytingarnar í því sé hugsunarlítil eftiröpun erlendra fordæma. Eg get heldur ekki séð betur, en að meiri hluta breytinganna sé svo farið, að enga brýna nauðsyn bar til þeirra í svipinn. Hins vegar eru margir helztu gallarnir á stjórnarfari voru — og þeir mjög tilfinnanlegir — óbreyttir eftir sem áður.

Eg skal nú í örfáum orðum minnast nokkuð á helztu breytingarnar.

Fyrst er þá afnám konungkjörnu þingmannanna. Nálega allir, sem á það atriði hafa minst, hafa talið það nauðsynlega framför og mikla réttarbót. Eg fyrir mitt leyti tel það vafasamt. Þeir eru nú kjörnir af stjórn, sem styðst við meiri hluta þingsins, sem aftur styðst við meiri hluta þjóðarinnar. Það hefði auðveldlega mátt haga svo til, að þeir ætti eigi lengur setu en stjórnin, sem skipar þá. Engin ástæða til að vantreysta því, að stjórnin nefndi til þessa færa menn, og væri þetta sennilega heppilegt til þess að gefa stjórnarskútunni dálitla seglfestu, svo að hún ylti síður — af tilviljun einni. Því svo er vant að vera við stjórnarskifti, að þá slæðast ýmsir með í hópinn, sem ekki reynast tryggir síðar meir.

Annað atriðið er fjölgun kjósenda. Nú á að veita nálega öllum sem komnir eru til vits og ára þennan kynlega rétt, kosningarréttinn, þennan rétt, sem gerir alla jafna, hversu ólíkir sem þeir eru og gefur Jesú eitt atkvæði og Júdasi eitt. Eg held að hyggilegra hefði verið að löggjöfin hefði beðið eftir brýnni nauðsyn og einróma kröfum um það. Eg veit, að krafan er hvorki rík né þörfin brýn, þegar um þá tvo flokka er að ræða, sem nú á aðallega að bæta við: verkamenn og kvenfólk. Í þúsund ár hafa nú tveir flokkar stjórnað þessu landi: bændur og mentamenn. Nú bjóðast þessir flokkar til þess, mikið til af sjálfsdáðum, að skila af sér stjórninni í hendur verkamönnum og kvenfólki. Eg vantreysti þeim ekki, en brýna nauðsyn sé eg ekki til þessa, nú sem stendur. —

Þriðja breytingin er sú (21. gr.), að lög um breyting á sambandi Íslands og Danmerkur skuli borin undir atkvæði kjósenda. Þetta er framför, og svo er líka um nokkrar aðrar smærri breytingar.

En þá er að tala um þær þarfir, sem *ekki* er bætt úr með þessu frumvarpi. — Þegar vér fengum þingræðið, þóttust menn alment hafa himin höndum tekið. Eg spáði því þá, að það myndi sýna sig, að það hefði mikla galla í för með sér, og það er nú þegar farið að koma tilfinnanlega í ljós. Þegar eins eða tveggja atkvæða munur á þingflokkum er nóg til þess, að fá einum flokki öll völd í hendur, fé og mannvirðingar, yfirleitt flest, sem menn frekast girnast, þá hlýtur slíkt að skapa flokkadeilur og innanlandsstyrjöld. Blöðin verða að flokkablöðum, harðvítugustu málflutningsblöð, sem ýmist lasta eða lofa alt, sem stjórnin gerir. Úr þessu er ekki að neinu bætt, og eg skal ekki áfella neinn fyrir það, þótt það sé ekki gert. Erlendis hafa þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt, reynst mjög erfiðar og ekki fundist þau ráð, er dygði.

Þá er æðsta stjórnin í landinu. Oft hafa heyrst raddir um það, að eitthvað sé bogið við fyrirkomulagið, sem nú er. Eitt blaðið stakk upp á því nýlega, að fjölga ráðherrum. Hafa þá þrjá, sinn úr hverjum flokki.

Mönnum dettur svo margt ólíklegt í hug — eg vil ekki segja hyggilegt. — Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fjölga megi ráðherrum með lögum, en annað hefir mönnum ekki hugkvæmst í því efni til umbóta. Þó mætti ætla, að fleira gæti komið til greina.

Afleiðingin af öllu þessu er sú, að stjórnarfar vort er alt á hverfanda hveli. Nú höfum vér haft 4 sinnum stjórnarskifti á 6 árum. Þessi tíðu stjórnarskifti geta í mínum augum haft mjög svo varasamar afleiðingar. Það er við búið, að þeir, sem taka við stjórn, sé oftast óæfðir, og þeim hlýtur að veita starfið erfitt í byrjun, hvort sem er að tala um einn ráðherra eða fleiri. Það

má búast við, að svo og svo mikið af stjórnartímanum gangi í það að læra að stjórna og vinna hversdags störfin. Þjóðin hefir þá sífeldar áhyggjur út af stjórninni, rétt eins og læknir, sem þarf að vakna oft á nóttu til að sinna sjúklingi. Vafalaust mætti ráða einhverja bót á þessu. Auðvitað er enginn efi á því, að þjóðin á að geta steypt þeirri stjórn, sem hún vill ekki hafa. En þótt ekki væri gerð önnur breyting en sú t. d., að kjósa ekki nema einn þriðjung þingsins í einu, þá væri það að minni hyggju stór bót frá því, sem nú er. Nú getur eitt lítið atvik, ein vel skrifuð blaðagrein, gert byltingu og faraldur út um alt land. Það getur orðið til gagns, en það getur líka ekki síður orðið til ógagns. En með þessu væri girt fyrir það, að tilviljun ein verkaði í svipinn á fleiri en $^1/_3$ kjördæmanna, eða kjósendanna.

Eg hefi nefnt þetta að eins til dæmis um það, að það er margt og tilfinnanlegt, sem enn er ábótavant í þessu frumvarpi.

Mér þætti það ekki ólíklegt, að þótt þetta frumvarp næði fram að ganga, þá ræki brátt að því, að aftur þyrfti að breyta stjórnarskránni. Og þá er aðgætandi, að enn stendur óhaggað ákvæðið um það, að til þess þurfi þingrof og þar af leiðandi aukaþing — ákvæði, sem gerir breytingar á stjórnarskránni bæði dýrar og erfiðar. Eg álít þetta illa farið. Það ætti að nægja, að láta nýjar kosningar fara fram, og þegar breyting er gerð, gæti eg trúað að það væri til batnaðar, að ekki væri breytt nema einni grein í senn. Þegar mörgum er breytt í einu, þá verður það til þess, að kjósendur fara í hrossakaup við sjálfa sig, þannig, að þegar ein breytingin þykir góð, þá eru hinar látnar fljóta með.

Eg hefi viljað taka þetta fram til þess, að það sæist, að eg álít ekki allar breytingarnar bráðnauðsynlegar, og get fyrir mitt leyti ekki skoðað frumvarpið sem nokkurs konar »Brama«, sem bæti öll vor mein, eins og svo margir virðast hafa ætlað. Eigi að síður mun eg, eftir því sem nú er komið, greiða atkvæði með því, að það sé samþykt.

Skúli Thoroddsen: Hæstv. ráðh. (H. H.) gat þess um konungsúrskurðinn, frá 20. okt. 1913, að þar væri um ákvörðun að ræða, sem þegar væri búið að gera, og sem — að mér skildist — yrði ekki breytt.

Það er mikið rétt, að hér ræðir um ákvörðun, sem þegar hefir gerð verið, þ. e. a. s. að því leyti, að konungur hefir lýst yfir því, að hann hafi hugsað sér að haga þessu þannig, og tilkynt Dönum og Íslendingum þá fyrirætlan sína. En á þetta ber svo að líta, sem hér ræði þá aðeins um tilboð, af konungsins hálfu, svo sem hann segði: »Eg mun staðfesta stjórnarskrárfrumvarpið, en þó með skilyrði, því að jafnframt hefi eg þá hugsað mér að haga svo til, að gefinn sé út konungsúrskurður, er sé þess eðlis, að honum sé ekki breytt, nema uppburður íslenzkra sérmála í ríkisráðinu verði að hætta, vegna ákvæða í sambandslögum er sett kunna að verða«.

Hér ræðir því enn eigi um annað en um *einhliða* tilboð af konungsins hálfu, og það, hvort það öðlast nokkurntíma gildi, eða aldrei, veltur því auðvitað *algerlega* á því, hvort alþingi gengur að því eður eigi. — Geri alþingi það ekki, þá fær tilboðið *aldrei* gildi, hvað oss snertir. — En samþykki alþingi á hinn bóginn frumv., án þess að gera nokkuð annað, þá verður eigi öðru vísi á það mál litið, en svo, að það hafi þá gengið að tilboðinu, og gert þar með bindandi samning.

En þetta, er eg nú síðast nefndi, það er einmitt það, sem vér *ætlum ekki* að gera, og *megum ekki* gera. — Að minsta vakir það fyrir mér, að það verði látið koma *skýrt* fram, að *ekki* megi skilja samþykt alþingis, að því er til stjórnarskrárfrumvarpsins kemur, á þann hátt, sem það vilji á nokkurn hátt ganga að því, sem boðið er eða farið fram á í opna bréfinu frá 20. okt. 1913.

Eg ætlast því til þess, að ráðherrann fari þess á leit við konung, að fá þessu breytt, og eg verð að vænta þess, að það verði létt verk. Hann mundi segja við konung eitthvað á þessa leið: »Það hefir *frálеitt* verið vilji yðar hátignar, að draga að nokkru leyti úr réttindum, sem Íslendingar hafa þegar viðurkend fengið, heldur hefir hitt að sjálfsögðu einungis fyrir yður vakað, að aftra því, að hringlað sé með uppburð málanna fram og aftur. — Þessu hafa Íslendingar og ekkert á móti, og í því efni þarf yðar hátign því alls ekkert að óttast«.

Eg get ekki betur séð, en að þetta sé það eitt, sem fyrir konunginum hefir vakað, þ. e.: hann vill, að ákvörðunin, sem gerð er, sé *varanleg* ákvörðun. — Dylst mér því og alls eigi, að hæstv. ráðherra (H. H.) sé aðeins að reyna að *hræða* menn, er hann lætur sem ákvæði »Opna bréfsins« frá 20. okt. síðastl. hafi alt aðra þýðingu, en þau hafa og geta haft.

Hygg eg svo, að eg hafi svarað því, sem helzt þarf að svara í ræðu hæstv. ráðherra, og skal því ekki eyða fleiri orðum um málið að sinni.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 7 manna nefndar í einu hljóði.

Óskað var hlutfallskosningar. Forseta bárust þrír listar og nefndi hann þá A-lista með nöfnunum: Einar Arnórsson, Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson, Guðmundur Hannesson, Sveinn Björnsson, B-lista með nafninu: Jón Magnússon, C-lista með nöfnunum: Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson, Þorleifur Jónsson.

A-listi hlaut 12 atkvæði, B-listi 5 atkvæði og C-listi 8 atkvæði og hlutu því sæti í nefndinni:

Einar Arnórsson
Pétur Jónsson
Skúli Thoroddsen
Jón Magnússon
Bjarni Jónsson
Stefán Stefánsson
Guðmundur Hannesson.

Fyrstu umræðu var þvínæst frestað.

Á 39. fundi, mánudaginn 10. ágúst, kom málið til framhalds 1. umr. (A. bls. 1, n. þgskj. 437).

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum, með því að nefndaráliti hafði verið útbýtt á fundi samdægurs. Afbrigði leyfð og samþykt.

Framsögumaður (Einar Arnórsson): Eg vil aðeins lýsa yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir orðið sammála um að leggja til, að stjórnskipunarlagafrumvarpið verði samþykt óbreytt á þessu þingi.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi, þriðjudaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum, og vóru þau leyfð og samþykt.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eins og eg lýsti yfir fyrir hönd nefndarinnar við 1. umr., þá

hefir hún lagt til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Eg má þó bæta því við, að minsta kosti af hálfu meiri hl. nefndarinnar, að skilyrðið fyrir því, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ., er sá, að fyrirvari fylgi um uppburð sérmálanna fyrir konungi. Með því að nefndin hefir lagt þetta til, sé eg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um einstök atriði frumvarpsins né um sjálfan fyrirvarann fyrr en í sambandi við hann (þskj. 438) og þær breytingartillögur, sem að honum lúta (þskj. 447 og 455).

En það er eitt atriði í 1. gr. frv., sem eg vil drepa á, þótt það sé að visu formatriði.

Eins og kunnugt er, er þar ákveðið, að tölu ráðherra megi breyta með lögum. Það hefir áður verið bent á það, utanþings þó, að grein þessi væri óheppilega orðuð. Því að hún og alt annað í frv. bygðist einmitt á því, að ráðherra væri ekki nema einn. Svo sem að ráðherra megi ekki hafa annað embætti á hendi og að landssjóður greiði kostnað við utanfarir ráðherra o. s. frv. Eg tel þetta orðalag að vísu ekki sem höndulegast, en þó ekki til fyrirstöðu því, að fullnægja megi heimildinni í 1. gr. um fjölgun ráðherra. Úr því að löggjafinn sjálfur ætlast til þess, að þessu (þ. e. tölu ráðherra) verði breytt, þá breytist auðvitað alt það, sem breytingin hefir nauðsynlega í för með sér. Það skilyrði, að ráðherra megi ekki hafa annað embætti verður þá ekki skilið svo, að honum sé óheimilt að fara með embætti annars ráðherra til bráðabirgða. Og þar sem það er ákveðið, að landritari taki við ráðherraembættinu, ef ráðherra deyr, þá hverfur þetta ákvæði úr sögunni jafnskjótt sem ráðherrum verður fjölgað, enda skal þá leggja niður landritaraembættið, en þegar ráðherrar eru orðnir tveir eða fleiri, þá tekur einhver þeirra við störfum þess, er deyr. Það eru ýms fleiri ákvæði, sem byggjast á því skipulagi, sem nú er, að ráðherra sé einn, en ekkert er þó sem hindrar, að þessu ákvæði 1. gr. verði framfylgt. Þetta er að eins skýring um skilning þessa atriðis, sem eg vildi láta fram koma, svo að síðar mætti til þess vitna, ef vafi léki á um það, hvernig beita skyldi heimild 1. gr. frv. til fjölgunar ráðherrum.

Jón Magnússon: Eg stend ekki upp til þess að andmæla háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Eg er honum alveg samdóma um, að þetta sé hin eina rétta skýring. En eg vildi bera hönd fyrir höfuð nefndarinnar í stjórnarskrármálinu í fyrra og get ekki viðurkent, að ákvæðið sé illa orðað. Orðalagið er full-ljóst og þess vegna óþarft að gera þessa skýringu (E. A.: Eg sagði, að komið hefði fram vafi um þetta atriði). Já, mér er sama, sá vafi er ekki á rökum bygður og skilningur háttv. 2. þm. Árn. er alveg réttur, og vil eg mótmæla, að nokkur efi geti í rauninni á þessu leikið.

Benedikt Sveinsson: Nefndin, sem kosin var í þetta mál á öndverðu þingi, hefir fyrst í fyrradag látið nefndarálit frá sér fara. Það er hvorttveggja að þetta er aðalmálið, sem fyrir þessu þingi liggur og það málið sem mest á ríður, það mál sem þetta þing var sérstaklega kallað saman til að ganga frá, enda auðséð, að nefndinni hefir reynst, að hér var um mikið vandamál að ræða. Hún hefir starfað lengi og loks kloínað út af ágreiningi um það, hvernig skoða beri hið opna bréf konungs frá 20. okt. 1913, og það sem fram fór í ríkisráðinu þann dag. Einnig hefir orðið ágreiningur um það, hvernig afstýra beri þeirri hættu, sem sjálfstæði landsins geti verið búin af þessu tvennu.

Jafnvel þótt skoðanir væri svo skift-

ar í sjálfri nefndinni, að ekki gæti fengist samkomulag, þá eru þær þó enn skiftari meðal þingmanna utan nefndarinnar. Það er mjög ilt, að nú er svo áliðið þingsins, að þingmenn hafa ekki nema þrjá daga, eða að eins tvo fyrir utan þennan, til þess að ganga frá þessu máli til fullnustu í báðum þingdeildum. Það er þingmönnum ofætlun, að þeir geti gert sér þetta mál nægilega ljóst í einni svipan, sem nefndin sjálf hefir þurft svo langan tíma til að athuga og búa þeim í hendur. Eg verð að telja það afaróviðfeldið og ótilhlýðilegt að þurfa að fleygja þessu máli frá sér svo að segja umræðulaust, (en það er óhjákvæmilegt úr því að þingtíminn verður ekki lengdur), og með sífeldum afbrigðum frá þingsköpunum, sem illa sæmir að grípa til um þetta mál, sem er vandasamasta mál þjóðarinnar, og stjórnarskráin sjálf ákveður, að svo mikið skuli vandað til, að ekki verði frá því gengið nema á tveim þingum, þannig, að nýjar kosningar skuli fara fram og boðað sé til aukaþings áður það nái til fulls fram að ganga.

Síðan mál þetta var rætt hér á síðasta þingi hefir margt nýtt fram komið, einkum viðvíkjandi því atriði, hvernig uppburði sérmálanna fyrir konungi verði framvegis hagað.

Í sambandi við það verð eg fyrst að minnast stuttlega á þær deilur, sem áður hafa verið hér á landi um þetta atriði.

Fyrir aldamótin vóru menn sammála um það, að fá sérmálin tekin út úr ríkisráðinu. Á því máli vóru allir endurskoðunarmenn og sjálfur fulltrúi stjórnarinnar, Magnús Stephensen landshöfðingi, var einnig kominn á þá skoðun á þingi 1897, að þetta væri eitt aðalatriðið í stjórnmálabaráttu vorri. Þegar Valtýskan kom til sögunnar fundu mótstöðumenn hennar henni það mest til foráttu, *að þar væri ekki tekið fram, að sérmálin skyldi ekki borin upp í ríkisráðinu.* Þetta var aðalástæðan, sem haldið var fram til þess að hamla Valtýskunni, þó að mörg fleiri atriði kæmi að vísu til greina. En svo verða þau merkilegu *hamskifti* á alþingi 1902, að þeir menn, sem mest höfðu barist á móti Valtýskunni á þessum grundvelli, sami flokkur sem áður hafði krafist, að sérmál Íslands skyldi ekki borin upp í ríkisráðinu, hann verður þá til þess að *taka það atriði hreint og beint upp, að sérmálin skuli borin fram í ríkisráðinu.* Valtýingar hurfu nú og líka að því ráði, því að þeir höfðu aldrei gert mikið úr atriðinu um uppburð sérmálanna í ríkisráðinu.

Um þetta urðu mjög miklar deilur 1902 og 1903, einkum utan þings, en þó varð það úr, að »tilboði« Albertis var tekið og það samþykt. Þetta var gert með þeirri röksemdafærslu, að með upptöku þessa atriðis í stjórnarskrána *væri það gert að* **sérmálaatriði** *Íslands, hvar málin væri upp borin* og að því leyti væri þetta »*réttaraukning*«. Einnig var því haldið fram af flutningsmönnum málsins á þingi, að ef þetta kynni síðar að reynast öðruvísi, en þeir þóttust búast við, þá væri hæg heimatökin að kippa ákvæðinu aftur burtu úr stjórnarskránni, alþingi Íslendinga gæti breytt þessu þegar það vildi með konungi. Það var mikil áherzla lögð á þetta atriði og með þessum skilningi var frv. samþ. 1903. Þetta orkaði þó þegar tvímælis í landinu og þegar frá leið sannfærðust fleiri og fleiri um, að hér væri ekki tryggilega um búið. Þegar millilandanefndin hafði lokið störfum sínum 1908, var mikil áherzla lögð á það, að samkvæmt uppkastinu væri sérmálin ekki borin upp í ríkisráðinu. Varð þetta til þess, að nokkrir landvarnarmenn, að vísu ekki margir, hurfu í flokk upp-

kastsmanna. Þeim var það svo mikið kappsmál að fá brott numin ákvæðin um uppburð sérmálanna í ríkisráðinu, að þeim sást yfir marga stórgalla uppkastsins.

Á þinginu 1911 vóru orðin: »í ríkisráði« feld úr stjórnarskránni og var það í fullu samræmi við skoðun þingmanna 1903, að þetta væri í lófa lagið, hvenær sem þinginu sýndist, en þá kom það í ljós, að mál þetta horfði alt öðruvísi við frá sjónarmiði konungs, svo að ekki varð eins auðgert og spáð hafði verið, að breyta þessu í gamla horfið. Konungur neitaði að staðfesta frv. ef orðin væri feld niður, nema jafnframt yrði staðfest lög um samband landanna.

Á þinginu 1912 var málið svæft, þrátt fyrir loforð þingmanna um hið gagnstæða og þau endaskifti höfð, að ný samtök vóru gerð um *sambandsmálið*, þó að því hefði verið lofað fastlega að láta það þá liggja í þagnargildi.

Þingið 1913 tók stj.skrármálið upp aftur og ætlaði nú að sneiða hjá því, að þetta atriði gæti hamlað því, að gagnlegar umbætur á stjskr. kæmist fram, og fór þann milliveg að vikja orðunum þannig við, að í stað orðanna »fyrir konungi í ríkisráði« standi »þar sem konungur ákveður«. Það var auðvitað, að þessi breyting var þó gerð til þess að *auka* en ekki *minka* réttindi landsins, og ekki gerð til þess heldur, *að alþingi fleygði frá sér valdi því, er það hafði yfir þessu máli.* Þingið treysti því, að stjórn Íslands, eða konungur og ráðherra, réði því, hvar sérmálin yrði borin upp. Þinginu gat alls ekki komið til hugar, að það yrði fastákveðið svo að segja um aldur og æfi, hvar sérmál Íslánds yrði borin upp, heldur að það væri á valdi ráðherra Íslands og konungs að ákveða það og breyta því. Það er og auðséð, að ráðherra sá, sem þá fór með völdin, hefir og skilið þetta svo, þar sem hann segir svo á fundi í ríkisráðinu 20. okt. 1913:

»Samkvæmt þeim fyrirmælum — — — er konungi í hendur lagið að gera *með undirskrift Íslandsráðherra* þá skipan, sem hann vill ákveða — — — *alla þá stund* **er vilji konungs er um þetta óbreyttur**«.

En svo kemur forsætisráðherra Dana með þau *skilyrði*, að konungur staðfesti stjórnarskrána með þeim fyrirmælum, »*að ákveðið sé í eitt skifti fyrir öll, að ráðherra Íslands beri upp lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir í ríkisráðinu eins og að undanförnu, nema því að eins að gefin verði út lög að sameiginlegu ráði ríkisþingsins og alþingis, um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands, þar sem ný skipan verði á gerð*«.

Að þessu gekk ráðherra Íslands orðalaust og staðfesti það með undirskrift sinni undir konungsbréfið. Eg get ekki betur séð, en að hann hafi gengið hér langtum lengra en þingið ætlaðist til og sat það sízt á honum, sem áður hafði haldið því fram, að ríkisráðsákvæðið væri »sérmál« vort, en nú er það tekið undan þeim málum, sem alþingi hefir áhrif á. Konungur hefir gefið vilyrði um að staðfesta stjórnarskrárfrumv. *með því skilyrði*, að kjósendum væri gert það kunnugt, með hverjum hætti málin yrði borin upp og umboðsmaður alþingis hefir gengið að því, að þetta »sérmálaatriði«, sem hann hafði sjálfur kallað, uppburður sérmálanna fyrir konungi, skuli nú fara fram í ríkisráðinu, ekki um stundarsakir, heldur þangað til *danskt löggjafarvald* hefir fallist á lög um samband milli landanna, sem breyti þessu.

Konungur hefir sagt íslenzku þjóðinni það berlega og orðskviðalaust fyrir kosningar, að hverju væri að ganga. Þess vegna er þýðingarlaust að koma á eftir og segja, að menn hafi ekki vitað hvað verið var að gera. Eg legg enga áherzlu

á það, hvort þessi skilyrði *standi í úrskurðinum* eða ekki. Það er nóg, ef konungur *breytir ekki vilja sínum í þessu efni*. Þessi grautarlegi fyrirvari, sem hér er fram borinn, og verður til umræðu síðar, er því algerlega *þýðingarlaus*. Eg hygg, að þeir háttv. þm. sem samþykkja nú þennan fyrirvara í því trausti, að konungur breyti vilja sínum, ætli sér of mikið. Konungur og aðrir geta ekki litið á málið nema á tvennan hátt: *annaðhvort*, að alþingi og Íslendingar hafi gengið að stjórnarskránni með þeim hætti, er konungur ætlast til, *eða ekki*, og ef fyrirvarinn verður að nokkru hafður, — þá neitar konungur stjórnarskránni staðfestingar.

Ef ráðherra heldur því til streitu, að konungur breyti vilja sínum, þá býst eg við, að málinu sé þar með siglt í brot og ráðherra verði að leggja niður embætti, þar sem hann sé kominn í bága við vilja konungs. Það tel eg stórum verr farið heldur en heima setið og hlýt því að telja réttara að fresta málinu að sinni, einkum þar sem stórhættulegir tímar eru nú fyrir höndum. Oss Íslendingum er betra að eiga nú í engum brösum við útlent vald að nauðsynjalausu, allra sízt þegar lítið er í aðra hönd. Á þessum stórháskatímum er bezt að fara varlega og eiga ekki undir vafasömum afdrifum. Vér höfum líka dæmið fyrir oss frá Dönum. Þeir hafa nú haft grundvallarlagabreytingu með höndum, en horfið frá henni að sinni vegna þeirra tíðinda, sem eru að gerast. Í þetta sinn tel eg rétt að hafa dæmi þeirra til hliðsjónar og eftirbreytni.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg stend ekki upp til þess að fara út í þau atriði, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) ræddi mest. Eg bjóst við, að þær umræður mundu geymdar þangað til þingsályktunartillagan um fyrirvarann kæmi til einnar umræðu. Að eins vil eg mótmæla þeim orðum hv. þm. er hann sagði, að þingmönnum væri það ofætlun að átta sig á þessu máli á svo skömmum tíma. Það er óhugsandi að svo sé, vegna þess, sem eg geri ráð fyrir að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sé kunnugt, að þingmenn vóru einmitt kosnir á þing í vor til þess að athuga þetta mál, og eg býst við því, að flestir þeirra hafi lýst skoðunum sínum á því fyrir kjósendum áður en til þings kom. Og þótt svo hefði ekki verið, þá held eg, að staðhæfing háttv. þm. N.-Þing. sé ekki rétt, því að allir flokkarnir hafa nú í sumar alt af verið að þinga um þetta mál öðru hverju, svo að menn ætti að geta verið búnir að mynda sér nokkurn veginn fasta skoðun á því. Þó að málið hafi verið svona lengi í nefnd, þá leiðir ekki af því, að háttv. þm. hafi ekki átt kost á að kynna sér störf nefndarinnar og vita, hvernig málinu liði.

Enn fremur fann háttv. þm. að því, hversu lengi málið hefði verið í nefnd. En það stafaði af óviðráðanlegum atvikum, sem nefndarmönnum verður ekki gefin sök á, nefnilega utanför ráðherra. Það var svo um samið, að ekkert skyldi afráðið um málið fyrr en hann kæmi aftur. Eg þarf ekki að útlista þetta frekar. Eftir að ráðherra kom aftur hefir nefndin starfað af kappi, og eg hygg ekki, að henni verði með réttu núið því um nasir, að hún hafi legið óþarflega lengi á málinu eftir þann tíma.

Einar Jónsson: Mér virðist þetta mál liggja þannig við, að það gæti gengið umræðulaust gegnum þingið — að menn segi annaðhvort já eða nei við því, hvort þeir vilji samþykkja stjórnarskrárbreytinguna eða ekki, sérstaklega þar sem

engin breytingartillaga liggur fyrir. Sömuleiðis finst mér háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefði getað sparað sér þessa löngu ræðu sína um fyrirvarana, þangað til þeir kæmi á dagskrá. Það er óviðeigandi að vera að blanda þeim inn í þetta mál núna. Því er nú svo farið, að vér erum að vísu kosnir á þing vegna stjórnarskrármálsins, en um það verður ekkert sagt annað en það, sem áður er margsagt og margprentað. Enda hygg eg að þjóðin hafi ekki ætlast til annars en menn segði annaðhvort já eða nei, umræðulaust.

Benedikt Sveinsson: Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að ekki væri hægt að liggja nefndinni á hálsi fyrir það, að hún hefði setið lengi að störfum sínum. Eg sakaði ekki nefndina um það, að hún hefði unnið lítið meðan ráðherra var í utanför sinni, en það er nú orðið all-langt síðan hann kom heim. Það sýnir, að hér er um allmikið vandamál að ræða og þingmenn eiga heimtingu á að fá ráðrúm til þess að átta sig á þessum fyrirvörum, sem nefndin hefir verið svona lengi að sjóða saman og hefir þó ekki getað orðið sammála um. Menn verða að fá tíma til þess að átta sig vel á málinu, svo að þeir geti gert það, sem rétt er, því að það kostar mikið að gera rangt í slíku máli. Og þá er betra að hafa »*status quo*«, en að spilla nokkru. Eg veit það, að málið hefir dregist nokkuð vegna utanfarar ráðherra og ófriðaröldu þeirrar, er risið hefir í Norðurálfunni. Hugir manna hafa dregist að þeim stórtíðindum, sem yfir dynja. Þetta hefir bæði valdið nefndinni töfum og eins öðrum þingmönnum. En það tjáir ekki að koma nú á eftir með það, að málið sé svo auðvelt orðið alt í einu, að þingmenn þurfi engan tíma til þess að íhuga það.

Þótt menn hafi verið kosnir til þings með stjórnarskrármálið fyrir augum, þá eru margar upplýsingar komnar í málinu síðan fyrir kosningar. Og það virðist svo, sem þær hafi komið ruglingi á skoðanir margra, jafnvel t. d. hv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. framsögumanns (E. A.). Og sundrungin öll, sem verið hefir í nefndinni alt til þessa dags, sýnir bezt, að það er ekki hlaupið að því að átta sig í fljótu bragði á málinu. Eg kunni betur við, að taka þetta fram við þessa umr. stjórnarskrármálsins, en á sjálfa fyrirvarana mun eg minnast síðar, er þeir koma hér til umræðu síðar í dag.

Hannes Hafstein: Mér hefir skilist svo, að ástæða háttv. þingnefnda fyrir því, að samþykkja einhvern »fyrirvara« um leið og stjórnarskrármálið er afgreitt, sé alls ekki óánægja út af þeirri ráðstöfun, að íslenzk lög skuli, eftirleiðis eins og hingaðtil, borin upp fyrir konunginum í ríkisráði hans, heldur sé tilgangurinn aðeins sá, að mótmæla því, að með stjórnarskrárbreytingunni, 1. gr. frumvarpsins, sé uppburður málanna gerður að sameiginlegu máli. Það hefir verið látið svo, sem einhver hætta í þessa átt gæti stafað af því, að spurningin um breyting á fyrirkomulagi þessa atriðis er sett í samband við ný lög um ríkisréttarsambandið milli Íslands og Danmerkur í auglýsing þeirri um skilyrðin af konungs hálfu fyrir staðfesting stjórnarskrárfrumvarpsins, sem felst í hinu konunglega opna bréfi um nýjar kosningar til alþingis frá 20. okt. f. á., og skilst mér, að fyrirvarinn eigi að fyrirbyggja það, að nokkur geti litið svo á að alþingi samþykki að leggja þetta sérmál Íslands á vald Ríkisþingsins danska, þótt það samþykki nú stjórnarskrána eftir framkomnar yfirlýsingar af konungs hálfu; en sú hugsun er af því sprottin, að ný sambandslög geta ekki

orðið til án samþykkis Ríkisþingsins. Eitthvað í þessa átt hygg eg vaki fyrir flestum þeim, sem vilja koma fram með skýra yfirlýsingu um það, að hér sé um ekkert réttarafsal að ræða af Íslands hálfu, heldur haldi alþingi fast við þá skoðun sína, að uppburður íslenzkra mála fyrir konungi sé íslenzkt sérmál, þótt því atriði sé í framkvæmd ráðstafað eins og gert hefir verið. Aftur á móti hygg eg ekki, að það sé tilætlan þingmanna, nema þá ef til vill örfárra að reyna að fá konung til þess að breyta þeirri ákvörðun sinni, að málin skuli borin upp fyrir honum í ríkisráði hans, enda fer því fjarri, að eg sé sá eini, sem tel það meira en vafasamt, að Ísland græddi nokkuð á að breyta því. Eg er í engum vafa um það, að yrði vikið frá því fyrirkomulagi, þá mundu verða teknar upp einhverjar aðrar leiðir, sem Íslandi yrði engu betri, affarasælli né sjálfstæðisríkari. Enginn þarf að láta sér detta það í hug, að íslenzk lög yrði þá staðfest svo, að enginn annar en konungurinn og Íslandsráðherra einn hefði vitneskju um hvað fram færi, alla þá stund, sem ríkisréttarsamband landanna er eins og það nú er.

Eg fyrir mitt leyti tel »fyrirvarann«, hvernig sem hann nú verður, óþarfan, því að það liggur í hlutarins eðli, að svo framarlega, sem það er rétt, sem vér fullyrðum, að uppburður mála vorra fyrir konungi sé, eigi síður eftir stjórnarskrárbreytinguna en áður, stjórnskipulegt sérmál vort, þá verður því ekki breytt nema á stjórnskipulegan hátt; en sé það ekki rétt, þá dugir enginn »fyrirvari« til að kippa því í lag.

Mér virðist þessi uggur út af því, sem gerðist í ríkisráðinu 20. okt. f. á. vera sprottinn af því, að menn rugli saman tveim ólíkum eða hliðstæðum ráðstöfunum, er þar voru gerðar. Önnur þeirra er íslenzk stjórnarráðstöfun, gerð af konungi á ábyrgð Íslandsráðherra eins. Það er fyrirskipunin um nýjar kosningar til alþingis með þeim boðskap til kjósenda, að konungur muni, um leið og hann staðfesti stjórnarskrárbreytinguna, gefa út þann úrskurð samkvæmt 1. grein hennar, með undirskrift Íslandsráðherra, að málin skuli eftir sem áður borin upp fyrir honum í ríkisráði hans. Hitt var dönsk stjórnarathöfn, er konungur boðar það, að hann muni á sínum tíma gefa út auglýsingu til Dana með undirskrift forsætisráðherra Danmerkur um það, að þessi ráðstöfun hafi verið gerð, og að hann muni ekki breyta henni nema breytt hafi verið áður sambandinu milli landanna. Þetta er ekki gert eftir tillögum Íslandsráðherra. En hinsvegar ómögulegt fyrir Íslandsráðherra að fyrirbyggja slíka yfirlýsingu af konungs hálfu, þótt hann hefði viljað. Það stendur ekki í voru valdi að hindra það, að konungur og forsætisráðherra Dana gefi út hverja þá auglýsingu, sem þeim sýnist um gerðir og fyrirætlanir konungs. En hitt er eins víst, að slík auglýsing, sem sú, er hér var boðuð, getur ekki breytt *stjórnskipulegum rétti* Íslands, enda hefir ekki neinn slíkan tilgang, heldur eðlilega gerð til þess að fríða danska stjórnmálamenn, sem hafa haldið því til streitu, að ríkisráðið teljist til sameiginlegu málanna, og að það sé »stjórnarfarsleg nauðsyn«, vegna þess, hvernig sambandi landanna er varið og ábyrgðarinnar gagnvart öðrum ríkjum, að danska stjórnin viti, hverju fram vindur í löggjöf vorri. — Eg kæri mig ekki um að vera neitt að verja *mínar* aðgerðir í því að fá framgengt stjórnarskrárbreytingunni, eða framkomu mína á ríkisráðsfundinum 20. október. Það má hver meta það eins og honum þóknast. Að eins vil eg leiðrétta þann misskilning hjá háttvirtum þingmanni N.-Þing. (B.

Sv.), að það hafi verið einhver pólitiskur ósigur fyrir mig, að eg tók aftur fyrstu tillögu mína til orðunar á opna bréfinu um kosningar til alþingis, eins og frá er skýrt í skýrslunni um ríkisráðsfundinn, er birt er í Lögbirtingablaðinu. Sannleikurinn er þessi: Eg hafði sent konungi til undirskriftar hreinskrift að opnu bréfi um kosningar til alþingis, sem búin var til hér heima í stjórnarráðinu áður en eg sigldi, í venjulegu formi, að eins örfáar línur um, að nýjar kosningar skuli fram fara, og ekkert annnað. Þegar það skjal var ritað vissum við ekkert um, hvort konungur mundi fást til að staðfesta stjórnarskrárbreytinguna, né með hverjum skilyrðum, svo að um það gat auðvitað ekkert staðið þar. Þetta skjal lá hjá konungi, og hafði verið honum sent löngu áður en eg fekk að vita, hvernig hann mundi svara spurningu minni í ríkisráðinu um það, hvort hann gæti fallist á stjórnarskrárfrumvarpið með breytingum alþingis, eða hvort hann mundi synja því staðfestingar, eins og áður hafði verið yfirlýst að hann mundi gera, ef ríkisráðsákvæðið gamla væri úr felt. En um þetta vildi eg láta kjósendur vita fyrirfram, og standa eða falla með frumvarpi þingsins.

Þegar það svo kom á daginn, að konungur mundi staðfesta frumvarpið, en setja það skilyrði, sem menn raunar höfðu við búist, að jafnframt væri útgefinn íslenzkur konungsúrskurður um, að málin skyldi borin upp í ríkisráðinu, og auk þess lýsa yfir fyrirætlun sinni um dönsku auglýsinguna, áleit eg sjálfsagt að gera íslenzkum kjósendum þetta alt kunnugt svo fljótt sem unt væri, enda var það og vilji konungs. En þá átti eg um það að velja, hvort þetta skyldi gert í sérstökum konungsboðskap, eða tekið upp í opna bréfið um nýjar kosningar. Eg ákvarðaði mig til þess að taka það heldur upp í opna bréfið, meðal annars af því, að svo nefndur *konungs boðskapur* hefir hingað til að eins verið stílaður til alþingis, en þetta var boðskapur til almennings. Af þessari ákvörðun minni leiddi það og hlaut að leiða, að eg bað konunginn fá mér aftur skjalið, sem ritað hafði verið hér heima, og fekk honum í þess stað nýja, aukna útgáfu af bréfinu, þar sem þessum nýju atriðum var viðbætt. Á þennan hátt varð opna bréfið til í því formi, sem það er, sumpart fyrirskipan, sumpart tilkynning um yfirlýsta fyrirætlan konungs, er kjósendur varðaði að vita um til fulls, áður þeir gengi til kosninga um frumvarp þingsins 1913.

Þetta er »ósigurinn«, sem eg á að hafa beðið. Þetta er það, sem háttv. þm. kallar að eg hafi »tekið aftur tillögur« mínar o. s. frv. En eg veit, að eg hefi ekkert aftur tekið, og álít, að eg hafi engan ósigur beðið í þessu, heldur fullnægt, eftir því sem ýtrast var unt, vilja þeirra manna meðal þings og þjóðar, sem óskuðu að stjórnarskrárbreytingunni fengist framgengt.

ATKVGR:

1.—21. gr. frumv. og ákvörðun um stundarsakir ásamt fyrirsögn samþ. með 22 samhlj. atkvæðum. Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv. gegn einu.

Á 41. fundi, þriðjudaginn 11. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr.

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum, og vóru þau leyfð og samþykt.

Formaður stjórnarskrárnefndar óskaði fyrir hönd meirihluta nefndarinnar, að málið yrði tekið út af dagskrá, og bar forseti það undir atkvæði deildarinnar.

Var það felt með átján atkvæðum gegn sjö, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Björn Hallsson
Björn Kristjánsson	Einar Jónsson
Einar Arnórsson	Guðm. Eggerz
Hjörtur Snorrason	Hannes Hafstein
Jón Jónsson	Jóhann Eyjólfsson
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.

Atkvæði greiddu ekki og töldust til meiri hluta: Guðm. Hannesson, Sig. Eggerz, Sigurður Gunnarsson, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson.

Benedikt Sveinsson: Við atkv.-greiðsluna um fyrirvarana, sem í dag vóru til umræðu, hefir það komið í ljós, að skoðanir manna hafa verið mjög skiftar um það, sem gerðist á ríkisráðsfundinum 20. okt. síðastl. Það kvað svo ramt að þessu, að menn, sem setið höfðu í alt sumar í nefnd, og þóttust vera orðnir sammála, hafa ekki getað fylgst að við atkvæðagreiðsluna, vegna þess, hve skoðanir hafa verið sundurleitar. Aðstaða hæstv. ráðherra, þegar hann fer með stjórnarskrána, verður því afar-erfið. Eg vildi því leggja það til, að málið yrði látið falla niður að sinni, og mun eg greiða atkvæði á móti því. Að öðru leyti get eg skírskotað til þess, sem eg hefi áður sagt í dag.

Bjarni Jónsson: Eg vil að eins benda á það, að það var samhuga álit allra, sem í nefndinni sátu, til hvaða flokks sem þeir töldust, að varlegra væri að hreyfa andmælum og samþykkja fyrirvara um leið og stjórnarskráin væri afgreidd. Það getur því aldrei orðið vafamál eftir á, að Íslendingar hafa engum rétti afsalað, sem þeir hafa áður átt. Afstaða ráðherra er því góð. Hann getur með góðri samvizku sagt, að enga hafi deilt á um aðalatriðin. Það eina, sem á milli bar, var orðalagið. Og þegar það verður krufið, hvaða lagalega þýðingu samþykt þingsins áðan hefir haft, þá verður því ekki neitað, að allir þm. hafa verið sammála um það að afsala engum rétti.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. og afgreitt til Ed. með 24 atkv.: 1, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson.
Guðm. Hannesson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Einar Jónsson	
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Hjörtur Snorrason greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

2. Kosningar til alþingis.

Á 1. fundi í Nd. miðvikudaginn 1. júlí var útbýtt

frumvarpi til laga um kosningar til alþingis (A. bls. 6).

Á 2. fundi, föstudaginn 3. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra (H. H.): Þetta er allmikill lagabálkur og vandasamur. Hann stendur í nánu sambandi við stjórnarskrárfrumvarp það, er nú liggur fyrir háttv. deild. Hér eru fyrst og fremst sett þau ákvæði, sem eru nauðsynleg afleiðing af hinni fyrirhuguðu stjórnarskrárbreyting, bæði um kosning þeirra 6 þingmanna, sem til er ætlast að kosnir verði hlutbundnum kosningum um land alt, og enn fremur ákvæði, sem leiða af breyttum skilyrðum fyrir kosningarrétti og kjörgengi o. fl.

En stjórnarskrárbreyting hlýtur og að hafa ýmsar fleiri breytingar á kosningalögunum í för með sér. Þegar kosningarrétturinn er rýmkaður, eins og gert er í stjórnarskrárfrumv., í því skyni að koma á jafnrétti til áhrifa á löggjöf og landsstjórn, þá væri það augljós mótsögn, ef ekki væri jafnframt bætt eitthvað úr því mikla misrétti, sem verið hefir í því, hvert gildi atkvæði kjósenda hafa, þannig að kjósendur fái sem jafnastan rétt einnig í því tilliti. Þessu hefir verið mjög ábótavant, svo að t. d. í einu kjördæmi, Reykjavík, gildir atkvæði 7 kjósenda ekki meira en atkvæði 1 kjósanda í öðru kjördæmi landsins o. s. frv. Læt eg mér nægja að svo stöddu að skírskota til athugasemdanna við frumvarpið og skýrslnanna þar, að því er snertir misrétti það, sem átt hefir sér stað að þessu leyti. Þó að stjórnin hafi ekki séð fært að koma á fullum jöfnuði í þessu, má þó talsvert laga með hóflegri breyting á kjördæmaskipuninni.

Það er lagt til, að öll kjördæmin verði einmenningskjördæmi. Eg lít svo á, að ákvæði stjórnarskrárfrumv. um að þingmenn skuli kosnir í »sérstökum kjördæmum« sé fyrirskipan um þetta, enda er það í fullu samræmi við vilja undanfarinna þinga. Að láta sum kjördæmi vera tvímenningskjördæmi, en sum einmenningskjördæmi, er í sjálfu sér óheppilegt, en var þó sök sér, meðan meiri hluta kjósenda þurfti til þess að kosning væri gild. En eftir núgildandi ákvæðum, að þeir sé rétt kjörnir, er flest atkvæði fá, — og þeirri reglu þykir ekki fært að breyta vegna hreppakosninga og landshátta — er það ófært. Nú getur þegar margir bjóða sig fram auðveldlega svo farið, að lítið brot ráði kosningaúrslitum. Þetta er nógu ilt í einmennu kjördæmi, en hálfu verra í tvímenningskjördæmum og veldur sérstöku misrétti meðal kjördæma. Hér er gerð tilraun til að bæta úr þessu með því að skifta öllu landinu í 34 einmenningskjördæmi.

Viðvíkjandi kjördæmaskiftingunni hefir stjórnin haft til hliðsjónar eldri undirbúning og tillögur. Tilætlunin hefir verið, að slíta sem minst sundur það, sem saman á að atvinnuvegum og sameiginlegum hag; en vel má vera, að einstakir þingmenn, sem sérstaklega eru kunnugir staðháttum hinna ýmsu héraða, æski breytinga á kjördæmatakmörkunum, og kemur það þá til athugunar í væntanlegri nefnd. Til þess að létta þingmönnum athuganir í þessu efni er prentuð í athugasemdum við frumvarpið skýrsla um tölu kjósenda og íbúa í hverjum hreppi landsins eftir síðustu upplýsingum.

Auk þess, sem nú hefir verið getið, hafa verið tekin upp í frumvarpið ný ákvæði um atkvæðagreiðslu sjómanna. Hingað til hefir enginn getað neytt atkvæðisréttar nema mæta sjálfur á kjörfundi. Þetta hefir sérstaklega verið

óhentugt sjómönnum, sem á skip eru ráðnir. Þess vegna hefir verið reynt að haga svo til að hafa kjördag á þeim tíma, er ætla mætti, að sem flestir sjómenn væri í landi, en það hefir lánast misjafnlega. Nú er að dæmi ýmsra annara þjóða lagt til, að sjómenn geti kosið skriflega fyrir kjördag og sent atkvæði sín til kjörstjórnar, án þess þar með raskist meginreglan um leynilega atkvæðagreiðslu.

Um fyrirkomulag frumvarpsins skal þess getið, að í I. kafla eru reglurnar um kjördæmakosningar, og eru það núgildandi kosningalög með þeim breytingum, sem leiða af stjórnarskrárbreytingu eða orðið hafa með síðari lögum eða stafa af breyttum kringumstæðum og öðru fyrirkomulagi kjördæma. II. kafli er um kosning þeirra 6 þingmanna, er kosnir verða hlutbundnum kosningum um land alt. Þar verður líkt snið og á hinum nýju bæjarstjórnarkosningum, þannig, að kjósendur geta tölusett nöfn á framboðslistum. III. kafli er um kosning sjómanna. Í IV. kafla eru almenn ákvæði.

Að öðru leyti leyfi eg mér að skírskota til athugasemdanna aftan við frumvarpið og vona eg, að háttv. deild taki frumvarpið til velviljaðrar meðferðar.

Skúli Thoroddsen: Hér er um mikilvægt mál að ræða og vandasamt, og tel eg því sjálfsagt, að þingið telji sér skylt að taka það til rækilegrar íhugunar.

Að því er sum ákvæði frumvarpsins snertir, skal eg lýsa yfir því, að eg álít ekki rétt, að þau nái fram að ganga að þessu sinni, eins og eg hefi vikið að í blaði mínu, og á eg þar þá einkum við aðra skiftingu kjördæmanna en nú er, og að tæplega sé rétt að ganga þá lengra en að skifta tvímenningskjördæmunum, sem nú eru, í einmenningskjördæmi.

Sum ákvæði frumvarpsins eru á hinn bóginn bráðnauðsynleg, eins og t. d. eigi hvað síst ákvæðin um kosning sjómanna.

Eg skal að svo mæltu leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd, og leggja til, að 1. umr. sé frestað.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki neita því, að í frumvarpi þessu felast ýmsar breytingar, sem nauðsynlegar eru sakir breytinga þeirra, er leiða af nýju stjórnarskránni, ef hún kemst fram. En þar að auki virðist mér frumvarpið fela í sér ýmsar breytingar, sem eru ónauðsynlegar og ekki til bóta. Á eg þar einkum við ákvæðin um breyting á kjördæmaskipun landsins. Það var ekki rétt hermt hjá hæstv. ráðherra (H H.), að síðasta þing hafi ætlast til þess, að breytingar yrði gerðar á kjördæmaskiftingunni. Þvert á móti var stjórnarskrárfrumvarpið einmitt þannig úr garði gert, að ekki þyrfti að breyta neitt núverandi kjördæmaskipan. Þess vegna var tala alþjóðkjörinna þingmanna höfð hin sama, sem tala hinna konungkjörnu þingmanna. Menn vildu með því girða fyrir, að nokkuð yrði grautað í skipan kjördæmanna. Eg verð því að líta svo á, að hæstv. ráðherra hafi með þessu frumvarpi gengið framar en rétt er og áreiðanlega lengra en síðasta þing ætlaðist til.

Hæstvirtum ráðherra þótti það óviðurkvæmilegt, samfara þeirri rýmkun, sem verður á kosningarrétti, að láta tvímenningskjördæmi haldast. Misréttið yrði nú enn meira en áður, meðan *meira en helming greiddra atkvæða* þurfti til þess að kosning væri gild, — ekki »meiri hluta kjósenda«, eins og hann

kvað að orði —, en nú væri nóg að fá flest atkvæði. Eg sé ekki, að í þessu felist neitt misrétti fram yfir það, sem áður var. Síðan lögleitt var að kosning fari fram í hverjum hreppi er einmitt mikil trygging fengin fyrir því, að *fleiri atkvæði* þurfi til þess að komast að, heldur en meðan að eins var kosið á einum stað í kjördæminu. Kjósendum er gert miklu hægra með að nota rétt sinn. Í annan stað er þess að gæta, að síðan nokkurn veginn ákveðin flokkaskifting komst á í landinu, *þá hefir frambjóðendum fækkað*, því að varla eru fleiri í kjöri af hverjum flokk, en tala þingfulltrúa kjördæmisins. Áður kom það oft fyrir, að heilir hópar byði sig fram, sem alls ekkert fylgi höfðu, því vóru engar skorður settar, og þá gat viljað svo til, að maður kæmist að, sem nauðalítið fylgi hafði, ef kjörfundur var illa sóttur, en maðurinn hafði t. d. eitthvert fylgi rétt kringum kjörstaðinn. Nú er óhugsandi, að nokkur komist að þingmensku nema hann hafi *allmikið fylgi* í kjördæminu, enda sýnir reynslan, að þingmenn eru oftast kosnir með langtum fleiri atkvæðum nú, heldur en meðan gömlu lögin giltu.

Hvort kjördæmin eru einmennings eða tvímenningskjördæmi, sé eg ekki að nokkru skifti í þessu efni, enda er það víst, að tvímenningskjördæmin sjálf vilja ekki — eða að minsta kosti fæst af þeim, — láta kubba sig í tvent, og hví skyldi þingið gera það að nauðsynjalausu að þeim nauðugum?

Mín skoðun er sú, að sú kjördæmaskifting, sem nú er, sé mjög eðlileg; hún er í samræmi við sýsluskifting landsins; en þeim ráða staðhættir og atburðir í sögu landsins. Sýslurnar eru heild út af fyrir sig, hver með sína sameiginlegu hagsmuni og áhugamál í viðskiftum, samvinnu- og samgöngumálum og atvinnuvegum. Út af þessari eðlilegu skiftingu er hér brugðið, svo að saman er slengt sveitum, sem ekkert hafa saman að sælda, eins og t. d. Snæfellsnessýslu og Mýrasýslu. Þetta er hvorki að óskum þingsins né héraðanna. Mönnum má vera kunnugt um það, að margir þingmálafundir nú hafa lagt á móti breytingum á kjördæmaskipun landsins, en ekki mætti þó minna vera, en að héruðin sjálf væri að spurð, áður en slíkar breytingar eru gerðar.

Eg tel það ófæru að binda kjördæmaskipun hér á landi við höfðatölu; með þeim hætti þyrfti sífelt að breyta lögunum, eftir því sem fjölgar eða fækkar í hverju kjördæmi.

Eg skal líka benda á það, að í mörgum gömlum menningarlöndum eru kjördæmin næsta misjöfn að kjósendatölu. Hæstvirtum ráðherra (H. H.) miklaðist það í augum, að hér væri sjö atkvæði um þingmann í einu kjördæmi móti einu atkvæði í öðru, þar sem munurinn væri mestur og taldi þetta gífurlegt misrétti, en eg get upplýst það, að munurinn er *langt um meiri* í ýmsum öðrum löndum; t. d. í Englandi er stærsta sveitakjördæmið — »Romford Division of Essex« — með um 58 þús. kjósendum, en hið fámennasta — »Rutland« — með rúm 4 þús. — Í Wales hefir stærsta sveitakjördæmið 26500 kjósendur, en hið minsta liðug 6 þúsund. Í Skotlandi eru full 26 þúsund kjósenda í fjölmennasta sveitakjördæminu, en tæp 3300 í því fámennasta. Þetta eru alt einmenningskjördæmi.

Áþekkur er munurinn á stærð kjördæmanna í borgunum. Fjölmennasta borgarkjördæmið á Englandi, Wandsworth, hefir 40.000 kjósendur, en hið fámennasta, Durham, 2700. Í borgunum á Skotlandi og Wales er munur viðlíka mikill milli þeirra fjölmennustu og fámennustu.

Öll þessi kjördæmi kjósa til sama þingsins, enska parlamentisins, sem er

merkasta löggjafarþing í heimi. Þar eru *meira en tuttugu sinnum fleiri* kjósendur í fjölmennasta einmenningskjördæminu en í hinu fámennasta, án þess talin sé með fámennustu kjördæmin á Írlandi, því að þá mundi munurinn verða ennþá meiri. Írar hafa mun fleiri þingmenn í brezka þinginu en þeim ber móts við mannfjölda annara landshluta »Stóra Bretlands«.

Meira að segja *innan sömu borgarinnar eru kjördæmin mjög mismunandi að fólksfjölda.* Jafnvel í Lundúnaborg er þessu svo farið, að stærsta kjördæmið, er sendir fulltrúa í borgarstjórnina, hefir nær 49 þúsund kjósendur, en hið minsta að eins 3800 kjósendur. Og þó sýnist það óneitanlega miklu hægra að takmarka kjördæmin við höfðatöluna innan sömu borgarinnar, heldur en í strjálbygðu og víðáttumiklu landi.

Á þessu geta menn séð, að það á sér víðar stað en á Íslandi, að kjördæmin eru ekki eingöngu miðuð við höfðatölu. Það er yfir höfuð alstaðar svo, að strjálbygðir landshlutar hafa hlutfallslega fleiri þingmenn, en þeir landshlutar, sem fjölmennastir eru, enda er þetta í sjálfu sér eðlilegt. Það er miklu minni vandi að kynnast þörfum 1000 manna, sem búa í þéttbygðum stað, heldur en jafnmargra íbúa, sem eiga heima á víðáttumiklu og torsóttu landflæmi.

Það er því engin ástæða til þess fyrir Reykjavík að heimta jafnmarga þingmenn sem henni ber eftir fólksfjöldanum, þó að hún mætti gjarna hafa einum þingmanni eða svo fleira, en hún hefir nú, en slík aukning mætti með engu móti vera á kostnað afskektu héraðanna, sem jafnan verður örðugast að ná rétti sínum á þinginu. Reykjavík stendur miklu betur að vígi en nokkurt annað kjördæmi á landinu með það, að hafa áhrif á vilja þingsins. Þingið er háð hér og eiga bæjarbúar því hægt með að kynna þingmönnum vilja sinn. Eg fæ ekki annað séð, en að þetta vegi talsvert á móti því, að þingmenn Reykjavíkur eru færri en vera bæri, ef eingöngu væri miðað við mannfjölda. Auk þess hygg eg, að reynslan hafi sýnt það, að hagur Reykjavíkur hafi ekki hingað til verið fyrir borð borinn af þinginu.

Ráðherra (H. H.): Eg lít svo á, og eg skildi þingmenn þannig í fyrra, að ástæðan til þess, að ákveðið var að einungis 6 þingmenn skyldi kosnir hlutbundnum kosningum um alt landið, væri sú, að þeir vildu ekki fækka tölu þeirra þingmanna, er í kjördæmum eru kosnir, en alls eigi sú, að þeir vildu rígbinda sig við þá kjördæmaskipun, sem nú er.

Eins og eg drap á áðan, get eg ekki betur séð, en að stjórnarskipunarlagafrumvarpið heimti beinlínis einmenningskjördæmi. Orðin »í sérstökum kjördæmum« virðast hljóta að hafa þá merkingu, ef þau eiga á annað borð að tákna nokkuð.

Háttv. þm. er síðast talaði (B. Sv.) sagði, að flokkaskiftingin í landinu kæmi í veg fyrir það, að lítið brot kjósenda gæti ráðið úrslitum kosningar. En flokkaskipulagið hér á landi er nokkuð lauslegt enn sem komið er, og geta komið út skrítin úrslit í ýmsum kjördæmum, þrátt fyrir flokkaskiftinguna. Það eru jafnvel dæmi til þess, þrátt fyrir hana, að þau slys geta til viljað, að menn komist inn á þingið, án þess að nokkur hafi kosið þá, og án þess að nokkur vissa sé fyrir því, að þeir sitji ekki á þingi þvert á móti ósk og vilja meiri hluta kjósendanna í því kjördæmi, sem þeir eru fyrir.

Sami háttv. þm. (B. Sv.) taldi nauðsyn á, að leita álits héraðanna um þetta mál, áður en ráðist væri í að breyta

kjördæmaskipaninni. En það hefir einmitt verið gert. Tillögur héraðsstjórnanna vóru lagðar prentaðar fram á þinginu 1905 og hér hefir verið tekið tillit til þeirra. Eg skil ekki, að nokkur bót yrði að því, þó að héraðsstjórnirnar væri beðnar um nýjar tillögur.

Enn sagði sami hv. þm. (B. Sv.) að það tíðkaðist ekki í menningarlöndunum að miða kjördæmin nákvæmlega við höfðatölu kjósendanna, og nefndi hann England til þess. En þó að Englendingum hafi ekki enn tekist að koma réttum jöfnuði á hjá sér í þessu efni, þá er það alls ekki eftirbreytnisvert, þvert á móti. Önnur stór mentalönd láta sér mjög ant um þetta, og sumstaðar er jafnvel tala þingmannanna ekki föst, fyrir þá sök, að svo nákvæmlega er farið eftir kjósendafjöldanum, að einn þingmaður á að vera fyrir tiltekna tölu íbúa. Í löndum þar sem kosningalagabreytingar eru á leiðinni — svo sem nú í Danmörku — er mjög mikil áherzla lögð á þetta.

Hér á þinginu hafa lengi heyrst kröfur í þessa átt. Hvað eftir annað hefir verið skorað á stjórnina að taka það til rækilegrar íhugunar, hvort ekki væri unt að koma hér meiri jöfnuði á í þessu efni. Þetta er ekki nein gömul úrelt krafa, eins og hann vildi gefa í skyn. Hún var síðast borin fram á þinginu 1907. Og að henni hefir ekki verið breytt síðan kemur af því, að tillögur til sambandslagabreytingar og stjórnarskrárbreytingar hafa verið á ferðinni, er mundu leiða með sér breyting á kosningalögunum, og þá mundi þetta koma um leið til meðferðar.

Á þinginu 1907 klofnaði nefndin í kosningalagamálinu, en það var eingöngu vegna ágreinings um hlutfallskosningu í stærri kjördæmum. Meiri hluti nefndarinnar hafnaði hlutfallskosningunni, en kom fram með tillögu um að skifta öllu landinu í einmenningskjördæmi, til þess að ná meiri jöfnuði. Það verður því ekki annað sagt, en að það sé í fullu samræmi við vilja þingsins, að tillaga um nýja skifting í einmenningskjördæmi er tekin upp í þetta frumvarp.

Þó að nú þetta frumvarp næði fram að ganga, er langt frá því að fullkominn jöfnuður fáist. Hér er einungis gerð tilraun til að bæta úr allra argasta ranglætinu. Mér nægir að skírskota til töflu B í athugasemdunum við frumv. til þess að sýna, hversu mikið ávinst í þessa átt með breytingum þeim, er frumvarpið fer fram á. Menn sjá, að þar sem kjördæmi eru stærst, í Reykjavík, vantar 32% á að þau hafi tiltöluréttan fulltrúafjölda eftir frv. En aftur á móti hefir minsta kjördæmið, sem stungið er upp á, Vestmannaeyjar, 52% fram yfir það, sem því ber að réttu hlutfalli. Þarna er auðvitað munurinn mestur, en víðar er hann mikill. Stjórnin sá sér ekki fært að gera þetta jafnara, enda yrði það vafalaust óvinsælt að raska hér meiru en allra nauðsynlegast er.

Bjarni Jónsson: Það er einungis stutt athugasemd, sem eg vildi gera. Það er ekki eingöngu óþarft, heldur beinlínis rangt af stjórninni að koma fram með þetta frumvarp nú. Það er á allra vitorði, að tillaga mín sem minnihlutans í stjórnarskrárnefndinni í fyrra, um að ekki skyldi kosnir nema 6 þingmenn hlutbundnum kosningum um alt landið, náði fram að ganga fyrir þá sök, að meiri hluti þingsins var á móti því, að kjördæmaskipuninni væri raskað. Það var mín höfuðástæða, er eg bar tillöguna fram og það var af þeirri ástæðu, að menn féllust á hana. Auk þess er það rangt að koma fram með þetta frv. þar sem þjóðinni hefir ekki verið gefinn kostur á að láta álit sitt í ljós um það. Þó að hún hafi gert það 1907, þá er

það ekki *nú* og skiftir þess vegna engu máli.

Þó að það sé alment, að kjördæmin sé miðuð við höfðatölu kjósendanna, þá verð eg, eftir því sem til hagar hér á landi, að hallast fremur að skoðun hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) heldur en að skoðun hæstv. ráðherra (H. H.) á því máli. Afskektum, viðáttumiklum og strjálbygðum héruðum, er miklu meiri þörf á afskiftum löggjafarvaldsins, en hinum, sem minna eru afskekt, minni um sig og þéttbygðari. Hvaða þörf höfum vér Reykvíkingar, sem allir búum á sama blettinum, á fjölda þingmanna? Það sem tryggja þarf með þingmönnunum er það, að rétt þekking á hverju kjördæmi landsins komist inn í þingið. Og um Reykjavík situr þekkingin margföld í þinginu þó að þingmenn hennar sé fáir í hlutfalli við fólksfjöldann. Við Reykvíkingar höfum fjölda blaða, og fjöldi þingmanna, sem kosinn er fyrir önnur kjördæmi landsins, á hér heimili. Nei, Reykjavík hefir ekki verið og verður ekki olnbogabarn þingsins, þó að ekki verði fjölgað þingmönnum hennar. Og þó að hún hafi aldrei fengið neina fjárveitingu frá þinginu, nema til hafnarinnar — sem eg hefi reyndar altaf talið öllu landinu veitta — þá nýtur hún svo mikils af öllu því fé, sem veitt er til skólanna og allra þeirra mörgu embættismanna, sem hér eiga heima, að hún þarf ekki að kvarta. Þar að auki dregur það úr þingmannaþörf Reykjavíkur, þegar hún hefir slíkum gripum að beita fyrir vagn sinn sem þm. Árnesinga, sem oft þurfa að heimta fé til vega austur í sveitir o. fl. o. fl.

Enn má nefna eitt, sem dregur úr þingmannaþörf Reykjavikur. Alþjóðkjörnu þingmennirnir 6 hljóta að meira eða minna leyti að verða Reykvíkingar. Það leiðir af sjálfu sér, að flokksstjórnirnar eiga sæti í höfuðstaðnum og auk þess er hér mest um þjóðkunna menn. Alt bendir þetta í þá áttina, að fulltrúum Reykjavíkur þurfi ekki að fjölga. Og þó að t. d. atkvæðin í Norður-Ísafjarðarsýslu hafi eitthvað dálítið meira gildi en atkvæðin í Árnessýslu, þá styðst það við það, að þörfin á afskiftum löggjafarvaldsins er meiri fyrir afskektu og fámennu sýsluna. Það er ósköp vandalítið að setja upp langar og breiðar tölutöflur — það get eg gert líka — en það er ekki altaf að tölurnar komi heim við virkileikann, og hér koma þær alls ekki heim við þá verulegu þörf.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir tekið af mér ómakið, svo að eg þarf ekki að vera langorður. Hann gat þess, eins og reyndar allir vita og á þingtíðindunum sést, að ástæðan til þess, að komið var fram með tillöguna um, að aðeins skyldi kosnir 6 þingmenn hlutbundnum kosningum, var sú, að menn vildu ekki raska kjördæmaskipun landsins. Og af sömu ástæðu náði þessi tillaga samþykki þingsins. Hæstv. ráðherra (H. H.) reynir að snúa út úr þessu með því að halda því fram, að tillagan hafi verið samþykt vegna þess, að menn hafi ekki viljað »fækka tölu þjóðkjörinna þingmanna«. Þetta er rétt það sem það nær, en hér er ekki nema hálfsögð sagan. Menn vildu ekki fækka tölu þjóðkjörinna þingmanna, *vegna þess*, að menn vildu ekki þurfa að hagga kjördæmaskipuninni. Hæstv. ráðherra (H. H.) hefir ekki getað hugsað setninguna til enda.

Eg benti á, að eftir reynslu síðari tíma væri ekki svo sérlega mikil brögð að því, að þingmenn væri kosnir með fáum atkvæðum, með því kosningafyrirkomulagi, sem nú er. Í því sambandi bendir hæstv. ráðherra (H. H.) á það,

svo sem til þess að hnekkja mínu máli, að á síðari tímum sé jafnvel dæmi til þess að menn komist inn á þingið án þess, að vissa sé fyrir, »*að nokkur maður sá þeim fylgjandi*«, — eftir því, sem honum fórust orð. Þetta er kynleg »logik« hjá hæstv. ráðherra. Finst honum þá, að frumvarpið, sem hann ber hér fram, *muni bæta úr því*, að menn komist inn á þingið án þess nokkur maður sé þeim fylgjandi? Og ef honum finst það ekki, hvers vegna lét hann það ekki verða sitt fyrsta verk að ráða bót á þessu hneyksli, undir eins og hann tók eftir því? Ef nokkur hæfa eða vitneisti væri í ummælum hæstv. ráðherra um þetta atriði, þá hefði hann átt að lagfæra þennan mikla ágalla í nýju kosningarlögunum. En hann lætur það vera. Hér standa alveg sömu ákvæðin um *þetta* efni, sem í eldri lögunum. Það er auðséð, að ráðherra varpar þessu fram alveg óíhugað, enda lætur honum betur að slá um sig með sinni gömlu, alþektu »skáldalogik«, bygðri á orðaleikjum og útúrsnúningum, heldur en að beita rökréttri hugsun. Í núgildandi lögum er einmitt skilyrðið *strangara* fyrir frambjóðendur, en það var meðan opinbera atkvæðagreiðslan var viðhöfð, því að nú er heimtuð yfirlýsing 12 manna, að minsta kosti, um að þeir sé þingmannsefninu fylgjandi, ef framboðið á að vera gilt. Um þetta virðist hv. ráðherra (H. H.) ekki hafa neina hugmynd. Auk þess virðist eðlilegra að álykta svo, þegar frambjóðandinn er aðeins einn, að *sannanir vanti* þá fyrir því, að nokkur maður í kjördæminu sé *á móti honum*, í stað þess að ráðh. ályktar svo, að þá sé *allir* á móti honum! Annars verður að taka vægt á hæstv. ráðh. fyrir þessa hugsunarvillu, þar sem hann mælti þetta í bræði sinni, einkum þar sem slíkt er þá ekki óvanalegt úr þeirri átt.

Jóhann Eyjólfsson: Frumvarpið fer sjáanlega í þá átt að reyna að skapa réttlæti á milli kjósendanna í landinu, en það er aftur spursmál, hvort það hefir tekist vel. Þessi breyting á kjördæmaskipuninni mundi verða til þess að vekja mikla gremju úti um alt land. Það hefir verið bent á, að í öðrum löndum væri kjördæmin ekki stranglega miðuð við kjósendafjöldann. Þar mun það þó vera hægara en hér, því að hér stendur alveg sérstaklega á að þessu leyti sökum hinna miklu strjálbygða og hver sýsla er svo mikið út af fyrir sig og á erfitt með að vinna með öðrum félagsheildum. Fregnir um þessa breytingu eru nýkomnar út til kjósendanna, og alstaðar þar, sem eg hefi haft spurnir af, eru menn þessu mjög mótsnúnir. Alveg jafnt hvaða stjórmálaflokki sem menn heyra til. Í Mýrasýslu vildi enginn maður, að þessu broti af Snæfellsnessýslu væri bætt við sýsluna og gert að einu kjördæmi með henni, og sömuleiðis hygg eg, að kjósendur í Snæfellsnessýslu muni ekki hlyntir þessari breytingu. En verst mun þeim þó vera við þessa breytingu, sem búa í þeim hreppum í Snæfellsnessýslu, er eiga að ganga í kosningafélag með Mýrasýslu. Svona mun þetta vera alstaðar, þar sem nokkur breyting er fyrirhuguð á gamla fyrirkomulaginu. Mönnum er þetta alstaðar mikið tilfinningamál. Eg tel sjálfsagt, að ef almenningur ætti að segja skoðun sína á þessu máli, þá mundi hann ekki vilja, að nein breyting væri gerð. Eins og tekið hefir verið fram, er réttur Reykjavíkur lítt skertur, þó að hún hafi tiltölulega fáa þingmenn eftir fólksfjöldanum. Það hefir verið svo, og verður að líkindum svo, að margir þingmenn annara kjördæma eiga hér heimili. Og þó að um enga hreppapolitík væri að ræða, þá verður hverjum svo, að hann dregur ekki skóinn ofan af því kjördæmi, sem hann á heima í. Það má

auðvitað gera ráð fyrir því, að þingmenn kjördæma utan úr landinu og sem búsettir eru í Reykjavík, hugsi mest um sín kjördæmi. En það er líka víst, að þarnæst hugsa þeir mest um Reykjavík, það er kjördæmið sem þeir búa í.

Ráðherra (H. H.): Háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi vefengja þörf Reykvíkinga á að hafa fleiri þingmenn en þeir hafa nú. Það væri svo margir þingmenn annara kjördæma landsins, sagði hann, sem heimili ætti í Reykjavík, eins og t. d. háttv. þm. sjálfur, að þeir gæti dugað Reykjavík líka. Annar háttv. þm. (B. Sv.) kvað það einnig draga úr þörfinni, að þingið væri háð hér og bæjarbúar ætti þess vegna svo hægt með að tala máli sínu við þingmennina. Nú er verið að veita kvenfólki kosningarrétt. Má ekki alveg eins segja um það: Hvaða þörf hefir kvenfólkið á þeim réttindum? Getur það ekki talað við þá, sem réttindin hafa? Slík svör sem þessi virðast mér vera æði mikið út í hött. Það er reyndar satt, að nokkuð margir þingmenn annara kjördæma eiga heimili í Reykjavík nú sem stendur. En jafnvel þótt það sé látið gott heita, að þeir þingmenn sumir hverir taki ekki meira tillit til sinna eigin kæru kjósenda, en til hagsmuna höfuðstaðarins, hvaða trygging er fyrir því, að svo verði framvegis? Er ekki kjördæmunum frjálst að kjósa þá menn, sem þau vilja? Það er meira að segja kunnugt, að hreyfing er í landinu, sem fer í þá átt að kjósa *ekki* Reykvíkinga, og helzt þá menn eina, sem heimili eiga innan þeirra kjördæma, sem þeir eru kosnir fyrir. Má ekki segja, að bændaflokkshreyfingin stuðli einnig að því? Og ef svo færi, sem vel getur orðið, að enginn þingmaður verður úr Reykjavík nema þeir tveir, sem hún hefir nú rétt til að kjósa, hvað er þá orðið úr forréttindum Reykvíkinga, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) gerði svo mikið úr?

Sannleikurinn er sá, að allar þær röksemdir, sem nú er komið með fyrir því, að Reykjavík þurfi ekki fleiri þingmenn en nú, þurfi ekki neitt jafnrétti í fulltrúamagni, gæti alveg eins notast sem sönnun fyrir því, að Reykjavík þurfi alls ekki að hafa *neinn* þingmann sérstaklega fyrir sig, og því eigi að taka af henni þá tvo, sem hún hefir nú! En ef menn viðurkenna, að Reykvíkingar eigi að hafa sömu mannréttindi og aðrir landsmenn, þá getur ekkert samræmi fengist að þessu leyti með öðru móti en því að fjölga þingmönnum Reykjavíkur. Eftir tiltölu réttri ætti Reykjavík að hafa 7 þingmenn. Hér er aðeins farið fram á að hún fái fjóra.

Gagnvart því sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði í bræði sinni um það slys, sem eg gat um að komið gæti fyrir, að þingmaður slæðist inn á þingið, án þess að vissa sé fyrir því, að hann hafi nokkurt verulegt fylgi kjósendanna, skal eg aðeins taka fram, að eins og öllum hlýtur að hafa skilist, gat eg þessa engan veginn í þeim tilgangi, að sanna með því þörf einmenningskjördæma. Þetta slys getur, eins og dæmin sanna, eins vel komið fyrir í einmenningskjördæmum. Eg gat þess í sambandi við svar mitt gegn staðhæfingu hans um það, að *flokkaskipunin* í landinu komi í veg fyrir það, að óviðkunnanleg kosningaúrslit gæti leitt af ákv. gildandi laga. Flokkaskipunin, sem nú er getur ekki einu sinni varnað því, að ekki nema einn sé í kjöri. Annars sagði eg þetta fremur svona til bragðbætis, heldur en til þess að byggja á því neina sönnun.

Jón Magnússon: Eg hygg, að ástæðulaust sé að lengja þessa umræðu að sinni. Eg vona, að tækifæri verði til

þess að ræða þetta frumvarp ítarlegar síðar. Á þessu stigi málsins eru langar umræður gersamlega óþarfar. En hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir víst virzt það nauðsynlegt að sýna nú þegar, hve æstur hann er í þessu máli. Eg held, að meira tillit mundi þó tekið til orða hans, ef menn vissi ekki, að hann er þingmaður fyrir eitt af hinum allra minstu kjördæmum landsins, sem að undanförnu hefir notið miklu meiri réttar, en það hefir átt í samanburði við önnur kjördæmi landsins.

Það er annars leitt að þurfa að vera að berjast á móti staðleysum. Það er ekkert hægt að segja því til bóta, að atkvæðið eigi ekki að vera jafnrétthátt alstaðar. Það er ekki hægt að sannfæra neinn mann, sem á annað borð viðurkennir rökfræðislegar grundvallarreglur, um það, að hver borgari þjóðfélagsins eigi ekki rétt til þess að hafa jafnmikil áhrif á landsmál með atkvæði sínu og annarra. Þegar verið er að vitna til annarra landa í þessu efni, þá sýnir það ekki annað, en að þau lönd, sem vitnað er til, eru ekki komin svo langt, að þau hafi fengið leiðrétt þetta margra alda gamla misrétti. Og það, að landshættir eru mismunandi á ýmsum stöðum, eigi að réttlæta það, að sjálfsagður réttur manna sé skertur, er hreinasta fjarstæða. Héruðin hér á landi eru heldur ekki ólíkari hvað landshætti snertir, en víða á sér stað annarsstaðar — nema síður sé. T. d. mun ekki vera sá mismunur á þörfum og atvinnuvegum sýslnanna innbyrðis eins og víða á sér stað í útlöndum, þar sem héruð ganga til kosninga saman og annað þeirra lifir á akuryrkju, en hitt á kvikfjárrækt.

Annars þarf ekki að benda á annað í þessu máli, en að hér er um hið stakasta misrétti að ræða, sem verður að leiðrétta strax og unt er. Og eg hygg, að það gangi illa fyrir háttv. þm. N.-Þing. að sanna það, að borgari hér í Reykjavík eigi ekki rétt til þess að hafa jafnt atkvæði um landsmál og aðrir borgarar. Það er hreinasta fjarstæða, að Reykjavík hafi meiri rétt, að því er kosningu væntanlegra landskjörinna þingmanna snertir. Reykvíkingar kjósa þar að eins eftir réttri hlutfallstölu milli atkvæðisbærra manna hér og annarstaðar á landinu. Og það er sá eini rétti mælikvarði á þessu máli — kjósendatalan.

Það er jafnrangt hjá háttv. þingm, þegar hann byggir mótbárur sínar á því, að þingið hafi ekki ætlast til þessa. Hvort, sem til þess hefir verið ætlast eða ekki, þá á að bæta úr misréttinum undir eins og augu manna opnast fyrir því.

Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en fanst eg ekki geta hjá því komist, vegna ummæla háttv. þingm. N.-Þing, (B. Sv.). Annars hefir hæstv. ráðherra tekið flest það fram, sem segja þarf. Þó skal eg bæta því við, að mér finst frumv. stjórnarinnar ekki fara nógu langt, vegna þess, að það tekur líka tillit til landshátta, en hér er ekki um annan mælikvarða að ræða, en kjósendafjöldann, enda hefir og verið á þessu bygt alstaðar í nýjum kosningalögum frjálslyndra landa.

Skal eg svo ekki lengja umræðurnar frekara að sinni.

Guðmundur Hannesson: Eg get ekki áfelt stjórnina fyrir frumvarp þetta. Í þessu máli er um tvær stefnur að ræða: Önnur stefnan er sú, að hafa einmenningskjördæmi og að tala kjósenda, sem koma á á hvern þingmann, sé sem jöfnust. Þá stefnu hefir stjórnin tekið og er eg ánægður með það. Hefði hún ekki lagt það fyrir þingið í

þessari mynd, þá er enginn vafi á því, að einhver þingmaður hefði tekið það upp.

Hin stefnan er sú, að fara eftir skipun sýslnanna, þessara gömlu héraða, eða jafnvel smáþjóða vil eg segja. Þessi stefna hefir einnig mikið til síns máls, vegna hinna mismunandi staðhátta. Þar sem eg þekki til, í Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, má nálega segja, að sýslubúar í hverri sýslu sé lítil þjóð fyrir sig, starfi og hugsi á sinn einkennilega hátt. Og stjórnin hefir einmitt líka tekið tillit til þessa í þeim héruðum, sem eg nefndi. Hvað þau snertir finst mér tillögur stjórnarinnar ekki óhyggilegar.

Um aðra landshluta get eg auðvitanlega ekki sagt, en það er ekki svo hættulegt, því að hér á þinginu höfum vér menn úr öllum héruðum landsins, sem kunnir eru kringumstæðum síns héraðs. Og þá er hægra að bæta úr því, sem athugavert þykir, en ef menn hefði þurft að taka málið frá byrjun og gera allar þær athuganir, sem stjórnin hefir gert.

Magnús Kristjánsson: Þetta frv. er, eins og kunnugt er, að nokkru leyti óhjákvæmileg afleiðing af stjórnarskrárbreytingunni, ef það frumv. verður samþykt.

Aftur á móti eru ýms atriði í frumvarpinu, sem ekki standa í svo nánu sambandi við stjórnarskrárbreytinguna og þá einkum ákvæðin um kjördæmaskiftinguna.

Eg verð að segja það, að mér finst vel farið, að þessar tillögur hafa komið fram, einkum þar sem mér finst það bæði rétt og sjálfsagt, að sú leið sé farin, sem stungið er upp á í frumvarpinu, nefnilega að taka bæði tillit til kjósendafjöldans og staðháttanna. Og eg skil það ekki, að mikill ágreiningur geti orðið um þetta, þegar menn hafa kynt sér málið nákvæmlega.

Þá tel eg ákvæðið um kosningaraðferð fjærverandi sjómanna mikils virði, og hvernig, sem um frumvarpið fer að öðru leyti, þá vona eg samt, að hægt verði að bjarga þessu ákvæði, svo að sá fjöldi manna, sem rétt hafa til þess að hafa áhrif á landsmál, verði ekki útundan.

Eg hefi athugað frumvarp þetta nægilega til þess að geta lýst yfir því, að eg get fallist á aðalatriði þess og það því fremur, sem það er í samræmi við yfirlýstan vilja kjósenda minna á þingmálafundi 21. júní síðastliðinn. Þar var samþykt tillaga, sem fór nákvæmlega í sömu átt og þetta frumvarp.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn æski eftir einhverjum breytingum á frv. að því er kjördæmaskiftinguna snertir. En varhugavert tel eg að fara mikið út í það. Þegar breytt er á einum stað, er hætt við, að það geti raskað fleiru en til var ætlast. Eg álít því réttast og ákjósanlegast, að þeir háttv. þingmenn, sem agnúa finna á frumvarpinu, beri sig vandlega saman áður en þeir koma með stórvægilegar breytingar.

Þá er það eitt atriði, sem mig langar til að spyrja um. Það er viðvíkjandi seinni lið 1. gr. frumv. Mér virðist þetta ákvæði óþarft þegar litið er til núgildandi stjórnarskrár og 10. gr. frumvarpsins, sem nú liggur fyrir. Jafnframt vil eg geta þess, að eg hefi verið því mótfallinn að afnema með öllu útsvarsskyldu, sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

Loks er það dálítil athugasemd viðvíkjandi 16. gr. frumv. Þar er gert ráð fyrir, að deyi einhver frambjóðenda til alþingis, þá megi nýr maður bjóða sig fram í hans stað, með styttri fresti, en hafa verði hann í tölu meðmælenda sinna helming af meðmælendum hins

látna. Mér er ekki vel ljóst á hverju þetta er bygt.

Björn Hallsson: Eg bjóst ekki við, að miklar umræður yrði um þetta mál á þessu stigi þess. Eg hélt, að háttv. þingmenn mundu bíða með athugasemdir sínar þangað til væntanleg nefnd hefði lokið störfum sínum. En nú hefir sú orðið raunin á, að allheitar umræður hafa orðið um málið milli einstakra þingmanna. Inn í þær ætla eg ekki að blanda mér nú. Eg býst við, að nefnd verði skipuð í málið og mér gefist kostur á að koma fram með mínar athugasemdir síðar. Þó skal eg geta þess nú þegar, að eg hefði talið það heppilegra, að þessu frumvarpi hefði verið skift í tvö frumvörp.

Það er auðsætt, að verði frumvarp um breytingu á stjórnskipunarlögum landsins samþykt á þessu þingi, þá hlýtur sú breyting að hafa í för með sér nauðsynlega breytingu á gildandi kosningarlögum. Aftur á móti kemur breytingin á kjördæmaskipun landsins, sem stungið er upp á í þessu frumvarpi, stjórnarskrárbreytingunni ekki við. Þess vegna hefði eg, eins og eg tók fram, heldur kosið að frumvörpin hefði verið tvö í staðinn fyrir eitt. Eg álít varhugavert að fara að gera breyting á kjördæmaskipaninni að þjóðinni fornspurðri. Mér er fullkunnugt um, að einmitt þetta mál verður talsvert hita- og kappsmál hjá þjóðinni, og því álít eg rétt að fara varlega í það og spyrja kjósendur fyrst um vilja þeirra.

Að svo mæltu álít eg óþarft að fjölyrða meir um málið við þessa umræðu, en skýt þessum athugasemdum til væntanlegrar nefndar.

Ráðherrann (H. H.): Það er að eins örstutt athugasemd út af ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.). Mér heyrðist á honum, að hann áliti að seinni liður 1. gr. frumvarpsins um afnám útsvarsgreiðslu sem kosningarréttarskilyrðis, kæmi í bága við stjórnarskrána. En í 17. gr. núgildandi stjórnarskrár stendur einmitt, að breytingu megi gera á þessu skilyrði (útsvarsgreiðslunni) með einföldum lögum. Og það er einmitt tilgangur síðari liðs 1. gr. frumv., að nota það ákvæði til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

Jón Magnússon: Eg gleymdi að geta þess í fyrri ræðu minni, að það hefir verið mikið gert úr því, hversu mikill hagur Reykjavíkurkjördæmi væri að því, hve margir búsettir Reykvíkingar sitja jafnaðarlega á þingi. Jú! Það sýnir sig bezt á því, að einmitt þessir tveir háttv. þingmenn, sem eitraðastir eru út í frumvarpið, eru heimilisfastir Reykvíkingar. Eg held, að það sé ekki alt af ábati. Það er hætt við því, að þeir hugsi mest um sig og hreppapólitíkina.

Eg vona, að nefnd athugi þetta mál og reyni að vinna að því, að létt verði af gömlu og rótgrónu misrétti. Úr því sem komið er, verður það líklega ekki gert nema með breyting á kjördæmaskiftingunni, þó að hugsanlegt væri að bæta nokkuð úr með því að bæta þingmönnum við í þeim kjördæmum, sem fyrir misréttinu hafa orðið, án þess að fækka þingmönnum í hinum.

Magnús Kristjánsson: Það var að eins stutt athugasemd út af seinustu orðum hæstv. ráðherra.

Eg hélt því aldrei fram, að seinni liður 1. gr. frumv. kæmi í bága við stjórnarskrána. Eg spurði einungis um, hvort nauðsynlegt væri að taka þetta ákvæði upp í kosningarlögin.

Hæstv. ráðherra gaf mér ekkert svar upp á hina athugasemdina, viðvíkjandi

19. gr. frumv., en það getur gjarnan beðið.

ATKV.GR.:

Samþykt í einu hljóði að kjósa 7 manna nefnd.

Óskað hlutfallskosningar. Forseta bárust þrír listar: A-listi með nöfnunum: Benedikt Sveinsson, Sig. Eggerz, Skúli Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Jón Jónsson; B-listi: Magnús Kristjánsson; C-listi með nöfnunum: Þórarinn Benediktsson, Jóhann Eyjólfsson og Matthías Ólafsson.

A-listi hlaut 12 atkv., B listi 4 atkv. og C-listi 9 atkv. Hlutu þessir sæti í nefndinni:

Benedikt Sveinsson
Þórarinn Benediktsson
Sigurður Eggerz
Jóhann Eyjólfsson
Magnús Kristjánsson
Skúli Thoroddsen og
Matthías Ólafsson

með hlutkesti milli hans og Sigurðar Gunnarssonar.

Fyrstu umræðu frestað.

Á 37. fundi, föstudaginn 7. ágúst, var frumvarpið tekið til framhalds 1. umræðu (A. bls. 6, n. þgskj. 370, 371, 372).

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Á 38. fundi, laugardaginn 8. ágúst var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 6, n. þskj. 370, 371, 372).

Forseti óskaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum. Leyfið veitt og samþykt.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Nefndin hefir klofnað um þetta mál, en eg held að eg megi fullyrða, að hún sé að eins ósamdóma um eitt einasta atriði, 7. gr. frumv., og hefir hvor hluti nefndarinnar um sig gert grein fyrir sínu áliti.

Um kosningalög þessi er í rauninni ekki margt að segja. Það er ekkert stórmál, sem hér liggur fyrir, aðallega eins konar samsteypa, »Kodification«, af fernum eldri lögum, 18. gr. laga 14. sept. 1877, lög 3. okt. 1903, með tvennum viðaukalögum, öðrum frá 1909 og hinum frá 1913. Og ákvæði þessara laga eru orðin nokkuð reynd og kunn, svo að nefndin hefir ekki þurft að gera neinar verulegar breytingar á þeim.

Aftur á móti eru ný ákvæðin um landskosningarnar og enn fremur er 3. kafli frumv. nýr, um atkvæðagreiðslu sjómanna.

Eg skal geta þess, að nefndin hefir orðið ásátt um að taka 3. kaflann út úr frumv., og bera hann upp sem sérstakt lagafrumv., þó með þeirri breytingu, að ákvæði hans nái ekki eingöngu til sjómanna, heldur og til allra þeirra manna, sem staddir eru utan þess kjördæmis, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram. Ástæðan til þess að nefndin hefir lagt til að 3. kaflinn verði tekinn út úr frumv. er sú, að vér vissum ekki hvernig stjórnarskránni mundi reiða af, en vér vildum ekki gera kaflann um sjómannakosningarnar háðan afdrifum stjórnarskrárinnar, því að vér teljum nýmæli þetta svo mikla réttarbót, að ekki megi dragast að afgreiða það. Ákvæði þess ætlumst vér til að verði notuð, enda þótt svo fari, að stjórnarskrárfrumvarp það, er nú liggur hér fyrir, yrði ekki afgreitt héðan, eða þó að því yrði synjað konungsstaðfestingar. Hins vegar taldi nefndin rétt að búa

þetta frumv., um kosningar fjarverandi manna, svo úr garði, að það tæki líka til hlutfallskosninga, til landskjörs þingmanna, ef á þyrfti að halda, svo að eigi þurfi síðar að fara að breyta lögunum í því skyni.

Af því að meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að 7. gr. verði feld burt og þar af leiðandi, að núverandi kjördæmaskipun haldist, leiðir það, að ýmsar smábreytingar verður að gera á frv., sem þó eru aðallega »redaktions«breytingar. Verði aðalbreytingin, um burtfellingu 7. gr., samþykt, má væntanlega telja allflestar breyt.till. á þgskj. 372 samþyktar án atkvæðagreiðslu.

Eg býst við, að menn hafi lesið brt. og borið þær saman við frumv., og eg sé því ekki ástæðu til að eyða tímanum með lengri ræðu að þessu sinni, enda er nú dýr hver stundin, þar sem ekki eru eftir nema fáir dagar af þingtímanum.

Framsögum. minni hlutans (Magnús Kristjánsson): Háttv. framsögum. meirihl. hefir nú í stuttu máli gert grein fyrir sinni skoðun og þeirra manna, sem honum fylgja, og eg skal lofa því að tefja ekki tímann mjög lengi.

Það kom fram þegar er nefndin tók til starfa, að mikill meiri hluti hennar var á þeirri skoðun, að rétt væri að fella burt 7. gr. frumv., eða með öðrum orðum, að láta núverandi kjördæmaskipun halda sér. Þetta atriði gat eg ekki fallist á, og það hlýtur öllum að vera augljóst, að jafnframt því sem stjórnarskrá-in gengur í gildi, leiðir af því langt um meira misrétti milli kjósenda í landinu heldur en verið hefir. Ákvæði stjórnarskrárinnar um rýmkun kosningaréttarins hefir í för með sér fjölda nýrra kjósenda, sem kemur mjög ójafnt niður í hinum ýmsu kjördæmum landsins. Sumstaðar koma 1700 kjósendur á einn þingmann, en í öðrum kjördæmum að eins 200. Þetta er svo augljóst dæmi, að engum blöðum er um það að fletta, að þingið geti gengið frá málinu þannig löguðu. Það er undarlegt, að þeir menn, sem halda fram jafnrétti til kosninga, skuli á sama tíma og þeir berjast fyrir auknum kosningarétti, ekki geta komið auga á það misrétti, sem í þessu felst. Eg býst við að sú eina ástæða, sem meiri hlutinn hefir aðallega fyrir sig að bera, sé sú, að þessi breyting á kjördæmaskipuninni myndi valda óánægju úti um land. Eg geri nú ekki mikið úr því. Mér finst líklegt, að það mætti breyta kjördæmaskipuninni á þann hátt, að flestir mætti vel við una, þar sem hér á þinginu sitja menn víðsvegar af landinu. Það ætti sannarlega að vera hægt að koma sér svo saman, að þingmenn gæti orðið ánægðir með fyrirkomulagið. En þá má aftur bera því við, að það sé ekki nóg, að þingmenn sé ánægðir, því að kjósendur gæti máske verið óánægðir. Og það er alls ekki óhugsandi, að það kynni að heyrast einhverjar óánægjuraddir, en eg álít að þá mætti athuga, á hve miklum rökum óánægjan væri bygð, og mætti þá kippa því í lag smátt og smátt.

Það er ekki rétt, sem sagt hefir verið, að þetta mál sé ekki nógu undirbúið. Það hefir legið svo að segja fyrir hverju þingi síðan um aldamót. Á þinginu 1903 var að vísu gerð nokkur breyting á kjördæmaskipuninni, þar sem kaupstaðirnir vóru gerðir að sérstökum kjördæmum. En jafnframt var því lýst yfir af þinginu, að þetta væri að eins bráðabyrgðafyrirkomulag, sem sjálfsagt væri að taka til athugunar á ný, þegar gagngerð breyting kæmist á.

Á þinginu 1907 var svo uppi hlutfallskosningastefnan, og skal eg ekki fara út í það hér, því að það gæti orðið all-langt mál. En víst er um það,

að málið hefir verið vakandi. Það hefir verið leitað álits sveitastjórna og héraðsstjórna í þessu máli; en satt er það, að árangurinn hefir ekki verið stór, því að umsagnirnar hafa gengið hver á móti annari og upphafið hver aðra, og hefir því lítið verið á þeim að byggja. Þess vegna verður þingið nú að taka til sinna ráða og afgreiða málið og ganga frá því eins og það hefir bezt vit á, því að það er alls ekki loku fyrir það skotið, að því mætti kippa í lag smátt og smátt, sem ábótavant þætti í fyrstu.

Eg lofaði því í upphafi að vera stuttorður, og það skal eg efna. Eg skal ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, en eg geymi mér rétt til að koma með athugasemdir, ef umræðurnar gefa sérstakt tilefni til þess. Eg skal að eins að endingu láta í ljósi þá skoðun, að eg vænti þess, að margir þingmenn hafi nú komist að þeirri niðurstöðu, að ekkert sé því til fyrirstöðu að afgreiða málið nú á þessu þingi, og það sem næst í því formi, sem það kom frá stjórninni. Þingið myndi ekki baka sér ámæli með því, heldur myndi alment verða litið svo á, að það hefði unnið þarft verk.

Sveinn Björnsson: Eg skal strax taka það fram, að eina stórbreytingu, sem nefndin hefir gert á frumv., að skilja frá atkvæðagreiðslu sjómanna og annarra fjarstaddra manna, tel eg mjög heppilega ráðstöfun og felst fyllilega á hana. En hina aðalbreytinguna, að fella niður 7. gr., get eg ekki með neinu móti fallist á.

Eg bjóst við því, að meiri hl. nefndarinnar myndi í nefndarálitinu, og svo enn betur í framsögunni, gera grein fyrir því, hvers vegna hann gat ekki séð sér fært að fallast á uppástungu stjórnarfrumvarpsins. Það sem felst í uppástungu stjórnarfrumv. er tvent, fyrst að koma allsstaðar á einmenningskjördæmi og í öðru lagi það, að koma því til vegar, að á bak við hvern þingmann standi sem jöfnust tala kjósenda.

Nefndin kannast við, að það sé í sjálfu sér eðlilegt að lögleiða einmenningskjördæmi, og fer um það þessum orðum:

> »Sú skipun sýnist í sjálfu sér vera eðlileg, en nefndin lítur svo á, að eigi sé tímabært nú að samþykkja slíka breytingu, vegna þess, að málið hefir varla fengið nægilegan undirbúning«.

Þetta er alt og sumt, sem meiri hl. nefndarinnar segir um þetta atriði. — Háttv. framsögum. minni hl. víkur að því í nefndaráliti sínu, að þetta sé ekki rétt, og hann hefir líka með rökum bent á það í ræðu sinni hér í deildinni, að málið hefði fengið mikinn undirbúning, þar sem það hefði legið fyrir svo að segja hverju þingi síðan á aldamótum. Nefndirnar, sem á fyrri þingum hafa um málið fjallað, hafa altaf lýst því yfir sem sinni skoðun, að landinu bæri að skifta í einmenningskjördæmi. 1912 var leitað undirtekta sýslunefnda og bæjarstjórna um þetta mál, og létu þær það álit sitt uppi, að rétt væri að koma á einmenningskjördæmum sem allra fyrst.

Þetta er meiri undirbúningur en flest mál hafa fengið, sem gengið hafa gegn um þingið. Það er því á alls engum rökum bygt hjá nefndinni, að málið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning. Eg vil benda á, að þegar þær breytingar vóru samþyktar, sem nú er ætlast til að verði gerðar á stjórnarskránni, virðist það hafa vakað fyrir alþingi, að þá þegar, er þær breytingar gengi í gildi, skyldi koma á einmenningskjördæmum. Þar er gert ráð fyrir, að 34 þingmenn skuli kosnir óhlutbundnum kosningum *í sérstökum kjördæmum*. Þetta er sá

undirbúningur, sem það atriði hefir fengið hjá þingi og þjóð.

Til frekara hagræðis hefir stjórnin látið prenta skýrslu um fólksfjölda með frumv. sínu, og hefir nefndin þannig haft greiðan aðgang að því að athuga sérstaklega, hvernig einmenniskjördæmaskiftingin kæmi niður eftir íbúatölu sýslna og hreppa. Ef nefndin hefir þrátt fyrir þetta ekki álitið málið nægilega undirbúið, þá hefði hún sjálf átt að geta bætt við, því sem upp á vantaði. Nefndin var skipuð 7 mönnum og hefir setið yfir frumv. í fullar 5 vikur, og þann tíma allan hefir hún ekki haft mikið annríki við önnur störf. Þetta var aðalatriði þessa frv., sem hún hafði til meðferðar, og hefði hún að sjálfsögðu átt að leggja mesta rækt við það. En í þess stað afgreiðir hún málið með einu feitu striki, sem heitir *ótímabært* og *óundirbúið*.

Það er eftirtektarvert að líta í, hvað meiri hl. segir um það að skifta þm. á kjördæmin eftir höfðatölu. Nefndin felst á það, að sumum kjördæmum beri fleiri þm. en þau hafa núna, en samt vill hún ekki veita þeim þennan rétt, án þess að tilfæra glöggar ástæður fyrir því, hversvegna hún vill ekki veita réttinn. Hún fer í kring um spursmálin eins og köttur í kringum heitan graut. Svona eru vinnubrögð nefndarinnar. Hún segir að ástæðan á móti þessari grundvallarreglu, að miða kjördæmin við höfðatölu, sé sú, að hún sé óframkvæmanleg, ef fylgja eigi höfðatölunni út í æsar. Það er alveg óþarfi af nefndinni að vera að taka þetta fram í sambandi við frumv. það, er fyrir nefndinni lá, því að höfðatalan var ekki lögð til grundvallar í frumv. stjórnarinnar. Þar var tekið svo mikið tillit til mismunandi ástands kjördæmanna, að talsvert misrétti var eftir, miðað við skiftingu eftir höfðatölu, þótt tillögur stjórnarinnar hefði verið samþyktar. Því fer fjarri, að 7. gr. hafi verið bygð á þessum grundvelli eingöngu, svo að það, að færa þessa ástæðu gegn því, hvernig höfðatölureglan er framkvæmd í frumv. stjórnarinnar, er alveg gripið úr lausu lofti. Það virðist svo, sem nefndin hafi ekki haft neinn tíma til bollaleggínga, því að hún fer á hundavaði yfir alt spursmálið og strikar svo greinina út með breiðu striki, án þess að rannsaka nokkuð, hvort réttlæti liggi ekki á bak við.

Þá er eitthvað loðið við þá röksemdaleiðslu nefndarinnar, »að það virðist ekki, að þjóðarviljinn hafi krafist stórfeldra breytinga í þessu máli«. Þetta er alveg rangt. Kosningarrétturinn er mikilsverð réttindi, sem menn eru altaf að læra að meta meir og meir. Sú skoðun hefir rutt sér æ meir til rúms, að þetta séu »almenn mannréttindi«, sem hver maður eigi heimting á að njóta, hvort sem hann er karl eða kona, ríkur eða fátækur, húsbóndi eða þjónn. Það er jafnréttishugmyndin, sem liggur á bak við þessa skoðun.

Í hinni nýju stjórnarskrá er stefnan ákveðin sú, að innleiða þetta jafnrétti. Skattgreiðsluskilyrðið er numið burt, kynferðismismunur kemur ekki til greina og hjúin fá jafnan rétt og húsbóndinn í þessu efni. Mér virðist nú, að maður hafi leyfi til þess að ætla það, að eitthvað annað liggi bak við hjá þeim mönnum, er þetta hafa samþykt, en orðin tóm — að það sé hugsjón, sem þeim væri ekki alveg sama um. Það væri að gera oflítið úr háttv. alþingismönnum að ætla, að þeir hafi ekkert meint með þessu. Þessi hugsjón hefir *tvisvar* sinnum áður fengið mikinn meiri hluta þm. með sér og *tvisvar* verið fallist á hana af þjóðinni. Hvernig ætla þessir sömu menn nú að halda því fram, að það sé samrýmanlegt þessari jafnréttisgrundvallarreglu, sem þing og þjóð hefir

svo ákveðið hallast að, að 7 menn hafi minni rétt í þessu efni en einn maður?

Það verður eigi með rökum sýnt fram á það, að eðlilegt sé að kosningarétturinn sé annað fyrir menn á einum stað á landinu en öðrum. Að menn eigi að missa af almennum mannréttindum, ef þeir flytji úr einum stað í annan. Rétturinn á að vera einn og sami og óbreytilegur fyrir hvern einstakling, eða svo nálægt þessu, sem komist verður.

Það væri hróplegt ranglæti og blettur á alþingi, ef það kipti ekki þessu misrétti, sem nú á sér stað, í burtu, um leið og það er að framfylgja fullu jafnrétti um kosningar, án tillits til stöðu eða kyns, með því að samþykkja stjórnarskrárbreytingarnar, sem nú liggja fyrir. Menn segja, að þetta mál sé eigi nógu vel undirbúið. Eg verð að segja það, að athugasemdir stjórnarinnar við frv. sýna, að málið hefir verið talsvert undirbúið. Og þótt undirbúningi málsins hefði að einhverju leyti verið eitthvað ábótavant, þá hefði það ekki verið ofætlun nefndinni, sem setið hefir svona lengi að störfum sínum, að kippa því í lag. Og réttara hefði verið að taka frumv. heldur nú strax, þótt það á einhvern hátt væri ófullkomið — með það fyrir augum að kippa þessu eldgamla misrétti í lag að einhverju leyti *(Einar Arnórsson:* Þetta er kjósendaræða). Þetta er talað fyrir alla kjósendur í landinu. Það er óforsvaranlegt að þola þetta misrétti lengur.

Það hefir verið fært fram sem ástæða móti frumv., að sýslumörkin, sem nú eru, sé svo eðlileg, samsýslungar verði vegna sameiginlegra hagsmuna að hafa þm. fyrir sig. En gagnvart jafnréttisástæðunni gildir þessi mótbára ekki. Og ef dregin væri rökrétt ályktun út frá þessari hugsun, þá leiddi það til þess, að t. d. Grímsey ætti að vera sérstakt kjördæmi. Eg vænti þess því, að háttv. deild athugi þetta mál með alvöru og sjái, að rangt er að fella burt 7. gr., einkum vegna hins nána sambands, sem málið stendur í við stjórnarskrárbreytinguna. Þegar verið er að innleiða jafnréttishugmyndina þar, þá lítur svo út, sem þingið sé að leika einhvern skrípaleik, ef það jafnframt löghelgar þetta hróplega misrétti, sem gerir það að verkum, að þótt í stjórnarskránni standi, að rétturinn skuli vera einn og sami fyrir alla, þá verður hann *sjö sinnum minni* fyrir suma en fyrir aðra.

Einar Arnórsson: Eg býst varla við, að mér endist tími til að svara öllum þessum reiðilestri, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. Bj.) hefir látið dynja yfir okkur nefndarmennina. Þetta er hin fyrsta verulega kjósendaræða, sem við höfum átt kost á að hlýða á á þessu þingi. Aftur á móti var háttv. þm. Ak. (M. Kr.) miklu stiltari og ekki sami berserksgangurinn á honum og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. Bj.). Þeir skírskotuðu báðir til óska þjóðarinnar í þessu máli. Eg hefi hér fyrir mér allar þær þingmálafundargerðir, sem hafa verið lagðar fram á lestrarsal þingsins í ár — og þótt leitað sé með logandi ljósi í þeim, þá finst það hvergi, að kjósendur í landinu hafi óskað eftir nokkrum breytingum í þessu máli, nema Reykvíkingar. Í flestum öðrum kjördæmum er breytingum beinlínis *mótmælt*. Þessi orð háttv. þm. eru því aðeins hjal út í loftið. Hafi slíkar óskir verið uppi með þjóðinni, þá hefir það verið einhverntíma á fyrri árum, en það getur ekki verið nægur grundvöllur til þess að byggja á *nú*. Mönnum fjölgar og fækkar í kjördæmum landsins og ekki þarf svo að vera, að sami maðurinn líti sömu augum á málið nú og hann kann að hafa gert fyrir 10 árum. Þessir hv.

þm. sögðu báðir, að betra væri að samþykkja þessar breytingar nú, þótt ófullkomnar væri — það mætti þá altaf breyta til síðar. En eg lít svo á, að ef breytingar verða gerðar á kjördæmaskiftingu landsins, þá eigi þær að vera þannig úr garði gerðar, að ekki þurfi altaf að vera að krukka í lögin á næstu árum. Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði að nefndin hefði haft svo langan tíma til starfa, að hún hefði getað gert nauðsynlegar umbætur á þessari (7.) gr. frv. Þessu verð eg að mótmæla. Flestir nefndarmenn hafa haft fjölda annara starfa að gegna — t. d. hefi eg átt sæti í fullum 20 nefndum og verið skrifari í allmörgum þeirra. Ennfremur vakti það fyrir nefndarmönnum að taka enga fullnaðarákvörðun í málinu fyrr en frekara væri upplýst um vilja þjóðarinnar. Til þess að vita hann, hefði nefndin þurft að senda umburðarbréf til hrepps- eða sýslunefnda um land alt ef hún hefði átt að vinna samvizkusamlega að þessu máli, en þá býst eg við, að margir háttv. þm., þeir er heimfúsastir eru, hefði verið orðnir langeygðir eftir búum sínum og konum, er fengin væri fullnægjandi svör manna.

Þá þótti mér hálfundarleg skýring háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) á 8. gr. stjórnarskrárfrumvarps þess, er hér er fyrir þinginu, þar sem segir, að 34 þm. skuli kjósa óhlutbundnum kosningum í »*sérstökum*« kjördæmum. Hann vildi skýra orðið »sérstakur« svo, að það ætti að tákna *einmenningskjördæmi*. Þetta er alveg fráleit lögskýring. Auðvitað merkir orðið »sérstakur« ekki annað í frumvarpinu en það, að þessa þm. skuli kjósa í ákveðnum héruðum — ein- eða tvímenningskjördæmum — í mótsetningu við þá þm., sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

Háttv. 1. þm. Rvk (Sv. B.) sagði, að draga mætti þá ályktun út úr orðum meiri hluta nefndarinnar, þar sem talað er um áhrif þau, er aðgreindur fjárhagur, staðhættir og atvinnuvegir eigi að skifta máli um kjördæmaskipun, að t. d. Grímsey ætti að vera sérstakt kjördæmi. Það gæti auðvitað komið til mála, ef þm. yrði fjölgað afarmikið, og það yrði sjálfsagt all-álitlegt kjördæmi og betra en Reykjavík. En annars skoða eg þetta sem hvert annað gaman hjá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), því að auðvitað væri það ekki annað en öfgar, að stofna sérstakt kjördæmi með 12—14 kjósendum, jafnvel þótt staðhættir væri þar all frábrugðnir. Eg álít það enga frágangssök að gera breytingar á kjördæmaskipuninni síðar meir, en til þess að gera það nú er undirbúningur alls kostar ónógur.

Annars verð eg að halda, að háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) og háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sé kjördæmabreytingin ekki eins mikið áhugamál sem þeir láta. Ef þeim hefði verið það nokkur alvara, þá býst eg við, að þeir hefði komið til nefndarinnar til að hafa spurnir af málinu. Og ef nefndin hefði þá neitað að gera nokkra breyting á kjördæmaskiftingunni, þá hefði þeir réttlætisins vegna átt að koma fram með breyt.till., því að varla mundu þeir þó hafa gert sig ánægða með kjördæmaskiftinguna, eins og hún er í 7. gr. frv., að öllu leyti.

Enn er eg hræddur um eitt og það er, að ef till. nefndarinnar ganga ekki fram, þá verði óhjákvæmilegt að framlengja þingið að miklum mun. Og hvernig skyldi þessir mörgu heimfúsu þingmenn taka því, sem þykjast tapa svo miklu á fjarveru frá búum sínum?

Eg býst við, að nefndinni verði núið því um nasir, að hún hafi setið oflengi á málinu, og skal eg svara því fyrirfram. Nefndin taldi rétt að bíða eftir ráðherra og þeim upplýsingum, sem hann hefði að færa um afdrif stjórnarskrár-

innar, ef ske kynni, að nauðsynlegt yrði að breyta frv. af þeim ástæðum. Nú hefir svo tiltekist að vér vitum ekki með vissu um afdrif þessa máls, enda þótt ráðherra sé heim kominn og þess vegna var 3. kaflinn tekinn út úr frv. og gerður að sérstöku frv., og verð eg að segja háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) það til lofs, að þar gat hann unt nefndinni sannmælis. *(Sveinn Björnsson:* Það var ekki nefndin, sem fann upp á því). Eg skal ekki rífast um það, hver átti þar fyrsta »prioritet«, eg veit ekki annað en að það hafi verið nefndin. En það getur meira en verið að hún hafi fengið þá vizku frá háttv. þm. (Sv. B.). Eg kom eigi í nefndina fyrr en eftir útnefningu ráðherra. Hann var upphaflega ritari nefndarinnar, og hvaða vizku hún kann að hafa verið búin að fá þá hjá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) eða öðrum, get eg ekki sagt um.

Eg held, að það sé svo ekki fleira sem eg þarf að svara að svo komnu.

Framsögum. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) hefir nú haldið langan lestur, ekki reiðilestur að vísu, eins og hann komst sjálfur að orði um ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), það væri nær að kalla það vandræðalestur.

Því hefir verið haldið hér eindregið fram, að fyrir lægi yfirlýstur þjóðarvilji um það, að meiri hluti þjóðarinnar væri á móti öllum breytingum á kjördæmaskipuninni. Þessu verð eg að neita algerlega.

Háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) hefir oft tekist betur að framflytja málstað sinn en nú, enda er ekki við öðru að búast, þar sem málstaðurinn er ekki betri en hann er. Hann hefir oft og einatt haft lag á því að gera sína skoðun sennilega í almenningsaugum, jafnvel þótt við nánari athugun hafi það getað orkað tvímælis, hvort skoðunin væri á fullum rökum bygð. *(Einar Arnórsson:* Þetta kemur nú ekki beinlínis málinu við). Það getur satt verið, en háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) ætti sízt að fara út í það.

Mér þykir það hálfundarlegt, að hv. frams.m. meiri hl. (E. A.) skuli halda því fram, að úr því að ekki liggi fyrir skýlaus yfirlýsing frá þeim, sem njóta nú í þessu efni margfaldra réttinda fram yfir það sem þeir eiga, að þeir vilji fá ástandinu breytt, þá sé sjálfsagt að gera ekkert í málinu. En hann vill ekkert tillit taka til vilja þeirra manna, sem með rökum hafa sýnt fram á, að þeir sé misrétti beittir og krafist hafa réttarbóta. Þetta kann að vera venjuleg málflutningsmannaaðferð, en samt sem áður get eg ekki talið hana viðeigandi, hvorki í þessu máli né öðru. Eg hygg, að háttv. frmsögum. meiri hl. (E. A.) hafi oftalað sig, er hann sagði, að ræða háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) og ræða mín væri vanhugsað hjal, að minsta kosti var það oftalað að því er 1. þm. Rvk. snerti.

Þó að svo kunni að vera, að í þingmálafundargerðunum sé ekki farið fram á, að kjördæmaskipuninni sé breytt, þá verð eg að leggja meiri áherzlu á það, sem á undan er gengið á undanförnum þingum. Þar hafa hvað eftir annað legið fyrir óskir um þetta efni. En því meiri ástæða er til að láta nú til skarar skríða í þessu máli, þar sem vænta má, að stjórnarskrárbreytingin nái fram að ganga, og engum réttsýnum manni getur blandast hugur um, að eitt aðalatriði hennar verður að miklu leyti að engu gert, ef við svo búið verður látið standa um kjördæmaskipanina.

Eg skil ekki, hvernig þingið ætlar að réttlæta það, ef það lætur þetta mál með öllu afskiftalaust. Með stjórnarskrárbreytingunni er verið að reyna að

koma á jöfnuði milli manna að því er snertir kosningarréttinn. Hvernig getur þá sama þingið, sem afgreiðir það mál, neitað að bæta úr stærsta órétt-lætinu og ójöfnuðinum í þessu efni?

Mér virðist háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) vera því mjög mótsnúinn, að borgarar þessa bæjar fái þeirri sanngjörnu og sjálfsögðu málaleitun sinni framgengt, að þeir geti fengið að hafa dálitið svipuð afskifti af stjórnmálum landsins og aðrir kjósendur. Eftir þeirri viðkynningu, sem eg hefi haft af þessum háttv. þm. (E. A.) hér á þinginu, þá taldi eg hann manna líklegastan til þess, að veita þeim mönnum lið, sem misrétti eru beittir, þó að þeir ætti verri aðstöðu. Nú fer eg að verða vondaufur um það.

Eg sé enga ástæðu til að tala um þær sérstöku breytingartill., sem meiri hl. hefir komið fram með. Þær eru flestar smávægilegar, að undantekinni þessari einu, úrfellingu 7. gr. frumv. En eitt vildi eg biðja menn að taka til athugunar, því að úr því atriði geri eg mikið. Í frumv. er farinn sá sanngjarni millivegur, að ekki er eingöngu tekið tillit til fólksfjöldans, heldur jafnframt til staðháttanna. Og það hefir mikla þýðingu í þessu máli, að kröfum þeirra, sem misrétti eru beittir í þessu efni, sé sint þegar í stað, og kjördæmaskipaninni komið í viðunandi horf. Því að fyrir því má ráð gera, að því lengur sem réttinum er haldið, því harðari verði kröfurnar, og að því komi innan skamms, að menn heimti beinlínis, að eingöngu sé tekið tillit til kjósendafjöldans þegar um kjördæmaskipanina verður að ræða. Getur farið svo, að erfitt verði að bæla þær kröfur niður. Vegna þess að hér kemur svo margt til greina, álít eg heppilegast, að menn snúi sér þegar í stað að þeirri stefnu, sem í frv. felst, og taki það millispor, sem þar er gert ráð fyrir. Mundu menn ef til vill sætta sig við það í langan tíma.

Eg skal svo ekki orðlengja meira um málið að sinni. Ræða háttv. framsm. meiri hl. (E. A.) var meira almenn, en að í henni væri nokkur sérstök atriði, sem eg þarf að svara, enda í rauninni ekki deilt um annað en það, hvort 7. gr. frumv. á að standa eða falla.

Hannes Hafstein: Eg get verið stuttorður, því að háttv. þm. Ak. (M. Kr.) og háttv. þm. Rvk. (Sv. B.) hafa tekið fram flest af því, sem eg vildi leyfa mér að benda á.

Eg er þessum tveimur háttv. þingm. innilega samdóma um það, að svo framarlega sem 7. gr. frumv. verður feld í burt, og ekkert gert í þá átt, sem þar er farið fram á, þá sé mikið dregið úr því gagni, sem stjórnarskrárbreytingunni var ætlað að gera. Að minsta kosti er þá í bráðina dregið mjög úr þeim *jöfnu réttindum, sem allri þjóð*inni var ætlað að fá með stjórnarskrárbreytingunni.

Þetta atriði, sem 7. gr. frumv. ræðir um, þ. e. skiftingin í einmenningskjördæmi og tilraunin til að koma á dálitið meira jafnrétti meðal kjósendanna í landinu, það var það eina verulega verkefni, sem lá fyrir nefndinni. Hitt, sem nefndin átti að vinna, var ekki sérlegt vandaverk, þar sem fyrri hluti laganna, ákvæðin um kjördæmakosningar, er að mestu leyti samhljóða núgildandi kosningarlögum með þeim breytingum, er smám saman hafa verið gerðar á þeim með nýjum lögum, kaflinn um landskosningarnar er að miklu leyti sniðinn eftir síðustu lögum um hlutfallskosningar til bæjarstjórna, og kaflinn um kosningar sjómanna tekinn mjög svo eftir lögum, sem gilda annarstaðar á Norðurlöndum. Frumvarpið var vel vandað og ýtarlega undirbúið af stjórninni, og

naumast um verulegt álitamál að ræða í því, nema tilraunin til þess að létta af þeim rangindum, sem af núverandi kjördæmaskifting stafa. Það var aðalverkefni nefndarinnar, að athuga 7. gr., og einmitt þess vegna sérstaklega var 7 manna nefnd kosin hér í deildinni. Hvað gerir svo nefndin? Hún situr á rökstólum í alt sumar, og þegar komið er að bláþinglokum, þá kemur það loksins í ljós, að nefndin hefir, að því er þetta aðalhlutverk hennar snertir, gert fullkomið verkfall. Hún sleppir þessu atriði alveg, og lætur hjá líða að inna af hendi það verkefni, sem deildin sérstaklega fól henni.

Það sem nefndin hefir gert fyrir utan það, að leggja til að sleppa þessu atriði, er ekki stórvægilegt, og að taka einn kaflann úr stjórnarfrumv. og bera hann fram sem sérstakt frumvarp, sýnist ekki vera neitt sérlegt þrekvirki fyrir 7 manna nefnd. Þó hefi eg tekið eftir einni breytingartillögu, sem háttv. nefnd hefir gert við frumv., sem væri talsverð breyting, ef samþykt yrði, og það til stórskemda, svo framarlega sem nefndin í raun og veru meinar það, sem orðin í breytingartillögunni virðast liggja til. Eg á við breyt.till. við 77. gr. Það er farið fram á það fyrirkomulag í stjórnarfrumvarpinu, sem sýnist vera sjálfsagt, að þó að einhver maður, sem er í kjöri við landskosningu, og nær ekki kosning, fái nægilega mörg atkvæði til þess að vera varamaður, þá missi hann ekki fyrir það kjörgengi sitt til kjördæmakosninga, og megi eiga sæti á þingi, ef hann nær kosningu í einhverju kjördæmi. Hins vegar er honum eftir stjórnarfrumv. skylt að taka sæti í efri deild, ef sá, sem hann er varamaður fyrir, deyr eða lætur af þingmensku, og sér þá stjórnin um aukakosning í kjördæmi hans. Þessu vill nefndin breyta þannig, að maður, sem kosinn er bæði landskjörinn varamaður til efri deildar og einnig þingmaður fyrir kjördæmi, skuli velja milli þess, hvort hann vilji heldur vera landskjörinn varamaður, eða þingmaður fyrir kjördæmi, og velji hann það síðarnefnda, þá skuli landstjórnin láta kjósa í hans stað varamann um land alt, með allri þeirri heljarfyrirhöfn, er því fylgir. Þetta er sagt með því orðalagi, að eg sé ekki, að það verði skilið öðru vísi en þannig, að maðurinn sé útilokaður frá þingsetu fyrir kjördæmi, ef hann afsalar sér ekki kjörinu sem varamaður. En þetta væri að minni hyggju alveg ótækt; það virðist tilgangslaust og ósamrýmanlegt við tilganginn með landskjöri, ef það, að þjóðin treystir einhverjum manni svo vel, að hún gefur honum svo mörg atkvæði við landskjör, að hann nær varaþingmensku þar, á að útiloka manninn frá því að mega eiga sæti á þinginu ef til vill um 12 ára bil.

Eg tel líklegt, að þessi breytingartillaga stafi einungis af misskilningi eða ógáti, en ekki af því, að nefndin hafi í raun og veru viljað umturna þannig þessu atriði, og eg vona, að háttv. nefnd taki þetta til nýrrar athugunar fyrir 3. umræðu.

Eins og háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) tók fram, eru tvö meginatriði í 7. gr. frumv., fyrst skiftingin í 34 einmenningskjördæmi í stað þess samblands af einmennings og tvímenningskjördæmum, sem nú er, og annað hitt, að reyna eftir föngum að bæta úr misréttinum, að því er snertir atkvæðamagn kjósenda í kjördæmunum.

Eins og eg hefi látið í ljós, er það mín skoðun, að orðin í 8. gr. stjórnarskrárfrumvarps þess, er fyrir liggur: »Óhlutbundnum kosningum í *sérstökum*

kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn«, ekki skiljist öðruvísi en svo, að hver þingmaður skuli kosinn í sínu sérstaka kjördæmi, og að einmenningskjördæmi sé þannig fyrirskipuð.

En jafnvel þótt þetta sé ekki viðurkent, — og hver segir við þingið: »Hvað gerirðu«? — þá verður því ekki neitað, að þetta er hin eina rétta skifting, þegar hlutfallskosning í stærri kjördæmum er útilokuð, og að kröfur í þessa átt hafa legið fyrir þinginu í mörg ár og flestir játað, að með núverandi samblandi af einmenningskjördæmum og tvímenningskjördæmum sé, einkum síðan kosningalögin frá 1903 gerðu einfaldan meiri hluta nægan til kosningar, stofnað til alveg sérstaks misréttis, sem fjöldi kjósenda í landinu getur sopið seyðið af. En öllu þessu er lýst nákvæmlega í athugasemdunum við stjórnarfrumv., og skal eg ekki þreyta menn á því að endurtaka það hér. —

Mér þykir sennilegt, að með verkfalli nefndarinnar sé ekki komið í veg fyrir, að þingið geti enn bætt úr þessum sérstaka misrétti, því að þótt áliðið sé þingtímans, er að minsta kosti hægt að breyta tvímenningskjördæmunum, sem nú eru, í tvö einmenningskjördæmi, sérstaklega þar sem það mál er ýtarlega undirbúið í stjórnarfrumv. Þó að ekki væri bætt með því úr öllu því mikla misrétti, sem á sér stað meðal kjósenda í hinum ýmsu kjördæmum, þá væri það þó betra en ekkert. Eg vil leyfa mér að mælast til þess við hina háttv. deild, að hún felli tillögur nefndarinnar um að fella burt 7. gr. Þeir sem ekki vilja aðhyllast hana eins og hún er, en vilja þó nokkra bót gera á núverandi ástandi, geti þá borið fram brtill. við hana til 3. umr. sem breyti henni svo, að nokkur von sé um, að hún nái samþykki þingsins. Verði alls ekkert gert til þess að bæta úr kosningamisréttinu og göllunum á kjördæmaskiftingunni, þá er vissulega illa farið með kosningalagafrumvarpið.

Björn Hallsson: Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að eg teldi heppilegast að skifta frumv. þannig, að kjördæmaskipunin væri tekin út úr aðalfrumv. og flutt sem sérstakt frumv. ef þurfa þætti. Reyndar taldi eg ekki, að brýna nauðsyn bæri til þess að málið gengi fram nú þegar, sérstaklega vegna þess að eg leit svo á, að það hefði ekki fengið nægilegan undirbúning. Hins vegar bjóst eg við því, að nefndin mundi bera nýju kjördæmaskipunina fram í frumvarpsformi. Svo hefir þó ekki orðið, og get eg þá ekki sagt að eg sakni þess.

Þessi krafa um breytingu á kjördæmaskipuninni mun nálega eingöngu vera sprottin upp hér í Reykjavík, að minsta kosti hefi eg ekki heyrt, að á henni hafi bólað annarsstaðar á landinu. Reykvíkingar hafa vitanlega nokkuð til síns máls, þar sem kjósendur hér eru margfalt fleiri en í nokkru öðru kjördæmi landsins, en þó að svo sé, þá er ekki þar með sagt, að þeir sé það verr settir í tilliti til þingsins heldur en aðrir, að hægt sé að segja að þeir sé óþolandi misrétti beittir. Eg hefi ekki séð það, hvorki á þessu þingi né áður, að mál Reykvíkinga hafi verið fyrir borð borin, enda eiga þeir mörg ítök í þinginu þar sem fjöldi þingmanna annarra kjördæma á hér heimili. Eg get því ekki talið það glappaskot, þó að 7. gr. frv. verði feld, og er eg þar ekki á sama máli og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). *(Sveinn Björnsson:* Nei!).

Annars ætlaði eg ekki að fara að ræða lengi þessa hlið málsins, né að blanda mér í deilur háttv. meiri og minni hluta nefndarinnar.

Mér datt í hug að beina dálítilli fyrir-

spurn til nefndarinnar út af tveimur greinum í frumv., sem eg skil ekki nákvæmlega. Það er 41. gr. og 44. gr. Þær eru að vísu óbreyttar frá gildandi lögum, en eg hefi rekið mig á, að ákvæði þessara greina hafa valdið misskilningi. Greinarnar eru um innsigli kjörstjórnanna. Mér er ekki ljóst, hvort ætlast er til að hver kjörstjórn hafi sérstakt innsigli. Að minsta kosti hefi eg ekki orðið var við, að þeim hafi verið afhent það ásamt atkvæðakössunum. Samt sem áður hafa sumir skilið greinarnar svo, að í rauninni væri til þess ætlast. Aftur á móti hafa aðrir skilið þær svo, að það nægði, að nota innsigli einhvers einstaks manns úr kjörstjórninni, og þannig mun þessu ákvæði hafa víðast hvar verið framfylgt í framkvæmdinni. En þar sem ákvæðið er ekki vel ljóst, vildi eg biðja nefndina að skýra frá því, hvaða skilning hún leggur í það.

Þá vildi eg beina því til nefndarinnar, hvort henni virtist ekki heppilegra, að breyta til um daginn, sem í frumv. er ákveðinn sem kosningardagur til landsþingsins. Eg er hræddur um að Hálfdanarheimtur verði á kjósendum ef kosningin á að fara fram 1. ágúst. Eins og kunnugt er, stendur slátturinn þá yfir, og á þeim annatíma getur oft staðið svo á, að menn eigi ekki heimangengt, til dæmis ef svo vildi til, að þurkdagur væri, eftir langvarandi óþurka. Vill nefndin ekki athuga, hvort ekki er ástæða til að færa daginn annað hvort fram eða aftur? Ef ekki virðist tiltækilegt að færa hann aftur, þá væri betra en ekki, að færa hann fram t. d. til 1. júlí eða jafnvel fram í júní.

Að öðru leyti skal eg ekki tefja umr.

Einar Jónsson: Það kemur í ljós við þessa umr., eins og oftar hér á þinginu, að það er gert óþarflega mikið að því að kjósa nefndir. Það er augljóst, að störf þeirrar nefndar, sem fjallað hefir um þetta frumv., eru ekki mikils metin. Um það er rætt fram og aftur, og ekki látið nægja það sem framsögum. (E. A.) hefir að segja, og svo lendir alt í truflun og vitleysu.

Eg get ekki verið samþykkur háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um það, að aðalverkefni nefdarinnar hafi verið að athuga 7. gr. frumv. Það er auðvitað mjög margt fleira, sem athuga þarf, og mun eg hallast að skoðun meiri hlutans í þessu máli. Mér er ekki kunnugt um, að neinar óskir hafi komið frá kjósendum úti um landið um að afgreiða svo fljótt breytingu á kjördæmaskipuninni. Það eru að eins Reykvíkingar, sem þykjast vera útilokaðir frá sanngirni í þessu efni, þegar fólksfjöldi í Reykjavík er borinn saman við kjósendafjölda í öðrum kjördæmum landsins. Mannfjöldi á hverjum stað sem er, er altaf breytilegur, og hræddur er eg um, ef út í mannfjölda á að fara, að þá sé komið í óreiðu, sem gæti leitt til þess, að kjördæmaskipuninni þyrfti að breyta á 10 ára fresti, eða jafnvel styttri tíma. *(Sveinn Björnsson:* Hvað er að því?). Meðal annars kostnaðurinn. Það hefir oft verið talað um það hér í þingsalnum, að hver ræða, sem haldin er, kosti svo og svo mikið, og ef á að fara að rífast um kjördæmaskiftingu á öðru hverju þingi, þá gæti það komið til með að kosta töluvert. — Hins er líka að gæta, að Reykjavík er ekki eins illa sett og í orði kveðnu er látið í veðri vaka hér í frumv. Það mun t. d. ekki breytast til hins lakara fyrir Reykjavík, þegar landsþingkosningarnar koma til. Eg er viss um, að af þeim landkosnu þingmönnum verða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar Reykvíkingar. Auk þess eiga altaf margir Reykvíkingar sæti á þinginu, kosnir

í hinum og þessum kjörd. úti um land. Að þessu hvorutveggja athuguðu, finst mér Reykvíkingar geta gert sig rólega, og þurfi ekki að vera að hamra á því, að það sé óhæfa að nema burt 7. gr.

Þar sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði að nefndin hefði gert verkfall, þá verð eg að vera honum ósamþykkur um það, og eins um hitt, að hennar aðalverkefni hafi verið að athuga 7. gr. Eg álít, að þau sýslufélög, sem hafa nú tvo þingmenn fyrir sig, sé fyllilega ánægð með það, án þess að eg fullyrði, að þau yrði óánægð þótt þeim yrði skift í tvö einmenningskjördæmi. Það myndi ekki gera neina spillingu, en eg get ekki séð, að í því felist nein réttarbót.

Háttv. 1. þm. N.-M. (B. H.), mintist á, að rétt væri að skifta frumv., eins og farið er fram á í nefndarálitinu. Eg er honum samdóma um það, því að vel gæti það átt sér stað, að einhverjir þingmenn yrði öðru málinu samþykkir og hinu mótfallnir. Það er þess vegna rétt hjá nefndinni að taka III. kaflann út úr og gera úr honum sérstakt frumv. En að því er snertir 7. gr., þá er það mín skoðun, að réttara sé að afgreiða hana ekki að þessu sinni. Það er ekki hægt að segja það með nokkrum rétti, að aðalverk nefndarinnar hafi verið að athuga hana. Það er mjög margt fleira, sem nefndin hafði að athuga, t. d. hafa engar reglur verið settar um landkosningarnar. Það er meðal annars eitt af því, sem liggur fyrir og verður að gerast.

Sveinn Björnsson: Eg saknaði þess án undantekningar hjá öllum þeim sem talað hafa um 7. gr., og þar á meðal hjá háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.), að þeir hafa ekki sagt eitt einasta orð til andmæla gegn minni aðalástæðu: að alþingi, sem samþykti að setja í stjórnarskrána ákvæði um jafnrétti til kosninga, skuli geta látið hjá líða að leiðrétta það misrétti, sem nú á sér stað í kjördæmaskiftingunni.

Háttv. framsögm. meiri hl. (E. A.) hélt því fram, að það hefði verið kjósendaræða, sem eg var að halda áðan. En aðalinntak ræðu hans var það, að kjósendur, og þá sérstaklega kjósendur í Árnessýslu, vildu ekki þessa breytingu. Nú kinka þeir saman kolli 1. og 2. þm. Árn. og svo leyfa þeir sér að brigsla mér um, að eg haldi mestar kjósendaræður. Eg hélt því fram, að af þessari ósk þjóðarinnar um að fá jafnrétti til kosninga til alþingis, hlyti að leiða, að það væri vilji þjóðarinnar að þetta jafnrétti ætti að komast á að fullu. Getur háttv. framsögum. meiri hl. haldið því fram, samkvæmt því »principi«, sem hér á að komast að, að maður austur á landi eigi að hafa sjö sinnum meiri rétt heldur en Reykvíkingur?

Þá sagði háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.), að það væri eðlilegt, að þjóðin væri ánægð með þá kjördæmaskipun, sem nú er, því að hún væri réttlát.

Það er ekki óeðlilegt, þótt þessi kjördæmaskipun hafi verið réttlát í fyrstu, þegar hún var sett, að hún sé orðin *rangát* nú, þar sem hún er 40 ára gömul. Síðan hafa verið miklir flutningar innanlands. Fólkið hefir fluzt til kaupstaðanna, og þess vegna er þessi bændamótstaða á móti nýrri kjördæmaskiftingu. Eða vilja menn ekki játa, að ástæðan sé einhver dulinn ótti fyrir því, að Reykjavík og kaupstaðirnir verði ofjarlar sveitanna?

Sú skoðun hefir komið fram hjá fleiri háttv. þm., að það sé nauðsynlegt hagsmunanna vegna, að sveitirnar hafi fleiri þingmenn en kaupstaðirnir. Það er eins og menn líti svo á, að hver einstakur þingmaður sé fulltrúi sinnar sýslu, og eigi að reyna að skara til hennar sem

mestu úr landssjóðnum. *(Einar Jónsson:* Hvað gerir Reykjavík?) Það er ekki hægt að núa Reykjavík því um nasir, að hún hafi verið of stórtæk á landssjóðinn. Hið eina, sem hægt er að benda á, að hún hafi fengið úr landssjóði á síðastliðnum 20 árum, er styrkurinn til hafnarinnar, sem allir viðurkenna, að sé eins mikið fyrir landið eins og fyrir Reykjavík. Eg vil mótmæla því, að hver þingmaður sé til þess að ná sem mestu fyrir sitt kjördæmi. Hver einstakur þingmaður á að vera fyrir *alt* landið, kosinn til þess að vera með í lagasmíðum, sem snerta heill *alls* landsins, án tillits til þess hvar hann býr. Og hann getur verið eins góður til þess, hvort sem hann býr í þessari sýslunni eða hinni, og hvort sem Pétur eða Páll hefir kosið hann.

Háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) sagði, að það væri ekki nóg að taka kortið og skifta landinu niður í kjördæmi eftir því, sem manni dytti í hug, heldur liggi meiri nákvæmni á bak við. En eg vil spyrja háttv. þm.: Eftir hverju á þá að skifta landinu niður í kjördæmi? Á ekki að skifta með hliðsjón af kortinu? Eða ætlar hann að ganga fyrir kjósendur og spyrja: »Hvort vilt þú vera í þessu kjördæmi eða þessu?« Eg held varla.

Þá sagði háttv. frams.m. ennfremur, að það hefði verið skylda mín að koma fram með breyt.till. við 7. gr. við 2. umr. Í fyrsta lagi vissi eg ekki, að nefndin ætlaði að taka svo djúpt í árinni, að fella greinina alveg burt. Eg vissi reyndar, að það var ágreiningur í nefndinni, en mig grunaði ekki að hún ætlaði að fella 7. gr. alveg burt. Í öðru lagi skal eg geta þess, að það leið ekki fullur dagur á milli 1. og 2. umr., svo að það er ekki hægt að lá einum þingmanni, þótt hann hafi ekki getað komið fram með breyt.till. á svo stuttum tíma, þegar nefndin öll gat ekki athugað frumv. sæmilega á 5 vikum. Mér þykir það ærið hart af frams.m. nefndarinnar, sem hefir legið á frumv. í 5 vikur, að koma fram og segja, að nú megi ekki koma fram með breyt.till., því að þá þyrfti að framlengja þingið.

Eg veit, að menn álíta, að hér sé um að ræða kappsmál af hendi Reykvíkinga. Eg er hissa á því að sjá skynsama menn standa hér upp og heyra þá halda þessu fram, en kannast þó við, að það sé sérstaklega Reykjavík, sem þetta misrétti kemur fram við. *(Sig. Sigurðsson:* Það eru 12 búsettir Reykvíkingar hér í deildinni). Eg býst við að þeir sé jafngóðir fulltrúar fyrir sín kjördæmi fyrir því. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er Reykvíkingur, og eg hefi ekki orðið var við, að hann hafi gleymt Flóanum.

Það verður með engu móti komist fram hjá því, að jafnrétti til kosninga næst ekki fyrr en kjósendum er skift þannig niður í kjördæmin, að hér um bil jafnmargir kjósendur kjósi hvern þingmann.

Ráðherra (S. E.): Það er ekki meining mín að fara í stríðið hér í deildinni, en af því að hér er um stórt mál að ræða, þyki mér rétt að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Eg held í raun og veru að kjördæmaskipunin sé ekki eins auðvelt mál og sumir virðast ganga út frá. Auðvelt teldi eg málið, ef hægt væri með réttu að sýna fram á, að kjördæmunum eigi eingöngu að skifta eftir einu ákveðnu »principi«, eins og t. d. höfðatölunni. Í því frumv., sem hér liggur fyrir er því »principi« engan veginn haldið, og framsögum. minni hl. (M. Kr.) hefir lýst því yfir, að til fleira ætti að taka tillit en til höfðatölunnar. En þegar vikið er frá höfða-»principinu«, þá verður vand-

inn meiri á því, að vega þær ýmsu ástæður, sem til greina geta komið hver á móti annarri.

Sú kjördæmaskipun, sem við eigum nú við að búa, er búin að standa lengi. Óánægjan með hana stafar aðallega frá Reykjavík, og má ef til vill segja að það sé vonlegt, því að hún er langfjölmennust, en hefir að eins tvo þingm. En því er hins vegar ómögulegt að neita, að þegar á alt er litið, þá verður Reykjavík ekki eins illa úti og í fljótu bragði sýnist. Hér eru margir þingmenn búsettir, og þeim verður það ósjálfrátt, að gæta hagsmuna Reykjavíkur. Því hverjum þykir sinn fugl fagur, og Reykjavík er nú orðin þeirra fugl. Í öðru lagi er þingið háð á þessum stað, svo að kjósendur hafa mörg og góð tækifæri til að kynna þinginu sinn vilja, og á þetta legg eg ekki litla áherzlu, enda sýnir reynsla, að Reykjavík hefir ekki orðið illa úti, þó að eins hafi haft tvo þingmenn. Hins vegar er eg ekki í neinum vafa um það, að afskektu héruðin, ef að eins fengi þingmenn eftir höfðatölu, myndi verða fyrir mjög miklu ranglæti. Jafnvel eins og kjördæmaskipuninni er nú fyrir komið veitir þeim fullerfitt að koma réttmætum kröfum sínum fram. Og þessi ástæða verður ekki hrakin með því að segja, að heill landsins vegi meira en hreppapólitík héraðanna, því að bæði er nú það, að heill landshlutanna er heill landsins og svo hitt, að engin ástæða er til að ætla, að almennum málum landsins sé verr komið í höndum þingmanna eftir núverandi kjördæmaskipun, en þó kjördæmi væri ákveðin eftir höfðatölu.

Nú er kjördæmaskipuninni þannig hagað, að hún er bundin við sýslutakmörk, en innan hverrar sýslu eiga menn á ótal sviðum ýmsa sameiginlega hagsmuni, og hefir mönnum þótt fara vel á þessu. Og óánægjan yfir kjördæmaskipuninni kemur sannarlega ekki utan úr sveitunum. Að eins aðallega úr einu kjördæmi, eins og tekið hefir verið fram.

Eg mun greiða atkvæði með því, að fella burtu 7. gr., og eg geri það með góðri samvizku og tek fram um leið, að það er fjarri því, að eg telji að kjördæmaskipun, eftir höfðatölunni einni, sé réttlát, þvert á móti. Slík kjördæmskipun væri ranglæti gegn afskektu stöðunum, enda hefir fyrrverandi stjórn ekki treyst sér að byggja á höfðatölunni einni. En því þá að breyta, meðan kröfurnar koma að eins úr einni átt og þjóðin er ekki búin að átta sig á, hvert og hvernig hún vill breyta?

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Háttv. 1. þm. Rvk (Sv. B.) byrjaði ræðu sína á því, að það væri eg, sem hefði haldið kjósandaræðu, en ekki hann. Hann hafði einmitt skírskotað til óska þjóðarinnar, en eg sýndi hvernig þeim óskum hefði verið farið. Þótt eg hafi á þessa vísu haldið kjósandaræðu, þá má þm. ekki hneyxlast á því, þótt eg svari honum í sama tón sem hann ávarpaði mig. Annars er hv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) dauður og »nil de mortuis nisi bene« (um dauðan skal lof eitt ljóða).

Sami háttv. þm. (Sv. B.) sagði, að ræða mín hefði ekkert snert hann. Þá er kynlegt af honum að verja hálfri klukkustundu til að reyna að hrekja hana.

Háttv. þm. (Sv. B.) mintist á, að hér væri um réttlætiskröfu að ræða, en mér vitanlega hefir breytingar á kjördæmaskipun ekki verið óskað nema af Reykvíkingum, þá sýnist mér, að enn megi sætta sig við gamla fyrirkomulagið. Kjósendur utan Reykjavíkur finna áreið-

anlega ekki mikið til þessa ranglætis, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) talar svo mikið um.

Sami háttv. þm. hélt því fram, að þingmenn væri ekki fulltrúar kjördæmanna, heldur landsins. Ef svo er, þá ætti engi ástæða að vera til þess að auka nýjum þingmönnum við í neinu kjördæmi eða breyta kjördæmaskipun landsins á nokkurn hátt.

Eg ætla mér ekki að fara út í það, hvort Reykjavík hefir borið mikið eða lítið úr býtum úr landssjóði. Eg ann Reykjavík þess vel, sem hún hefir fengið, og þótt eg efist ekki um, að hún hefir ekki fengið fé öðru vísi en réttlátlega, verður því þó tæplega neitað, að hún ber óbeinlínis meira úr býtum en hver ein sýsla á landinu. Langflestir embættismenn eiga t. d. heima í Reykjavík og eyða þar launum sínum og greiða þar skatta sína og skyldur. Og kemur það Reykjavík að góðu.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) taldi í fyrstu ræðu sinni, að höfðatalan væri þó ekki fullkomlega einhlítur eða réttlátur mælikvarði. Í síðari ræðu sinni var hann kominn á þá skoðun, að höfðatalan væri réttur mælikvarði. Eg skil, að hann hefir talað svo, af því að honum er áhugamál, að Reykjavík fái sem flesta fulltrúa, og að hann mundi ekki hafa talað svo mikið, ef hann hefði verið fulltrúi annars kjördæmis.

Sannleikurinn er sá, eins og margsinnis hefir verið fram tekið, að kjördæmi utan Reykjavíkur, þau er nú eru, eru allskostar ánægð með núverandi skipulag. Reykjavík ein er óánægð, og hún ber auðvitað skarðan hlut, miðað við fólksfjölda. Það má segja, að það sé pólitiskur réttur hvers manns, að ráða jafnmiklu og aðrir um stjórnarstefnu í landinu. Og frá því sjónarmiði á að verja kröfur Reykjavíkur í þessa átt, en alls eigi með því, að hagsmunir bæjarins heimti fjölgun fulltrúa fyrir bæinn á þing. Reynslan hefir sýnt, að sú þörf réttlætir varla kröfuna.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) töldu það samkvæmt anda stjórnarskrárinnar, að þingmenn væri kosnir í einmenningskjördæmum. Eg verð að endurtaka þá skýring mína á 2. málsgr. 8. gr., orðunum »sérstökum kjördæmum«, að þau feli alls ekki í sér annað en smærri kjördæmi, gagnstætt því stóra kjördæmi, o: öllu landinu, sem hinir landskjörnu þingmenn eiga í að kjósast.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði að ekki væri að búast við skýlausum yfirlýsingum um kjördæmaskifting frá þeim kjördæmum, sem hafa fleiri fulltrúa, en þeim ber að réttu. Þetta er rétt. En þess ber að gæta, að það eru fleiri kjördæmi en Reykjavík, sem rétt hafa til fleiri en tveggja fulltrúa miðað við höfðatölu, og hafa þau þó ekki gert neinar kröfur til nýrrar kjördæmaskiftingar. T. d. bæri Árnessýslu, sem hefir fulla 6000 íbúa, 2 þingmenn og brot úr hinum þriðja, en þó hafa þar engar kröfur komið fram um nýja kjördæmaskipun, og eg sé nú, að þeim hefir verið andmælt þar á þingmálafundi. Snæfellsness- og Hnappadalssýslur hafa aðeins 1 þingmann, og er það of lítið að miða tölu, því að íbúar eru þar 4000. Þó eru þaðan eindregin andmæli gegn breytingum á kjördæmaskipuninni. Þeim Snæfellingum þykir sér enginn greiði gerður með því að Skógarströndin sé limuð frá þeim og lögð til Dalakjördæmis, og að Hnappadalssýsla sé lögð til Mýrakjördæmis. Hagur sýslufélagsins er engu bættur með því.

Og líku máli er að gegna um allmargar þær breytingar, sem farið er fram á í 7. gr. stjórnarfrv.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) komst svo

skáldlega að orði, að nefndin hafi beinlínis gert verkfall, með því að hún, eða meiri hluti hennar leggur til, að fella 7. gr. frv. Nefndin hafi eigi gert það, sem hún átti að gera, að karra 7. gr. frumv. o. s. frv.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hefir réttilega tekið það fram, að nefndin mundi alveg hafa haft nóg að starfa, þótt ekki hefði hún haft þessa 7. gr. til meðferðar.

Annars gæti háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) með alveg sama rétti sagt það um hverja aðra nefnd, sem leggur til, að frumvarp sé felt en eigi samþykt, að hún geri verkfall, hún geri ekki það sem henni hefir verið ætlað að gera. En þm. veit þó víst, að nefnd getur kostað eins mikið eða meira starf að komast að þeirri niðurstöðu, að mál skuli eigi ganga fram, og að hinni, að það skuli ganga fram. Og hitt er eigi síður sjálfsagt, að nefndir eiga að leggja til, að mál sé feld, ef þær telja óheppilegt, að þau gangi fram, enda þótt háttv. þm. aldrei nema kalli það »verkfall«.

Menn hafa sagt, að það drægi úr gagni eða ógagni því, sem leiðir af rýmkun kosningarréttarins, að fella burt 7. gr. Eg býst við, að skiftar skoðanir sé um það, og þykir mér líklegt, að sú rýmkun komi tiltölulega nokkurn veginn jafnt niður á öllum kjördæmum.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mintist á breyt.till. við 77. gr. frv.; hún fer ekki fram á annað, en að leysa þann varaþingmann, er náð hefir kosningu í sérstöku kjördæmi, undan því, að sitja í sæti landkjörins aðalmanns. Það virðist hart að neyða manninn til að taka við sætinu, ef hann vill það eigi. Annars má vera, að réttara sé að halda ákvæðum stj.frumv. að þessu leyti, af því að kosning eins einasta landsþingmanns hefir ofmikið umstang og kostnað í för með sér. Þetta atriði mun nefndin taka til nánari íhugunar til 3. umræðu.

Út af athugasemdum háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) um 41. og 44. gr. frv., þá er þar til að svara, að þær eru teknar upp úr gömlu kosningalögunum frá 1903. Annars eru fyrirmæli þessara greina ekki vandskilin. Hver kjörstjórn á að hafa *sérstakt* innsigli. Það mun hafa komið fyrir, að kjörstjórnir hafa notað »privat«-innsigli. Það er alls ekki formlega rétt, þótt ekki hafi komið til tals að ónýta kosningar fyrir því.

Benedikt Sveinsson: Nefndin hefir hlotið ákúrur að ósekju fyrir langan drátt á málinu. Þessum ákúrum mótmæli eg eindregið. Nefndin hefir tekið málið til rækilegrar íhugunar, haldið fjölda funda og unnið kappsamlega. En það er eðlilegt, að nefndin hafi haft frumv. lengi til meðferðar, því að það er eitt hið lengsta og fyrirferðarmesta málið, sem nú liggur fyrir þinginu.

Nefndin þurfti í mörg horn að líta, þurfti að bera saman og athuga öll ákvæði eldri kosningalaganna og annarra laga við frumvarpið. Það varð og nefndinni til mikillar tafar, að skrifari nefndarinnar fór af landi burt og tók við ráðherradómi, en nýr skrifari var kosinn, maður, sem ekki var í nefndinni áður, og varð hann að kynna sér málið frá rótum að nýju. Þessu máli lá og ekkert á á undan stjórnarskrárfrumvarpinu, en þótt það frumv. sé nú margrætt og athugað, er samt enn ekkert farið að bóla á nefndaráliti um það mál.

Norðurálfustyrjöldin hefir og truflað hugi manna og tafið fyrir, hér sem í öðrum málum.

Tilhæfulaust er það hjá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að segja, að 7. gr. hafi

þegar verið varpað fyrir borð íhugunar- og umsvifalaust. Grein sú var þegar í upphafi rækilega íhuguð í nefndinni.

Um afstöðu mína til frumvarpsins sjálfs, get eg vísað til ummæla minna við 1. umr.

Framsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Hæstv. ráðherra (S. E.) vitnaði til orða minna, að eg hefði sagt, að við kjördæmaskipun ætti að taka hæfilegt tillit til fólksfjölda og staðhátta. Þetta er rétt haft eftir. En jafnframt tók hann það fram, að ekki væri hægt að finna neina frumreglu fyrir kjördæmaskipun. Mér finst, að með 7. gr. frumv. sé fundin sú frumregla, er vel megi við una.

Út af þessu vil eg leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvort hann telji ekki heppilega kjördæmaskipun þá, sem bygð er á grundvelli þeim, er felst í frumv.?

Annars álít eg ekki heppilegt, að ráðherra fari að blanda sér mikið í þetta mál; eg hefði helzt búist við, að honum, stöðu sinnar vegna, væri öðrum fremur umhugað um það, að hver borgari þjóðfélagsins fengi notað til fulls kosningarrétt sinn.

Nú er svo komið, að kjördæmi með 1700 kjósendum hefir jafna fulltrúatölu, sem annað kjördæmi með 200 kjósendum. Allir hljóta að sjá, að þetta er hið mesta misrétti, og því verður ekki neitað, að frumv. bætir mikið úr því.

Ráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hefir ráðlagt mér, stöðu minnar vegna, að blanda mér sem minst í málið. Því þá það? Því skyldi eg leggja slæðu yfir skoðanir mínar, þó eg sitji nú í ráðherrastólnum.

Annars kemur okkur háttv. þm. Ak. (M. Kr.) saman um það, að höfðatalan ein sé ekki réttur grundvöllur. En úr því að horfið er frá þeim grundvelli, þá fer grundvöllurinn að verða nokkuð vafasamur. Og þá kemur sú spurning fram: Úr því að vér höfum svo lengi unað við þá kjördæmaskipun, sem nú er, og óánægja yfir henni kemur svo að segja að eins fram úr einni átt — er þá rétt að vera að breyta — að minsta kosti tel eg skylt áður en það er gert, að leggja málið rækilega undir kjósendur og yfirvega ráð sitt vel.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 372 talin samþykt án atkv.gr.

2. brt. á þgskj. 372 samþykt með 16 : 1 atkv.

3. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkv.gr.

1.—6. gr. frumv. með 23 samhlj. atkv.

4. brt. á þgskj. 372 (úrfelling 7. gr.) samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Hannes Hafstein
Benedikt Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	Magnús Kristjánss.
Björn Hallsson	Pétur Jónsson
Björn Kristjánsson	Stefán Stefánsson
Einar Arnórsson	Sveinn Björnsson
Einar Jónsson	
Guðmundur Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarss.	
Sigurður Sigurðss.	
Skúli Thoroddsen	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson	

Einn þingmaður fjarstaddur.

5. brt. á þgskj. 372 samþ. með 17 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

6.—9. brt. á þgskj. 372 samþykt án atkvgr.

10.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

10. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

19.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

11. brt. á þgskj. 372 samþykt án atkvgr.

12. brt. á þgskj. 372 samþykt með 18 shlj. atkv.

21.—27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

13.—19. brt. á þgskj. 372 samþykt án atkvgr.

28.—46. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

47.—53. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

54.—58. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

20. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

59.—61. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

21.—22. brt. á þgskj. 372 samþ. með 12 shlj. atkv.

62.—63. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

23.—25. brt. á þgskj. 372 samþykt án atkvgr.

64.—66. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

26.—32. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

67.—69. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

33. brt. brt. á þgskj. 372 tekin aftur.

34. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

70.—79. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

35. brt. á þgskj. 372 samþ. með 16 shlj. atkv.

36.—39. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

40. brt. á þgskj. 372 samþ. með 16 shlj. atkv.

89.—96. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

41. brt. á þgskj. 372 samþ. án atkvgr.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

A 39. fundi, mánudaginn 10. ágúst, var frumv. tekið til 3. u m r. (A. bls. 6, þskj. 434, 435, 444, 446, 448, 449, 450, 451).

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg ætla að segja nokkur orð um breyt.till. þær, er fram hafa komið síðan málið var til 2. umr. Skal eg taka tillögurnar í þeirri röð, er þgskj. benda til. Breyt.till. eru dálítið flóknar sumar, og því ekki víst, að allir deildarmenn hafi áttað sig á þeim til fulls.

Um brtill. á þgskj. 448 þarf eg ekki að fjölyrða. Það er sjálfsögð breyting, og er ekkert annað en afleiðing af fyrri atkvæðagreiðslu.

Þá er brtill. við brtill. frá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. Bj.), á þgskj. 444 og 434. Það eru aðaltillaga og varatillaga, og skilst mér, að till. á þgskj, 434 sé þrautavaratillaga.

Í sambandi við þessar brtill. stendur brtill. á þgskj. 449, sem er orðabreyting við brtill. háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). Ef hans tillaga verður samþykt, þá ætlast hann til þess, að hún komi inn í frumv. eins og það var samþykt við 2. umr. og verði ný 7. gr. En eg legg það til — vegna þess, að hér þarf að hafa hraðann á og flýta prentun sem mest — að hún komi aftan við frumv., við »Ákvæði um stundarsakir«. Annars verður að umturna frumv., sem þegar verður prentað upp, af því að ný grein bætist inn í það, og tekur það bæði mikinn tíma og fyrirhöfn.

Þá er viðaukatill. á þgskj. 451, sem á að vera aðaltillagan af öllum þessum breyt.till. Hana á að bera fyrst upp, og verði hún samþykt, þá eru hinar sjálffallnar. Eins og kom fram við síðustu umræðu þessa máls, vóru margir óánægðir með það, að 7. gr. var feld í burtu. Einkum vóru það Reykvíkingar, sem þótti það ósanngjarnt, að fá ekki fleiri en 2 þingmenn. Og ef miðað

er við mannfjölda hér, þá eiga þeir óneitanlega heimting á fleirum. Verði nú breyt.till. á þgskj. 451 samþykt, þá hygg eg, að vér losnum fyrst um sinn við öll óp út af ranglátri kjördæmaskiftingu, því að ekkert kjördæmi missir sinn þingmann, þótt tveim sé bætt við í Reykjavík. Því hefir verið skotið að mér, hvort það bryti ekki bága við stjórnarskrána að fjölga þingm. En svo er ekki. Það er bæði heimilað að breyta tölu þingm. og tölu manna í hvorri deild alþingis með sérstökum lögum í 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar, og eins er tilætlast að verði eftir nýju stjórnarskránni. En auðvitað ber að dæma þetta eftir eldri stjórnarskránni, því að svo er tilætlast, að kosningalögin fái gildi um leið og nýja stjórnarskráin. Eg skal geta þess, að kosningalaganefndin hefir ekki í heild sinni tekið afstöðu til þessarar viðaukatillögu minnar.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) á þgskj. 434, skal eg taka það fram, að kosningalaganefndin, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, mun vera því mótfallinn, að farið verði að krukka þannig í eitt einstakt kjördæmi í landinu. Enda er það dálítið hæpið, og líklega ekki til annars en að skapa nýja óánægju, þó að hægt væri að friða Reykjavík með því um stundarsakir og kannske ekki til fulls.

Ef tillaga háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) á þgskj. 434 og 444 eru eru bornar saman við tillögu mína á þgskj. 449, þá er efnismunurinn sá, að í mína till. er tekið upp sams konar ákvæði og var í stjórnarfrumv., að ætlast er til, að Reykjavík verði skift sundur í kjördæmi. Í tillögu háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) er ekki vikið að þessu, heldur er ætlast til, að þingmennirnir verði allir kosnir í sama kjördæminu. Að öðru leyti er tillaga mín engin veruleg efnisbreyting frá tillögu hans.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir borið fram breyt.till. á þgskj. 452. Hann vill láta falla burtu ákvæðið um það, að kjördæmaskipun Reykjavíkur skuli vera endurskoðuð. Eg veit ekki hvað hann hefir fyrir sér í þessu. Mér finst það ekki nema sanngjarnt, ef bænum verður skift í kjördæmi, að þá megi endurskoða þau við og við, því að eins og allir vita, er íbúatalan í hlutum bæjarins mjög reikul, sérstaklega fyrir það, að bæjarhlutarnir vaxa svo misjafnt. Annars er þetta ekkert aðalatriði.

Þá hefir komið fram breyt.till. við 20. gr. frumv. frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Hún er á þgskj. 446. Með þeirri tillögu er farið fram á, að ef ekki næst til prentsmiðju með hægu móti, þá megi vélrita nöfnin á seðlana, undir umsjón yfirkjörstjórnar. Það getur náttúrlega verið miklum annmörkum bundið í sumum kjördæmum, að ná til prentsmiðju, einkum að vetrinum til, en eg veit ekki, hvort það getur talist að vera í samræmi við lögin, að veita slíka undanþágu. Eg hygg, að það sé varasamt, að eiga það undir kjörstjórunum, að vélrita nöfnin á seðlana. Það mætti klessa þá og gera þá þannig þekkjanlega. Auk þess er hætt við, að seðlarnir yrði ónýttir við kosninguna, t. d. fyrir það, að þeir hefði gegnumgatast við vélritunina. Eg hygg þess vegna, að það sé hæpið að samþykkja þessa tillögu.

Þá er enn ein breyt.till. á þgskj. 450. Eg er að vísu skráður sem flutningsmaður, en öll nefndin eða mikill meiri hluti hennar hefir fallist á, að hentugra væri að hafa kjördaginn til landskosninganna ekki 1. ágúst, eins og farið var fram á frumv., heldur 1. júlí eða

næsta virkan dag þar á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag. 1. ágúst er um hásláttinn, en 1. júlí er rétt fyrir sláttarbyrjun, og á þá allur almenningur miklu hægara með að sækja kjörfund. Af því helgast þessi breyt.tillaga.

Sveinn Björnsson: Eg geri ráð fyrir, að hafi nokkurn tíma verið ástæða til að ruglast í atkvæðagreiðslu, þá sé ástæða til þess nú, þar sem eru brtill. okkar háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), því að eg hefi ekki heyrt getið um neinn, sem sé ráðinn í því, að greiða atkvæði á móti þeim öllum.

Það gleður mig, að fleiri en eg og þeir aðrir, sem töluðu um daginn í líka átt og minni hluti kosningalaganefndarinnar, hafa fundið til þess misréttis, sem kjördæmi mitt er beitt, að því er snertir kjördæmaskipunina. Þó vil eg taka það fram út af því sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, þar sem hann hélt því fram, að ef breyt.till. hans á þgskj. 451 yrði samþykt, þá þyrfti ekki að hrófla við kjördæmaskipuninni í bráðri framtíð, að eg get tæplega verið sömu skoðunar. Eg segi fyrir mig, að eg tel heppilegt, að þessi tillaga verði samþykt, þegar eg hugsa til míns kjördæmis, en hins vegar hefi eg ekki breytt þeirri skoðun minni, að ef vel á að vera, þá þurfi meiri jöfnuður að komast á að því er snertir kjördæmin, en nú á sér stað. Að öðru leyti get eg fallist á brtill. á þgskj. 451, og tel hana rétta og sanngjarna eins og málið horfir nú við.

Ef þessi breyt.till. verður samþykt, þá verður í Reykjavík einn þingmaður fyrir hverja 560—570 kjósendur, en þó er jöfnuðurinn ekki meiri en það, að til eru tvímenningskjördæmi, og það fleiri en eitt, sem hafa færri kjósendur. Þegar litið er til þessa, þá get eg ekki trúað, að nokkur háttv. þingm. greiði atkvæði á móti þessari tillögu. *(Jóhann Eyjólfsson:* Hér eru 14 Reykvíkingar á þingmannabekkjunum). Það er þá eingöngu af því, að kjördæmin út um landið treysta Reykvíkingunum betur en sínum mönnum. Þegar þingmenn eru sóttir út fyrir kjördæmið, er það ekki gert að ástæðulausu. Sem sagt, eg felst á till. á þgskj. 451 og vænti þess, að hún verði samþykt. En fari nú svo ólíklega, sð hún verði feld, þá er komið að aðaltillögu minni á þgskj. 444. Við hana og sömuleiðis við aukatill. mína á þgskj. 434 hefir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) borið fram brtill. á þgskj. 449. Get eg fyrir mitt leyti fallist á hana, og nái hún atkvæði, þá tek eg allar mínar tillögur aftur, bæði aðaltill. á þgskj. 444 og aukatill. á þgskj. 434 og varatill. við viðaukatillöguna á sama þgskj. Fer þá málið að skýrast.

Eg vona að háttv. deildarmenn finni svo sárt til þess ójafnaðar, sem Reykvíkingar eru beittir í þessu efni, að þeir greiði hiklaust atkvæði með tillögunni á þgskj. 451. Er sízt að segja, að með því sé oflangt farið, því að jafnvel þótt sú tillaga næði fram að ganga, fengi Reykjavíkurkjördæmi færri fulltrúa að tiltölu við kjósendafjölda en flest ef ekki öll kjördæmi landsins.

En ef þessi tillaga verður feld, en önnur hvor tillagan á þgskj. 434 eða 444 verður samþykt, hvort sem það nú verður með þeirri breytingu, sem farið er fram á á þgskj. 449, eða ekki, þá verða þingmenn Reykvíkinga að eins þrír, og til þess að þingmönnum fjölgi ekki fyrir það, er farið fram á í aðaltillögunni, að einu tvímenningskjördæmi Norður-Múlasýslu og einu einmenningskjördæmi, Seyðisfirði, verði slengt saman og gert að einu tvímenningskjördæmi. En þetta eru langminstu kjördæmin, sem til eru í landinu.

Þó að þetta væri gert, verða að eins 3 tvímennings kjördæmi í landinu fá-

mennari, eitt með 666 kjósendum og hin tvö með 623 og 625 kjósendum, en 5 tvímenningskjördæmi verða fjölmennari. Hér er því ekki farið fram á mikið ranglæti. Sama gildir í raun og veru um aukatill. á þgskj. 434, en til þess að gera málið einfaldara skal eg taka hana aftur, ásamt varatill. við hana, sem á sama þgskj. er prentuð. Þá geri eg um leið ráð fyrir, að háttv. 2. þm. Arn. (E. A.) taki aftur 2. lið brt. sinnar á þgskj. 449, og yrði þá málið einfalt, ef ekki þyrfti að greiða atkvæði um annað, en brt. á þgskj. 451 og 1. lið brtl. á þgskj. 449.

Eg endurtek það, að eg geri mér góðar vonir um, að brt. á þgskj. 451 verði samþ., því að jafnvel þótt háttv. frsm. (E. A.) segðist ekki vera viss um, að allir í nefndinni væri henni fylgjandi, þá veit eg um ýmsa nefndarmennina, að þeir hafa frá upphafi verið breytingunni fylgjandi í hjarta sínu. Eg hygg, að það komi fram við atkvæðagreiðsluna, að deildin leggi mikið upp úr áliti nefndarinnar, einnig í þessu atriði.

Sigurður Sigurðsson: Mig stórfurðaði, satt að segja, þegar eg sá brt. þær, sem háttv. samþ.m. minn (E. A.) og háttv. 1. þm. Rvk (Sv. B.) hafa komið fram með. En þó að mér þætti allar till. furðulegar, þá undraðist eg þó mest brt. á þgskj. 451, því að hún fer langlengst, og tekur, eins og menn segja, algerlega steininn úr götunni. *(Sveinn Björnsson:* Má það ekki, hver á að detta um hann?). Eg hélt í fyrradag, þegar 7. gr. frumv. var feld, að þá væri hnúturinn algerlega leystur og að ekki yrði meira átt við það, að svo komnu, að rugla kjördæmaskipuninni.

En svo kemur háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B). fyrstur fram með brt. sína á þgskj. 434, og skildi eg vel, að frá hans sjónarmiði séð, væri erfitt að sætta sig við það, sem orðið var, og að hann kysi að reyna að koma vilja sínum fram í einhverri mynd. *(Sveinn Björnsson:* Þessi till. er tekin aftur). Hún hafði ekki verið tekin aftur í gær, þegar hún kom fram. Annars væri réttast fyrir hlutaðeiganda, að taka allar þessar till. aftur, svo að deildarmenn þurfi ekki að gera sér það ómak að fella þær. Það hefði verið einhver meining í því að ganga inn á, að Rvík hefði 3 þingmenn og að jafnframt væri lagt niður eitt kaupstaðar kjördæmið, t. d. Seyðisfjörður. En hitt er fráleitt að ætlast til, að þingmönnum verði fjölgað, til þess að verða að fullu við kröfum Reykvíkinga.

Eg þarf ekki að taka það upp, sem hér hefir verið margsagt, sýnt og sannað, að Reykjavík liður á engan hátt við það, þó að hún hafi ekki nema þessa 2 þingmenn sína. Málum Reykvíkinga hefir jafnan verið vel tekið hér í þinginu, að minsta kosti hefir málum þeirra að þessu sinni verið hrundið á leið með góðu geði af þinginu í heild sinni, og svo mun reynast framvegis. Ekkert kjördæmi landsins hefir borið annað eins úr býtum hjá þinginu og Reykjavík. Á eg þar sérstaklega við fjárveitinguna til hafnargerðarinnar. Það nær því engri átt að halda því fram, að Reykjavík beri skarðan hlut frá borði þingsins. Eg má segja, að eg greip fram í fyrir háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) í gær, og benti honum á, að hér í deildinni sæti 14 þingmenn, sem búsettir væri í Rvík. Þó að allir þessir menn gæti að sjálfsögðu hagsmuna sinna kjördæma, svo sem vera ber, þá er því nú svo varið um þá, sem orðnir eru mosavaxnir Reykvíkingar, að þeim rennur blóðið til skyldunnar, og styðja því mál bæjarins fremur en hitt. Því fer fjarri að

Reykjavík verði illa úti hjá þinginu og þessi krafa er því á litlum rökum bygð.

Auk þess er það rétt, sem háttv. samþ.m. minn (E. A.) tók fram hér í deildinni fyrir skömmu, að Reykjavík nýtur bæði beint og óbeint ýmiskonar hagsmuna fram yfir aðra hluta landsins. Hér sitja embættismennirnir, hér eru skólarnir o. s. frv., o. s. frv. Af þessu leiðir, að Reykjavík nýtur meiri hagnaðar af landssjóðs hálfu en nokkurt annað kjördæmi landsins. En út í þetta skal eg ekki fara frekar að þessu sinni.

Um það, að fjölga þingmönnum, er ekki annað að segja en það, að það er hin mesta fjarstæða, sem ekki hefir við neitt annað að styðjast en þetta eitt, að fullnægja kröfum Reykvíkinga, án alls tillits til þess, hvort þær eru sanngjarnar eða ekki. Eg get ekki séð, að þingið ykist mikið að viti eða þekkingu þó að tveimur mönnum væri bætt við það. Það er reyndar sagt, að munur sé að mannsliðinu, og að betra sé að veifa röngu tré en engu, en í þessu falli get eg ekki tekið það með í reikninginn.

Eg held að þessi till. sé fram komin, meðfram af þeirri ríku tilhneigingu, sem ýmsir menn hafa — og háttv. samþ.m. minn (E. A.) er ekki frí við heldur — til þess að skapa stöður og bitlinga. *(Bjarni Jónsson:* Þetta má bíða þingmálafundanna). Eg vona að eg segi ekkert ljótt með því, þó að eg taki það fram, sem er á allra vitorði, að þessi tilhneiging, sem eg nefndi, er einkum ríkjandi og rótgrónust hjá Reykvíkingum.

Að svo mæltu vil eg leggja það til, að allar brt. verði feldar, eins og þær leggja sig. Það á bezt við, eins og málið liggur fyrir, og er samkvæmt þeirri atkvæðagreiðslu, sem fram fór hér í deildinni í fyrradag, þegar 7. gr. frumv. var feld. Úr því að svo fór þá, á það ekki við að vera að rugla í kjördæmaskipuninni að svo komnu, að minsta kosti ekki á þessu þingi.

Jóhann Eyjólfsson: Þessi breytingartillaga á þgskj. 451, um að tvöfalda þingmannatölu Reykvíkinga, er að öllu óþörf, án þess þó að maður vilji, að þeir hafi nokkuð skerðan rétt við kosningar, í samanburði við aðra. Það er nú svo og hefir verið svo síðan eg man eftir, og verður líklega svo í náinni framtíð, að þriðji partur og það alt upp í helming af þeim mönnum, sem sitja og setið hafa á þingi, eru reykvískir borgarar. Og að segja og halda því fram, að slíkt hafi enga þýðingu vegna réttar og vegna áhugamála Reykjavíkurbæjar, er nokkuð einkennileg sögn, og naumast frambjóðanleg á alþingi.

Það er áreiðanlegt, að allir þeir þingmenn, sem eru búsettir í Reykjavík, fyrir hvaða kjördæmi sem þeir eru þingmenn, hafa mikinn áhuga, mikið meiri áhuga en aðrir þingmenn, fyrir réttarspursmálum og áhugamálum Rvíkur bæjar, þ. e. a. s., ef það eru menn, en ekki guðir, menn, með eðlilegum og mannlegum eiginleikum.

Það er þrent, sem myndar þær kringumstæður, að þetta kjördæmi hefir mikið betri afstöðu, og fær því óbeinlínis meiri pólitískan rétt en nokkurt annað kjördæmi landsins.

Í *fyrsta lagi* er það, sem eg mintist á áður, að hér á þingbekkjunum sitja, og hafa altaf setið svo margir reykvískir borgarar.

Í *öðru lagi*, að hér í þessu kjördæmi er þingið haldið. Það er því ólíkt hægra fyrir kjósendur hér heldur en fyrir kjósendur út um land að hafa áhrif á þingmenn og á málameðferðina í þinginu. *(Einar Arnórsson:* Hefir háttv. þingm. Mýrasýslu (J. E.) orðið var við, að það sé agiterað í þm., eða þekkir hann þau

áhrif?). Eg veit til, að það hefir verið agiterað í háttv. 2. þm. Árn.

Í *þriðja lagi* er það ástæða, að þetta kjördæmi er höfuðstaður landsins, og allir höfum vér meiri sameiginlegan meðhug og samhug með höfuðstað vorum heldur en öðrum hlutum landsins. Eg býst við að vér mundum flestir vilja fremur hlynna að einhverjum framfara og menningarfyrirtækjum hér, heldur en ef um samskonar atriði væri að ræða annaðhvort vestur á Hornströndum eða austur í Öræfum.

Mér kom það nokkuð á óvart, að frams.m. meirihl., háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skyldi koma fram með þessa brt. nú á 11. stundu. Á öllum þeim fundum, sem nefndin hefir setið saman í sumar, hefir hann aldrei hreyft þessu atriði, heldur viljað, eins og vér hinir, sleppa alveg 7. greininni. Það lítur út fyrir að hann hafi viljað njóta einn heiðursins og þakklætisins fyrir að rétta að Reykvíkingum þennan glaðning, nema ef svo væri, að bæjarmenn hefði agiterað daglega í honum til að framfylgja þessu máli.

Nokkrir menn hafa haldið því fast fram, og sérstaklega barst hávær rödd hér um salinn við 2. umr. frá háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) um, að enginn annar mælikvarði væri réttari en sá, að skifta kjördæmunum niður eftir manntali, og þá ætti Reykjavík að hafa líklega 5 þingmenn.

En það er áreiðanlegt, að ef héruðin og einstaklingarnir í héruðunum ætti að hafa fullkominn og eðlilegan kosningarrétt, þá er það víst, að það verður að líta á fleira en á þessa einu hlið.

Við 1. umr. málsins sýndi eg fram á (og það hafa margir tekið í sama strenginn síðan) hve mikið það væri, sem mælti með því, og hve eðlilegt það væri, að kjördæmaskipunin væri bundin sömu takmörkum og sýsluskipunin, vegna þess, hve sýslufélögin hafa innbyrðis margt og mikið sameiginlegt og margra sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Eg veit ekki betur, en að allir þeir menn sé óánægðir með kjördæmabreytingartill. stjórnarinnar, þar sem einhver sú breyting á að verða, er geri það, að hreppur, eða partur úr einu kjördæmi, er tekinn og lagður til annars kjördæmis, eg held helzt hér um bil jafnt, hvort heldur kjördæmin eru rýrð eða aukin með slíkri breytingu. En þar sem þessum merkjum er ekkert raskað, þá kemur úr þeim hornum engin óánægja.

En sérstaklega eru allir þeir hlutaðeigendur náttúrlega ánægðir, þar sem engin breyting er gerð á kjördæmaskipuninni, en aðeins gert ráð fyrir, að þingmönnum fjölgi, eins og á sér hér stað, þegar um Reykjavík er að ræða. En hvað mundu hinir háttv. Reykvíkingar, eða þingmenn Reykvíkinga, segja um það, að kosningaréttur þeirra yrði aukinn með því, að nokkur hópur af þeim fengi að kjósa með Vestmannaeyingum og annar hópur með Seyðfirðingum, því að það stefndi þá að því marki, að jafna kjósendunum niður í kjördæmi, og slíkt væri ekkert óeðlilegra eða ranglátara en það, að taka part af Ísafjarðarsýslu, eða part af Barðastrandarsýslu, og setja þá í kosningarsamband við Strandasýslu, eða taka nokkurn part af Snæfellsnessýslu og setja hann í kosningasamband við Mýrasýslu.

Eg skal ekki segja neitt um það, hvernig Reykvíkingar myndi líta á slíka tillögu; en ef þeim þætti þetta óheppilegt og óeðlilegt, þá ætti þeir líka að skilja, að einnig sama skoðun og tilfinning ætti heima út um landið, þar sem um það væri að ræða, að slengja saman í kosningasamband pörtum úr tveim til þrem sýslum, sem mjög lítið vildi eða hefði saman að sælda.

Háttv. þingmenn Reykvíkinga o. fl. hafa lagt áherzlu á það, að hver þingmaður eigi að vera þingmaður alls landsins, en ekki neitt sérstaklega síns kjördæmis, og að hann eigi því ekki fremur að hugsa um eða hlynna að sínu kjördæmi en annara, og þá um leið, að hver sem slíkt geri, sé ataður í hinni fyrirlitlegu hreppapólitík. Er ekki rétt? (*Sveinn Björnsson:* Jú.).

Þetta er auðvitað og áreiðanlega ekki nema að hálfu leyti sannleikur, ef það er þá svo mikið, enda skil eg illa það hugsanasamræmi, sem hér kemur fram; því væri það rétt, sem hér er sagt, þá ætti að hverfa þörfin og áhuginn fyrir því, hvort sérstakt kjördæmi ætti að hafa ríflega þingmannatölu.

En eg og fleiri hafa litið svo á, að þó að þingm. sé þingmenn alls landsins, þá sé hann þó jafnframt og sérstaklega þingmaður og fulltrúi fyrir sitt kjördæmi, og það hefir mér heyrst og skilist nú á þessu þingi, eins og eg býst líka við, að þingtíðindin sýni á sínum tíma, að þrátt fyrir það, þótt hinn hv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sé þm. Íslands, þá hafi hann þó sérstaklega verið þingm. og fulltrúi fyrir Reykjavík. Og eg skal bæta því við, honum til heiðurs, að eg álít, að hann hafi verið bæði góður og duglegur þingmaður fyrir þeirra hönd.

Það er annars hlægilegt, að heyra til þeirra þingmanna, sem eru að tala um það, hvað þeir fyrirlíti hreppapolitikina, þeim hinum sömu herrum er þá víst óhætt að fyrirlíta sig sjálfa, því engir eru hér víst alveg syndlausir í þessu tilliti, þar sem það er kölluð hreppapólitík, ef þingmaður vill hlynna að kjördæmi sínu, eða beitir sér fyrir áhugamálum þess.

Ef sú framkoma hjá þingmanni er lítilsvirt eða vítt, að hann beiti sér meira fyrir áhugamálum sínum og kjördæmis síns, en annara, þá er eiginlega ráðist á það, sem er efst á baugi og sjálfsagðast í mannlegu eðli, þ. e. á eigingirnina og sjálfselskuna.

Eftir því sem kringumstæðurnar eða atvikin liggja nær eða fjær manninum, eftir því fylgist hann með, með meiri eða minni samhug, og þó helzt og sér í lagi, ef málið snertir hann eitthvað sjálfan. (*Sveinn Björnsson:* Hugsar þm. Mýramanna mest um sjálfan sig?). Já, og eg hygg, að háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), eða hver annar, sem væri t. d. mjög mikill föðurlandsvinur, vissi naumast sjálfur hvað mikið væri á bak við það, og innan um það af sjálfselsku og eigingirni.

Hversu mikill föðurlandsvinur sem einn maður er, þá mun honum þó oftast vera kærastur sá bletturinn í landinu, það héraðið, sem hann hefir fæðst í og lifað í, og fyrir það mundi hann helzt vilja vinna, og þó þykir honum ekki eins vænt um neina sveitina í héraðinu, eins og þá sveitina, sem hann býr í, og að henni vill hann helzt hlynna.

Allar þessar tilfinningar og skoðanir eru meira og minna blandaðar af eigingirni og sjálfselsku.

Og þó er munurinn langmestur þegar kemur að því, að hversu innilega vænt sem honum þykir um sveitina sína, þá er honum samt svo langkærust sú jörðin, sem hann hefir alist upp á og býr á, og um ekkert heimilið er honum eins ant og sitt eigið heimili; um það hugsar hann aðallega og mest.

En hversu ant, sem honum er um sitt heimili, þá er honum þó lang annast um sjálfan sig af öllu heimilisfólkinu; það hefir aðeins verið talin undantekning, að góð móðir hugsaði eins mikið um barnið sitt og sjálfa sig.

Það má nú kannske segja, að þetta sé utan við efnið, og að eg sé kominn hér út í nokkuð skáldlegar hugleiðingar, en eg hefi hér verið að reyna að

sýna það, að þess nær sem málin eða viðburðirnir standa manninum, þá er það áreiðanlegt, að þess meiri áhuga hefir hann fyrir þeim; því maðurinn er eiginlega sjálfur miðpunkturinn, sem alt snýst um hjá honum.

Eg hefi verið að reyna að sýna hér fram á, að það er ekki þýðingarlaust í þessu sambandi, hvaðan þingmaðurinn er, eða hvar hann er búsettur, og það er því ekki þýðingarlaust fyrir Reykjavík, að eiga jafnálitlegan hóp af mönnum hér á þingbekkjunum, eins og maður sér þegar maður lítur nú hér yfir þá.

Það verður sannarlega, að líta á fleira en mannatöluna, ef farið verður að breyta til um kjördæmaskipun landsins, það er ekki sá eini sanni og rétti mælikvarði.

Að endingu vil eg benda á það, að eg álít, að menn hér á þinginu eigi ekki, og að þeim farist illa, að hafa mjög þung og hörð orð yfir það, sem þeir kalla hreppapólík; þeir ætti fyrst að athuga greinilega, hvort þeir væri þar alveg syndlausir sjálfir.

Jón Jónsson: Háttv. þingmaður Mýramanna hefir nú sýnt háttv. 1. þm. Reykjavíkur fram á, hve rangt hann hefir fyrir sér í þessu máli. Eg vona nú að honum hafi skilist það. Það er synd að segja, að háttv. 1. þm. Rvk. hafi ekki sýnt rögg af sér með að reka erindi kjördæmisins. Reyndar er hann nú farinn að gera bragarbót og taka aftur sumar tillögur sínar.

Háttv. þingmaðurinn leggur til að lagt sé niður kjördæmi til þess að fá fleiri þingmenn fyrir Reykjavík. Það er auðvitað, að Seyðisfjörður er minsta kjördæmið, en þó munar litlu, að kjósendur sé þar eins margir og í sumum öðrum, t. d. Austur-Skaftafellssýslu.

Í einni breytingatill. sinni lagði hann til að Norður-Múlasýsla kysi með Seyðfirðingum. Eg skal geta þess, að 4 kjördæmi á landinu hafa færri íbúa að tiltölu en Norður-Múlasýsla. Tvö einmenningskjördæmi hafa færri íbúa til samans en Norður-Múlasýsla. Skaftafellssýslurnar báðar hafa 412 kjósendur, en Norður-Múlasýsla 469. Menn sjá á þessu, að erfitt er að taka eitt til tvö kjördæmi út úr, án þess að gjöra þeim rangt til. Í rauninni er þetta vandræðamál fyrir háttv. 1. þm. Rvíkur, og hann má vara sig á að gera ekki öðrum rangt, þótt hann vilji gera hreint fyrir sínum dyrum. Hann hefir nú tekið aftur tillöguna um Norður-Múlasýsla, en varatillagan um að leggja niður Seyðisfjarðarkjördæmi er eftir. Það er ilt að fara fram á, að leggja niður einstök kjördæmi í landinu, hvorki er það sanngjarnt gagnvart viðkomandi kjördæmi, og svo er vitanlegt, að þeir sem í kjördæmunum búa verða sáróánægðir. Það gefur að skilja, að þeir álíta sér gert rangt með því að svifta þá þessum rétti. Eg sé engan veg til að lagfæra ranglætið gagnvart Reykjavík á þenna hátt. Eina sem mér finst geta komið mála, er að bæta við tveim þingmönnum í Rvík. En þá er að athuga, hvort þetta er nauðsynlegt fyrir Rvík. Þegar eg lít á kjósendatöluna, þá rek eg augun í, að hún er há, í samanburði við önnur kjördæmi. En eg veit ekki, hvort það er almenn ósk kjósendanna sjálfra, að þeir fái að kjósa fleiri þingmenn. Eg gæti fremur trúað, að það væri einstakir menn er berðist fyrir þessu, bæði til þess að ná áliti hjá kjósendum og svo til þess að fá tækifæri til þess að komast á þing. Þetta eru meðmæli með Reykvíkingum, því að það sýnir, að þeir hafa marga menn í sínum hóp, sem komið geta til greina í þessu efni. Eg er viss um, að það er meira frá einstökum mönnum en kjós-

endum, að þessi alda er runnin. Það vita allir, að kjósendurnir í Reykjavík standa betur að vígi en aðrir kjósendur á landinu. Þeir geta talað við þingmenn og skýrt fyrir þeim sín áhugamál, og það kemur ærið oft fyrir, að þingmenn verða fyrir áhrifum af viðtali við Reykvíkinga.

Eg vil ekki ganga að því að fjölga þingmönnum í þetta sinn, til þess að Reykjavík fái jafnrétti í þessu efni. Mér sýnist það ekki hættulegt fyrir Reykjavík þó að það dragist, að þeir fái fleiri þingmenn. Ef eg hefði verið sannfærður um það, þá hefði eg helzt viljað fjölga þingmönnunum um tvo, fremur heldur en Reykjavík fengi þingmann á kostnað annarra kjördæma.

Það er eitt að athuga í þessu máli, að engir þingmenn standa eins illa að vígi með atkvæði sitt sem Reykvíkingar. Það hefir komið fyrir oftar en einu sinni, að þingmenn Reykvíkinga hafa orðið fyrir alt of miklum áhrifum frá kjósendum sínum. Og það er óheppilegt, að þingmenn fái ekki að njóta sín sem bezt.

Eg verð að mælast til þess, að háttv. deild felli breyttill. háttv. 1. þm. Reykvíkinga, jafnvel þótt eg játi, að sumt mælir með því að samþykkja þær.

Þorleifur Jónsson: Eg ætla að minnast á breyttill., sem eg á á þgskj. 446. Eg vona, að hún sé að minsta kosti meinlaus og væri fremur til bóta en hitt, ef hún næði fram að ganga.

Það er ákveðið í 20. gr. kosningalaganna, að nöfnin skuli skráð á seðlana með skýru prentletri. Þetta hafa menn skilið svo, að ekki mætti gera þetta annarstaðar en í prentsmiðju. En þær eru, að því er eg bezt veit, ekki nema á 5 stöðum á landinu, og ærið torsótt að ná til þeirra að vetrardegi, úr sumum kjördæmum. Í mínu kjördæmi er þetta mjög erfitt, annaðhvort þarf að senda til Seyðisfjarðar eða Reykjavíkur. Báðar þessar leiðir eru mjög kostnaðarsamar og að vetrarlagi hættuferðir, mennirnir geta orðið úti og kosningin tefst.

Yfirkjörstjórnin fyrir austan hefir þó hingað til ekki þorað að láta skrá nöfnin með ritvél; en mér virðist ekki óeðlilegt að lögin leyfði slíkt. Mér hefir verið sagt, að ritvél hafi verið notuð í Vestmannaeyjum árið 1908, en mér þykir mikið efamál, hvort alþingi getur ekki ónýtt slíka kosningu.

Það getur víðar verið erfitt en í Skaftafellssýslu að ná í prentsmiðju, ekki sízt ef kosningar færi fram að vetrarlagi. Þess vegna hefi eg komið fram með þessa tillögu, og eg held að í henni felist töluverð réttarbót. Eg sé ekki ástæðu til að vera hræddur við, að klessur eða göt komi á seðlana, eins og háttv. framsögm. (E. A.) var að tala um og þó svo væri að einhverjir fáir seðlar ónýttist ætti að senda svo mikið í kjördæmin af seðlum, að óhætt væri þó einhverjir gengi frá. Eg vil því mælast til að háttv. deild samþykki þessa viðbót mína. Eg sé ekki, að hún geti orðið skaðleg og fulltrygt eftirlit er hægt að hafa með kosningunni, þó að hún sé samþykt.

Annað atriði er í þessari grein, sem eg vildi minnast á, og það er brotið á seðlunum. Mér skilst að meiningin með lögunum sé sú, að seðlarnir sé einbrotnir. En nú hefir það komið fyrir, að seðlarnir hafa komið tvíbrotnir frá prentsmiðjunum. Eg veit ekki, hvort þetta er alstaðar á landinu. En eitthvert ákvæði þarf um þetta að vera, svo að sumir láti ekki tvíbrjóta en aðrir einbrjóta seðlana. Það hefir komið fyrir, að kosning hefir verið ónýtt vegna þess, hvernig seðlar hafa verið brotnir, og það getur komið fyrir enn.

Eg veit ekki, hvort eg á að fara að minnast á þær breytingartillögur, viðaukatillögur, varatillögur og þrautavaratillögur, sem hér liggja fyrir. Sumar hafa verið teknar aftur. Eg vildi að eins geta þess í sambandi við það, sem farið er fram á í einni þeirra, að einu kjördæmi sé kipt burtu, þá getur varla skilist öðru vísi atkvæðagreiðslan í fyrradag, um að fella 7. gr. frumv., en að deildin vildi enga breytingu gera á kjördæmaskipuninni. Kjördæmin eru flest ævargömul og bundin við takmörk sýslnanna. Og var því að vonum að kjördæmaskiftingin, eins og hún var í stjórnarfrumv. fengi ekki góðan byr, þar sem einnig var svo langt gengið, að búta átti í sundur sum gömlu kjördæmin, og fara með þau eins og útkastað hræ.

Það hefir mikið verið talað um það, að Reykjavík yrði fyrir miklum misrétti, þar sem mörg þúsund kjósendur hér réði minna en fá hundruð annarstaðar á landinu. Það er fyrir sérstök atvik, að þetta er orðið svo. Reykjavík hefir þotið upp á fáum árum. Fólksfjöldinn hér stafar ekki svo mikið af því, sem upp vex í bænum, heldur af því að fólkið nú sem stendur streymir hingað utan af landinu. Nú veit enginn hvað þessi fólksstraumur helzt lengi hingað. Skeð getur að einhver atvik valdi því, að fólkið fari að streyma meira til annara staða á landinu, og ætti þá að hringla kjördæmaskipun eftir því, hringla með kjördæmin, eftir þessum eilífu fólksflutningum.

Í raun og veru er margbúið að taka það fram, að misréttið er ekki svo mikið í sjálfu sér. Hér á þingi sitja ærið margir þingmenn, sem búsettir eru í bænum. Borgarar bæjarins geta legið í eyrum þingmannanna og »agiterað« í þeim, um hvað sem þá lystir og er ekki nein skömm að því í sjálfu sér. Enda hefir það líka sýnt sig, að mönnum hér í Reykjavík hefir ekki orðið lakast til að fá bitlinga af öllum mönnum á landinu. Þingið hefir sýnt þeim góðvilja sinn eða réttlæti, eða hvað eg á að kalla það, ekki síður en öðrum. Bitlingamennirnir eru fæstir úti í sveitum landsins, þeir eru flestir hér, þó bærinn hafi ekki nema 2 þingmenn.

Eg er ekki að ásaka neinn fyrir þetta, en finst að á hitt megi líta, að Reykvíkingar geti gert sig nokkurn veginn ánægða, hvað mál þeirra snertir yfir höfuð.

Svo er annað atriði. Kjósendur höfuðstaðarins eiga óliku hægra aðstöðu til að ráðgast við þingmenn sína, heldur en menn út um land, í fámenni og strjálbygð, þar sem 6—7 dagleiðir geta verið um kjördæmið að vetrarlagi, ekki sízt ef nýja kjördæmaskiftingin kæmist á. Þar er ekki kostur að ræða mál sín saman nema örsjaldan, ef til vill að eins einu sinni á ári, og þess vegna ekki greitt um samvinnu milli þingmanna og kjósenda, þar sem svo stendur á.

Hér í Reykjavík er samvinnan hins vegar svo auðveld, sem mest má verða fyrir kjósendur, bæði við þeirra eigin þingmenn og alla aðra þingmenn, sem þeir geta fundið og skýrt frá áhugamálum sínum.

Mér finst, að það komi yfir höfuð ekki svo þungt niður á Reykvíkingum, þeir þótt hafi ekki fleiri þingm. en þetta. Þó skal eg játa, að brtill. á þgskj. 451, um að fjölga þingmönnum um tvo, og Reykjavík fái þessa tvo í viðbót, mundi verða ágætt ráð til að friða kjósendur hér, ef það næði fram að ganga, og eins þyrfti þá ekki að deila um kjördæmaskiftinguna að öðru leyti.

Eg tel sennilegt, að ekki líði á löngu

áður en breytt verði á þessa leið. En þetta er nú fyrst komið fram í þinglok og mér finst ekki sem bezt við eigandi að ætla nú að reka þetta af í rykk. Mér finst að maður verði að fá tíma til að átta sig og þetta verði að bíða að minsta kosti til næsta þings, svo að eg get ekki að þessu sinni greitt atkvæði með því, þó að það sé að vísu tiltækilegt til friðar.

Jón Magnússon: Eg sá ekki ástæðu til að tala við 2. umr., því að eg hafði reynt að skýra skoðun mína sem greinilegast í þessu máli við fyrstu umræðu, og vil ekki endurtaka það, sem eg sagði þá. Málið hefir líka verið fullvel skýrt og rakið, bæði af háttv. þm. Ak. (M. Kr.) og háttv. 1. þm. Rvk (Sv. B.), og þar að auki ekki til neins að vera að tala eða fjölyrða um það, úr því að meiri hlutinn hefir þegar ráðið að fella frumvarp stjórnarinnar. Þar af leiðir þó ekki, að ekki megi lagfæra það misrétti, sem kjósendur í Reykjavík verða nú fyrir. Og þess vegna er það rangt, að vilja ekki breyta þessu atriði, þó að menn vilji ekki gjörbreyta allri kjördæmaskipun í landinu.

Eg hafði ætlað mér að koma fram með sams konar brtill. eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir komið fram með, og er eg honum mjög þakklátur fyrir tillöguna einmitt af því, að hann er minna við þetta mál riðinn en eg. Hann er ekki að berjast fyrir rétti kjördæmis síns, hann er hér að eins að bera fram sanngirniskröfu og réttlætiskröfu. Eg skil ekki, að nokkur maður geti neitað því, að þetta er fylsta réttlætiskrafa. Það er mesta misrétti, að Reykvíkingar hafi svo lítinn hlut í löggjafarstarfi þjóðarinnar.

Það er mín skoðun, að hver kjósandi eigi að hafa tiltölulega jafnan rétt til að hafa áhrif á löggjöf landsins. En eg get samt skilið þá menn, sem taka vilja tillit til annara atvika, svo sem sýsluskiftingu o. fl., en fyrir mér er það aðalatriðið, að hver kjósandi geti haft sömu áhrif á löggjöf landsins, hvort sem hann býr í Reykjavík eða annarstaðar.

Það er búið að ræða þetta svo vel, að sýnt er og sannað, að vér höfum rétt fyrir oss, en samt hafa komið fram mótbárur frá nokkrum þingmönnum, sem eg vil gera athugasemdir við.

Mótbárurnar hníga allar í þá átt, að ekki sé þörf að láta Reykjavík hafa fleiri þingmenn, af því, að hér eigi sæti á alþingi ýmsir menn úr Reykjavík, sem kosnir eru af öðrum kjördæmum.

En þetta segja menn af því, að þeir vita ekki eða skilja ekki, hvað átt er við með almennum kosningarrétti og umboði, sem kjósendur fá þingmönnum.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) mælti á móti frumv., en það er ekki svo undarlegt, því að hann er á móti öllum útgjöldum landssjóðs, sem ekki snerta hans kjördæmi. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er ekki satt). Ja, svo að segja öllum, að minsta kosti öðrum en beint venjulegum og lögmætum gjöldum.

Það er ekki svo að skilja, að bætt sé úr öllu misrétti, þó að brt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) verði samþykt, en hún er þó spor í rétta átt. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði það fráleitt að fjölga þingmönnum Reykvíkinga, og telur að rétti þeirra sé fullvel borgið, eins og nú er. En það er alls ekki það, sem hér er um að ræða, heldur hitt, að allir kjósendur hafi jafna »representation« á þingi.

Það er altaf verið að klifa á því, hvað Reykjavík hafi borið mikið frá borði, þegar hún fekk höfnina, en menn gæta þess ekki, að hún er gerð fyrir alt landið, og það hefir ekki verið veitt meira fé að tiltölu til Reykjavíkur en

annarra kjördæma; því að menn verða líka að gæta þess, hvað landssjóður fær héðan í aðra hönd af tollum o. fl. Héðan kemur að minsta kosti fjórði hver peningur, sem í landssjóð rennur.

Það er ennfremur fundið bænum til foráttu í þessu máli, að hann njóti svo mikils gagns af embættismönnum og skólum, sem hér eru. En ekki er það þinginu að þakka, því að það mundi hafa þá annarsstaðar, ef það sæi sér hag í því. En að öðru leyti kemur það atriði ekki þessu máli minstu vitund við.

Þá var því haldið fram, að ekki væri rétt að auka þingmannatölu í Reykjavík, af því að margir kjósendanna væri úr öðrum kjördæmum, en þá mætti eins segja, að Reykjavík ætti ekki að hafa neina fulltrúa, því að mikill fjöldi bæjarmanna er aðkominn úr öðrum sýslum.

Þá hélt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) því fram, að þinginu mundi hvorki aukast vit né þekking, þó að tveim þingmönnum væri við bætt. En það er engin ástæða til að ætla, að Reykvíkingar sendi fremur öðrum þá menn á þing, sem bæði skortir vit og þekking.

Eg tel það alls ekki úr vegi að fjölga þingmönnum. Eg held að margir hafi jafnvel fundið til þess nú á aukaþinginu, að þingmenn væri fullfáir, hvað þá á aðalþingi. Og þegar af þeim ástæðum tel eg þinginu gagn í, að þingmönnum verði fjölgað, og þá að sjálfsögðu úr Reykjavík. Og atkvæðagreiðslan við aðra umræðu fer ekki að neinu leyti í bága við þá breytingartill., sem hér er um að ræða.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) talaði mjög svipað, taldi það óviðeigandi að tvöfalda þingmannatölu Reykjavíkur. Eg skildi hann ekki vel, en mér fanst hann vera þeirrar skoðunar, að gengið væri með þessu á rétt annara kjósenda, og að þetta væri ekki nauðsynlegt vegna áhugamála bæjarins.

Það er satt, að Reykjavík er ekki flækt í hreppapólitík, og þess vegna get eg skilið, að háttv. þm. Mýr. (J. E.) vilji ekki fjölga þingmönnum hér, því að hann telur hreppapólitík mesta þingmannskost, segir að eigingirni og sjálfselska sé mestu þingmannakostir, og eg skal viðurkenna, að það er fallegt af honum, að játa þetta svona hreinskilnislega — þó að eg geti ekki metið hann þingmann að meiri fyrir það.

Hann talaði um, að það mundi hafa verið »agiterað« í 2. þm. Árn. (E. A.) í þessu máli, og mun háttv. 2. þm. Árn. sjálfur svara til þess. En eg hefi litið svo á, að hann hafi borið þessa brt. fram af því, að hann er of skynsamur og sanngjarn maður til þess að sjá ekki, hvað sanngjarnt er og rétt í þessu máli.

Sumir hafa haldið því fram, að binda kjördæmaskifting við sýsluskifting, og eg get skilið, að það sé eðlilegt frá ýmsra sjónarmiði. En þegar sagt er, að ekki megi taka þingmann af Seyðisfirði, þá sé eg ekki, hvernig hægt er með sanngirni að neita Hafnfirðingum um þingmann. Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) taldi þetta mikið vandræðamál, en eg sé ekki, að hér sé stórt í ráðist, þó að bætt væri við tveim þingmönnum í Reykjavík. Kostnaðurinn, sem af því leiddi, væri þó ekki meiri en sem svaraði lítilfjörlegum bitlingi frá þinginu, og það ætti vel að borga sig.

Það er undarlegt, þegar menn vantar ástæður, hvernig sumir skynsamir þingmenn — eg verð að biðja afsökunar á orðatiltækinu — hvernig þeir heimska sig, liggur mér við að segja.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) taldi það ókost, að kjósendur gæti haft áhrif á þingmenn. En hvaða vandræði ætti svo sem að stafa af því, þó að þingm.

geti staðið í sambandi við kjósendur sína um þingtímann. Eg sé ekki betur en að það væri einmitt kostur.

Hinn háttvirti þm. kvaðst ekki vilja ganga að þessu nú, en þess þarf einmitt nú vegna stjórnarskrárbreytingarinnar, því að ef hún verður samþ., þá eykst tala kjósenda mjög mikið og misréttið verður ennþá tilfinnanlegra hér eftir en áður.

Það hefir áður heyrst hér, að þetta bætist upp við það, að Reykjavík ráði svo miklu við kosning hinna landkjörnu þingmanna, en hún ræður þar ekki meira en að sínum hluta, að réttri tiltölu við fólksfjölda.

Margar þær ástæður, sem fram hafa komið, eru sprottnar af misskilningi, og þarf eg ekki að mótmæla hverjum einstökum, því að margir hafa sagt hið sama.

En ein mótbára er það enn, sem eg enn vil athuga.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) var að tala um hina æfagömlu kjördæmaskifting. Eg veit nú ekki, hvað hinn háttv. þm. kallar æfagamalt, en eg get ekki kallað Seyðisfjörð æfagamalt kjördæmi. Seyðisfjörður var gjörður að kjördæmi 1903, að eins til bráðabirgða. *(Benedikt Sveinsson:* Hvers vegna fekk Reykjavík þá ekki þann þingmann?) Já, það má segja, að það hafi verið yfirsýnd og klaufaskap þingmanna bæjarins að kenna. En eg sé enga ástæðu til þess nú, að Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla hafi nema 2 þingmenn.

Kjördæmaskiftingin þar er að minsta kosti ekki æfagömul, og þó að svo væri, þá verður að breyta eftir tíma og ástæðum, ef staðhættir breytast.

Eg vona að þingið samþykki brtill. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). *(Sigurður Sigurðsson:* Það vona eg ekki!). Eg hafði aldrei búist við, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) samþykti hana, af því að hún snertir ekki Árnessýslu.

Matthías Ólafsson: Það er ekki gustuk, að lengja umræðurnar, af því að nú er orðið áliðið. En eg vil gera grein fyrir, hver afstaða meiri hluta nefndarinnar var gagnvart minnihlutanum.

Eg verð að halda því fram, að fyrst Reykjavík hefir nú beðið svo lengi, þá geti hún beðið enn stundarkorn þangað til þjóðin hefir látið uppi álit sitt. Ef nokkurt mál varðar þjóðina, þá er það það, hversu margir fulltrúar hennar sé og hvernig þeim verði skipað, hvort hún vilji fjölga þeim eða ekki hrófla við hinu gamla fyrirkomulagi. Það getur vel verið, að þjóðin vilji láta Reykvíkinga hafa fulltrúa að tiltölu við kjósandafjölda, og þá líklega 6, en ekki 4.

Út af því, sem háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) sagði, að þingfararkaup þessara tveggja fulltrúa mundi ekki nema einum bitlingi, dettur mér í hug, hvort bitlingunum kunni ekki eitthvað að fjölga einmitt við þessa viðbót fulltrúa. Er eg ekki þar með að bera Reykjavíkurþingmönnum á brýn, að þeir sé frekir í bitlinga. En ekki held eg, að hægt sé að neita því, að yfirleitt hafi Reykjavíkurþingmenn verið duglegir að ná í bitlinga.

Þess vegna mun eg aðhyllast gerðir nefndarinnar eða meiri hluta hennar.

Mér skildist á háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að erfitt kynni að verða að koma prentuðum kjörseðlum austur þangað, vegna þess, hve framboðstíminn er naumur. Eg held, að þetta sé ekki hættulegt, því að innan skamms verður lagður sími austur í Skaftafellssýslu, og má þá síma þaðan nöfn frambjóðendanna. Ótækt álít eg, að hafa skrifaða seðla.

Framsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Eg hafði skrifað upp nokkur þau atriði, er háttv. þm. hafa

tekið fram á móti brtill. á þgskj. 451. En háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) hefir nú drepið á flest þau atriði, svo að eg get farið fljótt yfir sögu.

Það kom í ljós, sem eg hafði vikið að á síðasta þingi, en menn þá gáfu lítinn gaum, að heppilegt hefði orðið að láta rannsókn á kjördæmaskipun landsins verða samferða stjórnarskrárbreytingunum. Það var augljóst, að nauðsyn bar til að íhuga kjördæmaskipunina, bæði til þess að minka misrétti það, er henni var orðið samfara, og vegna aukningar kosningarréttarins.

Eg skal nú ekki fara lengra út í þá sálma, en snúa mér að ræðum háttv. þm., sem talað hafa.

Ræður þeirra háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), háttv. þm. Mýr. (J. E.) og háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.), held eg að óhætt sé að taka allar í einu; innihaldið var ekki sérlega mikið og nokkurn veginn alveg samskonar í þeim öllum. Aðalstuðnings sínu máli leituðu þessir háttv. þm. í því, að fjöldi þingmanna væri búsettir í Reykjavík. En mér liggur nú við að spyrja þessa háttv. þm., hvaða trygging sé fyrir því, að svo verði alt af, þótt svo sé nú. Eg tel það al-óvíst. Og mér er nær að halda, að kjósendur út um land hugsi sem svo, ef fjölgað verður þingmönnum í Reykjavík, að hollast sé að taka þingmenn innan hvers kjördæmis. En sleppum þessu. Ef athuguð er þessi röksemdaleiðsla þessara háttv. þm., er segja, að fjöldi þingmanna, sem heima á í Reykjavík, sé nægileg ástæða til að daufheyrast eða skella skolleyrum við réttmætum kröfum Reykvíkinga, hlýtur öllum að verða ljóst, við hve veik rök hún styðst. Setjum nú svo, að allmargir þingmenn, búsettir í Árnessýslu t. d., en fáir úr Reykjavík, næði kosningu, þá ætti Árnesingar samkvæmt kenningum þessara háttv. þm. að missa annan eða jafnvel báða þá þingmenn, sem þeir hafa. Þetta hljóta allir háttv. þm. að skilja, og því verð eg að segja það, að mig furðar á því, að nokkur þm. skuli halda þessari ástæðu fram, og það meira að segja sem meginástæðu.

Það atriði, að ekki megi fjölga þingmönnum hér í Reykjavík vegna hlunninda þeirra, sem bærinn nýtur umfram aðra hluta landsins, nær ekki nokkurri átt.

Jafn-fánýt er sú ástæða, að til Reykjavíkur flytjist svo margir kjósendur utan af landinu, og sé ekki vert, að þeir hafi jafnmikinn rétt öðrum. Slíkar ástæður sem þessi sýna, að málstað þessarra þingmanna er alls ekki bót mælandi, og er fremur fylgt af vilja en mætti.

Það hefir verið mikið um það talað af sparnaðarmönnum, ekki sízt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að þessi fjölgun yki útgjöld landssjóðs. Eg get nú ekki séð, að sá kostnaðarauki færi fram úr svo sem 500 kr., þótt fjölgað yrði um tvo þingmönnum hér hér í Reykjavík, og tel eg ekki í það horfandi. Mér þykir undarlegt, ef þingmenn vilja ekki meta gagnið af sjálfum sér svo mikils, að það þó nemi þessari upphæð. Þetta er svo lítilfjörleg upphæð, að undarlegt er að heyra þingmenn bera hana fyrir sig í fullri alvöru. Það mætti heldur ætla hitt, að upphæðin hafi sezt eitthvað óþægilega í höfuðið á háttv. þm., svo að þeim finnist þeir vera að bjarga landinu frá miklum fjárhagslegum voða.

Í þessu sambandi hefir einnig verið minst á bitlinga. Eg álít, að þingmenn ætti sem minst að tala um bitlinga, og þá þó því að eins, að þeir hafi gert sér grein fyrir því, hvað bitlingur er, en kalla ekki nauðsynlegar fjárgreiðslur því nafni.

En svo að eg komi sem næst efninu, þá tel eg æskilegast, að br.till. á þgskj. 449 nái fram að ganga, þótt sumum

kunni að þykja hún óþægileg fyrir sig og sína nánustu, þá er hún þó réttmæt. En af því að eg hefi litlar vonir um, að hún muni ná fram að ganga, þá mun eg greiða atkvæði með breyt.till. á þgskj. 451, og hefi eg fulla ástæðu til að ætla, að þeir, sem snerust móti tillögum mínum við 2. umr., hafi síðan komist að réttri niðurstöðu um það, að þær vóru bygðar á réttum grundvelli, og vilji nú bæta úr öfugspori meiri hluta nefndarinnar og atkvæðagreiðslunni við síðustu umræðu.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórssson): Eg get vel verið stuttorður, því að bæði háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) og háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hafa tekið fram flest það, er eg hefði þurft að svara.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) talaði um brotið á seðlunum. Eg held, að svo beri að skilja fyrirmæli 20. gr., að seðlarnir eigi að vera einbrotnir, en ekki margbrotnir. Þannig vóru gömlu lögin skilin alment, þótt kjósendur hafi stundum flaskað á þessu.

Háttv. samþingismaður minn (S. S.) talaði um bitlinga í þessu sambandi og sagði, að eg væri ekki alveg laus við þann faraldur að vilja stofna til nýrra bitlinga. Ef hann telur breyt.till. mína á þgskj. 451 hniga í bitlingaáttina, þá vil eg ekki bera orð hans af mér. En háttv. þm. ætti að muna það, að þegar menn vilja segja eitthvað einhverjum til lasts, þá er og réttlátast að segja, hvað sá hafi unnið sér til lofs. Þetta gerir hann ekki. Honum láist að geta þess, að einmitt eg ásamt honum og fleiri háttv. þm., bar fram frumv., sem meðal annars miðaði að því, að draga úr kostnaðinum við þinghaldið.

Ef þingskapafrv. hefði náð fram að ganga, hefði sparast á ári nokkur þúsund við það. Reyndar er þess getandi, að nú þegar verður þinghaldið talsvert ódýrara af því að frv. þetta kom fram. Bæði það, sem eg hefi sagt hér í því máli, og svo álit nefndarinnar, mun valda því. Og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var eigi frumkvöðull þessa frumv., heldur eg.

En svo að eg víki að bitlingunum, þá er það orð mjög vafasamt hugtak, og mér þykir illa sitja á háttv. samþingismanni mínum (S. S.) að kalla þingmensku bitling. Eg held varla, að hann hafi gert sér grein fyrir því, hvað hann er að segja. Í ummælum hans hlýtur að liggja það, að þingmenn geri ekkert gagn. Afleiðingin verður þá sú, að alþingi sé alls ekki haldið framar, og að hann og skoðanabræður hans segi af sér þingmensku hið bráðasta og bjóði sig aldrei fram aftur. Þeir hljóta að telja sig og aðra þingmenn landinu til niðurdreps og fordjörfunar, meðan þeir sitja á þingi. Eg tel þar á móti bæði háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og marga aðra að mörgu nýta menn, bæði á þingi og utan þing. Hvernig lízt mönnum á afleiðingarnar? *(Sigurður Sigurðsson:* Þetta er alt öfugt). Það játa eg satt vera. En eg held aðeins áfram rökréttri ályktun frá þeirri forsendu, sem þingmaðurinn lét upp í hendur mér. Forsendan var á höfðinu hjá honum, og því er eðlilegt, að ályktunin verði það líka. Eg tala aðeins frá *hans* sjónarmiði til þess að sýna til hvers skoðun hans leiði.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) kom með það, að sú tilhneiging að stofna til bitlinga og þess konar væri rótgrónust hjá Reykvíkingum. Þetta er alveg út í bláinn sagt. Eg ætla t. d., að allur sá ráðunauta — eða ráðagrauta-grúi, sem stofnaður hefir verið hér á þingi — og sumar þessar ráðunautastöður eru aðeins óþarfa bitlingsstöður til einkis gagns — sé minst til orðinn fyrir tilverknað

Reykvíkinga, heldur alt annara manna. Annars er háttv. samþingism. minn (S. S.) sjálfur Reykvíkingur í sama skilningi sem eg, búsettur hér og fær þá ánægju að gjalda hér til allra stétta o. s. frv.

Það, sem menn eru að tala um sundrung á kjördæmunum, þá getur það ekki komið við tillögu mína á þgskj. 451. Eg fer þar ekki fram á að sundra kjördæmum, heldur að auka tveim fulltrúum við Reykjavík. Það hefir engi haldið því fram, að Reykjavík bæri ekki þessi þingmannatala, borið saman við fólksfjölda, enda ber bænum hærri tala, ef eingöngu er lagður sá mælikvarði til grundvallar. Ef sá mælikvarði er hafður, þá ber Reykjavík 5 þingmenn og partur úr þeim 6.

Þá kem eg að þeirri undarlegu röksemdaleiðslu háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að ekki megi fjölga þingmönnum hér í Reykjavík, vegna þess, að kjósendur dragist svo mjög hingað utan af landsbygðinni. Þingmaðurinn vill svifta menn kosningarétti fyrir það, að þeir neyta síns löghelgaða réttar til þess að flytja vistferlum. Annað eins hefi eg sjaldan heyrt. Hvers vegna fara ekki háttv. þm. fram á, að leggja á menn átthagaband eða »Stavnsbaand« og »Vornedskab«, eins og var í Danmörku fyrr á tímum, svo að menn geti ekki skift um bústaði? Það væri afleiðingin af þessari kenningu háttv. þingmanna. Þetta sýnir, hverjar ógöngur menn komast í, þegar menn leggja algjörlega öfugar forsendur til grundvallar fyrir tillögum sínum.

Háttv. samþingismaður minn (S. S.) sagði, að meðferð mála hér á þingi sýndi það, að þingmenn, búsettir í Reykjavík, hugsuðu jafnvel framar um Reykjavík en sín eigin kjördæmi. Mér dettur í hug Hafnarfjarðarvegurinn; eg get hugsað, að hann snerti Reykjavík nokkuð. En hvað verður, þegar um það er að ræða, að landssjóður taki við þeim vegi? Þrír þingmenn, allir búsettir í Reykjavík, koma fram með breytingartillögu um það, að landssjóður skuli *alls ekki* kosta viðhald þessa vegar, og fá þeir þá tillögu fram, eigi síður með aðstoð Reykvíkinga en annara. Vórum við, háttv. samþingismaður minn og eg, flutningsmenn þessarar tillögu, eins og hann man, og hv. 1. þm. Húnv. (G. H.).

Sami háttv. þm. mintist á höfnina hér í Reykjavík. Eg býst við því, að fleiri þingmenn en reykvíkskir hafi verið svo skynsamir að sjá, að þar var ekki eingöngu um hagsmuni Reykjavíkur að ræða, heldur og heill alls landsins, og að þeir hafi því greitt atkvæði með höfninni.

Annars klingir oft sú bjalla við, að Reykvíkingar hafi ekkert vit á málefnum þeim, sem sveitir varða. Það er ekki langt síðan, að einn merkur utanbæjarþingmaður spurði einn þingmann hér búsettan, er þeir mæltust við um mál eitt, er aðallega varðar sveitirnar og hér lá fyrir þinginu, en er nú afgreitt sem lög frá því, aðallega fyrir tilstyrk Reykjavíkurmanns eins hér á þingi: »Hafið þið Reykvíkingar annars nokkurt vit á sveitamálefnum?« Eg hirði ekki að nefna nöfn, en satt er þetta.

Það er alger misskilningur að halda, að tillögurnar um það, að Reykjavík fái fleiri þingmenn, miði að því að efla hagsmuni bæjarins. Þær lúta að því, að hér búsettir menn fái tiltölulega jafnan pólitískan rétt á við aðra íbúa landsins.

En svo að eg komist inn í hreppapólitíkina, sem aldrei ætti að koma fram hér á þingi, þá vil eg geta þess, að af þeim 34 þjóðkjörnum þingmönnum, sem

nú sitja á þingi, eru 20 aðallega fulltrúar sveitakjördæma, og landbúnaðar, 8 fulltrúar kjördæma með blönduðum atvinnuvegum, en aðeins 6 þingmenn, er teljast mega einvörðungu fulltrúar sjávarkjördæma. Þetta er svar við því, sem einhver var að segja um eigingirni þingmanna.

Annars veit eg ekki til þess, að menn úr sjávarhéruðum hefti framgang landbúnaðarmála hér á þingi, né heldur, að þingmenn landbúnaðarkjördæma hefti framgang þeirra mála, er sjávarútveginn varða.

Eg man ekki, hver þingmaður það var, sem sagði, að Reykjavík liði ekk. neitt, þótt ekki yrði aukið við þingmönnum þar. Þetta má segja um öll kjördæmi landsins. Eg býst við, að þótt teknir væri af fámennu kjördæmunum þingmenn þeirra, þá muni þingið verða svo sanngjart, að þau eða þau bygðalög verði ekki látin gjalda þess.

Eg er ekki alveg samþykkur háttv. 1. þm. Rvíkur. Eg held, að ef tillaga mín á þgskj. 451 verður samþykt, þá muni slota þeim úlfaþyt, er verið hefir út af kjördæmaskipuninni. Eg veit, að víða munu menn ekki hafa á móti fjölgun þingmanna, eins og hér er farið fram á, af því að menn sjá sanngirni í því, en hitt er mönnum mjög sárt um, að ekki verði slengt saman kjördæmum eða slitnir hlutar frá þeim kjördæmum, sem nú eru.

Sveinn Björnsson: Eg bað um orðið á elleftu stundu, en hún er nú löngu liðin, og komið fram á fyrstu stundu aftur, og skal eg því vera stuttorður.

Það er leitt að heyra hvern háttv. þm. á fætur öðrum tala um, að það sé sama sem að veita Reykjavík einhver *sérréttindi*, ef brt. á þgskj. 451 yrði samþ. Mig furðar á, að slíkur misskilningur skuli geta komist inn í heila þm., eftir að búið er að ræða málið í tvo daga, og flestir hafa viðurkent, að eins og nú er, hafi Reykjavík verið beitt hinu gríðarlegasta *misrétti*. Það þarf ekki annað en að líta á nokkrar tölur, til þess að sjá það, hve gífurlegur munur er á kjós endafjöldanum hér og í öðrum tvímenningskjördæmum, og hve fjarri fer því, að hér geti komið til tals nokkur sérréttindi fyrir Reykjavík. Þetta vil eg undirstrika enn og aftur.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem er, eins og þegar hefir verið tekið fram, frægastur orðinn fyrir dugnað í þarfir fósturjarðar sinnar, sem sé Flóans, — hann tekur það sérstaklega sárt, ef Reykjavík skyldi fá þenna rétt. Hann fór um það mörgum fögrum orðum, að hún fengi ávalt sínum málum framgengt.

Eg hefi þegar tekið það fram áður, að nú er einmitt verið að svæfa tvö Reykvísk áhugamál í háttv. Ed., svo að þetta stendur nú ekki vel heima. Annars má segja, að það sé ekki svo oft, sem þetta kjördæmi fer fram á mikil útgjöld sér til handa úr landssjóði. Þau mál, sem nú eru hér fyrir þaðan, eru flestöll þess eðlis, að það et með öllu útlátalaust fyrir landssjóð, þótt þau sé samþ. Þau fjalla að eins um fyrirkomulagsatriði innan bæjar, svo að ef þau næði ekki fram að ganga, þá væri Reykjavík beitt *fylsta órétti*, því að ekkert er það í þeim, sem að nokkru leyti gæti snert illa almenningsheill. Þessi háttv. þm. lagði mjög mikið út af því, að Reykjavík hefði svo margt annað fram yfir önnur kjördæmi landsins, svo sem embættismenn og skóla, að hún nyti óbeinlínis af því mesta hagnaðar. Sé það nú rétt, að hún sé öðrum betur sett að því leyti, að kaupm. hafa hér embættismennina að selja mat og aðrar nauðsynjar, þá verð eg þar á móti að halda því fram, að hún geldur

líka meira til opinberra þarfa en önnur kjörd., svo að ef háttv. þm. vill fara þar í samjöfnuð, þá hygg eg að það muni fáir landshlutar þola. Hann tók það fram, að samkvæmt atkvæðagreiðslu í fyrradag, ætti að fella þessa brt. Eg verð nú að segja það, að þótt þingið hafi ekki séð sér fært að laga kjördæmaskipunina kringum alt landið, þá ætti ekki að vera þar með útilokað að taka til greina þetta eina atriði, sem er svo að segja óumflýjanlegt. Annars skil eg hreint ekkert í grimd þessarra háttv. þm. við Rvík. Að minsta kosti talar háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) stundum öðruvísi. Eg man ekki betur en að hann prédikaði t. d. á Dagsbrúnar fundi um jafnrétti fyrir alla, bæði Reykvíkinga og aðra út um land.

Háttv. þm. Mýramanna (J. E.) kom fram með merkilega trúarjátningu, sem sýndi, að hann hafði meiri hreinskilni til að bera en hinir aðrir. Eg held að yfirleitt hafi komið fram á þessu þingi meiri hreppapólitík en ella gerist, og hann kannaðist við hana fyrir sitt leyti, en það hafa aðrir ekki gert. Eg vil minna á það í þessu sambandi, að það verður þó aldrei út skafið, að þingm. eru þó fyrst og fremst þingmenn fyrir alt landið. Hvað eru *aðal*mál löggjafarvaldsins á þessu þingi? Er það hreppapólitíkin? Nei, það er stjórnarskrármálið, fánamálið o s. frv., mál, sem snerta *hvert mannsbarn* í landinu, en hreppapólitíkin kemst aldrei nema í aðra röð.

Það er nú búið að svara mörgu, sem sagt hefir verið, svo eg get farið fljótt yfir sögu. Um Seyðisfjörð skal eg undirstrika það, að það er skýrt og ómótmælanlegt, að aldrei var ætlast til þess, að hann yrði sérstakt kjördæmi, nema til bráðabirgða. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) fann að því, að við þm. kjörd. værum að sýna rögg af okkur með því að reka réttar okkar kjörd., en í sömu andránni er hann að reka réttar — eða réttara sagt hróplegs óréttar — síns kjörd. sjálfur. Hann má vitanlega gjarna draga taum kjörd. síns, en þar er þó ólíku saman að jafna við misrétti það, sem Reykjavík er beitt.

Aðalatriðið hjá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) var þessi dæmalausa firra, að það væri rétt að svifta menn kosningarrétti, er þeir flytji til Rvíkur. Svo talaði hann um það, að þetta mál mætti bíða næsta þings. Já, þarna gægist það fram hjá þeim, sem oftar, að þeir eru í raun og veru sannfærðir um það, að hér sé um rétt mál að ræða, og þá tala þeir um að það megi bíða. En það er skylda manna, þegar þeir sjá réttinn, að breyta þá samkvæmt því *þegar í stað*.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vildi láta spyrja þjóðina um það, hvort hún vildi bæta á sig þeim kostnaði, sem þessu væri samfara. Það er nú í mesta lagi svo sem sjö hundruð krónur annaðhvert ár. Og um það á nú að fara að spyrja þjóðina mjög svo hátíðlega. Þá þætti mér ástæða til að spyrja þenna háttv. þm., hvort *hann* vildi ekki »spyrja þjóðina« um þessa smáræðis fúlgu, sem hann vildi moka í Þorlákshöfnina á dögunum. Hann var að tala um, að þetta yrði til þess að auka bitlinga til Rvíkurþm. Það er ástæðulaust að bregða þeim um bitlingaþágu. Eg skal nefna t. d. bankaráðsstöðuna við Íslandsbanka, sem telja má aðalþingbitlinginn. Í hana hafa verið kosnir 1 maður af Akureyri, 1 af Eskifirði og einn af Blönduósi, en ekki einn einasti Reykvíkingur.

Sigurður Sigurðsson: Þó að eg hafi mörgu að svara, skal eg reyna að vera stuttorður, enda er margt af því sem sagt hefir verið, ekki annað en útúr-

snúningur og rangfærslur á orðum mínum og annarra andmælenda.

Háttv. 1. þm. Rvíkinga (Sv. B.) byrjaði sína hógværu, en þungorðu ræðu á því, að öll andmæli okkar kæmi af því, að við skildum ekki hvað um væri að ræða. Það má nú vel vera, að við séum ekki eins skilningskýrir og hann. En þetta minnir mig á það, sem oft vill verða um þessa svo kölluðu lærðu menn, sem gengið hafa gegn um mentastofnanir vorar, einkum æðri skólana og fengið þann stimpil að heita »lærðir«. Þá halda þeir að engir hafi vit á neinu nema þeir. Hann sagði, að það sem við héldum fram, væri ranglæti, og að við vildum ekki taka burt þann stein, sem væri í vegi fyrir því, að Rvíkingar nyti sama réttar og aðrir. Það má nú altaf deila um það, hvort hér sé um nokkurt misrétti að ræða gagnvart Rvík. Verið getur að það megi koma því svo fyrir á pappírnum reikningslega, að það sýnist svo, en eg hefi sýnt fram á það, að í raun og veru er því ekki þann veg varið.

Kynleg þótti mér sú ástæða hjá háttvirtum þm. fyrir því að hér væri um ranglæti að ræða, að Rvíkingar gyldi tiltölulega meira í landssjóð en aðrir, jafnvel fjórða hvern eyri. Þetta er nú í 3. eða 4. sinn, sem eg hefi heyrt þessum herfilega misskilning haldið fram. Halda þá þessir menn, að það sem gelst frá verzlunum í Rvík í landssjóðinn, sé alt úr vasa Reykvíkinga sjálfra? Eru það þá ekki fleiri en Rvíkingar, sem verzla hér? Eða eru það ekki fleiri en Reykvíkingar, sem draga fiskinn úr sjónum, sem hér er verkaður og lagður inn? Það er ekki nokkurt vit í því að tileinka Rvík alt það, sem hér gelzt í landssjóð.

Þá vildi háttv. þm. gera gaman að því, er eg sagði að þessir tveir þm. myndi ekki auka sérlega mikið vit eða þekkingu á þinginu. Þetta var nú sagt svona alment; en það má vera að þeir yrði ekki mikið heimskari en við hinir. *(Sveinn Björnsson:* Heyr!) En úr því að háttv. þm. (Sv. B.) segir heyr, þá get eg gjarna mint hann á, að það er almenn skoðun uppeldisfræðinga og ýmsra fleiri mætra manna, er til þeirra mála þekkja, að þeir sem alast upp í kaupstöðum sé upp og ofan og að jafnaði heimskari en hinir, sem alast upp í sveitunum.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) reiknaði það út, að þessir tveir þm. mundu kosta landssjóð eitthvað 500 kr. á ári og háttv. 1. þm. Rvíkinga tók í sama streng. Ef þing stendur nú í 75 daga, eins og í fyrra, þá kostar hvor þeirra 1200 kr., auk alls kostnaðar, sem myndi leiða af skrafi þeirra og þeim bitlingum, sem þeir kynni að koma í gegn, sem sjálfsagt yrði ekki færri fyrir það, ef Rvík fengi 4 þm.

Þá var háttv. samþingismaður minn (E. A.) heldur en ekki gamansamur út af því, sem eg hafði sagt, og sneri því öllu öfugt. Hann dró þá ályktun út af því, að við vildum ekki fjölga þingm., að þá ættum við, sem mælum á móti fjölgun þingmanna, heldur ekki að bjóða okkur fram sjálfir. Skýzt þótt skýrir sé. Eg skil ekki þessa rökfærslu. Þetta er að snúa út úr og færa á verra veg, það sem sagt hefir verið. Hitt gæti eg skilið, að honum kæmi vel að sumir af okkur vildu draga sig til baka við næstu kosningar. En vel mætti eg muna honum það gott, sem hann hefir lagt til þess að spara fé landsins, og þakklátur er eg honum fyrir breyt.till. hans við þingsköpin, þótt ekki yrði gagn að því sem skyldi, þar sem málinu var í efri deild vísað til stjórnarinnar. En nú vona eg, að hún athugi það mál, svo að það verði tekið til meðferðar á næsta þingi.

Sami háttv. þm. gat þess, að þessi krafa um tvö ný þingsæti í Reykjavík, væri eðlileg, af því að hún bygðist á því, að Reykvíkingar ætti að fá hlutfallslega sömu áhrif og aðrir á pólitíkina í landinu. En hverir hafa meiri áhrif á hana en þeir? Hverir ráða pólitísku straumunum í landinu, ef ekki Reykvíkingar? Það þarf ekki að bæta við Reykjavík nýjum þm. til þess, því að hér eru öll aðalblöðin og hér eru stjórnir flokkanna, sem ráða stefnunni í pólitíkinni um alt land, »og gera fólkið vitlaust«, er hvíslað að baki mér. Og svo hefi eg ekki heyrt eina einustu ósk héðan úr Reykjavík um þessa fjölgun. Þetta er bara kosningaflesk handa kjósendunum hér í bænum fyrir næstu kosningar.

Eg þakka háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) fyrir lofsyrðin, þar sem hann sagði, að eg hefði verið duglegur fyrir mitt kjördæmi, það er að segja, ef hann hefir þá meint þau alvarlega. En má eg spyrja; hvar kemur sá dugnaður fram? Eg veit ekki betur, en að hvert einasta frv., sem við, eg og háttv. samþingismaður minn, höfum flutt fyrir kjördæmi okkar á þessu þingi, hafi verið steindrepið. Og að því hafa Reykvíkingarnir einna bezt stutt, því að þeim er í nöp við austursýslurnar og vilja skóinn ofan af þeim í hvívetna. Það er annað, en þegar þeir þurfa á okkur að halda, til að koma fram sínum áhugamálum.

Það er ekki af kala til Reykjavíkur, að eg er mótfallinn fjölgun þingmanna í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, heldur er það, eins og sumir menn segja, sem kunna sig, af »principi«. Eg tel það varhugavert, að hlaða undir kaupstaðina, og auka völd þeirra, á kostnað sveitahéraðanna, og það er af þeirri ástæðu, að eg hefi barist á móti þessu máli hingað til, og mun gera það framv.

Matthías Ólafsson: Það var aðeins örstött svar til háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). Hann var með skósur til mín út af því, að eg teldi vafa á því, hvort þjóðin kærði sig um, að auka við tveim þingmönnum, ef hún væri að spurð. Háttv. þm. sagði, að eg hefði ekki viljað spyrja þjóðina um fjárveitinguna til Þorlákshafnar. Getur hann bent mér á það, að fjárhagur landsins sé nokkru bættari fyrir það, þótt þessum tveim þingm. væri aukið við? Ef hann gæti það, þá skyldi eg vera með því, en eg er ekki farinn að sannfærast um það. Aftur á móti verður farið með eins mikið fé í þá, eins og tveir aðrir menn þyrfti til að lifa á alt árið. Eg sé ekki, að það bráðliggi á því, að auka tölu þingmanna. Það væri rétt að gera það ef þjóðin vildi það, en þá fyrst og fyrr ekki. Fyrst um sinn held eg, að þorskarnir úr Eyrarbakkaflóa geri meira gagn, en þessir tveir nýju þingmenn úr Reykjavík.

Magnús Kristjánsson: Eg ætla að reyna að leiðrétta eina af meinlokunum í ræðu háttv. 1. þm. Arn (S. S.).

Eg hafði ekki tæki til þess að mæla hitann í honum, meðan hann talaði, og er því ekki viss um að hann hafi haft óráð, en svo mikið er víst, að hann var ruglaður í reikningunum. — Eg hafði sagt, að þessir tveir þingmenn myndi kosta svona 5—600 kr. á ári, og með því meinti eg auðvitað það, að þar sem þing er að jafnaði ekki háð nema annaðhvert ár, þá verður kostnaðurinn við tvo þingmenn á þeim tíma hinn sami og við einn þm. á hverju ári. Þetta skildi háttv. ekki, og reiknaði út, að hvor þessarra tveggja þingmanna um sig, kostaði 1200 kr. árlega. Ef hann reiknaði ætíð svona, þá skyldi mig ekki furða, þótt reikningar hans yrði eitthvað skrítnir.

Eg ætla að láta þetta dæmi nægja til að sýna hverjar lokleysur hann fór með.

ATKV.GR.:

Brt. 434 tekin aftur.

Brt. 444 tekin aftur.

Brt. 452 tekin aftur.

Brt. 448 samþ. án atkv.gr.

Brt. 446 feld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Guðm. Hannesson	Einar Arnórsson
Benedikt Sveinsson	Hannes Hafstein
Guðmundur Eggerz	Jóhann Eyjólfsson
Hjörtur Snorrason	Magnús Kristjánsson
Jón Jónsson	Matthías Ólafsson
Jón Magnússon	Sigurður Gunnarsson
Sigurður Eggerz	Sigurður Sigurðsson
Sveinn Björnsson	Skúli Thoroddsen
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hlutans. Pétur Jónsson var fjarverandi.

Brt. 450 (aðaltill.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 451 feld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Hannesson
Einar Arnórsson	Benedikt Sveinsson
Hannes Hafstein	Björn Hallsson
Jón Magnússon	Einar Jónsson
MagnúsKristjánsson	Guðm. Eggerz
Sveinn Björnsson.	Hjörtur Snorrason
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	Matthías Ólafsson
	Sigurður Eggerz
	SigurðurGunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Pétur Jónsson fjarverandi.

1. brt. 449, feld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Benedikt Sveinsson
Einar Arnórsson	Björn Hallsson
Einar Jónsson	Björn Kristjánsson
Hannes Hafstein	Guðmundur Eggerz
Jón Magnússon	Hjörtur Snorrason
MagnúsKristjánsson	Jóhann Eyjólfsson
Sveinn Björnsson.	Jón Jónsson
	Sigurður Eggerz
	SigurðurGunnarsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Matthías Ólafsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði, og vóru taldir til meiri hlutans. Pétur Jónsson var fjarverandi.

Frumv., þannig breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

3. Skipströnd.

Á 1. fundi Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um viðauka við lög um skipströnd, 14. jan. 1876 (A. bls. 107).

Málið var tekið til 1. umr. föstudaginn 3. júlí.

Ráðherra (H. H.): Á síðasta þingi var því hreyft af háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að mikill bagi væri víða þar eystra að skipsflökum, sem enginn hirti og eng-

inn vissi um eiganda að. Var þá samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að taka þetta til athugunar. Þetta hefir nú verið gert, og því er þetta frumvarp fram komið. Tilgangur þess er að gera mönnum hægt fyrir að losna við skipsflökin, þó svo að útgerðarmenn og ábyrgðarfélög geti haft svigrúm til þess að bjarga því sem þau vilja bjarga og geta náð innan sanngjarns frests, og geti ekki haft ástæðu til að klaga yfir því, að íslenzk löggjöf svifti þá rétti sínum.

Að öðru leyti læt eg mér nægja að vísa til athugasemdanna við frumv.

ATKVGR:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Málið var tekið til 2. umr. þriðjudaginn 7. júlí.

Skúli Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að leggja til að kosin verði 5 manna nefnd til að íhuga málið.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Sveinn Björnsson
Þorleifur Jónsson
Guðmundur Eggerz
Einar Jónsson
Eggert Pálsson.

Annari umr. frestað.

Á 13. fundi, fimtudaginn 16. júlí, var málið tekið til framhalds 2. umr. (A. bls. 107, n. þskj. 86.

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Eg þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, því að frumvarpið er ógnarlega einfalt og óbrotið. Háttv. stjórn hefir lagt þetta frv. fyrir þingið út af þingsályktunartillögu, sem eg bar fram og samþykt var hér í deildinni í fyrra, og sem fór fram á að bætt yrði úr þeirri óreglu, sem á sér stað um skipsflök, sem liggja í greinaleysi hingað og þangað í kringum strendur landsins. Nefndin hefir fallist á frumvarpið án þess að hafa nokkuð verulegt við það að athuga. Breytingartillögurnar, sem hún hefir leyft sér að koma fram með, eru að mestu leyti að eins til skýringar, en sama sem engar efnisbreytingar.

Eg vona að frumv. fái að ganga greiðlega gegnum háttv. deild. Sé eg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, því að eg geri ráð fyrir að hv. deildarmenn hafi kynt sér frumvarpið, nefndarálitið og breytingartillögurnar, sem nefndin hefir komið fram með.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 86, samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

2. breyt.till. á þingskj. 86 sþ. með 16 shlj. atkv.

3. breyt.till. á þingskj. 86 sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

3.—6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkvæðum.

Á 16. fundi, mánudaginn 20. júlí, var

frumv. tekið til 3. umr. (A. bls. 107, þskj. 113).

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 17 samhlj. atkvæðum og afgreitt til efri deildar.

Á 39. fundi, mánudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. sakir breytingar, er Ed. hafði á því gert (þskj. 381, 421).

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Ed. hefir gert lítilvæga breyting á frv. Nd., sem nefndin getur fallist á. Ræður hún því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 14 samhlj. atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

4. Sandgræðsla.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um sandgræðslu.

Á. 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr. (A. bls. 103).

Ráðherra (H. H.): Þetta frumv. er borið fram til tryggingar því, að það fé, sem veitt er til sandgræðslu komi að tilætluðum notum. Það hefir sýnt sig að undanförnu, að á því er full þörf. Frumv. er samið í samráði við sandgræðslustjórann, sem er skógræktarstjórinn, og við Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarfélagið hefir haft málið til rækilegrar íhugunar og fallist á, að þörf væri á slíkum lögum.

Aðalnýmælið er um fjárframlög sveita og sýslusjóða. Gerir frv. ráð fyrir því, að þeir sem ríflegar leggja af mörkum sitji að öðru jöfnu fyrir því, að unnið verði að sandgræðslu í landi þeirra.

Að öðru leyti er frv. ekki svo margbrotið, að athugasemda þurfi við, og nægir að skírskota til þeirra athugasemda, sem prentaðar eru aftan við frv.

Sigurður Sigurðsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Eggerz
Sigurður Sigurðsson
Hjörtur Snorrason
Þorleifur Jónsson
Jón Jónsson

(með hlutfallskosningu milli hans og Eggerts Pálssonar).

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi, miðvikudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 103, n. þskj. 230, 231).

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Það er í sjálfu sér óþarft að halda langa ræðu um þetta mál, enda er fundur nú orðinn langur og menn orðnir þreyttir, enda vill svo til að nefndin hefir öll orðið sammála. Nefndarálit það, er hér liggur fyrir á þskj. 230, sýnir nokkurn veginn greinilega stefnu þá, sem nefndinni virðist að þingið ætti að taka í þessu máli.

Eins og tekið er fram í áliti nefndarinnar, er hún fyllilega samþykk frv. hvað það snertir, að ákvæði sé sett

um samband einstaklinga þeirra, er sandsvæðin eiga og landssjóðs. Það er eftir því sem nefndin hefir getað kynt sér, mjög nauðsynlegt að lögleiða ákvæði í þá átt, því hingað til mun alt slíkt hafa verið nokkuð reglulaust og samningalaust.

En breyt.till. nefndarinnar stefna líka í aðra átt. Þegar Búnaðarfélag Íslands var stofnað, var það skoðun margra, að það ætti að taka undir sína umsjón flest það, er að ræktun landsins lyti. Það sýnist líka vera hið eðlilegasta og hagkvæmasta, að ein stofnun hafi alt slíkt á hendi, enda hefir sú orðið niðurstaðan, að það hefir hönd í bagga með flestu því, er hér að lýtur, nema sandgræðslunni. Hún hefir verið tekin út úr og falin sérstökum manni. En þar sem sandgræðslan er einmitt innifalin í því, að fá gras til að spretta, þar sem áður vóru sandauðnir, eða varna því að skemdir haldi áfram á gróðri landsins, af sandfoki, eða með öðrum orðum er nátengt grasræktinni, þá er það ekki nema eðlilegt, að Búnaðarfélagið hafi einnig umsjón með þessu. Eg veit ekki hvað veldur því, að þetta mál var ekki lagt undir félagið þegar í byrjun, einkum þar sem eg get fullyrt, að það var fyrir tilstilli Búnaðarfélags Suðuramtsins á árunum milli 1880 og 90, að byrjað var á sandgræðslu, aðallega þá með vatnsveitingum.

Eg get nú ekki séð, að sandgræðsluvinnan eða umsjónin með henni sé svo flókin, að félagið geti ekki þess vegna haft það með höndum. Ráðunautar félagsins eru einmitt oft á ferðalagi fyrir Búnaðarfélagið á þeim slóðum, sem helzt er átt við sandgræðslu og gæti þeir þá undurvel leiðbeint mönnum og sagt fyrir um sandgræðslu á slíkum ferðum, án þess að af því leiddi nokkur aukakostnaður fyrir Búnaðarfélagið eða landssjóð.

Nefndin hefir átt tal við formann Búnaðarfélagsins, og þótt hann sæktist ekki eftir því að fá þetta mál í sína umsjá, þá kvaðst hann eigi vilja að Búnaðarfélagið skoraðist undan því, ef þingið vildi svo vera láta. Breyt.till. fer því í þá átt, að fela þetta mál umsjá Búnaðarfélagsins undir yfirstjórn landstjórnarinnar, eins og nú á sér stað. Fyrsta breyt till. nefndarinnar fer því fram á, að framan við frumvarpið sé sett ný grein um þetta efni, og hinar breyt.till. allar eru afleiðing af þessari einu. Svo verði hún samþykt, þá eru hinar breyt.till. nefndarinnar sjálfsagðar, því að þær eru ekki annað en afleiðing af aðaltillögunni, þannig, að í stað skógræktarstjóra komi Búnaðarfélag Íslands. Nefndin hefir lagt þetta til vegna þess, að hún hefir orðið vör við talsverðan óánægjuurg út af núverandi fyrirkomulagi, bæði í blöðum og víðar. Nefndin áleit, að eitthvað mundi hæft í því, að umsjóninni væri óheppilega fyrir komið og ekki við almennings skap.

Eg skal ekki fara langt út í það, að verði þetta mál lagt undir Búnaðarfélagið, þá væri ef til vill ekki óheppilegt, að eins væri farið með skógræktarmálið. Það er drepið á þetta í nefndarálitinu. Eg skal ekkert um það segja, hvort þessu verði komið við, en sennilegt þykir mér, að það yrði fult eins hagkvæmt.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Málið er svo ljóst, og eg vænti þess, að háttv. deild samþykki frumv. með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á.

Hannes Hafstein: Það getur verið, að eitthvað mæli með því, að Búnaðarfélag Íslands hafi meiri afskifti af þessu máli en hingaðtil. En eg fæ ekki

skilið það, hvernig þingið getur lagt Búnaðarfélaginu, sem er »privat« félag, þótt það njóti mikils styrks eða fjárframlags af landssjóði, þessar skyldur á herðar með einhliða lagaákvæði. Að vísu er sagt, að þetta hafi verið orðað við formann félagsins. En hefir hann vald til þess að ganga að því fyrir félagsins hönd, að leggja því þessar byrðar á herðar? Eg hélt að til þess þyrfti formlega heimild búnaðarþingsins. Færi nú svo, að búnaðarþingið vildi ekki takast þetta trúnaðarstarf á hendur, hvernig á þá að framfylgja málinu? Mér skilst, að þá stæði hnífurinn í kúnni.

Þess ber líka að gæta, að hér er ekki um störf að ræða, sem hver maður með einhverri búfræðingskunnáttu getur int af hendi, jafnvel þótt hann hafi nokkuð vit á búnaðarmálum alment. Það þarf sérstakrar »fag«-þekkingar við, bæði við sandgræðslu og skógræktarstjórn, eigi störfin að vera sæmilega af hendi leyst, svo landinu megi gagn að verða. Jafnvel þótt félagið vildi taka þetta mál og skógræktina að sér, þá geti komið á daginn, að það væri félaginu ofvaxið, að sjá um forsvaranlega framkvæmd þessa mikilsverða framtíðarmáls, og jafnvel hætta á, að skógrækt og sandgræðsla væri um of látin lúta í lægra haldi fyrir öðrum störfum félagsins. Þessi tilbreytni gæti þá ef til vill leitt til þess, að bæði málin blési upp, og væri það illa farið.

Sigurður Sigurðsson: Það er stutt athugasemd út af orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Hann sagði, að ekki væri hægt að kasta þessum störfum upp á Búnaðarfélagið án sérstakrar samþyktar á aðalfundi félagsins. Eg veit ekki, hvort þetta er alls kostar rétt. Að vísu er það svo, að Búnaðarþingið þarf að veita sitt samþykki til þessa, en því hefir tíðast verið svo háttað, að búnaðarþingið hefir samþykt það, sem stjórn félagsins hefir lagt til. Eg óttast því ekki, að vandræði geti orðið út af þessu.

Aðalatriðið í þessu máli er þetta: Er þetta svo mikið starf, að félagið geti ekki tekið það að sér án aukinna útgjalda, og hefir það þeim mönnum á að skipa, að starfið verði ekki verr af hendi leyst en nú á sér stað?

Viðvíkjandi fyrri spurningunni svara eg því, að félagið getur hæglega tekið málið að sér án verulegra aukinna útgjalda. Eins og framsögum. (Þ. J.) gat um, þá eru ráðunautar félagsins oft á ferð um þessar slóðir, og gæti þeir þá litið eftir og sagt mönnum fyrir verkum án nokkurs kostnaðarauka. Hitt atriðið er kannske ekki mitt að dæma um.

En viðvíkjandi orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að sérstakrar »fag«-þekkingar þyrfti hér við, þá vil eg spyrja: Hvaða »fag«-þekkingu hefir sá maður, er nú annast þetta starf? Alls enga. Hann hafði hana ekki þegar hann kom, og hafi hann öðlast einhvern snefil af þekkingu á málinu síðan, þá hefir hann fengið hana af æfingunni. Annars eru skiftar skoðanir um, hve mikil þekkingin er. Eg hygg því, að Búnaðarfélagið geti tekið þetta mál að sér, svo að ekki fari lakar úr hendi. Eg get líka skýrt háttv. þm. frá því, að áður en þetta mál var lagt undir skógræktarstjórann, þá heyrði það undir Búnaðarfélagið, og einn starfsmaður þess, Einar Helgason garðyrkjumaður, hafði það þá með höndum. Og eg trúi því ekki öðru, en að hann sé fær um að taka það að sér nú eins og áður. Líka ber á það að líta, að sandgræðslan stendur í sambandi við grasrækt og áveitu, og eg fullyrði það, að hver maður með íslenzka búfræðisþekkingu getur int þetta starf af hendi, og það ekki lakar en útlendingur, sem hingað er

sendur og ekkert þekkir hér til. Háttv. þm. segja nú ef til vill, að eg sé ekki alveg óvilhallur, þar sem eg er starfsmaður Búnaðarfélagsins, en eg vona nú samt, að þetta verði skilið eins og það er talað.

Eg vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir, og frumv. ásamt tillögum nefndarinnar verði samþykt.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 231 samþykt með 19 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Guðm. Hannesson	
Benedikt Sveinsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Magnússon, Matthías Ólafsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust með meirihlutanum.

5 þingmenn fjarverandi.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 231 við 2. gr. samþykt með 15 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþykt með 15 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

3.—6. brtill. á þgskj. 231 talin samþ. án atkvgr.

7. gr. þannig breytt og 8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

7. brtill. á þgskj. 231 við 9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

9. gr. með áorðnum breytingum samþykt með 16 shlj. atkv.

10. gr. óbreytt samþykt með 14 shlj. atkv.

8. brtill. á þgskj. 231 (ný gr.) samþ. með 14 shj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi, föstudaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þgskj. 280).

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Eg vil að eins geta þess, að eg hefi orðið var við tvær prentvillur, sem eg hygg að megi leiðrétta í »redaktioninni«. Það er í 4. gr. og 2. línu 9. gr. Á báðum stöðunum stendur ranglega 7. gr., en á að vera 8. gr. Eg álít óþarft að halda neina ræðu um málið við þessa umr. Því var svo vel tekið við 2. umr. og breytingartillögur liggja ekki fyrir.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 15 shlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

---

5. Vélgæzla.

Á 1. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum skipum.

Á 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var frumv. tekið til 1. umr. (A. bls. 87).

Ráðherra (H. H.): Síðastliðinn vetur barst stjórnarráðinu erindi frá íslenzkum útgerðarmönnum botnvörpuskipa hér í bænum, þar sem þeir kvörtuðu um, að svo mikill hörgull væri á vélstjórum, sem fullnægði ákvæðum vélstjóralaganna frá 11. júlí 1911, að til vandræða horfði, en hins vegar skýrðu þeir frá, að völ væri á mönnum hér, sem hæfir væri til vélstjórastarfa á botnvörpuskipum, þó að ekki fullnægði þeir ákvæðum laganna. Útgerðarmennirnir fóru því fram á, að stjórnarráðið útvegaði bráðabirgðalög, sem heimiluðu undanþágu frá kröfum þeim, sem lögin frá 1911 gera til vélstjóra. Stjórnarráðið varð við þessum tilmælum, eftir að hafa leitað álits Fiskifélags Íslands og stjórnar vélstjórafélagsins hér í bænum. Bráðabirgðalögin vóru gefin 2. marz 1914, samkvæmt því, sem heimilað er í stjórnarskránni. Það eru þessi bráðabirgðalög, sem nú eru lögð fyrir þingið í frumvarpsformi, í því skyni að þau verði að lögum. Hér er ekki farið fram á að veita nokkrum manni fullkomið vélstjóraskírteini án þess að hann fullnægi ákvæðum laganna frá 1911, heldur að eins að þeir menn, sem til þess teljast hæfir, geti fengið leyfi til að gegna vélstjórastörfum meðan lögin eru í gildi, til þess að koma í veg fyrir, að vélstjóraeklan standi botnvörpuútveginum fyrir þrifum.

Eg vonast eftir, að allir geti verið samdóma um gagnsemi þessara laga og að frumvarpið fái því að ganga fyrirstöðulaust gegnum þingið.

Skúli Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd. Í nefndina vóru kosnir með hlutfallskosningu:

Sveinn Björnsson
Matthías Ólafsson
Benedikt Sveinsson
Björn Hallsson
Guðmundur Hannesson

(með hlutkesti milli hans og Jóns Magnússonar).

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi, föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 87, n. þgskj. 88).

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Eg hefi litlu við að bæta umfram það, sem stendur í nefndarálitinu. Það er á tvent að líta í þessu máli. Annars vegar það, að ekki sé skortur á vélstjórum, og hins vegar að þeir, sem útlærðir eru og hafa próf, gangi þó fyrir öðrum. Nefndin gat ekki álitið sanngjarnt, að þeir menn, sem nú eru teknir til vélstjórastarfa með undanþágu, sé alveg réttlausir, svo að þeir verði að víkja þegar aðrir menn koma til, sem lært hafa til starfans á þann hátt, sem lögin ákveða. Hins vegar vill hún gera þeim að skyldu, að afla sér þeirrar þekkingar, sem gildandi lög gera ráð fyrir. Breytingartillögur nefndarinnar bera með sér, hvernig hún hugsar sér að þessu verði fyrirkomið.

Eg hygg, að ekki sé þörf á lengra máli, og vona eg að háttv. deild geti fallist á breyt.till. og samþykt frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.:

2. brtill. á þgskj. 88 samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrri málsgr. frv.gr. þannig breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 88 samþ. með 17 shlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 88 samþ. með 13 shlj. atkv.

5. brtill. á þgskj. 88 samþ. með 14 shlj. atkv.

Síðari málsgr. frv.gr. er verður 5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

1. brtill. á þgskj. 88, við fyrirsögn frumv., samþ. með 16 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 16. fundi, mánudaginn 20. júlí, var frumv. tekið fyrir til 3. u m r. (þgskj. 129, 139).

Björn Kristjánsson: Eg á örlitla breytingartillögu við þetta frumv. á þgskj. 139. Hún fer fram á það, að járnsmiðir, sem lært hafa erlendis, komist inn undir lögin, en samkvæmt 3. gr. frumv. eru þeir útilokaðir. Það er vitanlegt, að margir menn læra járnsmíði erlendis. Eg veit um einn mann, sem stundað hefir nám við Flydedokken í Kaupmannahöfn í 5 ár; hann hefir auk þess tekið fyrra hluta prófs í vélfræði og ætlar sér að taka síðara hluta prófsins. Eg vænti þess, að háttv. nefnd og deild sjái, að það nær ekki nokkurri átt að útiloka slíka menn.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Nefndin hefir fallist á breyt.till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Það er af vangá, að þetta atriði hefir ekki verið athugað.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 139 samþykt með 17 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþykt með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

6. Hérar.

Á 1. fundi Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt:

frumvarpi um friðun héra.

Á 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r. (A. bls. 110).

Ráðherra (H. H.): Þetta mál er svo til komið, að maður, velviljaður Íslandi, Theodor Havsteen, eigandi að stórbýlinu Maglegaard við Hróarkeldu, hefir boðist til að gefa og flytja hingað til lands lifandi héra frá Noregi eða Færeyjum, til að koma hér upp stofni nýrra veiðidýra, er að gagni mætti koma. En skilyrðið fyrir því, að tilraunin geti hepnast er það, að dýrin verði friðuð um tiltekinn tíma meðan þeim er að fjölga. Eg hefi orðið þess var, að þó þetta virðist ærið einfalt mál, þá eru skoðanir manna á því mjög skiftar. Sumir álíta, að mikið gagn geti leitt af þessu fyrir landsmenn. Aftur á móti eru aðrir þeirrar skoðunar, að það geti orðið til hins mesta ógagns — hérarnir muni spilla jarðargróðri og jafnvel verða orsök í uppblæstri landsins. Eg hygg að þessi hræðsla sé nokkuð ástæðulítil, og að skepnur þessar sé fremur meinlausar, að minsta kosti skaðlitlar fjarri bæjum, og að miklu fremur megi verða búbætir að þeim fyrir marga. Væntanlega verður kosin nefnd í málið, og tekur hún þá hinar skiftu skoðanir til nánari athugunar.

Skúli Thoroddsen: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin í þetta mál.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykt í einu hlj. að kjósa 5 manna nefnd. Kosningu hlutu:

Guðmundur Hannesson
Skúli Thoroddsen

Hjörtur Snorrason
Þórarinn Benediktsson
Einar Jónsson.

Á 23. fundi, þriðjudaginn 28. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 110, n. þgskj. 207).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Mér kæmi það ekki á óvart, þótt háttv. þingmenn hefði brosað þegar þeir lásu nefndarálitið á þgskj. 207 um þetta frumv.

Sannleikurinn er sá, að nefndin gat ekki fyllilega svarað þeirri aðalspurningu, sem fyrir hana var lögð: hvort hætta geti stafað af því, að flytja inn héra eða ekki. Það var ekki í annað hús að venda en að leita sér upplýsinga um þetta í bókum þeim, sem við höfðum aðgang að hér á safninu, og er í nefndarálitinu tilfært hið helzta af því, sem við fundum um héra og hætti þeirra. Sömuleiðis reyndum við að bæta úr fáfræði okkar á þessu máli með því að leyta upplýsinga hjá skógræktarstjóranum, því að við sáum, að þau spell, sem hérar kynni að valda, myndu koma einna harðast niður á skógarnýgræðingi. Kálgarða töldum við ósennilegt að þeir mundu eyðileggja, því að ekki þarf nema einn hund á hverjum bæ til þess að æra alla héra í burtu. Við skrifuðum því skógræktarstjóranum, og er bréf hans prentað hér með nefndarálitinu. Eg get ekki sagt, að þetta bréf skógræktarstjórans geri mann miklu fróðari. Mestur hluti þess bendir til þess sama og bækurnar, að hérar sé ekki alls kostar skaðlaus dýr, en svo endar það á þeirri ályktun, að af tveimur ástæðum sýnist gerlegt að flytja hérana inn í landið. Í fyrsta lagi af því, að mjög hægt er að eyðileggja hérana, og í öðru lagi af því, að skaðinn, sem þeir geri sé ekki ýkja mikill. Þessi ályktun sýnist mér því undarlegri, sem það er tekið fram í bréfinu, að verði hérar fluttir inn, þá verði nauðsynlegt að girða kálgarða, gróðrarstöðvar og því um líkt með þéttu vírneti.

Það mælir helzt með innflutningi héra, að gagnið þykir hvarvetna meira en skaðinn, sem af þeim hlýzt. Hérar eru í öllum nágrannalöndum vorum, eru þar hvarvetna friðaðir mestan hluta árs og hvergi hefir það komið til tals að útrýma þeim. Nefndin gengur að því vísu, að oss muni líkt fara og öðrum, að meta meira gagnið en skemdirnar.

Eg tel það litlum vafa bundið, að hérar geti lifað hér á landi. Þeir eru eins og kunnugt er í öllum heimskautalöndum, nærri því svo langt, sem nokkur hefir komið, eða að minsta kosti svo langt norður, sem nokkur bygð nær.

Við nefndarmenn höfum allir orðið á eitt sáttir um að mæla með frv, enda þótt við höfum ekki haft svo haldgóðar upplýsingar, sem við hefðum kosið, til þess að byggja nefndarálitið á.

Einar Arnórsson: Eg stend upp helzt til þess, að láta í ljósi undrun mína yfir nefndarálitinu á þgskj. 207. Reyndar heyrði eg á ræðu háttv. framsögum. (G. H.), að hann furðaði sig á nefndaráliti því, sem hann hafði samið og undirritað. Það virðist helzt svo, sem hann væri nú orðinn hræddur við það meðvitundarástand, sem hann virðist hafa verið í, er hann reit álitið. Eg vil ráða háttv. deildarmönnum til þess, að kynna sér nefndarálit þetta, því að það er alveg einstakt í sinni röð.

Aðalefni þess er að sýna fram á, hver skaðsemdardýr hérar sé. Nefndin vitnar í nokkur sérfræðirit, er öll fara í þá átt að sanna þetta. Einn höf. segir, eftir því, sem í nefndarálitinu greinir,

að hérar sé »mjög skaðleg dýr« fyrir sveitabændur. Annar segir þá »nærgöngula í harðindum, eta alt sem tönn festir á, engar girðingar halda þeim, nema þétt net, sem óvíðast verði komið við, og enga leið til að útrýma þeim, nema skjóta þá«. Þriðji höf. segir, eftir því sem nefndin hermir, að hérar hafist mest við í skóglendi, eti allskonar gras, helzt smára, ber og mýrgresi, bíta nýgræðing í skógum, naga börk af birki og reynivið, einkum í harðindum. Þeir leiti oft í kálgarða og sé sólgnir í kál.

Svo fer nefndin til skógræktarstjóra. Hann segir þá líka hættulega, segir »þá gera talsverðan usla í ræktuðum skógum, með því að bíta plönturnar í nýstofnuðum gróðrarstöðum«. Þetta geri þeir þó *varla* í stórum stíl, nema í hörðum vetrum þegar skortur sé annars fóðurs. Hann segir héra fara inn í kálgarða, eta kál, flysja börk af ungum trjám o. s. frv. Hann hyggur, að setja þurfi upp vírnet til að verja fyrir þeim skóga o. s. frv. Og í öllu falli megi skjóta þá og útrýma þeim, þegar þeir taki að verða alt of nærgöngulir.

Þrátt fyrir þenna vitnisburð vill skógræktarstjórinn ráða til að flytja *þá sem fyrst hingað inn í landið*.

Og eftir að nefndin hefir fengið þessar upplýsingar, *allar móti*, en engar með, kemur ályktun nefndarinnar, eins og skollinn úr sauðarleggnum, sú, að nefndin »ekki *mótfallin*« frumvarpinu um innflutning héra.

Engin ástæða talin *með*, allar móti.

Nefndin telur eigi einu sinni, að þó sé hægt að *eta* þá. Þetta er eina ástæðan með, hygg eg, en nefndin nefnir hana eigi.

Rökrétt ályktun af nefndarálitinu er sú, að fella beri frumvarpið. Betra að gera það, en hætta á neitt í þessu efni.

Einar Jónsson: Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hóf ræðu sína með því, að taka það fram, að hann hefði ekkert vit á þessu máli. En svo kemur hann með ýmsar aðfinslur og hnútur í garð nefndarinnar. Það er alt af hægast að finna að. Nefndin hefir reynt að ráða fram úr, hvort gerlegt væri að hleypa hingað inn hérum. Skrifari nefndarinnar hefir lagt mikið starf á sig út af þessu, og efast eg um, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði farizt það betur úr hendi. *(Einar Arnórsson:* En hvar er gagnið?) Hvar er gagnið? spyr háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) — gagnið er í upplýsingum þeim, sem nefndarálitið gefur, og tilvitnunum þeim til ýmsra rita og umsagna merkra manna, sem þar eru tilgreindar — lesi því þeir, sem vilja skilja. Hann spurði, hvort eta mætti héra, og get eg við þeirri spurning svarað því, að hann yrði þeirri fæðu feginn, ef hann væri svangur. Þótt háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi skemt mönnum vel með aðfinslum sínum, þá vil eg ráða honum til, úr því að hann hefir ekki vit á málinu, að sjálfs hans sögn, að láta vera að greiða atkvæði, og það ætti aðrir líka að gera, sem eins er ástatt um. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er héralegt). Það gæti þó kannske losað háttv. þingm. Dal. (B. J.) við héraskapinn í dag, að segja nú ákveðið já eða nei. Hér er tækifæri fyrir hendi, að vera ákveðinn partiskulaust.

Framsögumaður (Guðmundur Hannesson): Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hefir nú svarað sumu af því, sem eg þurfti að svara.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að nefndin hefði dregið ranga ályktun af dæmum þeim, sem hún tilfærir um héra. Þetta er ekki rétt. Hérar eru í öllum nágrannalöndum vorum, og er engi óánægja yfir þeim; ef þeir hefði gert spell, mundi það hafa heyrzt, því að þá

mundu menn hafa reynt að útrýma þeim. En ekkert hefir heyrzt í þessa átt. Því er enga mótsögn um að ræða í nefndarálitinu. En það, að nefndin telur sig ekki mótfallna frumvarpinu, táknar aðeins, að nefndin vill ekki taka það á sína ábyrgð, að hérar sé að öllu skaðlausir, þótt hún sé frv. hlynt.

Skylt er að þakka háttv. 2. þm. Árn. (E. A) fyrir þá miklu vizku í lok vertíðar, að það gagn megi af hérum hafa, að hafa þá til matar. Þeir vita það þá hér á eftir, sem ekki vissu það áður!

ATKV.GR.:

1.—2. gr. frv. samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Björn Kristjánsson	Bjarni Jónsson
Einar Jónsson	Einar Arnórsson
Guðmundur Eggerz	Jóhann Eyjólfsson
Hannes Hafstein	Jón Jónsson
Hjörtur Snorrason	Sigurður Sigurðsson
Jón Magnússon	Sveinn Björnsson.
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Skúli Thoroddsen	
Þórarinn Benediktss.	

Eggert Pálsson, Björn Hallsson, Sigurður Gunnarsson, Stefán Stefánsson, Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og vóru taldir til meiri hluta.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 5 atkv.

Á 25. fundi, fimtudaginm 30. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (A. bls. 110, þskj. 289).

Benedikt Sveinsson: Mér virtist háttv. deild sýna nokkuð mikla léttúð, þegar hún samþykti þetta frv. við 2. umr. með þó nokkrum meiri hluta. Það er þó ekki svo lítið athugavert, eins og nefndarálitið sjálft ber með sér, að stuðla að því, að hérar verði fluttir í landið og látnir aukast hér og margfaldast.

Háttv. nefnd kvartar um að hún hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um það, hvort hér sé um skaðleg dýr að ræða eða ekki. Þetta var þó það fyrsta, sem nefndin var *skyldug* að gera, áður en hún gæti farið að mæla með innflutningi héra. En mér finst nú satt að segja síður en svo, að nefndarálitið bendi í þá átt, að nefndin hafi þurft að vera í nokkrum vafa. Eg sé ekki betur, en að þar sé fengnar æðimiklar upplýsingar um það, að hér sé einmitt um ærið skaðleg dýr að ræða.

Í nefndarálitinu er það haft eftir þrem fræðiritum eftir útlenda höfunda, að í fyrsta lagi sé hérar mjög skaðlegir fyrir sveitabændur (Landmandsbogen). — Í öðru lagi, að þeir geta orðið mjög nærgöngulir á vetrum, engin girðing haldi þeim nema þéttriðin vírnet, og engin leið sé til að útrýma þeim, nema sú að skjóta þá.

Vér höfum nú verið að berjast við að eyða refum hér á landi í þúsund ár og hefir ekki tekist að útrýma þeim enn. Eg hygg, að hér gæti farið eins. — Í þriðja lagi er sagt, að hérar bíti nýgræðinginn í skóglendi og nagi börk af trjám í harðindum. Harðindi eru nú meiri hér á landi en víðast annarstaðar, svo að hætt er við að meira myndi bera á ágangi héranna hér, en t. d. í Danmörku og Noregi. Hér kemur vafalaust aldrei sá vetur, að ekki mundi þar kallaður harður, og samkvæmt því verða hérar nærgöngulir við skóga, naga börk af birki og reyni og allan nýgræðing *á hverjum einasta vetri*. Sagt er og að þeir fari í kálgarða á nóttum og éti kálið.

Eg hygg nú ekki vafa á því, að þetta sé alt skaðlegt, og að þar sem þessum

þrem fræðiritum ber saman í þessu, — og önnur fræðirit hefir nefndin ekki haft með höndum — þá geti þingið talið þetta viðunandi upplýsingar til þess að friða samvizku sína, þótt það *felli* þetta frumv. Hitt get eg ekki skilið, að það fari að ganga þvert ofan í allar þessar upplýsingar og samþykkja nú frumvarpið, fyrr en það hefir fengið aðrar staðbetri, sem hrinda þessum. Ef það sannaðist einhverntíma, að gagnsemin af þessum dýrum væri mjög mikil, þá væri ætið hægur hjá að leyfa innflutning á þeim síðar.

Þá hefir nefndin og borið þetta mál undir þann mann hérlendan, sem hún segir að varði þetta mest og hún hyggur, að bezt skynbragð beri á það, enda ætti helzt að vilja hlynna að skógleifum vorum, en það er skógræktarstjórinn, með því að hérar hafast mjög mikið við í skógum. Eg sé nú ekki betur, en hann kannist við það, að þessi dýr sé harla skaðleg skógræktinni, svo að þau geti jafnvel snarlega etið upp þessar litlu gróðrarstöðvar vorar, sem hann og fleiri hafa verið að basla við að koma upp síðasta áratuginn. En þó virðist svo, sem hann vilji bera í bætifláka fyrir dýr þessi. Hann segir, að hér sé ekki um ræktaðan skóg að gera nema einstöku gróðrarreiti. En er það ekki nóg? Eg sé ekki betur en að hérarnir mundu þá einmitt leggjast á þá og verða þeim því skæðari, sem þeir eru víðáttuminni.

En skógarvörðurinn kemur með þetta *þjóðráð*, að þar sem sé ekki nema um smásvæði að ræða, þá sé hægurinn hjá að girða þau með vírnetum! Það myndi þó kosta ekki all-lítið fé og auk þess mikið eftirlit. — Sama segir hann um kálgarðana, en hræddur er eg um, að bændum þætti það lítil búbót, að þurfa að fara að girða kálgarða sína með vírnetum.

Hér er um allvarhugavert atriði að ræða, og frá mínu sjónarmiði er það algerlega ótilhlýðilegt að samþykkja þetta frv. fyrr en fengnar eru nánari upplýsingar; hér þarf *skýlausa vissu* fyrir því, að hérarnir verði meir til gagns en tjóns, ef þingið á að stuðla að flutningi þeirra í landið.

Skógarvörðurinn fullyrðir, að hérarnir geri ekki mikið tjón í samanburði við sauðfé. Það er sjálfsagt rétt, en hvað sannar það? Er það ekki öllum vitanlegt, að sauðféð, sem helmingur þjóðarinnar lifir á, gerir landinu einnig *ómetanlegt gagn?* En það, sem þessir góðu herrar, héramenn, eiga eftir að sanna, er það, hvort hérarnir geri ekki meiri skaða og það margfalt meiri en sauðkindin, *móts við það gagn, sem hvort um sig gerir.*

Þessi samanburður skógræktarstjórans er því algerlega marklaus. — Að öllu þessu athuguðu leyfi eg mér að leggja til, að málið verði felt við þessa umræðu.

Einar Arnórsson: Eg get verið stuttorður að þessu sinni. Það er einkennilegt við þetta nefndarálit, að í því er *alt* tilfært á móti málinu, en *ekkert* með því, enda man eg ekki betur, en að háttv. framsögum. (G. H.) tæki það fram berum orðum, að nefndin vildi enga ábyrgð taka á þessu frv. En úr því að nefndin er svona óviss, þá sýnist mér það vera sjálfsagður hlutur, að deildin fari ekki heldur að taka á sig þá ábyrgð, sem leiðir af því að samþ. þetta frumv. Sumir segja, að eitthvert gagn megi hafa af þessum kvikindum. Þau eru sögð góð átu, og þá er bjórinn sjálfsagt einhvers virði, en líklega mun

þó veiðimannsánægjan vera mest. En eg skil ekki, að þessi gagnsemi héranna sé svo mikils virði, að rétt sé að stofna í þá hættu, að þeir geri oss ef til vill langt um meira tjón.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat um vírnet skógræktarstjórans. Það held eg að gæti orðið þungur baggi að girða alla gróðrarreiti með vírnetum, og auk þess myndi það tæplega að haldi koma, því að hérarnir gæti sjálfsagt farið yfir þau á vetrum þegar snjóar eru og grafið sig undir þau á sumrum.

Eg býzt nú við að sumir þeir, sem greiddu atkvæði með málinu til 2. umr. með nafnakalli, áliti sig bundna við sitt «já«. En þar sem málinu er svo komið, að sumir eru einbeittir í að samþykkja það, en aðrir jafnákveðnir í að fella það og þriðji flokkurinn óráðinn, þá álít eg vel við eigandi að afgreiða málið með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

> Með því að mál þetta virðist ekki horfa til neinnar verulegrar gagnsemi landi og lýð, enda eigi nægilega upplýst, þykir deildinni ekki ástæða til að taka ákvörðun um það, og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Hannes Hafstein: Eg er sannfærður um, að þeim manni, sem hefir boðist til að gefa héra til innflutnings í landið, þætti mjög leitt, að hann skyldi hafa verið að skifta sér af þessu, ef hann vissi, að menn hér álíti það til ills. Hann bauð þetta af góðum huga og hefir ekki dottið í hug, að menn mundu álíta héranа þá skaðræðisgripi, eins og gert er á þessu þingi.

Annarstaðar eru hérar stranglega friðaðir, t. d. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýzkalandi og að eins lítinn tíma ársins leyft að skjóta þá, svo að þessi mikla hræðsla, sem hér bólar á, virðist ekki hafa fest djúpar rætur í þessum löndum. Mig brestur að vísu þekkingu til að dæma um, hvort þeir geti gert nokkurn skaða, en eftir mínu litla viti getur í öllu falli ekki verið hætt við að sá skaði geti orðið ýkja mikill. Hér er svo mikið landrými, að hérarnir þurfa ekki þrengslanna vegna að ásælast mannabýlin, og náttúra þeirra mun kenna þeim að reyna að halda sér utan bygðanna eftir megni, því að þeir eru, eins og kunnugt er, mjög styggir og hræddir, svo að það er orðið að almennu máltæki, þegar einhver sýnir af sér mikla, ástæðulausa hræðslu, að segja að hann sé »hræddur eins og héri«.

Um sumartímann, þegar jarðargróður er í blóma, leita þeir vafalaust til fjallanna og sjást ekki í bygðum, en þó að þeir á vetrum leituðu niður til bygðanna, eins og rjúpan, þá mundu þeir varla geta valdið miklum skemdum, því að ekki er þar svo fjölskrúðugt af aldingörðum né skógarprýði, að eftir miklu sé að seilast af slíku heima við bæina; menn hafa ekki verið svo áfjáðir hingað til, að rækta skóg né skrauttré í kring um híbýli sín.

Engin kálgarðshola mundi að vetrarlagi bíða neinn baga af því, þótt einhver veslings héri þefaði þar um frosin beðin. Hérinn er alment talinn afarmeinlaust dýr, sem þar að auki er gott átu og þykir því víðast búbót fremur en hitt. Hingað til hefir það verið ósk alþingis, að fjölga fremur dýrategundum í landinu, en fækka þeim, eins og öll friðunarlög landsins votta. Eg held, að það sé alt of mikil hérahræðsla, að halda að landauðn stafi af því, að þessi litla og ómannýga skepna flytjist hingað. Hreindýr hafa verið flutt hingað og friðuð og þingið hefir veitt stóra upphæð til að flytja inn ramefid moskusnaut, þó nærri megi geta, að meiri ástæða getur verið hjartveikum mönnum að hræðast þau, heldur en veslings héranа. Þau hafa reyndar ekki verið flutt inn enn-

þá, en þingið hefir sýnt vilja sinn í því efni, með því að bjóða fram 10 þúsund krónur hér um árið til að fá þau.

Eins og eg sagði í upphafi, er eg sannfærður um, að þennan mann, sem bauðst til að gefa hérana, langar ekki til að troða þeim upp á landið í óþökk landsmanna. Hann hélt að þetta boð sitt yrði vel þegið, og ef þingið vill ekki þiggja það nú, er engin hætta á, að hann bjóði það aftur, eða flytji hérana inn án þeirra friðunarákvæða, sem eru nauðsynlegt skilyrði fyrir timgun þeirra fyrst í stað. *(Benedikt Sveinsson:* Þessi maður á víst ekki alla héra heimsins, svo að Íslendingar verða varla í stór-vandræðum að útvega þá seinna, ef þeir verða sannfærðir um, að gagn sé að innflutningi þessara dýra).

Guðmundur Hannesson: Eg kannast fyllilega við, að það sé eðlilegt að þær athugasemdir komi fram, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kom með. En hann mintist ekki á neitt atriði, og ekki heldur háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem nefndinni væri ekki fyllilega ljóst. Að svo miklu leyti var dómur nefndarinnar um frv. á rökum bygður, að hann var ekki feldur án þess að taka tillit til kosta og ókosta þess, þó að nefndin gæti ekki beinlínis mælt með því.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók mikið fram af því, sem eg vildi sagt hafa. Á sumrum er langlíklegast að hérarnir haldi sig í óbygðum, því að þeir eru ekki gjarnan á mannafæri, ef þeir eiga annars kost. Á vetrum hvarfla þeir svo til bygðanna og halda sig ef til vill í grend við bæina, en ekki hygg eg, að mönnum stafi nein veruleg hætta af þeim, og ekki heldur hvað skógana snertir. *(Einar Arnórsson:* Það stafar þó ekki mannhætta af þeim!). Að vísu stendur ekki lífi manna hætta af þeim, en eignir manna gæti ef til vildi verið í hættu. Þó held eg að þeir geti lítið eða ekkert tjón gert við bæina, og um það er eg ekki í neinum vafa, að lítið bízt af skógum okkar af hérunum í samanburði við það, sem aðrar skepnur okkar bíta þá. Eitt held eg að fullyrða megi: Það er alls ekki hægt að fá nægilegar upplýsingar til að byggja á, hvað mikinn skaða hérarnir geri. Það má þó telja áreiðanlegt, að þeir geri einhvern skaða, en ekki mikinn, og að líkindum miklu minni en menn ætla. Meginástæða nefndarinnar er þessi: Í öllum nágrannalöndum okkar eru hérar, og engum okkar hefir borist til eyrna að þar hafi verið talað um að útrýma þeim. Okkur þótti samvizkusamlegra að tilfæra alt, sem við vissum, til athugunar fyrir þingið, og eg held að við þurfum ekki að gera okkur vonir um, að það fáist nokkurntíma upplýsingar fram yfir þær, sem deildin hefir nú. Menn kunna að segja, af því að þessum dýrum fjölgar nokkuð ört, að svo gæti farið, að þau yrði að landplágu. En því er fljótsvarað: Hérarnir eiga örðugra uppdráttar hér heldur en annars staðar, og þeim fjölgar miklu minna en menn skyldu ætla, vegna þess hve fljótt þeir æxlast. Ungarnir eru viðkvæmir og þola illa veðurhörkur, og auk þess verða þeir öðrum dýrum að bráð. Það var einusinni sagt, að hérar hefði verið í Vestmannaeyjum, og þótt gera þar mikinn skaða, og því hefði verið gengið að því með oddi og egg að útrýma þeim. Eg hefi spurt fræðimann einn um þetta, og sagði hann, að það myndi ekki hafa verið hérar, heldur kanínur, og er það skiljanlegra, því að þær eru þektar að því að fara illa með jarðveginn. Þetta tilfærðum við af samvizkusemi, en töldum það annars ekki neina hættu. Og okkur hefði ekki

dottið í hug að leggja til, að þetta frv. yrði samþykt, ef við hefðum haft ástæðu til að halda, að af því hlytist hætta fyrir bændur og búalið.

Bjarni Jónsson: Eg verð að játa það, að hérafræðin er eins og lokuð bók fyrir mér, nema hvað eg hefi heyrt þess getið, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) nefndi, að þeir væri ekkert orðlagðir fyrir hugprýði. Eg hefi lesið nefndaráliti og álit skógræktarstjórans. Eg trúi því eins og skylt er, sem slíkt Autöritet segir, og legg þessvegna mikið upp úr áliti þess manns. Hann er sjálfsagt vel kunnugur hérunum, því að nóg er af þeim í Danmörku.

Það sem hann meðal annars segir um harða vetur, er sjálfsagt miðað við harða vetur í Danmörku, en eftir því eru altaf harðir vetur hér. Skógræktarstjórinn stingur upp á þeirri vörn gegn ágangi þessarra dýra, að setja vírnet í kring um gróðrarstöðvar og garða. Það getur verið, að þetta sé snjallræði, en þó held eg að hérarnir myndu komast yfir virinn á fönn, og þá eru trjátoppunum ekki grið gefin. Eg býst við, að jafnvel með vírnetum alt í kring, gæti skógarstöðvarnar ekki varið sig fyrir nagdýrum þessum. Eg kalla hérana ekki nagdýr, af því að eg haldi að þeir tilheyri þeim flokki dýra, er svo nefnist, heldur af því, að þeir eru síbítandi og nagandi. En skemmist ein gróðrarstöð af völdum héranna, þá er þar með upp unninn allur sá hagur, sem getur orðið af innflutningi þeirra. En að girða með vírnetum fyrir þetta dýr, myndi verða harla kostnaðarsamt, og minnir það mig á aðra uppástungu: að sá til skóga upp um afrétti og hafa svo nokkra ríðandi menn til að gæta þess, að sauðfénaður og aðrar skepnur fari ekki um þau svæði afréttarins. Það myndi varla veita af einum 600 riddurum til þess. Fejlberg hendi gaman að þessari tillögu og vitnaði í það, sem stendur í einni matreiðslubók: »Taka skal silfurdisk« . . . náttúrlega hvort sem silfurdiskur er til á heimilinu eða ekki. Það yrði dýrt að hafa alla þessa riddara, hitt yrði líka dýrt með vírnetin. Ef hérinn er hræddari við menn heldur en við tóuna, þá er görðunum ekki hætt, en gróðrarstöðvunum því hættara. Hvað er svo unnið við að fá þessi blessuð dýr inn í landið?

Háttv. framsögum. (G. H.) sagði, að þau tímguðust ekki neitt ákaflega fljótt. Gagnsemin yrði þá víst heldur ekki mikil, og skaðinn þá um leið væntanlega minni. Það er sagt, að héraket sé góður matur, en eg veit að það er algengt þar sem héraket er á borðum, t. d. í Khöfn, að spyrja, hvort það sé kattaket. *(Hannes Hafstein:* Getur hérinn gert að því?). Eg get svarað háttvirtum 1. þm. Eyf. (H. H.) því, að eg saka alls ekki hérana um það. Eg saka heldur ekki þann mann, sem hefir boðist til að gefa héra til innflutnings í landið, fyrir tilboð hans. Eg er sannfærður um, að hann hefir boðið þetta í bezta tilgangi, og eg tel mér sjálfsagt að vera honum þakklátur fyrir, að hann hefir, ótilkvaddur af öllum, verið að hugsa um gagnsemi þessa lands. Ekki er heldur hægt að liggja stjórninni á hálsi fyrir það, að hún lætur þetta boð hans koma undir atkvæði þingsins. En þó að eg vilji ekki láta taka þessu boði, þar sem þessir hérafróðu menn hafa ekkert gott um gagnsemi hérans að segja, þá get eg bæði verið stjórninni og manninum þakklátur fyrir boðið. Það gagn, sem hafa mætti af hérunum, er varla mikils virði og vegur ekki á móti þeim skaða, sem búast má við að af honum hlytist. Það er ketið og skinnið, en aðalatriðið mun þó vera veiðigleðin.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að með þessu auðgaðist dýralíf hér á landi. Ef það á að metast ástæða fyrir frumv. þessu, má alveg eins segja, að rétt sé að flytja hingað til lands rottutegundir ýmsar eða önnur kvikindi, því að þar með auðgast dýralífið. En ekki nær það nokkurri átt að bera hérana saman við moskus-uxa. Það er töluvert meira gagn, sem fengist af moskusuxum, og vert að leggja sig í meiri hættu við þá heldur en hérana, sem ekkert gagn fæst af.

Eg mun hallast að dagskránni, sem fram er komin, og vænti eg, að sama geri aðrir háttv. þm., sem eru eins og eg, ekki hérafræðingar.

Það var rétt hjá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að þetta boð stendur ekki, ef frumv. verður felt. En eg býst ekki við, að þessi maður, sem hérana býður fram, hafi umráð yfir öllum hérum heimsins, og ef því síðar meir þætti nauðsynlegt að fá hingað héra, ætti það að vera hægt, þótt þetta frumv. verði felt.

Það hefir verið sagt, að ekki væri vitað, hvert gagn mætti hafa af hérum, fyrr en þeir hafa verið fluttir inn í landið. Mér þykir líklegt, að um þetta megi þó fá vitneskju hjá öðrum þjóðum. Nú er bókasafnið hér ekki auðugt að ritum um þetta, en það ráð mætti taka, að senda sendiherra, t. d. ráðherra, og, ef vildi, náttúrufræðing einhvern með honum, til að rannsaka málið. Þess vegna tel eg rétt að sam þykkja dagskrána. Jafnvel þótt ófriður sé, býst eg ekki við, að hérarnir hafi sig svo mjög í frammi, að enginn verði eftir. Svo er líka heppilegra að hafa fengið vírnetin áður en þeir koma.

Guðm. Eggerz: Eftir ræðum sumra manna í dag er svo að heyra, að mönnum sé ekki vel ljóst, hver dýr sé um að ræða. Sumir virðast halda, að hérar sé kettir, eða jafnvel kálfar. Þvílíkar fjarstæður er undarlegt að heyra af vörum þingmanna.

Eins og kunnugt er, eru hérar bæði í Danmörku og Færeyjum. Til Færeyja eru þeir nýkomnir, og eru eyjarskeggjar mjög ánægðir með að hafa fengið þá.

Mér er kunnugt um það, að í Jótlandi, þar sem eg hefi verið nokkur ár, eru allir ánægðir með það, að hérar sé friðaðir, sem mig minnir að sé á tímabilinu frá því í ágúst og þangað til á aðfangadagskvöld.

Háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) líkti hérunum við tóur. Þetta er mjög fáránleg samlíking. Tóur eru styggar og slægar. Hérar eru stundum styggir, stundum spakir. En þeir eru samlitir jörðunni, svo að ilt er að sjá þá.

Að hérar geti valdið skemdum á kálgörðum hér, það tel eg alveg útilokað. Kálgarðar eru oftast við bæi, en á hverjum bæ hér er hundur, og ekkert eru hérar hræddari við en hunda, og hundar ekki í annað sólgnari en að elta héra. Mér er kunnugt um það, að á akurhænsaveiðum hlaupa hundarnir oft frá, ef þeir finna lykt af héra, og verður ekki hægt að hafa gagn af þeim.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) heldur því fram, að hérar grafi sig inn í kálgarða. Ekki held eg að hann gæti orðið doktor í hérafræði. Hérar liggja oft í kálgörðum, en aldrei þegar regn er, því að vætuna er þeim illa við; þeir þola ekki, að vot kálblöðin strjúkist um bökin á þeim. Eins er um tóur, að í regni eru þær aldrei í skógum. Eg er hræddur um, að háttv. þm. (E. A.) hafi blandað saman kanínum og hérum. Kanínur grafa sig í jörð, en hérar grafa aldrei.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að skinnin af hérunum mundu vera ein-

hvers virði. En svo er ekki, að minsta kosti ekki skinn af hérategund þeirri, sem er í Danmörku. En hérar þykja góðir til matar og eru í Danmörku seldir á 2—4 kr. stykkið. Bændur í Danmörku hafa mikið gagn af að leigja land til héraveiða. Eg hefi sjálfur tekið þar land á leigu til héraveiða. Það var ekki meira en svo sem 20 mínútna gangur á langveginn, en 10—15 mín. á þverveginn. Fyrir það varð eg að gjalda 40 kr. í leigu. En veiðin varð 2—3 hérar, 20—30 akurhæns og fáeinar lóur.

Ekki veit eg hvaða matsöluhús það hefir verið, þar sem háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir fengið kattakjöt að eta fyrir hérakjöt, en fullyrða má eg, að ekki hefir það verið 1. klassa hótel.

Eg legg til, að vér tökum þessu boði þakksamlega. Eg hefi heyrt marga bæði á Austurlandi og Vesturlandi minnast á, að það væri undarlegt, að vér skyldum ekki hafa sýnt þá framtakssemi að flytja hingað héra, úr því að Færeyingar hafa flutt þá til sín og eru ánægðir með.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) telur það ónáttúrlegt hjá héragreyjunum að þeir bíta gras og kál. Á sama hátt ætti hérunum að þykja það ónáttúra hjá háttvirtum þm. að hann etur baunir og graut.

Einar Arnórsson: Mér kom það ekki á óvart, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði á móti nefndarálitinu. Nefndarálitið er hans skæðasti óvinur. Nú er eftir að vita, hvor sigur ber úr býtum, framsögumaðurinn í skrifarasætinu hér í deildinni, eða framsögumaðurinn í nefndarálitinu.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hélt fyrirlestur um héra- og kattafræði. Hann telur ilt að útrýma hérum, af því að þeir sé samlitir jörðunni. Eg býst nú við, að þá verði þeir nú eigi síður samlitir jörðinni hér en annarsstaðar, og því jafnilt eða verra að útrýma þeim hér.

Sami háttv. þm. (G. E.) segir, að hérar hafist við í kálgörðum í Danmörku, þegar þurt er, en býzt ekki við, að þeir muni sækja í kálgarða hér, af því að hundar eru á hverjum bæ. En ekki eru hundar í skógum til að varna því, að hérar nagi börkinn. Hundar eru og víst oftast lokaðir inni á nóttum, og geta þá ekki varið kálgarðana.

Ekki geri eg ráð fyrir því, að menn hafi miklar veiðinytjar eða veiðigleði af hérum á háfjöllum á sumrum. Á vetrum, þegar hart er, koma hérar til bygða, og geta þá valdið skemdum, t. d. á heyi, sem ekki er í hlöðum.

Hannes Hafstein: Mér heyrist, að ýmsir háttv. þingmenn haldi, að óleyfilegt sé að lögum, að flytja héra hingað til lands. Þetta er misskilningur. Allir mega flytja inn héra, án nokkurs leyfis. Hér er spurningin um það eitt, hvort hérar, sem boðist er til að gefa landinu, eigi að vera friðaðir fyrst í stað, eða ófriðhelgir frá upphafi. Og eg verð að segja, að það væri nýstárlegt af þessu háttv. þingi, sem frægt er orðið sérstaklega fyrir friðanalög sín, þingi, sem hefir friðað rándýr eins og seli, friðað ránfugla, eins og erni og auk þess »alla titlinga«, ef það nú vildi neita veslings hérunum um allan frið og grið.

Eg vil biðja menn að líta sem snöggvast á málið frá dálítið annari hlið, án nokkurrar óvildar eða fylgis við hérana. Setjum svo, að hérar væri orðnir ílendir hér, að vér hefðum verið eins hepnir og frændur vorir í Færeyjum, að hafa haft hér talsverða héraveiði, og bragðað hið ágæta og ljúffenga hérakjöt. Setjum, að svo kæmi fram lagafrumvarp hér á þingi um það, að friða

hérana um stund eða tíma árs, af því að ella væri hætta á að þeim yrði útrýmt. Hvað mundi þingið gera? Eg er sannfærður um, að hver einasti maður á þingmannabekk mundi hiklaust greiða atkvæði með friðunarfrumvarpi. Það sem hér liggur fyrir, er í eðli sínu að eins friðunarfrumvarp, heimild til friðunar fyrst um sinn; um annað þarf ekki að biðja. Hvern mun gerir það þá, þótt friðunarinnar sé beiðst fyrirfram? Eg er viss um, að þingið hefir friðað mikinn fjölda dýra, sem minna gagn er að friða. Enda mun vera svo í öllum siðuðum löndum, sem eru svo heppin að hérar eru þar, þá eru þeir friðaðir að einhverju leyti, eins og eg hefi áður drepið á.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) virtist skilja svo orð mín, sem enginn annar maður ætti ráð á hérum en þessi maður, sem gert hefir oss þetta boð. Þetta er mikill misskilningur. En hitt er víst, að hann er sá eini, sem boðist hefir til að bera kostnaðinn við þessa tilraun, hvort hérar þrífist hér, gefa skepnurnar og láta flytja þær hingað, og koma þeim fyrir í landinu á sinn kostnað. Mér skilst, að vér sitjum hér á rökstólum um það, hvort vér viljum þiggja boðið eða ekki. Vér ráðum auðvitað sjálfir hverju vér svörum. En ekki þurfum vér að stríða við slíkt tilboð frá sama manni á næsta þingi, ef vér fellum þetta frumv. nú. Það var það, sem eg sagði, og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) »misskildi«. Hér er eiginlega ekki um stórmál að ræða. En að minni hyggju eitt af skringilegri afrekum þessa þings, ef það feldi þetta frumv., án þess einusinni að þakka manninum fyrir vingjarnlegt boð.

Í tillögunni til rökstuddrar dagskrár, sem fram er komin, bólar ekki á neinu þakklæti fyrir boðið, öllu fremur þvert á móti.

Bjarni Jónsson: Eg hefi þakkað manninum og ætti að vera nóg, að þökkin komi fram í umræðunum. Eg skil það vel, að hér er að eins um friðun að ræða, ekki bann gegn innflutningi. Það er auðvitað gagnslaust að flytja hingað héra og skjóta þá jafnharðan sem þeir koma á land. Það skilja allir. En hitt draga menn í efa, hvort jafnmikið gagn eða gleði geti hlotist af hérunum sem skaði. — En dagskráin væri mér engu ókærari, þótt manninum væri þar vottað þakklæti.

Hérafræðingurinn að austan hefir misskilið mig. Eg hafði það á orði, að kjötsalar hefði á boðstólum kattakjöt, er þeir segði vera hérakjöt. Auðvitað átti eg ekki við héra á fæti, jafnvel þótt í »fyrsta klassa« væri.

Framsögum. (Guðm. Hannesson: Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að segja fyndni um það, að eg kæmi í bága við þá skoðun á málinu, sem nefndarálitið lætur í ljós. Það var fyndni — ef það getur þá kallast því nafni — en ekki rökrétt ályktun út frá nefndarálitinu. Nefndarálitið endar á því, að öll líkindi sé til að gagnið af hérunum verði svo mikið, að það geri meira en vega upp á móti skaðanum, sem talið er að þeir muni vinna. Eg skal fúslega játa, að nefndin getur enga ábyrgð tekið á þessu, hún veit ekki hvernig reynslan verður, en hún telur meiri líkur mæla með því, að hérarnir vinni meira gagn en skaða, og þess vegna leggur hún til, að frv. verði samþykt. Það er því í fullkomnu samræmi við nefndarálitið, að eg og aðrir nefndarmennirnir greiða atkvæði með frv. Það hefir því við engin rök að styðjast, að eg hafi farið hringferð í málinu, eg held þeirri sömu skoðun fram, sem eg hafði upphaflega, og nefndarálitið lætur í ljós.

ATKV.GR.:

Rökstudda dagskráin feld með 13:9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Hannesson
Björn Hallsson	Einar Jónsson
Einar Arnórsson	Guðmundur Eggerz
Jóhann Eyjólfsson	Hannes Hafstein
Jón Jónsson	Hjörtur Snorrason
Sigurður Sigurðss.	Magnús Kristjánss.
Stefán Stefánsson	Matthías Ólafsson
Sveinn Björnsson	Pétur Jónsson
	Sigurður Gunnarss.
	Skúli Thoroddsen
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson

Þrír þingmenn vóru fjarstaddir.

Frumvarpið samþykt með 13:8 atkv. og afgreitt til Ed.

---

7. Árekstur og björgun

Á. 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913, um árekstur og björgun, eins og það hafði verið samþykt við 3. umræðu í Ed.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 1. umr. (þskj. 87).

ATKV.GR.:

Frumv. var vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Málinu vísað til siglingalaganefndarinnar með 17 shlj. atkv.

Á 19. fundi Nd., fimtudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 87, n. 163).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Nefndin hefir orðið á það sátt, að ráða háttv. deild til að samþykkja frv., en leggur þó til um leið, að tveir viðaukar verði gerðir við það.

Í fyrsta lagi, að 1. gr. verði orðuð um á þann hátt, sem nefndin leggur til og grein er gerð fyrir í nefndarálitinu. Læt eg mér nægja að vísa til þess.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að þessi lög verði færð inn í texta siglingalaganna, til þess að handhægra verði að nota þau, sérstaklega af því að þetta er umorðun á ákveðnum greinum siglingalaganna.

Loks skal eg geta þess, að nefndin hefir ekki tekið eftir að taka það fram í síðasta viðaukanum, að 12. gr., eins og hún er nú, getur ekki komist inn í texta siglingalaganna, því að það mundi raska greinatölunni. Þetta má lagfæra þegar málið kemur til 3. umr.

ATKV.GR.:

2. breyt.till. 163, samþ. með 17 shlj. atkv.

1.—4. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

3. breyt.till. 163, samþ. án atkvæðagreiðslu.

5.—12. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

4. breyt.till. 163, samþ. með 16 shlj. atkv.

1. breyt.till. við fyrirs. frv. 163, sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Á 21. fundi, laugardaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 187, 206).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Það er satt, sem eg heyrði einhvern háttv. þm. segja, að hér þarf enga framsögu. Það er að eins ein lítil brtill., sem nefndin hefir komið fram með, og um hana gat eg við 2. umr. málsins. Hún er eingöngu til þess, að hægt sé að fella frumvarpið inn í texta siglingalaganna, án þess að greinatala þeirra raskist.

Það er engin nauðsyn á því, að fella 13. gr. þessa frumvarps, sem er um það, hvenær lögin ganga í gildi, inn í meginmál siglingalaganna, því að eins og menn vita, verða þessi lög líka gefin út sérstök, er þau ná samþykt og staðfestingu.

Annað hefi eg ekki um málið að segja að svo komnu.

ATKV.GR.:

Brtill. 206 sþ. með 15 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 17 samhljóða atkvæðum og endursent til efri deildar.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst var frv. tekið til e i n n a r u m r. (þskj. 379, n. 387).

Forseti óskaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau veitt af ráðherra og samþykt af deildinni með 17 shlj. atkv.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

8. Póstlagabreyting.

Á 13. fundi Nd., fimtudaginn 16. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á póstlögum, 16. nóv. 1907, eins og það hafði verið samþykt við 3. umr. í Ed.

Á 15. fundi, laugardaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. u m r. (þskj. 103).

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkvæðum.

Á 17. fundi Nd., þriðjudaginn 21. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (þskj. 103).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhljóða atkvæðum.

Á 19. fundi Nd., fimtudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (þskj. 103).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

9. Bifreiðar.

Á 21. fundi Nd., laugardaginn 25. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um notkun bifreiða, eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. u m r. (þskj. 211).

Bjarni Jónsson: Eg stend upp aðeins til að láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. Eg er þakklátur stjórninni fyrir að hafa lagt það fyrir þingið. Frumv. hefir verið í nefnd í efri deild. Tel eg víst, að þar hafi frágangurinn verið vandaður svo, að eigi þurfi að skipa hér nefnd í málið.

Einar Arnórsson: Gagnstætt hv. síðasta ræðumanni (B. J.), verð eg að halda því fram, að nauðsyn beri til, að setja nefnd í málið. Það er ef til vill eitthvað við frv. að athuga, enda er málið allþýðingarmikið, og vil eg leyfa mér að leggja til, að kosin verði 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Tillaga um 5 manna nefnd samþ. með 17 shlj. atkv.

Kosnir með hlutfallskosning:

Sveinn Björnsson
Sigurður Sigurðsson
Benedikt Sveinsson
Eggert Pálsson
Guðmundur Hannesson.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 211, n. 314, 316, 333).

Framsögum. (Eggert Pálsson): Eg held satt að segja, að eg hafi litlu við það að bæta, sem tekið er fram í nefndarálitinu. Þar er þess getið, að í nefndinni varð dálítill ágreiningur, enda sýna það breyt.till., sem tveir nefndarmenn hafa komið fram með. Eg hygg, að háttv. deild verði nefndinni sammála um það, að þetta frv. sé þannig lagað, að ástæða sé til að það verði samþykt. Þetta flutningatæki, sem hér er um að ræða, er algerlega nýtt og jafnframt óvanalegt með það að fara, og ekki alls kostar sama, hverjir stýra því eða hvernig því er stýrt. Þess vegna er nauðsynlegt, að setja lög um meðferð þess og notkun alla.

Hvað ágreiningsatriðin snertir, þá gengur annað þeirra út á það, að hefta umferð bifreiða um veginn frá Reykjavík austur yfir Hellisheiði frá 20. júní til 10. júlí og frá 20. sept. til 20. okt., á tímanum frá kl. 6 að morgni til kl. 10 síðdegis, nema aðeins 2 daga í viku, sunnudaga og miðvikudaga.

Ef þessi kafli ársins yrði tekinn fyrir og umferð bifreiðanna heft á honum um þennan veg, þá styttist mikið sá tími, sem hægt er að nota bifreiðarnar, og sýnilega yrði þær þá ekki hlutaðeigandi sveitum að neinum notum. Þeim yrði þá aðeins leyfð umferð um bláheyskapartímann, og er það bersýnilegt, að á þeim tíma kæmi þær sveitamönnum að engum notum. Þær yrði þá aðallega fyrir kaupstaðarbúa, til þess að skemta sér upp um sveitir. Þó að bifreiðarnar hafi hingað til ekki verið mikið notaðar upp til sveita, þá er ekki ólíklegt, að not þeirra yrði meiri fyrir sveitirnar þegar tímar líða. Og frá sveitanna sjónarmiði væri eins gott að hefta för þeirra með öllu, eins og að hefta för þeirra þennan tíma. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa breyt.till. Eg þykist vita, að háttv. flutn.m. mæli með henni.

En þá er að minnast á hitt ágreiningsatriðið. Það hljóðar um sektarákvæði 13. gr. og er þar töluverður stefnumunur milli meiri og minni hluta nefndarinnar. Minni hlutinn vill breyta frv.gr. og færa sektarákvæðin til samræmis við gildandi fyrirmæli um farreglur á sjó og landi. En meiri hlutinn álítur varhugavert að breyta þessu, ekki af því,

að hann kannist ekki við, að með því náist meira samræmi við almennar gildandi farreglur, heldur af því, að nágrannaþjóðir vorar hafa álitið, að öðru vísi þyrfti að vera um skaðabótareglur búið viðvíkjandi bifreiðaferðum, heldur en öðrum ferðum. Og er því ekkert eðlilegra, en að hér komi til að gilda sömu reglur í þessum efnum. Og því fremur sýnist meiri hlutanum rétt, að halda sér við þessa stefnu, þar sem stjórnin hefir augsýnilega ekki fallist á, að það sé hyggilegt, að láta sömu sektarákvæði gilda um bifreiðaferðir eins alment tíðkast um aðrar ferðir, og hv. Ed. ekki heldur. Og mætti því gera ráð fyrir, að svona mikil gjörbreyting, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) fer fram á, að því er snertir eitthvert þýðingarmesta atriði frumvarpsins, gæti komið til að verða því að falli, þá er það kæmi aftur til háttv. Ed. Annars fer vitanlega um þetta eins og önnur ágreiningsmál, að það kemur undir atkvæði deildarinnar að skera úr því, og skal eg ekki frekar um það segja. Meiri hl. nefndarinnar, — þótt ekki sé sami meiri hluti í báðum tilfellum, — leggur til að báðar þessar ágreiningsbreyt.till. verði feldar, en aftur samþyktar breyt.till. nefndarinnar á þskj. 314. Þær eru 7 talsins, og felst í engri þeirra veruleg efnisbreyting. Það er helzt 6. brt., sem telja mætti efnisbreytingu. Hún fer fram á það, að ef ferðamenn með hlaðna vagna neyðast til að víkja út af vegi fyrir bifreið, þá skuli bifreiðarstjóri skyldur til, ef þörf gerist, að hjálpa til að koma vögnunum aftur á veginn. Þetta er ekki tekið fram í frv., en er nýtt innskot frá nefndinni. Nefndin áleit nauðsynlegt að setja inn þetta ákvæði, því að oft er einn maður á ferð með marga vagna, og ef hann neyðist til að fara út af veginum með vagnana, getur það verið miklum erfiðleikum undirorpið, að koma vögnunum aftur á veginn, sérstaklega ef vagnarnir eru hlaðnir og þörf reyndist á að létta þá til þess að koma þeim upp á veginn aftur. Þess vegna virðist það ekki vera nema sjálfsagt og rétt, að bifreiðarstjóri sé skyldur til hjálpar, þegar svo ber undir.

Eg held að það sé óþarfi, að fara orðum um hinar breyt.till. Eg býst við, að háttv. deildarmenn átti sig fljótlega á þeim án nokkurra málalenginga.

Sveinn Björnsson: Eg á hér brt. á þskj. 333, og hefir háttv. framsögum. (E. P.) nú minst nokkuð á hana.

Ef menn hafa lesið frv. með athygli hafa menn sjálfsagt tekið eftir, að í 13., 14. og 15. gr. eru reglur um skaðabætur, sem ríða algerlega í bága við allar gildandi reglur um skaðabætur hér á landi. Það varð tilrætt um það í nefndinni, hvort ástæða væri til að víkja frá almennum skaðabótareglum, að því er bifreiðarnar snertir, eða ekki.

Háttv. meðnefndarmenn mínir færðu það fram sem ástæðu, að í nágrannalöndum vorum gilti ekki hin almennu skaðabótaákvæði um slys eða tjón, sem hlytist af bifreiðum. Þegar talað er um nágrannalönd vor, mun vera átt við Danmörk og Noreg. En eg fyrir mitt leyti álít það ekki nóg fyrir oss, þótt einhverntíma hafi verið sett einhver ákvæði í lög í Danmörku eða Noregi. Vér verðum að gera oss fullkomlega grein fyrir, hvort þau ákvæði sé rétt, eða þörf á þeim fyrir oss, áður en vér tökum þau upp.

Þessi skaðabótaákvæði leggja sönnunarskylduna á bifreiðarstjóra, þegar slys ber að höndum. Hann verður að sanna, að hann hafi *ekki* verið valdur að slysinu, í stað þess, að eftir almennum skaðabótareglum er það sá, sem fyrir

tjóni verður, sem á að sanna, hver hafi orsakað það. Þetta er gríðarlegur munur, og það getur í mörgum kringumstæðum þýtt sama sem beint bann við notkun bifreiða. Það getur oft og tíðum orðið erfitt fyrir bifreiðarstjóra, að sanna að hann hafi ekki verið valdur að slysi, þótt hann sé alsaklaus af því, og liggur það í augum uppi, að það er mjög ósanngjarnt, að láta bifreiðareiganda altaf bæta tjónið. Það þarf ekki svo mikið tjón til þess að bifreiðarverðið sé þegar farið.

Þegar brotið er í bága við allar gildandi reglur, þá finst mér, að fram þurfi að koma grundvallaðar ástæður fyrir því. En slíkar ástæður hafa ekki komið fram í þessu máli, hvorki frá stjórninni né frá Ed., né heldur frá meiri hluta nefndarinnar hér í deildinni. Eg kalla það ekki grundvallaðar ástæður, þótt hægt sé að benda á, að svona ákvæði sé í lögum í Noregi og Danmörku.

Eg skal geta þess, að fyrst þegar bifreiðar komu til Danmerkur, þá vóru nokkrir mjög mótfallnir þeim og beinlínis hræddir við þessar vítisvélar, eins og þær vóru kallaðar. Eg dvaldist þá í Kaupmannahöfn, og eg minnist þess, að þegar bifreiðalögin vóru til umræðu í ríkisþinginu 1905, þá bar einn velmetinn þingmaður fram breyt.till. þess efnis, að skylda allar bifreiðar til að hafa á undan sér gangandi mann með klukku í hendinni til að hringja og gera mönnum aðvart. Menn brosa að þessu hér, en maðurinn gerði þetta í fullri alvöru, þótt ekki yrði það ofan á. En svo var bannað með lögum að aka bifreiðum á vissum vegum. Þegar Játvarður Englakonungur kom til Danmerkur, þurfti hann auðvitað að fara um ýmsa vegi. Hann ók alt af í bifreið, en af því að hann var konungur, var ekki svo gott að fást við að banna honum að aka um þá vegi, sem annars var bannað að fara um í bifreiðum. Hann fékk sérstakt leyfi til þess. En þá kom það í ljós, að þetta var ekkert hættulegt. Eg vil sérstaklega skjóta þessu til háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Ef hann vildi setjast upp í bifreið og aka hérna um vegina, þá myndi hann komast á aðra skoðun á bifreiðunum. Eg skal taka hann jafngildan og Játvarð heitinn.

Svona gekk það í Danmörku, og eitthvað líkt kom fram í Noregi. Þar vóru gerðar amtssamþyktir, þannig, að í sumum ömtum mátti aka alla daga, en í sumum ekki nema vissa daga. Þó var hægt að veita undanþágu frá þessu. Eg ók einu sinni í undanþágu og þótti gaman að taka eftir því, að þegar farið var um amt, sem aka mátti um alla daga, þá fældist enginn hestur og ekkert varð að. En þegar við komum inn í hin ömtin, sem ekki mátti aka um nema suma daga, þá urðu allir hræddir. Það kom bæði flatt upp á menn og skepnur, en þó held eg næstum, að mennirnir hafi orðið hræddari en dýrin. Þessu vildi eg líka skjóta til háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Eg held að hann hefði gott af því að athuga það sérstaklega.

Eg álít, að ekki hafi komið fram nægileg rök fyrir því, að ástæða sé til að brjóta í bága við almennar gildandi skaðabótareglur, og eg get ekki felt mig við þessi skaðabótaákvæði 13. gr., nema einhverjar aðrar veigameiri ástæður sé nefndar heldur en þær, að þetta sé í lögum í Noregi og Danmörku, þar sem þessi ákvæði eru bygð á algerðum misskilningi. Eg vil biðja háttv. deildarmenn að lesa nefndarálit efri deildar og skýrslu nefndarinnar um bifreiðarferð hennar austur um sveitir. Eg vil ráða hv. 1. þm. Árn. (S. S.) til að fara að gamni sínu í bifreið sömu leið, og vænti eg að við það mundi linast hatur hans á bifreiðunum. Eg veit, að hann er

maður, sem alt af er reiðubúinn til að leggja mikið á sig fyrir sitt föðurland, þ. e. a. s. Flóann, — en ef hann vill lesa nefndarálitið, þá mun hann sjá, að það var ekki nema einn maður í hans föðurlandi, sem hafði nokkuð við bifreiðarnar að athuga. Það var karl nokkur í Flóanum, sem æpti á eftir nefndarmönnum: »Burt með bifreiðarnar!« Annars gekk ferðin vel og ekkert varð að. Þeir mættu bæði gangandi mönnum og ríðandi, vagnalestum og lausum hestum, nautgripum og sauðfénaði. Enginn hestur fældist og yfir höfuð gekk alt vandræðalaust.

Það er bent á það í nefndarálitinu, að það sé ekki bifreiðarnar, sem valdi mestum farartálma á veginum austur, heldur sé það kerrulestirnar. Það er hneyksli, að þessi kerruumferð skuli vera leyfð, eins og henni er háttað. Af henni stafar slysahætta, og þar er fremur ástæða til að leggja um skaðabótareglurnar heldur en að því er snertir bifreiðarnar.

Út af 2. breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), skal eg leyfa mér að benda á, að þetta merki, sem hann ætlast til að verði gefið með því að rétta upp hægri hendina, er oft ómögulegt að nota. Bifreiðarnar eru jafnt á ferðinni að nóttu sem degi, og þegar dimt er, getur þetta merki ekki komið að gagni. Eg vænti þess fastlega, að 1. breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) verði feld, en hin br.-tillagan finst mér vera meinlaus, en óþörf.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Eg held fast við mína br.-till. þangað til eg verð sannfærður um, að ástæða sé til að víkja frá almennum reglum um skaðabætur.

Sigurður Sigurðsson: Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, hefi eg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Þessi fyrirvari á þó ekki að þýða það, að eg sé mjög svo óánægður með frumv., það sem það nær. Eg get þvert á móti lýst yfir því, að eg tel frumv., ef það verður að lögum, góða og nauðsynlega réttarbót, og eg vil á engan hátt verða valdur að því að hindra framgang þess. Eg vona að það verði samþykt hér, hvað sem líður breyt.till. mínum og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). En fyrirvari minn byggist á því, að mér þótti nefndin fara of skamt í sumum greinum. Það vóru sérstaklega tvö atriði, sem eg vakti athygli á í nefndinni. Í fyrsta lagi það, hvort ekki væri rétt að leggja skatt á bifreiðarnar. Mér hefir verið sagt það af fróðum mönnum, að slíkur skattur eigi sér stað annarstaðar. En meðnefndarmenn mínir gátu ekki fallist á þetta, og varð eg því að fara ofan af þessari kröfu.

Hin krafan var í því fólgin, að takmarka að einhverju leyti umferðina á veginum hér austur um sýslur. Nefndin sá sér heldur ekki fært að taka þessa kröfu mína til greina, og afleiðingin varð sú, að eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj 316, sem fer fram á það, að hér sé lögleidd einhver takmörkun að því er snertir umferð bifreiða á veginum frá Reykjavík og austur yfir Hellisheiði. En ef menn athuga breyt.till., þá munu menn sjá, að hér er ekki um neina þá takmörkun að ræða, sem geri það að verkum, að bifreiðum verði ókleift að fara um veginn. Hér er að eins farið fram á, að vissa tíma megi bifreiðar ekki vera á ferðinni um veginn frá Reykjavík og austur yfir Hellisheiði nema á nóttum og auk þess tvo daga í viku, sunnudaga og miðvikudaga. Þessir tímar eru, eins og sjá má af brtill., tímabilið frá 20. júní til 10. júlí og frá 20. sept. til 20. okt. Menn sjá af þessu, að þessi takmörkun er hógvær og fer skamt í sjálfu sér, þar sem

ætlast er til að umferð sé leyfð á nóttum, frá kl. 10 að kvöldi og til kl. 6 að morgni, og auk þess tvo daga í viku. Takmörkun þessi, það sem hún nær, er bygð á því, að einmitt þessa tíma árs er langmest umferð um veginn. Og hvað sem menn segja um það, að bifreiðarnar valdi ekki töfum, þá veit eg að þær valda óreglu, trafala og töfum, einkanlega þegar umferðin er mikil. Ef þessi takmörkun yrði sett, þá myndi menn haga ferðum sínum svo, að menn hitti sem sjaldnast bifreiðar á veginum. Menn myndi gæta þess, að vera ekki á ferðinni á nóttum og heldur ekki sunnudaga og miðvikudaga.

Eg vænti að tillagan fái góðar undirtektir, því að hún er bygð á fylstu sanngirni.

Um 2. brtill. við 7. gr. skal eg ekki orðlengja. Hún er að eins fólgin í því að ákveða, hvernig þetta merki, sem talað er um í 7. gr. frumvarpsins, skuli vera. Mér þykir vænt um að háttv. 1. þm. Rvík (Sv. B.) hefir fallist á þessa tillögu.

Eg vona að menn sjái, að með brtill. háttv. 1. þm. Rvík, um að breyta 13. gr. og fella í burtu 14. og 15. gr. er verið að kippa fótunum undan þeirri varúð, sem annars gengur eins og rauður þráður gegnum alt frv.

Háttv. 1. þm. Rvk gat þess réttilega, að ákvæði 13. gr. væri tekin eftir norskum og dönskum lögum. Það sýnir einmitt hve hræddir þeir hafa verið um, að tjón gæti hlotist af bifreiðunum. Hingað til hefir ekki þótt neitt athugavert við það, að »dependera« af þeim dönsku og oft verið vitnað í lög þeirra. Dönsk lög hafa verið þýdd á Íslenzku og lögleidd hér, með litlum eða engum breytingum. Eg sé því ekki að vér getum ekki eins gert það, hvað þetta frumvarp snertir, einkum þegar lög þeirra í þessu efni eru á miklu viti bygð. Eg hefi heldur ekki heyrt þess getið, að Danir hafi breytt þessu ákvæði. Hafi þeir ekki gert það, þá er það eingöngu vegna þess, að þeim hefir þótt nauðsynlegt að halda því. Ferðamennirnir eiga örðugra um sönnun fyrir því, hverjum slysið sé að kenna en bifreiðarstjóri og þeir, sem í vagninum sitja. Á þessu er ákvæði dönsku og norsku bifreiðarlaganna bygt og vegna þessa hefir það verið tekið upp í þetta frv.

Eg vona því, að brtill. á þgskj. 333 verði feld. Verði hún samþykt, þá finst mér eins og dregið úr þeirri sjálfsögðu skyldu bifreiðarstjóra til að vera á verði og gæta allrar varúðar. Öll varkárni er nauðsynleg í þessu efni og löggjöfin má ekki gera neitt til þess að draga úr henni.

Mér datt í hug þegar háttv. 1. þm. Rvík (Sv. B.) var að tala, hvort ekki myndi nokkuð skylt skeggið hökunni — hvort ekki gæti verið, að hann væri einn af þátttakendum í þessu bifreiðafyrirtæki. Eg fullyrði það auðvitað ekki, en svo mikið er víst, að hann er mjög mikill vinur þessara bifreiða.

Eg get ekki séð, að Játvarður Englakonungur komi þessu máli mikið við. En það er ekki nema eðlilegt, að þeim mönnum detti konungar oft í hug, sem ef til vill hugsa sér að gerast þeim handgengnir. — Útlendir þjóðhöfðingjar eru ekki farnir að heimsækja oss enn þá, að neinum mun, en verði svo síðar, þá koma dagar og þá koma ráð. Þessi varfærni mín gagnvart bifreiðunum er ekki bygð á því, að eg sé hræddur við þær — síður en svo. — En eg ber þá menn fyrir brjóstinu, sem eftir vegunum ferðast og auðvitað mína kæru kjósendur og þá ekki síður Flóamennina en hina.

Háttv. 1. þm. Rvík sagði, að nær væri að banna kerrulestum umferð á vegunum en »bílunum«. En hvernig stendur

á því, að einn maður fer með margar kerrur? Það er ekkert annað en einföld hagfræði, til þess að spara það, að þurfa að senda einn mann með hverjum vagni. Eg segi ekki, að neinn nýtízkubragur sé á þessu — en það er af »praktiskum« ástæðum að það er gert.

Þá vitnaði háttv. þm. (Sv. B.) í það, að þessi fræga bifreiðanefnd efri deildar, með landlæknirinn í broddi fylkingar, hefði farið í bifreið austur fyrir fjall, mætt bæði mörgum mönnum og mörgum hestum — og enginn hefði virzt verða hræddur og það sem það hefði verið, hefði það fremur verið mennirnir en skepnurnar. En þetta ferðalag landlæknisins og nefndarinnar er ekki sambærilegt við daglega umferð. Hér er að ræða um prófferð, sem bifreiðarstjóranum er kunnugt um og þess vegna reynir hann að fara sem gætilegast. Ferðalag þessara háu herra er því engin sönnun í þessu máli. Maðurinn veit, að alþingismenn eru í ferðinni og þessi ferð er rannsóknarferð á bifreiðunum og bifreiðarfélagið hefir mestan hag af því, að alt fari vel úr hendi og engin spjöll verði.

Eg þykist nú hafa fært næg rök að þessu máli og vænti þess því, að mín brtill. og frv. ásamt tillögum nefndarinnar fái góðar undirtektir og gangi sinn gang í gegnum þingið.

Magnús Kristjánsson: Eg þarf ekki að vera langorður vegna þess, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir að miklu leyti tekið af mér ómakið. Eg vil lýsa yfir því, að eg tel þessi ákvæði, sem mestum deilum hafa valdið, alveg eins bráðnauðsynleg til þess, að þessi lög verði svo úr garði gerð, að betri tryggging verði fyrir því, að slys komi síður fyrir. Hættan er hér afarmikil, einkum vegna þess, hve vegirnir eru mjóir og yfirleitt illa fallnir fyrir þessi flutningatæki.

Eg skal skjóta því inn, að eg álít, að bifreiðarnar geti aldrei orðið nein framtíðar flutningatæki, sem að almenningsnotum yrði hér á landi. Þetta segi eg ekki af því, að eg sé hræddur við bifreiðarnar, ef sæmilegrar varúðar er gætt, en allir verða að játa, að hættan er mikil, ef hana brestur.

Þá skal eg snúa mér að einstaka breyt.till. og fara fljótt yfir sögu.

Breyt.till. á þgskj. 333 er ekki löng, en þó þýðingarmest. Eg álít, að ekki sé fært að draga úr þeirri tryggingu, sem 13. gr. veitir. Auðvitað hefir háttv. þm. Rvk. (Sv. B.) upplýst um það, að þessi grein brjóti í bága við hinar almennu sönnunarskyldureglur, en eg er sannfærður um það, að bifreiðarstjóri á mikið hægra með að sanna sitt mál en einstakir vegfarendur — auk þess eru venjulega margir farþegar í vagninum, sem vitni gæti borið. Eg verð því að leggja á móti því, að þessi breytingartillaga verði samþykt.

Þá er breyt.tillaga á þgskj. 316 frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Þótt eg sé honum sammála um, að nauðsynlegt sé, að allrar varúðar sé gætt, þá get eg ekki gengið svo langt, að banna vögnunum alla umferð á vegunum á vissum tímum — og það einmitt á þeim tíma, sem líklegast er að bifreiðarnar geti orðið að nokkuru gagni.

Eg get heldur ekki verið með síðari breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vegna þess að eg álít að hætta geti stafað af því, hve merkið er ófullkomið.

Af tillögum nefndarinnar er eg með 1., 2., 5., 6. og 7., og álít þær til bóta. Aftur á móti get eg ekki fallist á 3. og 4. till., álít þær til hins lakara.

Eg er þannig á móti br.till. á þgskj. 333 og 316 og 3. og 4. br.till. á þgskj. 314.

Sveinn Björnsson: Eg get ekki komist hjá því, að svara þeim mótmælum, sem fram hafa komið. Eg fór í fyrri ræðu minni fram á það, að ástæður væri færðar fyrir því, hvers vegna nú ætti að fara að breyta hinni almennu sönnunarreglu. Og eg fekk ekki annað svar en það, að svona væri það hjá Dönum og Norðmönnum. Mér heyrðist á háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að það væri nóg trygging, að vona væri það hjá Dönum. Hann verður að fyrirgefa mér þótt eg geti ekki fallist á eitthvað, sem Danir samþykkja, hvað vitlaust sem það er, og sízt ef það miðar að því að breyta algildri lagareglu. Hann sagði — og líka háttv. þm. Ak. (M. Kr.) — að þetta væri eðlilegt, því að hægara væri fyrir bifreiðarstjórann að sanna sakleysi sitt en einstaka ferðamenn. Hér er um misskilning að ræða. Það er hægara að sanna, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) *hafi* gert eitthvað, en að sanna, að hann hafi *ekki* gert það. Í þessu liggur munurinn. Það væri alt annað, ef lagt væri á bifreiðarstjórann að sanna, að eitthvað hefði skeð af sama tagi, en hér er farið fram á það, að hann sanni að eitthvað hafi *ekki* orðið — og það tjáir ekki, hve margir sem eru í vagninum með honum. Enda ber þess að gæta, að bifreiðarnar eru oft tómar, en fjöldi manna er með lestum þeim, er eftir veginum fara.

Þá virðist mér það alveg ótækt, að eigandi verður alt af skaðabótaskyldur, nema í einu tilfelli, sem getur í 14. gr. Ef eg á bifreið og tel mér það hentugt að leigja hana út — leigi hana útlærðum bifreiðarstjóra og varkárum manni. Vilji svo eitthvert slys til, og hann geti ekki greitt bæturnar, þá verð eg skaðabótaskyldur, þótt ekkert samband verði sannað milli mín og þess tjóns, sem að hefir orðið. Þetta er gríðarhörð regla og þekkist ekki í öðrum íslenzkum lögum.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, að hættan væri sérstaklega mikil hér á landi, vegna þess hvernig vegirnir eru. En þetta er misskilningur. Það er þvert á móti hér á landi. Aðalhættan annarstaðar er þessi geysihraði, sem bifreiðarnar fara með — alt að 20 mílur á klukkustund. En vorir vegir eru svo úr garði gerðir, að ómögulegt er að aka með þeim hraða á þeim. Vitaskuld eru þeir mjórri en vegir ytra, en þó geta tveir vagnar hæglega mæzt á þeim.

Þá hefir verið sagt, að ekki þyrfti að taka mikið tillit til bifreiðanna vegna þess að þær væri aðallega til skemtiferða. Þessi fullyrðing stafar annaðhvort af athugaleysi eða þekkingarleysi. Eða kallar hann fólksflutningaferðir ekki nytsemdarferðir? Eg veit um það með vissu, að margir menn úr föðurlandi háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafa farið með bifreiðunum sér til nytsemdar en ekki skemtunar.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að með breyt.till. minni væri verið að kippa fótunum undan þeirri varúð, sem annars gengi eins og rauður þráður í gegnum frumv. Þetta er rangt. Aðaltryggingin á ekki að liggja í skaðabótaákvæðunum, heldur í kröfum þeim, sem gerðar eru til bifreiðarstjórans. Það á að heimta af honum, að hann standist próf, hafi leyfi lögreglustjóra, læknis- og prestsvottorð, óflekkað mannorð o. s. frv. Annars skal eg ekki fara frekara út í þetta. En mér þótti rétt að krefjast þess, að einhverjar ástæður væri færðar fyrir því, að fara að breyta algildum lagareglum, en það hefir ekki verið gert.

Eg hefði ástæðu til að segja ýmislegt að gamni mínu við háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), en geymi mér það þangað til seinna.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eg get byrjað með því að

þakka háttv. þm. Ak. (M. Kr.) fyrir það, hvernig hann tók í þetta mál. Mér skildist, að hann væri samþykkur meiri hluta nefndarinnar í öllum aðalatriðum, og að hann mundi greiða öllum breyt.till. hans atkvæði nema þeirri 3. og 4. En það er meiri hlutanum heldur ekkert kappsmál, hvort þær verða samþyktar eða ekki, því að þær eru nánast orðabr. og ekki annað. Nefndarmönnunum fanst það að eins »tautologi«, sem kallað er, upphafið og endirinn á 6. gr. frumv., og því hafa þeir lagt það til, að fyrsta og síðasta setning greinarinnar væri látnar falla burtu. En eins og gefur að skilja, finst þeim það ekki skifta miklu máli.

Hvað snertir afstöðu mína til þeirra tveggja meðnefndarmanna minna, sem hér deila, þá er það dálítið einkennilegt, að eg verð að berjast jafnt gegn báðum, þótt sinn hafi hvora stríðsaðferð. En það er bót í máli, að það dylst engum, að þeir bera jafnframt vopn hvor á annan, og vænti eg því fremur þess, að þeir falli báðir óvígir að lokum.

Um brt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) finn eg ekki ástæðu til að tala, enda býst eg ekki við, að hún fái sérlega mikið fylgi í hinni háttv. deild.

Að því er snertir brt. háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) er aðstaða mín að því leyti ill, að flutningsm. hennar er lögfræðingur, og á því hægara með að verja insta eðli þess lagaspursmáls, sem um er að ræða, heldur en eg að mæla á móti því. En það hefi eg þó máli mínu til stuðnings, að fleiri lögfræðingar hafa fjallað um þetta mál en hann, þar sem bæði norskir og danskir lögfræðingar hafa haft það til meðferðar, og ekki fundist það ákvæði, sem háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) hneykslast á, svo varhugavert, að það hafi verið numið burtu, eða því breytt, í samskonar lögum í Danmörku og Noregi. Auk þess er þetta frumv. lagt fyrir þingið af stjórninni og er þá gefið, að íslenzkir lögfræðingar hafa haft þetta ákvæði til yfirvegunar, og ekki fundið það sérstaklega háskalegt. Það eru því sýnilega til þeir lögfræðingar, og ekki svo fáir, sem hafa sömu skoðun á þessu atriði eins og meiri hl. nefndarinnar.

Háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) vildi halda því fastlega fram, að rétt væri, að bifreiðarstjóri og lestarstjóri stæði jafnt að vígi, að því er snertir umferð á vegunum. Það álít eg ekki allskostar rétt, vegna þess, að vegirnir vóru upphaflega gerðir fyrir lestir, en ekki fyrir bifreiðar. Þess vegna er rétt, að lestarstjórinn sé rétthærri en bifreiðarstjórinn. Og því fremur á hann að vera rétthærri, þar sem engin von er til þess, að bifreiðarferðir geti komið í staðinn fyrir lestaferðir. Fyrst um sinn að minsta kosti, verða menn að gera ráð fyrir því, að lestaferðir haldist, þó að bifreiðar gangi jafnframt. Þær verða æfinlega meira til gamans, heldur en til verulegra nota.

Háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) skaut því til mín, hvort eg áliti ekki, að bifreiðarnar gæti verið til gagns, jafnframt því að vera til skemtunar. Jú, eg neita því ekki, og heldur ekki að það geti komið fyrir að sveitamenn hafi einhver not af þeim, enda sæti það sízt á mér að neita því, þar sem eg verð að játa, að eg hefi sjálfur haft gagn af bifreið. En þó að slík tilfelli megi finna, eitt, tvö eða þrjú, þá er ekki hægt að draga af því þá ályktun, að bifreiðarnar sé til almennra nota. Það eru þær ekki orðnar enn, og eg býst ekki við, að þær verði það í bráð. Hitt veit eg, að talsverðum ýmigusti hefir andað á móti bifreiðunum frá almenningi hér á landi,

og svo hefir það verið víðar, eftir því sem háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) upplýsir. Eg skal ekki fullyrða neitt um, hvort ástæða er til þessa ýmigusts, en úr því að hann er til, þá finst mér ekki alls kostar rétt, að taka ekkert tillit til hans, meðan tækin eru að ryðja sér til rúms. En ef það nú sýndi sig í framkvæmdinni, að almenn not yrði að bifreiðunum, þá væri altaf hægt að slaka til á ákvæðum laganna, ef þau þætti of hörð. En eg verð að halda því fram, að fyrst um sinn sé ekki rétt, að bifreiðarstjórinn sé jafnrétthár og hver annar, sem um veginn fer, í tilliti til slysa.

Það er alveg rétt, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) tók fram, að bifreiðarstj. stendur betur að vígi að sanna sakleysi sitt, en sá sem mætir honum, ef til vill einn á ferð, að sanna sekt hans. Bifreiðarstjórinn hefir alla jafna menn með sér, sem væntanlega eru honum hliðhollir fremur en manni þeim, sem honum mætir.

Háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) skaut því fram í ræðu sinni um þetta mál, að kerruflutningur væri í rauninni alveg ótækur og hann ætti eiginlega að banna. Það er nú svo. Öðru eins og þessu er hægt að skjóta fram, en það verður ekki framkvæmt nema með því, að gera um leið alla flutninga ófæra. Það er ekki hægt að skylda alla fátæklinga til að kaupa sér fjórhjólaða vagna, eins og þau áhöld eru dýr, til þess að flytja á alt, sem þeir þurfa, bæði frá sér og til sín. Það eina hugsanlega væri þá það, að einstaklingarnir hætti að flytja sjálfir vörur sínar, en félag tæki að sér allan flutning fyrir menn. En reynslan er nú sú, að það er altaf tilfinnanlegra fyrir menn að kaupa flutning á vörum sínum, heldur en ef þeir annast hann sjálfir. Það er tilfinnanlegra fyrir fátæklingana, að minsta kosti finst þeim það sjálfum, að eiga að borga 2—3 aura undir hvert pund, sem þeir þurfa að láta flytja, heldur en að nota hesta sína og kerrur til þess. Að minsta kosti til þess að slík breyting kæmist á, yrði aðrar þær ástæður að vera fyrir hendi, en nú eru. Eg hygg að þessi breyting, að harðbanna bændum að nota kerrur til flutninga, geti ekki komið til nokkurra mála, eins og sakir standa. Bændum mundi þykja það hart, að vera neyddir til að kaupa af öðrum flutning á öllum nauðsynjum sínum, eða að kaupa dýrt áhald til flutninga að öðrum kosti. Nei, menn hætta ekki og geta ekki alment hætt að nota kerrur sínar, fyrr en betra flutningatæki er í boði en nú er, sem sé járnbraut.

Ef till. háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) verður samþykt, finst mér lögin verða að miklu leyti óþörf. Eg játa reyndar, að þau verða þörf að því leyti, sem snertir þekking bifreiðarstjórans gagnvart mönnum þeim, sem hann flytur, en aftur á móti hafa þau sama sem ekkert að þýða gagnvart þeim mönnum, er bifreiðunum mæta.

Ef að eins almennar réttarfarsreglur eru látnar gilda um það, sem út af ber, að því er bifreiðarferðirnar snertir, þá er með því slegið striki yfir allar varúðarreglur, eða því sem næst.

Eins og tekið hefir verið fram, eru ákvæðin um sönnunarskylduna í þessu frumv. samhljóða því, sem er í samskonar lögum í öðrum löndum. Eg skil ekki, að þar hafi þau ákvæði verið sett að ástæðulausu, og úr því að þau hafa ekki enn verið numin úr gildi, þá tel eg víst, að þau hafi ekki reynst óþörf. Og eins hlýtur hér að fara. Eg skal ekki segja neitt um lagalegu hliðina á þessu máli, eg álít að fremur beri að

taka tillit til hins »praktíska« heldur en til hins »theoretiska«, að því er þetta snertir.

Einar Jónsson: Eg vil að eins lýsa yfir því, að þar sem menn eru orðnir svo leiðir á þessum löngu og þreytandi umræðum, að einungis fjórir menn eru eftir í sætunum, og þeir sömu menn einnig orðnir dauðleiðir, þá fell eg frá orðinu.

Guðm. Hannesson: Eg skal — — — *(Einar Jónsson:* Má eg bæta því við, að eg fell frá orðinu, helzt með því skilyrði, að aðrir geri það líka). Eg skal líka falla frá orðinu.

Sigurður Sigurðsson: Eg get ekki fylgt þessu eftirdæmi þeirra háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) og háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) þó að fagurt sé, en eg vildi mælast til þess, að háttv. forseti krefðist hljóðs í deildinni. Þeir sem nauðsynlega þurfa að tala saman geta farið út, en þó vildi eg, að háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) væri inni á meðan eg svara honum.

Það hefir verið sagt um brt. mína, að hún takmarkaði bifreiðaferðirnar, og gæti orðið þess valdandi, að Austanmenn notuðu þær ekki, eins og þeir þyrftu eða óskuðu. Til þess er því að svara, að fram að þessu hafa Austanmenn sáralítið notað bifreiðar og eg geri ráð fyrir, að þær verði aldrei notaðar til þungaflutnings svo að teljandi sé, heldur að eins til mannflutninga. Að minsta kosti bendir sú reynsla, sem þegar er fengin í þessu efni, í þá áttina. Þeir menn úr nærsveitunum, sem hingað til hafa ferðast með bifreiðum, hafa aðallega verið prestar og sýslumenn, sem þungir hafa verið á sér, en lítið sem ekkert af öðru fólki.

Eg get vel skilið, að hr. frams.m. (E. P.) eigi erfitt með að vega salt á milli breytingartillagna okkar háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.). Eg get getið því nærri að hann, með sínu prestslega innræti, hafi tilhneigingu til að miðla málum okkar á milli. En eg held, að hann hljóti að eiga erfitt með að rísa upp á móti brt. minni, ef hann skygnist inn í instu leynihólf hugsunar sinnar og heila, því að engum blöðum er um það að fletta, að brt. mín er í samræmi við óskir meiri hl. manna fyrir austan fjall.

Þó að brtill. mín verði samþykt, þá er síður en svo, að menn sé útilokaðir frá því að nota bifreiðarnar, hvorki Austanmenn né Reykvíkingar. Menn geta ferðast í bifreiðum eins og þeir ætla sér á nóttunni, og á þessu tímabili frá 20. júní til 10. júlí, er svo bjart allan sólarhringinn, að mönnum má á sama standa, hvort þeir ferðast á nóttu eða degi. Auk þess geta bifreiðarnar gengið óhindraðar tvo daga vikunnar, þann tíma ársins, sem mest er um mannaferðir.

Annars er svo dýrt að ferðast með bifreiðum, og að nota þær til flutnings, að það er hér um bil frágangssök fyrir aðra en þá, sem fé hafa á reiðum höndum, og það er ekki allur almenningur, og sízt fátæklingarnir, sem þannig eru fyrirkallaðir. Hluturinn er sá, að bifreiðarnar hafa verið, það sem af er, og verða í næstu framtíð, aðallega skemtisamgöngufæri fyrir Reykvíkinga, og aðra þá, sem hafa ráð á að skemta sér á þann hátt.

Mér þykir leitt, að háttv. 1. þm. Rvk (Sv. B.) skuli ekki vera hér inni, en eg verð þó, þrátt fyrir það, að leiðrétta mishermi, sem hann gerði sig sekan í, og í öðru lagi, að koma með stutta athugasemd við ræðu hans. Hann hafði það eftir mér, að eg hefði sagt, að ef Danir tæki eitthvað ákvæði upp í lög-

gjöf sína, þá ættum vér að innleiða það hjá oss, án tillits til hvort það ætti hér við eða ekki. Þetta sagði eg aldrei. En hitt sagði eg, að þar sem svo oft væri vitnað til Dana, og dönsk lög þýdd orðrétt og gerð að íslenzkum lögum, þá væri ekki síður ástæða til, að taka tillit til danskrar löggjafar um þetta efni, og ekki sízt þar sem Norðmenn hefði einnig þetta umdeilda ákvæði í sínum lögum. Þetta sagði eg, og við þetta stend eg.

Þá vildi sami háttv. þm. (Sv. B.) bera á móti því, sem við, eg og háttv. þm. Ak. (M. Kr.), héldum fram, að þeir er færi með bifreiðar ætti hægara með öll sönnunargögn, heldur en þeir, sem mætti þeim. Þetta vil eg sanna með sérstöku dæmi. Hluturinn er þessi, að þó að það beri við, að sveitamenn sé á ferð margir saman, þá er það enganveginn sjaldgæft, heldur miklu fremur títt, að þeir sé einir á ferð. En þegar svo er ástatt, þá eru þeir hvað verst við því búnir að mæta bifreiðum. En sagan, sem eg vildi segja til dæmis, var þessi: Maður var á ferð með kerru og hest fyrir, en aftan í kerruna var bundinn annar hestur og var hann undir böggum. Maðurinn mætir bifreið, kerruhesturinn fælist og hesturinn aftan í kerrunni sömuleiðis. Maðurinn gat ekki gert nema eitt í einu, og honum verður fyrst fyrir að halda í kerruhestinn svo að hann þyti ekki út í veðrið. En á meðan slítur hinn hesturinn tauminn, þýtur út í veður og vind og maðurinn sér hann ekki meir. Hann kemst að Kolviðarhól með kerruna og kerruhestinn, en hinn finst ekki fyrr en eftir þrjá daga. Baggarnir eru aftur á móti ófundir enn. Hvernig mundi svo þessi maður hafa staðið að vígi ef til málshöfðunar hefði komið? Eg held hálfilla. Annar maður er á ferð og rekur hesta á undan sér. Bifreið kemur á móti hon um og kemst á milli hans og hestanna. Hestarnir þjóta sinn í hverja áttina og það er fyrir tilviljun, að þeir eru stöðvaðir af öðrum ferðamönnum, sem þar eru nálægt. Bifreiðarstjórinn hélt leiðar sinnar. Hann reyndi svo sem ekki að koma í veg fyrir, að hestarnir hlypi út í buskann og töpuðust. Það var síður en svo. Hvernig hefði hér farið, ef til málshöfðunar hefði komið? Af þessum dæmum hygg eg, að það sé ljóst, að ferðamenn standa illa að vígi að ná rétti sínum, þó að þeir verði fyrir tjóni af bifreiðunum.

Að því er snertir ákvæðið í 14. gr. frv. þar sem svo er fyrirmælt: »Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr.«, þá er það ekki annað en aðhald að bifreiðareigandanum, að hann láni ekki öðrum bifreið sína, ef til vill þeim, sem lítt eða ekki kunna með hana að fara, og tel eg það ekki neinn skaða.

Eg verð að álíta það háskasamlegt, að eg ekki viðhafi stærra orð, ef brtill. háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) á þgskj. 333, verða samþyktar, og þess vegna tel eg sjálfsagt, að þær verði látnar falla. Hins vegar vænti eg þess, að breyt.till. mínar á þgskj. 316 verði samþyktar. Eg þykist hafa sýnt fram á, að þær miði ekki til þess að hindra umferð bifreiðanna, nema þá að mjög litlu leyti. Austanmenn og Reykvíkingar geta notað sér bifreiðarnar jafnt eftir sem áður, þar sem þær mega, á þessum tíma sem ákvæðið gildir um, ganga óhindraðar á hverri nóttu og auk þess tvo daga í hverri viku, þá dagana, sem umferðin vanalega er mest.

Þá á eg aðeins eftir að minnast á eitt atriði út af ummælum háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B). Hann sagði, að hér á landi stafaði margfalt minni hætta af umferðum bifreiða, heldur en annarsstaðar. Hér gæti þær ekki farið hart, vegna þess, að vegirnir væri svo slæm-

ir. Þessu vil eg snúa við og segja, að hættan sé óvíða meiri en hér, vegna þess, að vegirnir eru svo slæmir, bæði krókóttir, brattir og mjóir. Hér á landi eru menn ekki alment leiknir í því að ganga þrönga veginn. Auk þess vil eg benda á, að á betri köflum veganna hér geta bifreiðarnar farið fulla ferð. Þetta hafa þeir líka að nokkru leyti viðurkent, sem frv. hafa samið, og eins hv. Ed. með því, að samþykkja það. Í 6. gr. frv. er svo ákveðið, að ökuhraðinn megi aldrei fara fram úr 35 km. á klukkustund; en þetta ákvæði væri með öllu þýðingarlaust, ef það væri útilokað, að bifreiðarnar gæti nokkurntíma farið hraða ferð.

Eitt atriði í breyt.till minum á þgskj. 316 hefi eg ekki minst á áður. Það er fyrri málsliðurinn í fyrri breyt.till., sem hljóðar svo: »Eigi er leyfilegt að nota bifreiðar á vegum fyrr en klaki er farinn úr þeim og vegirnir orðnir þurrir«. Ef það væri ekki á móti þingsköpunum, þá hefði eg helzt kosið, að þessi liður væri borinn upp sérstaklega, vegna þess, að þó að annað í tillögum minum falli, þá álít eg, að þetta ákvæði sé svo stórmikils um vert, að ekki geti komið til mála, að nokkur setji sig upp á móti því. Það er vitanlegt, að vegirnir fara þá verst undan bifreiðunum, þegar þeir eru blautir og meðan klaki er í jörðu. Fyrir því vildi eg beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að þessi liður verði bor inn upp sérstaklega, ef hann telur það ekki vera á móti þingsköpunum.

Einar Arnórsson: Eg skal ekki tefja tímann með langri ræðu, að þessu sinni.

Það er aðallega út af breyt.till. á þgskj. 333, frá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), að eg stend upp. Það er vitanlega satt, að í 13. gr. þessa frv. eru settar harðari skaðabóta- og sönnunarreglur, heldur en alment er. En eg held, að hér sé líka nokkur ástæða til að gera afbrigði frá almennum reglum. Í raun-inni er bifreiðaeigendum ekki settir harðari kostir í þessu efni heldur en t. d. skipaútgerðarmönnum. Eins og kunnugt er — og það er að eg hygg alþjóðaregla — bera eigendur eða útgerðarmenn skipa fullkomna ábyrgð á farmi skipanna og verða að gjalda fyrir skemdir á honum, nema það sannist, að vis major hafi valdið þeim, eða sökin liggi hjá farmeiganda eða sendanda. Mér finst þetta ákvæði í 13. gr. frumv. nokkurskonar öryggispípa til þess, að allir þeir, sem með bifreiðar fara, gæti sín þeim mun betur. Og er ekki nema sjálfsagt, eins og hér hagar til, að búa svo um hnútana, að bifreiðarstjórarnir viðhafi alla aðgæzlu.

Það var ekki rétt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) gat um, að þeim mönnum, er vildi gerast bifreiðarstjórar, væri sett sérlega ströng skilyrði eftir þessu frumv. Eg sé ekki betur, en að hver 18 ára gamall strákur geti komist að þessum starfa, eftir þeim ákvæðum, sem sett eru í frv. Og það get eg ekki kallað hörð skilyrði.

Ef eg skil rétt 13. gr., þá hygg eg að hún geti aldrei skift miklu máli. Hún er að eins til þess að hvetja menn til að fara sem allra gætilegast, og ef menn gera það, þá nær greinin tæplega lengra.

Eg hefi einusinni farið í bifreið austur yfir fjall. Það var ekið mjög gætilega, enda fór mjög fjarri því, að nokkur ógæfa kæmi fyrir á leiðinni, nema ef telja skyldi, að einn hestur — lítt tamið tryppi, að því er virtist — sleit tauminn.

Ef gætilega er farið, mun það sjaldan koma fyrir, að tjón vilji til vegna bifreiðanna, og þá mun það einnig sjaldan koma fyrir, að eigendur bifreiðanna

þurfi að borga stórar upphæðir vegna þess tjóns, sem þær vinna.

Hins vegar skal eg játa, að 2. setning 14. greinar er eigi heppileg og fullströng. Það er áreiðanlega nokkuð hart, að bifreiðareigandi eigi altaf að borga skaða, er af bifreið hans hlýzt, þótt hann hafi t. d. leigt hana lengri eða skemri tíma, t. d. einn mánuð eða lengur. Eg sé eigi ástæðu til þess að fara svo hart í sakirnar. Sýnist mér, að hér mætti almennar reglur gilda um ábyrgð manna á verkum starfsmanna sinna og annarra manna, þ. e., að bifreiðareigandi beri eigi aðra ábyrgð á verkum annarra manna, er með bifreið hans fara, en hann mundi gera samkvæmt alm. reglum. Væri ástæða til að breyta þessu að einhverju leyti við þriðju umræðu.

Enn vil eg geta þess, að þótt settar sé strangar reglur um bifreiðaferðir, þá er það ekki nóg, ef ekki eru líka sett ströng viðurlög við brotum gegn þeim reglum. Þessi viðurlög eru í 13. grein frumv., og held eg, að hin ætti að standa óbreytt.

Um hinar brt. sé eg ekki ástæðu til að fjölyrða, en skal þó taka það fram, viðvíkjandi brt. háttv. samþingismanns míns (Sig. Sig.) að eg tel hæpið, að mönnum austan fjalls verði hagur að því, að brt. hans á þgskj. 316 verði samþykt, því að nú eru þeir farnir að nota talsvert bifreiðar til flutninga.

Einar Jónsson: Mér leiðist hálft í hvoru að standa upp, því að hægt væri ef til vill að segja, að eg sviki loforð mitt um að tala ekki nú, eg lofaði því sem sé með því móti að aðrir hættu líka að tala. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) féll líka strax frá orðinu, sem hann var búinn að biðja um, en háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði það ekki. *(Sigurður Sigurðsson:* Afstaða mín til málsins var öll önnur en þingmannsins). Afstaða háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er sú, að hann er ekki lengur sjálfum sér samkvæmur. Hann vill spara og spara fé landssjóðs, en tefur svo dýrmætan tíma þingsins með tómu málæði. *(Forseti:* Eg vil minna háttv. þm. á, að málæði er óþinglegt orð). Já, eg sný mér nú líka að efninu.

Eg álít, að þótt sjálfsagt sé að setja reglur um notkun bifreiða, þá sé mjög varhugavert að hafa þær reglur þannig, að þær skerði að einhverju leyti not þau, sem hægt er að hafa af þessum samgöngutækjum. Þessi samgöngutæki eru þau hagkvæmustu, sem hægt er fyrir oss Íslendinga að fá, þangað til vér fáum járnbraut, sem er það langbezta. Tillaga á þgskj. 316, frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er þannig löguð, að hún myndi skerða mikið not þau, sem hægt er að hafa af bifreiðum til flutninga; eg get ímyndað mér, að háttv. flutningsmanni tillögunnar þætti það illur farartálmi, ef hann væri á ferðalagi með bifreið, að einhver kæmi til hans og segði við hann: »Nú mátt þú ekki góðurinn minn halda lengra, því að tíminn, sem bifreiðin má vera á ferðinni, er útrunninn«. Eg álít, að það nái ekki nokkurri átt að takmarka það við vissan klukkutímafjölda, hvað bifreið megi vera lengi í ferðalagi. Annars get eg frætt háttv. þm. á því, að það eru ekki bifreiðarnar einar, sem valda farartálma á vegunum, það er eins mikið þeir, sem mæta bifreiðunum, sem tefja fyrir.

Til þess að vera stuttorður, skal eg fara fljótt yfir sögu.

Eg álít, að með till. á þgskj. 333 sé farið fram á sanngjarna réttarbót, og mun því greiða henni atkvæði.

Eg óska þess, vegna vinar míns hv. 1. þm. Árn. (S. S.) að hann taki till. sína

aftur, en geri hann það ekki, þá mun eg greiða atkvæði á móti henni.

Magnús Kristjánsson: Eg vona, að mér verði ekki brugðið um það, að eg að jafnaði tefji tíma þingsins með óþarfa mælgi. En það er eins og þessir háttv. þingmenn, sem eru sitalandi, óski helzt að hafa einir orðið.

Það, sem eg ætlaði að segja, vóru aðeins örfá orð, út af því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði út af ræðu minni áðan. Hann hrakti ekkert af því, sem eg hafði haldið fram, en hélt því fram, að flest af því hefði verið bygt á misskilningi, án þess að færa frekari rök fyrir því.

Hann hélt því fram, að engin hætta — eða lítil — gæti stafað af bifreiðaferðum hér á landi. Eftir því, sem mér skildist á ræðu hans, þá hélt hann að hættan, sem stafað gæti af bifreiðaferðum, yrði því minni sem vegirnir væri mjórri og hallinn á þeim meiri, en að hættan yxi, ef vegirnir yrði breiðir og sléttir, eins og í öðrum löndum sumstaðar. Trúi því hver sem vill.

Eftir því sem mér skildist, þá hélt hann því fram, að það stafaði af þekkingarleysi mínu, að eg hélt, að bifreiðar gæti ekki orðið framtíðar flutningstæki hér á landi. Þetta er auðvitað órannsakað mál, en þó get eg sagt honum, að líkurnar eru ekki miklar til þess, að bifreiðar eigi sér mikla framtíð fyrir höndum, sem alment flutnings- og samgöngutæki, þegar þær geta ekki verið í förum nema í mesta lagi 5—6 mánuði ársins.

Eg lofaði að vera stuttorður, og skal því að eins geta þess, að þótt komið geti fyrir að bifreiðar sé til annars notaðar en að skemta sér á þeim, þá sannar það ekki neitt. Það er ekki sannað með því, að hægt sé að nota bifreiðar eins mikið og flutningsþörfin krefur, og fyrr eru þær ekki orðnar alment flutninga- né samgöngutæki.

Forseti (Ó. Br.): 1. þm. Árn. (S. S.) má gera stutta athugasemd.

Sigurður Sigurðsson: Athugasemd sú, sem eg ætlaði að gera er sú, að mig langar til að minna háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) á það, að kjósendur hans í Rangárvallasýslu munu ekki þakka honum fyrir það, að reka hér á þingi erindi bifreiðareiganda hér í Reykjavík. Að öðru leyti vil eg ekki svara hinu fávíslega hjali þingmannsins hér í deildinni áðan; það var svo nauða ómerkilegt.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

1. brt. á þgskj. 316, feld með 16:1 atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

1. brt. á þgskj. 314, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 314, samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. brt. á þgskj. 314, feld með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Guðm. Hannesson	Björn Hallson
Benedikt Sveinsson	Einar Arnórsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Guðmundur Eggerz	Hjörtur Snorrason
Sveinn Björnsson.	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Sigurður Eggerz
	Sigurður Gunnarsson

Já.	*Nei.*
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Tveir þingmenn fjarstaddir.

4. brt. á þgskj. 314, tekin aftur.

6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 316, feld með 16:6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Björn Hallsson	Benedikt Sveinsson
MagnúsKristjánsson	Björn Kristjánsson
Sigurður Sigurðsson	Einar Jónsson
Þórarinn Benediktss.	Guðmundur Eggerz
Þorleifur Jónsson.	Hannes Hafstein
	Jón Jónsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	SigurðurGunnarsson
	Stefán Stefánsson

Einar Arnórsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Sigurður Eggerz og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans. Þrír þingmenn vóru fjarstaddir.

5. brt. á þgskj. 314, talin samþ. án atkv.gr.

6. brt. á þgskj. 314, samþ. með 18 shlj. atkv.

7. og 8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

7. brt. á þgskj. 314, samþ. með 17 shlj. atkv.

9.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 333, feld með 18:4 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson	Eggert Pálsson
Einar Jónsson	Guðm. Hannesson
Guðm. Eggerz	Benedikt Sveinsson
Sveinn Björnsson.	Einar Arnórsson
	Hannes Hafstein
	Hjörtur Snorrason
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	MagnúsKristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Eggerz
	SigurðurGunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Björn Hallsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans. Þrír þingm. fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

14. og 15. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn frv. talin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (þgskj. 383, 384, 385).

Framsögum. (Eggert Pálsson): Það urðu all-langar umræður um þetta mál í gær. Eg get því lofað því, að verða stuttorður núna. Skal aðeins segja örfá orð út af þeim breyt.till., sem komið hafa fram frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) á þskj. 384 og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) á þskj. 385. Breyt.till. á þskj. 384 fer fram á það, að aldurstakmark það, sem sett er fyrir því, að menn megi stjórna bifreið, sé fært úr 18 árum í 21 ár. Eg veit ekki, hvað nefndin álítur um þessa till., því að ekki hefir unnist tími til að ræða hana þar. Fyrir

mitt leyti get eg sagt, að eg tel hana harla meinlausa og læt mér á sama standa, hvort hún er samþykt eða ekki.

Breyt.till. á þskj. 385 fer fram á það, að orðin í 14. gr., 2. liður, falli burt. Eg get hugsað mér, að nefndin kæri sig ekki um, að þessi breyttill. verði samþykt, því að það kom til orða í nefndinni, hvort ekki væri rétt, að breyta 14. gr., en það varð ofan á, að réttast væri að láta hana »passera« eins og hún var í frv. Annars skal eg ekkert fullyrða um þetta. Mér er það ekki kappsmál, en mun þó greiða atkvæði á móti brt., vegna þess, sem á undan var gengið í nefndinni.

Sveinn Björnsson: Eg á dálitla breyt.till. við 14. gr., sem eg bjó til í flýti í gær. Tilgangurinn með breyt.till. er sá, að reyna að kippa burtu úr frv. verstu vitleysuákvæðunum um skaðabótaskylduna. En vegna þess, að hún var í flýti samin og getur orðin misskilin, þá tek eg hana aftur.

Út af ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), þá vil eg negla fast þau orð, sem hann viðhafði um 14. gr., svo að þau gleymist ekki. Hann sagði, að nefndin hefði orðið sammála um það, að láta greinina »passera«, lofa henni að slarka. Er það ekki hart í svona mikilsverðu máli, að »láta slarka«. En þessi er afstaða nefndarinnar í ekki lítilvægara máli.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skal eg geta þess, að eg veit ekki, hvað hann meinar með því, að bera hana fram. Jú! Hann sagði í gær, að lítil trygging væri í því, að láta 18 ára stráka stjórna bifreiðum. Þess vegna vill hann færa aldurstakmarkið upp í 21 ár. Eg fæ ekki séð, hvað vinst með þessu. 18 ára gamall maður er kominn svo til vits og ára, að honum er vel trúandi fyrir þessu verki, auk þess, sem slíkir menn eru oftast fljótari til athugunar og röskvari en þeir sem eldri eru. Eg verð að segja það, að ætti eg að velja á milli 18 ára manns, til að stjórna bifreið, og gamals og ráðsetts prófessors, þá kysi eg heldur 18 ára manninn. Eg býst við, að hann væri bæði hæfari til starfans og minna viðutan. Eg vænti þess því, að þessi breyt.till. verði feld.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Það eru örfá orð út af ummælum háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). Það er óvefengt af honum, að meiri hluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar, að 14. gr. ætti að standa óbreytt. En það var eg, en ekki meiri hluti nefndarinnar, sem notaði áðan í ræðu minni orðið að »passera« yfir þetta. Auðvitað geta verið nokkuð skiftar skoðanir um, hvernig þetta orð skuli þýða. Eg fyrir mitt leyti álít það rangt þýtt með orðunum að »láta slarka«, og að minsta kosti notaði eg það ekki í þeirri merkingu. Eftir minni meiningu merkir orðið hér í þessu sambandi »að láta sitthvað ósnert«, láta það fara fram hér í sama gervi og það hefir. Og eg held að það sé ekkert hneykslanlegt að segja um þær greinar, sem standa óbreyttar, óáreittar, að þær »passeri«, nema frá málfræðilegu sjónarmiði skoðað. Við það skal eg fúslega kannast.

En þar sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) hefir nú lýst yfir því, að hann taki breyt.till. sína við 14. gr. aftur og þetta er þó 3. og síðasta umræða málsins, þá skal eg benda á það, að hann er þar með sjálfur kominn á þá sömu skoðun eða stefnu, sem hann vitir svo harðlega hjá meiri hluta nefndarinnar, að láta 14. gr. »passera« óbreytta. Eða með öðrum orðum: Hann vill nú — svo eg

brúki hans eigin orð — alt í einu láta hana slarka.

Einar Arnórsson: Eg heyrði minst af því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði um þessa meinlausu br.-till. mína um það, að færa aldurstakmark bifreiðastjóra upp í 21 úr 18 árum. Hann virtist ekki skilja það, að 21 árs maður væri líklegur til þess að gæta meiri varúðar, virtist jafnvel ætla, að 21 árs gamall maður væri fremur utan við sig en 18 ára piltungur. Eg held þvert á móti, að búast megi við meiri gætni af mönnum, þegar þeir hafa náð þeim þroska. Eg hefi að minsta kosti aldrei heyrt annað. Hér er um talsvert þýðingarmikið mál að ræða — það er skamt á milli þess, sem má gera og ekki má gera, og stundum ekki nema hársbreidd milli lífs og dauða. Eg nefni sem dæmi bifreiðarferð í Kömbum. Þessi breyt.till. mín miðar að því, að auka tryggginguna. *(Sveinn Björnsson:* Því ekki að heimta 30 ára aldur). Því þá ekki eins 25 ára aldur, eins og heimtað er við kosningar? Það verður alt af að setja einhver takmörk í lögunum, þótt þau ef til vill eigi ekki við um alla menn, og 21 ár hygg eg næst því rétta.

Hitt er auðvitað, að ekki væri rétt að setja aldurstakmark um það, hvenær menn megi taka prófið, enda er mönnum ekki meinað það með þessari tillögu þótt þeir sé yngri en 21 árs. Það var ekki spurt um aldur háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) þegar hann tók lagapróf, en þegar hann sækir um leyfi til að reka yfirréttarmálafærslumannsstörf, þá er spurt um aldur hans. Auðvitað er mér þetta ekkert kappsmál, en það miðar til þess að auka tryggginguna, og þess vegna mæli eg með, að breytingartill. verði samþykt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 385 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 384 samþ. með 12 : 4 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 16 : 1 atkv. og endursent Ed.

10. Sjóvátrygging.

Á 22. fundi, mánudaginn 27. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um sjóvátrygging, eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

Á 24. fundi, miðvikudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r. (þgskj. 233).

Hannes Hafstein: Þetta frumv. er stjórnarfrumvarp og er nú gengið í gegnum hreinsunareldinn í háttv. Ed. Það er kafli úr dönsku sjólögunum og alveg í samræmi við sjólög Svía og Norðmanna. Þessi lög eru öll samin af bezt færum mönnum Norðurlanda í þeirri grein. Og þegar stjórnin bjóst til að leggja sjólagafrv. fyrir þingið 1911, þá fekk hún einn af ritfærustu og orðhögustu mönnum hér til þess að leggja dönsku lögin út, þar með einnig þennan kafla, er síðar var tekinn út úr. Þýðingin hefir síðan, er til kom að leggja kaflann sem sérstakt frumv. fyrir þingið, verið vandlega yfirskoðuð, meðal annars af kennaranum í sjórétti við háskólann, er sá um samræmi við önnur íslenzk lög. Nú hefi eg heyrt sagt, að einn af þeim háttv. herrum í Ed., sem um málið hefir rætt þar, hafi uppkveðið þann dóm, að frumv. sé alt *einn grautur af hugsunarvillum og málvillum!* Og þótt háttv. Ed. kunni að hafa bætt úr þessum sorglegu göllum að einhverju

leyti, þá þætti mér vissara, að hér yrði einnig skipuð nefnd til þess að athuga það, á hve miklum rökum þessi dómur um frumvarpið er bygður, svo og umbætur háttv. Ed., og leyfi eg mér þá að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþykt í einu hljóði og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Einar Arnórsson
Bjarni Jónsson
Hannes Hafstein
Matthías Ólafsson
Stefán Stefánsson.

Á 35. fundi, miðvikudaginn 5. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (þgskj. 233, n. 315).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Það hefir verið sagt hér og haft eftir einum háttv. þm. í Ed., að þetta frumvarp sé einn grautur af hugsunarvillum og málvillum. Eg held, að þetta sé alt of harður dómur, en satt er það, að ekki er svo gott mál á því, sem skyldi. Eg ætla nú hvorki mér né nefndinni þá dul, að koma því á neitt gullaldarmál. Til þess skorti bæði tíma og ef til vill getu líka. En nokkuð hefir frumv. verið lagað í nefndinni. En annars skal eg geta þess, að þótt málið þætti ekki vel gott á þessu frumvarpi, þá er það ekki stórum verra en á mörgu öðru, sem frá þinginu kemur. Það er nú sumt hvað svo, að á því er að minsta kosti ekki nema silfuraldarmál. Eg þarf svo ekki að hafa langa framsögu. Eins og háttv. deild sér, hefir nefndin gert við frumvarpið allmargar breyt.till., en þær eru nær eingöngu formlegs efnis. *(Sigurður Sigurðsson:* Það mætti bera þær upp allar í einu). Það þori eg ekki að segja, en flestar af þeim eru að eins orðabreytingar.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 315, 1.—12. liður, samþ. án atkvgr.

1.—11. gr. frv. þannig breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 315, 13.—15. liður, sþ. án atkvgr.

12.—18. gr. frv. þannig breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 315, 16.—35. liður, sþ. án atkvgr.

19.—26. gr. frv. þannig breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 315, 36.—42. liður, sþ. án atkvgr.

27.—35. gr. frv. þannig breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 315, 43.—45. liður, sþ. án atkvgr.

36.—38. gr. frv. þannig breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi, föstudaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (þgskj. 378).

Forseti óskaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau leyfð og samþykt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi Nd., þriðjud. 11. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr., er það hafði tekið breytingum í Ed. (þgskj. 458, n. 467).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

11. Skrásetning skipa.

Á 40. fundi Nd., þriðjudaginn 11. ágúst, var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á lögum um skrásetning skipa frá 13. des. 1895, eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

Á 42. fundi Nd., miðvikudaginn 12. ágúst var frv. tekið til 1. umr. (þskj. 482).

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau leyfð og samþykt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 16 samhljóða atkvæðum.

Á 43. fundi Nd., miðvikudaginn 12. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 482).

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau leyfð og samþykt.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 13 samhljóða atkvæðum.

Á 46. fundi Nd., fimtudaginn 13. ágúst var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 482).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 22 samhlj. atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

II.

Þingmannafrumvörp.

---

1. Sauðfjárbaðanir.

A 2. fundi Nd., föstudaginn 3. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir nr. 46, 10. nóv. 1913 (þskj. 17).

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eg get búist við því, að mörgum þyki farið nokkuð fljótt fram á breytingar á þessum lögum, þar sem ekki er fult ár síðan þau vóru staðfest. En þegar litið er á undirbúning þann, er lögin fengu á seinasta þingi, þá get eg þó búist við því, að mönnum komi

það ekki mjög á óvart, þótt farið sé fram á lítilsháttar breytingar. Það er líka samkvæmt ósk þingmálafunda í kjördæmi mínu, að eg flyt þetta frumv.

Það, sem hér er farið fram á, er, að sú breyting verði gerð á lögunum, að hreppsnefndir þurfi ekki eftirleiðis að safna pöntunum á baðlyfjum og heimta borgun fyrir þau að vorinu, þegar enginn getur enn vitað með vissu, hversu mikið hann muni geta sett á vetur af fénaði, og þar af leiðandi, hve mikið hann þarf af baðlyfjum. Þess ber og að gæta, að þessi tími er sá tími árs, er menn eiga erfiðast um peninga.

Enn fremur er ráðið til þeirrar breytingar, að stjórnarráðið þurfi ekki eftirleiðis að panta lyfin, heldur að eins — eftir ráðum dýralæknis — að skipa fyrir, hvaða lyf skuli notuð. Því aðalatriðið er ekki það, hver pantar lyfin, heldur hitt, að féð sé baðað, og að allir baði. Það virðist líka enn meiri ástæða til að sinna þessum óskum, þegar þess er gætt, að mikill meiri hluti hreppanna á landinu — 109 á móti 32 hreppum, óskuðu þess að eins, að samþykt yrði heimildarlög, en ekki almenn lög, eins og raunin varð á.

Eg treysti því, að þetta mál fái góðar undirtektir, og er það ósk mín, að kosin verði 5 manna nefnd til að athuga það. Nefndinni til leiðbeiningar skal eg geta þess, að það þarf ennfremur að breyta lítið eitt síðustu grein laganna, nefnilega að taka burtu tilvísunina til 5. gr., því að í þessu frumvarpi er stungið upp á því, að sú grein falli burt.

ATKV.GR.:

Samþykt í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd.

Kosnir með hlutfallskosningu:

Hjörtur Snorrason
Stefán Stefánsson
Jón Jónsson
Einar Jónsson
Eggert Pálsson.

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Á 17. fundi, þriðjudaginn 21. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (þskj. 17, n. 108).

Hjörtur Snorrason: Þar eð eg var einn í nefnd þeirri, sem sett var til að athuga frumvarp þetta, þá þykir mér rétt í fám orðum að lýsa afstöðu minni til frumvarpsins, þó hún komi reyndar fram í nefndaráliti meiri hlutans.

Eg álít, að með breytingum þeim, sem í frumvarpinu felast, sé lögin um sauðfjárbaðanir gerð kraftlaus og einskis nýt. Ákvæði þau í 5. gr. laganna um pöntun og kaup á baðlyfjum fyrir fram, aðaldriffjöðrin, sem knýr bændur til að baða sauðfé sitt reglulega og á þeim tíma, sem ákveðinn er í lögunum. Sektarákvæðin í 8. gr. laganna þýðingarlaus af þeirri ástæðu, að þeim myndi sjaldan beitt, reynslan löngu búin að sanna það á svo mörgum öðrum sviðum. Eftirlit það með böðunum, sem hreppsnefndum er falið í 6. gr. laganna, einskisvert, þar sem þær hafa ekkert framkvæmdarvald. Þetta, að bændur verða að byrgja sig upp með baðlyf fyrir fram vissasta skilyrðið fyrir framkvæmdunum hvað baðanirnar snertir, því að úr því baðlyfin eru keypt, er ekki hætta á að þau verði ekki notuð.

Það atriði, að bændur verða að leggja fram andvirði baðlyfjanna fyrir fram er ekki ægilegt, þar er að eins um örfáar krónur að ræða og sýnist ekki miklu skifta, hvort greitt er í júní eða september. — Gera má ráð fyrir, að oftast yrði það hreppssjóðirnir, sem leggja

verða fram andvirði baðlyfjanna í svip. inn, en tilfinnanlegt er það alls ekki. Lögtaksréttarákvæðið er trygging fyrir því, að sjóðunum verði andvirðið endurgreitt. Nú svo mikil óregla á sauðfjárböðunum í sumum héruðum landsins og einstökum sveitum, og verður svo áfram, ef lögunum verður breytt eins og frumvarp þetta fer fram á, að vandræði geta af hlotist; þarf ekki nema einn bónda í hreppi eða jafnvel á stóru svæði til að gera tjón með því að trassa að þrifa sauðfé sitt, ala í því lús og máske kláða og sýkja með því móti fé annara. Við þessu ætti lögin að sporna eins og þau eru nú, en gera það alls ekki, ef á þeim verða gerðar þær breytingar, sem frumvarpið fer fram á.

Þá er að líta á ákvæði laganna um innkaup baðlyfjanna, sem falla í burtu, ef frumvarpið verður samþykt. Má að líkindum gera ráð fyrir því, að fá mætti lyfin miklum mun ódýrari, ef innkaupin væri gerð í einu fyrir alt landið, og það jafnvel þó tekið væri með í reikninginn, að í handaskolum nokkrum myndi fara fyrir landsstjórninni að fara með slíka verzlun, en ef hver fjáreigandi kaupir þau í smákaupum, eins og tíðkast hefir. Hér er út frá vissu að ganga við innkaupin. Hver hreppur sendir sína pöntun og tiltekur um leið á hverja höfn skuli senda. Stjórnarráðið hefir því svart á hvítu: 1. Hve mikið af baðlyfjum þarf að panta. 2. Hvert eigi að senda og hve mikið á hverja höfn á landinu. Hér er því ekki hætta á að lenti í líku ólagi við útvegun baðlyfjanna, sem við útrýming fjárkláðans 1906 og sending tóbaksins út um landið. Þá hafði stjórnarráðið ekkert áreiðanlegt við að miða við innkaup baðlyfsins, hvað mikið þyrfti í heildinni og hve mikið í hvert hérað, annað en framtals skýrslurnar, jafn ónákvæmar sem þær reyndust.

Eg leyfi mér að vona að meiri hluti háttv. deildar sé mér samdóma um það, að breytingar þær á umræddum lögum, sem frumvarp þetta fer fram á, miði að því að gera þau að ónýtum pappírslögum og felli frumvarpið.

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Eg vona, að ekki þurfi langar umræður um þetta mál; það er svo óbrotið, enda í nefndarálitum meiri og minni hluta nefndarinnar gerð nokkurnveginn ljós grein fyrir því.

Eg þykist vita, að háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sér, hvaða breytingar farið er fram á í þessu frumvarpi, sem sé þær, að stjórnarráðið er leyst frá því, að panta baðlyf, en hverjum fjáreiganda veitt heimild til að kaupa þau þar sem hann helzt óskar og þegar hann vill. Í Eyjafjarðarsýslu, er það svo, að allur almenningur þar er mjög óánægður yfir þessum fyrirskipuðu reglum um baðlyfjakaupin. Bændur þar segja: »Við böðum fénað okkar, en við viljum sjálfir fá að ráða því, hvar við fáum baðlyfin«. *(Sigurður Sigurðsson:* Verðið er þó betra, ef stjórnarráðið útvegar baðefnin). Þetta er sú eina nýta ástæða, ef nýta skyldi kalla, sem fram hefir komið gegn þessu frv., því líkur vóru til þess, að með svo mikilli pöntun á baðlyfjunum, mundu þau verða eitthvað ódýrari, en ef hver einstakur fjáreigandi keypti þau hjá sínum viðskiftamanni. En nú reynist þetta svo, að baðlyf þau, sem stjórnarráðið hefir auglýst, eru ekki einasta eins dýr og baðlyf þau, er menn geta fengið með frjálsri verzlun, heldur er eitt þeirra miklum mun dýrara, og hver er þá vinningurinn?

Háttv. meiri hluti nefndarinnar ber fyrir sig álit dýralæknis um málið, hvað það snertir, að frumvarpsbreytingin muni veikja eftirlitið með böðununum. En nú

er því svo farið, að eftirlitið verður alveg sama sem áður. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga, eftir sem áður, að hafa eftirlitið á hendi. Það eru aðeins pantanir baðlyfjanna, sem nú hvíla á hreppsnefndunum, og afskifti stjórnarráðsins af útvegun þeirra, sem kipt er burtu, enda virðist svo, sem þetta tvent, ætti að vera öldungis óþarft skilyrði fyrir því, að þrifaböðin fari fram árlega. Í þessu sambandi er líka vert að meta nokkurs þá ástæðu, að pöntun baðefna á vorin og greiðslukrafa á andvirði þeirra þá, á hinum óheppilegasta tíma, vekur hina mestu óánægju. Í það minsta hefir það komið í ljós allvíða í Eyjafjarðarsýslu, og það vil eg taka fram, að dýralæknirinn, sem sat á fundi með nefndinni, lét það ótvírætt í ljós, að einmitt þessi ákvæði laganna, sem nú á að fá breytt, mundi vekja mestu mótspyrnu meðal fjáreigenda. Það er því engu síður til inntekta fyrir okkur minni hluta nefndarinnar en meiri hlutann, hans álit. Hins vegar sætta menn sig vel við það, að stjórnarráðið ákveði, hver baðlyf skuli nota.

Annars hefir dýralæknirinn á Akureyri skrifað blaðagrein um þetta mál, þar sem hann álítur núgildandi lög um sauðfjárbaðanir fjarstæðu, og telur það óhafandi, að bændum sé gert að skyldu að kaupa sérstök baðlyf, fyrst hér sé aðeins um þrifaböð að ræða.

Svona langt fer þó frv. ekki; því svo er þó til ætlast, að ákveðið baðefni verði brúkað. Dýralæknirinn á Akureyri telur lögin einokun og kveðst ekki skilja, að bændur taki því með þökkum, að mega ekki kaupa og panta þetta efni, þar sem þeir hafi önnur verzlunarviðskifti. Og eg þykist þess fullviss, að þótt frv. nái ekki samþykki þingsins nú, að þá verði ekki langt að bíða þess, að óskir koma fram um sviplíkar breytingar. *(Sigurður Sigurðsson:* Frá Eyfirðingum). Eg kannast ekki við það, að Eyfirðingar hafi farið fram á jafn ómerkilegar, og mér liggur við að segja, barnalegar lagabreytingar á þinginu, sem Árnesingar, og situr því illa á hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að kasta hnútum til annara í þessu sambandi.

Það kann vel að vera, að sumum þingmönnum þyki of fljótt að breyta lögunum. En það er þó sýnilegt, að þau hafa að geyma óeðlilegt ákvæði, eru illa þokkuð og gera ekki baðlyfin ódýrari, eins og sést á skýrslu stjórnarráðsins. Mér finst því nokkuð í því, sem dýralæknirinn á Akureyri bendir á, að lögin muni skapa einokun. Að leggja mikið upp úr því áliti dýralæknisins hér, að frv. muni veikja eftirlitið, finst mér óþarfi og ástæðulítið. Á því hefir hann ekki meira vit en hver annar.

Að svo mæltu skal eg leyfa mér að óska þess, að frv. nái fram að ganga hér í deildinni, og verði afgreitt til hv. Ed., svo að hún fái að segja álit sitt um það. Getur hún þá, ef henni þóknast, varnað því framgangs.

Pétur Jónsson: Þetta er smátt mál og ekki kappsmál neinum. Eg stend aðeins upp til þess að lýsa afstöðu minni til frv. Eg verð þá að segja það, að eg er í hálfgerðu ráðaleysi með, hvernig eg eigi að greiða atkvæði í málinu. Eg er með frv.gr. eins og hún er orðuð. Eg álít fult svo rétt, að losa stjórnarráðið við útvegan baðlyfja, ekki af því, að eg telji það óeðlilegt, úr því að skylduböðun á annað borð er lögboðin, heldur af því, að eg tel það fyrirkomulag ópraktiskt, of umsvifamikið. Aftur á móti er eg ósamþykkur því, að létt sé af hreppsnefndum og bæjarstjórnum eftirliti og ábyrgð á því, að baðlyf sé nægileg til í tíma. Þessvegna vil eg, að 5. gr. laganna haldist, að því er það samrýmist hinni breytingunni. Eg mun

því greiða atkvæði með frv. nú til 3. umr., en óska þess, að nefndin taki til greina þessa athugasemd mína um 5. gr. laganna og komi með breyt.till. þar um við 3. umr.

Framsögum. meiri hl. (Eggert Pálsson): Eg þarf ekki að halda langa ræðu. Það hefir verið tekið fram, að frv. er hvorki umfangsmikið né kappsmál, enda háttv. þm. Borgf. (H. S.) þegar lýst afstöðu meiri hluta nefndarinnar til þess.

Til að byrja með skal geta þess, að í nefndarálitið hefir slæðst prentvilla; þar stendur: »Á hina hliðina óttast meiri hlutinn *fyrir* það . . . .«; þetta »*fyrir*« á að falla burt.

Þótt nefndarálitið sé stutt, er það samt nægilega ljóst. Það er aðallega tvent, sem veldur því, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhylzt frv. Í fyrsta lagi það, að þótt nokkrar óánægjuraddir með lögin kunni að hafa heyrzt í Eyjafjarðarsýslu, er oss ekki kunnugt um, að þau hafi valdið almennri óánægju annarstaðar og frá því sjónarmiði virðist því engin ástæða til að breyta þeim. Í öðru lagi erum vér þeirrar skoðunar, að það mundi veikja eftirlitið með sjálfum böðunununum hjá hreppsnefndunum, ef öllum væri gefið frjálst að útvega sér baðlyf hvar sem sýndist og hreppsnefnd hefði engin afskifti af því hvort eða hvar þau væri fengin. Það mætti, ef til vill, líta svo á, að þannig þyrfti ekki að fara, svo framarlega sem alt af væri víst, að baðefni væri til. En því má einmitt búast við, að baðlyf vanti, ef hver einstakur má ráða útvegun þeirra. Þá gæti svo farið, að böðun félli alveg niður.

Enn er eitt atriði, sem til greina kemur í þessu máli, það sem sé, að miklar líkur eru til, að baðlyfin verði ódýrari, ef þau eru útveguð í einu lagi fyrir alt landið, heldur en ef hver kaupir sér. Það segir sig sjálft, að stórar birgðir af sömu vöru hljóta að fást við ódýrara verði tiltölulega, heldur en sama vara, keypt í smákaupum.

Minni hl. nefndarinnar heldur því fram, að einstaklingum sé örðugt að panta baðlyfin fyrirfram, vegna þess, að menn viti ekki hve mikið þeir þurfi. Þar á móti segir meiri hl. nefndarinnar, að hér geti ekki verið mikið í hættu. Bæði er hér um mjög lága fjárupphæð að ræða og í annan stað, ef of mikið er pantað, þá er þó baðefnið ekki ónýtt, þótt ekki sé brúkað þegar í stað, heldur getur geymst til næsta árs, og komið þá að notum, svo að baðlyfjapöntun einstaklingsins getur það árið orðið þeim mun lægri, sem hún var óþarflega há árið áður.

Ennfremur taldi minni hl. að mönnum mundi veita erfitt að greiða borgunina á baðlyfjunum fyrirfram í tiltekinn tíma. Ekki get eg, og meiri hluti nefndarinnar, heldur gert mikið úr þeirri ástæðu. Eg geri þvert á móti ráð fyrir því, að hreppsnefndir mundu ekki ganga hart að mönnum í þessu efni. Eg tel víst, að sú regla mundi alstaðar komast á, að hreppsnefndirnar legði fram af hreppssjóði borgun í bili fyrir alla búendur hreppsins, fátæka sem ríka, og innheimta svo síðar þetta gjald hjá einstaklingunum, ásamt öðrum gjöldum til hreppssjóðsins.

Frekara þarf eg ekki að segja að sinni, og þar sem málið er alls ekkert kappsmál, þá munu báðir hlutar nefndarinnar una við þau úrslit, sem frumv. fær hér í deildinni.

Þorleifur Jónsson: Eg verð að lýsa yfir því, að eg mun aðhyllast tillögu háttv. minni hl. í þessu mál. Mér finst frumv., sem hér liggur fyrir, vera til bóta. Ákvæðið í lögunum um sauð-

fjárbaðanir frá í fyrra, um, að stjórnarráðið skuli sjá um útveganir á þessari einu vörutegund, var algerlega óþarft, og að mörgu leyti óheppilegt. Það miðar eingöngu til þess að auka landsstjórninni óþarfa snúninga og mas, en kemur á hinn bóginn að engu gagni fyrir landsmenn. Því að eg býst ekki við, að baðlyfið verði þeim mun ódýrara þó að það sé keypt á þenna hátt, heldur en hægt er að fá það hjá kaupmönnum, með þeirri samkepni sem nú á sér stað bæði um þessa vöru og aðrar. Eg verð því að telja það betur farið, ef þessi breyting á lögunum, sem frumv. fer fram á, gengur fram.

Það hefir verið tekið fram, enda er það mikilvæg ástæða, að það er engan veginn auðgert fyrir menn að ákveða það löngu fyrirfram, hvað mikið baðlyf þeir muni þurfa að nota. Um það verða menn að renna blint í sjóinn. Það er ekki fyrr en komið er undir haust, að menn geta farið að ákveða, hvað þeir ætla að setja mikið á, því að það fer vitaskuld mikið eftir því, hvernig heyskapurinn hefir gengið. Lögin leggja þess vegna óþægilega byrði á almenning, þar sem þau gera ráð fyrir að menn ákveði það snemma árs, hvað mikið baðlyf þeir þurfi.

Það var vist háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem efaðist um, að rétt væri að fella burt úr lögunum 5. gr., þar sem ákveðið er að hreppsnefndirnar skuli sjá um baðlyfjakaup. Það getur verið að betra væri að ákvæði í þessa átt fengi að haldast, en eg er þó ekki hræddur um, að það yrði að stórum baga, þó að þessi grein væri afnumin. Í flestum kaupstöðum landsins mun nú vera nægilegur forði af þessari vörutegund.

Menn hafa séð, að fjárböðunin hefir góð áhrif á ullarvöxtinn, svo að eftirspurnin eftir baðlyfjunum er orðin mikil. Kaupmenn sjá þess vegna sinn hag í því, að hafa jafnan nóg af þeim fyrirliggjandi. Eg hygg því, að mönnum verði aldrei skotaskuld úr að afla sér baðlyfja, þó að engin sérstök lagafyrirmæli væri um það efni.

Það er hætt við því, að vafningasamt verði fyrir stjórnarráðið að annast um þetta mál, og ekki síður erfitt fyrir almenning út um land að haga sér eftir fyrirmælum þess. Eg hefi ekki séð ennþá auglýsingu stjórnarráðsins um það, hver baðlyf eigi að nota í haust, enda hygg eg að hún sé ekki komin út enn. *(Ýmsir þingmenn:* Jú, hún er komin). Það er þá alveg nýverið, og er þá hætt við, að hún verði seint komin út um landið, ekki síst í þær sýslurnar, sem tregastar hafa samgöngurnar, svo sem mín sýsla. Getur því svo farið víða, að menn eigi óhægt með að ná í þá baðlyfjategund, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

Eins og ákvæðin eru í lögunum, verður baðanamálið erfiðara og vafningssamara en nauðsyn krefur. Það væri miklu nær að menn hefði lausar hendur, að öðru leyti en því, að hreppsnefndirnar hefði umsjón með, að allir böðuðu fé sitt. Það er það sem mest á ríður, og til þess vóru lögin sett, að einn einstakur maður gæti ekki ónýtt baðanir heils sveitarfélags, með því að skjóta sér undan að baða fé sitt, og léti það ganga saman við baðað fé nágrannanna. Því að þótt hugsunarhátturinn sé nú orðinn allvíðast sá, að menn telji sjálfsagt að baða, þá geta þó verið til þeir trassar, sem sjá ekki hag sinn og hirða ekki um það. Og þeirra vegna var það, að lög þessi vóru samþykt og sett. Með þeim átti að koma í veg fyrir að þeir gæti ónýtt baðanir fyrir öðrum.

Eg tel það í alla staði rétt, sem þetta frumv. fer fram á, og hygg að það verði til talsverðra bóta á gömlu lögunum.

Jón Jónsson: Af því að eg get búist við að þetta frumv. verði felt, ætla eg, með leyfi háttv. forseta, að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál og önnur svipuð.

Mér fellur illa sú stefna, sem verið hefir ríkjandi hér í þinginu undanfarin ár, að setja lög sem ganga afarnærri athafnafrelsi manna. Mörg af þessum lögum, og þar á meðal þau, sem hér er verið að ræða um breytingu á, hafa verið meinlaus, en stefnan, sem þau lýsa, þykir mér, alt fyrir það, all athugaverð. Það er mikil ósamkvæmni í því, þegar þingið gerir háar sjálfstæðiskröfur fyrir þjóðarinnar hönd, en lýsir því svo yfir í öðru orðinu, með lögum sem það setur, að þjóðinni sé ekki treystandi til neins, löggjafarvaldið verði að hafa vit fyrir henni í öllum greinum og á öllum sviðum. Manni gæti dottið í hug í þessu sambandi það sem skáldið segir:

> Þeir, sem fyrir sjálfum sér,
> sér ei trúað geta o. s. frv.

En eg geri nú samt sem áður ráð fyrir því, að þingmenn yfirleitt líti stærri augum á sig en svo, að þeir treysti sér ekki til neins. En það sýna þeir aftur á móti greinilega með verkum sínum, að einstaklingum út um land trúa þeir ekki til nokkurs skapaðs hlutar og virðast helzt álíta, að landsmenn sé þeir óvitar, að þeir færi sér að voða, ef stjórnarvöldin hefði ekki hönd í bagga með þeim í öllum hlutum.

Þessi lög, sem hér er verið að ræða um og samþykt vóru á þinginu í fyrra, ganga í þá átt, að skipa mönnum að drepa lúsina á sauðfé sínu. Með þessu er sagt, að almenningur hafi ekki vit á, hvað honum sjálfum er fyrir beztu í þessu efni. Ekki geti hann haft hugmynd um, að honum sé gróði að því að þrifa sauðfé sitt. Löggjafarvaldið þurfi að taka þetta upp á sína arma.

Eg veit nú satt að segja ekki, hvaðan þeim vitringum, er hér sitja, kemur þessi speki. Eg fyrir mitt leyti sé enga þörf á þessum sauðfjárbaðanalögum eða öðrum slíkum lögum. Það er svo allsstaðar, þar sem eg þekki til, að enginn ágreiningur er um nauðsynina á sauðfjárböðunum. Menn sjá hvern hagnað þeir hafa af þeim, og það er meir en nægileg hvöt fyrir menn til þess að leggja stund á þær. Og það gera menn og mundu gera, án nokkurra lagafyrirmæla. Það væri þá helzt, að menn hliðruðu sér hjá að baða það fé, sem gengur sjálfala bæði sumar og vetur. En það er líka mikið álitamál, hvort nokkur nauðsyn er á að baða það fé, því það er að öllum jafnaði ekki lúsugt, en á hinn bóginn er áreiðanlegt, að það fé, sem baðað verður, er kulvísara. — Það er reglulegur hallærishugsunarháttur, sem lýsir sér í þessum lögum og ýmsum öðrum, sem þingið hefir samþykt síðari árin. Verð eg að álíta, að þingið hafi gengið full-langt í þessa stefnu, og hygg eg, að ekki sé séð fyrir afleiðingarnar af því. Gæti eg nefnt mörg lög til dæmis um það, sem eg hefi nú haldið fram, en þess gerist engin þörf, því að allir þekkja þau.

Þetta frumvarp sem hér liggur fyrir er meinlítið. Það fer ekki fram á að grundvallarstefnu laganna sé breytt, en hún er sú, að allir sé skyldir að baða fé sitt. Frumv. fer einungis fram á þá breytingu, að hver einstakur maður fái að ráða hvar og hvernig hann kaupir baðefni sitt. Eg held, að það sé hreinn og beinn óþarfi að láta stjórnarvöldin

vera að vasast í öðru eins og þessu. Það er óþarfa fyrirhöfn fyrir þau, og algerlega óþörf og að mörgu leyti óholl umhyggjusemi fyrir landsfólkinu. Það á að geta og getur líka séð, hvað því sjálfu er fyrir beztu, þegar ekki er um flóknara mál að ræða en þetta er. Hér er engin hætta á ferðum.

Sú ástæða hefir verið borin fram, að baðefnið fáist ódýrara ef það er keypt í einu lagi fyrir alt landið. Þetta getur hugsast. En eg skil þó ekki, að það muni svo miklu, að það vegi upp á móti því, að taka öll ráð af almenningi í þessu efni.

Þetta var það sem eg vildi drepa á. Eg álít þetta frumv. svo sanngjarnt, að ekki geti komið til mála, að þingið felli það. Það fer ekki fram á annað, en að sýna almenningi sjálfsagða sanngirni. Það er ekki rétt leið og ekki til annars en að ala upp ómagahugsunarhátt í landinu, að vantreysta öllum almenningi og fara með hann eins og ómyndugt barn.

Eg á bágt með að trúa því, að háttv. þm. Dal. (B. J.), sem er uppeldisfræðingur og fræðimaður í ýmsum öðrum greinum, verði öðrum háttv. þingmönnum samferða um þessa vandræða skoðun.

Björn Hallsson: Eg er einn af þeim, sem aðhyllast þá stefnu er háttv. minni hluti hefir tekið í þessu máli. Mér virðist sú stefna, er kemur fram í lögunum frá í fyrra óþarflega fyrirhafnarmikil. Skrifstofuleiðin er erfið og hefir auk þess marga galla. Eg hygg, að það geti komið fyrir, að taxti og fyrirskipanir stjórnarráðsins um þetta efni komist ekki í tæka tíð út til almennings; að minsta kosti er þetta seint á ferðinni nú. Auk þess er hætt við því, að pantanirnar verði ekki alt af komnar á rétta staði þegar á þarf að halda. Og þá er ekki auðgert að ná í baðefnið, úr því að alt er bundið við einn stað.

Einn agnúa hefi eg rekið mig á í þessu máli. Og er þó varla rétt að kalla það agnúa. En hann er sá, að engin reynsla er fengin fyrir því, hvort baðefnið verður landsmönnum ódýrara með þessari tilhögun eða með frjálsri verzlun. Sá taxti, sem stjórnarráðið hefir nú gefið út, og eg hefi séð fyrst í dag, virðist ekki benda í þá átt, fljótt á litið, að rétt sé að halda þeirri tilhögun, sem lögin gera ráð fyrir.

Eg hefi undanfarin ár notað eitt af þeim baðlyfjum, sem stjórnarráðið ætlast til að nú verði notuð, og eg sé ekki betur en að það verði dýrara en eg hefi fengið það hjá því kaupfélagi, sem eg hefi viðskifti við. Þetta atriði virðist benda í þá átt, að ekki sé rétt að halda fast við þessa tilhögun um baðefniskaupin, sem nú er ákveðin í lögunum.

Því er haldið fram í áliti meiri hluta nefndarinnar, að með þessu frumvarpi sé aðhaldið og eftirlitið með, að allir baði, tekið úr lögunum. Þetta hygg eg að sé ekki allskostar rétt. Reyndar skal eg viðurkenna, að með því að afnema 5. greinina, er nokkuð langt gengið. Vildi eg aðhyllast skoðun háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) á þessu atriði. Ef hreppsnefndirnar hefði eftirlit með því að allir baði, þá ætti þær líka að hafa eftirlit með því, að allir kaupi baðlyfin og geri það í tæka tíð. Þetta getur vel samrýmst því að verzlunin sé frjáls. Hreppsnefndirnar geta safnað pöntunum og samið við einhverja verzlun að hafa baðefnið til þegar á því þarf að halda. Með þessu er um leið skotið loku fyrir það, að menn skjótist undan því að baða fé sitt. Þar sem eg þekki til er ekki mikill hængur á því að menn baði. Mér

er óhætt að segja, að á Fljótsdalshéraði gera menn það nær undantekningarlaust. Hvað þá þegar nýju lögin koma til framkvæmda. Enda kemur þetta heim við það, að eg hefi hvergi heyrt menn kvarta undan baðanaskyldunni, sem þar er sett, enda þótt sumum hreppum virtist nægja að hafa heimildarlög. Aftur á móti hefi eg heyrt menn tala um, að almenningi væri gert óþarflega erfitt fyrir að ná í baðlyfin. Og það hygg eg að sé réttmæt umkvörtun. Eg vil þess vegna styðja þetta frumvarp.

Bjarni Jónsson: Eg hafði ætlað mér að láta þetta mál afskiftalaust. En einn háttv. þingmaður (J. J.) gerði mér þann heiður að vísa til mín sem uppeldisfræðings og þykir mér ilt að láta ónotaðan heiðurinn. Eg veit ekki, hvort þessum háttvirta þingmanni þykir eg vera heiðursins eins maklegur, ef eg segi honum, hvað eg hafðist að á síðasta þingi. Eg taldi það hina mestu fásinnu að samþykkja þessi lög, og sagði, að eins mætti setja lög um að skipa mönnum að járna hesta sína, og láta stjórnarráðið sjá um útvegun á hestajárnum og hafa þau jafnan á reiðum höndum. Enn fremur sagði eg, að ekki væri úr vegi og ef til vill öllu þarfara, að skipa fyrir með lögum, að þrifabað skyldi fram fara árlega á öllu mannfé í landinu. Eg hugsaði þá og hugsa enn, satt að segja, að menn kynni að sjá sinn hag í því, ef ullin þeirra batnaði og ullarverðið hækkaði. Eg lít enn svo á, að allar fyrirskipanir um sauðfjárbaðanir sé óþarfar, nema um fjársýki væri að ræða, svo sem kláðann, er landshætta gæti stafað af. Eg leyfði mér að hafa þau orð í fyrra, að það væri ósvífni af þinginu að setja þessi lög og eg leyfi mér að hafa sömu orðin um það enn þá, þrátt fyrir alt, sem eg hefi heyrt um þetta mál síðan í fyrra.

Af þessu hlýtur að leiða, að eg leiði hjá mér allar breytingar á þessum lögum, sem frá upphafi vóru argasta ómynd. Eg geri það jafnt fyrir því, þó að breytingarnar kunni að vera til einhverra bóta.

Eg býst því ekki við, að háttv. þingmaður (J. J.) hafi mikið gagn af mér sem uppeldisfræðingi í þessu máli. En ef nasasjón mín af þeim fræðum gæti orðið honum að liði í öðrum málum, þá skal eg ekki vera kostbær á minni vizku. *(Einar Arnórsson:* Er þetta íslenzka?). Nei, það er ilt mál. En »hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það«.

Um frumvarpið skal eg geta þess, að mér þykir leiðinlegt, ef sektirnar sem eiga að renna í sveitarsjóð, falla í burtu. En ákvæðin um þær falla burtu, ef 5. gr. verður afnumin. Eg veit ekki hvaða lög eiga skilið að fara á sveitina, ef það eru ekki þessi lög. Eg væri háttvirtum þingmönnum þakklátur ef þeir breytti þessum lögum annaðhvort svo, að þau væri ekki lengur til eða þá svo, að þeir setti mannfé í staðinn fyrir sauðfé. *(Sigurður Sigurðsson:* Eða sauðfé á tveimur fótum). Já, eg get fallist á að réttara sé að orða það svo, einkum úr því, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir fundið sér skylt að leggja það til. Honum er bezt trúandi til að vita hvað við á í þessu efni.

Framsögum. meiri hl. (Eggert Pálsson): Mér virðist af umræðunum að minni hl. nefndarinnar hafi meiri styrks að vænta hjá hv. deildarmönnum en meiri hlutinn, þó að ekki sé reyndar enn þá víst, hvað ofan á verður við atkvæðagreiðsluna.

Eg hjó sérstaklega eftir því, sem hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), sem annars vildi ekki styðja skoðanir meiri hlutans, hélt fram, að mikil nauðsyn væri á því, að baðanir

færist ekki fyrir hjá neinum, til þess að fáir menn ónýtti ekki með því baðanir heils sveitarfélags. En samt sem áður taldi hann ekki nauðsynlegt, að nokkur ákvæði væri til um það, að eftirlit væri með því að baðefni væri alt af fyrir hendi þegar baða skyldi.

Hann virtist ganga út frá því, að áhugi manna á sauðfjárböðunum væri orðinn svo ríkur, að engin þörf væri á slíku ákvæði. En ef þessi skoðun hans er rétt, þá er eru lögin í heild sinni algerlega óþörf, en þó skildist mér á honum, að hann liti ekki þannig á málið. Ef það nú aftur á móti verður að álítast nauðsynlegt að skylda menn til að baða sauðfé sitt, þá er það um leið sjálfsagt, að eftirlit sé með því, að baðlyf sé jafnan fyrir hendi þegar baða þarf. Þetta sýnist liggja nokkurn veginn ljóst fyrir. Annars þótti mér þessi andmæli á móti eftirliti hreppsnefndanna með því að baðlyf sé ávalt nægileg til, koma sérstaklega undarlega við hjá háttv. þm. A.-Sk (Þ. J.) þegar litið er til staðháttanna í hans eigin kjördæmi. Vér skulum hugsa oss að það kæmi fyrir í Öræfunum, að einn, tvo eða þrjá menn vantaði baðefni þegar komið væri að því að baða, og þeir gæti ekki fengið það hjá nágrönnum sínum, þó að þeir kynni að hafa baðefni rétt handa sjálfum sér eða sínu eigin fé. Hvernig á þá hreppsnefndin að fara að því að láta böðun fara fram, sem háttv. þm. vill þó engan veginn að falli niður hjá neinum? Það er ekki innan handar fyrir Öræfinga að bregða sér til næsta kaupstaðar, austur að Höfn í Hornafirði eða vestur að Vík í Mýrdal. Og hins vegar er alls ekki víst, að þar væri baðefni fáanlegt, þó að þangað væri leitað. Þó að það hefði fengist þar áður, er mikil hætta á, að það væri uppgengið þegar svo væri áliðið. Mér finst þess vegna að eftirlitinu megi ekki sleppa. Það gæti vitanlega orðið til bóta, ef 5. gr. væri feld burtu, að setja inn aðra grein með ákvæði um eftirlit hreppsnefndanna, eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á. En það liggur nú ekki fyrir, svo að ef frumv. verður samþykt, hlýtur eftirlitið að hverfa úr sögunni, og með því aðalgagnið, sem lögunum er ætlað að vinna. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem álíta lögin óþörf vegna þessarar stefnu, virðist ekki óeðlilegt, að þeir vilji gera sitt til að ónýta þau. En það væri samt viðkunnanlegra fyrir þá að koma beint með frumv. um að afnema lögin, heldur en að afnema þennan lappa, sem veldur því, að lögin geta ekki orðið annað en pappírsgagn eitt og ekkert annað.

Þessi stefnumunur milli meiri og minni hluta nefndarinnar stafar ekki af neinni þvingunarlöngun hjá meiri hlutanum, heldur lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að ef ekki er talsvert eftirlit haft með mönnum í þessu efni, þá geti það orðið til skaða. Sauðfjárböðunarlögin, eins og þau nú eru, eiga rót sína til þeirrar skoðunar, að almenn þrifaböð muni að minsta kosti halda kláða niðri, þó þau útrými honum ef til vill ekki þar sem hann er kominn. En til þess að þessi tilgangur laganna náist, má ekki veikja það eftirlit, sem hreppsnefndum er ætlað að hafa með framkvæmd baðananna. Þetta eitt og ekkert annað hefir vakað fyrir meiri hluta nefndarinnar. Hann hefir alls ekki kært sig um og kærir sig ekki um að þvinga neinn að óþörfu. En þar sem almenningsheillin krefst þess, þar verður þvingun að koma til, svo hér sem annarstaðar.

Eg man svo ekki eftir neinu frekara, sem fram hefir komið og eg þarf að mótmæla. Það sér hver maður, að það má með engu móti samþykkja þetta frumv. ef menn hugsa sér, að böðunar-

lögin eigi að gera nokkurt gagn á eftir En sem sagt er það ósköp skiljanlegt frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja gera lögin að pappírsgagni, að knýja þetta frumvarp fram.

Eg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en mun láta sitja við það sem komið er.

Þorleifur Jónsson: Það eru að eins fáein orð út af því, sem háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) sagði. Honum fanst að eg hefði komist í mótsögn við sjálfan mig, þar sem eg hefði gefið í skyn, að lögin væri þarfleg, en hins vegar viljað draga úr framkvæmdum á útvegun baðlyfja. Þetta var þó ekki mín meining, því að þótt eg haldi því fram, að skaðlaust væri, að ákvæðið um að stjórnarráðið hefði hönd í bagga um útvegun baðlyfja félli niður, þá er þar með ekki loku skotið fyrir, að hægt sé að ná í baðlyf. Í Austur Skaftafellssýslu hafa alt af fengist baðlyf í verzluninni á Hornafirði, en ef fylgja ætti þeirri auglýsingu, sem stjórnarráðið hefir nú gefið út, get eg ímyndað mér að þau yrði seint komin þangað austur, með þeim samgöngum, sem nú eru til Hornafjarðar. Eg sé ekki að frá því sjónarmiði séð, sé nokkur bót að þessu ákvæði í lögunum. Eg er ekkert hræddur um, að menn þar austur frá yrði í nokkrum vandræðum með að útvega sér baðlyf þó að stjórnarráðið hefði þar engan þátt í. Menn geta líka gert sér nokkurn veginn í hugarlund, hversu hagkvæmt það sé að láta stjórnarráðið útvega baðlyfin, þegar þau baðlyf, sem það lögildir og bendir á sem hin einu útvöldu hér í auglýsingu þess, sem eg fekk í hendur rétt í þessu, eru *dýrari* heldur en á Hornafirði, þó afskektur sé. *(Eggert Pálsson:* Þau eru þá máske betri). Það efast eg um. Þau baðlyf, er þar hafa fengist, hafa reynst mjög vel, og skal eg geta þess, að sýslunefndin hefir látið það álit sitt í ljós, að æskilegt væri að fá að halda sömu baðlyfjum eftirleiðis. En í auglýsingu stjórnarráðsins eru þessi baðlyf *útilokuð*. Hvernig fer nú, ef menn geta ekki náð í þau baðlyf, sem hér eru fyrirskipuð í þessari stjórnarráðsauglýsingu? Er það þá lögleg böðun, ef baðað er úr sömu baðlyfjum og áður? Eða má þá ekki baða?

Eg er ekkert hræddur um, að nein vandræði verði úr útvegun baðefnis, hvorki fyrir Öræfingum né öðrum, þó að ekki haldi áfram þessi landsverzlun með það. Baðlyf stjórnarinnar eru talsvert dýrari heldur en þau, sem áður hafa fengist hjá kaupmönnum, eins og áður er tekið fram. Eg tel slíka landsverzlun ekki heppilega. Og þó að háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) vilji vera að bera afskektu héruðin fyrir brjósti, þá held eg að það sé óþarfi. Þau hafa hingað til komist af, og það verður ekki verra að eiga við kaup á baðlyfjum hér eftir heldur en áður, þótt stjórnin verði eigi látin vasast í þessu.

ATKV.GR:

Fyrri hluti frumvarpsgr. samþykt með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Einar Arnórsson
Björn Hallsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Hjörtur Snorrason
Guðm. Eggerz	Magnús Kristjánsson
Jóhann Eyjólfsson	Matthías Ólafsson
Jón Jónsson	Sigurður Sigurðsson
Pétur Jónsson	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Þessir þingmenn vóru fjarstaddir: Bjarni Jónsson, Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Sigurður Eggerz og Sveinn Björnsson.

Seinni hluti frumv.gr. feldur með 13 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðmundur Eggerz	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson	Einar Arnórsson
Stefán Stefánsson	Einar Jónsson
Þórarinn Benediktss.	Hjörtur Snorrason
Þorleifur Jónsson	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Gunnarss.
	Sigurður Sigurðsson

Atkv. greiddu ekki og töldust til meiri hluta: Guðm. Hannesson, Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson og Skúli Thoroddsen.

Fjarverandi: Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Sigurður Eggerz og Sveinn Björnsson.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 7 atkv.

Á 20. fundi, föstudaginn 24. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (Þskj. 170, 174, 183).

Framsögumaður minni hlutans (Stefán Stefánsson): Það urðu talsvert miklar umræður um þetta mál við 2. umr., svo að eg þarf ekki að fjölyrða um það nú.

Eins og háttv. þingmenn muna var þá samþ. sú breyting á núgildandi lögum, að stjórnarráðið var leyst undan þeirri skyldu að panta baðlyfin. En jafnframt var feld tillaga um það, að 2 greinar félli burtu úr núgildandi lögum, en þær greinar miðuðust einmitt við það, að stjórnarráðið sæi um pöntun baðlyfjanna. Þær greinar standa því óhaggaðar enn. Þess vegna hefi eg komið fram með br.till., sem fara í þá átt, að færa 4. og 5. gr. laganna í það horf, að þær sé í fullu samræmi við það, sem þegar er samþ.

Br.till. ganga út á það, að stjórnarráðið skuli skipa fyrir um það, hver baðlyf skuli nota, og skuli birta það með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Ennfremur skuli hlutaðeigandi hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutast til um það, að allir fjáreigendur panti baðlyf í tæka tíð. Með þessum brt. er sneitt fram hjá því, sem mörgum háttv. þm. þótti athugavert við frumv. við 2. umr., sem sé því, að baðlyf yrði ekki til hjá fjáreigendum þegar til þyrfti að taka, og þar af leiðandi gæti eftirlit hreppsnefnda ekki komið að fullum notum, ef bændur hefði alls ekki baðlyfið þegar böðunin þyrfti fram að fara. Þess vegna er þetta aðhald sett fjáreigendum. Eftirlit hreppsnefnda er þó ekki breytt frá því sem nú gildir, að öðru leyti en því, að þær eru ekki skyldar til að safna og gera baðlyfjapantanir, heldur »hlutast til um«, að hver fjáreigandi sjái sér í tíma fyrir nægu baðlyfi, og sömuleiðis eru þær leystar frá því erfiða og vanþakkláta starfi, að krefjast peningaborgunar fyrir baðlyfin að vorinu, þegar allra verst gegnir. Það er eftir bendingu frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) að þessi brt. er fram komin. Honum þótti það ekki rétt að sleppa alveg eftirliti hreppsnefnda, hvað útvegun baðlyfjanna snertir, og skal eg játa, að með þessu er ennþá meiri trygging fengin fyrir almennum böðunum, en með því einu að skylda menn til að baða og leggja að eins sektir við, ef út af bregður, en eg þykist mega treysta því, að fjáreigendur sjái sér sjálfir fyrir baðlyfjum, þegar það er fyrst og fremst svo auðsær hagur að baða árlega, og á hina

hliðina lögð sekt við, ef út af því bregður. Eg álít samt sem áður þessa breytingu heppilega fyrir framgang laganna hér í þinginu, og vænti þess að henni verði vel tekið. Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona að till. og frumv. verði sþ. og afgr. til Ed.

Framsögum. meiri hlutans (Eggert Pálsson): Eg býst nú ekki við, að það hafi mikla þýðingu að fara fleiri orðum um þetta frumv. Forlög þess eru séð fyrir með atkvæðagreiðslunni við 2. umr. Eg skal játa það, að verði breytingartillaga á þskj. 174, ásamt till. á þgskj. 183 samþykt, þá lítur frumv. skaplegar út, en það hefði gert, ef það hefði staðið eins klipt og skorið og það er á þgskj. 170. Aftur á móti get eg ekki séð, að neinar verulegar bætur sé gerðar í frumv. með þessum tillögum. Þótt br.till. á þgskj. 174 verði samþykt, þá get ekki séð, að hún geri það að verkum, sem þó á að vera mergurinn málsins, að lögin verði framkvæmd svo sem til er ætlast, sem sé þannig, að allir baði fé sitt, og slóðarnir geti ekki borið við baðlyfjaleysi. Því að þrátt fyrir þetta eftirlit hreppsnefndar, sem brt. nefnir, þá verða lögin eftir sem áður hrein og skær pappírslög. Brt. felur sem sé hlutaðeigandi hreppsnefndum að hlutast til um, að fjáreigendur panti baðlyf í tæka tíð. Þó er það ekki ljóst, hvernig þetta eftirlit getur orðið að gagni. Eg hugsa mér, að því verði svo varið, að hreppsnefndirnar spyrji fjáreigendur á hreppskilaþingum, eða við slík tækifæri, hvort þeir hafi pantað baðlyf. Eg geri ráð fyrir, að menn svari sem svo: Já, það er engin hætta á því. Það verður séð fyrir því. Og þessi svör verða svo hreppsnefndirnar að láta sér nægja. En þegar svo til kastanna kemur, að böðunin skal fara fram, þá reka þær sig á það í færri eða fleiri tilfellum, að baðlyfin eru engin til, svo böðunin verður þar af leiðandi að falla niður. Eg get því ekki séð, að þessi brt. sé í raun og veru til nokkurra verulegra bóta, þótt eg á hinn bóginn kannist við, að frumv. líti skaplegar út með henni heldur en án hennar. En sauðfjárböðunarlögin eru með frumv. gerð að engu í raun og veru, hvort sem þessi brt. kemst að eða ekki. Og það er atriðið, sem mestu varðar. Því að eftirlit hreppsnefndanna með böðununum er ómögulegt, nema þær hafi fulla tryggingu fyrir, að æfinlega sé baðlyf til, en þá tryggingu hafa þær ekki, nema þær sjái sjálfar um innkaup baðlyfjanna.

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Eg skal játa það, að það er ekki gott að bæta þessi lög svo, að þeim líki, sem eru þeim virkilega mótfallnir. En ef menn hafa nokkurt traust á hreppsnefndum, þá verða menn að búast við því, að þær sjái um, að baðefnin sé til og að lögin komi að haldi. Og hvað það snertir, að hættan sé minni eins og nú er, á því að svo fari, þar sem bæði megi sekta hlutaðeigandi bændur og hreppsnefnd, ef trassað sé að baða, þá yrði það alveg eins, þótt þetta næði fram að ganga. Ef hreppsnefndir hlutast ekki til um, að lögunum sé fylgt forsvaranlega og baðefni eru ekki næg til, þá má koma við sektum. *(Eggert Pálsson:* Hver á að kæra?). Það eru nógir til þess. Þetta eru bara tylliástæður, sem eru einskis virði. Til þess þarf ekki nema einn mann, og það færi í engum hreppi svo, að enginn yrði til þess. Og ef menn vantreysta mönnum svo, að þeir ætla að enginn muni ljósta upp brotum, þá er ekki til neins að vera að setja nein sektarákvæði.

Annars vildi eg óska þess, að háttv.

þm S.-Þing. (P. J.) vildi láta það í ljósi, hvort brt. mín er ekki samkvæm þeirri bendingu, sem hann gaf við 2. umr. málsins. Sú bending var góð, og eg skil ekki í öðru, en að þeir, sem vilja líta sanngjarnlega á málið, sjái það, að með henni er fyllilega bætt úr því, sem á mína fyrri till. brast.

Pétur Jónsson: Af því að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefir skorað á mig, skal eg láta það í ljós, að eg álít br.-till. fullnægja kröfum þeim, sem eg gerði til frumvarpsins við 2. umr., til þess að eg gæti orðið með því.

Sigurður Sigurðsson: Það er virðingarverð viðleitni, sem háttvirtur flutningsm. hefir sýnt í því, að bæta bæði sitt eigið frumvarp og breyt till. En þrátt fyrir allar þessar tilraunir hans er lítið gagn að þeim þegar öllu er á botninn hvolft, og breytingarnar sízt til bóta frá núgildandi lögum um sauðfjárbaðanir, heldur jafnvel að mun til hins lakara. Eg gæti vel hugsað mér, að ef til vill hefði þurft sérstök lög um að þrifa sauðfé með böðum í Eyjafjarðarsýslu, en út í það skal eg ekki fara. En á því furðar mig, að sá háttv. þm., sem ætíð hefir staðið upp hér í deildinni til að mótmæla því að breyta lögum frá síðasta þingi, og talið það alveg óviðeigandi að breyta nýjum lögum, skuli styðja þessa breytingu. Flest lög frá þinginu í fyrra eru lítt reynd, en þessi lög um sauðfjárbaðanir eru enn alls ekki komin til framkvæmda. Það hefði því verið eðlilegast, að þetta frv. hefði mætt andmælum deildarinnar af þeirri ástæðu, að ekki mætti breyta nýjum lögum. Og einkennilegt er það, að þeir sem vilja endilega breyta þessum lögum, skuli sækja það svo fast, sem raun er á. Minna má á það, að frumvarpið um sauðfjárbaðanir var í fyrra samþykt hér við aðra umræðu með 18 : 6 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þeir þá báðir já, háttv. flutningsmaður og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), sem nú vilja endilega breyta þessum lögum.

Hitt var satt, að háttv. þm. Dal. (B. J.) var á móti þeim þá eins og nú. Eg kannast við það, að með öllum þessum breyt.till. háttv. flutningsmanns sé frumvarp hans fært til betra vegar, ef þær verða samþyktar. En hins vegar lít eg svo á, að þessi bót á núgildandi lögum sé einskis verð, eins og áður er tekið fram, og nú síðast af háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.). Eg mun því greiða atkv. á móti frumv.

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Það vóru ekki veigamikil rök, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafði fram að færa. Meðan hann hélt ræðu sína var eg alt af að hugsa um, hvort hann ætlaði alls engin rök að færa fyrir máli sínu, en það varð ekki. Hann sagði, að frumv. væri lakara en núgildandi lög, en ekki datt honum í hug að útskýra það með nokkuru orði í hverju það lægi, hefir sennilega ekki fundið neitt sérstakt á að minnast.

Eg tók eftir því, að hann sagði, að lögin væri enn ekki komin til framkvæmda, en það á ekki síður heima um lög, sem hann vildi breyta fyrir skemstu, og ætla eg að hann muni vera ergilegur út af útreiðinni, sem hann fekk þá. En það er ekki rétt af honum að láta það koma niður á þarflegum lagabreytingum.

Það er öllum kunnugt, að á síðastliðnu vori bar hreppsnefndum að safna pöntunum á baðlyfjum og borgun fyrir þau, og stjórnarráðinu bar að gefa fyrirskipanir um það, hver baðlyf megi nota.

Að þessu leyti eru lögin komin til framkvæmda. Eða veit ekki háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) þetta? Og hvernig hafa svo þær framkvæmdir gengið? Sumar hreppsnefndir hafa ekki sint lögunum og liggja því undir sektum, verði lögunum framfylgt. Í annan stað hefir tilkynning stjórnarráðsins um það, hvaða baðlyf megi nota og með hvaða verði þau verði seld, komið svo seint, að almenningi hefir þessa vegna verið gert næstum ókleift að fylgja ákvæðum laganna. Þessum lögum vill þessi hv. þm. halda óbreyttum í trássi við þá, sem við þau eiga að búa. Hann vill halda í þau lagaákvæði, sem þegar á fyrsta ári hafa sýnt það, að þeim þarf að breyta, og fyrirsjáanlegt er, að framvegis valda óánægju og misklíð. Vill tryggja það með öðrum orðum, að óánægjan haldist við. Nei, þegar fjöldi bænda, og það jafnvel mestu þrifamenn í sveitunum, beinlínis neita að framfylgja einstökum ákvæðum, og sömuleiðis hreppsnefndir, enda stjórnarráðið ekki fylgt þeim sem skyldi, þá er það hrein furða, að nokkur skuli halda svo fast í það, að lögunum sé að engu breytt. Þegar á að sekta menn fyrir brot á lögunum, en hafa lögin jafnframt svo úr garði gerð, að þau spani menn til óhlýðni, þá er alls ekkert undarlegt, þótt óskir komi fram um breytingar. Þetta var ókunnugt mönnum og óreynt á síðasta þingi, hvernig lögin gæfist í framkvæmdinni, en nú þegar menn eru farnir að sjá, hvernig framkvæmdirnar gefast, þá ætti menn að hafa opin augu fyrir því og sníða breytingarnar eftir eðlilegum þörfum og óskum manna.

Sigurður Sigurðsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem eg vil gera, því að eg ætla mér ekki að svara þessari reiðiþrungnu ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Hún var ekki svaraverð, eins og vant er að vera, þegar menn eru í því ástandi, að geta ekki talað hitalaust um mál. En viðvíkjandi því, sem hann talaði um vanrækslu og brot á núgildandi lögum, þá bæta þessar tilraunir hans ekki úr þessu atriði. Maður gæti einmitt fremur sagt, að í staðinn fyrir að reyna að fá bætur á yfirtroðslunum, fari háttv. flutningsm. undan í flæmingi og kúvendi málinu. Í stað þess að herða á ákvæðum laganna til þess að bæði stjórnarráðið og hreppsnefndir í Eyjafjarðarsýslu og víðar framfylgi lögunum út í æsar, fer flutningsm. með frumvarpi sínu undan í flæmingi, og er með því verr farið en heima setið.

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Eg var að hugsa mig um, hvort eg ætti nokkuð að svara þessari síðustu ræðu eða ekki. Mér fanst þar enn lítið sagt hjá háttv. þm. og varla svara vert.

Eg hjó eftir því, að hann talaði um undanhald hjá mér. Það er nú eftir því, hvernig það er skoðað. Eg lít svo á, að þegar lög eru samin, eigi mest að sníða þau eftir þörfum og ástæðum þeirra, sem eiga að hlýða þeim, og það bera breytingartillögur mínar með sér, að þær eru svo gerðar. En að hins vegar eigi ekki að halda í ákvæði, sem bersýnilega eru óhagkvæm og vekja að óþörfu mótspyrnu. Frumvarpið er líka framborið samkvæmt óskum kjósenda minna, sem finna til þess, hvað nefnd ákvæði eru illa viðeigandi og óheppileg.

Annars skal eg geta þess, að eg skildi ekki þessa flóknu setningu háttv. þm. um að það væri ekki svara vert, sem menn segði, þegar menn »væri *ekki* í því ástandi, að geta *ekki* talað hitalaust um málið«. Eg skrifaði þessa speki ræðumannsins, og má hver skilja hana sem vill.

Framsögum. meiri hl. (Eggert Pálsson): Eg ætla ekki að segja margt, en það var eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Eyf. (St. St.), er hann virtist vilja nota til stuðnings máli sínu, það sem sé, að stjórnarráðið hefði orðið svo seint fyrir með fyrirskipanir sínar viðvíkjandi baðlyfjunum og þar með í raun og veru sjálft brotið lögin eða gert öðrum ómögulegt, að framfylgja þeim í þetta sinn. En í þessu sambandi verður að gá að því, að þetta er í fyrsta sinn, sem lögin koma til framkvæmda, svo að hér er ekki nema um eðlilegan eða afsakanlegan drátt að ræða. Hins vegar mætti vel búast við því, ef lögin væri látin óhreyfð, að þá yrði þeim framfylgt fullkomlega í framtíðinni, svo í þessu efni sem öðru. En þar sem hv. þm. ályktar af þessu eina tilfelli, að ókleift sé að birta þessi fyrirmæli út um landið í tæka tíð, þá bætir frv. hans alls ekkert úr skák í þessu efni. Þar er sem sé ákveðið, alveg eins og í núgildandi lögum, að stjórnarráðið tiltaki, með ráði dýralæknis, hvaða baðefni skuli nota, og sé því ákvæði haldið, þá geta hreppsnefndir vitanlega ekki gert sínar ráðstafanir fyrr en auglýsing um þetta efni er komin frá stjórninni. Hér er því um alveg sömu bið að ræða, eins og eftir fyrirkomulagi núgildandi laga. Ef forðast hefði átt þenna drátt, þá hefði ekki mátt leggja það á vald stjórnarinnar að tiltaka baðefnin, heldur láta hvern einstakan ráða því, eins og honum sýndist, hvaða baðlyf hann notaði. Í því gat verið einhver meining, þótt það væri í raun og veru hið sama og afnema böðunarlögin. En með því fyrirkomulagi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ekkert bætt úr skák í þessu efni. Láti stjórnarráðið dragast úr hófi, að tiltaka hver baðlyf skuli nota, þá er það jafn bagalegt, hvort sem þetta frv. verður gjört að lögum, eða hin gildandi lög fá að standa óbreytt.

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Að þessu ákvæði, sem háttv. síðasti ræðumaður mintist á, er ekki slept í till. mínum, kemur til af þeirri einföldu ástæðu, að eg veit ekki til að mér eða öðrum hafi nokkurntíma dottið það í hug, að þurka það ákvæði út úr lögunum, að stjórnin skuli í samráði við dýralækni kveða á um það, hvaða baðlyf nota megi. Þetta er ein af frumreglum laganna, sem gengið hefir verið út frá að væri alveg sjálfsögð. Og þegar þessu er haldið, þá liggur nærri, að tiltaka einhvern vissan tíma, sem auglýsingar stjórnarinnar eiga að vera birtar. Það hafði eg gert í fyrri breyt.till. mínum, og áleit eg, að ekki mætti seinna vera en 1. júní til þess að hafa nógan tíma fyrir sér, enda hygg eg að stjórnarráðið ætti, eftir því sem tímar líða, að eiga hægt með að koma þeim svo snemma út. Það ætti ekki að vera vandasamt, þar sem dýralæknirinn er við hendina, og því treysti eg, að þessa verði gætt framvegis. Þegar auglýsingarnar eru komnar út um landið, þá er það ofur handhægt og umsvifalítið fyrir fjáreigendur að panta baðlyfin í þeirri verzlan, er þeir skifta við, og um borgunina fer þá auðvitað sem um semur. Þetta fyrirkomulag er talsvert vafningaminna og greiðfærara, en lögin gera nú ráð fyrir. Eg trúi ekki öðru en að háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) skilji þetta. *(Eggert Pálsson:* Nei). Hann er þá sá eini háttv. deildarmanna, sem ekki skilur það, því að öllum öðrum treysti eg til þess.

ATKV.GR.:

2. brt. 174 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. brt. 183 samþ. með 13 shlj. atkv.

3. brt. 174 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. brt. 183 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. brt. 174 sjálfsamþykt.

Frv. samþ. með 13:8 atkv. og afgr. til Ed.

2. Undanþága frá siglingalögum.

Á 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóv. 1913 (þskj. 18).

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutn.m. (Sveinn Björnsson): Þetta stutta frv., sem hér liggur fyrir, hefir þann tilgang, eins og það ber með sér, að heimila það, að þrátt fyrir gildandi ákvæði siglingalaganna frá 22. nóv. 1913 geti tveir menn, sem hvorki eru hér búsettir, né innbornir, setið í stjórn Eimskipafélags Íslands.

Eins og þegar er orðið þjóðkunnugt, hafa Vestur-Íslendingar tekið drengilegan þátt í félaginu. Þeir hafa skrifað sig fyrir nær 200,000 króna upphæð í hlutafé. Þegar félagið var stofnað og lög þess samþykt var hér staddur fulltrúi þeirra, herra J. Bildfell, og fór hann þá fram á ýmsar breytingar á frumvarpinu til félagslaganna, sem Vestur-Íslendingar töldu betur fara, og ein af þeim var sú, að þeir fengi, vegna hluttöku sinnar í fjársöfnuninni, að eiga hluttöku í stjórn félagsins, tvo menn af sjö. Þegar félagafrumvarpið lá fyrir stofnfundinum í vetur, kom það og í ljós, að bæði bráðabirgðastjórnin og fundurinn í heild sinni vildi veita þetta, en að það var ósamrýmanlegt við 1. gr. siglingalaganna. En fulltrúi þeirra Vestur-Íslendinga lagði mikla áherzlu á þetta atriði, og því var það, að samþ. var bráðabirgða-ákvæði, sem eg skal leyfa mér að lesa hér upp með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

»Ef landslögum kann að verða breytt þannig, að skip félagsins fullnægja ákvæðum laganna um íslenzk skip, þótt 2 Íslendingar, búsettir í Vesturheimi eigi sæti í stjórn félagsins, þá er vestur-íslenzkum hluthöfum áskilinn réttur til þess að tilnefna Vestur-Íslendinga í þau tvö stjórnarsæti, sem kjósa skal í eftir tilnefningu þeirra samkvæmt 17. gr.«

Þetta bráðabirgðaákvæði, sem samþykt var með því nær öllum atkvæð um, lýsir því greinilega, að hugir manna hafa hneigst í þá átt, sem farið er fram á í þessu frv., og það má skoða svo, sem í því felist tilmæli til alþingis um að fallast á þetta.

Breytingin, sem hér er farið fram á, er undanþága frá 1. gr. siglingalaganna, sem er einskorðuð við þetta félag, stofnað þennan ákveðna dag og lýtur að því einu, að 2 Vestur-Íslendingar megi eiga sæti í stjórn þess. Ákvæðin í 1. gr. siglingalaganna eru sett til tryggingar gegn því, að menn villi þjóðernis-heimildir á skipum, og eg get ekki séð að það sé neitt brot á anda laganna, eða neitt varhugavert, þótt þessi breyting, eða undanþága næði fram að ganga. Félagið er alíslenzkt. Einungis fullnægja ekki þessir menn, sem búa fyrir vestan haf, lögunum að þessu leyti, að þeir eru ekki ríkisborgarar í danska ríkinu.

Eg hygg því að ekkert geti verið á móti því að gera þessa undantekningu. Það skyldi þá vera frá sjónarmiði alþjóðaréttarins. Eg hefi reynt að kynna mér það atriði, en ekkert fundið, er gæti verið til fyrirstöðu úr þeirri átt.

Eg álít að vér megum vera löndum vorum vestra þakklátir fyrir stuðning

þann, er þeir hafa veitt oss í þessu velferðarmáli voru, og eg veit að þeim er þetta atriði svo mikið áhugamál, að þeir myndi að öllum líkindum taka enn betur í strenginn — leggja enn meira af mörkum, ef vér létum að vilja þeirra í þessu. Að minsta kosti yrði að skoða það sem alúðarvott við Vestur-Íslendinga, sem aldrei gæti leitt nema til góðs. Eg vænti því þess, að háttv. deild leggi ekki stein í götu þessa frumvarps, ef ekki er neitt það í alþjóðareglum, sem því sé til fyrirstöðu. Og til þess að ganga úr skugga um það, væri líklega heppilegast að setja nefnd í málið, og vil eg því stinga upp á 5 manna nefnd að umr. lokinni.

Ráðherra (H. H.): Eg býst við að till. háttv. flutningsm. um nefnd verði samþykt, og vil eg því benda á það, að æskilegt væri að nefndin tæki þá um leið til athugunar annað atriði, sem stendur í sambandi við þetta.

Eins og menn muna var landsstjórninni falið að ákveða hversu mikið atkvæðamagn landssjóður skyldi hafa í eimskipafélaginu fyrir sitt tillag, sem eru 400.000 kr., og það var látið í ljós, að það skyldi ekki verða fult, hlutfallslega eftir hlutaeign, til þess að landssjóðurinn eða landstjórnin yrði ekki ofjarl í félaginu. Þegar lög félagsins voru samþykt var ákveðið, að landssjóður eða fulltrúi hans skyldi hafa fjórðung atkvæðamagns að tiltölu við hlutafé, er það væri 400.000 krónur og að Vestur-Íslendingar gæti látið einn fulltrúa fara með atkvæði þeirra allra eftir fullri upphæð, þótt atkvæðamagn annara væri takmarkað. Varð þá dálítill ágreiningur um það, hvort fulltrúi þeirra Vestur-Íslendinga skyldi hafa meira atkvæðamagn en landssjóður, þótt þeir ætti minna fé í fyrirtækinu en hann, en félagslögin voru samþykt eins og fulltrúi Vestur-Íslendinga óskaði í þessu efni. En þegar svo samningar voru gerðir milli landstjórnar og félagsstjórnar um strandferðirnar, þá var það áskilið, að svo framarlega sem alþingi krefðist þess, að félagslögum væri breytt í þá átt, að enginn fulltrúi mætti fara með meira atkvæðamagn á fundi en fulltrúi landssjóðs, þá skyldi félagsstjórnin gera sitt til að þeirri breytingu yrði framgengt á næsta aðalfundi, og lofaði fulltrúi Vestur-Íslendinga því, að hann skyldi gera sitt til að þeir sætti sig við það og samþykti breytinguna.

Þetta atriði gæti nú væntanleg nefnd tekið til íhugunar og gert tillögur um það, og mun eg ef óskað er láta henni í té þær frekari upplýsingar eða skýringar, sem eg get, hér að lútandi.

ATKV.GR:

Fimm manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Kosnir með hlutfallskosning:

Matthías Ólafsson
Sveinn Björnsson
Þorleifur Jónsson
Einar Arnórsson
Magnús Kristjánsson.

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Á 11. fundi, þriðjudaginn 14. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (þskj. 18, n. 57).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls, er með þessu frumv. farið fram á það, að veitt sé undanþága frá ákvæði 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóv. 1913. Undanþágan er í því fólgin, að 2 menn úr Vesturheimi megi sitja í stjórn Eimskipafélagsins, þótt þeir

fullnægi ekki skilyrðum 1. gr. siglingalaganna um búsetu eða þegnrétt í veldi Danakonungs. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið beri að samþykkja óbreytt. Það kom til athugunar í nefndinni, hvort samþykt þessa frumvarps gæti ekki verið hættuleg, að því leyti, að hún gerði það að verkum, að skip Eimskipafélagsins gæti þá ekki siglt undir dönskum farfána. Þó varð nefndin sammála um það, að hér væri um mál að ræða, sem íslenzkt löggjafarvald hefði fullkomið forræði yfir.

Ef borin er saman 1. gr. dönsku og íslenzku siglingalaganna hér að lútandi, þá sést það, að íslenzk löggjöf hefir talið sér heimilt að setja önnur skilyrði en dönsku lögin í þessu efni, án þess að bagi hafi orðið að. Nefndin hefir látið prenta hér að lútandi ákvæði dönsku siglingalaganna, dönsku skipsskrásetningarlaganna og íslenzku siglingarlaganna og fylgir það með nefndarálitinu, sem fylgiskjal I.

Nefndin leggur því til að þetta frv. verði samþykt óbreytt.

Að endingu skal eg geta þess, að hv. ráðherra mæltist til þess, að nefndin athugaði, jafnframt frumvarpinu, ákvæðin um atkvæðamagn landssjóðs í samanburði við atkvæðamagn Vestur-Íslendinga á fundum Eimskipafélagsins. Nefndin hefir athugað þetta, en í því atriði er háttv. 1. þingm. Rvík. (Sv. B.) framsögumaður.

Sveinn Björnsson: Eins og hv. framsögumaður hefir skýrt frá, þá skaut hæstv. ráðh. því að nefndinni, hvort hún vildi ekki taka til íhugunar atkvæðisrétt landssjóðs á fundum Eimskipafélagsins, borinn saman við atkvæðisrétt Vestur-Íslendinga. Eins og skýrt er frá í nefndarálitinu, þá fóru Vestur-Íslendingar fram á það, að um atkvæðisrétt þeirra gilti nokkuð aðrar reglur en hinar almennu. Í lögum Eimskipafélagsins er svo ákveðið, að 1 atkvæði sé fyrir hverjar 25 kr., en þó svo, að enginn geti fyrir sjálfa sig og aðra farið með fleiri en 500 atkvæði. Þetta þótti umboðsmönnum Vestur-Íslendinga nokkuð hart aðgöngu, þar sem líklegast er að hluthafar í Vesturheimi sæki ekki sjálfir aðalfund, en feli einum eða tveimur Vestur-Íslendingum, sem hingað kæmi um það leyti, er aðalfundur yrði, að fara með atkvæði sitt. Þetta gekk svo í samningum fram og aftur, milli umboðsmanna Vestur-Íslendinga og bráðabirgðastjórnar Eimskipafélagsins og lyktaði þeim samningum svo — eins og sést á 10. gr. laga Eimskipafélagsins, er fylgir nefndarálitinu sem fylgiskjal II —, að Vestur-Íslendingar skyldi hafa atkvæðamagn, sem stæði í hlutfalli við atkvæðisrétt annara, eftir því hve margir mætti á fundi. Þetta skilst glegst á dæminu, sem tekið er í 10. gr. laga Eimskipafélagsins. Þar stendur: »ef aðgöngumiðar hafa verið afhentir fyrir $^{3}/_{5}$ alls atkvæðisbærs hlutafjár annars en Vestur-Íslendinga, þá getur umboðsmaðurinn eða umboðsmennirnir neytt á fundinum $^{3}/_{5}$ af þeim atkvæðum, sem hann eða þeir eiga, eða þeim hefir verið falin. Af hlutafé landssjóðs telst svo mikið atkvæðisbært, sem nemur 25 krónum fyrir hvert atkv., sem landssjóður hefir«.

Með þessu móti getur farið svo, að hlutfallið verði þannig, að Vestur-Íslendingar hafi meira atkvæðamagn en umboðsmaður landssjóðs, sem hefir 4000 atkvæði. Þetta þótti hv. ráðh. óviðkunnanlegt. Þó gerði hann það ekki að neinu kappsmáli, en áskildi alþingi rétt til að krefjast þess, að atkvæðamagn landssjóðs yrði aldrei minna en atkvæðamagn umboðsmanns eða umboðsmanna Vestur-Íslendinga.

En ef alþingi færi að gera þá kröfu,

þá þyrfti að breyta lögum félagsins, og þess vegna trygði ráðherra sér í samningunum fylgi félagsstjórnarinnar til þeirrar breytingar, ef til kæmi; og ennfremur fekk hann loforð hr. J. Bildfells umboðsmanns Vestur-Íslendinga um það, að hann skyldi styðja að því þar vestra, að slík breyting næði fram að ganga á næsta aðalfundi, ef alþingi gerði þá kröfu.

Eins og nú er vikið að í nefndarál., kom það glögglega fram á þingi í fyrra, að það var ekki tilætlunin, að landssj. hefði fullan atkvæðisrétt í félaginu í hlutfalli við fjárframlag sitt til þess. Það var litið svo á, að stjórn þessa félags, sem að mestu er stofnað með tillögum einstakra manna, ætti fyrst og fremst að vera í höndum þeirra sömu manna, en að landssjóður, eða stjórnin fyrir hans hönd, ætti ekki að vera þar alls ráðandi. Og það var einmitt með tilliti til þessarar skoðunar, að ráðherra gekk að því, að þótt landssjóður ætti hluti í félaginu fyrir 400.000 kr., þá skyldi hann ekki eiga nema 4000 atkv. í félaginu. Enda má skoða svo, að af þessum 400.000 kr. sé einar 100.000 kr. beint lagðar til millilandaferðanna, en hitt, 300.000 kr., sé veitt með það fyrir augum, að félagið haldi uppi strandferðum.

Nefndin hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að það hafi verið rétt af þinginu, að ætlast ekki til þess, að landssj. yrði einn alls ráðandi í félaginu, og leggur hún til, að þingið geri nú engar frekari kröfur fyrir landssjóðs hönd, en þegar eru ákveðnar í samningunum.

Til þess að menn hafi gleggri hugmynd um það, hvernig hlutföll atkvæðamagnsins verða í framtíðinni, hefi eg gert dálitið yfirlit yfir væntanlega útkomu á þeim, eftir því, hve margir sækja fundi af hluthöfum hér, og er þá gert ráð fyrir því, að Vestur-Íslendingar eigi í félaginu 200.000 kr. hlutafé, sem alt komi fram á fundi, Íslendingar hér heima 350.000 kr. og landssjóður 400.000 kr., þar af 100.000 kr. atkvæðisbærar.

Vil eg nú leyfa mér að setja fram nokkur dæmi:

1. dæmi:

Landssjóður mætir með 100.000 kr. = 4000 atkv. Austur-Íslendingar með 50.000 kr. = 2000 atkv. af 350.000 kr. alls. Þetta er samtals $^{150}/_{450}$ af atkvæðisbæru hlutafé austan hafs, = $^{1}/_{3}$, og komi nú tveir Vestur-Íslendingar, 1. með atkvæðaumboð fyrir 125.000 kr. hlutafé, = 5000 atkv., en 2. fyrir 75.000 kr. = 3000 atkv., þá deilist hvortveggja atkvæðatalan með $^{1}/_{3}$ og ráða þeir þá báðir til samans 2.666 atkvæðum gegn 6000 atkv. hérlendum. Alls verða atkvæðin þá 8.666.

2. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv. Austur-Íslendingar 75.000 kr. = 3000 atkv. Þannig mætt $^{175}/_{450}$ = $^{7}/_{18}$; 1. V.-Ísl. 150.000 kr.: $^{7}/_{18}$ = 2.333 atkv. 2. V.-Ísl. 50.000 kr.: $^{7}/_{18}$ = 778 atkv. Það samtals = 3.111 atkv. + 7000 atkv. = 10.111 atkv. alls.

3. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv. Austur-Ísl. 100.000 kr. = 4000 atkvæði. Þannig mætt $^{200}/_{450}$ = $^{4}/_{9}$; 1. V.-Ísl. 125.000 kr.: $^{4}/_{9}$ = 2.222 atkv. 2. V.-Ísl. 75.000 kr.: $^{4}/_{9}$ = 1.333 atkv. Það samtals = 3.555 atkv. + 8000 atkv. = 11.555 atkv. alls.

4. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv. Austur-Ísl. 150.000 kr. = 6000 atkvæði, Þannig mætt $^{250}/_{450}$ = $^{5}/_{9}$; 1. Vestur-Ísl. 100.000 kr.: $^{5}/_{9}$ = 2.222 atkv. 2. V.-Ísl. 50.000 kr.: $^{5}/_{9}$ = 1.111 atkv. 3. V.-Ísl. 50.000 kr.: $^{5}/_{9}$ = 1.111 atkvæði. Það samtals = 4.444 atkv. + 10.000 atkv. = 14.444 atkv. alls.

Þegar hér er komið, hafa Vestur-Ísl. meira atkvæðamagn í félaginu en landssjóður og fer það hækkandi eftir því sem fundir eru betur sóttir af fulltrúum fyrir alíslenzkt hlutafé, svo sem sjá má af eftirfarandi dæmum.

5. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv.
Austur-Ísl. 175.000 kr. = 7000 atkvæði.
Þannig mætt $^{276}/_{450} = {}^{11}/_{18}$; Vestur-Ísl. 200.000 kr.: $^{11}/_{18} = 4.888$ atkv.
Samtals 15.888 atkv.

6. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv.
Austur-Ísl. 200.000 kr. = 8000 atkv.
Þannig mætt $^{300}/_{450} = {}^{2}/_{3}$; Vestur-Ísl. 200.000 kr.: $^{2}/_{3} = 5.332$ atkv.
Samtals 17.332 atkv.

7. dæmi:

Landssjóður 100.000 kr. = 4000 atkv.
Austur-Ísl. 250.000 kr. = 10.000 atkv.
Þannig mætt $^{350}/_{450} = {}^{7}/_{9}$; Vestur Ísl. 200.000 kr.: $^{7}/_{9} = 6.223$ atkv.
Samtals 20.222 atkvæði.

Þetta virðist nú nefndinni ekki vera hættulegt í sjálfu sér, því að atkvæði V.-Íslendinga vex ekki nema eftir því sem atkvæðamagn Austur-Íslendinga vex þannig, að til þess að þeir geti ráðið yfir 6,222 atkv., verðum við Austur-Íslendingar að hafa 10 þús. atkv., auk þeirra 4 þús. atkvæða, sem landssjóður á. Það ætti undir öllum kringumstæðum að vera hættulaust fyrir landssjóð, þótt fulltrúar V.-Ísl. hefði meira atkv.-magn en hann, því að gera má ráð fyrir því, að hann eigi ætíð svo mikil ítök í hluthöfum hér á landi, að þótt einhverntíma yrði ágreiningur, þá væri honum innanhandar að láta þá sjá um það, að V.-Ísl. kæmi aldrei neinum ranglindum fram, sem raunar er eigi ástæða til að ætla að þeir myndi vilja gera.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en eg vonast til þess, að háttv. deild fallist á þá skoðun nefndarinnar, að ekki sé ástæða til þess, að gera þá kröfu að svo stöddu, að sú breyting verði gerð á lögunum, að V.-Ísl. fái aldrei meira atkvæðamagn en landssjóður.

Benedikt Sveinsson: Mér þykir vænt um, að nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að takmarka ekki atkvæðamagn V.-Ísl., frekar en þegar hefir verið gjört. Þetta atriði var mikið rætt í vetur og töluverð misklíð um það um tíma. Stjórnin lét þá svo, sem hún væri hrædd um að þingið myndi taka hart á því, ef hún héldi ekki fast fram kröfu um atkv.rétt landssjóði til handa, helzt fyrir alt féð frá honum, 400 þús. kr., eða hefði að minsta kosti rétt til jafnmargra atkvæða, sem V.-Ísl. hefði alls, sem búist er við að leggi 200 þús. kr. í fyrirtækið. Eg sé nú ekki hvaða ástæðu þingið ætti að hafa til þess að óttast, að V.-Ísl. myndi misbrúka atkv.rétt sinn í félaginu, fremur en hverjir aðrir félagsmenn. Þeim hefir þó ekkert gengið annað til þess að styðja félagið en löngun til þess að gera landinu og þjóðinni gagn, því að fé sitt geta þeir sett á vöxtu þar vestra svo, að það sé alt eins arðvænlegt fyrir sjálfa þá. Eg sé því ekki annað réttara, en að þingið fallist á till. nefndarinnar, og mér virðist þessu fé, sem landssjóður leggur til, vera varið forsvaranlega, þó hann sé ekki látinn hafa meira atkv.-magn, en sem svarar fyrir 100 þús. kr. hlutafé, því að þess ber að gæta, eins og háttv. frams.m. (E. A.) tók fram, að hitt fé, 300 þús. kr., er veitt með *sérstöku skilyrði* og í sérstökum tilgangi, þ. e. til strandferðanna. Það væri því ósanngjarnt, að landssjóður hefði einnig atkv.rétt fyrir þær 300 þús. kr. Auk þess hefir landssjóður þann forrétt, að hann einn út af fyrir sig nefnir einn mann í stjórn félagsins, og er það auðvitað ekki nema rétt og sanngjarnt, þar

sem hann er svo stór hluthafi, en með því verður og að álíta, að fyllilega sé borgið þeim rétti hans, sem þingið getur gert kröfu til, án þess að landsstjórnin verði of rík í félaginu. Eg vona að háttv. deild finni ekki ástæðu til þess að breyta í neinu frá till. nefndarinnar.

Ráðherra (H. H.): Það var misskilningur eða ranghermi, sem mér virtist háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gefa í skyn, að ástæðan til þess, að stjórnin sló þennan varnagla, hefði verið hræðsla við það, að V.-Ísl. myndi fara illa með atkv. sín í félaginu. Það vissu allir, að ástæðan var ekki sú, heldur hin, að það þótti óviðkunnanlegt, að *einn* einstakur maður, er færi með atkvæði V.-Íslendinga á fundum, hefði eða gæti haft alt að því helmingi meira vald í félaginu, en landsstjórnin, þótt landssjóðurinn ætti helmingi meira fé í félaginu heldur en V.-Íslendingar samtals. Það var ákveðið í félagslögunum, að enginn einn maður mætti fara með fleiri en 500 atkvæði, og undantekning að eins gerð fyrir landssjóðinn og V.-Íslendinga. Þeir áttu að fá fult atkv.-magn fyrir alt sitt fé, og fulltrúi þeirra einn geta beitt því öllu, en landsstjórnin ekki nema fjórðung atkvæðamagns fyrir landsins fé. Eg skil ekki, að neinum þurfi að þykja það undarlegt, að stjórninni dytti í hug, að alþingi kynni að þykja það á einhvern hátt varhugavert, að geðþótti eins manns gæti ráðið 8 þús. atkv., þegar landssjóður sjálfur ræður ekki nema 4 þús. atkv. fyrir helmingi meira hlutafé. Ef V.-Íslendingar hefði fleiri fulltrúa, þá væri öðru máli að gegna, því að tæplega væri ráð fyrir því gerandi, að þeir, fremur en við hér heima, væri sífelt allir nákvæmlega á sömu skoðun. Það var einungis þetta, sem stjórnin vildi gefa þinginu tækifæri til að athuga. Nú hefir nefndin ekkert fundið athugavert við það, og er þá ekkert frekara um það að fást.

Úr því að eg stóð upp á annað borð, skal eg geta þess, að það er ekki rétt, að landssjóður sé rétthærri en aðrir hluthafar fyrir það, þótt hann nefni einn mann í stjórn félagsins, því að um leið hefir hann afsalað sér rétti til þess að taka þátt í kosningu hinna mannanna í stjórninni. Ef hann tæki sama þátt og aðrir í kosningunni, eftir atkvæðamagni sínu, þá myndi hann ráða miklu meira en kosningu eins manns, sem ekki er nema lítið brot af félagsstjórninni. Réttur hans er því mikillega takmarkaður með þessu, en alls ekki aukin.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. ráðh. þýðir ekki að þræta gegn því, að á stofnf. Eimskipafél. í vetur, krafðist landstjórnin atkv. fyrir 400000 kr., eða að minsta kosti jafnmikils atkvæðamagns, sem Vestur Íslendingar fengi, og lá við að sú þverúð fældi Vestur-Íslendinga alveg frá hluttöku í fél. Hæstv. ráðherra var ekki á þeim fundi, svo að hann getur ekki um það borið, en landritari sagði þá, að það væri hart fyrir landssjóð, að fleygja frá sér 300 þús. kr., án þess að fá atkv.rétt fyrir svo mikið fé. Þetta var á opinberum fundi, svo að því er ekki hægt að hnekkja, að deilan var hörðust út af þessu, þó að hitt hafi líka kunnað að vaka fyrir stjórninni, er hún vildi takmarka atkv.magn V.-Ísl., að sporna við því, að einn maður gæti fengið mjög mikið vald í félaginu.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin (þskj. 18) samþykt með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.gr.

Málinu til 3. umr. með 20 samhlj. atkvæðum.

Á 13. fundi Nd, fimtudaginn 16. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 18).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

3. Mæling lóða og landa í Reykjavík.

Á 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (þskj. 19).

Á 4. fundi, mánudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutn.m. (Sveinn Björnsson): Þetta frv. er þannig til komið, að málið hefir legið fyrir bæjarstjórn í 2 ár, og nú loks verið samþykt af henni í þessari mynd, og flytjum við það hér, þingmenn Reykjavíkur, eftir ósk bæjarstjórnarinnar.

Það er kunnugt öllum Reykvíkingum, og jafnvel fleirum, að á því hefir verið hin mesta óregla, hvernig lóðamörk hafa verið ákveðin hér í bænum. Enginn uppdráttur hefir verið til, er sýndi þau greinilega og engin svo nákvæm skrá, að á henni hafi mátt byggja sem fulltraustum grundvelli, t. d. er ákveða skal lóðargjöld, og hefir þó einn af tekjuliðum bæjarins verið byggður á lóðunum nú um 30—40 ár. Það hefir oft staðið til, að uppdráttur yrði gerður af lóðum og löndum bæjarins, en aldrei orðið neitt úr því. — Í fyrra kom það enn til orða, að gera þenna uppdrátt, og fundu menn þá til þess, að jafnframt bar brýna nauðsyn til þess, að sett yrði glögg merki milli lóða. Bæði er það, að verðmæti lóðanna vex með ári hverju, og svo hafa menn það fyrir satt, að bærinn sjálfur, sem er stór lóða-eigandi, hafi orðið, eða geti orðið fyrir skaða á þann hátt, að menn gangi á það lag, að færa út takmörk sinna lóða, inn á lóðir hans, meðan ekki er gert við þessu. Alt þetta gerir það bráðnauðsynlegt, að fá þetta mál tekið fyrir, og hugsunin er sú, að allur bærinn verði mældur, og gerður af honum nákvæmur uppdráttur, og ef þrætur verða um takmörk lóðanna, þá fáist um þær fljótur úrskurður, þó svo, að mönnum gefist ætið kostur á því að leita til dómstólanna.

Þess ber og að gæta, að þetta mál verður enn nauðsynlegra vegna þess, að það má búast við því, að þess verði ekki langt að bíða, að bærinn verði neyddur til þess, af fjárhagsástæðum, að snúa sér frekar en áður að fasteignum, sérstaklega lóðunum, sem tekjustofni. Hinsvegar vildi bæjarstjórnin gjarna að svo væri frá lögunum gengið, að hún væri ekki skyld til þess, að láta þau koma í framkvæmd, fyrr en hún álítur að fjárhagurinn leyfi það.

Eins og eg hefi tekið fram hefir þetta frumv. verið 2 ár til meðferðar hjá bæjarstjórninni, verið athugað þar í nefnd og samþ. af henni í þessu formi. Eg vænti því góðra undirtekta undir það, sérstaklega með tilliti til undirbúningsins, sem það hefir fengið og svo varðar það bæinn svo sérstaklega, að eðlilegt væri að fulltrúar hans fengi að ráða sem mestu um það.

Einar Arnórsson: Eg stend ekki upp til þess að mæla á móti þessu frv. Háttv. frams.m. (Sv. B.) sagði, að það

hefði fengið góðan undirbúning, og skal eg ekki rengja það, en ýmislegt er í því þess eðlis, að vert væri að það yrði athugað í nefnd. — Hér á að stofna nýjan dómstól og setja nýja réttarfarslöggjöf að vissu leyti, og tel eg, að ekki megi hrapa svo að slíku, að það sé samþykt nefndarlaust. Eg leyfi mér því að stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni umr.

ATKV.GR.:

Fimm manna nefnd samþ. í einu hlj, og í hana kosnir með hlutfallskosning:

Sveinn Björnsson
Sigurður Sigurðsson
Einar Arnórsson
Björn Hallsson
Jón Magnússon.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 11. fundi Nd., þriðjud. 14. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 19, n. 53).

Frams.m. (Einar Arnórsson): Niðurstaða sú, sem nefndin hefir komist að í máli þessu, gengur í þá átt, að breyta frv. í all-mikilvægum atriðum, frá því sem það var, er það var lagt fyrir þingið.

Í frumv. var gert ráð fyrir að stofna gerðardóm um lóðaþrætur, en sá gerðardómur hafði ekki dómsvald, var ekki »judiciel«, heldur mátti skjóta málum frá honum fyrst og fremst til bæjarþingsins og síðan til yfirdómsins o. s. frv. Nefndin hefir nú litið svo á, að það sé hagkvæmara, að stofna sérstakan dómstól, merkjadóm, er sé »judiciel«, og af þessu stafa flestar breyt.till. nefndarinnar við frumvarpið. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því, að hann verði með sama sniði og landamerkjadómar núgildandi laga, en þó bygður á líkum meginreglum. Málum á að mega áfrýja frá honum beint til yfirdómsins á sama hátt sem dómum og úrskurðum héraðsdómara. En þar með er þó ekki sagt, að um þá áfrýjun gildi að öllu sömu reglur sem ella. Nefndin hefir einmitt talið rétt að gera ýmsar breytingar í því tilliti. Fyrir henni vakti, að það væri aðalatriðið, að mál þessi fengi sem fljótastan úrskurð og að flutningur þeirra yrði sem vafningaminstur. Og þess vegna leggur nefndin til að stytta alla fresti frá því sem gerist í einkamálum í héraði.

Þess gerist ekki þörf að svo komnu, að athuga hverja einstaka breytingu, sem nefndin hefir lagt til, að gerð verði á frv., enda geri eg ráð fyrir því, að einstakir þingmenn háttv. deildar hafi kynt sér þær. En ef eitthvað væri það í þeim, sem einhver þættist ekki skilja, þá munum vér nefndarmenn auðvitað reyna að skýra það betur. Vona eg svo, að háttv. deild taki málinu vel og komist að sömu niðurstöðu og nefndin.

Bjarni Jónsson: Það var tvent, sem eg vildi benda á. Í fyrsta lagi það, hve greiðlega málefni Reykjavíkur ganga fram hér í deildinni. Það sannar það, sem eg sagði um daginn, að hér er ekki skortur á mönnum, sem vita hvers Reykjavík þarf, enda á svo að vera. Hitt, sem eg vildi benda nefndinni á, er það, að eitt orðatiltæki á bls. 2 í nefndarálitinu er dálítið óljóst fyrir mér. Þar er sagt, að vitnum sé skylt að »mæta« fyrir merkjadómi, en það er ekki til tekið, hvort þeir eiga að »mæta« þar vinum eða óvinum, eða hvers konar þjóðir það eru, sem þeir eiga að »mæta« þar. Eg efa það ekki, að háttv. nefnd muni hafa skýrt þetta fyrir 3.

umr., því að eg hygg, að hún hafi það á valdi sínu.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg get tekið undir með háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að málefni Reykvíkinga fá hér greiðan framgang, og það sannar það, sem hann hafði áður sagt um það efni. En það kemur nú raunar ekki þessu máli við.

Um hitt atriðið, sem hann mintist á, er það að segja, að eg skil vel, hver fiskur liggur undir steini hjá honum. Hann er góður íslenzkumaður og honum hefir ekki þótt þetta gott mál. Má vera að svo sé, en þó hygg eg að það finnist í norskum lögum nokkuð snemma. Eg býst við því, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði heldur kosið að þarna hefði staðið orðatiltækið »að sækja merkjadóm«, og er það fjarri mér, að hafa nokkuð á móti því. Eg er einmitt þakklátur fyrir slíkar bendingar, en samt held eg nú fyrir mitt leyti, að hitt hefði mátt standa og sé gott og gamalt norrænt mál.

Jón Magnússon: Eg ætla að eins að spyrja háttv. þm. Dal. (B. J.) hvort hann geti bent á eitt einasta dæmi þess, að mál, sem héraðastjórn hefir leitað til þingsins um og snerta að eins héraðið, hafi gengið öðru vísi en greiðlega gegn um þingið.

Bjarni Jónsson: Eg gæti nefnt mörg dæmi þessa, en skal samt ekki nefna nema eitt. Hér hefi eg nú um mörg ár borið fram beiðni frá héraðsstjórn Dalamanna um, að vegarspotti sé gerður að þjóðvegi, en það hefir verið eins og að berja í harðan stein, að fara fram á slíkt. Það stendur nú svo vel á, að eg er enn með þennan veg hér á þinginu nú, og þykir mér vænt um að heyra, að háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) er honum meðm., er hann heyrir að beiðni um hann kemur frá héraðsstjórninni.

Jón Magnússon: Eg get ekki séð, að þetta sé heppilegt dæmi, því að þessi vegagerð kemur sennilega einnig við landsjóðinn. *(Bjarni Jónsson:* Það er alveg sama. Þingmenn eru ekki allir svo aurasárir).

ATKV.GR.:

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

1. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

4. og 5. samþ. með 17 shlj. atkv.

3. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

4. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

5. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

8. og 9. gr. frv. samþ. með 17 shlj. atkv.

6. brt. á þskj. 53 samþ. með 17 shlj. atkv.

7. brt. á þgskj. 53 samþ. án atkvgr.

11.—14. gr. frv. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi, föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 93).

ATKV.GR:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Á 35. fundi, miðvikudaginn 5. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr., eftir að það hafði verið samþykt með breytingum í Ed. (þskj. 305, n. 347).

Framsögum (Sveinn Björnsson): Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin fallist á breytingar efri deildar og ræður því deildinni til að samþykkja það óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

4. Fjárhagsáætlun Reykjavíkur.

Á 3. fundi, laugardaginn 4. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóv. 1907, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík (þskj. 20).

A 4. fundi, mánudaginn 6. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Þetta frumvarp á að því leyti sammerkt við hið næsta á undan, að það er einnig komið frá bæjarstjórninni. Það hefir verið rætt þar við 2 umræður og samþ., og okkur, þm. Reykvíkinga, síðan falið að bera það fram á þingi.

Það gæti verið ástæða til þess fyrir bæjarfulltrúa að blygðast sín við að koma fram með slíkt frumv., því að efni þess er ekkert annað en að þvinga bæjarstjórnina til þess að gera það, sem hún sjálf hefir talið eðlilegast. Breytingin, sem hér er farið fram á, er einungis sú, við 6. gr., að bæjarstjórninni er gert að skyldu að telja á fjárhagsáætlun sem sérstakan tekjulið tekjuafgang þann, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður, ef hann er nokkur, en aftur sem sérstakan gjaldlið tekjuhalla síðasta árs, nema hann stafi af kostnaði við verk, sem ætlast er til að greiddur verði með lánsfé.

Ástæðan til þessa er sú, að nú um nokkur undanfarin ár hefir orðið tekjuhalli á fjárhagsáætlun bæjarins. Mér liggur við að segja, að sumir bæjarfulltrúarnir taki ofmikið tillit til kjósendanna. Því er það, að þegar tekjuhalli er, þá er ekki hikað við að taka lán til þess að jafna hallann, í stað þess að ná upp mismuninum með útsvörum, og hlýtur þetta að leiða til fjárhagslegrar glötunar. Til þess að útiloka þetta, kom fjárhagsnefndin fram með þessa tillögu, sem samþykt var í vor af bæjarstjórninni í einu hljóði. Eg vona því, að háttv. deild samþykki frumv. Frumv. er svo óbrotið, að eg býst ekki við að nefnd þurfi að skipa í það.

Ráðherra (H. H.): Eg legg til, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan (frumv. til laga um mæling og skrásetning lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til nefndarinnar, er skipuð var til að íhuga frumv. um mæling lóða og landa í Rvík, með öllum greiddum atkvæðum.

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 11. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, var frumv. tekið til. 2. umr. (Þskj. 20, n. 52).

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Eg hefi ekki miklu við það að bæta, sem eg sagði við 1. umr. þessa

máls. Eins og eg sagði þá, á þetta frv. að tryggja það, að bæjarstjórnin geti afgreitt fjárhagsáætlun bæjarins árlega á eðlilegan hátt. Að hún geti látið árleg útgjöld bæjarins greiðast af árlegum tekjum hans, en eigi af lánsfé, nema til þess sé beinlínis ætlast. Þetta er mikilsvert atriði fyrir fjárhag bæjarins, og nefndin, sem skipuð var til að athuga málið, hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að ekkert sé það, sem mæli á móti þessu sérstaklega. Hún leggur að eins til, að gera eina brt. á frv., sem ekki er nema orðabreyting, þótti fara betur á því þannig.

Þar sem því ekki er hér um neina efnisbreytingu að ræða, býst eg ekki við því, að neinn háttv. þm. hafi neitt við það að athuga, þótt þetta frv. verði samþ, og vænti eg þess, að háttv. deild leyfi því fram að ganga, þannig breyttu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. þskj. 52 samþ. án atkv.gr.

Frumvarpsgreinin þannig breytt, sþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 92).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frv. tekið til *einnar umr.* eftir að það hafði verið samþ. með breytingum við 3. umr. í Ed. (Þskj. 335, n. 403).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

5. Beitutekja.

Á. 3. fundi Nd., laugard. 4. júlí, var útbýtt frv. til laga um beitutekju. (Þskj. 22).

Á 4. fundi Nd., mánud. 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Um þetta efni eru til lög áður frá 1905, en í þeim eru engin sektarákvæði. Hvort sem nú löggjafarvaldið hefir ekki búist við, að lögin yrði brotin eða ekki, þá hefir það oftsinnis komið í ljós, að mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ætti að vera, og hafa lögin margsinnis verið brotin. Þetta frv. miðar að því fyrst og fremst að koma að sektarákvæðum um þetta efni. Lagt hefir verið fram á lestrarsalinn erindi frá Önfirðingum, þar sem farið er fram á þetta. En jafnframt hefi eg í frumv. lagt til að breyta 1. gr. laganna frá 1905, þannig, að gjaldið fyrir beitutekju verði 2 kr. í staðinn fyrir 1 kr.. Það sjá allir, að 1 kr. er alt of lágt gjald, og 2 kr. raunar líka. Síðan skelfiskabeitan fór að tíðkast, hafa sjómenn, eftir að skelfiskurinn rýrnaði, gengið í netlög, að fornspurðum landeiganda, og skeyta ekkert um ákvæði 2. gr. laganna frá 1905.

Eg vona, að háttv. deild sjái, að þetta mál er nauðsynjamál, og að hér er ekki um svo gífurlegar upphæðir að ræða, að frv. geti ekki náð fram að ganga þess vegna.

Eg skal bæta því við, að ætlast er til þess, að sektirnar renni til hlutaðeigandi sveitarfélags, og ¦brotin verði farið með sem venjuleg lögreglumál.

Guðm. Eggerz: Ef frumv. verður að lögum, þá er sú breyting gerð, að sjómenn eiga nokkuð örðugra með að afla sér beitu á eftir, því að allar breytingar frv. miða í þá átt, að vernda, frekar en hingað til hefir átt sér stað, rétt landeiganda, en landeiganda er í þessu atriði fyllilega borgið með lögum frá 10. nóvbr. 1905. Samkv. þessum lögum getur hann með öllu bannað beitutekju fyrir landi sínu 60 faðma á sjó út.

Nú, við fyrstu umr. mun eg ekki fara frekar út í þetta mál, en á móti frv. verð eg.

Matthías Ólafsson: Eg bjóst ekki við neinum mótmælum gegn þessu frv., sízt frá yfirvaldi. Eg skil það ekki, að löggjafinn hafi ætlast til að lögin væri brotin, án þess að sektar lægi við. Það er ekki nóg með það, að greitt er sárlítið gjald fyrir beitutekju, heldur haldast mönnum uppi lögbrotin sektarlaust. Mér þykir það undarlegt, að þeir sem laganna eiga að gæta, skuli vera ánægðir með það, að lögin sé brotin, án sekta. Eg vil ekki stuðla að því, að sjómannastéttinni haldist uppi að ósekju að vaða upp á aðra. Sjómenn eiga að borga sínar þarfir, líkt og aðrar stéttir.

Guðm. Eggerz: Eg skal geta þess, að það er beint tekið fram í lögunum frá 1905, að ef usli verður á jörðu við beitutekju, þá eiga landeigendur rétt til skaðabóta. Þetta ákvæði þyki mér nægja. En bæði að hækka beitutekjugjaldið og bæta við sektum þyki mér of langt farið. Það sjá allir, hve afarþýðingarmikið það er, að sjómenn geti náð í beitu, og varast verður að gera þeim örðugt fyrir í því efni.

Matthías Ólafsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd, og vona eg að hún komist að gagnstæðri niðurstöðu við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.).

ATKV.GR.:

Till. um 5 manna nefnd samþ. með öllum greiddum atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningum:

Matthías Ólafsson
Guðm. Eggerz
Stefán Stefánsson
Skúli Thoroddsen
Magnús Kristjánsson.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 12. fundi, miðvikudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 22, n. 81).

Framsögum. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Eins og menn sjá af nefndarálitinu, hefir nefndin klofnað, svo að einn maður í nefndinni hefir farið sér og samið sérstakt nefndarálit. Nefndarálitið sýnir, í hverju ágreiningurinn er fólginn, og læt eg mér nægja að vísa til þess. Aðeins skal eg geta þess, að meira hluta nefndarinnar þótti sektaákvæðin í 3. gr. of lág, og lagði því til að hækka þau.

Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til að fara frekara út í málið, ef ekki koma önnur andmæli fram en komið hafa hingað til.

Framsögum. minni hl. (Guðmundur Eggerz): Þetta er ekki stórmál. Ástæðan fyrir þessu frumv. er

sú, að nokkurrir bændur á Vestfjörðum hafa kvartað yfir því, að mótorbátur hafi komið og tekið beitu, á þann hátt, sem bændunum líkaði ekki. Þetta get eg ekki talið næga ástæðu til breytinga. Breytingin felur í sér hækkun á borgun sjómanna fyrir beitu og sektir. Eg þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er rétt, sem eg hefi áður tekið fram, að með þessari breytingu verður beitutekjan örðugri sjómönnum, og er það nokkuð skrítið, að maður, sem á að vera talsmaður sjómannastéttarinnar, skuli einmitt verða til þess að flytja frumv., sem fer fram á að íþyngja sjómannastéttinni.

Framsögum. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Ekki veit eg hvaðan háttv. minna hluta kemur sú vizka, að einn mótorbátur hafi brotið lögin. Eg veit til þess, að lögin hafa verið margbrotin. Og ef það á að vera mitt hlutverk að mæla bót yfirgangi ránsmanna, mundi eg leggja niður þá stöðu, sem eg hefi nú, því að slíkt stríðir á móti samvizku minni. Það er afar kynlegt hjá háttv. minni hluta, að halda því fram, að hér sé verið að íþyngja sjómannastéttinni. Hér er um sömu stéttina að ræða, sjómenn andspænis sjómönnum.

Í nefndaráliti háttv. minni hluta er kveðið svo að orði, að viðkomendur sé nægilega trygðir með ákvæðum 3. gr. núgildandi laga. Þar er þó ekkert sagt um það, hvað við liggi, ef lögin eru brotin. Hér er um alveg sama að ræða sem ef eg kastaði peningi út um glugga og segði, að enginn mætti taka hann upp að viðlagðri refsingu, án þess að tiltaka, í hverju sú refsing væri fólgin.

Eg vona, að háttv. minni hluti verði minni hluti, ekki aðeins hér í deildinni, heldur og í öllu voru þjóðfélagi, ella mætti telja réttarmeðvitund þjóðar vorrar sljófgaða.

Framsögum. minni hl. (Guðmundur Eggerz): Eg skal taka það fram, að í 3. gr. gildandi laga, eru lagðar skaðabætur við, ef raskað er rétti landeiganda. Eg vil vekja athygli hv. deildar á því, að í netlögum má enginn taka skelfisk, án leyfis landeiganda, og er því réttur landeiganda nægilega varinn.

Annars vil eg ekki þrátta um þetta mál. Eg þykist mega ganga að því vísu, að þetta frumvarp verði samþykt hér, eins og flest þau frumvörp, sem miða að því, að íþyngja sjómannastéttinni, enda er við því að búast, þegar sá maður, sem ætti að vera helzti talsmaður sjómannastéttarinnar legst á móti henni.

Framsögum. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Enn einu sinni þarf háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) að taka það fram, að verið sé að gera einni stétt rangt til, þótt henni sé ætlað að bæta yfirtroðslur sínar. Háttv. þm. getur ekki skafið út, að hann, sjálft yfirvaldið, heldur uppi vörnum fyrir ólöghlýðni og brotgirni. Hvort sú stétt, sem brotin fremur, er sjómannastétt eða önnur stétt, skiftir ekki máli, nema ef til vill þegar um það er að ræða að spilla fyrir þeim, sem eiga að sjá um hag þeirrar stéttar. En óhræddur er eg við dóm sjómannastéttarinnar og sé enga ástæðu til þess að skríða fyrir henni með því að halda uppi vörnum fyrir lögbrot hennar.

Háttv. þm. bjóst við því, að frumv. yrði samþykt; eg hefi líka þá trú á réttarmeðvitund háttv. þingmanna, að þeir aðhyllist frumvarpið heldur en skoðun háttv. þm. (G. E.), sem er óverjandi.

ATKV.GR.:

1.—2. gr. frv. samþ. með 17 : 1 atkv.

1. brt. á þskj. 81, samþ. með 14 : 1 atkv.

3—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. brt. á þskj. 81 talin samþ. án atkv.gr.

5.—9. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 15. fundi Nd., laugard. 18. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (þskj. 104).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi Nd., mánud. 3. ágúst, var frv. tekið til e i n n a r u m r., eftir að það var samþykt með breytingum í Ed. (þskj. 274, n. 300).

ATKV.GR.:

Frumvarpið var samþykt með 15 : 1 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

6. Afnám fátækratíundar.

Á 3. fundi Nd., laugard. 4. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um afnám fátækratíundar (þskj. 26).

Á 4. fundi, mánudaginn 6. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Þetta lagafrumvarp, sem hér er um að ræða, er stutt, en það felst samt í því mikil réttarbót og mikið hagræði. Eftir núgildandi lögum er fátækratíundargjald af lausafé mismunandi hátt, eftir því, hvað tíundin er há. Sá, sem er svo heppinn að vera svo vel efnum búinn, að hann geti tíundað 5 hundruð eða meira (það sem kallað var að vera í skiftitíund), hann á að greiða tíundargjald í sveitarsjóð $^{8}/_{10}$ álnar af hundraði hverju, en sá, sem er nú svo óheppinn að vera svo fátækur, að hann geti ekki tíundað svo mikið (að hann sé það sem kallað er að vera í öreigatíund), hann skal greiða $^{9}/_{10}$ álnar af hundraði hverju. Þetta er sjáanlega mjög ranglátt, að öreigi, eða sárfátækur maður, skuli greiða þrisvar sinnum hærri skatt af hverri krónu en efnamaður, eða auðmaðurinn, af hverri sinni krónu.

Áður en sóknargjaldalögunum var breytt 1909, þá horfði þetta dálítið öðru vísi við, því að þá vóru þeir, sem vóru í öreigatíund, lausir við að borga tíundargjald til prests og kirkju, en þar varð sú jafnaðarkenning ráðandi að leggja jafnt gjald á alla, fátæka og ríka. Þá myndaðist nýr skattur á alla þá, sem vóru í öreigatíund, en létti á öllum þeim, sem vóru efnaðir, og eftir því meira, sem hann var ríkari, þ. e. tíundaði meira. En þá gleymdist að laga fátækratíundargjaldið hjá þeim, sem það lá óeðlilega hátt á. Þetta fyrirkomulag, að öreiginn beri þrisvar sinnum hærra gjald en ríki maðurinn, er svo óeðlilegt og ranglátt, að eg hygg, að þetta muni hvergi eiga sér stað í heiminum, nema hjá oss, á Íslandi. Eg hygg nú reyndar, að víða sé hætt að taka tillit til fátækratíundarinnar við niðurjöfnun útsvara, að minsta kosti er það svo á mörgum stöðum þar sem eg

þekki til, beinlínis af því, að það eru álitin óforsvaranleg rangindi, að taka tillit til þeirra. Útsvörum er þá jafnað niður bara með aukaútsvörum; tíundirnar eru auðvitað reiknaðar út á eftir og dregnar frá aðalupphæðinni og settar í sérstakan tekjulið, en þetta er einungis gert til að gera útsvarsskýrsluna formlega og löglega.

Það er talsvert verk fyrir oddvitana að reikna út tíundirnar, því að oft hafa þeir nóg annað að gera, og sumir eru ekki eins æfðir í reikningsstörfum og þyrfti, og það er líka mikið verk við endurskoðunina frá því fyrsta til hins síðasta.

Þegar maður lítur nú á það, að lögin eru afar-ranglát, ef þau eru starfrækt samkvæmt bókstafnum, og að þau kosta mikla vinnu og mikinn tíma um land alt, þá er það það allra vægasta, sem maður getur sagt, að þau sé óþörf, og að það beri að afnema þau tafarlaust.

Mál þetta var borið undir þingmálafundi Mýrasýslu, og var það einróma álit þar, að þessum lögum ætti að breyta samkvæmt því, sem hér er gert. Eg treysti því, að sama réttlætistilfinning muni eiga heima í fleiri héruðum landsins, og eins, og ekki síður, hér í þinginu. Eg vil því leyfa mér að leggja til, að það verði kosin 5 manna nefnd í málið að þessari umræðu lokinni.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki bera á móti því, að ákvæðin um þetta efni kunna að vera nokkuð úrelt orðin, en mér er þó talsvert sárt um þau. Hér er um að ræða *langelztu lagaákvæði*, sem nú gilda í íslenzkri löggjöf. Tíundarlögin eru sett fyrir vel 9 öldum, árið 1096, af Gizuri biskupi með »um-bráði Markúss lögsögumanns« og annara hinna vitrustu manna. Að vísu hafa þau síðan tekið miklum breytingum, eftir því sem aldarfarið breyttist. En eg vil, að menn hugsi sig vel um, áður en menn fleygja burt þessum fornu minjum. Fáar raddir hafa heyrst gegn tíundarlögunum í landinu. Það er satt, að á stöku stöðum hefir þeim verið andmælt, en sannanir vantar fyrir því, að það sé almennur vilji að afnema þau, en fyrr vil eg ekki, að ráðizt sé á hina elztu lagagrein í lögum vorum.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Ef það eiga að vera andmæli gegn þessu frumvarpi, að um forngrip sé að ræða, þar sem tíundarlögin gömlu eru, þá vil eg segja það, að þeim eða minning þeirra ætti að vera vel borgið í skjalasafni landsins. Þar eiga slíkir gripir að geymast, en ekki starfrækja þá þjóðinni til skaða og minkunar. Það segir sig sjálft, að lögin geta ekki átt sér langan aldur héðan af, þar sem um bein rangindi er að ræða í þeim nú orðið. Aldurinn einn út af fyrir sig nægir ekki til að helga gildi þeirra. Það, sem gamalt er orðið og úrelt og ilt, verður að víkja fyrir hinu nýja og góða.

Að öðru leyti skal eg ekki orðlengja frekara um þetta nú. Eg treysti svo réttlætistilfinningu háttv. þingmanna, að þeir felli niður þetta rangláta gjald, sem kemur langþyngst niður á þeim mönnum, sem sárfátækastir eru.

Pétur Jónsson: Eg lít svo á, að ekki hafi verið beint nauðsynlegt að koma fram með þetta frumvarp nú, vegna þess að ekki getur langt liðið þangað til tíund á fasteign og lausafé verður algerlega úr lögum numin og nýir gjaldstofnar fengnir sveitasjóðunum. Á hinn bóginn get eg ekki verið á sömu skoðun sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að nokkur eftirsjá sé í þessum ómerkilegu leifum af tíundarstatútu

Gizurar biskups. Því að þótt hún væri viturleg og líklega einsdæmi í veröldinni á þeim tíma, þá eru þessar leifar ekki nema svipur hjá sjón samanborið við það, sem hún var sjálf, svo miklum breytingum hefir tíundin tekið. Upphaflega var tíund Gizurarstatútu hreinn eignarskattur í nútímastíl. Nú er tíundin sem eftir er lítilfjörlegur atvinnuskattur og ójafnaðarfullur. Eg held, að Gizuri biskupi væri mestur sómi sýndur með því að nema hana úr lögum.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki deila um þetta mál. Mín orð hnigu að eins að því, að vel væri athugað frumvarpið áður það yrði samþykt. Eg játa það, að tíundarlögin koma harðara niður á fátæklingum en efnamönnum, eins og þeim er beitt sumstaðar á landinu, og tel eg skylt að bæta úr því. En er það ekki svo alstaðar í vorri löggjöf, að gjöldin eru erfiðari fátæklingum? T. d. vita það allir, að tolllöggjöfin kemur langtum harðara niður á fátæklingum en öðrum, og alt af er þó verið að auka tollana. En þótt aukaútsvör kæmi að öllu leyti í stað tíundanna og jafnað væri niður »eftir efnum og ástæðum«, þá vantar alla trygging fyrir því, að gjöldin verði sanngjarnlega álögð, eða með nokkru meira réttlæti, en tíundin nú.

ATKV.GR:

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt í einu hlj. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jóhann Eyjólfsson
Jón Jónsson
Þórarinn Benediktsson
Hjörtur Snorrason
Eggert Pálsson.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 14. fundi, föstudaginn 17. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (þskj. 26, n. 89).

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Háttv. deildarmenn hafa nefndarálitið fyrir sér, og þar eru greindar ástæður þær, sem meiri hlutinn ber fram sínu máli til styrktar. Eins og menn sjá, hefir nefndin klofnað, og leggur meiri hlutinn til, að málinu verði frestað og það afgreitt nú með rökstuddri dagskrá. Minni hlutinn leggur aftur á móti til að það verði samþykt eins og það liggur fyrir. Vér meiri hluta mennirnir teljum það engan veginn stóra breytingu, þó að þetta frumv. verði samþykt, en vér álítum það ekki rétta stefnu, að þingið stuðli að því, að fastar tekjur sveitasjóðanna verði skertar. En þetta frumvarp fer í þá átt, þar sem ekki er séð fyrir neinum föstum tekjum í staðinn.

Aðalástæða minni hlutans er sú, að þetta sé ranglátt gjald. Það má reyndar til sanns vegar færast, en þó get eg ekki skilið, að það geti talist stórkostlega ranglátt þegar litið er til þess, að upphæðin, sem hver maður á að borga, er ekki stór. Það má vera fátækur maður, sem ekki rís undir því gjaldi. Þess vegna er það, að þó að meiri hl. kannist við, að það komi ekki sem réttlátlegast niður, þá vill hann ekki að þessu eina fasta gjaldi sveitarsjóðanna verði kipt í burtu, að minsta kosti ekki fyrr en þeim verður séð fyrir öðru föstu gjaldi í staðinn.

Hin ástæða minni hlutans, að svo mikil fyrirhöfn sé að reikna út tíundina, virðist mér næsta veigalítil. Eg get ekki betur séð, en að það sé fljótunnið verk. Manni gæti dottið í hug, að þeir væri ekki miklir reikningsmenn Mýra-

menn, að minsta kosti lítur út fyrir, að þingmaður þeirra (J. Eyj.) hafi einhverntíma komist í hann krappan, að reikna út þessa tíund. Eg get ekki talið, að það sé meira en tveggja tíma verk fyrir hreppsnefndina í hverjum hreppi.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Vil eg leyfa mér að mæla með því, að tillaga vor meiri hlutans verði tekin til greina af háttv. deildarmönnum, og að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Framsögum. minni hl. (Jóhann Eyjólfsson): Eg hefi áður hér í hv. deild þózt sýna fram á, með ljósum orðum, hver ástæða væri til að telja það réttmætt að afnema fátækratíundina. Þegar eg flutti þetta frumv. hélt eg satt að segja, að það mundi verða létt verk að koma þessu í framkvæmd. Í fyrsta lagi treysti eg því vel, að réttlætistilfinning háttv. þingmanna væri á svo háu stigi, að þeir hlyti að sjá, hversu ranglátt gjald þetta væri, og í öðru lagi treysti eg því, að þekkingin væri á svo háu stigi í þinginu, að menn mundu undir eins sjá að að þessu væri hið mesta hagræði, og að það mundi spara bæði tíma og peninga.

Það má vel vera að þeim, sem hraðvirkari eru en eg, þyki það ekki mikil vinna, að reikna út tíundina, en eg veit, að eg er lengi að því og svo mun vera um fleiri. Það getur verið að háttv. framsögum. meiri hl. (J. J.) sé svo hraðvirkur, að honum sé þetta fljótunnið starf, en eg hefi samt sem áður heyrt marga merka menn halda því fram, að það væri mikill tímasparnaður ef þessi tíund væri afnumin, ekki einungis vegna vinnunnar við skýrslusamninginn í fyrstu, heldur líka vegna allra endurskoðananna.

Það eru þá þessir tveir aðalþættir í málinu, sem eg held mér fast við, fyrst og fremst, að fátækratíundinni eigi að hrinda fyrir það, að hún er ranglátt gjald, og síðan að það væri mikill tímasparnaður, ef hún væri úr lögum numin.

Það, sem háttv. meiri hluti hefir á móti málinu, er einkennilega léttvægt, hvort sem það nú dugir þess til að hafa áhrif á úrskurð háttv. deildar eða ekki. Það er aðallega þrent, sem háttv. meiri hluti hefir fram að bera í málinu. Í fyrsta lagi, að því liggi ekkert á, í öðru lagi að réttara sé að vísa því til stjórnarinnar og láta það verða samferða tekjuskattslögunum, og í þriðja lagi að fastar tekjur sveitasjóðanna skerðist of tilfinnanlega ef tíundin verður úr lögum numin.

Þegar eg lít á fyrsta atriðið, þá virðist mér, að eg hafi heyrt alt of mikið af þessum röddum síðan eg kom hingað, að alt megi draga til næsta þings. Mér dettur í hug það sem haft er eftir gömlum karli í Norðurárdal. Alt af þegar hann var beðinn að gera eitthvað, var viðkvæðið: »Þetta má nú eins vel gera á morgun«.

Annað atriðið er það, að vísa málinu til stjórnarinnar. Það er líka hér hátt á baugi. Og því neita eg ekki, að á sumum sviðum getur það verið réttmæt aðferð, einkum þegar um þau mál er að ræða, sem einhverrar sérfræði þarf við, eða eru svo flókin, að mikið og nákvæmlega þarf um þau að hugsa. En það nær ekki til þessa máls. Það er svo einfalt og óbrotið, að hverju barni sem komið er yfir fermingaraldur er ekki ofvaxið að skilja það. Og það þykir mér einkennilegast, þegar þeir menn, sem hafa það fyrir markmið að skamma stjórnina fyrir alt sem hún gerir, vilja fela henni alla skapaða hluti, eða sem allra flest til framkvæmda.

Þriðja atriðið, að fastar tekjur sveitarsjóðanna skerðist of mikið við það að fá-

tækratíundin er afnumið, á að vera veigamest. Og hefi eg þó aldrei séð rýrari ástæðu. Hér er hvorki verið að auka tekjur sveitasjóðanna né heldur verið að minka þær. Þær eru einungis færðar til. Háttv. meiri hluti lætur sér farast eins og karlinum, sem sat á klárnum, en batt pokann á bakið á sjálfum sér og sagði: »Ekki ber klárinn það sem eg ber«. Þetta gjald liggur á okkar eigin hrygg eftir sem áður. Það er að eins tekið úr einum vasanum og látið í hinn.

Þetta er svo einfalt mál, að mig furðar stórlega, að allir skuli ekki skilja það. Það væri náttúrlega gott og blessað ef hægt væri að byggja upp þægilegan og góðan fastan tekjulið fyrir sveitasjóðina í staðinn fyrir þessa tíund. En fyrir því er ekki spilt, þó að þetta frv. verði samþykt. Ef löggjafarvaldinu dettur eitthvað í hug í því efni, þá er jafnhægt að koma því í framkvæmd eftir sem áður. En það, sem vakir fyrir mér er það, að langt geti liðið þangað til gott ráð finst í þessu efni og þess vegna tel eg ekki rétt að láta þetta sjálfsagða réttlætis- og sanngirnismál bíða eftir því, ef til vill um langan óákveðinn tíma.

Meðan eg heyri ekki aðrar röksemdir fram bornar á móti málinu, finn eg ekki ástæðu til að segja meira. En að endingu vil eg beina þeirri ósk til hv. forseta, að þegar gengið verður til atkvæða um frv., þá verði það gert að viðhöfðu nafnakalli.

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson): Eg hefi lítið að segja viðvíkjandi ræðu háttv. minni hluta (J. E.), því að það var svo sem ekkert á henni að græða. Hann sagði ekkert það, sem hann hefir ekki áður tekið fram í nefndaráliti sínu. Hann heldur enn fast við það, að mikil nauðsyn sé að málið gangi sem fyrst fram. Vona eg, að meiri hluti háttv. deildar sé þar á öðru máli. Mér þykir það dálítið skrítið, ef það skiftir ekki neinu máli, hvort sveitasjóðirnir hafa nokkrar fastar tekjur eða ekki. Það er þó alment álitið, þegar um tollmál eða skattamál er að ræða, að nokkra nauðsyn beri til að landsjóður hafi einhverjar fastar tekjur. En því er eins farið um sveitasjóðina. Það er miklu tryggara og öruggara, að þeir hafi fastar tekjur og margfalt auðveldara, að ná þeim tekjum inn á hverju ári. Það er miklu meiri vandi, að ná inn háum gjöldum með niðurjöfnun, heldur en ef nokkur hluti þeirra er ákveðinn með lögum. Víðast er mikil óánægja út af sveitarútsvörunum og svo mun það vera á Mýrunum sem annarsstaðar.

Háttv. minni hluti (J. E.) segir, að með þessari breytingu færist tekjurnar einungis til. Það er mikið rétt, það má jafna eins miklu niður og fátækratíundinni nemur. En þá er á það að líta, hvort heppilegt er að gefa hreppsnefndunum ótakmarkað vald til að skipa mönnum að borga svo og svo mikið sem þeim sýnist. Trúað gæti eg því, að það yrði óvinsælt. Hreppsnefndirnar eru ekki ávalt óhlutdrægar, og þess vegna gæti hæglega farið svo, að gjaldið kæmi enn ranglegar niður en ella. Hátt. minni hl. (J. E.) sagði að við hugsuðum líkt og karlinn, sem sat á klárnum, batt poka á bakið á sjálfum sér, og hélt að klárinn bæri ekki það sem hann bæri. Þetta má einmitt heimfæra upp á sjálfan hann, þar sem honum getur ekki skilist, að í sama stað komi niður, þó að gjöldin haldi áfram að vera föst. Hann gerir þar úlfalda úr mýflugu. Hitt, sem hann sagði, að þó að þetta frv. yrði að lögum, þá spilti það ekki fyrir því, að föst gjöld fyrir sveitarsjóðina yrði síðar ákveðin, getur

verið gott og gilt. En mér getur ekki annað virst, en að það sé fálm af löggjafarvaldinu að fara að kippa þessu burtu, áður en það hefir hugsað sig um, hvað í staðinn á að koma. Því að eins ber að breyta því sem er, að vissa sé fyrir, að breytingin sé til bóta. Nú er það álit meiri hl. að þessi breyting sé til hins verra, þó að hann hins vegar játi, að gjaldið, eins og það er, komi ekki alls kostar réttlátlega niður.

Einar Arnórsson: Eg kann ekki alls kostar við, að háttv. þm. Mýr. (J. Eyj.) haldi einn uppi vörnum fyrir frv. sínu, því að eg hygg, að hann hafi réttara mál að flytja en hinir, sem á móti mæla. Eg býst við, að bændur segi nú, sem stundum fyrr, að lítið mark sé á því takandi, sem Reykvíkingar segja um sveitamálefni; en það ætla eg ekki að setja fyrir mig.

Við 1. umr. var það tekið fram, að fátækratíundin væri merkileg, helzt vegna þess, hve gömul hún væri. Aðalmótbáran var sú, að fátækratíundin væri sá forngripur, að sæmd væri að henni í lögum. Eg er nú að mörgu leyti mikill forngripavinur, en þó ekki svo, að eg vilji láta þá sitja í fyrirrúmi fyrir nokkru því, sem rétt er og gott. Eg dýrka ekki forngripina eins og pápiskir menn dýrlinga sína, myndir og bein, er þeir hneigðu sig fyrir og kystu.

Tíundin var sjálfsagt gott og réttmætt skattafyrirkomulag á sínum tíma, eftir því sem þá var um að gera. En þá var líka alt annað snið á henni en nú er. Hún var leidd í lög 1096 og var þá í 4 pörtum, biskupstíund, preststíund, kirkjutíund og fátækratíund. Um síðaskiftin hvarf biskupstíundin úr sögunni að mestu leyti og varð að konungstíund, sem aftekin var 1877. Prests- og kirkjutíund er nú einnig afnumin. Fátækratíundin stendur ein eftir eins og klettur úr hafinu, og er því sannkallaður forngripur. Við það, að hinar tíundirnar hafa fallið burtu, hefir létt á hinum auðugri mönnum. Þeir, sem eru í skiftitíund, greiða að eins einn þriðja til fátækra — hafa losnað við tvo þriðju — en þeir, sem eru í öreigatíund, gjalda alla tíundina óskerta til fátækra. Öreigarnir verða því verr úti. Eg veit ekki, hvernig þetta hefir orðið í framkvæmdinni, en eftir lagastafnum (l. 12. júlí 1878, 12. gr.) er auðsætt, að hér er skapað misrétti á milli manna og þyngra gjald að tiltölu lagt á fátæka en ríka. Fátækratíundin verður því ekki talin réttlátt gjald. Og þegar því er nú slegið föstu, að hún er ekki réttlátt gjald, þá verður einhver nýtileg ástæða að vera til þess, að henni skuli haldið. — Ein aðalmótbára háttv. frams.m. meiri hl. (J. J.) var sú, að hæpið væri að taka fátækratíundina með sveitaútsvörum, vegna þess að þau væri svo óvinsæl. Eg játa, að sveitarútsvörin eru óvinsæl. En þegar athugað er betur, hve mikið fátækratíundin gefur í aðra hönd, þá er þessi mótbára veigalítil og raunar alveg einskis virði.

Þegar talað er um að afnema eitthvert gjald, er það venja manna að byrja á því að rannsaka, hverju er slept við það. Mér virðist að háttv. þm. Mýr. (J. Eyj.) hefði átt að kynna sér það, og ef hann hefir kynt sér það, þá hefði hann átt að segja frá niðurstöðu sinni í því efni. Eg hefi kynt mér þetta mál nokkuð. Vér höfum hér skýrslu um tekjur og gjöld sveitasjóðanna í Landshagsskýrslunum árin 1909 til 1910. Samkvæmt þeim hefir fátækratíund á öllu landinu numið 24,705 kr. árið 1909—1910. Ef þessari upphæð er jafnað niður á alla hreppa á landinu, þá verða það liðugar 100 kr., sem koma á hvern hrepp að meðaltali. Eg man ekki hreppatöluna með vissu, en

hygg að hún hafi þá verið eitthvað á þriðja hundrað. Þegar gengið er í gegn um skýrsluna um þessa fátækratíund, kemur það í ljós, að í ca. 80 hreppum nær hún ekki 100 kr., í ca 100 hreppum er hún 100—200 kr., í ca. 20 hreppum 200—300 kr., og í einum 4 hreppum kemst hún á fjórða hundraðið.

Þegar maður ber fátækratíundina saman við aukaútsvörin, sér maður fljótt, að hennar gætir mjög lítið. Ef fátækratíundin er talin saman annars vegar og aukaútsvörin hins vegar, þá verður hlutfallið hér um bil 1 á móti 13. Með öðrum orðum, ef fátækratíundarupphæðin er margfölduð með 13, fær maður aukaútsvaraupphæðina. Aukaútsvörin í öllu landinu vóru sem sé 322828 kr. 1909—1910. En ef miðað er við allar tekjur sveitasjóðanna, verður hlutfallið 1 á móti 26½. Allar tekjur sveitasjóðanna vóru á þessu tímabili 649,661 króna.

Eg þykist nú hafa sýnt með þessu, að fátækratíundarinnar gæti lítið á fjárhagsreikningum hvers hrepps eða kaupstaðar. Þó að jafna ætti niður rúmum 100 kr. að meðaltali í hverjum hreppi, get eg ekki skilið, að það yrði til að skapa neina nýja eða meiri óánægju með aukaútsvörin.

Eg hefi nú bent á það tvent, 1) að fátækratíundin sé ranglátt gjald, sem kemur þyngra niður á fátæklingum heldur en efnamönnum, og 2) að hún nemi svo lítilli upphæð, að hennar gæti ekki í fjárhagsreikningum hreppanna. Auk þets hefir háttv. þm. Mýr. (J.Eyj.) talað um aukna vinnu við útreikning tíundarinnar. Það hefir og nokkuð til síns máls, en er þó ekkert aðalatriði, og kæmi alls ekki til greina, ef gjaldið væri að öðru leyti heppilegt og réttlátt.

Samkvæmt því, sem eg nú hefi sagt, sé eg ekki neina ástæðu til að halda í fátækratíundina, þó að hún aldrei nema sé veglegur forngripur.

Pétur Jónsson: Eg hefi í rauninn lítið að segja, því að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir stutt málið á þá leið, að eg hefi litlu þar við að bæta.

Eg er honum sammála um að þetta litla frv. eigi fram að ganga. Í rauninni er eg í vandræðum með þetta nefndarálit, því að eg er að vissu leyti samdóma báðum pörtum nefndarinnar. Það er að skilja, eg er samdóma meiri hlutanum um það, að heppilegt sé að stjórnin leggi skattamál landsins sem fyrst fyrir alþingi, og þá ekki svo bráðnauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga nú. En aftur á móti er það rétt, sem farið er fram á í frv., og vil eg því ekki setja fótinn fyrir það.

Eg hefi talsverða reynslu af að jafna niður aukaútsvörum, og mér er það í minni, að vér létum tíundirnar hafa sama sem engin áhrif á útsvarsheildina. Ef fátækur maður býr á tíundarhárri jörð, þá er venjulega ekki lagt hátt útsvar á hann, fyrir það, heldur munað til á aukaútsvarinu, það sem tíundirnar eru óþyrmilegar að tiltölu. Sama er um þá menn, sem ekki ná skiftitíund. Þannig er hliðrað til, ef tíundirnar eru í öfugu hlutfalli við grundvöll aukaútsvarsins *efni og ástæður*. Að öðrum kosti gera tíundargjöldin til fátækra ójöfnuð.

Þó að eg sé samþykkur meiri hlutanum um að skora á stjórnina, að leggja skattamálin fyrir þingið sem fyrst, mun eg greiða frumv. atkvæði, og get þess vegna ekki verið með hinni rökstuddu dagskrá.

Eggert Pálsson: Háttv. frams.m. minni hlutans (J. E.) og háttv. þm. (S.-Þing. (P. J.) hafa verið að tala um, að meiri hlutinn vildi vísa þessu máli til stjórnarinnar. Eg sé ekkert um það í

nefndaráliti meiri hlutans, og hin rökstudda dagskrá gerir heldur ekki ráð fyrir neinu slíku. Hún gerir aðeins ráð fyrir, að málið verði tekið fyrir á næsta eða næstu þingum. Þingið getur sjálft átt frumatkvæði að því, að taka málið upp um leið og sveitarsjóðunum væri trygðar aðrar og meiri fastar tekjur, og þess vegna á það ekki við að segja, að meiri hlutinn vilji vísa málinu til stjórnarinnar, sem þó oft og tíðum fái útskit fyrir störf sín, eins og háttv. þingmenn komust að orði.

Hvað þetta frv. snertir, þá er það ekkert stórmál, og eg mun heldur ekki gera það að neinu kappsmáli. Aðeins mun eg hallast að því í þessu efni, sem öðru, sem eg tel réttlátt og sanngjarnt vera. Það hefir verið sagt, að þetta gjald væri svo lítið, að það munaði ekkert um það. Það kann nú að vera satt, að lítið muni um það, en það er ekki satt, að það muni ekkert um það. En aðalatriðið er frá mínu sjónarmiði stefnan, sem í því felst.

Eins og allir vita, var á síðasta þingi dembt á sveitasjóðina 2—3 útgjaldaliðum, sem munar um, og þegar útgjaldabyrðar sveitasjóðanna eru þannig að aukast, [getur það ekki náð neinni átt, að jafnframt sé verið að svifta þá þeim litlu föstu tekjum, sem þeir hafa. Ef hér væri farið fram á að afnema fátækratíundina, en útvega sveitasjóðunum eitthvað í staðinn, þá væri öðru máli að gegna. En hér er ekki farið fram á það; hér er bara verið, eins og áttt hefir sér stað á undanförnum þingum, að gera sveitarsjóðunum sem erfiðast fyrir og það algerlega að þarflausu; og get eg því ekki með neinu móti fylgt þeirri stefnu. Hér er um »princip«mál að ræða, þó lítið sé, og þess vegna hafi eg lagst á móti því.

Í öðru lagi hefir verið sagt, að gjaldið sé ranglátt gjald. Sé svo, þá er sannarlega ekki um stórt ranglæti að ræða og væri vel ef það ætti sér ekki stað stærra í öðrum efnum. Það er þó ekki nema um 2—3 kr. að ræða á flesta búendur, svo varla getur í því falist mikið ranglæti. Eða hafa menn nokkra tryggingu fyrir því, að réttlætið yrði meira, þó að þetta kæmist á? Eg hefi fyrir mitt leyti enga tryggingu fyrir því. Eg álít þetta gjald alls ekki svo ranglátt, að orð sé á gerandi, en þar á móti eru engin gjöld eins ranglát eins og einmitt aukaútsvörin. *(Bjarni Jónsson:* Það er rangt; þau eru lang-réttlátustu gjöldin). Það er ekki rangt. Ef aukaútsvörin eru réttlátust gjöld, því er þá ekki öllum gjöldum jafnað þannig niður? Hvers vegna er þá ekki landssj. t. d. aflað tekna á þann hátt. Mögulegt virðist það þó vera, ef aðferðin væri hin réttlátasta, að þingið jafnaði þörfunum niður á sýslu- og bæjarfélögin, sýslunefndin svo á hreppasjóðina og hreppsnefndin á einstaklingana. En að sú aðferð er ekki viðhöfð, stafar vitanlega af því þegar »praktisera« ætti hann í stórum stíl, hversu afar ranglát hún er. En þegar aðeins er um þarfir hrepps- og sýslufélags að ræða, þá hirðir þingið ekkert um, þótt ranglætið eigi sér stað. Það býður bara hreppssjóðunum að borga en hirðir ekkert um að afla þeim skynsamlegra og réttlátra tekna. Og þessarar sömu stefnu þykist eg kenna í frv. þessu og þess vegna er eg aðallega á móti því.

Þá hefir enn verið talað um, að gjaldið beri að afnema, af því að útreikningur á því sé svo erfiður. En þegar þess er gætt, að þetta hefir verið »praktiserað« í fleiri hundruð ára, og fyrr á tímum vóru langt um færri menn færir um útreikninginn heldur en nú, þegar slíkir menn eru á hverju strái, þá held eg að sú ástæðan hljóti að teljast lítils virði.

Þá gat háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þess, að það væri regla þar sem hann þekti til, að þetta gjald hefði engin áhrif á niðurjöfnun aukaútsvara, t. d. sagði hann, að ef fátækur maður byggi á stórri jörð, þá gætti ekki sveitarútsvars hans. Það er augsýnilegt, að ef hreppsnefndir fylgja alment þessari reglu, þá er engin þörf á að afnema fátækratíundina með tilliti til þess réttlætis, sem fyrir honum vakir.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Eg geri það ekki að neinu kappsmáli, en þarf náttúrlega ekki að taka það fram, á hvora hliðina eg hallast með minu atkvæði. Eg fæ ekki betur séð, en að það sé rétt stefna, sem meiri hlutinn heldur fram, og það munu fleiri kannast við, að niðurjöfnun gjalda skapar oft óánægju innan hreppsfélaga, miklu meira en hinir föstu skattar.

Þorleifur Jónsson: Eg skal leyfa mér með fáum orðum að láta í ljós skoðun mína á þessu máli. Þetta er ekki svo stórt mál, að það þurfi að gera að neinu kappsmáli, en úr því að fram er komið frv. um að afnema fátækratíundina, þá skal eg lýsa því yfir, að eg er því meðmæltur. Auðvitað hefir hún lengi verið í lögum, en sem gjaldstofn fyrir sveitafélögin er hún sama sem núll. Nú orðið er ekkert tillit tekið til tíundarinnar við niðurjöfnun aukaútsvara, og hún alls ekki aðgætt fyrr en eftir að búið er að jafna niður. Þegar hreppsnefndin kemur saman á haustin, byrjar hún á því að athuga, hve miklar tekjur hreppurinn þurfi, til að standast útgjöldin. Síðan er þeim tekjum jafnað niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum með aukaútsvörum. Þá fyrst, þegar því er lokið, er tíundin reiknuð út. Eg get þess vegna ekki séð, að aukaútsvörin yrði neitt meiri, þótt tíundin yrði afnumin. En þótt miðað væri nú við tíundina, þá er mikið spursmál, hve réttlát hún er. Það er aðgætandi, að það er mikill munur, hvort goldið er af leigufé eða skuldlausri eign. Það er ekki réttlátt, að gjaldið sé hið sama, hvort sem eignin, sem af er goldið, er skuldlaus eða ekki.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) sagði, að þetta væri gert til að pína sveitasjóðina, sem allra mest. Mér sýnist það muni verða líkt og áður, aukaútsvörin söm, að minsta kosti þar sem öllu er jafnað niður sem aukaútsvörum. Það væri að vísu gott fyrir sveitastjórnirnar, að fá einhvern góðan fastan skattstofn, en í því efni er engu slept þó að tíundin falli niður, því að hún er ekki neinn skattstofn, sem um munar.

Eg held, að það væri alls ekki óréttlátt, að þetta frumvarp næði fram að ganga, og býst við, að landsmenn myndi ekki una því illa. Það léttir starfi af hreppsnefndunum með útreikning á þessum tíundum eftir á, og þó ekki liggi í því mikil vinna, þá hafa hreppsnefndirnar svo mörgum störfum að gegna og illa launuðum, að ekki er úr vegi að létta af þeim störfum, sem hafa enga þýðingu í sjálfu sér.

Eg verð því að taka í þann strenginn, að þetta frumvarp fái fram að ganga.

Einar Arnórsson: Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hefir tekið af mér ómakið með að svara sumu í ræðu háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.). En hann svaraði ekki öllu, og því stend eg upp.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) byrjaði ræðu sína á því, að hann hallaðist að því í þessu máli, sem sanngjarnt væri og réttlátt, og því væri hann á móti þessu frumvarpi. En þetta er mikill misskilningur hjá honum. Það er nú

búið að sanna, að tíundin sé ranglátt gjald, og þarf ekki annað en að lesa 12. gr. laga 10. júlí 1878, samanborna við þær breytingar, sem síðan hafa orðið á tíundarlöggjöf vorri, til að sannfærast um það. Það er ranglátt, að um leið og efnamenn losna við gjöld, eru fátæklingar látnir bera tiltölulega þyngri byrðar en áður. Enn fremur sagði hann, að með afnámi fátækratíundarinnar væri sveitasjóðirnir sviftir tekjustofni. Þetta er heldur ekki rétt. Það væri rétt, ef utanhreppsmenn gyldi í sjóðina. Hér er að eins um það að ræða, að láta gjaldið koma réttlátara niður en nú er, og að létta óþarfa vinnu af hreppstjórnum.

Eg sýndi fram á það, að fátækratíundin skifti engu máli sem tekjur fyrir sveitasjóðina, og nú hefi eg fengið sönnun þess frá manni, sem þeim málum er vel kunnugur, háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Hann sagði, að fátækratíundin væri alls ekki tekin til greina við niðurjöfnun aukaútsvara, heldur að eins af formlegum ástæðum athuguð á eftir. Við skulum nú t. d. taka hreppinn, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. P.) er búsettur í. Þar hafa árstekjurnar orðið þetta ár (1909—10) 4085 kr. En á sama tíma var tíundin 198 kr. Eg gæti nú trúað því, að honum yrði ekki skotaskuld úr að jafna þessum 198 kr. þannig á hreppsbúa, að þeir mætti vel við una. Nú segir hann, að aukaútsvörin sé fjarskalega ranglát, en þau eru þó, eftir því sem ráða má af orðum hans, það skárri en tíundin, þótt þau valdi stundum óánægju, að með þeim er hægt að minka dálítið ranglætið af tíundinni. Aukaútsvörin eru í eðli sínu hreint ekki ranglát. Það stendur í lögunum, að við niðurjöfnun þeirra eigi að taka til greina efni og ástæður. Ef niðurjöfnunarnefnd vinnur samvizkusamlega, er ekki víst að hægt sé að finna réttlátara gjald.

Framsögum. minni hl. (Jóhann Eyjólfsson): Eg þarf ekki að segja margt núna. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir hlaupið svo drengilega undir bagga með mér og hrakið andmæli þau, er komið hafa gegn frumv. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að ekkert nýtt hefði fram komið í ræðu minni núna. Það getur vel verið að svo megi segja. En það þurfti heldur ekkert nýtt, eg var búinn að færa góð og gild rök fyrir mínu máli og taka það fram, sem með frumv. mælir, bæði við upphaf 1. umr. og í nefndarálitinu. Og háttv. andstæðingar mínir hafa ekki hrakið eitt orð af því, sem þar stendur.

Háttv. þm. (J. J.) bar það fram, að niðurjöfnunin, sem ætlast er til að verði á þeirri upphæð, sem tíundin mundi nema, mundi vekja óánægju í sveitunum, eins og niðurjöfnun yfir höfuð vekti oft. En háttv. þm. losnaði ekki við þessa óánægju, þótt hann kæmi þessu frumv. mínu fyrir kattarnef, því að niðurjöfnun yrði eftir sem áður og niðurjöfnunin á tíundargjöldunum gæti ekki aukið hana mikið, þar sem hún yrði að eins örlítill hluti af öllu því, sem jafnað er á hreppsmenn. Þetta er því ákaflega léttvæg ástæða.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að réttara hefði verið af mér, að koma með skýrslur um það, hve miklu væri slept af tekjum hreppsins með þessari breytingu, en eg áleit og álít, að slíka skýrslu þurfi ekki, því að tekjur sveitasjóðanna hvorki aukast né rýrna, hér er að eins breytt að forminu til, sama gjaldið liggur eftir sem áður á sömu mönnum.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. öðrum þm. Rangv. (E. P.). Mér heyrðist á honum, að honum þætti hið núverandi fyrirkomulag ekki svo sérlega ranglátt, en aftur á móti væri ekki til nein ranglátari gjaldskylda en greiðsla

samkvæmt útsvarsniðurjöfnun. Mér virðist þetta óneitanlega vera nokkuð rússnesk skoðun — og harðla einkennileg jafnaðarstefna, á borð við þá, sem lýsir sér í sóknargjöldunum frá 1909. En hin sanna jafnaðarstefna er sú, að hver gjaldi eftir efnum sínum og ástæðum. En hin jafnaðarstefnan, að menn gjaldi eftir höfðatali, allir jafnt, bæði ríkir og fátækir, hefir ýtt á stað hinni virkilegu jafnaðarkenningu í heiminum, að auðnum eigi að skifta milli manna, að allir eigi sama rétt til að njóta gæða lífsins, og eftir þeirri kenningu eiga auðmennirnir að bera útgjöldin, en fátæklingarnir ekkert. En á þá jafnaðarkenningu, að fátæklingurinn beri þrisvar sinnum hærra gjald en ríki maðurinn, eins og hér hefir verið haldið fram, hélt eg satt að segja, að enginn siðaður maður mundi hlusta á nú á dögum.

Eggert Pálsson: Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði sér allmikla fyrirhöfn til þess að hrekja ræðu mína. Enda þótt engum gæti dulist það, að hann sneri út úr orðum mínum, þá sést það þó á því, hve ítarlegar tilraunir hann gerði, að honum hefir þótt hún hafa við talsverð rök að styðjast, annars hefði hann ekki farið svo langt og nákvæmlega út í hana, sem hann gerði. Hann hermdi þau orð mín, að eg hefði í þessu máli hallast á þá sveif, sem réttari væri — og átti eg þá auðvitað við það, sem eg áleit réttast, sem sé, að svifta ekki sveitasjóðina þessum litlu föstu tekjum, sem fátækratíundin er, á meðan annað væri ekki sett í hennar stað.

Það taldi og telur háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) aftur á móti rangt og ósanngjarnt, þótt honum tækist ekki fremur nú en áður að finna þeim orðum sínum stað. Eg hygg því, að rök vor andstæðinga þessa frumv. hafi verið að minsta kosti jafnskýr og góð og hans og hans skoðanabræðra í þessum efnum, svo að hann þurfti ekki að setjast á hinn háa hest og tala um vantandi rök hjá mér.

Hann sagði, að hér væri um það lítilræði að ræða, að ekkert gerði til þótt frumvarpið yrði samþykt. Þetta virðist mér fremur veigalítil rök, því að með sama rétti mætti þá t. d. segja, að afnema bæri fasteigna og lausafjárskattinn til landssjóðs, sem er jafnhverfandi lítil tekjugrein fyrir landssjóðinn, samanborið við hans tekjur og útgjöld, sem tíundin er fyrir hreppasjóðina. En það hefir mér vitanlega engum komið til hugar, ekki einu sinni háttv. þingmanni, nema með því móti, að landssjóði yrði aflað annarra fastra tekna í staðinn, er ekki væri minni heldur meiri en fasteignar og lausafjárskattarinn nú er.

Háttv. þingmaður gat þess ennfremur, að í Fljótshlíð mundi tíundin ekki nema meira en um 200 kr., sem ekki væri erfitt að jafna niður með aukaútsvörum. En það er mesti misskilningur hjá hv. þingmanni, ef hann hyggur, að á sama standi, hvort niðurjöfnunargjald eins hreppsfélags vex eða minkar um 200 kr. Og sýnir að eins, að hann hefir ekki átt sæti í hreppsnefnd hjá fátæku hreppsfélagi og tekið þátt í niðurjöfnun aukaútsvaranna. En sem kunnugur maður því, hvernig hagar til í sveitum, get eg fullvissað háttv. þingmann um, að hreppsnefndum alment — og svo er hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi háttað — er ekki sama um það, hvort þær eiga að jafna niður 200 kr. meira eða minna á gjaldendur hreppsins. Og þær finna máske allra manna bezt til þess — sé þær á annað borð samvizkusamar — hversu óvinsælt og óheppilegt fyrirkomulag niðurjöfnunargjaldið er.

Annars er mér þetta, eins og eg hefi

tekið fram, ekki kappsmál, en eg tel það að eins óheppilegt að svifta hreppssjóði þeim föstum tekjum, án þess að nokkuð sé sett í staðinn — jafnvel þótt ekki sé um meiri tekjur að ræða en fátækratíundin er. Það er að eins stefnan, sem í þessu litla máli kemur fram, sem fyrir mér vakir og ekki annað.

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson): Eg hafði búist við því, að háttv. þm. Mýr. (J. Eyj.) mundi standa einn uppi í þessu máli, en það er nú öðru nær.

Eg skil það ekki, hve mikið kappsmál honum er að hamra þessu frumv. í gegn á þessu þingi, þar sem hann þó hefir kannast við, að þetta sé ekkert stórvægilegt mál. Því má það þá ekki bíða til næsta þings? Það ætti ekki að skifta miklu máli, hvort tíundin er afnumin árinu fyrr eða síðar. Það sem máli skiftir er það, að ekki sé kipt burtu tekjustofni, án þess að nýjar tekjur komi í staðinn. Og þar sem allar líkur eru til þess, að næsta þing taki skattamál landsins fyrir, þá finst mér kapp hv. þm. óeðlilegt.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók í sama streng og þingm. Mýr. (J. E.). Hann kvað oss vilja halda í tíundina vegna þess að hún væri forngripur, en það er ekki rétt. Eg gef ekkert meira fyrir þetta, þótt það sé gamalt, en eg vil ekki afnema lögin, nema það sé af viti gert.

Það er rétt hjá háttv. 2. þm. Árn., að fátækratíundin er lítill tekjuauki, en þótt svo sé, þá er ekki ástæða til að afnema hana fyrir það. Það eru fremur veigalítil mótmæli móti okkar máli. Þess ber og að gæta, að meðan menn hafa ekki skýrslu um eignir manna, þá er gott að hafa tíundina til hliðsjónar, enda líta hreppsnefndir oft yfir tíundarskýrslur seinasta árs og hafa þær til aðstoðar við niðurjöfnun sveitarútsvara. Því er nú einu sinni svo farið, að menn fara oft dult með ástæður sínar, skýra ekki frá innieignum sínum, svo að hreppsnefndirnar verða oft að fara eftir ágizkunum. Eins er það með skuldirnar — menn skýra heldur ekki frá þeim, nema helzt þegar kærumál rísa. Þetta er afar óheppilegt og væri ekki vanþörf á að fá ný lög í þessu efni, líkt og milliþinganefndin 1907 stakk upp á. Mætti tíundin vissulega haldast þangað til lög í þá átt yrði samþykt.

Eg er hissa á því, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir lýst yfir því, að hann ætli að styðja mál háttv. þm. Mýr. Eg hélt sem sé að það mundi algerlega stríða móti hans »principi«.

En sem sagt, aðalástæða mín til þess að leggjast á móti þessu frumv. er sú, að eg álít rangt að afnema tíundina fyrr en samþykt eru ný lög í staðinn um fastar tekjur sveitarsjóða.

Einar Jónsson: Menn hafa nú talað talsvert mikið um tíundina yfir höfuð og hafa andmælendur frumvarpsins aðallega borið það fyrir sig, hve heppileg tíundin sé til þess að skapa fastar tekjur. Þetta er ekki rétt. Tíundin er ranglátur tekjustofn, vegna þess að hún er ekki einhlít sönnun fyrir efnum og ástæðum manna, heldur segir til höfðatölunnar og nafns þess, sem tíundað er, hvort framteljandi getur talið það sína eign eða eigi.

Eg trúi ekki öðru en menn hafi tekið eftir því, að fátækur fjölskyldumaður hefir oft meiri tíund en einhleypur ríkur maður — og hvaða sanngirni er í því, að tíundin sé í því tilfelli höfð sem fastur gjaldstofn fyrir fátækraútsvörum og hreppsgjöldum yfir höfuð?

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) talaði um það, að ekki mætti afnema tíundina, vegna þess, að nauðsynlegt væri fyrir

hreppsnefndir að hafa tíundarskýrsluna til hliðsjónar við niðurjöfnun. En þar er tíundin slæmur leiðarvísir. Hún gefur engar upplýsingar um hinn sanna efnahag manna. Mér er líka kunnugt um það, þar sem eg þekki til, að þar er ekki lagt á eftir tíundunum, heldur eftir efnum manna og ástæðum, vegna þess að hreppsnefndir álíta þann máta réttari. Hitt er annað mál, að hægt er að misbrúka þetta í þessu efni. Og ef svo er, þá er rétt að afnema lögin.

Af framangreindum ástæðum verð eg þessu frumvarpi fylgjandi og greiði því atkvæði mitt.

Framsögum. minni hl. (Jóh Eyjólfsson): Það er að eins stutt athugasemd, út af orðum háttv. 2. þm. Rang. (E. P.). Hann sagði, að sama máli gegndi um lausafjárskattinn og fasteignaskattinn til landssjóðs og tíundina — það væri jafnrétt að afnema hann. Þetta er á tvennan hátt öfugt. Í fyrsta lagi er fasteigna- og lausafjárskatturinn til landssjóðs lagður jafnhátt á fátæka og ríka eftir efnahlutföllum, og í öðru lagi er sá skattur goldinn til landssjóðs, og þar stendur hann sem sérstæður skattur út af fyrir sig á sérstökum mönnum, og hefir engin áhrif á hækkun eða lækkun á öðru gjaldi, svo sem fátækratíundin hefir á aukaútsvörin.

Þá sagði háttv. þm. (E. P.) að hans hrepp mundi muna um þær 200 kr., sem tíundin nemur þar, ef hún væri afnumin. Eg skil ekki, hvernig háttv. þm. getur sagt slíkt. Það er eins og að honum finnist að hreppsmenn myndi tapa á þessu 200 kr., en hér tapast ekkert, þar sem hreppurinn einmitt fær þá sömu upphæð aftur, en sú ein breyting verður á, að henni verður jafnað sanngjarnlegar niður á gjaldendur — farið eftir efnum og ástæðum, en ekki eftir höfðatölu. Ef háttv. þingmaður ætti að borga 100 kr. til sveitarsjóðs, þá hygg eg að honum myndi verða álíka erfitt að greiða gjaldið, hvort heldur það væri alt aukaútsvar, eða að það væri 90 kr. af því aukaútsvar og 10 kr. fátækratíund.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá meiri hl. nefndar, þskj. 89, feld með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Björn Hallsson	Einar Arnórsson
Hjörtur Snorrason	Einar Jónsson
Jón Jónsson	Guðmundur Eggerz
Þórarinn Benediktss.	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson.
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson

Hannes Hafstein greiddi eigi atkvæði, og taldist til meiri hl.

Tveir þm. vóru fjarstaddir.

Frumvarpsgreinin á þskj. 26 samþ. með 17:6 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atk.

Á 16. fundi Nd., mánud. 20. júlí, var tekið til 3. umr. (Þskj. 26).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgreitt til Ed.

7. Eignarnámsheimild Hvanneyrarhrepps.

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóðum og mannvirkjum undir hafnarbryggju. (Þskj. 27).

Á 6. fundi Nd., miðvikud. 8. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eins og hinir háttv. þingdeildarmenn munu minnast, hafa samskonar frv. og þetta áður komið fram, bæði á síðasta þingi og sömul. á alþingi 1911, og í hvorugt skifti mætt nokkurri mótspyrnu. Vænti eg því hins sama, að því er þetta frv. snertir. Svo sem frv. ber með sér hefir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps farið fram á að fá þessa heimild, enda er það nauðsynjamál fyrir kauptúnið, eins og nú hagar til, þar sem jafn geysimikil aðsókn er af aðkomandi síldveiðamönnum, og reynslan þar af leiðandi sú, að árl. vantar geymslurúm í landi fyrir vörur, og sömuleiðis söltunarpláss. Það er þess vegna fyrirsjáanleg stór tekjugrein fyrir sveitarsjóð Hvanneyrarhrepps, verði slík heimild gefin, og að hafnarbryggja og byggingar í sambandi við hana, verði bygð sem allra fyrst, áður en útlendir aðkomumenn hafa fengið eða tekið á leigu mestan hluta af Siglufjarðareyri, og þá að líkindum þar, sem öll afstaða er hvað haganlegust.

Nefndarkosningu álít eg ekki nauðsynlega, en hefi hins vegar ekkert á móti því, ef það álízt réttara.

Skúli Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd. Eg held að málið hafi betra af því, að það sé athugað í nefnd.

ATKV.GR.:

Fimm manna nefnd samþ., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Sveinn Björnsson
Björn Hallsson
Einar Arnórsson
Stefán Stefánsson
Eggert Pálsson.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 27, n. 63).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Af því að eg þóttist taka það fram sem máli skiftir, að því er þetta mál snertir, við 1. umr., þá sé eg ekki neina ástæðu til að fara neinum orðum um það nú. Eg vil að eins geta þess, að nefndin leggur til, að frv. varði samþykt óbreytt.

ATKV.GR:

1. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Á 15. fundi Nd., laugard. 18. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 27).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 2. ágúst, var frv. tekið til einnar umr., eftir að það hafði verið samþ. með breytingum í Ed. (Þskj. 331, n. 350).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Eg þarf ekki að vera margorður. Frv. var flutt hér í deildinni og engar breytingar gerðar né mótmæli hafin. En háttv. Ed. hefir skeytt því ákvæði við, að ef annarhvor málsaðilja vill ekki una mati, þá geti hann óskað yfirmats.

Nefndin telur þessa breytingu til bóta og ræður háttv. deild til að samþ. frv.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

8. Lögreglusamþykt Hvanneyrarhrepps.

Á 4. fundi Nd., mánud. 6. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um lögreglusamsamþykt og byggingarsamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp. (Þskj. 28).

Á 6. fundi Nd., miðvikud. 8. júlí, var frv. tekið til. 1. umr.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eg þarf ekki að vera langorður um þetta frv. Það er líkt á komið með það og frv. næst á undan, fyrst og fremst að því leyti, að það er flutt eftir ósk Hvanneyrarhreppsbúa, og í annan stað þá leiðir það eðlilega af aukinni íbúatölu, og þar af leiðandi árl. húsabyggingum að þessarar heimildar er leitað. Fyrir síðasta þingi lá samsk. heimildarfrumv. og var þá samþ. Eftir að eg skrifaði frv. tók eg eftir því, að samkv. lögum frá 1905 lít eg svo á, sem kauptún, þótt þau sé ekki sérstakur hluti úr hreppi, hafi heimild til að gera byggingarsamþykt, og er það þess vegna dálítið kynlegt, að á síðasta þingi skyldi vera samþ. á ný heimild að þessu leyti, en einmitt þetta atriði þarf að athuga nánara, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á, að frv. sé vísað til sömu nefndar og sett var til að athuga frv. um eignarnámsheimild Hvanneyrarhrepps.

ATKV GR.:

Frv. vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan í einu hlj.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 28. n. 62).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Það er um þetta frv. að segja, að nefndin ræður til að það verði samþykt, en þó með þeirri breytingu, að úr verði feld þau ákvæði, sem snerta heimildina um byggingarsamþykt. Þau vóru talin óþörf vegna þess, að lögin frá 20. okt. 1905 heimila hreppsnefndum að gera byggingarsamþyktir fyrir kaupstaði, þó að þeir sé að eins partur úr hrepp. Þetta er líka í fullu samræmi við það, sem eg tók fram við 1. umræðu málsins. Aðrar breytingar fer nefndin ekki fram á að gerðar sé nema ef það skyldi telja breytingu, að hún leggur til, að leiðrétt verði það, sem mér hafði orðið á af vangá, þegar eg samdi frumvarpið, að eg setti, að sektir gegn brotum á samþyktinni skyldi renna í sýslusjóð í staðinn fyrir sveitarsjóð.

Þetta var sem sagt fyrir hreinustu vangá og tel eg sjálfsagt að leiðrétta það.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 62 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. brt. á þskj. 62 samþ. án atkv.gr.
1. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. brt. á þskj. 62 samþ. án atkv.gr.
2. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. brt. á þskj. 62 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. brt. á þskj. 62 samþ. án atkv.gr.
4. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Breyt.till. við fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 15. fundi Nd., laugardaginn 18. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 102).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

9. Vörutollur I.

Á 5. fundi Nd., þriðjudaginn 7. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll. (Þskj. 30).

Á 7. fundi Nd., fimtudaginn 9. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Pétur Jónsson): Eg hefi flutt þetta frumv. aðallega fyrir beiðni eins síldveiðaútgerðarmanns við Eyjafjörð, og eg býst við, að ekkert hefði verið átt við að breyta þessum lögum, ef hvötin hefði ekki komið einmitt frá síldveiðamönnum.

Tilgangur frumvarpsins er sá, að koma í veg fyrir, að vörutoll þurfi að greiða af endursendum íslenzkum vörum, sem ekki hefir verið unt að koma í sæmilegt verð á erlendum markaði. Þær vörutegundir, sem við flutningsm. höfum sérstaklega haft í huga, er saltkjöt, saltfiskur og síld.

Það hefir átt sér stað, að saltkjöt, sem annaðhvort vegna skemda eða af öðrum ástæðum hefir verið óseljanlegt í útlöndum, hefir verið endursent til landsins. Skemdirnar hafa venjulega verið smávægilegar, oftast fólgnar í því, að kjötið hefir orðið »súrt«, sem kallað er, en þó fullgóð fæða, og hefir það vanalega reynst svo, þegar kjöt hefir verið endursent af þessum ástæðum, að það hefir verið notað og selst með þolanlegu verði. Sama má að miklu leyti segja um saltfiskinn. Smágallar, sprottnir af verkuninni, hafa stundum orðið til þess að spilla fyrir sölu á honum erlendis, þó hann hafi engan veginn verið óætur og komið að góðum notum hér heima, þegar hann hefir verið endursendur.

Aðalvaran er *síldin*. Hún fellur stundum svo í verði á erlendum markaði, að það er hrein frágangssök að selja hana þar í samanburði við að nota hana í landinu sjálfu.

Eins og kunnugt er, eru nú að rísa upp síldarbræðsluverksmiðjur við Eyjafjörð, og hefir mönnum hugkvæmst, að það myndi borga sig að flytja síldina heim aftur til bræðslu, í staðinn fyrir að fleygja henni sama sem í sjóinn í útlöndum eða selja hana þar fyrir allra lægsta verð. En vörutollslögin eru þessu til hindrunar. Af hverri endursendri síldartunnu verður samkvæmt þeim að greiða 3 krónur í vörutoll og af hverri kjöttunnu um kr. 3,50. Það var ekki

tilætlunin þegar þau lög vóru samin, að þau yrði því til hindrunar, að hægt sé að hagnýta í landinu sjálfu þær vörur, sem ekki komast í viðunanlegt verð á erlendum markaði. Frv. það, sem hér liggur fyrir, á að bæta úr þessum misfellum. Af því getur ekki leitt neitt tekjutap, því að vörutollurinn er sama sem fullkomin þvergirðing fyrir því, að íslenzkar vörur verði endursendar, enda ekki heldur tilgangurinn, að hafa tekjur af endursendum íslenzkum vörum. Það gæti reyndar komið fyrir, að t. d. smjör og tólg yrði endursent vegna verðfalls í útlöndum, en þó trauðla og alls ekki í stórum stíl. Það er því fullkomin sanngirniskrafa, sem farið er fram á í frv. þessu.

Við vildum hindra það, að hægt væri að smeygja öðrum vörum inn í endursendinguna. Þess vegna er þess krafist, að vörurnar sé því aðeins undanþegnar gjaldi, að þær sé endursendar í sömu umbúðunum. Það ætti að vera næg trygging fyrir því, að ekki yrði smýglað inn undir þessu yfirskini. Ennfremur er þess krafist, að sama vottorðið fylgi vörunni heim og til útlanda. Eg álít óþarft að tala meir um málið. Það er svo sérstaklega ástatt, að eg álít nefnd óþarfa. Málið er svo ljóst.

Einar Arnórsson: Mér þykir hið fornkveðna sannast á háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að það er hægra að kenna heilræðin en halda þau. Í gær taldi hann það ótækt að vera að breyta nýjum lögum, en nú er hann frumkvöðull að því að breyta þessum lögum (vörutollslögunum), sem ekki eru eldri en tveggja ára og þar að auki stendur svo sérstaklega á um þau, að þau eiga ekki að gilda nema til næstu ársloka. Þetta er ekki svo að skilja, að eg sé að mæla á móti frumv. því, sem hér liggur fyrir. Þetta er aðeins sagt til að benda á samkvæmnina hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.).

Háttv. þm. taldi óþarft, að setja nefnd í málið. En þar sem eg hygg, að margir aðrir þm. muni vilja koma með aðrar tillögur um breytingar á þessum lögum, vil eg leyfa mér að stinga upp á því, að kosin verði 7 manna nefnd í málið.

Magnús Kristjánsson: Eg býst ekki við því, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi með þessum orðum sínum ætlað að leggja hindrun fyrir að þetta frumv. fái fram að ganga, heldur hafi hann að eins viljað ná sér niðri á háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vegna almennra athugasemda, er hann gerði í gær við frumv. um bjargráðasjóð. Báðir hafa þeir talsvert til síns máls. Það getur verið afarilt að vera alt af að breyta nýjum lögum, en það getur líka staðið svo á, að það sé alveg bráðnauðsynlegt. Og hér stendur einmitt svo sérstaklega á. Það getur orðið landinu til tjóns, ef þetta frumv. verður ekki samþykt. Það stendur svo á, að á síðari árum hafa landsmenn aukið mjög síldarútveg sinn, vegna þess, að útlit hefir verið fyrir gott verðlag á þeirri vöru. En á síðasta ári hafa þessar vörur brugðist nokkuð — varan hefir ekki verið jafngóð og áður og framleiðslan í útlöndum jafnframt verið meiri. Varan hefir því fallið í verði. Ennfremur tóku margir þá stefnu að draga að selja sem lengst, því að áður hafði það gefist vel. En nú varð það úr, að verðið féll.

Eg held eg megi segja, að nú sé í útlöndum óseldar um 5—10 þús. tn. af síld. Nái nú þessi breyting, sem hér er farið fram á, samþykki þingsins, þá verður varan að líkindum endursend og menn gæti keypt hana hér fyrir um 7 kr. tunnuna. Og það er alveg rétt

hjá háttv. þingm. S.-Þing., að landssjóði getur aldrei tapast fé á þessu, því að verði breytingin ekki samþykt, þá verður varan ekki endursend. Verði hún aftur á móti samþykt, þá hlýtur hún að verða landssjóði til tekju*auka*, því að hann fær þá aftur á móti útflutningsgjald af vörunni, þegar hún hefir gengið gegnum bræðsluverksmiðjuna.

Eg held að það sé ekki of hátt áætlað, að hér sé um 50 þús. kr. verðmæti að ræða, sem að líkindum mætti bjarga, ef þetta frumv. nær fram að ganga.

Mér virðist málið svo ljóst, að eg álít nefndarskipun óþarfa. Eg skal geta þess í þessu sambandi, að mér virðist alt of mikið hafa verið gert að því á þessu þingi, að setja mál, hversu smávægileg sem eru, í nefndir. Og eg held að hætt sé við, ef þeirri stefnu verður haldið áfram, að þingið ljúki ekki störfum sínum á þeim tíma sem til er ætlast.

Benedikt Sveinsson: Jafnvel þótt háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hafi skýrt málið allrækilega frá sínu sjónarmiði, þá álít eg nefndarkosningu nauðsynlega, vegna þess, að sennilegt er að fleiri hafi hugsað sér að koma fram með breyt.till., þótt lögunum sé ekki skapaður lengri aldur en til annara næstu áramóta. Það eru enn fremur öll líkindi til þess, að vörutollslögin verði framlengd, með einhverjum breytingum á næsta þingi, og er þá ekki ótímabært, að ýmsar breytingatillögur við þau verði íhugaðar nú af nefnd.

Mér virðist því rangt að amast við nefndarkosningu í málið. Reynist svo, að hún hafi ekki mikið að gera, þá lýkur hún störfum sínum fljótt og þá ætti það ekki að valda mikilli tímatöf, þótt hún sé kosin.

Björn Kristjánsson: Mér fanst háttv. þm. S.-Þing. tala svo ljóst, að eg hélt að ekki gæti spunnist langar umræður út af þessu frumvarpi. Það er svo sjálfsagt mál. Og hefði eg hugsað, að það hefði nokkra þýðingu, að hafa slíkt ákvæði í lögunum, mundi eg hafa sett þau í frumvarpið, er eg bar það fram í þinginu upphaflega.

Nefndarskipun álít eg allsóþarfa, eins og hér stendur á. Vilji menn breyta fleiru, þá má koma fram með breyt.till. við frumvarpið — en verði þær ekki betri en brtill. á seinasta þingi, þá álít eg það illa farið. Seinasta þing skildi sýnilega alls ekki þann grundvöll, sem lögin hvíla á. Eg mun síðar skýra það nánara — annarstaðar.

Annars skal eg geta þess, að þetta mál er þannig vaxið, að það er ekki meðfæri einstakra þingmanna að vera að koma fram með uppástungur um breytingar við svona lagað lagakerfi, heldur er það stjórnarinnar verk með aðstoð sérfróðra manna.

Eg vænti þess, að nefndarskipunin verði feld, þar sem hún er allsóþörf.

Bjarni Jónsson: Eg er því meðmæltur, að nefnd verði kosin í þetta mál. Þó að þessi breyting, sem hér er stungið upp á, sé sjálfsögð, þá getur svo verið um fleiri og rétt er að athuga það. Svo væri það kannske ekki úr vegi, að nefnd reyndi að finna þennan grundvöll, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) var að tala um og enginn hefir getað fundið enn þá — nema ef hann væri sá, að draga peninga úr vösum landsmanna með ranglátum og vitlausum lögum. Raunar var þeim grundvelli raskað í fyrra, því að þá vóru gerðar nokkrar breytingar, sem draga úr aflanum. Þetta er rétt að athuga. Líka ber þess að gæta, að menn vilja kannske koma fram með nýtt frumvarp og þá mundi nefndarskipun spara tíma.

»Það skal vel vanda, sem lengi á að standa«. Þessi lög hafa nú staðið frá því þau vóru samþykt fyrst á þinginu í hitt eð fyrra og áttu að standa til þriggja ára. Nú — þeim var ekki breytt fyrr en á næsta þingi eftir að þau vóru samþykt. Síðan hafa þau staðið óbreytt þangað til þetta þing, sem er næsta þing á eftir, ætlar nú að breyta þeim til ársloka.

Það ætti að sýna hversu vel er frá lögunum gengið og hve góð þau eru.

Flutningsm. (Pétur Jónsson): Það er gott að heyra, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) ætlar að taka að sér það hlutverk, að líta eftir því, ef menn komast í mótsagnir við sjálfa sig. En þessi mótsögn, sem hann var að tala um hjá mér, held eg að sé meira tilsýndar en í raun og veru. Þessi lög eru alls annars eðlis en lögin, sem við vórum að tala um í gær. Vörutollslögin eru ekki almenn lagasetning, eins og lögin um bjargráðasjóð, og hlíta því ekki sömu reglum að því er breytingar á þeim snertir. Vörutollslögin eru ætluð til bráðabyrgða og skamms tíma. Komi því fram einhver sá galli á lögunum, sem veldur skaða, þá þarf að bæta úr honum strax. Og þessi galli, sem hér á að bæta úr, er til kominn fyrir atvik, sem höfundur upphaflega frumvarpsins, háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sagði, að hann mundi hafa tekið til greina, ef sér hefði dottið hann í hug fyrirfram.

Ef á að fara að kjósa nefnd í þetta mál, þá er með því öðrum þingm. gefið undir fótinn með að fara að bjástra við sjálfan grundvöll laganna, — en það gæti verið óheppilegt, og *þá* er komin fram mótsögn við það, sem eg hélt fram í gær.

Hér er að eins um fjárhagslegt atriði að ræða, sem getur bakað landssjóði og landsmönnum peningatjón, og því verður að bæta úr. Og við hefðum alls ekki komið fram með frumv., ef að eins hefði verið að ræða um kjöt og fisk, af því það er smávægilegra heldur en um síldina.

Guðmundur Eggerz: Eg álít sjálfsagt, að þetta frumv. verði samþykt. En eg er því meðmæltur, að nefnd verði skipuð í það, vegna þess að eg þarf að koma fram með dálitla breyt.till. við frumvarpið. Eins og háttv. deild er kunnugt, þá kom eg fram í fyrra með tillögu um það, að menn væri undanþegnir vörutollsgjaldi af bátum, er fluttir væri hingað frá útlöndum, meðfram vegna þess að eins og nú stendur á eru menn neyddir til þess að kaupa bátana frá útlöndum.

Þar sem haldið er fram, að gjaldið af bátunum leiði til þess, að bátasmíðin verði innlend, þá er þar til að segja, að til þessa eru engar líkur þegar þess er gætt, að »fragt« fyrir vélarbát frá útlöndum nemur kr. 700.00, og hefir þetta þó til þessa ekki orðið til þess að bátarnir hafi verið smíðaðir hér á landi.

Annað mál er það, að það þyrfti að taka til athugunar, hvort ekki mætti gera eitthvað í þá átt, að innleiða innlenda bátasmíð. — En vörutollurinn er ekki vegurinn, það er fjarstæða. Það er ósanngirni, að láta sjómenn bæði greiða háan toll af bátum og vélum.

Í sambandi við þetta vildi eg skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi heppilegra að færa breytingarnar inn í texta upprunalegu laganna, en að hafa þær sem sérstök lög. Eg hefi orðið var við það, að þetta fyrirkomulag hefir komið mörgum kaupmönnum og öðrum, er toll eiga að greiða, illa. Svo var það t. d. í fyrra, þegar breytingin

á vörutollslögunum var samþykt. Þessu vildi eg skjóta til væntanlegrar nefndar.

ATKV.GR.:
Tillaga um nefndarskipun feld.
Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 30, 74).

Guðmundur Eggerz: Eg á hér viðaukatillögu á þskj. 74. Eg hefi lítið um hana að segja umfram það, sem eg tók fram við 1. umr. þessa máls. Eftir hinum upphaflegu vörutollslögum vóru bátar tollfrjálsir, en á síðasta þingi var lagður á þá tollur. Það, sem vakti fyrir þeim þingmönnum, sem toll vildu leggja á bátana í fyrra, var það, að með tollinum mundi bátasmíðin verða innlend. En eg skal nú sýna fram á það, að tollurinn getur ekki stutt að því, að gera bátasmíð innlenda, þótt hann sé tilfinnanlegur. Eg er því hlyntur, að bátasmíð verði innlend. En það, að 700 kr. »fragt«, sem er á mótorbátum, auk þessa tolls, eykur ekki bátasmíð hér á landi, sýnir það, að ekki getur verið um innlenda bátasmíð að ræða, nema þá með því að hækka tollinn enn meira. Þetta atriði út af fyrir sig er mjög athugunarvert, að ekki skuli svona há »fragt« ásamt tollinum, 20—50 kr. af mótorbátum, auk sjálfra mótoranna, og 4—5 krónur af hverri »skegtu«, geta aukið bátasmíð í landinu.

Magnús Kristjánsson: Eg álít viðaukatillögu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) óþarfa. Eg veit ekki betur en að skip sé undanskilin vörutolli. En að undanskilja báta get eg ekki fallist á. Þetta atriði var til athugunar hér í deildinni á síðasta þingi og vóru þá leidd rök að því, að það væri amlóðaskapur að flytja báta frá útlöndum, þar sem kostur væri að smíða þá hér. Reynslan hefir sýnt það, að útlendir bátar hafa ekki átt sem bezt við hér, en innlendir bátar reynst betur.

Jafnframt því að mótmæla þessari tillögu, vil eg taka það fram, að það var ekki tilgangurinn með þessu frumv. að gefa tilefni til þess, að farið væri að breyta vörutollslögunum í öðrum atriðum, með því við lítum svo á, að eins og gengið var frá þeim á síðasta þingi, sé þau nú komin í það horf, sem sem vel megi una við í bráð.

Eg skal ekki fjölyrða um málið, ástæðurnar eru alveg óbreyttar frá því í fyrra.

Bjarni Jónsson: Eg get tekið undir orð háttv. þm. Ak. (M. Kr.). Við áttum báðir sæti í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði á síðasta þingi, og hefir hann hermt rétt ástæður hennar. Hún flutti þau rök fram fyrir sínu máli, sem óþarft er að endurtaka. Annars er það líka hálfleiðinlegt að hafa umræður um slíkt atriði sem þetta í tvö þing í röð. Þær ástæður, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir fært fram fyrir viðaukatillögu sinni, eru mjög veikar. Hvernig getur hann sagt, að bátasmíðin geti ekki orðið innlend, þar sem tollurinn hefir að eins staðið frá því um síðustu áramót? Það getur vel verið, að Austfirðingar hafi ekki kynt sér lögin eða gert samning um bátakaup áður en lögin urðu til. Nú er það víst, að ágætir bátasmiðir eru hér í Reykjavík, Bjarni Þorkelsson og fleiri. Hér mundu Austfirðingar geta fengið bæði betri og heppilegri báta en frá útlöndum. Við það mundi þeim sparast þessi 700 kr. flutningsgjöld, því að þeir gæti sjálfir siglt bátunum austur með litlum kostnaði. Hér er alls ekki um neinn vernd-

artoll að ræða. Bátasmiðir verða að greiða vörutoll af efniviðnum í bátana, og því eru það verðlaun til þeirra, sem flytja báta frá útlöndum, að sleppa þeim við vörutollinn. Sams konar gilti um pappír, áður en það ákvæði var lagað á síðasta þingi. Samkvæmt vörutollslögunum, eins og þau vóru fyrst, var ekki vörutollur af prentuðu máli, þótt hann væri á óprentuðum pappír. Með þessu lagi varð það ódýrara að láta prenta bækur utanlands og flytja hingað til sölu, heldur en að prenta bækur hér. Alveg sama gildir um bátana. Austfirðingar ætti að geta sjálfir smíðað sína báta eða sótt hingað til Reykjavíkur. Það er víst, að Íslendingar hafa jafnan verið ágætir bátasmiðir. Það er eðlilegt, að vér þekkjum betur til en útlendir smiðir, hvað bezt á við í sjó hér. Íslenzkir bátar hafa því reynst traustari en útlendir. Og þar sem útlent bátalag hefir verið tekið upp, t. d. á Breiðafirði, þá hefir því verið breytt, eftir því sem hér hefir þótt við eiga.

Matthías Ólafsson: Það mun meðfram hafa vakað fyrir síðasta þingi, er það lagði tollinn á bátana, að styðja að innlendri bátasmíð. Reynslan er sú, að alstaðar þar sem mótorbátar komu fyrst, vóru þeir allir útlenzkir, hafa þeir reynst of litlir, of veikir og með lélegum saumi. En þeir, sem hér hafa verið smíðaðir hafa reynst vel, en útlendir bátar ónýtir eftir 5—6 ár. Eg legg aðaláherzluna á það, að mótorbátarnir stækki, en stóra báta er ekki hægt að fá frá útlöndum, því að skipin geta ekki flutt þá. Þá verður að smíða hér, og að því er vert að styðja, enda er miklu betur vandað til báta hér en ytra, bæði að efni og smíði. Þetta get eg borið um af eigin þekkingu. Eg hefi athugað, hve miklu tollurinn muni nema á mótorbátum hingað fluttum, og getur það gjald ekki talist mjög hátt eða tilfinnanlegt. Stærstu bátar, sem skip flytja, munu ekki fara yfir 32 fet að lengd, 8 fet að hæð og 7 fet að breidd. Nú er gjaldið reiknað út eins og báturinn væri kassi, en ekki eftir réttu teningsmáli. Slíkur bátur, sem eg nú nefndi, væri þá 32×8×7 teningsfet, eða 1792 teningsfet, og gjaldið þá 53 kr. 76 aurar, og er það gjald sannarlega ekki frágangssök fyrir þá, sem vilja fá á annað borð útlenda báta.

Sömuleiðis er það athuganda, að eigendur sjálfir geta haft eftirlit með bátum, sem smíðaðir eru hér á landi.

En það er annað atriði, sem eg vil vekja athygli á í sambandi við þetta mál, og það er, að vélarnar í bátana væri fluttar inn í landið toll-laust. Því ákvæði mundi eg verða fylgjandi, því eg álít að það myndu verða geysimikinn létti fyrir sjómannastéttina, enda verða þær vélar ekki smíðaðar hér á landi.

Það er vegna öryggis sjómanna og af umhyggju fyrir sjómannastéttinni, að eg held þessu fram, sem eg hefi nú sagt. Útlendir bátar hafa hér hvervetna reynzt illa vegna smæðar. En ef bátarnir eru svo stórir, að haffærir sé á milli landa og þeim sé hingað siglt, þá eru þeir undanþegnir tolli; því er upphaf viðaukatillögunnar á þskj. 74 óþarft.

Guðm. Eggerz: Mér þykir það undarlegt, að háttv. þingmönnum skuli ekki geta skilist það, að innlenda bátasmíð er ekki hægt að efla með ákvæði núgildandi toll-laga. Úr því að þessi háa »fragt«, 700 kr., gerir það ekki, þá gerir tollurinn það ekki. Til þess þyrfti þá að hækka tollinn til muna. Ef þetta gæti orðið til þess að styðja innlenda bátasmíð, þá léti eg það vera, en reynslan hefir sýnt, að svo er ekki, og því er ákvæðið ósanngjarnt.

Eg vil ennfremur biðja menn að at-

huga það, að fleiri báta fáum vér frá útlöndum en mótorbáta. Mér er sagt af mönnum, sem vit hafa á, að mótorbátasmíð sé ekki vandasöm, en færeyskir bátar verði ekki smíðaðir hér; þá þurfum vér að fá frá útlöndum.

Eins og eg tók fram áðan, er full þörf á því að athuga, hvernig stutt verði að innlendri bátasmíð. En því er eg mótfallinn, að lagður sé tollur á eingöngu til þess að íþyngja sjómannastéttinni. Gjöldin, sem á þeirri stétt hvíla, virðast nógu mikil, og nú er enn á þessu þingi farið fram á að hækka iðgjöldin til líftryggingarsjóðsins, sem allar líkur eru til að verði samþ.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, að þetta atriði hefði verið athugað svo vel á síðasta þingi, að óviðurkvæmilegt væri að breyta lögunum nú. En var þá ekki jafnóviðurkvæmilegt í fyrra að breyta lögum frá þinginu næst á undan, að sjálfsögðu jafnvel athuguðum?

Eg veit, að sjómenn mundu taka því þakklátlega, að þessu gjaldi væri af létt og lögunum breytt í sama horf sem áður var. Eins og eg hefi tekið fram er fragtin mjög há. Þar við bætist þessi tollur, 50—60 kr., auk tolls af vélunum. Þetta er tilfinnanlegt.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. S.-Múl. (G. E) misskildi gersamlega það, sem eg sagði áðan, og á þeim misskilningi reisti hann þær getsakir sínar, að eg væri svo vankunnandi í sjómensku, að eg þekti ekki muninn á skektu og mótorbát. Hann undraðist, hvernig vér færum að ímynda oss að vörutollurinn á bátunum gæti verkað í þá átt að gera bátasmíðina innlenda, þar sem 700 kr. flutningsgjald hefði ekki getað orðið til þess hingað til. Út af þessum orðum hans spurði eg, hvort það kostaði svo mikið að flytja færeyska báta og norskar skektur til landsins. Eg spurði svo af því, að orð hans gáfu beinlínis tilefni til þess, en ekki af því eg vissi ekki betur. Eg veit, að flutnigsgjaldið af smábátum er margfalt minna en 700 kr., og þess vegna er það, að eg held, að á smábátunum muni talsvert um vörutollinn í hlutfalli við flutningsgjaldið. Annars get eg sagt háttv. þm. (G. E.) það, ef hann man það ekki sjálfur, að þegar hann var svo lítill hnokki, að hann kunni ekki að gera greinarmun á sjó og landi, hvað þá á skektu og mótorbát, þá kunni eg bæði að fara með báta og segl og margt annað það, er að sjómensku lýtur. Og enn hefi eg ekki gleymt þeim fræðum svo, að eg þurfi að ganga í skóla til háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) til þess að nema þau á ný. Eg er engu síður gamall og góður Breiðfirðingur en háttv. þm. (G. E.).

En þetta eru nú orðahnippingar, sem ekki koma málefninu við.

Það er orðið ljóst af ræðu háttv. þm. V.-Ís. (M. Ól.) að bátarnir, sem hér á landi eru smíðaðir, eru bæði traustari og stærri, og þar af leiðandi ekki eins hættulegir lífi manna og erlendu bátarnir. Og það er enn ósannað, að vörutollurinn geti ekki stutt að því að gera bátasmíðina innlenda. Reynslan hefir ekki ennþá leitt neitt í ljós um það, sem ekki er heldur hægt að búast við, því að það er ekki liðið ár síðan að þessi tollur komst í lög. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sér þetta sjálfur, því að hann reynir ekki að hrekja það, og sér hann fótum sínum forráð þar, þó að hann hafi gengið helzt til langt með þessari tillögu sinni. Hann vitnar til vor og biður að hlífa sjómönnunum við þessu gjaldi. Þá vil eg heldur ljá því eyra, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) gat um með réttu, að ef það tækist að gera bátasmíðina innlenda, þá væri ekki eingöngu sparað fé með því heldur mörg mannslíf, því að bátarnir sem

hér eru gerðir eru bæði traustari, stærri og endingarbetri heldur en erlendu lekahripin, sem liðast sundur eftir 3—5 ár.

Matthías Ólafsson: Ef hér hefði legið fyrir skýrsla um það, að Austfirðingar hefði farið þess á leit við innlend bátaverkstæði, að þau smíðuðu fyrir þá báta og þau ekki getað annað því, þá hefði eg óhikað greitt atkvæði með frestun á framkvæmd þessara laga þangað til verkstæðin væri orðin þess megnug að sinna öllum pöntunum er til þeirra bærist. En nú er svo langt frá að þessu sé þannig farið, að eg get fullyrt að bátaverkstæðin hér vantar tilfinnanlega vinnu. Þetta, að menn vinna til að sækja báta sína til útlanda og gjalda hátt gjald fyrir að flytja þá, sýnir greinilega, að erlendu bátarnir eru lélegri en íslenzku bátarnir, að minsta kosti því lélegri er flutningsgjaldinu nemur. Verðmunurinn hlýtur að liggja í efninu og frágánginum á bátunum, því að vinnan er sízt ódýrari í útlöndum en hér.

Það sem sérstaklega vakir fyrir mér er það, að stærð bátanna, sem frá útlöndum koma, er hvergi nærri nægileg. Það er engin mynd á því, að bátarnir skuli ekki vera svo stórir og vel útbúnir, að allir hásetarnir geti legið í þeim og farið á þeim kringum landið til þess að stunda þar sjó, sem mest fiskivonin er í það og það skiftið. Ef sjómenska vor kemst ekki í það horf, þá kemst hún aldrei í gott horf. Menn eiga t. d. að geta farið á bátum sínum frá Siglufirði til Vestmannaeyja eða öfugt eftir því hvernig fiskast. En til þess að það sé hægt, þarf öll skipshöfnin að geta legið í bátunum á hvaða tíma árs sem er. En það er ómögulegt í þeim bátum sem hingað flytjast með gufuskipum frá útlöndum.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) gat um, að það hefði komið fyrir að gufuskipin hafi orðið að liggja tímum saman úti á hafi, eingöngu vegna þess, að þau hafi haft mótorbáta meðferðis. Þetta veit eg, að rétt er. En þetta sýnir greinilega, að það er óhæfilegt fyrir útgerðarmenn að eiga undir flutningi báta frá útlöndum. Og það er ekki eingöngu það, að stopult sé að reiða sig á hvenær bátarnir koma, heldur kemur það og fyrir, að þeir koma svo brotnir, að þeir eru ósjófærir nema með mikilli viðgerð og ærnum tilkostnaði. Veit eg dæmi til, að það hefir orðið að stórum baga. Einhver stærsti báturinn, sem fluttur hefir verið til landsins, rakst á staur í bólverki, þegar verið var að koma honum á land á Ísafirði og á staurnum hékk hann mánaðartíma. Fleiri dæmi mætti nefna þessu lík.

Sami háttv. þm. (G. E.) sagði, að eg hefði reiknað hærri vörutoll af bátunum en hann hefði gert. Eg reiknaði toll af bát með ákveðinni stærð, en eins og gefur að skilja, breytist tollurinn eftir stærð bátanna. Ef báturinn er 1 feti styttri, mjórri eða grynnri, þá verður vörutollurinn að sama skapi minni. Sá bátur, sem eg miðaði við, var á stærð við stærstu báta, sem flytjast með skipum til landsins.

Enn get eg minst á eitt atriði, til þess að sýna fram á frekari hagnað en eg hefi nefnt, af því að hafa bátana stærri en nú tíðkast. Víða þurfa menn að sækja margar mílur frá höfnum út á fiskimiðin. Ekki á þetta sér sízt stað á Austfjörðum og get eg nefnt Reyðarfjörð til dæmis. Það væri enginn smáræðis ávinningur, ef menn á þessum stöðum hefði svo stóra og vel útbúna báta, að þeir þyrfti ekki að koma inn á hafnir á hverjum degi, heldur gæti legið úti þangað til þeir hefði fylt bátana. Og þetta ætti einmitt frekar við á Austfjörðum en víðast annarsstaðar, því að þar er svo lítið um trosfisk, sem ekki

þolir geymslu, heldur eingöngu þorskur sem salta má jafnóðum. Þyrfti menn þá ekki að fara á milli hafnanna og fiskimiðanna, nema svo sem tvisvar á viku að jafnaði.

Eg vil taka það fram aftur, sem eg nefndi áðan, að ef um það væri að ræða að afnema toll af vélum eða lækka hann stórum, þá mundi eg greiða atkvæði með því. Það er á allra vitorði að vélar í báta er ekki unt að fá smíðaðar hér, og þess vegna er tollurinn á þeim til stórhnekkis íslenzkum sjávarútvegi.

ATKV.GR:

Frv.gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 74 feld með 22: 2 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já.	*Nei.*
Guðmundur Eggerz	Eggert Pálsson
Þórarinn Benediktss.	Guðm. Hannesson
	Benedikt Sveinsson
	Bjarni Jónsson
	Einar Arnórsson
	Einar Jónsson
	Hannes Hafstein
	Hjörtur Snorrason
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Skúli Thoroddsen
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson.

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Jón Jónsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. Sigurður Sigurðsson var fjarverandi.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 13. fundi Nd., fimtudaginn 16. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (þskj. 30).

Sveinn Björnsson: Með því að hér liggur fyrir til umræðu í dag annað frumvarp um breytingar á þessum sömu lögum, og sem eg býst við að sett verði í nefnd, þá dettur mér í hug, hvort ekki mundi viðeigandi að þessari 3. umræðu væri frestað, svo að væntanleg nefnd gæti tekið þessi bæði frumv. til íhugunar hvort í sambandi við annað.

Björn Kristjánsson: Eg hafði hugsað mér og vil leggja til, að þetta frumvarp verði látið ganga viðstöðulaust til Ed. Ef frv. mitt verður sett í nefnd og nær síðan samþykki hv. Nd., þá má altaf sameina þessi bæði frumv. í Ed. Með þessu móti fæst líka trygging fyrir því, að þetta frumvarp geti fengið fram að ganga, þó að mitt frv. falli.

Flutningsm. (Pétur Jónsson): Eg felli mig bezt við þessa tillögu hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og vil þess vegna styðja hana.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 20. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

10. Skipan prestakalla.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipan prestakalla (þskj. 34).

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Eg flyt þetta litla og meinlausa frumv. eftir ósk fríkirkjusafnaðar Fróðárhrepps í Nesþinga-prestakalli.

Þó að þetta frumv. heiti og verði að heita breyting á prestakallalögunum frá 1907, þá er það þó ekki tilgangur þess að bæta við neinu nýju prestakalli, heldur aðeins að skifta einni sókn í tvær, sem sé Ólafsvíkursókn.

Til þess að upplýsa málið betur, skal eg geta þess, að forðum þegar prestakallalögin voru samþykt, þá var Fróðárkirkja lögð niður og flutt til Ólafsvíkur og sóknin kölluð Ólafsvíkursókn. En Ólafsvík er svo í sveit komið, að hún liggur á enda prestakallsins. Sveitarmönnum þótti það því hart, að missa kirkju sína, og hafa þeir ætíð síðan verið óánægðir með þetta fyrirkomulag. Þó hefir þetta mál legið niðri, þangað til Fróðársveitarmenn fóru fram á það á safnaðarfundi fyrir nokkru, að fá að mynda nýjan söfnuð og kalla hann Brimilsvallasöfnuð. En fyrir þeirri tillögu fekst þar ekki meiri hluti atkv., þótt héraðsfundur væri henni samþykkur og biskup féllist á hana. Síðan var málið látið ganga til stjórnarráðsins, en stjórnarráðið sá sér ekki fært að gera neina breytingu í þessu efni, meðan meiri hluti safnaðarins sjálfs væri henni ekki meðmæltur. — Þá sáu Fróðárhreppsmenn sér ekki aðra leið færa, en að stofna fríkirkju, og það gerðu þeir á síðastliðnu vori.

En þótt þeir gerði þetta, þá vilja þeir þó miklu heldur halda áfram að vera innan þjóðkirkjunnar, ef þeir gæti verið það sem sérstakur söfnuður. Og eg sé fyrir mitt leyti ekkert athugavert við þessa skiftingu, sem þeir fara fram á. Að vísu eru allmargir Ólafsvíkurbúar henni mótfallnir, af því að þeir sjá fram á, að hún hafi í för með sér tekjumissi fyrir kirkju þeirra. En sá missir verður hinn sami, hvort sem er, ef fríkirkjusöfnuðurinn heldur áfram, sem er alveg víst, ef þetta frumv. nær ekki fram að ganga. Og hins vegar er þess að gæta, að það væri gróði fyrir þann hluta landssjóðs, sem kallaður er prestlaunasjóður, ef þetta frv. yrði samþykt, því að ef söfnuðurinn heldur áfram að vera fríkirkjusöfnuður, þá missir Nesþinga-prestakall nokkurs í af tekjum þess vegna, en verði þetta frumv. að lögum, þá kemur ekki til þess. Auk þess get eg fullyrt, að presturinn í Ólafsvík mun eigi heimta neina uppbót fyrir prestsverk sín, þótt þessi breyting verði gerð, eftir þeim yfirlýsingum, sem hann hefir gefið bæði biskupi og mér.

Hér er, eins og eg þegar hefi sagt, ekki um annað að ræða, en að bæta inn nafni á einni nýrri sókn, og hygg eg þá, að eg hafi í stuttu máli gert þá grein fyrir frv., sem þarf, og get ekki séð að þörf sé á því, að skipa nefnd í málið, en óska aðeins að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 15. fundi Nd., laugard. 18. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (þgskj. 34).

Sigurður Gunnarsson: Eg hygg, að eg hafi gert nægа grein fyrir þessu máli við 1. umr. og álít því óþarft að fjölyrða um það nú. Eg vænti þess, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKV.GR.:

1. og 2. gr. frumv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 16 samhljóða atkv.

Á 16. fundi Nd., mánudaginn 20. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (þskj. 34).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

11. Dómtúlkar og skjalþýðendur.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur (þskj. 40).

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg bar þetta frumvarp fram á þingi í fyrra, og gekk það þá í gegn um neðri deild, og mátti kalla, að það fengi þar góða meðferð. — Eg vona að það sé öllum ljóst, án þess að eg þurfi að halda langa ræðu, að það er nauðsynlegt í þessu landi eins og öðrum, að til sé einhverjir menn, sem geti lagt út skjöl og verið túlkar við réttarhöld, með þeirri tiltrú, sem allar þjóðir bera til eiðfestra þýðenda (translatora).

Vil eg því að eins óska, að skipuð verði 5 manna nefnd til þess að athuga málið, og að því verði vísað til 2. umræðu.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins vekja athygli hæstv. forseta á einu atriði, sem raunar kemur ekki þessu máli við, fremur en öðrum. Það hefir verið regla, að bera það fyrst upp til atkvæða, hvort vísa skuli máli til 2. umr., og síðan hitt, hvort skipa skuli nefnd. Eg álít að þetta sé líka viðkunnanlegra, þegar hvorttveggja fer saman.

Forseti (Ó. Br.): Nefnd má yfirleitt setja á hvaða stigi máls sem er, en hins vegar hefi eg ekkert á móti því að breyta þessu, ef þingmenn óska þess.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr.

5 manna nefnd samþykt, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Bjarni Jónsson
Þórarinn Benediktsson
Einar Arnórsson
Pétur Jónsson
Jón Magnússon.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 40, n. 100).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg fekk tækifæri til þess við 1. umr., að geta þess, hver nauðsyn það væri hverri þjóð, að eiga sín á meðal menn þá, er hér ræðir um. Nefndin hefir nú fallist á þá skoðun, og leggur hún til að frumvarpið verði samþykt með þeim breyt.till., er hún hefir komið fram með á þskj. 100. Þær eru ekki stórvægilegar, en þó til bóta, það sem það er. Þar er gerð sú leiðrétting, að mennirnir eiga ekki að vinna eið, heldur heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir beztu vitund og ljósta eigi upp leynd-

armálum. — Þá er þar og ákvæði, er tekur nánara til, hvaðan þeim mönnum skuli koma kaup sitt, er stjórnin setur til þess að dæma um hæfileika þeirra, er bjóðast til þessa starfa. Eg hafði ætlað, að það lægi í hlutarins eðli, en það þótti ónákvæmni að taka það ekki sérstaklega fram. Enn fremur þótti nefndinni rétt að marka þessum mönnum stað í hegningarlögunum, ef þeir gerðist brotlegir, sem sé að þeir skyldi sæta sömu viðurlögum, sem sýslunarmenn alment.

Eg held að eg þurfi svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Eg vona að það nái óhindrað fram að ganga.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. brtill. á þskj. 100, sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

2. brtill. á þskj. 100, sþ. með 15 samhlj. atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

3. brtill. á þskj. 100, samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr., sem verður 5. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 17 samhljóða atkvæðum.

Á 16. fundi Nd., mánud. 20. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 132).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til einnar umr., eftir að það hafði verið samþ. með breytingum í Ed. (þskj. 353).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

12. Kosning borgarstjóra Reykjavíkur.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 86, 22. nóv. 1907 (þskj. 46).

Á 8. fundi Nd., föstud. 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Það má segja sama um þetta mál og þau tvö síðustu. Það var til meðferðar hér á þinginu í fyrra og gekk greiðlega í gegnum þessa deild, en fekk ekki líf í efri deild. Það er nú í nákvæmlega sama formi og í fyrra, að undantekinni einni smábreytingu. Það er nú lagt til að bæjarstjórn kjósi sér forseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Þetta er mjög lítilfjörleg breyting, en myndi vera heppileg. Eg hefi á bæjarstjórnarfundum tekið eftir því, að það er mjög óheppilegt, að borgarstjóri sé jafnframt fundarstjóri. Ef eg mætti taka dæmi til að sýna fram á þetta, lægi næst að jafna því saman við, að ráðherra stjórnaði fundum hér í deildinni. Borgarstjóri þarf að taka til máls í næstum því hverju máli og þarf oft og tíðum að standa fyrir máli sínu. Eg verð því að telja það mjög heppilega ráðstöfun að losa borgarstjóra við fundarstjórastörfin.

Eg vona, að þessi litla breyting verði ekki til að hefta framgang málsins.

Eins og kunnugt er, hafa allir þingmálafundir, sem hér hafa verið haldnir á síðari árum, samþykt að borgarar bæjarins skuli kjósa borgarstjóra. Tillögur um þetta mál hafa venjulega verið samþyktar í einu hljóði, og aldrei hefir verið hreyft andmælum gegn því. Það mun hafa verið tekið tillit til þessa hér í neðri deild í fyrra og málið því fengið svo góðar undirtektir hér þá, enda liggur hér fyrir óvanalega sterkur vilji kjósenda.

Á þingmálafundi, sem haldinn var fyrir þennan bæ, nú rétt fyrir þing, kom fram tillaga um þetta mál, sem fór í sömu átt og þetta frumvarp; hún var samþykt í einu hljóði eða svo að segja.

Það mun hafa verið tilgangurinn með lagabreytingunni 1907, að gefa Reykjavík meiri sjálfstjórn en áður. Sú sjálfstjórn er ekki fullkomin, meðan borgarar bæjarins fá ekki að kjósa sér borgarstjóra.

Eg finn ekki ástæðu til að tala frekara um málið að þessu sinni, en vænti þess, að deildin taki vel á móti frumv. og leyfi því að ganga fram.

Eg álít málið vel undirbúið og sting því ekki upp á nefnd, en mælist til að það fái að ganga fram nefndarlaust.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu var vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Á 11. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 46).

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Eg skal vera ósköp stuttorður, og vísa aðallega til þess, sem eg sagði við 1. umr. málsins. Það sem frumv. þetta fer fram á, er það, að heimila kjósendum bæjarins að kjósa sjálfir borgarstjóra sinn. Eg gizka á, að ekkert það hafi fram komið í málinu síðan við 1. umr., er geri það að verkum, að það fái ekki framgang, og ekki heldur að síðan í fyrra, er þetta mál var samþykt hér, hafi nokkuð það komið fyrir, er hafi getað breytt skoðun háttv. deildar á því. Þess vegna vænti eg þess, að því verði leyft að ganga gegnum deildina viðstöðulaust.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. og 3. gr. frumv. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 13. fundi Nd., fimtud. 16. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 46).

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Það hafa engin andmæli komið fram gegn þessu frumv., og sé eg því ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það en eg hefi gert við fyrri umræðurnar. Eg vil að eins nota tækifærið til að þakka háttv. deild, hvað málið hefir gengið greiðlega áfram, og þar á meðal háttv. þm. Dal. (B. J.). Vona eg, að málinu farnist eins vel í efri deildinni.

Bjarni Jónsson: Það lítur út fyrir, að heimurinn sé farinn að ganga í endurnýjung lífdaganna, úr því að menn eru nú farnir að sjá sérstaka ástæðu til að þakka það, þó að málin gangi greiðlega fram. Þar sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) nefndi nafn mitt sérstaklega í þessu sambandi, þá þorði eg ekki ann-

að en að standa upp til þess að þakka hæversklega, þó að eg verði að játa, að eg eigi einungis minn litla þátt í því að þetta mál er komið svo vel á veg.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 : 1 atkv.

Afgreitt til Ed.

13. Varadómarar í yfirdómi.

Á 7. fundi Nd., fimtud. 9. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um varadómara í hinum konunglega íslenzka landsyfirrétti (þskj. 48).

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Það er eiginlega prentvilla, að eg sé 1. flutningsmaður þessa frumvarps, en það gerir víst ekkert til, þótt eg láti nokkur orð fylgja því inn í deildina.

Tilgangur frumvarpsins er ekki annar en sá, að láta það vera statt og stöðugt, hvernig eigi að skipa yfirdóminn þegar hinir föstu dómarar forfallast, svo að landstjórnin geti ekki ein ráðið því, hvern eða hverja hún setur í þann dóm, þegar forföll dómara ber að hendi. Með þessu þykir sem létt sé af stjórninni nokkrum vanda og um leið sleginn varnagli við því, að harðdræg stjórn geti misbrúkað vald sitt. Ætla má og, að þeir kennarar háskólans, sem lögin kenna, sé bezt hæfir til að taka við dómarastörfum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en leyfi mér að eins að stinga upp á 5 manna nefnd, og vænti, að sá vandi hverfi af mér, að tala aftur í þessu máli. Það er einn lögfræðingur flutningsmaður með mér, og getur hann tekið til máls ef honum sýnist. Hann hefir sagt mér, að hann hafi eina athugasemd að gera, en vitanlega getur hún eins vel komið fram á öðru stigi málsins.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

5 manna nefnd samþykt og í hana kosnir:

Einar Arnórsson
Björn Hallsson
Sigurður Gunnarsson
Jóhann Eyjólfsson
Eggert Pálsson.

Á 15. fundi Nd., laugard. 18. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj. 48, n. 90).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg get verið fáorður um þetta mál. Það hefir farið svo, að nefndin hefir öll verið sammála um það, að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumv. Tilgangur þess er sá, *að efla sjálfstæði yfirdómsins* og *taka þann vanda af umboðsstjórninni að setja dómara*, ef einhver hinna skipuðu dómara forfallast eða verður óhæfur. Tilætlunin er sú, að þá taki sæti einhver af prófessorum lagadeildar háskólans, og ætti þeir menn ekki að vera óhæfari en aðrir til þess að sitja dóminn, og ætti yfirdóminum fremur að vera vegsauki að þessu en hitt. Nefndin hefir gert eina óverulega breyt.till. til skýringar 4. gr.

Eg skal svo ekki þreyta háttv. deild á lengri umræðu, en vænti þess, að málið fái góðan framgang.

ATKV.GR.:

1.—3. gr. frv. samþykt með 15 shlj. atkv.

Brtill. á þskj. 90 samþykt með 18 shlj. atkv.

4.—6. gr. frv. samþykt með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 18. fundi Nd., miðvikud. 22. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 144).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Á 36. fundi Nd., fimtud. 6. ág., var frv. tekið til einnar umr., eftir að hafa verið samþykt með breytingum í Ed. (þskj. 352).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

14. Sjódómar og réttarfar í sjómálum.

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var útbýtt

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 64, frá 22. nóv. 1913, um sjódóma og réttarfar í sjómálum (þskj 60).

Á 10. fundi Nd., mánud. 13. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Tilgangur þessa frumvarps er sá, að bæta úr tveim göllum, sem eru á sjódómalögunum frá síðasta þingi, og menn hafa rekið sig á.

Fyrst er farið fram á það, að felt sé úr 1. gr. laganna ákvæðið um, að þeir, sem sjódóm sitja, skuli hafa sérþekkingu á siglingamálefnum. Sá skilningur hefir verið í þetta ákvæði lagður, að *allir*, sem til sjódóms eru kjörnir, yrði að hafa sérþekking á siglingamálefnum. En nú segir í sjódómslögunum, 2. gr.:

»Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómsþinghárinnar, og hafa sérstaklega þekking á siglingum, útgerð, vélastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum«.

Tilgangur 2. gr. er sá, að veita dómaranum aðstoð sérfróðra manna í þeim málefnum, sem þar eru talin. En eftir 1. gr. laganna þurfa sjódómendur að hafa sérþekking á siglingamálefnum. Nú getur hæglega svo farið, að sumstaðar, jafnvel hér í Reykjavík, verði ekki unt að fá tvo menn með sérþekking á siglingamálefnum og *þar að auki* á öllum hinum málefnunum, sem talin eru í 2. gr. En nægilegt er, að sjódómandi hafi sérþekking á einhverju þessara atriða, því er hann á um að dæma. Fyrir því er lagt til að fella burt þetta skilyrði, sem 1. gr. setur, sérþekking á siglingamálefnum, hjá öllum, sem til sjódóma eru kjörnir.

Hin breyt.till. við frv. fer fram á það, að kostnaður við sjódóma verði greiddur úr landssjóði. Í 5. gr. sjódómslaganna er hinum útnefndu sjódómendum ætlað 4 kr. dagkaup, en ekkert um það sagt, hver kaupið eigi að greiða. Menn hefir mjög greint á um þetta atriði. Sumir segja, að málshöfðandi eigi að greiða kostnaðinn; aðrir, að báðir málsaðilar eigi að greiða hann, og enn aðrir, að um kostnaðinn skuli fara líkt og um kostnað við landamerkjamál. Í áður gildandi lögum heyrðu öll sjódómsmál undir venjulega dómstóla, og þurfti ekk-

ert að borga dómaranum fyrir dómarastörf. Hér væri því framið hróplegt ranglæti ofan í áður gildandi lög, ef nú ætti einstaklingar að bera kostnaðinn við sjódómana, auk þess sem brotið væri á móti þeirri grundvallarreglu í voru réttarfari, að allir eigi ókeypis réttarvernd. Þessi kostnaður getur oft numið miklu, ef dómurinn stendur lengi, og orðið fátæklingum erfiður. Tökum t. d. mál milli háseta og útgerðarmanns. Þar gæti þetta ákvæði beint leitt til þess, að fátæklingurinn gæti ekki náð rétti sínum, vegna þess að hann brysti nægt fé fram að leggja til að kosta sjódóminn.

Eg skal ekki fara fleiri orðum um frumv. nú. Vona eg, að því verði vísað til 2. umr. án nefndar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 13. fundi Nd., fimtud. 16. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 60).

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Þetta frv. fer fram á tvær lítilfjörlegar breytingar á lögunum frá síðasta þingi um sjódóma og réttarfar í sjómálum. Frá mínu sjónarmiði eru báðar þessar breytingar jafn nauðsynlegar. Fyrri breytingin er nauðsynleg til þess að fá þá sérþekkingu í sjódóminum, sem gert er ráð fyrir í sjálfum lögunum að eigi að vera þar.

Í 2. gr. laganna er skýrt tekið fram, hvaða kostum þeir menn eigi að vera búnir, sem skipa má í dóminn. Þeir þurfa að hafa sérþekkingu á útgerð, vélastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum. Nú hefir reyndin orðið sú, að jafnvel hér í Reykjavík, sem er fjölmennasta sjódómsþinghá í landinu, hefir ekki verið hægt að fá þá menn í sjódóminn, sem sérþekking hafa á öllum þessum atriðum eða einhverjum þeirra, og sem ennfremur eru siglingafróðir. —

Önnur breytingin, sem farið er fram á, er einnig sjálfsögð, svo að menn verði ekki sviftir þeim rétti, sem þeir ella hafa, að þurfa ekki að borga sérstaklega fyrir dómstóla-aðstoð í málum sínum.

Matthías Ólafsson: Eg fæ ekki skilið, að þessi breyting á annari málsgrein 1. gr sjódómslaganna, sem hér er farið fram á, miði til bóta, heldur þvert á móti. Mér finst það liggja nokkurn veginn í augum uppi, að þeir menn, sem vit hafa á siglingamálum, sé betur hæfir til að dæma um slík mál, heldur en þeir menn, sem ekkert vit hafa á þeim. Eg verð þess vegna að leggjast á móti því að þessi brt. verði samþykt. Það kann að vera, að það sé nokkurum vandkvæðum bundið nú, að fá menn með slíkri þekkingu, en eg trúi ekki, að á löngu líði þangað til það verður hægt. Þangað til má bjargast við, að einn maðurinn í dómnum hafi þessa þekkinguna, en hinn hina. Sem sagt, þá álít eg að þessi brt. miði ekki til bóta heldur þvert á móti.

Hina breytinguna, sem frv. fer fram á, skal eg ekki deila um, enda hefi eg ekkert á móti því, að hún verði samþykt.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Eg heyrði ekki nákvæmlega fyrri partinn af ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), en eg skildi þó, að hann mælti á móti fyrri breytingunni, sem frv. fer fram á, en eg tel svo sjálfsagða. Eg skil ekki, að það geti talist heppilegt að einskorða það með lögunum, að einungis siglingafróðir menn geti átt setu í sjódómnum. Og eg efast ekki um, að ef háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vildi kynna

sér lögin og hugsa sig vel um, þá myndi hann sannfærast um, að fjöldamörg mál falla undir sjódóminn, sem ekki eiga meira skylt við siglingar heldur en hverjir aðrir tveir fjarskyldir hlutir. Þeir siglingafróðu menn, sem hér er völ á, eru tæplega aðrir en skipstjórar á fiskiskipum, og eru þeir, eins og við er að búast, hvorki vátryggingafróðir, vélfróðir, né hafa þekkingu á meðferð á vörum í skipum, hvernig skemdir verða á þeim, hver ábyrgð fylgir hleðslu vöruskipa o. s. frv. Það er auðvitað sjálfsagt, að í flokki þeirra manna, sem sjódóm sitja, sé einhverjir, sem vit hafa á siglingamálum, en ef þá kröfu á að gera til þeirra allra, þá verður ekki unt að fá þá sérþekkingu á öðrum málum inn í dóminn, sem lögin heimta. Sem sagt, þá vona eg að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sannfærist um, hver nauðsyn ber til þessarar breytingar, þegar hann hefir hugsað sig um, og einkum ef hann athugar, hvaða mál það eru, sem falla undir sjódóminn. Það er ekki og hefir aldrei verið meining mín, að siglingafróðir menn eigi ekki að vera í dómnum, það tel eg sjálfsagðan hlut. Hitt er tilgangurinn með frv. að koma því til leiðar, að sérfræði í öðrum greinum komist einnig að.

Matthías Ólafsson: Ekki gat eg sannfærst af þessari ræðu háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.), enda var hún æði mikið utan við efnið. Hann segir, að ekki sé hægt að fá hæfa menn í sjódóminn eftir lögunum, eins og þau nú eru. Það er vitaskuld auðveldara að fá menn, sem ekkert vit hafa á þessum málum, heldur en þá sem vit hafa á þeim. — Samt sem áður er mér óhætt að fullyrða, að hér er völ á mönnum, sem vit hafa á sjómannafræði og vélfræði, og þar á meðal margir, sem verið hafa í förum um langan tíma á milli landa, og bera því gott skynbragð á alla reglu á skipum, bæði hvað snertir vöruflutninga og annað þess háttar. Eg get ekki skilið í öðru, en að betur fari á því, að slíkir menn væri skipaðir í dóminn heldur en að þeir væri útilokaðir, og að skipa mætti hvaða menn sem væri, t. d. embættismenn eða landbændur.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) verðað fyrirgefa, þó að eg skilji ekki hvað hann er að fara. Hann fullyrðir, að hér sé til menn, sem eg hefi upplýst, samkvæmt reynslunni, að hér eru alls ekki til. Hann staðhæfir, að hér sé nóg af siglingafróðum mönnum, sem jafnframt hafi fullkomna sérþekkingu á vélum, vöruflutningum, vátryggingarmálefnum og öðru, sem nefnt ef í sjódómslögunum. Þó að eg viti nú, hvað mikið er hæft í þessu, þá tjáir mér líklega ekki að deila við dómarann. En ef háttv. þm. (M. Ó.) gæti nefnt nöfn, þá kynni að vera að mér skildist þetta eitthvað betur. Í vetur þegar átti að tilnefna menn í sjódóm hér í Reykjavík, þá var eg einn þeirra manna, sem kosinn var í bæjarstj. í nefnd, sem um þetta átti að fjalla. Nefndin bar sig saman við bæjarfógetann og ýmsa aðra, og niðurstaðan varð sú, að meðal siglingafróðra manna væri ekki unt að fá þá menn, er jafnframt hefði sérþekkingu á þeim öðrum greinum, er sjódómslögin heimta.

Matthías Ólafsson: Eg verð enn og aftur að halda því fram, að menn, sem verið hafa í förum, t. d. stýrimenn, sem siglt hafa milli annarra landa hafi svo mikla þekkingu á þessum málum, sem hér um ræðir, að þeir sé hæfari til að sitja í sjódómi en þeir menn sem alls enga þekkingu hafa á slíkum málum. Eg hefði eflaust getað nefnt nöfn, ef eg hefði búist við að þurfa þess, svo

mikið er hér af vélstjórum, stýrimönnum og öðrum þeim mönnum, sem verið hafa í förum. Og þó að þeir hafi ekki farið víða, þá tel eg engum vafa undirorpið, að þeir væri betri sjódómendur en t. d. bændur ofan úr sveit, eða aðrir landkrabbar.

Einar Arnórsson: Án þess að vilja blanda mér í deilu þessara tveggja háttv. þm. (Sv. B. og M. Ó.), þá vil eg þó taka það fram, að eg er hræddur um, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hafi ekki allskostar rétt mál að verja. Breytingin, sem frv. á þskj. 60 fer fram á, miðar ekki til þess að útiloka menn með sérþekkingu frá því að verða nefndir í dóminn. Mér skilst, þegar það er athugað, hvaða mál það eru, sem heyra undir sjódóminn, að það sé ekki heppilegt að mega ekki tilnefna aðra menn í hann en þá eina, sem sérþekkingu hafa í *siglingamálum*. Undir þenna dóm heyra ýms mál, sem menn með aðra sérþekkingu þarf til að dæma um, en hægt er að ætlast til, að vélamenn og skipstjórar hafi. Mér finst þess vegna ekki rétt, að rígskorða það við siglingamálaþekkinguna að öllu leyti, hverja menn nefna má í dóminn.

En úr því að ágreiningur hefir risið upp um þetta mál, sá sýnist ekki úr vegi, að nefnd verði skipuð til þess að íhuga það. Umræðurnar hafa bent greinilega í þá átt, að ekki hafi allir háttv. þm. hugsað málið sem skyldi. Eg vil þess vegna leyfa mér að stinga upp á, að málið verði fengið þriggja manna nefnd til frekari athugunar.

Ráðherra (H. H.): Það, sem eg vildi láta í ljós um þetta mál, var svipað því, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir nú tekið fram. Eg er samdóma honum og háttv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) um, að óhætt sé að sleppa þessu ákv. úr 1. gr. sjódómslaganna. Eg er aftur á móti ekki viss um, að breytingin á 5. gr. laganna sé heppilega orðuð í frv. Eg er raunar samþykkur því, að rétt sé að kostnaðurinn við starf sjódómendanna greiðist úr landssjóði. En eins og breytingin er orðuð, getur hún haft víðtækari afleiðingar.

Eg held, að það væri skaðlaust, að fella burtu 3. gr. frv. Það eru svo litlar breytingar, sem farið er fram á að gerðar sé á lögunum, að það svarar varla kostnaði að fara að prenta öll lögin upp vegna þeirra, og gefa þau út sem nýjan lagabálk. Það hefði töluverðan kostnað og fyrirhöfn í för með sér, því að aðgætandi er, það þarf ekki einungis að prenta lögin á íslenzku, heldur og á dönsku.

Af þessum ástæðum er eg samþykkur tillögu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um nefndarkosningu.

ATKV.GR.:

1.—3. gr. samþ. með 15 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Fimm manna nefnd samþ. með 13 samhlj. atkv. og kosnir:

Einar Arnórsson
Matthías Ólafsson
Sveinn Björnsson
Þorleifur Jónsson
Magnús Kristjánsson.

Á 18. fundi Nd., miðvikud. 22. júlí, hafði frv. verið tekið til 3. umr., en var tekið út af dagskrá.

Á 19. fundi Nd., fimtud. 23. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 60, n. 151).

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Eg hefi engu við það að bæta,

sem eg sagði um þetta mál við 2. umr. Þá var málið sett í nefnd, vegna dálítils misskilnings, sem var í frv. Nú hefir sá misskilningur verið leiðréttur, og nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri lítilfjörlegu breytingu, sem lagt er til að gerð verði á 2. gr. Hún er að eins til þess, að bæta orðalag greinarinnar og hljóðar svo: Þóknun meðdómenda sé greidd úr landssjóði.

ATKV.GR.:

Br.till. þskj. 151 samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. samþ. þannig breytt með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

15. Ráðherraeftirlaun.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17, frá 3. okt. 1903. (Þskj. 69).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (Þskj. 69, 82).

Flutn.m. (Guðmundur Eggerz): Eins og frv. ber með sér, fer það fram á, að eftirlaun ráðherra verði afnumin, jafnframt því, sem nýju stjórnarskipunarlögin ganga í gildi. Þetta mál hefir áður verið á dagskrá hér í þinginu, en strandaði á því, að menn töldu ekki unt að koma því fram nema með stjórnarskrárbreytingu. Þetta frumv. er flutt nú vegna framtíðarinnar. Því að það má telja líklegt, að hér fari eins og annarsstaðar, að stjórnarskifti verði tíð, og þá geta ráðherraeftirlaunin orðið mikill baggi fyrir landið, einkum þegar tillit er tekið til þess, að í stjórnarskrárfrv. því, sem nú er á ferðinni, er fjölgun ráðherra heimiluð með einföldum lögum. Það er ekki lítil fúlga, sem ungur maður fengi í eftirlaun, ef hann yrði ráðherra og lifði t. d. 30 ár eftir að hann léti af embættinu. 3000 kr. í 30 ár eru 90,000 kr. án þess að reiknaðir sé vextir og vaxtavextir. Það hefir verið sagt, að ósanngjarnt væri að afnema eftirlaun ráðherra, úr því að aðrir embættismenn hafi eftirlaun. En því er til þess að svara, að ráðherrar sitja venjulega stuttan tíma, og í öðru lagi má taka tillit til þess, að nú er uppi á teningnum, að afnema eftirlaun allra embættismanna, og sé eg ekki, að embættismennirnir þurfi að sjá svo mjög eftir eftirlaunanum, úr því að almenningur lítur með svo mikilli óánægju á þau sem hann gerir.

Þá hefir það og verið borið fram á móti þessu máli, að ekki mundi verða hægt að fá hæfa menn til þess að gegna ráðherraembættinu, ef eftirlaunin væri afnumin. Eg get ekki fallist á, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast. Eg hygg, að enginn taki að sér að verða ráðherra vegna eftirlaunanna. Og þeir menn, sem í ráðherrastöðu komast, munu venjulega hafa það álit á sér, að þeim verður ekki skotaskuld úr því að hafa ofan af fyrir sér eftir að þeir hafa mist ráðherratignina.

Eg sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið. Það er svo einfalt, að þess gerist ekki þörf. Eg hafði hugsað mér, að nefndarkosning væri óþörf, en nú sé eg, að breyt.till. er komin fram frá háttv. þm. Ak. (M. Kr.) og verð eg þá að leggja til, að 5 manna nefnd verði kosin til þess að íhuga þá tillögu, þó að eg fyrir mitt leyti sjái ekki neina ástæðu til að taka hana til greina.

Magnús Kristjánsson: Eg skal byrja á að geta þess, að prentvilla hefir slæðst inn í breyt.till., 1913 í staðinn fyrir 1903. Það hefir reyndar ekki neina verulega þýðingu, en eg minnist aðeins á það, til þess að það verði leiðrétt.

Breyt.till. mín þarf ekki neinna verulegra skýringa við. Eg hefi komið fram með hana af þeirri ástæðu, að mér þykir frumv. ganga helzt til langt. Það er að vísu satt, að sá orðrómur hefir leikið á, að ráðherraeftirlaunin muni, að einhverju leyti, hafa verið orsök til ýmislegs þess, sem miður hefir farið í stjórnarfari voru nú undanfarið, eða með öðrum orðum, að þau hafi að nokkru leyti verið undirrót æsinga þeirra, sem leitt hafi til stjórnarskifta og mikið vafamál er um, að haft hafi heppilegar afleiðingar.

Sé gengið út frá því, að slíkur orðrómur sé á verulegum rökum bygður, þá get eg ekki neitað að stefna frumvarpsins sé réttmæt En það mætti fara einhvern milliveg í þessu máli. Þótt eftirlaunin yrði ekki afnumin með öllu, gæti þó verið heppilegt að takmarka þau að einhverju leyti. Þessvegna hefi eg leyft mér að koma fram með brt. á þskj. 82, sem gengur í þá átt, að ráðherrar njóti eftirlauna fyrstu þrjú árin eftir að þeir fara frá völdum. Eg þykist ekki þurfa að mæla mikið með þessari tillögu minni, því að við nánari íhugun hygg eg, að menn verði að játa, að hún sé á nokkrum rökum bygð. Mér skilst, að það eitt sé ekki nægilegt, að maður sé fáanlegur til að taka þessa stöðu að sér. Það er ekki nákvæmlega sama, hver maðurinn er, og það er skylda þingsins fyrst og fremst, að vanda sem allra bezt valið á slíkum manni. Þetta hygg eg, að öllum komi saman um. En þá er hitt líka sjálfsagt, að það tjáir ekki að bjóða þessum manni nein smánarkjör. Eg álít valið svo mikils virði, að ekki beri að horfa í það þótt það hafi dálítið aukinn kostnað í för með sér, að fá sem nýtastan mann í ráðherrastöðuna. Það vita allir, að þeim mönnum, sem eru virkilega mikilhæfir, samvizkusamir og duglegir, bjóðast svo mörg tækifæri til að komast í vel launaðar stöður, að þeir myndi trauðla kæra sig um ráðherraembættið, ef eftirlaunarétturinn yrði með öllu afnuminn, nema til kæmi sérstök valdafikn eða metorðagirnd eftir svo tiginni stöðu.

Eg verð að segja, að mér er þriggja ára tímabilið ekki beinlínis neitt kappsmál, og myndi eg vel geta gengið inn á breyt.till., sem gerði ráð fyrir fimm ára eftirlaunum.

Jón Jónsson: Mér virðist þetta mál vera harla mikilsvert, og er eg eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsyn beri til að afnema ráðherraeftirlaunin. Þetta mál hefir áður legið fyrir þinginu, en ekki náð fram að ganga. Hefir því verið haldið fram, að ef eftirlaunin yrði afnumin, myndi ráðherra fremur sitja í trássi við vilja meiri hluta þings og þjóðar, og var það upphaflega talin ein helzta ástæðan með því að veita ráðherra eftirlaun, að hann hefði þá enga freistingu til slíks. Eg tel það sjálfsagt, að ráðherra víki frá völdum, þegar hann hefir ekki lengur traust meiri hl. þingsins, enda er það þegar orðin venja. Í ráðherrastöðuna munu venjulegast veljast menn, sem ekki eru í neinum fjárhagslegum kröggum og geta lifað eins góðu lífi þótt þeir sleppi embættinu. Munu það fyrst um sinn venjulegast verða sýslumenn, eða lögfræðingar, sem gæti sezt í sín fyrri embætti aftur. Það er mjög hættulegt, ef sú venja kemst á, að ungir menn, sem komist hafa í ráðherrastöðu, en verða von bráðar að

sleppa henni, setjist í helgan stein og geri ekki neitt. En með það finst mér ráðherra vera gefið undir fótinn með eftirlaununum, því að vel má lifa af 3000 krónum án þess að þurfa að hafa nokkurt starf á hendi. Þetta getur líka orðið stórt fjárhagsspursmál fyrir landið, sérstaklega ef ráðherrum fjölgar, eins og við má búast að verði, og verður þá ekki lengi að safnast í drjúga fúlgu, ef þeir verða margir á tiltölulega stuttum tíma, sem rétt öðlast til svo hárra eftirlauna. Vitanlega er þetta mál töluvert áhugamál þjóðarinnar, og getur það naumast gengið að kveða niður þær raddir, sem krefjast afnáms þessarra eftirlauna. Þær raddir eru á seinustu tímum orðnar ærið háværar hjá þjóðinni, og enginn getur með réttu neitað því, að þær sé sanngjarnar.

Björn Hallsson: Eg skal vera stuttorður. Það þekkja allir hvaða skoðun almenningur hefir á eftirlaununum yfirleitt. Kröfurnar um að afnema öll eftirlaun eru orðnar allháværar hjá þjóðinni, en stjórnarskráin hefir staðið í vegi fyrir því, að það væri hægt, þótt þingið féllist á það. Nú má búast við, að stjórnarskrárbreyting gangi í gildi, og er þetta frv. bygt á því.

Vér flutningsmennirnir tókum ekki stökkið svo stórt, að fara fram á afnám allra eftirlauna, vegna þess að það mál er ekki nægilega undirbúið. En vér hefðum helzt viljað geta afnumið eftirlaun þess ráðherra, sem nú tekur við, en sáum að það var ekki hægt, vegna ákvæða núgildandi stjórnarskrár. — Eg get ekki annað séð, en að ráðherraembættið sé fullsómasamlega launað, svo ekki þurfi að láta eftirlaun fylgja því. Það er líka skoðun manna úti um land, að eftirlaunin sé til þess, að menn sækist eftir ráðherraembættinu um of þeirra vegna, og verði þannig til að efla valdafikn og flokkadrátt í landinu. Það sýnist því fullkomlega vera tími til kominn að kippa þessu í lag. Auk þess liggur í loftinu fjölgun ráðherra, og verður peningaspursmálið fyrir landið því meira, eftir því sem fleiri menn öðlast rétt til eftirlaunanna. Það hefir komið fram brt., þar sem gert er ráð fyrir, að ráðherra hafi eftirlaun í 3 ár. Eg get ekki í fljótu bragði aðhylst þessa tillögu, og álít rétt að taka sporið í einu, svo að þjóðin þurfi ekki að segja, að þessi eftirlaun sé til spillingar. Eg get heldur ekki skilið, að vér getum ekki fengið hæfa menn til að gegna þessu embætti, þótt eftirlaunin yrði afnumin.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Fimm manna nefnd samþ. í einu hlj. og í hana kosnir:

Guðm. Eggerz
Jóhann Eyjólfsson
Einar Arnórsson
Þórarinn Benediktsson
Magnús Kristjánsson.

A fundi Nd., mánud. 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 69, 82, n. 184 og 197).

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Svo illa hefir til tekist, að nefndin hefir klofnað. Meiri hluti hennar hallast að breytingu þeirri, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) vildi gera láta á frv., þó með þeirri miðlun, að í stað þriggja ára eftirlauna, sem ráðherra var ætlað samkvæmt tillögu hans, hefir meiri hluti nefndarinnar sett tveggja ára eftirlaun. Meiri hluta nefndarinnar þótti varhugavert að svifta ráðherra alveg eftirlaunarétti, meðan allir aðrir embættismenn með konungsveitingu hafa

þenna rétt. En breytingin er sú, frá því sem nú er, að eftirlaun ráðherra eru reiknuð að eins eftir *almennum* eftirlaunalögum. 3 þúsund kr. takmarkið, sem sett er í lög nr. 17, 3. okt. 1903, gildir ekki lengur, ef frv. verður samþ. með br.till. vorri. Vitanlega er hér gert ráð fyrir því, að frv. til nýju stjórnarskipunarlaganna verði að lögum, og þarf varla að taka það fram.

Meiri hl. hefir komið fram með tvær aðrar br.till. við frv., og eru þær í fullkomnu samræmi við aðgerðir þingsins 1911, sem sé, að ef maður sleppir embætti, sem eftirlaunaréttur fylgir, þá sé sá réttur honum til handa ekki skertur með þessum lögum. En til þess að skjóta loku fyrir það, að ráðherra, sem látið hefir af embættinu, taki eftirlaunin að þarflausu, þá vill meiri hl. að honum sé gert að skyldu að taka við embætti eða sýslan í almennings þarfir, sem við hans hæfi verði metin, ella afsali hann sér eftirlaunum eftir lögum þessum.

Ágreiningurinn á milli meiri- og minnihluta er meira í orði en á borði. Og er mér ekkert kappsmál, hvort ofan á verður, tillögur meiri- eða minni hl. í þessu máli. Eg býst nú við, að háttv. minni hl. geri grein fyrir sínu áliti, en á meðan sú greinargerð er ekki fram komin, sé eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni.

Framsögum. minni hl. (Þórarinn Benediktsson): Eg sé enga ástæðu til að fjölyrða mikið um málið, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að minni hl. nefndarinnar hefir lýst afstöðu sinni all-ítarlega í nefndaráliti sínu á þgskj. 197, og í öðru lagi vegna þess, að frv. á þskj. 69 var vel tekið hér í deildinni við 1. umr.

Þess er að gæta, að þetta mál er ekki nýtt. Það hefir áður verið hér til meðferðar í þinginu, þó að það hafi verið í dálitið annari mynd. Árið 1909 var lagt frv. fyrir þingið um að afnema eftirlaun ráðherra með öllu, en það gekk ekki fram af þeirri ástæðu, að mönnum þótti það koma í bága við stjórnarskrána. Var því horfið frá málinu á þeim grundvelli. En á þinginu 1911 var því breytt í þá mynd, að færa eftirlaunin niður, og gert ráð fyrir, að þau skyldi vera 1200 kr. á ári í jafnmörg ár og ráðherrann hefði þjónað embætti. Nú er frv. í þeirri mynd, sem það hafði upphaflega 1909, sem sé, að ráðherraeftirlaunin verði afnumin með öllu. — Þegar nýja stjórnarskráin gengur í gildi er hún því ekki lengur til fyrirstöðu að þetta geti komist á. Þegar litið er á umræðurnar frá þinginu 1911, sér maður, að það var vilji mjög margra þingmanna, að sporið væri stigið fult, og eftirlaun ráðherrans afnumin með öllu. Aðalástæðan er sú, að talsvert mikil alda er risin upp í landinu og gengur hún í þá átt, að afnema eftirlaun allra embættismanna. Á þessu þingi hefir tillaga verið samþ. þess efnis, að þetta mál verði rannsakað og það framkvæmt, ef kostur er á. Minni hl. nefndarinnar í þessu máli taldi því rétt að byggja frv. á þeim grundvelli, að öll eftirlaun yrði afnumin innan skamms. Þess er getið í nefndaráliti minni hl., að sterkar raddir hafi borist frá þingmálafundum, sem haldnir hafi verið víðsvegar um land á síðastl. vori, um það, að eftirlaun yrði afnumin, og þá einkum ráðherraeftirlaunin. Þegar litið er á þingmálafundargerðirnar, sem hér liggja frammi í lestrarsalnum, þá skýra þær nálega allar frá því, að fram á þetta hafi verið farið.

Háttv. framsögum. meiri hl. (E. A.) gat þess, að það væri ekki mikið, sem skildi meiri og minni hl. nefndarinnar í þessu máli. Eg get ekki kannast við

það, en held því aftur á móti fram, að nokkuð mikill stefnumunur komi fram í nefndarálitum beggja hluta nefndarinnar. Háttv. meiri hl. gengur út frá því, að embættismenn hafi eftirlaun, og leggur til, að ráðherra hafi eftirlaun í 2 ár eftir að hann lætur af embætti, með öðrum orðum, hann gengur inn á till. háttv. þm. Ak. (M. Kr.). En minni hl. byggir á því, aftur á móti, að þetta sé fyrsta sporið til þess að afnema algerlega öll eftirlaun. Þetta er það sem skilur. Hins vegar kom allri nefndinni saman, um að það væri sjálfsagt, að ef maður slepti embætti með eftirlaunarétti, til þess að gerast ráðherra, þá héldi hann þeim rétti, sem fyrra embættið veitti honum, enda hefir það ætíð verið álitið, að svo ætti að vera. Minni hl. taldi ekki þörf á að taka þetta fram í frv. sjálfu, áleit nægilegt að það kæmi fram í nefndarálitinu, en þar kemur það skýrt fram, hvað fyrir minni hl. vakti í þessu efni.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vona að háttv. deild taki vel þeirri stefnu, sem felst í frv. á þskj. 69, og nánar er vikið að í nefndaráliti minni hl.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg stend eiginlega ekki upp til þess að andmæla hv. frams.m. minni hl. (Þ. B.). Hann sagði, að eftirlaunamálið í heild sinni væri á dagskrá með þjóðinni, og að almenningur vildi að það væri til lykta leitt. Þetta er rétt. En það var meining meiri hlutans, að meðan eftirlaun væri ekki alment afnumin, þá gæti það ekki annað talist en óviðfeldið, að taka þetta eina embætti út úr að þessu leyti.

Eftir því, sem eg skildi háttv. minni hluta og framsögumann hans, þá er hann ekki á móti 2. og 3. brtill. meiri hl. Eg vil þess vegna skjóta því til hæstv. forseta, að þó að 1. breyt.till. verði feld, þá verði 2. brtill. borin upp engu að síður, því að hún getur staðist þó að hinar falli. Meiri hlutanum virtist nauðsynlegt, eða í öllu falli varkárara, að gera það að skýru lagaákvæði, sem í 2. og 3. brtill. felst, með því að hann leit svo á, að það gæti orkað tvímælis, ef að eins væri drepið á það í nefndarálitnu. Vona eg, að háttv. minni hluti hafi ekkert á móti því, að 2. og 3. brtill. verði bornar upp, þó að 1. brtill. falli.

Eg get ekki verið á sama máli og hv. minni hluti, að þessi breyting, sem vér leggjum til að verði gerð á 1. gr. frv., verði til þess að valda landinu verulegs útgjaldaauka. Reynslan sem fengin er, hefir bent í þá átt, að ef menn fara úr öðrum launuðum embættum til þess að verða ráðherrar, þá taka þeir við þeim embættum aftur jafnskjótt sem þeir sleppa ráðherrastöðunni. Og afleiðingin af því, ef 2. og 3. brtill. verða samþyktar, verður sú, að slíkir menn taka að sjálfsögðu við embættum sínum aftur. En á meðan eftirlaunarétturinn helzt, finst mér það hart, að taka ráðherrann einan út úr og láta hann engin eftirlaun geta fengið, hvernig sem á stendur, nema með sérstökum lögum frá þinginu.

Það eru hugsanleg tilfelli, að ráðherrann slasist, veikist eða verði fyrir aldurssakir óhæfur til að taka við nokkru öðru embætti. Þá er hart að gefa honum ekki kost á að hafa tvö ár til þess að reyna að skapa sér einhverja aðra atvinnu. Það getur komið fyrir, að sá sem verður ráðherra, sleppi starfi við verzlun eða annað þess háttar starf, sem ekki er kallað að vera í almennings þágu. Starfinn getur þurft að liggja niðri, meðan maðurinn hefir ráðherraembættið á hendi, og þá er ekki nema eðlilegt, að hann þurfi vissan tíma til

þess að vinna upp aftur þær tekjur af starfsemi sinni, sem hann hafði áður haft. Mér þykir þess vegna nokkuð hart, að svifta þennan eina embættismann, ráðherrann, eftirlaunarétti að öllu leyti, á meðan aðrir embættismenn hafa hann óskertan. Eftir brtill. meiri hl., eins og hún er orðuð, falla eftirlaun ráðherra burtu jafnskjótt sem almenn eftirlaun verða afnumin, því að þar er vísað til almennra eftirlaunalaga. Þegar þau eru numin úr gildi, falla að sjálfsögðu ráðherraeftirlaunin líka úr sögunni.

Annars skal eg geta þess, að eg, fyrir mitt leyti, leit svo á, að engum í nefndinni væri það neitt kappsmál, hvort frumvarpið yrði samþykt óbreytt eða með þessum breytingum, sem við stingum upp á. Meiri hlutinn taldi það einungis sanngjarnara, að svifta ekki þenna eina embættismann eftirlaunarétti að fullu og öllu, fyrr en þá að sá réttur yrði tekinn af öðrum embættismönnum landsins. Eg játa reyndar, að það er ekki fullkomin líking á milli ráðherrans og annara embættismanna. Aðrir embættismenn takast embættin á hendur upp á lífstíð sem kallað er, en ráðherrann hefir embættið oftast skamma stund á hendi í þingræðislöndum eins og hér hjá oss. Embættistíð ráðherrans er því mjög takmörkuð, og fer það eftir því, hversu lengi hann getur verið í samræmi við meiri hluta þingsins. Brtill. vor fer þess vegna fram á að eftirlaun ráðherrans verði takmörkuð, í samanburði við önnur embættismanna eftirlaun. Ef eins hefði að öllu verið ástatt um ráðherraembættið og önnur embætti, þá hefði eg ekki séð neina ástæðu til að gera neina undantekningu í þessu efni. Það er að eins fyrir það, að embættistíð hans er jafnaðarlegast svo stutt og skifti því svo tíð, að eg get fallist á undantekninguna.

Eg ímynda mér, satt að segja, að það muni aldrei miklu í framkvæmdinni, hvort frumvarpið verður samþykt eins og það var upphaflega lagt fyrir deildina, eða till. meiri hlutans verða teknar til greina. Það eru að eins þessi tvö ár, sem ráðherrann getur haft eftirlaunin, en í framkvæmdinni yrði það eflaust tíðast, að hann tæki við öðru embætti eða sýslan, jafnskjótt sem hann léti af ráðherraembættinu. Vér vildum að eins ekki útiloka, að ráðherrann gæti fengið eftirlaun í þessi tvö ár, ef þær kringumstæður væri fyrir hendi, að hann gæti ekki tekið við öðru embætti.

Magnús Kristjánsson: Eg get verið mjög stuttorður, meðfram vegna þess, að eg gerði grein fyrir skoðun minni á þessu máli við 1. umræðu. Eg stend aðallega upp til þess að lýsa yfir því, að eg geri ráð fyrir að brtill. mín á þskj. 82, verði ekki borin upp til atkvæða, úr því að það hefir orðið að samkomulagi í meiri hl. nefndarinnar, að taka hana til greina og bera hana fram í þeirri mynd sem hún er í á þgskj. 184.

Mér skildist svo meðan nefndin vann saman, að hv. minni hl. sem nú er, væri eiginlega á sama máli og meiri hl., að því er snertir till. hans er hér liggja fyrir. Eg get heldur ekki séð, að ágreiningurinn sé verulegur.

Við nánari athugun, hygg eg að allir hv. þingmenn hljóti að sjá, að fjárhagslega skoðað munar það aldrei miklu, þó að tillögur meiri hlutans verði samþyktar.

Flutningsmenn frv. á þskj. 69 virðast leggja mikið upp úr fundargerðum þingmálafunda, sem haldnir hafa verið víðsvegar um landið, og þar sem kröfur í þessa átt hafa látið nokkuð mikið á sér bera. Eg verð að álíta, að af öllu megi of mikið gera og eins því að fara bók-

staflega eftir þingmálafundaályktunum. Mér er nær að halda, að kjósendur yfirleitt hafi ekki tækifæri til að rannsaka það út í æsar, hvaða afleiðingar það gæti haft, ef ýmsar tillögur, sem þeir samþykkja á þingmálafundum, væri viðstöðulaust gerðar að lögum. Þingmenn verða að kosta kapps um að lesa málin niður í kjölinn, og þá vill oft fara svo, að ómögulegt reynist að binda sig beinlínis við gerðir þingmálafundanna. Svo er það um þetta mál sem ýms önnur. Eg get ekki skilið í öðru, en að allur fjöldi kjósenda, að öllu yfirveguðu, mundi sætta sig við það, þó að tillögur meiri hl. á þskj. 184 yrði samþyktar.

Það sem meiri hl. gekk aðallega til að koma fram með þessar till. var það, að hann áleit að það gæti jafnvel orðið til sparnaðar í mörgum kringumstæðum, hjá því að slá því föstu á pappírnum, að afnema ráðherraeftirlaunin að fullu og öllu. Því að það er vitanlegt, að oft getur staðið svo á, að þinginu verði það ógerningur að beita því harðræði, að veita ekki fráfarandi ráðherra einhverja þóknun með sérstökum lögum, annaðhvort af þeirri ástæðu, að hann fatlist á einhvern hátt meðan hann gegnir embættinu, eða þá af einhverjum öðrum knýjandi ástæðum. Eins og allir vita, hlýtur ráðherrann oft að takast hættuleg ferðalög á hendur, og er þá vel hugsanlegt, að eitthvað það komi fyrir, að aðstandendur hans verði illa á vegi staddir, svo að þingið verði að sjálfsögðu að taka eitthvert tillit til þess.

Þegar þess er gætt, að háttv. minni hluti heldur því fram, sem sjálfsögðu og eðlilegu, að ef maður sem verður ráðherra hefir áður haft embætti á hendi, sem eftirlaunaréttur fylgir, þá haldi hann þeim rétti óskertum þegar hann sleppir ráðherrastöðunni, þá get eg ekki séð, að það muni nokkru fjárhagslega, þó að tillögur meiri hlutans verði samþyktar.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um málið. Það er ekki meira sem milli skilur en svo, að eg býst við, að allir sætti sig við það sem ofan á verður.

Bjarni Jónsson: Eg vil láta þá skoðun mína í ljós, að minni hl. hefir hér réttara fyrir sér en meiri hl., eins og oft vill verða. Eg sé enga ástæðu til að veita ráðherranum tvö náðarár, úr því að hann á að vera eftirlaunalaus á annað borð. Annaðhvort á hann að hafa eftirlaun eða ekki. Tveggja ára eftirlaun eru hundsbætur fyrir þann mann, sem á fé þarf að halda, en til athlægis fyrir hinn, sem ekki þarf þess. Mér skilst, að ráðherrastaðan sé eftir eðli sínu lík sýslunarmannastöðum, sem margar eru í landinu og eru eftirlaunalausar með öllu, jafnvel þó að þær stöður sé almenningi til jafnmikilla nytja og þær sem embættisnafn hafa. Eg get nefnt til dæmis ráðunauta Búnaðarfélagsins, því að þótt þeir sé ekki skipaðir af stjórnarráðinu, þá eru þeir í rauninni skipaðir af einni skrifstofu þess, sem Búnaðarfélagið er í réttu lagi. Sýslunarmenn eru margir aðrir í landinu, en mér dettur þetta í hug, einungis af því, að eg sé hér einn háttv. þm. fyrir mér, sem þá stöðu hefir. Ráðherrann er í rauninni sýslunarmaður. Hann getur farið frá eftir 2 ár, 1 ár, $^1/_2$ ár eða jafnvel styttri tíma, ef svo ber undir. Er því þegar af þeim ástæðum síður viðeigandi að veita honum eftirlaun. Og þegar ráðherrann fer frá, getur það verið mjög mismunandi, af hvaða ástæðum það er. Sumir hafa rekið erindi þjóðarinnar og þingsins svo slælega, að þeir eru taldir óhæfir til að gegna embættinu lengur. Þeir eiga sannarlega ekki skilið að fá eftirlaun fyrir það. Aðrir

eru þeir, sem svo fast hafa rekið erindi þjóðar og þings, að þeir hafa orðið að þoka fyrir konungsvaldinu. Um þá menn er ekki hægt að segja, að þeir hafi brotið af sér svo að þeir geti ekki haft embættið á hendi fyrir því. En reynslan hefir sýnt, að það er sjaldgæfara en hitt. Það bendir í þá átt, að bezt sé að taka hreint af skarið og láta ráðherrann vera lausan við öll eftirlaun. Ef illa stendur á fyrir fráfarandi ráðherra og hann er alls góðs maklegur, þá er innan handar fyrir þingið að veita honum einhverja þóknun með sérstökum lögum. Allir játa, að ef embættismaður, hvort sem hann er nú sýslumaður, landritari eða eitthvað annað, tekur við ráðherrastöðu, þá er engin ástæða til annars, en að hann taki við embættinu aftur jafnskjótt og hann fer frá, enda hefir það borið við. Ef einhver atvinnurekandi, t. d. verzlunarmaður yrði að selja arðsama verzlun til þess að verða ráðherra, þá má segja, að hart væri að láta hann vera skaðabótalausan, eins og háttv. framsögum. meiri hlutans (E. A.) tók fram. En þegar um það er að tefla, þá getur þingið athugað, hvað hann hefir lagt í sölurnar og ákveðið honum skaðabætur eftir því. Þetta hlýtur að koma réttlátlegar niður en þó að ráðherranu hefði lögákveðin smáeftirlaun, allra helzt ef þau verða bundin við ein tvö ár. — Ef ráðherrunum verður fjölgað, sem liggur við borð og margir telja viturlegra til þess að einn maður sé ekki alveg einvaldur á milli þinga, þá geta eftirlaunin orðið allmikil fúlga, ef ráðherrarnir fara allir frá í einu, og ráðherraskiftin verða jafntíð og verið hefir hingað til. Gæti þá komið til þess, að Íslendingar óttuðust svo mjög eftirlaunabyrðina, að þeir heyktist í hverju máli, sem konungsvaldið sýndi einhvern mótþróa. Þetta er hættan, sem af ráðherraeftirlaununum getur stafað.

Hér er mér sent skeyti, sem myndi undir flestum kringumstæðum aftra mér frá að halda fram þessari skoðun, því að það er annar maður hérna, sem er á sömu skoðun og mætti af því ráða að hún væri ekki rétt. Eg held, að eg hætti nú samt í þetta sinn. Afstaða mín í þessu máli er skýr og eg vil að ráðherra hafi engin eftirlaun. Eg tel það sjálfsagt, að þingið sjái um að ráðherra lendi ekki í örbyrgð þegar hann leggur niður embætti. Um það þarf ekki að setja nein lög, því að það er nóg að óskrifuð lög sé til í þessu efni.

Framsögum. minni hl. (Þórarinn Benediktsson): Hv. þm. Dal. (B. J.) hefir tekið fram flest það, sem eg vildi sagt hafa. En út af því, sem háttv. framsögum. meiri hlutans (E. A.) sagði, að það væri ekki mikið, sem á milli hefði borið í nefndinni, vildi eg segja nokkur orð. Það getur nú verið, að í raun og veru sé það ekki svo mikið, sem bar á milli meiri og minni hl. nefndarinnar, en það er þó það, að í stað þess, að meiri hlutinn vill láta ráðherra njóta eftirlauna í tvö ár, vill minni hlutinn afnema ráðherraeftirlaun með öllu þegar í stað og síðan öll önnur eftirlaun. Það ber auk þess á milli í þessu máli, að tillögur minni hlutans eru bygðar á öðrum grundvelli en till. meiri hlutans. Að tillögur meiri hlutans geti orðið byrði fyrir þjóðfélagið, skal ósagt látið, en þó skilst minni hl., að svo geti þó orðið, ef margir ráðh. eru samtímis á eftirlaunum. En ekki er ólíklegt að svo verði, einkum ef fjölga þarf ráðherrum eins og búast má við að verði innan skamms. Að þessu er vikið í áliti minni hlutans. Skal eg svo ekki fjölyrða um þennan ágreining í

nefndinni. Eg skal taka það fram, að minni hlutinn hefir ekki skapaðan hlut á móti því, að 2. og 3. liður breyt.till. nái fram að ganga, að efni til. Þó skal bent á það, að 3. liður breytingartillögunnar getur naumast staðist, ef frumv. á þskj. 69 verður samþykt óbreytt. Það er aðeins 1. liðurinn, sem minni hlutinn getur ekki fallist á. Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) lagði heldur lítið upp úr þjóðarviljanum í þessu máli. Því verður þó ekki mótmælt, að það hefir á seinni tímum risið sterk alda í þá átt að launa starfsmönnum þjóðarinnar sæmilega fyrir störf þeirra, en fella niður launin þegar þeir láta af störfunum. Þessa stefnu telur minni hluti nefndarinnar fyllilega réttmæta og á rökum bygða. Eg gat þess áðan, að fiestar þingmálafundargerðir síðastliðið vor krefjast þess eindregið, að ráðherraeftirlaun verði afnumin, og sumar ganga jafnvel enn þá lengra og vilja, að öll eftirlaun verði úr lögum numin. Eg get ekki verið samdóma þeim mönnum, sem ekki vilja taka tillit til vilja þjóðarinnar í þessu efni, þar sem hann hefir verið mjög eindreginn og ákveðinn í þessu máli á undanfarandi árum.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg get byrjað þar sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) endaði. Það er enginn ágreiningur milli okkar um það, að eftirlaunamálið alt ætti að taka til rækilegrar athugunar. Og ekki greinir okkur heldur á um hitt, að það beri að taka tillit til þjóðarviljans í þessu efni. En eg verð að segja það aftur, að meðan eftirlaun eru ekki afnumin alment, þá er hart að taka þennan eina æðsta embættismann landsins *algerlega* út úr.

Þá vil eg svara háttv. þm. Dal. (B. J.) örfáum orðum. Hann segir, að það sé ýmsar stöður í almennings þarfir óeftirlaunaðar. Þetta er að vísu rétt, en samkvæmt eftirlaunalögunum fylgir eftirlaunaréttur hverju því embætti, er konungur veitir, og eitt þeirra er ráðherraembættið. Það er rétt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að ráðherra verður að láta af embætti af ýmsum ástæðum, er eigi koma til greina um önnur embætti, sumpart af því, að hann bregzt föðurlandinu og sumpart af því, að hann heldur of harðlega fram rétti þess. En í framkvæmdinni mun verða erfitt að gera út um hvatir ráðherrans, og gæti jafnvel orkað tvímælis, hvort það brot, sem hann yrði sakaður um, kæmi í bág við heill föðurlandsins, því að það getur í reyndinni verið, að þingið gefi ráðherra vantraustsyfirlýsingu fyrir rangar sakir eins og réttar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) tók það ennfr. fram, að ef svo yrði ástatt um mann, sem tæki við ráðherraembætti, að hann hefði ekki eftirlaunarétt, þá gæti þingið veitt honum eftirlaun. Má eg spyrja háttv. þm., heldur hann að það kæmi réttlátlega niður, ef sama þingið, sem gefur ráðherra vantraustsyfirlýsingu, ákveður hvort hann skuli hafa eftirlaun, og hve há, eða ekki? Eg býst við að það færi svo, að það gæti orðið hreinasta vitleysa í sumum tilfellum, enda þótt þingið ákvæði eftirlaunin. Eg vil hafa fasta reglu um það. En háttv. þm. Dal. (B. J.) fór lengra. Hann vildi láta þingið gefa fráfarandi ráðherra skaðabætur, ef hann hefði verið atvinnurekandi áður en hann tók við embættinu. Ef sú skoðun háttv. þm. kæmist í framkvæmd, er eg hræddur um, að vér værum komnir inn á hála braut. En hitt get eg ímyndað mér, að atvinnurekandi menn myndu ekki vilja gefa kost á sér til ráðherraembættisins, ef það væri eftirlaunalaust. Eg skal játa það, að persónulega er mér þetta ekkert kappsmál, og vil eg ekki fara í

neinar kappræður um það, eins og átti sér stað um annað mál hér á laugardaginn.

Sigurður Sigurðsson: Það má gera ráð fyrir því hér eftir eins og hingað til, að í ráðherrastöðuna veljist embættismenn, sem hafa rétt til eftirlaunu hvort sem er. Í raun og veru er því 1. breyt.till. meiri hlutans ekki annað en viðbót við eftirlaun þessara manna. *(Einar Arnórsson:* Það er misskilningur). Eg lít svo á, að eftir 1. gr. ætti sá embættismaður, sem verður ráðherra, rétt til eftirlauna, miðaðra við laun ráðherra.

Að öðru leyti hefi eg ekkert að athuga við 2. brtill. meiri hlutans. Eg skal bæta því við, að eg álít þessa breytingu dálítið til bóta, því að svo mætti ætla eftir núgildandi lögum, að ráðherra gæti reiknað sér ráðherraeftirlaun, enda þótt hann tæki við öðru embætti eftir að hann hefir látið af ráðherraembættinu. Við skulum segja, að sýslumaður verði ráðherra og taki svo við sínu fyrra embætti aftur, þegar hann hættir að vera ráðherra, þá á hann samkvæmt breyt.till. að eins rétt til þeirra eftirlauna einna, sem sýslumannsembættinu fylgja. Það hefir verið sagt, að það væri dálítið einstakt að taka þennan eina embættismann út úr hópnum og láta hann ekki hafa eftirlaun. En samkvæmt því, sem eg hefi nú sagt, þá á sá maður, sem fer úr ráðherraembættinu eftfrlaunarétt eftir hið fyrra embætti sitt, og það ætti honum að nægja, því að varla hefir hann fjárhagslegan skaða af því að verða ráðherra.

Eg mun ekki greiða atkvæði með þessum breyt.till. meiri hlutans, þótt það gæti komið fyrir einhvern tíma, að maður, sem ekki hefir eftirlaunarétt, yrði ráðherra.

Þá hefir það verið sagt, að breyt.till. meiri hlutans gæti orðið til sparnaðar. Því fer fjarri að svo sé. Ef þessi br.till. um tveggja ára eftirlaun nær fram að ganga, og maður, sem lætur af ráðherraembættinu, hefir ekki fengið embætti þegar tvö ár eru liðin, þá sýnist mér ekki vera útilokað að hann fari fram á það við þingið, að þessi frestur verði lengdur um tvö ár enn, og svo koll af kolli.

Eg verð að halda mér við tillögur minni hlutans og mun greiða atkvæði með frumv. á þskj. 69, en á móti br.till. meiri hluta nefndarinnar, um tveggja ára eftirlaunin.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örlítil athugasemd. Eg segi alveg eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að eg vil ekki fara í kappræður út af þessu máli, og það var heldur ekki eg, sem fór um daginn í kappræður um mál það, sem hann mintist á. Eg var þar að eins að bera hönd fyrir höfuð mér, eins og hverjum heiðarlegum manni er skylt að gera.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að finna að þessum samanburði, sem eg kom með um embættismenn með eftirlaunarétti og eftirlaunalausa embættismenn. Hann vildi gera svo mikið úr konungsveitingunni, en eg legg ekki mikið upp úr því, hvort starfsmaðurinn er skipaður af konungi eða hefir fengið veitingu fyrir starfi sínu á annan hátt. Allir starfsmenn hins opinbera ætti að hafa sama rétt, og þingið ætti fyrir löngu að vera komið inn á þá braut, að láta þá annaðhvort alla hafa eftirlaun eða engan. En fyrst svo er, að margir embættismenn landsins eru eftirlaunalausir, þá getur það ekki heitið að taka einn mann út úr, þótt eftir-

launaréttur sé tekinn af ráðherranum, heldur er honum þá skipað í þann flokk, sem eg nefndi, þar sem þeir eru t. d. ráðunautarnir og margir aðrir starfsmenn hins opinbera.

Það er auðvitað alveg rétt, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram gagnvart mér, að það er ekki fullkomlega sannað fyrirfram, að þingið hefði alt af rétt fyrir sér, þegar það greindi á við ráðherrann. En hver segir við guð: Hvað gerirðu? Hver getur tekið ráðin af þinginu? Vér verðum að ganga út frá því, að alþingi hafi jafnan rétt fyrir sér. Það er ómögulegt að skjóta neinu máli lengra. Þingið er æðsti dómstóll í hverju landi; það er jafnvel yfir konungum og keisurum og hverjum sem er. Þing hafa meira að segja leyft sér að láta hálshöggva konunga.

Hann spurði, hvort það myndi koma réttlátlega niður, að þingið ákvæði í hvert sinn, hverjir ætti að fá eftirlaun. Vitanlega kæmi það rétt niður, því að þingið hefir alt af rétt fyrir sér. (Hlátur). Svo standa þingmenn hér og hlæja að þessu, rétt eins og þeir væri hingað komnir til þess að hafa í frammi órétt.

Það var ekki annað en þessi athugasemd, sem eg ætlaði að gera. Það er ekki ásetningur minn, að gera kappsmál úr þessu. Eg hefi borið fram frumv. um afnám ráðherraeftirlauna á þinginu 1909 ásamt þáverandi 1. þm. Rvk., dr. Jóni Þorkelssyni, en við gátum ekki komið því fram vegna þess að forseti úrskurðaði, að það væri brot á stjórnarskránni. Annars hefði það þá gengið fram orðalaust. Nú, þegar gera má ráð fyrir að stjórnarskráin verði ekki í veginum, ættum vér að taka skrefið hreint. Hitt er ómögulegt að forðast, að þing, sem haldin verða í framtíðinni hér á landi, veiti mönnum styrk eða gjöf eða skaðabætur. Framtíðarinnar þing verða að ráða sér sjálf í því efni, og vér hér höfum enga skyldu til að leggja þeim lífsreglurnar.

Jóhann Eyjólfsson: Mér heyrist flestir þeir, sem tekið hafa til máls, hallast fremur að till. minni hl. heldur en meiri hl. Mér er það ekkert kappsmál, hvor leiðin verður farin, en hitt er mér töluvert kappsmál, að þetta mál komist á einhvern hátt í framkvæmd, svo að eftirlaun ráðherra verði annaðhvort afnumin með öllu eða takmörkuð. Eg fylgdi meiri hl. nefndarinnar, af því að mér fanst það vera sanngjarnt gagnvart ráðherranum, að hann væri ekki strax settur út á klakann, þegar hann legði niður embættið, hvort heldur væri af því að hann hefði mist heilsuna, eða að hann hefði ekki getað fengið neitt viðunanlegt starf, þá fanst mér sanngjarnt, að hann hefði þessi eftirlaun í tvö ár. En það, sem einna helzt kom mér til að fylgja meiri hlutanum, var það, að eg hélt að málinu yrði í þessu formi fremur sigurs auðið út úr þinginu. Þótt eg hefði fult eins vel kosið hitt, að eftirlaun ráðherra yrði afnumin með öllu, þá vildi eg ekki tefla málinu í hættu, heldur ganga svo sanngjarnlega frá því, að líkindi væri til að það yrði afgreitt, ekki einungis frá þessari deild, heldur og frá háttv. efri deild. Eg held, að menn sjái við nánari íhugun, að hér er ekki um mikla fúlgu að ræða, og vér verðum að hafa það hugfast, hvað er bezt og hyggilegast til framkvæmda.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg þarf ekki að tala langt mál í þetta skifti, því að háttv. þm. Mýr. (J. Eyj.) hefir tekið fram sumt það, er eg vildi sagt hafa.

Háttv. samþingism. minn (S. S.) skyldi brt. vora svo, að þessi eftirlaun væri viðbót við eftirlaun þau, sem maður hefði rétt til áður en hann tæki við

ráðherraembættinu. Eg veit ekki hvernig hægt er að skilja þetta svo, og eg býst við, að það yrði engin vandræði fyrir framkvæmdarvaldið að ráða fram úr því. Ekki er annað en að fara eftir 2. gr. laga, 4. marz 1904, um eftirlaun.

Út af því sem þeir háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. samþingism. minn (S. S.) tóku fram, að það væri altaf hægt fyrir þingið að hækka lögmælt eftirlaun, skal eg játa að það er rétt. Vér höfum nú lög um almenn eftirlaun og það koma á hverju þingi fram beiðnir um hækkun á þeim.

Hitt er þó auðsætt, að þingið mun fremur kynoka sér við að hækka eftirlaun, sem áður eru lögmælt með ákveðinni upphæð, en að veita manni, sem engin eftirlaun hefir, eftirlaun með sérstökum lögum.

Eg skal ekki fara langt út í ríkisréttar»teoriur« háttv. þm. Dal. (B. J.) Það, sem hann sagði, er að sumu leyti rétt, en að sumu leyti alveg rangt. — Það er auðvitað, að það sem þingið gerir viðvíkjandi ákveðnu atriði verður að skoðast sem réttur, eða hlýtur að ráða um það einstaka tilfelli, en þarf alls ekki að vera bindandi í öðrum samböndum. Þingið getur t. d. lýst vantrausti á ráðherra. Því verður hann að sleppa völdum. En þar með er alls eigi úrskurðað, hvort hann hafi orðið sekur um nokkurt afbrot í embætti sínu. Tilviljunar-meirihluti getur hafa rekið hann frá, ef til vill algerlega ranglega. Það gegnir þar alveg sama máli og um hinn æðsta dómstól. Úrskurðir hans eru bindandi í ákveðnu máli, en þurfa alls ekki að vera það í öðrum málum. Það er dálítill 18. aldar bragur á þessum skoðunum háttv. þm. Dal. (B. J.) Þær líkjast skoðunum Blackstone's, sem sagði, að »parlamentið« væri almáttugt, en það getur þó ekki gert karl úr konu.

Háttv. þm. er mjög leikinn í því, sem kallað er »skólastik« — hann dregur rökrétta ályktun um eitthvert einstakt atriði, en færir svo þessa ályktun sína yfir á önnur atriði, sem ekki koma málinu minstu vitund við. Það er eins konar »Axiom«, sem hægt er að fylgja í einu atriði, en ómögulegt að færa yfir á öll atriði. Annars er það rangt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að þingið sé það vald, sem alt verði að beygja sig fyrir. Eg vil benda honum á dómstólana, að þeir geta dæmt um það, hvort gerðir alþingis sé lögum samkvæmar — og liggi fyrir úrskurður þeirra um, að svo sé ekki, þá eru menn ekki skyldir að hlýða lagaboði því, er þeir hafa t. d. dæmt brot á stjórnarskránni. Það vill svo vel til, að í Danmörku hefir það komið fyrir nýlega, að hæstiréttur hefir úrskurðað, að danska þingið hafi ekki haft rétt til þess að setja ákveðin lög. *(Bjarni Jónsson:* En þingið getur afnumið hæstarétt). Það er mikið rétt, en meðan svo er ekki, þá verður það að hlíta úrskurðum hæstaréttar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) gæti ef til vill komið og drepið mig, en þangað til hann hefir gert það, get eg sagt um hann það, sem mér sýnist.

Jón Jónsson: Eg er þakklátur háttv. minni hl. nefndarinnar fyrir það, að hann hefir lagt það til, að þetta frv., sem nú liggur fyrir, verði samþ. óbreytt. Mér fellur það illa, að ekki hefir getað orðið samkomulag í nefndinni, þar sem það þó hefir komið fram, bæði í nefndarálitunum og nú við umræðurnar, að allir eru samdóma um það, að eftirlaun ráðherra beri að afnema. Eg get ekki neitað því, að mér virðist talsverð hálfvelgja eða bræðingsbragð að till. háttv. meiri hl. í þessu efni. Eg get ekki betur séð, en ráðherra verði jafnilla settur þótt hann hafi eftirlaun í 2 ár, eins og

þótt þau verði afnumin með öllu. En þessi tillaga háttv. meiri hl. getur líka haft áhrif í aðra átt. Það hefir oft verið talað um, að nauðsynlegt væri að fjölga ráðherrum. Og eg teldi það betur farið, að svo yrði. Stjórn landsins myndi þá fara betur úr hendi og mál myndi verða betur undirbúin en nú á sér stað. En þjóðin hefir verið þessari fjölgun mótfallin af ótta við það, að eftirlaunabyrðin yrði þá altof þung. Eg er í engum vafa um það, að þessi breyting geti gengið greiðlega, undir eins og búið er að afnema eftirlaun ráðherra. Nú gæti eg trúað því, að yrði þessi brt. háttv. meiri hl samþykt, þá gæti það orðið þrándur í götu þessarar ráðherrafjölgunar. Það má vera, að það sé af röngum skilningi manna, en því er nú einu sinni svo farið, að menn sjá í skildinginn og gæti því orðið nokkur töf á þessari breytingu, sem eg tel bráðnauðsynlega, ef brt. meiri hl. verður samþykt.

Það hefir líka vakað fyrir flutningsmönnum þessa frv., að fá öll eftirlaun afnumin yfir höfuð. Það gæti þá verið sigurvænlegt þeirri stefnu að byrja á eftirlaunum ráðherra. — Hin fengist þá frekar afnumin á eftir.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd, hvort ráðherra sé beittur óréttí með þessu frv. eða ekki, þá skal eg geta þess, að ráðherra er svo hátt settur maður, að hann hefir á eftir greiðan aðgang að góðum embættum, hafi hann verið embættismaður; þarf hann því einskis í að missa. Hafi hann ekki verið embættismaður áður, þá hlýtur hann samt að eiga svo mikið undir sér, að honum sé trygt að geta lifað góðu lífi á eftir. Hann er heldur alls ekki neyddur til — sé hann t. d. kaupmaður — að selja verzlun sína. Honum ætti ekki að vera neinn hörgull á því, að fá góðan mann til að veita henni forstöðu meðan hann gegndi embættinu. Og svo mun vera um flestar aðrar stöður, sem hann neyddist til að sleppa að sinni. Mér virðist því þessi tillaga hv. meiri hluta ekki eingöngu vera óþörf, heldur til ills eins. Hún gæti orðið hvatning fyrir ráðherra til þess að hafast ekki að, þar sem þeir gæti alt af lifað góðu lífi á eftirlaunum sínum meðan þeir hafa rétt til þeirra.

Þá skal eg drepa lítið eitt á þriðju brtill. hv. meiri hluta. Mér finst það allóviðfeldið og alls eigi eiga við, að ætla að skylda ráðherra til þess að setjast í eitthvert embætti þegar hann sleppir ráðherrastörfum. Vér verðum að ætla, að ráðherrar verði þeir einir menn, sem ósæmilegt væri að setja slíkar reglur í lögum. Annað mál væri það, að flokkar þeir, sem hann styddi til valda, setti honum einhver slík skilyrði, en í lögunum sjálfum á svona ákvæði ekki heima.

Satt að segja virðist mér tillögur hv. meiri hluta miða að því að skapa glundroða í þessu máli og geta gert það að verkum, að frumv. fari út úr deildinni sem veruleg ómynd. Vér verðum líka, ef hugur fylgir máli, að reyna að sjá málinu farborða gegnum alt þingið, en ekki að eins þessa deild. En verði tillögur háttv. meiri hl. samþyktar, þá álít eg mjög tvísýnt um, að svo fari.

Eg vænti því, að háttv. deild sjái svo sóma sinn, að hún samþykki þetta frumvarp óbreytt.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þskj. 184 feld með 16 atkvæðum gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Einar Arnórsson	Benedikt Sveinsson
Jóhann Eyjólfsson	Bjarni Jónsson

Já.	*Nei.*
Magnús Kristjánsson	Björn Hallsson
Matthías Ólafsson	Björn Kristjánsson
	Guðm. Eggerz
	Hjörtur Snorrason
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Sigurður Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Fjórir þingmenn fjarstaddir.

Breyt.till. á þskj. 82 tekin aftur.

1. gr. frv. sþ. með 20 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Guðmundur Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Matthías Ólafsson	
Sigurður Gunnarss.	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson	

Eggert Pálsson og Magnús Kristjánsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir með meiri hlutanum. Fimm þingm. fjarstaddir.

2. brtill. á þskj. 184 samþ. með 20 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
MagnúsKristjánsson	
Matthías Ólafsson	
SigurðurGunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson.	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson og Björn Kristjánsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir með meiri hlutanum. Fimm þingmenn fjarstaddir.

3. breyt.till. 184 fallin með samþykt 1. gr.

4. breyt.till. 184 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkvæðum.

Á 24. fundi Nd., miðvikud. 29. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 256).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 15 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

16. Vörutollur II.

Á 11. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912 (þskj. 80).

Á 13. fundi Nd., fimtud. 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg er ekki vanur að ónáða hv. deild með frumv. um breytingar á eldri lögum, og allra sizt nýjum lögum. En það ber alveg knýjandi nauðsyn til þess, að nema úr gildi breytingu síðasta þings á vörutollslögunum. Orsökin til þessa er sú, að sú breyting var aldrei bygð á sama grundvelli og vörutollslögin sjálf, og það verður til þess, að bæði tollheimta af vörunum og endurskoðun tollreikninganna lendir í standandi vandræðum. Og þó að þessir embættismenn vildi nú sætta sig við það, að innheimtan yrði ekki til hlítar rétt, heldur að eins svona hér um bil, þá er það auðsætt, að ekki má við svo búið standa, heldur verður að breyta lögunum. Grundvöllur vörutollslaganna er nú sá, að tollurinn skuli vera innheimtur samkvæmt *nafni* vörunnar á farmskrá og eftir þunga. Þess vegna verða lögin að tilgreina nöfn varanna, eins og vant er að rita þau á skrárnar, því að annars lendir tollheimta og endurskoðun í vandræðum. Þessa hefir ekki verið gætt í þessum lögum frá síðasta þingi, og því fór sem fór. Skal eg nú leyfa mér að skýra málið með nokkrum dæmum.

Í 1. gr. laga frá 22. okt. 1913, er talað um það, hvaða vörur eigi að komast inn í 1. lið 1. greinar vörutollslaganna. Þar er meðal annars nefnt »smjörsalt«. Nú er á öðrum stað í lögunum lagður sérstakur tollur á salt alment. Tollheimtan getur ómögulega greint það sundur í hverju einstöku tilfelli, hvers konar salt um sé að ræða, því að aldrei er »smjörsalt« nefnt á farmskrá, heldur einungis salt. Þetta getur því ekki staðið svo í lögunum.

Í öðru lagi er talað um »alls konar skepnufóður«. — Í fyrri lögunum var alls konar kornvörufóður fært undir þennan lið. Þetta ákvæði snertir því ekki kornfóðurtegundir, heldur aðrar fóðurtegundir, og hljóta það að vera olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl og þ. h. Það verður því nauðsynlegt að taka upp í lagatextann nöfn á þeim fóðurtegundum, sem búist er við að til greina komi, og ef nýjar bætast við, þá að bæta þeim inn með nýjum lögum jafnóðum.

Þá er í 3. lagi segldúkur. Það átti að ívilna sjómönnum með því að hafa lægri toll á honum, en annari álnavöru. Það kemur nú oft fyrir, að hann er sendur sérstakur, en líka stundum hafður með öðru. Ef hann er sendur sérstakur, þá er nú flutningsgjaldið fyrst og fremst nálega helmingi lægra en ella; og ef tollurinn ætti einnig að vera mun lægri, þá fer freistingin að verða allmikil til þess, að búa um aðrar vörur með honum, svo sem stumpasirz, léreft, molskinn o. fl. Þetta er því beinlínis til þess að opna mönnum leið til tollsvika. — Enn er seglgarn, sem ýmist er kallað því nafni, af því að það var upphaflega notað við seglasaum, eða þá netjagarn. Það er einnig stundum sent með öðru, en stundum sérstakt, og er því ekki ábyggilegt að tolla það sérstaklega. Og strigi. — Hvað er strigi? Löggjafinn mun hér sérstaklega hafa átt við umbúðastriga utan um fisk, en eins og þetta er nefnt, þá getur það alveg eins átt við striga, sem notaður er í millifóður, eða striga sem notaður er í vestisboðunga eða í hnakkdýnur o. m. fl., sem alt eru mismunandi strigategundir og sem má búa um með allskon-

ar vefnaðarvöru annari, og þá er sjálfsagt að tolla strigann með henni.

»Ullarsekkir« eru nefndir sérstakir í lögunum. Það nafn sést víst ekki í farmskrám, heldur eru ullarsekkir nefndir að eins sekkir. Enda er ekki ástæða til þess, þó að pokar sé sendir til Íslands, að hafa krónutoll á einni tegund þeirra, en 25 aura toll á annarri. Sama er að segja um sléttuvoðir (pressenningar). Þær eru ekki nefndar svo á farmskrám, það skyldi þá vera þegar þær eru tjargaðar eða málaðar. En þetta verður alt að heyra til sama flokksins, ef vel á að vera. Eins er um mottur. Þær eru fleiri til en fiskmottur, og verða ekki aðgreindar.

»Vélaáburður« er aldrei nefndur svo á farmskrám, heldur tegundirnar, »Grænolía«, «Cylinderolía«, eða þvílíkt. Þetta kemur í tunnum og lögin verða því að tilgreina rétta nafnið.

Það getur staðist, að kaðlar og fiskilínur sé í sérstökum flokki, því að venjulega koma þessar vörur í sérstökum umbúðum. En um »fiskinet« er oft búið um með öðru, og geta þau því ekki tollast sérstaklega. »Ljáblöð« ekki heldur, því að þau koma iðulega með annari járnvöru. Einkennilegt er að hafa járnkarla og sleggjur sérstök, því að slíkt flyzt með annari járnvöru. Og hver er líka munurinn á hamri og sleggju? Hver á þyngdin að vera til þess að hluturinn heiti sleggja? Um það segja lögin ekki. Sama er um steðja. Þeir munu vera sendir sér, ef þeir eru mjög stórir, en þá nota fáir, þeir smærri eru sendir með járnvörum. Akkerisfestar er eitt. Þar hefði mátt standa skipskeðjur, en í akkerisfestar má nota vírstrengi og kaðla o. s. frv.

Þá eru járnbitar til »húsagerðar« sérstakir. Hvernig á lögreglustjóri að geta vitað um, hvort þeir eru notaðir til »húsagerðar«? Á farmskrá stendur aðeins »járnbitar«, og þeir eru líka notaðir til brúargerðar, í bryggjur o. fl. Eða »spengur, rær og gaddar«! Svo eru þessar tegundir eigi nefndar á farmskrá, svo að örðugt verður að gera við þessu. Gaddar gæti t. d. vel heyrt undir saum. Þessari ónákvæmni allri þarf að breyta, því að lögin eiga að vera svo, að tollheimtumenn geti innheimt eftir þeim. *Nöfn* varanna verða að haldast í hendur í lögunum og á farmskrám, og þetta vona eg að háttv. þm. skiljist, því að eftir 3. gr. laganna frá 1912 á að fara eftir nöfnum varanna á skránni og vigt þeirra.

Eg sé, að rétt hefði verið að hafa hér eina gr. um það, að lögin gangi í gildi 1. jan. 1915, og má enn bæta því við. Fleira mætti benda á, t. d. reglu í 9. gr. um endurgreiðslu á tolli, þegar vörur eru endursendar til útlanda. Það getur staðið svo á, að það sé óhentugt og kostnaðarsamt, ef umbúðir eru endursendar, og mætti kippa þessu í lag og gera það einfaldara. Eg skýt þessu fram til athugunar fyrir nefnd þá, sem væntanlega fær að fjalla um málið.

Eg vona að frv. verði vel tekið og það fái greiðan framgang, og leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd að umr. lokinni.

Magnús Kristjánsson: Háttv. flutningsm. (B. Kr.) gat þess, að hann hefði komið fram með þetta fyrirliggjandi frv. af knýjandi nauðsyn. Þessa nauðsyn get eg með engu móti komið auga á. Eg álít meira að segja miklu betra að láta sitja við það sama, heldur en að samþykkja þetta frumv. Það er að vísu satt, að háttv. flutningsm. á þakkir skilið fyrir að vera fyrsti hvatamaður þess, að þessi lög komust fram,

en eg álít samt ekki rétt af honum að vera á móti öllu, sem gert er í þessu máli, þótt hann sé ekki við það riðinn. Það sem hann gerir er varla svo fullkomið, að ekki sé hægt að bæta það að einhverju leyti.

Háttv. flutnm. (B. Kr.) sagði, að starf þingsins í fyrra í þessu máli hefði verið lítilsvirði. Þetta finst mér vera að lítilsvirða þá menn, sem fjölluðu um málið í fyrra í nefnd þeirri, sem þá hafði málið til meðferðar. Og eg sé satt að segja enga ástæðu til þessara ummæla, enda þori eg að fullyrða, að þau munu af flestum, sem til þekkja, og óhlutdrægt líta á málið, verða talin ómakleg og ástæðulaus.

Nefndin, sem um þetta mál fjallaði í fyrra, gerði sér far um að vinna í samráði við þá menn, sem hún taldi færasta til að fjalla um þetta mál, t. d. mikilsvirta kaupmenn, bæði hér og út um land, og eins við innheimtumenn tollfjárins hér í Reykjavík og víðar. Innheimtumaður tollfjárins hér í Reykjavík var oftar en einu sinni til staðar á fundum nefndarinnar, enda hlýtur hann að vera allra manna kunnugastur öllu, sem að þessu máli lýtur, og engu var slegið föstu í nefndinni, sem hann ekki taldi vel framkvæmanlegt.

Eg skal ekki fara inn á einstök atriði frv. þótt háttv. flutningsm. (B. Kr.) gerði það, mér finst að það eigi fremur við við 2. umr., en mér þótti hann gera of mikið úr þessum grundvelli, sem hann sagði, að lögin væri bygð á. Mér finst að þingið eigi óhægt með að ráða við það, hvað þessi og þessi maður í útlöndum nefnir þá vöru, sem hann sendir til landsins. Eg get ekki búist við, að vér getum hindrað það, að vörur sem settar eru á farmskrár, sé nefndar ýmsum öðrum nöfnum en þeim, sem í lögunum standa.

Mér finst það sjálfsagður hlutur, að þeir, sem látnir eru innheimta tollinn, sé svo vel að sér, að þeir geti séð hvað heyrir undir hverja einstaka tolltegund af því sem á farmskrá stendur í það og það skifti.

Að nokkuð verði erfiðara að fara kringum lögin, ef þetta frumv. verður samþykt, get eg ekki séð, enda er það skoðun mín, að þeir sé mjög fáir, sem nokkra viðleitni hafa í þá átt.

Eg get ekki séð, að þetta frv. létti á nokkurn hátt verk þeirra, sem hafa á hendi innheimtuna og tollgæzluna, og álít að það sé fremur komið hér fram af óþarfa tilfinningasemi, en af knýjandi nauðsyn. Það er nú orðið svo lítið eftir af þeim tíma, sem ætlast var til að vörutollslögin stæði í gildi, að eg sé ekki ástæðu til að tefja tíma þingsins með óþarfa breytingum á þeim.

Eg verð á móti því, að þetta frumv. fari lengra, en það er þegar komið. En hvort nefnd verður sett í það liggur mér í léttu rúmi, ef það annars verður látið fara lengra.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) gaf það í skyn, að eg þyldi ekki að breytingar væri gerðar á vörutollslögunum, af því að eg hefði samið þau og flutt upphaflega. Eg get fullvissað háttv. þm. um það, að þetta frumv. stendur ekki í minsta máta í sambandi við þessa orsök. Annars hélt eg, að eg hefði sýnt ljóslega fram á það, af hverju eg vil láta breyta lögunum, svo ljóst, að hver þingmaður ætti að skilja. Að eg tek ekki illa upp þótt komið sé með breytingar við frumv. mín, sýnir það bezt, að eg tek upp í þetta frumv. margar þær breytingar, sem síðasta þing gerði á lögunum.

Eg get ekki séð, að það sýni nokkra lítilsvirðingu frá minni hálfu á störfum síðasta þings, þótt eg komi með breyt-

ingartillögur við lög, sem þá vóru samin. Ef svo væri, að það sýndi lítilsvirðingu, þá væri nokkuð margir samsekir mér. Að eg kem með þessa breytingu nú er blátt áfram af því, að nefndin, sem fjallaði um þetta mál í fyrra, áttaði sig ekki á því, hvað væri grundvöllur vörutollslaganna frá 1912.

Háttv. þm. (M. Kr.) sagði, að nefndin í fyrra hefði starfað í samráði við tollheimtumanninn hér í Reykjavík. Eg vissi það, en eg vissi líka, að hann hafði ekki fremur en nefndin áttað sig á, hvaða grundvelli lögin vóru bygð á.

Háttv. þingm. (M. Kr.) sagði, að eg mætti ekki gera ofmikið úr grundvellinum, sem lögin væri bygð á. Vill ekki háttv. þingm. segja mér eftir hverju á að fara við lagabreytingu, ef það er ekki grundvöllurinn fyrir frumlögunum, sem taka verður tillit til, ef þau annars eru látin vera í gildi? Meðan lögin eru í gildi, verður að halda sér við þann grundvöll, sem lögin eru bygð á, en vilji alþingi falla frá honum, er ekki annað fyrir hendi en að fella lögin úr gildi.

Háttv. þingm. (M. Kr.) sagði, að ekki væri hægt að fyrirskrifa útlendum kaupmönnum, hvað þeir kallaði þær vörur, sem þeir setti á farmskrár. Þetta er alveg rétt. En það er líka það, sem eg hefi alt af haldið fram, að vér yrðum að sníða vörunöfnin í lögunum *eftir því, sem á farmskránum stæði.* Ef það er ekki gert, er ómögulegt að fara eftir þessum lögum.

Háttv. þingm. (M. Kr.) sagði, að hann teldi sjálfsagt, að tollheimtumennirnir væri svo vel að sér, að þeir geti vitað um hvað alt, sem stæði á farmskránum, væri. Þetta er alveg ómögulegt fyrir nokkurn mann, nema með því að láta *tollskoðun* fara fram, og til þess vantar fjölda af launuðum tollgæzlumönnum. Eg hygg, að á meðan ekki er veitt fé til tollskoðunar, sé ekki annað vænna, en að gera lögin þannig úr garði, að tollheimtan verði sem hægust og ábyggilegust *án* vörurannsóknar.

Það getur verið, að þessi háttv. deild vilji láta þessa breytingu bíða til næsta þings, með það fyrir augum, að þá er tími sá, sem lögin eru í gildi, útrunninn. Eg hygg, að heppilegra muni að laga galla laganna nú strax, því að óhæggari mun tollheimtan næsta ár, ef það er ekki gert.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meir, en vona að háttv. deild sýni málinu þann sóma, að skipa nefnd í það.

Bjarni Jónsson: Mér finst þetta eiginlega dálítið skrítið frumv. Breytingin, sem það vill gera á gildandi lögum, er ekki önnur en sú, að gera lítilsháttar orðabreytingar frá því sem gert var í fyrra. Og þó er það ekki fært undir þá málvenju, sem höfð er meðal verzlunarmanna, því að þeir sem senda bögglana frá útlöndum, skrifa víst ekki hreina íslenzku, þeir rita víst fremur aðrar tungur.

Að gera eins mikið og háttv. flutningsm. (B. Kr.) gerir úr þessum orðagrundvelli, held eg að sé þarfleysa. Eg hygg, að nöfn varanna sé ekkert grundvallaratriði í þessu máli, því að kaupmenn geta látið þá, sem vöruna senda, setja það nafn á böggulinn, sem þeir vilja, þannig, að varan falli undir vissan toll. Eg finn hvergi í þessu frumv. þá breytingu, sem nefndin í fyrra setti inn í lögin, að bátar skuli vera tollaðir. Eg tel það miklar skemdir á lögunum, ef á að hætta að tolla báta, miklu betra að menn smíði þá sjálfir hér heima.

Sá eini grundvöllur, sem tolllög eiga að byggjast á er, að miða tollinn við verð vörunnar. Og lög í þá átt hljóta

að taka við af þessum, en að fara að lappa upp á þessi skrípalög tel eg þarfleysu, ekki sízt þegar það er vitanlegt, að þau eiga nú að eins 1 lífsár eftir.

Eg skal engar getur að því leiða, hví háttv. flutningsm. (B. Kr.) er svo mikið áhugamál að breyta þessum lögum nú á þessu þingi, en eg veit hitt, að mikið er leggjandi upp úr starfi nefndarinnar í fyrra. Hún starfaði í samráði við Vigfús Einarsson lögfræðing, þann sem hefir innheimtuna á tollum hér í Reykjavík á hendi, allar breytingar hennar vóru gerðar í samráði við hann, og eg þori að fullyrða, að háttv. flutningsm. hefir aldrei heyrt hann kvarta um, að breytt hafi verið til hins verra.

Eg er á sama máli og háttv. þm. Ak. (M. Kr.), að mér er sama þótt nefnd sé sett í málið, en tel það gagnslaust, því frumv. eins og lögin í heild sinni bera í sér sjálf sitt dauðamein.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Tillaga um 5 manna nefnd samþ. með 13 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Björn Kristjánsson
Matthías Ólafsson
Benedikt Sveinsson
Þórarinn Benediktsson
Magnús Kristjánsson.

Á 20. fundi Nd., föstud. 24. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj. 80, n. 166).

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eins og nefndarálitið á þskj. 166 ber með sér, leggur nefndin til að samþykkja frumv. með nokkrum breytingum. Skal eg nú gera nokkra grein fyrir þeim í sambandi við vörutollslögin frá 1912 og 1913.

Í samanburði við lögin frá 1913 er þá fyrsta breytingin sú, eftir þessu frumv. og breyt.till. á þskj. 166, að bætt er inn í 1. lið 1. gr. laganna frá 1912 (ódýrasta tollflokkinn) þessum vörum: Sóda, krít, eldföstum leir, karbid, benzíni, þakhellum og tómum flöskum.

Önnur breytingin er sú, að undir 2. lið 1. gr. kemur nú fyrst og fremst það, sem talið er upp í 4. gr. frumv.: Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl o. s. frv., og svo auk þess nokkrar vörutegundir, sem nefndin hefir komið sér saman um (þgskj. 166, breyt.till. 2), og staðið höfðu í lögunum frá 1913. Þetta er lagt til að fært verði í 25 aura flokkinn (af hverjum 100 pd.), og nenni eg ekki að telja það alt upp.

Þriðja breytingin er sú, að undir 5. lið 1. gr. (tollur 3 aurar af teningsfeti) eru fluttir bátar þeir, sem nú eru tollskyldir.

Fjórða aðalbreytingin er, að undir tollfrjálsar vörur í 6. lið 1. gr. bætist: pappír, tilbúin áburðarefni, steinlímspípur, leirpípur og sandur.

Loks er 5. breytingin, að gjald af póstböglum skuli tvöfaldast.

En sé nú borið saman við lögin frá 1913, þá er 1. breytingin sú, að orðið »Skifer« fellur burt, því að þakhellur geta verið af fleira tagi, bæði úr leir og cementi. 2. breyting, að í stað orðanna »alls konar skepnufóður« kemur upptalning á ákveðnum fóðurtegundum. 3. Segldúk er slept, eins og 1912, og hann látinn teljast með annari vefnaðarvöru. Sama er að segja um seglgarn og striga, og liggur það í því, að þessar vörur verði sjaldan greindar frá öðrum. 4. Ullarsekkir eru nú nefndir tómir pokar. 5. Fléttuvoðum og »mottum« er slept. 6. Strigaábreiðum líka. Svo er orðinu »vélaáburður« breytt í ákveðna tegund, sem getur heyrt undir vissan flokk. Eftir því getur lögreglustjóri

innheimt tollinn, en alls ekki eftir nú gildandi lögum. Þá er slept úr lögunum að tilgreina kork og fiskinet. Bæði er nú að mestu hætt að flytja þessar vörutegundir inn og í öðru lagi er nú að mestu hætt að nota kork, heldur nota menn nú netakúlur. Þá eru netakúlur færðar í 1. flokk laganna, og kemur það af því, að þær eru mjög verðlitlar, en aftur þarf að greiða af þeim mikið burðargjald.

Þá er felt burtu ljáblöð, spengur og rær, því að áður gat lögreglustjóri ekki áttað sig á, hvernig tollurinn af þessu yrði fenginn, því að þessi nöfn standa ekki á neinum farmskrám. Þá eru »járnbitar til húsagerðar«, gerðir að »járnbitum«, þá er hægt að átta sig á því. Áður gat enginn vitað til hvers járnbitarnir ætti að vera, og því ekki hvaða toll af þeim skyldi greiða.

Sú breyting, að greiða skuli toll af 5 kgr. minst, í stað 10 áður, finst mér vera mjög smávægileg. Hún er að eins gerð til þess að færa vörusendingar í samræmi við póstsendingar. Loks skal þess getið, að vér höfum breytt, með því að setja orðið »sandur« inn, í stað sandur til járnsteypu. Sömuleiðis er, samkv. þessum breytingum ekki ætlast til að greiddur verði tollur af heyi, en hann hefir verið greiddur áður.

Þá skal þess loks getið, að vér höfum bætt inn í nýrri gr., sem þá verður 4. gr., um það, að lög þessi skuli öðlast gildi 1. jan. 1915.

Þetta er þá í stuttu máli gerð grein fyrir helztu breytingum, sem þetta frv. hefir í för með sér.

Eg skal geta þess, að eg hefi fallist á sumt af því, sem nefndin leggur til, einungis af því, að eg vildi vinna að samkomulagi í nefndinni, en ekki af því, að eg væri því fyllilega samþykkur. Eg vildi taka tillit til svo margs, og hafði því flokkað vörurnar eftir verðmæti o. fl., en sumt af því var ekki tekið til greina í nefndinni. Einn háttv. samnefndarmaður minn skrifar undir með fyrirvara, og mun haun að sjálfsögðu gera grein fyrir því, í hverju hann greinir á við nefndina. En yfirleitt held eg að nefndin hafi verið sammála um, að leggja til að lögunum yrði breytt.

Eg vona að þetta frv. verði samþykt með br.till. vorum, því að eg skil ekki í því, að lögreglustjórum verði þá vandræði úr því að innheimta tollinn, og viss er eg um það, að allar breytingarnar eru til bóta.

Magnús Kristjánsson: Eg gat þess, þegar þetta mál kom til 1. umr. hér í deildinni, að eg teldi það ekki miða til bóta að samþykkja þetta frv., og er eg á sömu skoðun enn.

Árið 1912 var tekið það óyndisúrræði að samþykkja þessi vörutollslög, til þess að reyna eitthvað að bæta í það skarð, sem varð í tekjur landsins þegar aðflutningsbannslögin gengu í gildi. Eg skal ekki fara út í réttmæti bannlaganna, en að eins geta þess, að vinfangatollurinn var að miklu leyti goldinn af útlendingum, og það með þeirra frjálsum vilja. Afleiðingin af bannlögunum varð svo, að vér fengum þessi lög.

Eg þykist mega fullyrða það, að þegar á þinginu 1912 hafi mörgum þingmönnum verið það ljóst, að þessi lög vóru þannig í garðinn búin, að ekki yrði við þau unað til langframa. Það kom líka fram þegar á 1. ári, að margir vóru mjög óánægðir með þau, og heyrðust víða að kvartanir yfir þeim, og fjöldamargar fyrirspurnir komu til stjórnarráðsins um það, hvernig ætti að skilja þau í ýmsum greinum. Þetta var ekki nema eðlilegt, þegar á það er litið, hve lítill undirbúningur var við þau hafður. Á þinginu 1912 var mikið deilt

um það, hvort þessi lög ætti að ganga fram eða ekki. Margar tillögur komu fram um það, hvernig ætti að fara að því að auka tekjur landssjóðs, og var mjög mikið um þær rætt. Þessi till. var svo samþykt undir þinglok, mest vegna tímaleysis, því að alt var komið í óvænt efni um það, að einhver lög yrði samþykt til þess að auka tekjur landssjóðsins. Menn geta af þessu séð, að það var ekki nein furða þótt misfellurnar kæmi fljótt í ljós, enda beið það ekki lengi.

Síðasta þing, 1913, tók það svo til ráðs að reyna að lappa eitthvað upp á lögin, breyta þeim og bæta þau í ýmsum greinum. Var málið sett í nefnd, og ræddi hún málið á mörgum fundum og yfirvegaði það mjög nákvæmlega. Nefndin sá sér þó ekki fært að koma með eins gagngerðar breytingar á lögunum, eins og hún áleit þurfa til þess, að nokkurnvegin yrði við þau unandi, því að það er gagnslaust að vera að koma með það, sem hægt er að ganga út frá vísu, að ekki fáist samkomulag um, þótt það sé það, sem maður vildi helzt kjósa að næði fram að ganga.

Aðalstarf nefndarinnar í fyrra, gekk því í þá átt, að reyna til að bæta úr þeim aðalgalla laganna frá 1912, að ekki var tekið tillit til þess, hvort verðmæti vörunnar var mikið eða lítið. — Þetta ranglæti reyndi nefndin að jafna, með því að færa ýmsar vörutegundir, einkum nauðsynjavöru, úr krónu tolli niður í 35 aura gjald. Helzt var þetta gert við þær vörur, sem fátækt fólk þarfnast nauðsynlega, sér til framfæris, og þá jafnframt ýms nauðsynleg framleiðslutæki.

Nú virðist mér, að með þessu frv. sé verið að raska mjög því, sem nefndin í fyrra lagaði, og það verð eg að telja mjög óheppilegt. Eg hlýt því af þessum ástæðum að vera á móti því, að þetta frv. fái fram að ganga. Sérstaklega vil eg taka það fram, að eg er því mótfallinn að margar vörur eru nú færðar í hærri flokk heldur en þær vóru í áður.

Nú mætti ef til vill segja, að lítil ástæða hafi verið til fyrir mig að vinna í nefndinni í sameiningu við hina, úr því að svo mikill skoðanamunur var, sem eg hefi nú gert grein fyrir. Þetta er að nokkru leyti rétt, en þó taldi eg réttara að segja mig ekki að öllu leyti úr allri samvinnu við háttv. samnefndarmenn mína, því að eg taldi víst, að ekki myndi takast að fella frv., en hafði þó heldur tækifæri til að fá einhverju kipt í lag, ef eg vann með í nefndinnni, heldur en ef eg kom þar hvergi nærri, hélt að mér myndi þá fremur takast að gera frv. þolandi.

Háttv. framsögum. hefir nú gert grein fyrir þeim helztu breytingum, sem í frv. felast. Þó vildi eg tala dálítið nánara um þær, til þess að háttv. deild glöggvi sig betur á þeim. Breytingarnar er þá þessar. Við fyrsta lið fyrstu greinar bætast netakúlur og tómar flöskur, en smjörsalt fellur burt. Þetta eru mjög smávægilegar breytingar, sem enga þýðingu hafa.

Aðalbreytingin, sem frumv. gerir er sú, að margar nauðsynjavörur eru færðar úr 25 aura tolli í krónu toll. Til þess að menn sjái, hver sanngirni er í þessu fólgin, skal eg lesa það upp, hverjar þessar vörur eru. Þær eru þessar: Segldúkur, strigi, fiskinet, korkur, ljáblöð, járnkallar, sleggjur, steðjar og vélaáburður. Það sjá allir, að þetta er alt nauðsynjavörur, og sýnist mér engin sanngirni vera í því fólgin að hækka tollinn á þeim, frá því sem síðasta þing setti hann.

Þá er önnur breytingin í því fólgin að gefa vörurum önnur heiti og sundurliða þær. Skepnufóður er t. d. sundur-

liðað þannig: Olíufóðurkökur, melasse, melassemjöl, kjötfóðurmjöl og fiskifóðurmjöl. Sumt af þessu finst mér að sé mjög óviðfeldin nöfn, en það út af fyrir sig hefir reyndar ekki mikla þýðingu.

Það finst mér til bóta, að inn í þennan lið er bætt gufukötlum, gufuvélum, gufuvögnum og bifreiðum. Þá er bætt við 6. lið heyi og steinlímdum pípum. Það er einnig til bóta, það sem það er, en hefir ekki mikla þýðingu.

Samkvæmt lögunum frá 1912 var ekki reiknað gjald af minni sendingum en 25 kilo. Á þinginu í fyrra var þetta svo fært niður í 10 kilo, og samkvæmt þessu frumvarpi á nú að borga toll af hverri sendingu, sem er 5 kilo að þyngd. Eg skal játa það, að þetta hefir ekki mjög mikla þýðingu, en það er þó heldur til að gera almenningi erfiðara fyrir en hitt, að vera sífelt að breyta þessum lögum.

Loks skal eg geta þess, að ætlast er til að á eftir 3. gr. laganna komi ný grein um það, að lögin skuli öðlast gildi 1. janúar 1915.

Það er nú ekki orðinn mikill tími eftir af þeim, sem ætlast var í upphafi til að lögin gilti. Ef þau yrði framlengd, þá þyrfti að taka flokkunina til rækilegrar íhugunar. Eg álít alveg rangt að binda sig við það eitt, að innheimtan verði sem léttust, heldur verður líka að taka tillit til efnahags almennings og fleira, sem eg skal ekki tala um í bráðina ef ekki verður við umræðurnar gefið tilefni til að tala um það nánara.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg get byrjað þar sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) endaði. Hann sagði, að ef vörutollslögin yrði framlengd, þá þyrfti að taka flokkunina til rækilegrar íhugunar, og taka tillit til margs, sem henni kemur við. Þetta er rétt. En þetta hefir alþingi ekki gert hvorki í fyrra né nú. Það sem sérstaklega þarf að leggja áherzlu á er:

að leggja tollinn á hverja vörutegund *eftir punga,*

að leggja tollinn á vöruna *eftir því sem hún er nefnd á farmskrá,* svo innheimtan þurfi enga tollrannsókn,

að skipa vörutegundunum í flokka *með tilliti til verðmætis,*

að hafa tollgjaldsmuninn milli flokka svo lítinn, að eigi borgi sig að skifta um umbúðir vöru, eða að búa um vörur mismunandi flokka saman til þess að vinna á því í tollinum.

Alls þessa verður að gæta.

Eg raðaði í flokka eins og eg bezt hafði vit á, en alþingi í fyrra vildi ekki fallast á það. Þess vegna hefir sá grundvöllur verið brotinn.

Háttv. þingmaður gat þess í upphafi ræðu sinnar, að vörutollslögin hefði verið samin til þess að ná einhverjum peningum inn í staðinn fyrir vínfangatollinn, sem hann sagði, að aðallega hefði verið greiddur af útlendingum. Það er rétt, að vörutollurinn kom í stað vínfangatollsins, en hvað hinu viðvíkur, þá vil eg benda honum á, að útlendingar greiða miklu meiri toll í landssjóð af vörutollinum, en eftir fyrri tollunum, því að nú borga þeir toll af *öllum* nauðsynjum sínum er þeir kaupa hér. Eg skal t. d. nefna kol, sem útlendingar kaupa hér miklu meira af heldur en vér Íslendingar sjálfir, eins og eðlilegt er. Í þessu tilliti er vörutollurinn miklu hagkvæmari heldur en vínfangatollurinn.

Þá sagði háttv. þingmaður, að þegar á fyrsta ári hefði komið margar kvartanir til stjórnarráðsins yfir vörutollslögunum. Það er ekki hægt að sjá, að miklar umkvartanir hafi komið fram, því að frumvarpið sem stjórnin lagði fyrir þingið 1913, er eins og eg skal sýna háttv. þingmönnum, að eins $4^1/_2$

lína á lengd, og eru þar í allar þær breytingar, sem stjórnin fann ástæðu til samkvæmt umkvörtunum, að leggja til að gerðar væri á lögunum frá 1912, svo að varla hafa umkvartanirnar verið mjög miklar. Eg hefi heldur hvergi heyrt umkvartanir yfir vörutollslögunum, þvert á móti hefir fólk alment sætt sig vel við þau og lögreglustjórar einnig.

Það var rétt, sem háttv. þingmaður sagði, að á þinginu 1912 vóru ýmsar stefnur uppi um tolla fyrirkomulag. En þar vóru allar kveðnar niður nema þessi um vörutollinn, því að engin önnur gat komið til greina, nema að um leið væri komið á fót *almennri tollgæslu og henni fullkominni*, sem menn kinoka sér við kostnaðarins vegna. Þessi lög miða að því *að komast hjá tollgæzlu* í lengstu lög. Enginn veit, hvað fullkomin tollgæzla mundi kosta Ísland; það yrði afarmikið í svo stóru og strjálbygðu landi og auk þess óábyggilegt.

Háttv. þingmaður (M. Kr.) gat þess, að með þessu frumv. væri gengið inn á þá braut að hækka toll á nauðsynjavöru. Þetta er rétt að sumu leyti. En mér er spurn: Hvar á að taka tollinn, ef ekki á að taka hann af neinni nauðsynjavöru? Eg hygg, að ef háttv. þm. Ak. (M. Kr.) hefði verið eins mikið kappsmál eins og hann lætur, með að hækka ekki toll á neinni framleiðsluvöru, þá hefði hann ekki lagt kapp á að *bátar* yrði tollaðir.

Nefndin komst annars að þeirri niðurstöðu, að hækkunin, sem þetta frumv. hefði í för með sér á tollinum, yrði fjarska lítil, en lækkunin í fyrra nam um 40 þús. krónum.

Annað, sem háttv. þingm. mintist á var slíkt smáræði, að eg nenni ekki að vera að tala frekara um það.

Það er nú stuttur tími eftir, sem þessi lög eiga ólifaðan, en verði þau framlengd, þá þyrfti að endurskoða þau, ef þetta frumvarp gengur ekki fram, og þarf þá að taka tillit til alls þess, sem eg hefi bent á hér að framan. En eitt vil eg benda á, og það er, að það er alls ekki á færi þingsins að vera að breyta þessum lögum. Stjórnarráðið verður að gera það með aðstoð þeirra manna, sem bezt hafa vit á málinu.

Magnús Kristjánsson: Eg hefi litla ástæðu til að standa upp, enda skal eg ekki tala langt. Eg skal þá hafa sömu aðferð, sem háttv. framsögum. (B. Kr.) og byrja þar sem hann hætti.

Hann sagði, að það væri ekki á færi þingmanna, að endurskoða vörutollslögin, og skal eg kannast við, að hann hefir nokkuð til síns máls. En þetta sannar einmitt það, sem eg held fram, að réttara sé að láta breytingar á lögunum bíða næsta þings, enda þetta frumv. ekki til bóta.

Háttv. framsögum. (B. Kr.) þóttist sýna fram á, að ástæður mínar gegn frumv. þessu væri rakalitlar, vegna þess að gjaldið væri ekki hækkað að mun með frumv. Þetta er ekki rétt hjá háttv. þm., því að aðalbreytingar frumv. miða að því, að hækka gjaldið af nauðsynjavörum, en ekki lækka.

Háttv. framsögum. (B. Kr.) hélt því fram, að þegar lögin hefði verið samin, þá hefði verið tekið hæfilegt tillit til alls, sem eg sagði. Þetta er ekki rétt. Aðaláherzlan var lögð á það, að gera innheimtuna sem auðveldasta. En það er fleira, sem athuga þarf, en innheimtan ein. Það er eitt aðalatriði, sem gerir lögin óheppileg, en það er, að með þeim eru lagðar miklu þyngri kvaðir á þann hluta þjóðarinnar, sem sízt getur þolað þung gjöld og skatta. Þetta gjald hvílir langþyngst á fátæklingunum, og það á vörum, sem þeir geta alls ekki neitað sér um. Þetta er því tilfinnanlegra, sem of langt hefir verið gengið að þessu

leyti í sumum öðrum lögum, t. d. söknargjaldslögunum. Þetta er mjög athugavert atriði. Það sjá allir, hver fjarstæða það er, að fátæklingur, sem kaupir ódýr fataefni, skuli þurfa að greiða sama vörutoll, sem konur heldri manna greiða af silki, það er sem sé sami tollur af silki sem af ódýrri vefnaðarvöru. Gjaldið ætti að miðast við verðmæti vörunnar, og sú stefna, sem fram kom á þinginu 1912, en varð undir fyrir vörutollslögunum, nfl. að leggja hundraðsgjald á eftir verðmæti, hún var langtum réttari og eðlilegri. Eg býst því ekki við að nokkurn undri, þótt eg sé andstæður þessum lögum, vörutollslögunum, og eins því, að verið sé að hringla með þau og breyta til hins lakara.

Háttv. framsögum. (B. Kr.) sagði enn fremur, að eg hefði tekið of djúpt í árinni, er eg mintist á umkvartanir manna yfir lögunum, og vildi hann sanna það með því, að stjórnarfrumv. á síðasta þingi hefði verið svo stutt og farið fram á fáar breytingar. Það er rétt, að í stjórnarfrumv. vóru ekki taldar upp margar vörutegundir, en það er skiljanlegt, að stjórnarráðið hafi ekki viljað ganga langt í þessu, því að það hefir ekki viljað skerða tekjur landssjóðsins til muna, og hins vegar búist við, að þingmenn víðs vegar af landinu mundi koma fram með þær breytingartillögur, sem þeir teldi nauðsynlegar, enda kom það á daginn við meðferð þingsins á málinu. Þessi sönnun hans er því ekki á marga fiska.

Þá veik sami háttv. þm. (B. Kr.) að því, að það væri ósamkvæmni hjá mér að vilja tolla báta, sem smíðaðir væri í útlöndum. Það er í rauninni ekki ástæða til að svara þessu atriði nú, því að eg hefi áður í umræðum hér lýst skoðun minni á því. Eg færði þá rök að því, að útlend bátasmíð kepti við innlendan iðnað, auk þess sem útlendir bátar væri dýrari, ónýtari og ætti verr við en innlendir bátar.

Eg skal svo ekki orðlengja frekara um málið.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg skal að eins víkja nokkrum orðum að því atriði, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) mintist á síðast, sem sé hundraðsgjaldið. Í rauninni kemur það atriði ekki þessu máli við nú; það er hlutverk næsta þings að ráða fram úr því, hverja stefnu eigi að taka í tollmálinu. En eg vil þó koma með dæmi til að sýna háttv. þm., hversu verðtollurinn er óábyggilegur tollur. Setjum svo, að 2 feðgar reki verzlun, annar t. d. í Hamborg, hinn í Reykjavík. Nú sendir Hamborgarkaupmaðurinn kassa til Reykjavíkur með vefnaðarvöru er væri 100 pd. Í honum er silki fyrir 75 kr. og ódýrar vefnaðarvörur fyrir 25 kr. og að sendandi sendi 2 reikninga yfir innihaldið, einn yfir silkið og annan yfir ódýru vefnaðarvöruna, sem meira fer fyrir. Nú sýnir kaupmaður bæjarfógeta *lægra* reikninginn, og hvað getur bæjarfógeti sagt við því? Ekki neitt. Hann getur alls eigi dæmt um, hvort meira muni hafa verið í kassanum og verður því að taka reikninginn gildan. Þetta tek eg bara til dæmis. Það er einmitt þessi höfuðgalli á verðtollsaðferðinni, að gefa má 2 eða fleiri reikninga yfir innihald sömu umbúðar og svo má setja verðið á reikningunum yfir vörurnar miklu lægra en það er í raun og veru. Tollheimtumaður getur ekkert við því sagt. Til þess þyrfti tollheimtumaður að *rannsaka* hvert stykki um sig, sem inn flyzt, og vera svo vel að sér, að hann þekti, hversu mikils virði varan væri. En hér er engin slík tollgæzla til, og þótt hún væri til, mundu toll-

gæzlumenn ekki geta metið vöruna réttilega.

Sami háttv. þm. (M. Kr.) sagðist ekki vilja láta hringla með lögin og láta breytingar á þeim bíða næsta þings. Það er að nokkru leyti rétt. En það var einmitt á síðasta þingi, að farið var að hringla með lögin og gera á þeim breytingar til hins verra, en þetta frv. fer fram á að lagfæra þær. Og ástæða er þó til að gera lögreglustjórum mögulegt að innheimta tollinn á næsta ári á löglegan hátt, og svo að hægt sé að endurskoða vörutollsreikningana.

Matthías Ólafsson: Það hefir verið regla þeirra háttv. þingm., sem talað hafa í þessu máli, að byrja á endanum, og þykir mér þá vel hlýða, að feta í þeirra fótspor.

Það var leiðinlegt fyrir háttv. framsögum. (B. Kr.), að fara út í samanburð á verðtolli og vörutolli. Eg álít skoðun hans á þessu efni alveg ranga. Þetta dæmi, sem hann kom með um feðgana, á alveg eins við um vörutollinn. Það má alveg eins fara í kringum þann toll. Hvað mundi geta hindrað bróður háttv. framsögum. í Hamborg, sem hann á raunar ekki, að senda framsögumanni vörur, sem settar væri í ódýrara flokki en þær ætti að vera? Hvað gæti innheimtumaður sagt við því?

Háttv. framsögum. (B. Kr.) minntist á, hvað hann hefði unnið til samkomulags í nefndinni. Þetta er rétt hjá honum, enda frumv. nú með breyt.till. nefndarinnar miklu aðgengilegra, svo að eg get nú greitt atkvæði með því þannig breyttu, jafnvel þótt mér þyki það ganga helzti langt í tollunum á sumum vörum, sem sjávarútveginum er nauðsynlegar, t. d. í því að færa segldúk upp í dýrara flokk, en þetta get eg látið mér lynda, úr því að aðrar vörur, sem að sjávarútvegi lúta, eru færðar í ódýrara flokk.

ATKV.GR.:

1.—4. breyt.till. á þskj. 166, við 1. gr. frv., samþ. með 18 : 3 atkv., að viðhöfu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðmundur Eggerz
Guðm. Hannesson	Jón Magnússon
Benedikt Sveinsson	Pétur Jónsson
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hlutans. 4 þingmenn fjarstaddir.

1. gr. frumv., þannig breytt, sþ. með 11 : 5 atkv.

2. gr. frumv., óbreytt, sþ. með 12 : 2 atkv.

3. gr. frumv., óbreytt, sþ. með 11 : 1 atkv.

5. breyt till. á þskj. 166 samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 : 2 atkv.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn, 28. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (Þskj. 219).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg vil leyfa mér að óska eftir að nafnakall verði haft við atkvæðagreiðsluna um frv.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 19 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já.	*Nei.*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Guðm. Hannesson	Magnús Kristjánsson
Benedikt Sveinsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Arnórsson og Hannes Hafstein greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Fjórir þingm. fjarstaddir.

Frumv. afgr. til Ed.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr., er það hafði verið samþykt með breytingum í Ed. (Þskj. 422, n. 433).

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Svo sem nefndarálitið á þskj. 433 ber með sér, hefir nefndin íhugað frumvarpið eins og það kom frá háttv. Ed. Frumvarpið hefir þar verið sett í líkt lag og lögin frá því í fyrra vóru í, og verður nefndin því að telja það með öllu óaðgengilegt, eins og það er. Varan hefir verið flokkuð þannig, að ómögulegt er fyrir tollheimtumanninn að innheimta tollinn samkvæmt lögum, með því að ýmsar vörutegundir eru settar í sérstaka flokka og nefndar svo, sem þær eru aldrei nefndar á farmskrá. Nefndin leggur því til, að frumv. verði aftur fært í sitt fyrra horf að þessu leyti. Auk þess hefir háttv. Ed. felt nokkrar vörugreinir úr 1. gr. frumv. og gert á því aðrar smábreytingar, og vill nefndin ekki ráða háttv. Nd. að etja kappi við hina deildina um þær. Eg hefi leitað upplýsinga hjá öðrum þeim manni, er mestan þáttinn átti í því að breyta frumvarpinu í háttv. Ed. og hefir hann tjáð mér, að hann mundi fallast á að samþykkja frumvarpið, þó að því yrði breytt eins og nefndin leggur nú til. Er því nokkur von um að frumv. þannig breytt fái að ganga í gegnum þingið, og þá yrði það þó í viðunandi lagi, og vinnandi vegur fyrir gjaldheimtumanninn að innheimta tollinn eftir lögunum.

Eg skal svo ekki hafa fleiri orð um málið, en vona að háttv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 433 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frumv., þannig breytt, samþ. með 14 : 1 atkv. og endursent Ed.

---

17. Ábyrgð landssjóðs á skipaláni.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um heimild fyrir

landsstjórnina til þess að ábyrgjast fyr ir hönd landssjóðs skipalán hlutafél. »Eimskipafélags Íslands«. (Þskj. 118).

Á 16. fundi Nd., mánudaginn 20. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Sv. Björnsson): Til þess að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að frumvarp þetta er fram komið, skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bréf frá stjórn »Eimskipafélags Íslands« til Alþingis, dagsett 15. þ. m.:

»Þegar bráðabirgðastjórn hlutafélagsins Eimskipafélags Íslands, og síðan stjórn félagsins, sem kosin var á stofnfundi þess, var að undirbúa samninga um smíð þeirra tveggja millilandaskipa, sem félagið er nú að láta smíða, og yfirvega, hversu mikið fé félagið mundi hafa yfir að ráða, en eftir því varð að fara um stærð, hraða og útbúning skipanna, að öllu leyti, hafði félagsstjórninni borist upplýsingar um það, að skipaveðbankar mundu lána félaginu, gegn 1. veðrétti í skipunum, alt að 60% af verði þeirra. Á þessu var svo bygt, þegar útboð var gert um smíð á skipunum, þegar fulltrúar félagsins fóru til útlanda í síðastliðnum febrúarmánuði, til þess að fullgera samninga um skipin. En þegar þeir fóru að rannsaka málið nánar, kom það í ljós, að skipaveðbankarnir erlendis vildu ekki lána meira út á væntanleg skip Eimskipafélagsins, en 40—50% af verði þeirra, sökum þess, að fyrirkomulag skipanna væri sniðið eftir þeim sérstöku kröfum, sem gera verður til skipa, sem eru í förum bæði með farþega og vörur milli Íslands og útlanda og því væri skipin ekki eins útgengileg erlendis, til almennra siglinga, ef til þess kæmi, að bankarnir þyrfti að ganga að veðinu sér til fullnægingar. En þetta hafði þær afleiðingar, að 100—200 þús. krónur vantaði á, að félagið hefði bolmagn til þess að kaupa svo stór, hraðskreið og vönduð skip, sem ráðgerð höfðu verið og útboðið bygðist á. Félagsstjórnin taldi á hinn bóginn mikinn skaða fyrir félagið að hafa skipin minni eða óvandaðri, og réð því að snúa sér til Landsbankans og Íslandsbanka um ábyrgð þeirra fyrir nokkrum hluta lánsins, þannig að lánið úr skipaveðbankanum gæti orðið alt að 60% af verði skipanna, eins og hafði verið gert ráð fyrir í byrjun.

Bankarnir báðir, og einnig landsstjórnin, að því er Landsbankann snerti, tóku mjög vel málaleitun félagsstjórnarinnar, og lofuðu bankarnir ábyrgðinni, gegn borgun af hendi félagsins, sem samið yrði um síðar, en jafnframt áskildu þeir, að fél. sækti um það til alþingis, að landssjóður tæki að sér ábyrgð þessa í stað bankanna, þareð það virtist eðlilegra, að landssjóður tæki að sér ábyrgð þessa og á hinn bóginn sparaðist félaginu þá þóknun sú, sjálfsagt talsvert mikil upphæð á ári, er bankarnir tæki fyrir ábyrgð sína.

Félagið gerði síðan samning við Nederlandsche Scheeps-Hypoteekbank í Rotterdam um það, að veita félaginu alt að 400 þús. gyllini, eða um 600 þús. kr. lán gegn fyrsta veðrétti í tveimur væntanlegum millilandaskipum félagsins, og gegn því, að Landsbankinn og Íslandsbanki, eða í þeirra stað Landssjóður Íslands — ábyrgðist alt að því einn fjórða hluta lánsins, eins og það er á hverjum tíma sem er. Ábyrgð þessi er þannig hliðstæð við fyrsta veðrétt í skipunum, og trygð á sama hátt og lánið sjálft. Fylgir hér með eftirrit af lánssamningnum.

Félagsstjórnin leyfir sér því, fyrir

hönd Eimskipafélagsins, að fara þess á leit, að alþingi veiti landsstjórninni heimild til þess að takast á hendur, fyrir hönd landssjóðs, ofangreinda ábyrgð.

Virðingarfylst.

Hf. Eimskipafélag Íslands.

Sveinn Björnsson. Halldór Daníelsson.

G. Gíslason. Jón Gunnarsson.

Eggert Claessen. O. Friðgeirsson.

Þetta er eiginlega nóg til þess að gera grein fyrir því, hvað í frv. felst.

Þegar við tveir menn úr stjórn Eimskipafélagsins fórum utan í vetur, til þess að semja um smíðar á skipum þess, var okkur jafnframt falið að reyna að útvega lán, með veðrétti í skipunum, sem nærri alt að 60% af verði skipanna. Við leituðum fyrir okkur á þeim stöðum, sem vænlegast er að fá þesskonar lán, en það er í Belgíu, Hollandi og Þýzkalandi. Við komumst brátt að raun um það, að það var ekki eins létt og við höfðum haldið. Meðal annars mun það hafa stafað af því, að veðbankarnir, sem við leituðum til í þessu skyni, sneru sér allir til Danmerkur, til þess að fá sér upplýsingar um Eimskipafélagið, og eg er hræddur um, að þeir hafi ekki fengið sem beztar upplýsingar þaðan. Að minsta kosti urðu þær þess valdandi hjá sumum bönkunum, að þeir vildu ekki veita lánið með þeim kjörum, sem við höfðum vænst. Auk þessa kom það í ljós, að skipin hafa ekki sama markaðsgildi og önnur skip, vegna þess, að þau eru smíðuð sérstaklega til Íslandsferða. Meðal annars eru þau óþarflega sterk á pörtum — aðallega Norðurlandsskipið — og er það gert til varnar móti lagnaðarísnum. Afleiðingin var því sú, að ekki var hægt að fá hærra lán en 40—50% af verði skipanna gegn veði í þeim sjálfum. Við símuðum þetta til stjórnar félagsins í Reykjavík, en hún sneri sér aftur á móti til bankanna hér. Þeir féllust á það, að ábyrgjast það, sem á skorti að $^1/_4$ hluta, en áskildu sér þó að leitað væri til þingsins um landssjóðsábyrgð.

Hér er að ræða um ábyrgð á alt að 150 þús. kr., sem eiga að borgast upp á 12 árum, gegn veði í skipunum sjálfum. Mér virðist ýmislegt mæla með því, að landssjóður taki á sig þessa ábyrgð, bæði það, að þingið hefir sýnt félaginu mikla velvild og líka hitt, að hættan er ekki mikil, þar sem tryggingin er svo góð. Ennfremur mundi félaginu sparast fé við þetta, því að bankarnir, sem eru gróðastofnanir, hljóta að taka fé fyrir að ganga í ábyrgð, en það gerir landssjóður ekki.

Eg vænti þess, að háttv. deild lofi frv. að ganga til 2. umr. Nefndarskipun álít eg óþarfa.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Á 18. fundi Nd., miðvikud. 22. júlí, hafði frv. verið tekið til 2. umr., en var tekið út af dagskrá.

Á 19. fundi Nd., fimtud. 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 118).

ATKV.GR.:

Frv.greinin samþ. með 15 samhljóða atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Á 21. fundi Nd., laugard. 25. júlí, var frv. tekið 3 umr. (118).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 14 samhljóða atkvæðum og afgreitt til Ed.

---

18. Vífilsstaðahæli.

Á 20. fundi Nd., föstud. 24. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssj., til reksturs hælisins. (Þskj.190).

Á 23. fundi Nd., 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Eg býst við að fleirum en mér hafi komið það harla á á óvart þegar frv. til fjáraukalaga, sem lá fyrir þinginu, var felt hér á dögunum. Það var að vísu svo, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skaut því fram, að til stæði að fella frv., en eg fyrir mitt leyti gat ekki trúað því, að mönnum væri það full alvara, og því síður þegar háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skoraði á þá menn, sem það hefði afráðið, að gera grein fyrir þeim ástæðum, er þeir þættist hafa til þess, og þeir hinir sömu menn létu ekkert til sín heyra.

Eg gekk út frá því sem gefnu, að óþarfa ótti væri á ferðum, og að þetta mundi aldrei koma til. Því fremur gekk eg út frá þessu, sem eg vissi ekki til að í frv. stjórnarinnar væri farið fram á neitt það, er nokkurn mann gæti hneykslað, eða nokkrum manni gæti virst óþarfi að veita. Sama máli var að gegna um till. fjáraukalaganefndarinnar. Enn hafa þessir menn, er frv. feldu, ekki gert opinberlega grein fyrir því, hvers vegna þeir gerðu það. Að vísu hefir verið getið um það í blöðunum, að ástæðan muni hafa verið sú, að þeir hafi hvorki treyst sjálfum sér né öðrum til þess að gera fjáraukalögin þannig úr garði, að þau yrði viðunandi. Þeir hefði óttast, að bæði þeir og aðrir mundu hrúga svo miklum fjárveitingum inn í lögin, að þau yrði ótæk. Eg fyrir mitt leyti á bágt með að trúa því, að þetta hafi verið ástæða þessarra manna, því að ef þeir hafa látið þenna ótta í ljós, þá hafa þeir jafnframt gefið yfirlýsingu um, að þeir væri ekki færir um að eiga neitt við fjárlög. Eins og háttv. þm. kannast við, eru, vegna skýringaleysis, ýmsar getgátur manna á milli um það, hverjar orsakirnar muni hafa verið. Sumir hafa gizkað á, að þetta hafi átt að vera einhverskonar spark til fráfarandi stjórnar. Aðrir geta þess til, að það hafi átt að vera ónot í garð viðtakandi stjórnar. Enn aðrir gizka á, að í þessu tiltæki felist óánægju-yfirlýsing til fjáraukalaganefndarinnar. — Getur þá sú óánægjuyfirlýsing stafað af tvennu, annaðhvort af því, að þessum mönnum hafi þótt nefndin of bruðlunarsöm, eða þá hins vegar af því, að þeim hafi ekki þótt hún nægilega bruðlunarsöm, og styðst þessi síðari tilgáta við þá einu rödd, sem kom frá þessum mönnum hér í deildinni um daginn, þegar frv. var felt.

Það virðist líka mæla með henni, að nú er af mörgum þessum sömu mönnum rokið upp til handa og fóta að heimila stjórninni að eyða fé landssjóðs, og að því er virðist ekki nein sérleg ráðdeild viðhöfð. Það hefði haft við talsverð rök að styðjast, ef menn hefði viljað fella fjáraukalagafrv. til þess, að eyða ekki *neinu fé* úr landssjóði. Það hefði verið sönn og veruleg sparnaðarstefna. En þar sem nú þessir menn hafa ekkert á móti því að heimila stjórninni að eyða fé landssjóðsins svo að kalla ótakmarkað, einn til þessa og annar til hins, þá er ekki hægt að sjá, að nein sparsemdarstefna hafi ráðið þessu tiltæki

þeirra. Eg segi fyrir mitt leyti, að úr því að fjáraukalagafrv. hefir verið felt, þá mundi eg fella mig bezt við að heimila stjórninni alls ekki neinar fjárveitingar. Í því væri samræmi, en í hinu ekkert. Annars vakir það fyrir mér í þessu efni, að eg lít svo á, að það sé tæplega heimilt eftir stjórnarskránni að eyða fé landssjóðs á þennan hátt, sem hér er farið fram á, heldur eigi öll útgjöld að fara fram samkvæmt fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í 24. gr. stjórnarskrárinnar er það skýrt tekið fram — svo skýrt að það er naumast hægt að hafa það skýrara — að ekkert fé megi veita nema það sé heimilað annaðhvort í fjárlögum eða í fjáraukalögum. Greinin hljóðar sem sé þannig — með leyfi hæstv. forseta:

»Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum«.

Þetta virðist vera nokkurn veginn skýrt og ljóst mál. En þar sem þetta frumvarp var fyrsta málið af þessum heimildarlagamálum, þá vildi eg strax grípa tækifærið til þess að óska úrskurðar hæstv. forseta um það, hvort heimilt væri að veita fé á þennan hátt eftir 24. gr. stjórnarskrárinnar.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið. Að eins vil eg taka það fram, að ef úrskurður hæstv. forseta yrði á þá leið, að þessi aðferð væri heimil, þá er sjálfsagt að kjósa nefnd til þess að íhuga öll þessi mál. Það þarf, með öðrum orðum, að kjósa nýja fjáraukalaganefnd. Og er í því út af fyrir sig ekki fólginn sérlega mikill sparnaður, að kjósa fyrst fjáraukalaganefnd, láta hana sitja hálfan þingtímann að störfum, ónýta alt sem hún hefir gert, kjósa síðan aðra nefnd og ef til vill fleiri, og ónýta loksins alt saman ef svo ber undir. En samt sem áður er nefndarskipunin sjálfsögð og óhjákvæmileg. Fjárveitingarnar, sem farið er fram á að heimila, eru svo ótakmarkaðar, engar tölur eru jafnvel nefndar í sumum tilfellum, svo að ekki er vanþörf á að þær verði athugaðar sem rækilegast. Leyfi eg mér síðan að ítreka þá ósk mína, að hæstv. forseti skeri úr því, hvort það sé heimilt eftir stjórnarskránni að veita fé á þann hátt, sem hér er farið fram á.

Forseti (Pétur Jónsson): Því hefir verið skotið til forseta að úrskurða, hvort heimilt sé eftir stjórnarskránni að veita fé úr landssjóði á þann hátt, sem hér er farið fram á, en á þeim úrskurði hlýtur það að velta, hvort þessi heimildarlagafrumvörp um fjárveitingar megi taka fyrir á þinginu. Eg vil ekki koma í veg fyrir að einstakir háttv. þingm. geti tekið til máls um þetta atriði, en um leið vil eg taka það fram, að eg ætlast til að á meðan snúist umræðurnar um þetta formatriði eitt, en alls ekki um annað.

Umboðsm. ráðherra (Klemens Jónsson): Eg verð því miður að taka undir með háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) — því miður segi eg, vegna þess máls, sem hér liggur fyrir — að eg tel það ótvírætt mál, að fjárveitingar úr landssjóði, á þann hátt sem hér er farið fram á, komi í bága við stjórnarskrána, og hafði eg satt að segja búist við því, að hæstv. forseti mundi vísa máli þessu frá og leyfa því ekki að koma á dagskrá. Það stendur skýrum orðum í 24. grein stjórnarskrárinnar, að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé fyrir því, annaðhvort í fjárlögum eða í fjáraukalögum. Þá einu heimild, sem nú er til um fjárveitingar á yfirstandandi fjárhagstímabili, er því að finna í gildandi fjárlögum. Nú áleit stjórnin æskilegt að fá ýmsar nýjar fjárveitingar, og

þess vegna lagði hún frumv. til fjáraukalaga fyrir þingið. Það hefir eins og kunnugt er orðið, verið felt í þessari háttv. deild og getur því ekki verið um neina aðra heimild að tala til útborgunar en þá, sem er í gildandi fjárlögum og þeim lögum, sem samþykt vóru á þinginu í fyrra, samkvæmt 22. gr. fjárlaganna.

Að öðru leyti skal eg leyfa mér að benda á, að það er auðvitað hlutverk deildaforsetanna að ábyrgjast að frumvörp, sem stríða á móti stjórnarskránni, verði ekki borin upp í þinginu, og það sama er á ábyrgð forsetans hér að þessu sinni.

Bjarni Jónsson: Eg verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að nokkur maður skuli dirfast að halda fram þeirri skoðun, að alþingi hafi ekki vald til að setja lög, sem heimila fjárgreiðslur, nema þau heiti fjárlög. Þessi skoðun er langt frá allri skynsemd. Eg veit ekki betur en að þingsályktanir hafi verið álitnar nægja til þess að heimila stjórninni fjárgreiðslur, og til milliþinganefnda hefir hún óspart varið fé án fjárlagaheimildar. Þetta er full-ljóst og þarf ekki um það að deila. En hitt er mér óskiljanlegt, hvernig fulltrúi ráðherrans getur leyft sér að koma fram með annað eins og að vísa þessu máli frá fyrir svo sérvizkulega skoðun. Og eg skil ekki að nokkur maður geti látið hafa sig til að bera fram þessa skoðun. Eg get skilið það, að suma menn langi til að bregða fæti fyrir frv., en varla, að nokkur maður skuli reyna það. Það datt engum í hug að fella fjáraukalögin til þess að gera fráfarandi stjórn gramt í geði. Eg fyrir mitt leyti lét í ljós þakklæti mitt til stjórnarinnar fyrir að hafa komið fram með frumv. til fjáraukalaga, í staðinn fyrir að grípa til útborgana án heimildar. — Eg býst við að ráðherrann kunni umboðsmanni sínum litlar þakkir fyrir frammistöðuna þegar hann kemur heim. Er þá betra að vera ekki umboðsmaður, heldur en að fara með umboðið í óþökk umbjóðanda síns.

Umboðsm. ráðherra (Klemens Jónsson): Eg verð sjálfur að ráða því, hvernig eg haga orðum mínum og hvernig eg fer með umboð mitt, og mun eg ekki sækja ráð um það, hvorki til háttv. þm. Dal. (B. J.) né til annarra. Eg verð að fylgja minni skoðun og sannfæringu og eg ímynda mér, að háttv. þm. Dal. vilji hafa leyfi til að halda fram sinni skoðun, eins og hann álítur sannast og réttast. Sömu heimild vildi eg hafa.

Annars hefi eg ekkert á móti því, að þessu máli verði frestað þangað til ráðherra kemur heim, og eg tel því réttast að forseti taki það út af dagskrá. En eg verð að mótmæla því, að nokkur þingm. hafi leyfi til þess að koma með getsakir í minn garð um það, af hvaða hvötum eg tali.

Jón Jónsson: Eg vil að eins skora á hæstv. forseta að leyfa deildinni að greiða atkvæði um, hvort málið skuli tekið fyrir eða ekki.

Einar Arnórsson: Þessar umræður, sem hér hafa orðið, koma mér nokkuð óvænt. Eg get reyndar vel skilið, að háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.) haldi fram þessari skoðun á 24. gr. stj.skrárinnar, því að hann er ólögfróður maður. En hitt get eg síður skilið, að hv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) eða nokkur annar lögfróður maður skuli geta haldið þessari skoðun fram. Það finst mér vera hrein og bein fjarstæða, og skoða það svo, að hann hafi ekki kynt sér málið nægilega.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) benti á, að

Jafnvel með þingsályktunum hefði oft verið heimilaðar fjárgreiðslur. En það er ekki nóg með það. Stjórnin hefir oft goldið fé í fullkomnu heimildarleysi af þingsins hendi og án allrar lagaheimildar. *(Klemens Jónsson:* Það eru til fjáraukalög). Það er ekki til neins, að halda þeirri fjarstæðu fram, að ályktun stjórnarinnar um að greiða fé úr landssjóð sé lög. Stundum hefir líka verið næsta lítil ástæða til þess fyrir stjórnina að taka sér heimild til að greiða fé utan fjárlaga eða fjáraukalaga, eins og t. d. til fánanefndarinnar sælu.

Eg skal leyfa mér að benda á skoðun stjórnlagakennarans hérna við háskólann. Hana geta menn séð hér í þessari bók (Íslenzkri stjórnlagafræði) á bls. 228, 229 og 230. Það vita allir, að engum manni hefir hingað til dottið hug að skilja 24. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem nú hefir verið haldið fram af hv. 2. þm. Rang. (E. P.) og hæstv. umboðsmanni ráðherra (Kl. J.). Greinin hefir vitanlega verið skilin svo, og verður að skiljast svo, að stjórnin megi ekki greiða *ólögmælt* gjöld. Þar á móti er stjórninni bæði rétt og skylt að greiða lögmælt gjöld, þótt eigi sé fjárlaga- eða fjáraukalagaheimild til. Það er auðsætt, að stjórnin hlýtur að greiða t. d. laun embættismanna og önnur lögmælt gjöld, þótt gleymst hafi að taka þau upp í fjárlögin. Það er annars undarlegt, að nokkrum manni skuli geta dottið það í hug, að það sé brot á *stjórnarskránni* að heimila stjórninni að greiða fé úr landssjóði, þótt ekki standi það í fjárlögum. En það er ekki nema eðlilegt, að menn sé ekki undir það búnir að tala um svona allskostar óvænta vitleysu.

Umboðsm. ráðherra (Klemens Jónsson): Í rauninni er það ástæðulaust fyrir mig að taka frekari þátt í þessum umræðum. Það er forsetinn, sem á að fella úrskurð um það, hvort málið verður tekið til meðferðar eða ekki. En af því að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) lét í ljós undrun sína yfir því, að lögfróður maður skyldi halda fram annari eins vitleysu, verð eg að segja nokkur orð. Hann sagðist vera óviðbúinn að ræða málið. En mér er nær að halda, að hann hafi verið vel undirbúinn, því að hann kom þegar með bók og vitnaði þar í ákveðnar blaðsíður sínu máli til stuðnings. Þetta sýnir einmitt það, að hann hefir búist við því, að þessi »vitleysa« kæmi fram, að hann hefir vitað það, að hér var verið að drýgja stjórnarskrárbrot. Eg veit vel, hvað stendur í þessari stjórnlagafræði, sem vitnað er í, og það á alls ekki við það tilfelli, sem hér ræðir um, og eg veit það líka, að samskonar ákvæði í grundvallarlögunum dönsku eru skilin á sama hátt í Danmörku eins og eg hefi hér látið í ljós. En hitt er vitanlegt og kemur ekki þessu máli ögn við, að stjórnin verður iðulega að grípa til útborgana milli þinga upp á væntanlega aukafjárveitingu. Það er á ábyrgð stjórnarinnar, og vilji þingið ekki samþykkja aukafjárveitinguna þegar til þess kemur, verður ráðherra sjálfur að bera kostnaðinn. Þetta er eðlilegt, og ráðherrann verður að eiga undir því, hvort þingið verði á sínum tíma samdóma honum um nauðsyn greiðslunnar.

Eg skal svo ekki frekara orðlengja um þetta, en eg leyfi mér að ítreka það, að réttast er að fresta því þangað til ráðherrann er kominn heim. Þess verður varla lagt að bíða héðan af, verður líklega á morgun.

Björn Kristjánsson: Það eru aðrir búnir að taka það fram, sem eg

hafði ætlað mér að segja. Þó vil eg bæta því við, að síðan eg kom á þing man eg ekki til að nokkurt þing hafi liðið svo, að ekki hafi verið samþykt fleiri eða færri frumv., sem höfðu í för með sér fjárgreiðslur við hliðina á fjárlögunum. Hér liggur ekki annað fyrir en það, sem altaf hefir verið gert, að veita stjórninni með sérstökum lögum heimild til að greiða fé úr landssjóði í ákveðnu augnamiði. Þess vegna stórfurðar mig á þeim andmælum, sem þetta frumvarp hefir mætt hér í deildinni í dag. Eg vona að hæstv. forseti líti svo á, að það sé fullkomlega löglegt, að taka málið til meðferðar og láti deildina skera úr því.

Hannes Hafstein: Það er rétt, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að á hverju þingi hafa verið heimiluð útgjöld með sérstökum lögum við hliðina á fjárlögunum. En þar með hefir ekki verið brotið á móti 24. gr. stjórnarskrárinnar, því að það er æfinlega tekið upp í sjálf fjárlögin, að svo framarlega, sem þessi lög, er útgjöld hafa í för með sér, öðlist staðfestingu, þá breytist upphæðirnar í fjárlögunum gjalda megin eftir því. Í núgildandi fjárlögum stendur þetta í 22. gr., og þarmeð fjárlagaheimildin fyrir útgjöldunum veitt. Mig furðaði á að heyra það sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) lét í ljós um þetta efni. Það benti á, að hann í þetta skifti hafi talað áður en hann hugsaði vandlega. Hann færði til, að stjórnin hefði jafnvel borgað út fé án allrar lagaheimildar eða samkv. þingsályktunum, og vildi telja þetta sönnun þess, að 24. gr. stjórnarskrárinnar væri alls ekki skilin svo, að beina fjárlagaheimild þyrfti til að greiða fé úr landssjóðnum. Það er rétt, að bæði hér og annarsstaðar hefir stjórnin orðið að borga út óveitt fé oft og mörgum sinnum. En í öllum þeim tilfellum er leitað fjárveitingar eftirá, upphæðirnar settar á síðari fjáraukalög (»Efter bevillingslov«), og sé þær þar samþyktar, er svo litið á hér sem annarstaðar, að þá sé greiðslan samkvæm fjáraukalögum. Ef þingið samþykkir ekki einhverja slíka greiðslu, þá verður stjórnin að borga upphæðina aftur í landssjóðinn, svo að hún sé sem ógreidd það an. Í landsreikningunum má ekki færa neina upphæð til endanlegra útgjalda, sem ekki er heimild fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum, fyrirfram eða eftirá. Eg heyri, að háttv. þm. Dal. (B. J.) skýtur því fram, að það mætti taka upphæðir þær, sem hér er um að ræða upp á fjáraukalög eftirá. Það er einmitt það, sem eg var rétt kominn að því að segja. Það er vegur, en líka einasti vegurinn til þess að bjarga sér út úr þeim ófærum og vegleysum, sem í er komið. Og gallalaus er þó sá vegur ekki. Því stjórnin ætti þá undir högg að sækja, hvort þingið samþykti greiðsluna eftir á. Næsta þing gæti ef til vill orðið öðruvísi skipað en nú, ef til vill ekki eins vitrum mönnum. Þeim, sem þá verða á þingi, þykir þessi fjárveiting ef til vill óþörf eða vitlaus, og afleiðingin gæti orðið sú, að fjárveitingin yrði feld, og eftir almennum reglum ætti þá að greiða aftur inn í landssjóðinn upphæð, sem þó er útborguð eftir lagaheimild. Þetta kynni að draga úr kjarki stjórnarinnar til þess að nota slík heimildarlög, sem hér er fitjað upp á, og gæti þau þannig orðið dauður bókstafur — eða þá tilefni til þess, að 24. gr. stjórnarskrárinnar væri ekki hlýtt.

Skúli Thoroddsen: Mig hefir furðað mjög á því, hve afar-viðkvæmir sumir menn eru nú alt í einu orðnir, að því er það snertir, að ekkert sé greitt úr landssjóðnum, nema í fylsta samræmi sé við sem allra formlegustu heimild til

greiðslunnar. Mig hefir furðað á þessu, af því að ummælin komu frá mönnum, sem í stjórn landsins eru og hafa verið, og vitað er um að leyft hafa sér þrásinnis að greiða fé úr landssjóðnum þó að ekki hafi heimildin þá önnur verið en þingsályktun, eða fjárupphæðin jafnvel verið greidd upp á »væntanlega fjáraukalagaheimild«.

Sé nú þessi umvöndunarsemi vottur þess, að í »endurnýjung lífdaganna« skuli nú framvegis gengið, þá er auðvitað gott þess að bíða, en því miður hefi eg litla trú á því að svo sé, er eg hugsa til landsreikninganna síðustu árin, sem fremur virðast benda á alt annað, — virðast benda á, að stjórnin sé jafnvel þvert á móti að hirða æ minna og minna um það, að útborgunarheimildin sé lögleg, enda höfum við endurskoðunarmennirnir hvað eftir annað orðið að benda á, hvað slík braut geti þó verið hættuleg.

En að því er snertir frumvarpið, sem hér ræðir um, fæ eg nú ekki séð annað, en að það nægi að vísa til 24. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæða gildandi fjárlaga. Það er að vísu rétt, að 24. gr. stjórnarskrárinnar heimtar, að öll gjöld, sem greidd eru úr landssjóði, skuli heimiluð í fjárlögunum eða aukafjárlögum, en fjárlögin sjálf taka nú einmitt af skarið að því er ágreininginn sem hér um ræðir snertir, þar sem þau skírskota og einatt til laga, sem þingið samþykkir, þ. e. segja sjálfsagt að bæta og gjöldunum, sem af þeim leiða, við útgjöldin, sem talin eru í fjárlaga-greinunum á undan, og ákvæðin í 22. gr. fjárlaganna verða því að sjálfsögðu að skiljast á þá leið, að þau heimili og greiðslu alls þess, sem af lögum kann að leiða, sem þingið samþykkir á fjárhagstímabilinu 1914—1915.

Dettur nokkrum í hug, að þingið, sem nú stendur, geti t. d. ekki samþykt lög um að byggja hús handa háskólanum, eða að veita einhverjum manni heiðurslaun, eða því líkt? Það dettur engum í hug. Slíkt hafa öll aukaþing leyft sér, og mér dylst því eigi, að það, sem hér ræður umvöndunarseminni sé því í raun og veru það eitt, að hér sé verið að hefna fyrir fjáraukalagafrumv., sem féll hér í deildinni um daginn.

Einar Arnórsson: Eg skoða það sem óþarfa viðkvæmni og óþarfa umhyggjusemi fyrir stjórninni hjá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að vera að bera kvíðboga fyrir því, að næsta fjárlagaþing samþykki ekki þessa fjárveitingarheimild, sem hér er tekin upp. Sjálfur hefir hann oft eins og vonlegt er og sjálfsagt, ofgoldið fé úr landssjóði, þó að engin hafi *heimild* verið og tvímælis orkað um *þörf* til þess, og því átt miklu meira á hættu í sinni löngu stjórnartíð, en hér á sér stað.

Út af því, sem sagt hefir verið um, að aukaþing megi ekki samþykkja lög, sem hafi í för með sér fjárveitingu, skal eg leyfa mér að benda á það, að eg hefi hér fyrir framan mig lög frá 22. október 1912 um stofnun yfirsetukvennaskóla í Rvík. Þar stendur, að landlæknir skuli vera kennari skólans og hafa 1000 kr. laun fyrir starfa þann. Eg veit ekki betur, en að það fé hafi verið goldið úr landssjóði án heimildar í fjárlögunum frá 1911. Í þeim eru, á sama hátt sem fjárl. 1913, að eins heimild til greiðslu á gjöldum, lögheimiluðum á þinginu 1911, en eigi á þinginu 1912. Hér er nákvæmlega eins ástatt. Hér er verið að heimila fjárgreiðslu 1914, enda þótt hún hafi ekki staðið í fjárlögunum 1913. Hvers vegna risu þessir háu herrar ekki upp 1912 þegar yfirsetukvennaskólinn var á döfinni? Hvers

vegna sögðu þeir ekki þá, að það væri ekki hægt að borga þetta út af því að það væri ekki samkvæmt fjárlögunum og að þá væri verið að fremja brot á 24. gr. stjórnarskrárinnar?

Eg sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira. Að eins vil eg að endingu taka það fram, að eg tek undir það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að mér finst það harla óviðeigandi, að hæstv. umboðsmaður ráðherra standi hér upp og komi fram sem eindreginn og harðskeyttur flokksmaður. *(Klemens Jónsson:* Eg neita því harðlega). Hann á að vera hlutlaus og mæta hér í þinginu að eins til þess að gefa skýringar og svara atriðum, sem beint er til stjórnarinnar.

Forseti (P. J.): Eg býst við, að ekki verði rætt meira um formhlið málsins. Það er komið í óvænt efni, og eg held því, að réttast sé, að úrskurður um það verði feldur af hinum reglulega forseta. Eg hygg, að það sé æskilegast samkvæmt bendingu hæstv. landritara, að málið verði ekki aftur til meðferðar fyrr en ráðherra er kominn heim. Eg leyfi mér því að taka þetta mál og hin önnur, sem á dagskrá eru og öll eru sams konar, út af dagskrá.

Á 34. fundi Nd., þriðjd. 4. ágúst, var frumv. aftur tekið til 1. umr. (þskj. 190, 360).

Áður umræður hófust um málið tók **forseti (Ó. Br.)** til máls á þessa leið:

Þegar annað mál á dagskránni var á dagskrá 28. f. m., var því skotið undir úrskurð forseta, hvort það og önnur slík heimildarlög kæmi ekki í bága við 24. gr. stjórnarskrárinnar. Með því að þá var úrskurði frestað, verður málið nú tekið til nánari athugunar og úrlausnar.

Áminst grein stjórnarskrárinnar, er skipar svo fyrir, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, virðist nánast snerta umboðsstjórnina og vera aðallega sett til þess að reisa skorður við heimildarlausri meðferð hennar á fé landssjóðs, en ekki til þess að rýra eða takmarka fjárveitingarvald og verksvið þingsins. Verður því ekki litið svo á, að í greininni felist bann gegn því, að þingið noti heimildarlagaformið til þess að lýsa yfir þeim vilja sínum, að landssjóðsfé sé varið til einhvers sérstaks fyrirtækis, enda eru í þingsögunni fleiri fordæmi til sönnunar því, að þetta hafi verið sameiginlegt álit þings og stjórnar, t. d. á aukaþinginu 1912 heimild til kaupa á Vestmannaeyja-símanum og á þessu þingi heimild til kaupa á vörubirgðum.

Hins vegar er það bein afleiðing af téðri lagagrein, að til þess að fjárgreiðsla samkvæmt slíkum heimildarlögum sé fullkomlega lögmæt, hlýtur fjárveitingin á sínum tíma að vera tekin upp í fjárlög eða fjáraukalög. En þetta getur einungis haft áhrif á það, hvort stjórnin notar heimild þá, sem þannig er takmörkuð.

Fyrir því er úrskurðað, að frumvarp það, sem fyrir liggur, komi ekki í bága við 24. gr. stjórnarskrárinnar.

Jón Jónsson: Eg þakka hæstv. forseta fyrir úrskurð sinn í þessu máli. Eg álít hann í alla staði sanngjarnan og réttan. Eins og kunnugt er, var gert talsvert veður úr þessu máli hér um daginn, álitið stjórnarskrárbrot og hin mesta fjarstæða. En eg býst nú við, að slík mótmæli hafi meira verið sprottin af gömlum og nýjum nábúakryt, held-

ur en því, að hér væri svo mikill voði á ferðum. Það er ekki nýtt hér á þingi, að ýmsar væringar milli flokkanna komi af stað undarlegum ágreiningsatriðum við umræður í þinginu. Reyndar var svo sagt, að hér væri ekki um flokksmál að ræða, þó að svo liti út. Á það skal engan dóm leggja.

Þegar fjáraukalagafrumvarpið var til framhalds fyrstu umræðu hér í deildinni og felt frá annari umræðu, var spurt, hversvegna sjálfstæðisflokkurinn gerði þetta, hver væri ástæðan. Eg veit, að ýmsar getgátur hafa sagt, að flokkurinn gerði þetta til óvirðingar fyrrverandi stjórn, að það væri í rauninni vantraustsyfirlýsing til nýja ráðherrans. En slíkar getgátur eru alveg ástæðulausar. Fyrir flokknum vakti ekkert annað en það, að koma í veg fyrir mikil útgjöld úr landssjóði á þessu aukaþingi. Nú hafa verið gerðar varnarráðstafanir gegn afleiðingum Norðurálfuófriðarins. Vænti eg því, að ekki verði með réttu lagt þinginu út til lasts, þótt það sporni á móti hjákvæmilegum útgjöldum nú. Það er hægt að segja, að þingið hefði getað haft hemil á fjáraukalögunum. En undanfarin reynsla hefir sýnt og sannað, að þetta er hægra sagt en gert. Það kom fram í sjálfstæðisflokknum, að ýmsir þingmenn flokksins höfðu fengið áskoranir frá kjósendum sínum um að fylgja fram ýmsum fjárbeiðnum, ef fjáraukalög yrði til meðferðar á þinginu. Töldu þeir sig knúða til að verða við þeim óskum, nema fjáraukalögin yrði feld, úr því að þau komu fram. Eg veit ekki, hvernig þingmenn hinna flokkanna hafa staðið að vígi í þessu efni, eða hversu varlega þeir hefði viljað fara. Eg býst þó við, að eitthvað svipað hefði orðið ofan á hjá þeim. Var því sýnilegt, að svo hefði farið að lokum, að allmikil upphæð hefði verið samþykt, langt fram yfir það, sem stóð í stjórnarfrumvarpi.

Ekki var hægt að segja með sanni, að fjáraukalaganefndin skaraði eld að sinni köku, né færi óvarlega. En lítil líkindi vóru til þess, að tillögur hennar næði fram að ganga og aðrar ekki. Þá vil eg geta þess, að oft hefir það komið í ljós á alþingi, að minni hlutinn finnur ekki eins ljóst eins og skyldi til þeirrar ábyrgðar, er hvílir á honum í fjármálum. Í rauninni ber hver þingmaður ábyrgð gerða sinna gagnvart kjósendum sínum og allri þjóðinni. Aðalábyrgðin verður auðvitað að hvíla á meiri hlutanum. En hitt er ekki rétt, sem komið hefir fyrir, að minni hluti stuðli að því, að fjárlög verði með óhæfilega miklum tekjuhalla og noti það svo sem vopn á meiri hlutann við kosningar. Langt er frá því, að eg vilji segja, að minni hlutinn á þingi nú myndi hafa gert sig sekan í þessu. En það hygg eg mér sé óhætt að segja, að hann sé ekki orðinn alt í einu svo heilagur, að hann hefði neitað sér um, að flytja ýmsar fjárbeiðnir, frekar en meiri hlutinn.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er í samræmi við tillögur fjáraukalaganefndarinnar.

Eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið í málinu, tel eg óhjákvæmilegt, að þingið hlaupi undir bagga með heilsuhælisstjórninni, til þess að hælið geti starfað óhindrað til næsta þings. Nú hvíla á því svo miklar skuldir, að til vandræða horfir. Þótti mér því furðu sæta, að hæstv. umboðsmaður ráðherra, sem er einn í heilsuhælisstjórninni, skyldi leggjast á móti því, að frv. þetta gengi gegnum þingið. Þar fanst mér sá höggva, er hlífa skyldi. Óska eg svo að málið fái góðar undirtektir.

Eggert Pálsson: Eg skil það, að háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) og hans flokksmenn sé ánægðir með úrskurð hæstv. forseta. Hins vegar býst eg við, að mönnum sé það skiljanlegt, að eg er ekki eins ánægður. En hér er um eins konar hæstaréttardóm að ræða, sem vér verðum að sætta oss við. Efast eg ekki um, að úrskurðurinn er uppkveðinn eftir beztu samvizku, jafnvel þótt eg geti ekki varist þeirri hugsun, að skeð gæti, að einhver annar, sem setið hefði í forsetastól, kynni að hafa kveðið upp annan úrskurð. Og skal eg svo ekki fara nánara út í það.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir skal eg geta þess, að fjáraukalaganefndinni duldist ekki, að hér væri um nauðsynlega fjárveiting að ræða. Sama máli er að gegna um næsta frv. hér á eftir. En úr því að fjáraukalagafrumv. var felt, þá álít eg, svo framarlega sem þingið vill vera sjálfu sér samkvæmt, að ekkert fé ætti að veita á þessu þingi, en láta stjórnina um það að hlaupa undir bagga, þegar bráð nauðsyn kallaði að, upp á væntanlegt samþykki alþingis. En fyrst svo mörg heimildarfrumv. eru nú fram komin og að eins tvö þeirra hafa verið íhuguð af fjáraukalaganefndinni, þá tel eg rétt, að skipuð verði 7 manna nefnd í málið, og öllum frumv. vísað til hennar. Hér er um heilan samkynja flokk mála að ræða, og því vel til fallið, að þau sé athuguð öll í senn. Engin töf þarf að verða að því. Ef mönnum er ljós nauðsyn þessara frumv., þarf framganga þeirra ekki að heftast, svo að nokkru nemi við það, þareð nefndin getur þá skilað þeim jafnharðan frá sér aftur til deildarinnar.

Matthías Ólafsson: Nú er þá komin ástæðan fyrir því, að fjáraukalagafrumv. var felt, þótt lengi hafi staðið á svarinu þrátt fyrir áskoranir, sem fram komu þann dag, er frv. var felt. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir nú komið með ástæðuna, sennilega fyrir hönd síns flokks, og trúi eg vel. Hún er sú, að háttv. sjálfstæðisflokkur hefir ekki treyst sér til að taka lokið af kjötkatlinum, af ótta við, að þess flokks menn yrði of gráðugir í ketilinn. Aðra þingmenn var ekki að óttast. Eg þakka fyrir upplýsingarnar. En nú álít eg, að afgreiða megi málið með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

> Með því að deildin lítur svo á að landsstjórninni sé heimilt og eftir atvikum skylt að sjá við því, að heilsuhælið þurfi eigi að hætta störfum sínum, svo að engin þörf sé á sérstökum lögum um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einar Jónsson: Eg finn ástæðu til að þakka háttv. forseta fyrir úrskurðinn. Eg tel úrskurðinn alveg lagalega sanngjarnan og með honum greitt fram úr þeim flækjum, sem þessi mál öll vóru komin í.

Mig furðar á þeirri yfirlýsingu háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), að fjáraukalögin hafi verið feld, sökum þess, að þingmenn treystu sér ekki að standa á móti ýmsum fjárbeiðnum héðan og þaðan. Fyrr má vera kjarkurinn.

Það, sem mestri óánægju hefir valdið í þessu máli er það, að fjáraukalögin vóru feld svo seint. Með þessu lagi hefir eyðst að óþörfu mikill tími þingsins, einkum fjáraukalaganefndarinnar, sem ætíð hefir mikið verk að vinna, eins og vér vitum allir. Ofan á það bætist svo, að nefndarmenn sjálfir setjast niður til að semja frv. um fjárveitingar, sem ekki verður hjá komist, en við það koma frv. svo seint fram, að tvísýnt er, hvort þau hafist fram.

Hvað þetta frv. snertir, þá er eg því

algerlega samþykkur, þrátt fyrir þessar athugasemdir. Öllum er kunnugt um, að Vífilsstaðahælinu verður beinlínis að loka, ef það fær ekki styrk, og sjá þá allir, hver voði landinu er búinn.

Háttv. samþingismaður minn kastaði því fram, að stjórnin gæti ráðið fram úr þessu með bráðabirgðalögum eða fjárveitingum, upp á væntanlegt samþykki alþingis. Allir vita nú, hverjar þakkir stjórnin hefir fengið fyrir slíkar fjárveitingar að undanförnu, jafnvel þótt mikil og bráð nauðsyn hafi kallað að. Nauðsynin er nú hin sama, og tel eg því sjálfsagt að samþykkja frumv. nú, þótt fremur hefði eg óskað, að fjárveitingin hefði farið fram með fjáraukalögum.

Þó að því þessi upphæð þyki sumum há, þá sé eg þó ekki, að þingið geti leitt hjá sér að samþykkja þetta frumvarp, og eg sé ekki aðra leið betri en þessi heimildarlög, héðan af. Og hver sem kann að segja, að réttara sé að loka hælinu, þá er það víst, að það segir þjóðin ekki. Þegar einu sinni er búið að reisa það með ærnum kostnaði, og það búið að starfa svo, að flestir munu vera þakklátir fyrir, þá getur það ekki verið alþjóðarvilji, að gera það að engu. Það verður því að veita þessa upphæð, þótt það væri hins vegar æskilegt, eftir allan þann styrk, sem hælinu hefir borist, að það gæti hýst fátæka menn fyrir minni borgun, en nú á sér stað. En það er nú líklega eitthvað annað en að það sé hægt, meðan hagur þess er ekki betri en nú.

Skal eg svo ekki þreyta menn á lengri ræðu að sinni.

Bjarni Jónsson: Eg get ekki leitt hjá mér orð háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.), þar sem hann var að tala um að hann væri hæstv. forseta ekki þakklátur fyrir úrskurðinn. *(Forseti:* Úrskurðurinn verður ekki ræddur). Eg veit það, eg ætla ekki að gera það, en hitt vil eg segja, að þeir sem hafa verið að samþykkja heimildarlög um miljónir, eiga ekki að láta sér slíkt um munn fara. Þeim væri sæmst að nefna aldrei þessa firn frá því á dögunum. Og í öðru lagi eiga þeir, sem alt af eru að gaspra um það, að hafa þingtímann sem styztan, sízt að vera nú að leggja til að skipa nefnd undir þinglokin til þess að þæfa málin, og þó allra sízt þeir, sem vóru í fjáraukalaganefndinni, sem drýgði sjálfsmorð með tillögum sínum. Það fer ekki rétt vel á því, að þessir menn sé að stagast á sparnaði með öðru munnvikinu, en heimila drátt og máltöf með hinu.

Björn Hallsson: Eg skal ekki blanda mér í æsingaræður þær, er hér hefir bólað töluvert á, en betur færi að minkuðu, heldur að eins benda með fám orðum á ástæður mínar fyrir því, að eg greiddi ekki atkvæði við framhald 1. umræðu fjáraukalaganna.

Það var nú svo ástatt, að nafn mitt stóð undir nefndaráliti fjáraukalaganefndarinnar, en hins vegar kom tillaga sú, sem fyrir lá til atkvæða, ekki opinberlega fram fyrri en hún var lesin upp, eftir að umræðum var slitið í deildinni og því ekki kostur á að gjöra þá grein fyrir atkvæði í málinu.

Í mínu kjördæmi var talið sjálfsagt, að engin fjáraukalög lægi fyrir þessu aukaþingi. Að vísu hefir slíkt komið fyrir áður, en við Norðmýlingar vissum þess engar vonir nú, og höfðum því, sem þingmenn, eg og háttv. samþingismaður minn, ekki til flutnings neinar fjárbænir úr kjördæmi okkar. Þegar til þings kom, þá lágu fyrir fjáraukal., eins og kunnugt er, og skal eg kannast við það, að eg óttaðist ekki upphæð þeirra, eins og hún var í stjórnarfrum-

varpinu og ekki heldur eins og hún var eftir tillögu nefndarinnar. En eins og undanfarin reynsla hefir sýnt, þá er oft ekki farið mikið eftir því, hvað fjárlaganefndin leggur til, heldur verður útkoman eftir atvikum við meðferð þingsins og eftir verzluninni (hrossakaupunum) innan þings.

Eg hefi einlægt verið á móti fjáraukalögum á þessu þingi, allra helzt háum, en það óttaðist eg, að þau gæti orðið, ef þessi stefna væri tekin á annað borð. Eg hafði þá um tvent að velja, annað hvort að fylgja þessari skoðun minni, að afgreiða engin fjáraukalög, eða þá að sætta mig við einstöku nauðsynlegustu fjárveitingar, sem reyndar var bent á við 1. umr. að mætti veita með sérstökum heimildarlögnm. Það varð nú með dræmingi ofan á í nefndinni að leggja til að afgreiða fjáraukal., vegna þess að fjáraukalaganefndin fekk ekki ábyggilegt svar frá þingflokkunum, þegar sú spurning var lögð fyrir þá utan þings. Það var ekki glögt, hvað þingið myndi vilja í þessu efni. Ef til vill yrði meiri hl. þó með því.

Eg sá það um seinan, að rétt hefði verið að láta nefndina klofna á þessu. En þegar til atkv. kom í deildinni og eg átti um það að velja, að fylgja skoðun minni eða offra nafni minu, sem eg hafði sett undir nefndarál., þá kaus eg þann kostinn, að greiða ekki atkvæði. Samnefndarmenn minir, sem vanir eru þingstörfum, sögðu mér að ekki væri venja að skrifa undir fjárlaganefndarálitið með fyrirvara, þótt ágreiningur væri í nefndinni, og því hafði eg ekki gert það, þótt eg væri því ósamþykkur að ýmsu leyti.

Eg vil taka það skýrt fram, að eg hefi ekki verið í neinum flokkssamtökum um þetta mál og að eg hefi engan viljað móðga með framkomu minni, hvorki hæstv. fyrrv. ráðherra, né nokkurn mann annan. Það hefði líka setið illa á mér, ef eg hefði viljað ganga í berhögg við hæstv. núverandi ráðherra, þar sem eg taldist einn af stuðningsmönnum hans, en honum kom þetta ekki síður við, þar sem hann átti að hafa framkvæmd laganna á hendi til næsta þings, og ætla mátti að hann vildi koma inn í þau einhverjum fjárveitingum, en það var útilokað með þessu.

Eg vona nú, að þetta nægi til þess að sýna mína afstöðu. En hvað snertir styrk þann, sem hér liggur fyrir til umræðu, þá sé eg ekki annað, en að hann sé sjálfsagður og að ekki þurfi langar ræður til að sýna það, hvað við liggur, ef hælið verður að hætta að starfa. Og eins og sagt hefir verið, er nú fjárhagur þess svo, að annað liggur ekki fyrir, ef ekki er undið að þessu nú þegar. Eg sé ekki, að það hafi neina þýðingu, að setja þetta mál í nefnd nú. Það var rætt í fjáraukalaganefndinni sálugu, og það ætti að nægja til þess, að fara ekki að tefja það frekar. Bæði þetta mál og hið næsta ætti að ganga í gegn viðstöðulaust, en meiri spurning gæti verið um tvö hin næstu þar á eftir. Þau hafa ekki verið áður í nefnd og þau vantar líka takmörk fyrir upphæðinni, svo að hugsanlegt væri, að meira fé yrði notað en til var ætlast.

Skal eg svo ekki lengja umræðurnar meira.

Jón Jónsson: Eg ætla að víkja örfáum orðum að dagskránni, sem hér liggur fyrir.

Eg felli mig betur við það, að samþykkja frumv. en hana. Það er ekki venja að ætlast til þess, að stjórnin verji öðru fé en því, sem hún hefir heimild til, annaðhvort í fjárlögum eða öðrum sérstökum lögum. Það er varasamt að heimila stjórninni einræði um ýms mikilvæg fjármál. Eg segi þetta

ekki af neinni tortryggni til núverandi stjórnar, heldur af því, að mér fanst, að stefnan ætti að vera sú, að þingið freistaði ekki stjórnarinnar til þess að ganga úr hófi í útgjöldum. Menn verða að vera varkárir í því efni og fara gætilega með fé landsins.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) tók það fram, að flokkur vor þori ekki að taka lokið af kjötpottinum, af því að hans menn myndi þá verða of fingralangir. Eg skal nú alls ekki taka fyrir það, að sumir kunni að finnast breyzkir í því efni, en eg hygg, að þó megi með alveg eins miklum rétti segja hið sama um hinn flokkinn, og að ómögulegt sé að gera upp á milli. Eg er ekki að bera í bætifláka fyrir minn flokk, en þegar einstakir menn fara að koma með br.-till. á annað borð, þá er erfitt að banna þeim að greiða atkvæði með sínum eigin tillögum, og það er ekki venja að beita flokksaga þegar svo stendur á, hvorki í þeim flokki né öðrum. Hins vegar er það álitamál, hvort það væri ekki rétt, til þess að kippa meðferð fjármálanna í rétt horf, því að það er erfitt að hafa nokkra stjórn á þeim, meðan hver einasti þingm. getur komið með br.till. við fjárlögin. Það væri vit í því, að hinir ráðandi flokkar tæki af skarið og takmörkuðu fjárbeiðslur einstakra þingmanna, því að meðan þetta fyrirkomulag er, þá er ekki von að takist vel að takmarka útgjöldin, þó að einstakir menn geri það fyrir sitt leyti. Eg er ekki að drótta neinu misjöfnu að mótflokknum um það, að hann myndi hafa beitt sér til þess að gera fjáraukalögin sem bölvuðust, en hitt veit eg, að það hefði orðið erfitt að hafa hemil á því, að þau yrði ekki óhæfilega há.

Einar Arnórsson: Eg vil leiðrétta það ranghermi háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), er hann segir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi drepið fjáraukalögin. Þetta er alls ekki fyllilega rétt. Það kom til tals þegar við 1. umr., og það var maður úr Bændaflokknum, háttv. samþingismaður minn (S. S.), sem þá stakk upp á því, — þeim flokki, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) telst til. Reyndar greiddi sá maður, háttv. samþingism. minn (S. S.) ekki atkvæði sitt með því — enda eigi heldur móti því — að fella frumv., en það var af því, að hann hafði verið í nefndinni. Fleiri vóru þeir úr Bændaflokknum, sem vóru móti aukafjárl., og auk þess var einn af vorum mönnum með þeim, og einn eða fleiri greiddu eigi atkvæði, svo að það er alls ekki rétt, að þetta hafi verið flokksmál, heldur greiddi hver atkvæði eins og honum sýndist, eins og t. d. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), og það tel eg líka rétt. Annars kalla eg það lítilfjörlegt atriði, hverjum þetta hefir verið að kenna.

Þá ætla eg að minnast á dagskrána, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kom fram með. Við 1. umr. þessa máls var því haldið fram, bæði af háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) og fleirum, að þetta frumv. færi í bága við 24. gr. stjórnarskrárinnar, og væri því ekki heimilt að taka það til meðferðar hér í deildinni. Ef það væri brot á 24. gr. stjórnarskrárinnar að greiða gjald af hendi samkvæmt heimildarlögum, ætti það að vera því meira brot á þessari grein, ef stjórnin greiddi fé úr landssjóði eftir einfaldri þingsályktunartillögu eða rökstuddri dagskrá. Nú hefir háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) komið hér með rökstudda dagskrá, sem ætlast er til að nægi til heimildar fyrir stjórnina til fjárgreiðslu í sama skyni og frumv. fer fram á. *(Eggert Pálsson:* Það yrði þá veitt upp á væntanlegt samþykki næsta þings).

Eg heyri það, en þetta er undarleg hringferð í hugsuninni hjá háttv. þm. Ef í dagskránni liggur engin heimild, þá er hún óþörf, og ef stjórnin vill veita fé án fjárlagaheimildar, þá getur hún það jafnt, hvort sem til er marklaus dagskrá eða ekki, en ef nokkur heimild á að liggja í dagskrá, sem að eins er samþykt í annarri deildinni, þá er skrítið, ef engin heimild felst í reglulegum lögum um sama efni. Mér dettur nú ekki í hug, að stjórnin yrði dregin fyrir landsdóm fyrir það, þótt hún greiddi fé samkvæmt slíkri dagskrá, en allir sjá, hve hugsanrétt þetta er hjá háttv. þingm.

Matthías Ólafsson: Háttv. flutningsm. (J. J.) tók það fram, að stjórninni væri gefið ofmikið rúm með dagskránni. Í henni liggur þó ekki annað en það, að þingið lýsir yfir því, að henni sé heimilt og skylt að styðja Heilsuhælið, ef nauðsyn krefur, og meðan stjórnin er ekki þekt að neinu bruðli, þá er engin ástæða til að vantreysta henni í þessu efni.

Þá sagði háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) að einnig myndi vera til græðgi í öðrum flokkum en hans flokki. Eg hafði tekið það fram, að meiri hl. hefði alt af getað ráðið við minni hl. í því tilliti, svo að þaðan var ekkert að óttast. Hitt hafði eg efast um, að hann myndi komast til sannleikans viðurkenningar um sinn flokk, en nú gerði hann það, og var það drengilegt og fyrsta skilyrði til afturhvarfs.

Þá er talað um að flýta þessu máli. Það er einmitt til flýtis, ef dagskráin verður samþykt. Hins vegar hefði mér þótt bezt og þinglegast að samþykkja fjáraukalögin, úr því að þau vóru lögð fyrir þingið, og tel alla þessa aðferð óþinglega, en úr því sem komið er, er dagskráin bezt.

Að því er það snertir, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um ranghermi hjá mér, þá læt eg mér nægja að vitna til orða háttv. sessunautar míns (Sk. Th.), sem sagði berum orðum, að það hefði verið samþykt á fundi þess flokks, sem hann telst til, að drepa fjáraukalögin, og skoraði á þá, sem fyrir því beittust, að gera grein fyrir því, hvers vegna þeir gerði það, og sjálfur greiddi hann ekki atkvæði. Það er því sá flokkur með tilstyrk nokkurra annarra manna, sem hefir drepið fjáraukalögin, og er þá vísað til baka ámælinu um ranghermi. Hitt getur verið, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki verið sammála um þetta, en hvenær er sá flokkur sammála um nokkurn skapaðan hlut?

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (þskj. 360) feld með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Einar Jónsson	Bjarni Jónsson
Jóhann Eyjólfsson	Björn Hallsson
Magnús Kristjánsson	Björn Kristjánsson
Matthías Ólafsson	Guðmundur Eggerz
	Hjörtur Snorrason
	Jón Jónsson
	Sigurður Eggerz
	Sigurður Gunnarsson
	Skúli Thoroddsen
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Jón Magnússon, Sigurður Sigurðsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkv. og töldust með meiri hl.

Fjórir þingm. fjarstaddir.

Tillaga um sjö manna nefnd feld með 13 : 3 atkv.

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (Þskj. 190).

ATKV.GR.:

Frumv.gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. með afbrigðum frá þingsköpum. (Þskj. 190).

ATKV.GR:

Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi Nd., miðvikud. 12. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr., er það hafði verið samþykt með breytingum í Ed. (Þskj. 494).

ATKV.GR:

Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

---

19. Grímseyjarviti.

A 20. fundi Nd., föstudaginn 24. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að láta reisa hornvita á Grímsey í Steingrímsfirði. (Þskj. 191).

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umræðu, en tekþá út af dagskrá aftur samkvæmt úrskurði forseta (sjá 1. umr. við næsta mál á undan).

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var frumvarpið aftur tekið til 1. umræðu:

Forseti (Ó. Br.): Út af þriðja máli á dagskránni skal eg leyfa mér að taka það fram, að spurning getur verið um, hvort eigi þurfi að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að það geti komist að.

Í 27. gr. þingskapanna er svo fyrir mælt, að lagafrumvörp, er önnurhvor deildin hefir felt, megi ekki bera upp aftur á sama þingi. Liggur nærri að líta svo á, að þetta ákvæði verði einnig að gilda um einstakar greinir feldra frumvarpa, sakir þess, að annars mætti algerlega fara í kringum það með því að bera upp sérstakt frumvarp um hverja einstaka grein.

Ennfremur er svo fyrirmælt í 30. gr. þingskapanna, að atriði, sem búið er að fella í deild, megi ekki bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.

Nú er það vitanlegt, að frumvarp það, sem fyrir liggur, var einn liður í fjáraukalagafrumvarpi því, sem felt hefir verið hér í deildinni, jafnvel þó þetta atriði kæmi ekki sérstaklega undir atkvæði.

Samkvæmt þessum ákvæðum þingskapanna þykir því varlegra að leita afbrigða frá þeim.

ATKV.GR.:

Afbrigði frá þingsköpum leyfð af ráðherra og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. Það vita allir, hvernig á þessari beiðni um vita stendur, og er því óþarft að orðlengja um það. Ef ekki verður

bygður viti á þessum stað, er hætta á að skip komi ekki inn á hafnir á Húnaflóa. Það virðist vera sjálfsagt, að þessi landshluti sé ekki hafður útundan með skipaferðir, enda er það tekið fram í samningum við Bergenska gufuskipafélagið, að skip þess skuli hafa viðkomustaði þar, gegn því að viti sá, er hér ræðir um, sé reistur. Það er því sjálfsagt að veita þennan styrk, svo að ekki sé hægt að líta svo á, að stjórnin hafi rofið samninga um þetta atriði.

ATKV.GR.:

Till. um 7 manna nefnd feld með 12 : 1 atkv. Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. u m r. (Þskj. 191).

ATKV.GR.:

Frumv.gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. u m r. (þskj. 191).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

20. Listaverk Einars Jónssonar.

Á 20. fundi Nd., föstudaginn 24. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað. (Þskj. 189).

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frumvarpið tekið til 1. u m r., en þá tekið út af dagskrá, samkvæmt úrskurði forseta (sbr. tvö næstu mál á undan).

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var frumvarpið a f t u r tekið til 1. u m r æ ð u.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg vil minna menn á orð skáldsins:

»Við eigum sumar innra fyrir andann,
þá ytra herðir frost og kyngir snjór«.

Andlegar listir, hvort sem þær eru framleiddar með litum, myndaðar úr leir, hvort sem það er skáldskapur eða söngvar eða myndir, skapa okkur þetta sumar. Það er sannast sagt um listamennina, að þeirra ríki er ekki af þessum heimi. Þeirra ríki fylgir skortur og vöntun á þessa heims gæðum. En þetta ríki er eilift og stöðugt, því að því verður ekki kollvarpað með þeim vopnum, sem menn nota venjulega í ófriði, hugmyndirnar verða ekki brendar eða skotnar eða drepnar á eitri. Aftur á móti er það af þessum heimi, að geymsluhús þarf til þess að varðveita þessar mótuðu hugmyndir Einars Jónssonar, til þess að geymdir verði þeir kostir, sem eru ekki enn búnir að fá fulla viðurkenningu, en fá hana áreiðanlega síðar. Einar Jónsson er ekki svo langt kominn ennþá, að hann hafi fengið þá heimsviðurkenningu, sem listamaðurinn þarf til þess að verða ríkur, þó að hann hafi fengið loflegt umtal fyrir verk sín, bæði í Norðurálfu

og Vesturheimi. Hann er svo fátækur, að hann hefir ekki efni á að kosta geymsluna á listaverkum sínum. Hann hefir verið svo heppinn undanfarið, að fá að geyma þau ókeypis í járnbrautarskemmu í Kaupmannahöfn. En nú verða tekin hús á honum um nýár, því að þá á að rífa skemmuna. Þá kemst hann í þau vandræði, að hann verður að mölva listaverk sín, vegna þess, að hann hefir ekki efni á að leigja hús undir þau — verði ekki einhvernveginn hlaupið undir bagga með honum. Og þó það sé rétt sem í vísunni segir:

»Aldrei þó, það lán var lént,
lubbar dóm er sátu,
eitrað, höggvið, hengt né brent,
hugmyndirnar gátu«,

þá má má þó mölva gifsið, sem hugsjónirnar eru mótaðar í. Alt starfsþrek Einars Jónssonar hefir gengið í þessi verk hans. Það er því ekki að eins mikill skaði fyrir hann — því að fyrir hann er það sama sem að missa lífið — heldur fyrir alt föðurland hans, ef þessar myndir glatast. Þær eru einkennilegar, hugmyndadjarfar og munu vafalaust síðar vinna þá viðurkenningu, sem þær hafa ekki fengið enn. Þess vegna er þessi heimildartillaga borin fram. Það er ekki verið að fara fram á það, þótt svo kynni að sýnast og væri auðvitað ekkert á móti — að flytja hingað heim annars manns eign og geyma hana á landsins kostnað. Listaverkin verða ekki hans eign lengur en landið óskar, því að hann hefir boðið því þau að gjöf. Vilji landið ekki þiggja þau, þá býst eg við, að því fari líkt og segir í sögunni um Tarquinius og Sibillu. Sibilla kom til Tarquiniusar og bauð honum til kaups 6 bækur og kvað á verðið 1 miljón sestertia. Hann vildi ekki kaupa þær því verði. Þá tók hún eina bókina og brendi hana og spurði hvort hann vildi nú kaupa þær, er eftir væri. Hann spurði um verðið. Hún kvað það vera hið sama og áður. Hann vildi ekki ganga að kaupunum. Þá brendi hún aðra til og fór alt á sömu leiðina — hún heimtaði altaf jafn hátt verð. Þannig gekk það, þangað til hún hafði brent 3 bækur. Tarquiniusi þótti þetta harla kynlegt og keypti þær sem eftir vóru fyrir sama verð og allar bækurnar áttu upprunalega að kosta. Og hann iðraðist þess ekki, því að þetta vóru dýrmætar spádómsbækur, er mikil áhrif höfðu á sögu Rómverja. Eins hygg eg að oss gæti farið — að vér síðarmeir, þegar Einar Jónsson er orðinn frægur maður, vildum fegnir gefa margfalt meira fyrir þessi listaverk, sem ekki yrði mölvuð, en vér nú vildum gefa fyrir þau öll. Þó er dæmið halt að því leyti, að vér eigum að fá þessar myndir ókeypis núna. En rétt er það að hinu leytinu, að ekki þarf nema dálitla hepni til, að Einar verði frægur maður og vér þá vildum fegnir gefa 40 þús. kr. fyrir það, sem oss býðst nú ókeypis, ef vér önnuðumst flutning og geymslu á því, sem aldrei kostar meira en 4000 kr. Það gefur að skilja, að það er ekki með ljúfu geði, að hann býðst til þessa. Hann fær ekkert í aðra hönd fyrir það, annað en það, að von hans um að fá viðurkenningu í framtíðinni er ekki með öllu drepin. Og það er ekki ofmikið þótt vér drepum ekki þá von hans, að framtíðin líti hann réttari augum en samtíðin. Það hefir reynst svo oft, einkum um þá menn, sem eru einkennilegir að einhverju leyti. Eg skil ekki í öðru, en að þetta hljóti að vera hvers manns vilji. Þó að nú sé ófriðartímar, álít eg samt gott að gefa þessi lög. Og það gæti kanske létt á samvizku sumra þm. að vel getur svo farið, að skotið verði á Khöfn, og einhver kúlan hitti þessi

verk. Þá þyrfti alþingi Íslendinga ekki að naga sig í handarbökin fyrir þennan ósparnað.

Eg gleymdi að geta þess áðan, því til sönnunar, að eg fer hér með rétt mál, því að eg hefi hér með höndum símskeyti frá manninum sjálfum, sem hljóðar svo:

»Gef verkin ef heimflutt landskostnað og geymd. Einar«.

Eg gæti sagt ýmislegt fleira til þess að vekja tilfinningar þeirra manna, sem kunna að meta lífsstarf, unnið fyrir hugsjónirnar. Hinna strengi held eg að þýði ekki að reyna að hræra — þeir eru svo hljóðlitlir. Annars vil eg óska þess, að málið gangi tafarlaust fram, eða það verði drepið strax — svo að menn verði ekki lengi að murka lífið úr seinustu vonum mannsins.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Tillaga um 7 manna nefnd feld með 12 atkv. gegn 5.

Á 36. fundi Nd., fimtud. 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 189).

Sigurður Sigurðsson: Eg stend að eins upp til þess að spyrjast fyrir um það hjá háttv. flutningsmönnum frv., hvað þessi flutningur muni kosta. Í annan stað, hvar geyma eigi þessi listaverk og hvað það muni kosta, eða hvort ætlast sé til að smíða hús yfir þau og hvað það muni kosta.

Eg skal engan dóm leggja á þessi listaverk, enda brestur mig skynbragð á þá hluti, eins og raunar alla, sem hér sitja inni. Mér er vandfarið við manninn, og eg vil ekki gera neitt það á hans hlut, er honum geti orðið að skaða. En þessum spurningum vænti eg að verði svarað, svo að það komi glögt fram, hvað þetta muni kosta.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Að þeirra manna ætlun, sem skyn bera á, kostar flutningurinn 3—4 þús. kr. Í vetur getur stjórnarráðið fengið ókeypis vörugeymsluhús til að geyma listaverkin í. Síðan er ætlast til að gerður verði skúr úr bárujárni yfir þau, er kosti um 400 kr. Aðalatriðið er það, að skúrinn sé fjúkheldur, því að gifsmyndir þola alt, nema veður og regn. Þannig má varðveita þessi listaverk alveg eða sama sem að kostnaðarlausu, þangað til mönnum lízt að reisa veglegt hús yfir þau og önnur listaverk, sem landið á.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgr. samþykt með 14 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	Pétur Jónsson.
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Sigurður Eggerz	
Sig. Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson.	

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði og var talinn til meiri hl.

Sjö þingmenn fjarstaddir.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv samhlj.

Á 37. fundi Nd., föstud. 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 189).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 12 gegn 1 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 42. fundi Nd., miðvikud. 12. ágúst, var frv. tekið til einnar umr., er það hafði verið samþ. með breytingum í Ed. (Þskj. 483).

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg vildi að eins leyfa mér að bæta lítilsháttar við þær upplýsingar um þetta mál, sem eg hefi áður gefið deildinni. Margir þingmenn hafa látið í ljós, sérstaklega utan funda, að þeir óttuðust að það mundi verða dýrt að geyma myndirnar. Nú hefi eg sannfrétt, að Landsbankinn á lítið hús hér í bænum, og í því húsi sé hægt að fá myndirnar geymdar fyrir litla, sanngjarna húsaleigu. Vona eg að mönnum vaxi ekki í augum kostnaðurinn, er þeir heyra þetta. (*Guðm. Hannesson*: Hvað verður húsaleigan mikil?) Eg hefi ekki samið við Landsbankann um leigu á húsinu, en eg býst við að háttv. þm. (G. H.) geti farið nærri um leiguna, þegar eg segi honum, að húsið er lítið og leigan sanngjörn.

Guðm. Hannesson: Eg get ekki stilt mig um að segja svo sem tvö orð út af ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Þegar þetta mál var hér til umræðu á dögunum, þá taldi hann hægt að byggja hús fyrir 300 kr. til þess að geyma í myndirnar. Ef hann ætlast nú ekki til, að kostnaðurinn fari fram úr þessari áætlun hans, má leigan á þessu húsi ekki fara fram úr 15—20 kr. á ári. — Háttv. þm. (B. J.) gerði sjálfur ráð fyrir því, að hús fyrir myndirnar kostaði ekki meira en 300 kr. Reyndar bauðst hann ekki til að byggja það sjálfur fyrir þetta verð, en hann taldi engan vafa á því, að það væri hægt. Nú býst eg við, að húsnæðið sé farið að hækka í verði.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Að eins örstutt athugasemd út af þessari skemtilegu og viturlegu ræðu hv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Eins og menn muna, þá sló eg því fram um daginn, að ef menn gæti látið sér nægja að geyma myndirnar þannig, að þeim væri rétt að eins forðað frá skemdum, þá væri hægt að slá upp skúr fyrir þær, sem ekki kostaði meira en svo sem 300 kr. Nú gat eg hugsað mér, að ýmsir vildi heldur geyma myndirnar á þeim stað, þar sem hægt væri að sýna þær og jafnvel selja aðgang að þeim. Þess vegna vildi eg upplýsa deildina um, að slíkt húsnæði væri fáanlegt við sanngjörnu verði.

Nú vildi eg biðja háttv. 1. þingm. Húnv. (G. H.) að reikna það út á milli þinga, hvort ódýrara verður að slá upp 300 kr. bárujárnsskúr utan um myndirnar, svo lítinn og þannig úr garði gerðan, að ekki væri unt að sýna þær, eða að leigja fyrir þær lítið húsnæði fyrir gjald, þar sem hægt væri að sýna þær fyrir borgun.

Guðmundur Hannesson: Eg ætla engan veginn að halda því fram, að þessi byggingaráætlun háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi verið á góðum grundvelli bygð. En eg vona, að allir háttv. deildarmenn muni, að hann tók það einnig vendilega fram, að myndirnar mætti sýna í þessum skúr. (*Bjarni Jónsson:* Eg sagði að háttv. 1. þingm. Húnv. mundi þá þurfa góðan yfirfrakka, ef hann ætlaði sér að skoða myndirnar

að vetrarlagi). Háttv. þm. (B. J.) hefir þá fallið frá þessari fyrirætlun sinni, til þess að spara yfirfrakkann minn.

Einar Jónsson: Það er ekki svo að skilja, að eg standi upp af því að eg sé á móti þessum heiðurs- og listamanni, sem hér er um að ræða. Heldur stend eg upp til þess að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ef myndirnar eru þess verðar, að vera keyptar fyrir 4000—5000 kr. farmgjald, þá geti það ekki komið til mála, að hægt sé að geyma þær í 300 kr. skúr, sem hvorki getur haldið vindi né vatni. Það nær ekki nokkurri átt. En ef myndirnar eru þannig úr garði gerðar, að enginn vill kaupa þær þar sem þær eru, þá get eg ekki skilið, að það sé landinu sá vegsauki að eiga þær, að tilvinnandi sé að gjalda fyrir flutninginn á þeim 4000—5000 kr., og sízt verður vegur landsins meiri fyrir það, ef myndirnar verða síðan geymdar í skúrræfli, þar sem þær gera ekki annað en að grotna niður. Ef myndirnar verða fluttar til landsins á annað borð, þá liggur næst fyrir að byggja utan um þær dýrt hús. En þá skilst mér að spurningin sé þessi, hvort það borgi sig betur að veita manninum það sem styrk, sem annars færi í það að flytja myndirnar og geyma þær hér. Sú upphæð mundi nema sæmilegum ársstyrk um langan tíma, og með því mundi manninum verða gert hægara fyrir að komast áfram í list sinni og stunda hana eins og honum sjálfum sýnist. Eg get ekki annað sagt, en að eg er mjög vantrúaður á, að það verði landinu til hagsmuna eða heilla að flytja myndirnar hingað heim með ærnum kostnaði og geyma þær síðan í járnskúr, sem venjulega er ekki einu sinni hægt að geyma í mjölpoka eða sykurkassa, án þess að það skemmist. En jafnvel þó að slíkir járnskúrar sé ekki betri húsakynni, en eg hefi nú lýst, þá verð eg þó að efast stórlega um, að nokkur vilji taka að sér að byggja skúr utan um myndirnar fyrir jafnlítið verð og háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir haldið fram. Eg gæti, sem sagt, miklu betur fallist á að þessi maður, sem af öllum er vel þektur og viðurkendur að standa framarlega í listinni, fengi árlegan styrk til þess að þurfa ekki að svelta.

Það kann að vera, að ýmsir kunni að hafa skemtun af því að sjá myndirnar hér, þó að ekki væri öðru vísi en í járnskúr, en eg met þá skemtun ekki svo mikils, að eg telji ekki heppilegra að sýna listamanninum sóma á einhvern annan hátt, jafnvel þó að brjóta þyrfti myndirnar vegna húsnæðisleysis þar suður í Kaupmannahöfn.

Það var minst á það í gær hér í deildinni, hvað farið var með þegar rætt var um stofnun Háskólans. Það var talið víst, að Háskólinn og þingið gæti hvorttveggja rúmast á sama tíma í sama húsinu, og að ekki væri ástæða til að fella frumvarpið um Háskólann fyrir þá sök, að það rækist hvað á annað. En hvað hefir ekki komið á daginn? Eins hygg eg að fari um þetta. Þó að nú sé sagt, að lítið sem ekkert þurfi að leggja í kostnað til þess að geyma myndirnar, þá mun svo fara innan skamms, og ef til vill á næsta þingi, að farið verður fram á að veita fé til þess að byggja dýrt hús fyrir þær.

Í sambandi við þetta mál vil eg minnast á eitt dæmi. Fyrir nokkrum árum var flutt hingað eitt listaverk eftir þennan sama mann. Það er Útilegumaðurinn. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg hefi alt af gaman af að líta á Útilegumanninn, því að hann er vel gert verk. En hvar er hann látinn standa? Í forstofu í einu húsi hér í bænum, þar sem strákar sparka í hann og hafa þegar skemt hann talsvert. Raunar sýnist mér, að

eitthvað muni hafa verið dubbað upp á hann síðan í fyrra. En það, sem eg vildi segja, var það, að meðan landið hirðir ekki betur þetta eina listaverk, sem það hefir í sinni umsjá, þá sé eg ekki, að því sé fært að hirða um alt draslið, ef það verður flutt hingað.

Mig minnir, að verkin hafi verið talin að undanförnu eitthvað um 40, en þeim mun hafa fjölgað síðan, að minsta kosti bendir þetta háa flutningsgjald, sem áætlað er, á það, að þetta sé nokkuð mikið að vöxtunum. Get eg þá trúað því, að ýmislegt af því hafi menn hér aldrei séð og geta þeir þá lítið dæmt um það.

Eg vona að menn hafi skilið, að eg er engan veginn að lasta þennan mann, sem af öllum er viðurkendur bezti drengur og mikill listamaður. Eg vildi gjarna að honum væri veittur einhver styrkur, svo að hann þyrfti ekki að svelta, því að þótt ófriðurinn geri það ef til vill að verkum, að vér deyjum allir úr hungri, þá vil eg ekki að nafni minn, listamaðurinn, hnígi fyrstur í valinn.

Sveinn Björnsson: Eg verð að segja, að það kemur flatt upp á mig, að umræður skuli hafa orðið um þetta mál nú við eina umræðu, þar sem það var afgreitt af deildinni um daginn, og er nú komið aftur frá Ed. þannig breytt, að takmörkuð hefir verið sú fjárveiting, sem um getur verið að ræða. Nd. afgreiddi málið þannig, að stjórninni var heimilað að verja því fé, sem þyrfti til þess að flytja heim listaverkin, en Ed. hafði það að athuga við málið, að engin fjárupphæð væri ákveðin, og breytti frv. í samræmi við það. Eftir öllum reglum ætti það því að vera hættuminna að samþykkja frumvarpið eins og það er nú, heldur en eins og það var um daginn þegar deildin afgreiddi það.

En þó að eg undrist allar þær umr., sem nú hafa fram farið um málið, þá þykir mér ræða háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) stórfurðulegust. Mér er ekki unt að fylgjast með hans hugsanagangi. Hann endurtekur það, ekki tvisvar eða þrisvar, heldur að minsta kosti tíu sinnum, að Einar Jónsson sé viðurkendur listamaður, en segir þó í sömu andránni um verk hans, að bezt sé að mölva alt bölvað draslið niður þar sem það er. Þetta var þráðurinn í ræðu hans. Ýmislegt fleira sagði sami háttv. þm. (E. J.) sem mér var torskilið. Hann talaði um að *kaupa* verkin fyrir 4000 kr. flutningsgjald, og hélt að það mundi ekki borga sig, þar sem ekki mundi verða hægt að selja þau aftur. *(Einar Jónsson:* Það sagði eg aldrei). Jú, hann viðhafði þessi orð. *(Einar Jónsson:* Eg sagði að ekki væri hægt að selja myndirnar, þar sem þær eru). Þetta er undarleg hugsun. Eg veit ekki, að hér sé verið að tala um nein kaup á listaverkunum, heldur hafa menn hugsað sér að taka á móti þeim í Kaupmannahöfn sem gjöf, gegn því að flytja þau á landsins kostnað hingað heim og geyma þau, til þess að koma í veg fyrir að listamaðurinn þurfi að bera verkin sín út og brjóta þau niður, eins og viðbúið er að hann þurfi að gera, þegar hann í haust missir húsnæðið, sem hann hefir haft fyrir þau. Meiningin er ekki önnur en sú, að reyna að afstýra þessu. Eg veit ekki til að neinum manni hafi dottið það í hug, að hægt væri að geyma myndirnar landinu að kostnaðarlausu, og eg skil ekki, að það hafi nokkra þýðingu, að vera að stæla um það, þó að einhver háttv. þm. hafi sagt, að hægt væri að kúlda upp ódýrum skúr utan um þær. Aðalatriðið er það, að myndirnar verði geymdar svo að þær skemmist ekki. Og enn síður er ástæða til að

vera að þrátta um þetta, þar sem fjárupphæðin, sem í þessu skyni má verja, hefir nú verið takmörkuð. Ef þingið á sínum tíma sér sér fært að byggja landinu hús, til þess að geyma í þessi listaverk og önnur, þá er það ekki nema gott og blessað að hugsa til þess, að augu manna opnist fyrir því, að vert geti verið að varðveita annað en það, sem látið er í munninn í augnablikinu.

Eg endurtek það, að eg skil ekki hugsanagang háttv. 1. þm. Rang. (E.J.). Hann heldur því fram, að landinu geti ekki orðið nein vegsemd að því að eignast þessi listaverk, en þó marglýsir hann því yfir, að fyrir sitt leyti viðurkenni hann list Einars Jónssonar, og hafi haft mikla ánægju af því að skoða þetta eina listaverk eftir hann, sem hann hefir átt kost á að sjá.

Hér í Reykjavík hafa verið til sölu myndir af verkum Einars Jónssonar, og útlendingar hafa mikið sókst eftir þeim. Þeir hafa spurt um, hvar vér geymdum þessi verk, og þegar þeim hefir verið sagt, að þau væri geymd í pakkhúsi suður í Kaupmannahöfn, þá hafa þeir orðið meira en lítið hissa. Eg hygg, að það sé ekki með öllu vanzalaust fyrir oss að þurfa að segja útlendingum annreins og þetta. En hins vegar mundi það ekki verða oss til skaða ef vér gætum gefið útlendingum kost á að sjá hér heima íslenzka list, ekki sízt, ef ekki væri upp á ómerkilegra að bjóða en listaverk Einars Jónssonar. Og vel get eg ímyndað mér, að þegar verk hans eru komin hér á einn stað, þar sem hægt verður að skoða þau, þá verði einhver til þess að kaupa af honum meira eða minna, og þá þyrfti hann ekki að þola annað eins og honum hefir verið boðið hér í dag með matarræðu hv. 1. þm. Rang. (E. J.), sem talaði um að gefa honum að borða í gustukaskyni.

Einar Jónsson: Eg skammast mín ekki fyrir, að hafa sömu skoðun á þessu máli og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), því að eg met hann mikils. En af ræðu hans er mér ljóst, að við erum sammála, þó að það sé ekki að öllu leyti. Hann furðar sig á því, að eg skuli viðurkenna Einar Jónsson sem listamann. Eg skil ekki, að hann skuli furða sig á því, þar sem hann gerir hið sama, því að vitanlega færi hann ekki fram á að landsjóður legði fram stóra upphæð til þess að flytja verk þessa manns til landsins, ef hann væri ekki þeirrar skoðunar, að eitthvað væri í verkin varið. Eg kannast við, að Einar Jónsson sé víða viðurkendur sem listamaður, en samt sem áður er hann ekki svo viðurkendur enn þá, að hann sé farinn að fá peninga fyrir verk sín.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) gerði sig sekan í útúrsnúningum, þar sem hann ber það fram, að eg hefði sagt, að enginn mundi kaupa verkin hér, og þess vegna borgaði það sig ekki fyrir oss að flytja þau hingað. Þetta sagði eg aldrei, heldur sagði eg, að enginn hefði viljað gerast kaupandi að verkunum þar sem þau eru. Maðurinn getur verið jafnmikill listamaður fyrir því. Það er svo að jafnaði með listamennina, að þeir eiga lengi erfitt uppdráttar, þangað til þeir fá viðurkenningu, og hana fá þeir oft ekki fyrr en eftir dauðann. Það var því engin lítilsvirðing, sem eg sýndi þessum heiðursmanni, þó að eg minnist á, að réttara væri fyrir oss, og honum betra, að honum væri veittur einhver árlegur styrkur, heldur en að stórfé væri varið til þess að flytja hingað verkin hans, einkum þar sem menn hugsa sér jafnvel, að sýna þeim ekki meiri sóma en það, að hrúga þeim upp í eitthvert skúrskrifli.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) talaði um

að eg hefði haldið matarræðu, þar sem eg mintist á, að ekki væri rétt að láta þennan mann svelta. Þetta er líka útúrsnúningur. Eg ætlaðist ekki til, að honum væri veittur styrkur til þess eins, að hann gæti haft ofan í sig að borða, heldur til þess að hann gæti jafnframt eitthvað gert, og helgað sig áfram list sinni. Eg skildi háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) svo, að hann teldi þennan 300 kr. skúr háttv. þm. Dal. (B. J.) ónógan. Þar erum við einnig á sama máli. Það má reiða sig á, að slíkur skúr yrði ekki einu sinni til þess að gera þá peninga ónýta, sem fara til þess að flytja hingað myndirnar, heldur einnig myndirnar sjálfar.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, að ekkert væri á móti því, að landið bygði viðunandi hús undir myndirnar, ef það teldi sér það fært. Þetta getur satt verið, en hér greinir okkur að því leyti á, að eg vil ekki að myndirnar sé fluttar hingað fyrr en landið telur sér fært að byggja sómasamlegt hús fyrir þær. Þessi járnskúr háttv. þm. Dal. (B. J.) kemur ekki til nokkurra mála, og ætti miklu fremur að geyma þingmanninn sjálfan, sem aldrei hefir neitt listaverk verið, heldur en listaverk Einars Jónssonar.

Eggert Pálsson: Eg stend upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. Þegar þetta mál var hér áður til meðferðar í deildinni, greiddi eg atkvæði á móti því, og þó að nú hafi verið gerð breyting á frumv. í háttv. Ed., þá er sú breyting ekki nægileg til þess, að eg geti breytt stefnu minni í málinu.

Eg ætla engan dóm á það að leggja, hversu mikill listamaður Einar Jónsson er, enda treysti eg mér ekki til þess. En það veit eg, að dómar manna um það eru mjög misjafnir. Að minsta kosti hefi eg heyrt menn, sem vel er treystandi til að leggja dóm á þess konar, halda því fram, að betur væri valið að brjóta niður líkneski Jónasar sál. Hallgrímssonar, heldur en að láta það standa þar sem það stendur, sjálfum honum og landinu til vansæmdar.

Þar sem sumir háttv. þm. halda því fram, að þessi maður sé viðurkendur listamaður um allan heim, þá verð eg að telja það undarlegt, að hann skuli þá ekki geta lifað á listaverkum sínum. Það verður ekki vel skiljanlegt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) skýrði frá, að útlendingar, sem hingað kæmi, væri ólmir í að kaupa eftirgerðar myndir eftir verkum Einars Jónssonar fyrir 10—20 aura, og væri jafnvel hissa á að þau skyldi ekki vera geymd á einhverjum veglegri stað en í pakkhúsi í Kaupmannahöfn, en hins vegar skuli þó enginn kaupandi fást að neinu verki hans. Hvernig stendur á þessu? Er það af því, að enginn útlendingur sé til þess fær? Eg verð að segja það, að slík alheimsviðurkenning, sem þannig lýsir sér, er mér hreinasta ráðgáta.

Eg skal ekki hafa mörg orð um þetta. Það sem aðallega gerir það að verkum, að eg er á móti þessu máli, er ekki svo mjög þessi litla upphæð, sem hér er farið fram á, 4 þús. kr., heldur það, að eg álít að hér sé verið að stinga inn litlafingrinum, og hætt sé við, að öll hendin komi á eftir. Það þarf enginn að hugsa sér, að hann geti talið mér trú um, að menn láti sér duga það til langframa að flytja inn listaverkin og geyma þau síðan í einhverju lítilfjörlegu húsi eða járnskúr hér í bænum, enda væri það hreinasta forsmán ef um sönn listaverk væri að ræða, sem landinu væri sómi að.

Það þarf enginn að hugsa til þess, að

hann geti talið mér eða nokkurn veginn skynbærum mönnum trú um, að þetta verði látið gilda til langframa. Þegar búið er að flytja verkin heim, þá munu brátt fara að koma fram raddir um að koma þurfi upp veglegu húsi til að geyma þau í, hvort sem þau eiga það í raun og veru skilið eða ekki. Þetta gerir það að verkum, að eg hlýt að verða á móti þessu máli. Þó að ekki sé nú farið fram á í upphafi nema 4 þús. kr. til að flytja verkin heim, þá munu menn komast að raun um, að sú upphæð, sem formælendur þessa máls fara síðar fram á, að kostað verði til þessara verka, sem sé til húsabyggingar og umsjónar verður ekki 4 þús. kr., heldur 4 þús. kr. margfaldað með 10 eða jafnvel 100. Ef eg lifi lengi, þá býst eg síðar við, að eg geti bent, á að þessi spá mín hafi náð að rætast.

ATKV.GR.:

Frumv. var samþ. með 19 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
MagnúsKristjánsson	
SigurðurGunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Guðm. Hannesson, Björn Hallsson, Matthías Ólafsson, Sigurður Sigurðsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Þrír þingmenn fjarstaddir.

Frumv. þar með afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

21. Langárbrú.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um að landstjórninni veitist heimild til að láta gera járnbenda steinsteypubrú á Langá í Mýrasýslu (þskj. 368).

Á 36. fundi Nd., fimtud. 6. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr. (þskj. 368).

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau leyfð og samþykt.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Eg þarf ekki að tala langt mál fyrir þessu frumv. Nú nýlega kom eg með þingsályktunartillögu, sem var líks efnis, en sem ýmsir þingmenn vildu ekki greiða atkvæði sitt, en mér hefir skilist á sumum af hinum sömu mönnum, að þeir mundu heldur vera með því í þessum búningi, og eg treysti nú, að svo muni reynast.

Um málið urðu svo miklar umræður síðast, að ekki þarf að skýra það nú. En nafnakalls vil eg óska um frumv.

Pétur Jónsson: Eg stend ekki upp til að spilla fyrir þessu frumvarpi, síður en svo. Eg álít, að það eigi eins mikinn rétt á sér eins og hin heimildarlögin, sem á ferðinni eru. En mér finst það mótsögn hjá háttv. þingmönnum, að vilja ekki taka fjárveitingar á fjáraukalög, en veita þó stjórninni tiltölulega takmarkalitla heimild til fjárveitinga. Þetta þykir mér undarlegt hátta-

lag. Og enn meiri mótsögn er það, að veita stjórninni heimild til fjárgreiðslu, sem ekki er brýn, þegar búið er með sérstökum lögum að heimila henni að spara sum lögmælt útgjöld, sem standa á sjálfum fjárlögunum. Og því léttúðarlegra er þetta nú undir þinglok þegar enginn umhugsunartími er og þingmenn svo stopulir og óþolnir orðnir, að kannske $^2/_3$ aðeins eru viðstaddir og 10 þar af greiða máske ekki atkvæði. Eg segi þetta ekki til þess að spilla fyrir þessu litla frumvarpi, heldur í sambandi við sum heimildarlagafrumv. sem á undan eru gengin í deildinni.

Bjarni Jónsson: Eg skil ekki, að það sé mótsögn, að þingið vill ekki veita fjárveitingar á fjáraukalögum þótt þótt það hins vegar vilji veita stjórninni heimild til fjárveitinga í nauðsynleg fyrirtæki, svo framarlega sem fé er fyrir hendi.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Jón Jónsson
Bjarni Jónsson	
Einar Jónsson	
Hannes Hafstein	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánss.	
Pétur Jónsson	
Sig. Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	

Þeir Eggert Pálsson, Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Sig. Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hl. — 7 þm. voru fjarstaddir.

Á 37. fundi Nd., föstud. 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 368).

Leitað var afbrigða frá þingsköpum og þau leyfð og samþykt.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþykt með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. með afbrigðum frá þingsköpum. (Þskj. 368).

ATKV.GR.:

Frv. samþykt með 13 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

22. Landsdómur.

Á 21. fundi Nd., laugard. 25. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm; (þskj. 202, n. 208).

Á 22. fundi, mánud. 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Við þessa umræðu ætla eg ekki annað að segja en það, að við flutningsmenn höfum komið okkur saman um það, að taka þetta frv. aftur, og leggja fram nýtt frv. á þskj. 202. Eg læt mér nægja að vísa til nefndarál., og vona að háttv. deild láti málið ganga fram í þessu formi að sinni.

Jón Magnússon: Eg ætla ekki að fara að vekja upp umræður um málið nú. Eg ætla að eins að geta þess stuttlega, að mér finst ekki ástæða til þess að vera að káka neitt við þessi

lög, ef gagngerð endurskoðun á þeim liggur við borð hvort sem er.

Bjarni Jónsson: Eg vildi að eins geta þess, að fyrir mér vakir það, að þótt þessi lög verði endurskoðuð, þá eru viss atriði í þeim þess eðlis, að ekki má dragast að breyta þeim. Þess vegna verða lögin að ganga fram á þessu þingi. Endurskoðunin getur farið fram á eftir engu að síður fyrir því, þó að þessar breytingar komist á.

ATKV.GR.:

Frv. var vísað til 2. umr. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Guðm. Eggerz
Bjarni Jónsson	Jón Magnússon
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Sigurður Gunnarss	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl. 6 þm. voru fjarstaddir.

Á 25. fundi Nd, fimtud. 30. júlí, var frv. tekið til 2 umr. (Þskj. 202, n. 208).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg ætla mér ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Það sýnist vera svo augljóst og óbrotið, að engin þörf sé á að skýra það framar en í nefndarálitinu er gert.

Það eru þrjár breytingar á landsdómslögunum frá 20. okt. 1905, sem meira hl. nefndarinnar hafa virst óhjákvæmilega nauðsynlegar og eigi megi bíða.

Fyrsta breytingin er um ruðningarréttinn, að meiri jöfnuður verði þar gerður milli beggja málsaðilja, sóknara og ákærðs.

Önnur breytingin er sú, að forseti dómsins verði ávalt tekinn úr flokki hinna lögfróðu sjálfkjörnu dómenda.

Þá er þriðja breytingin um það, að tveir þriðju dómendanna nægi til þess, að dæma ráðherrann sekan, í stað fjögra fimtu, sem nú er ákveðið. Þessi uppástunga kom fram á alþingi 1905 þegar landsdómslögin voru í smíðum, en var þó feld. Þessu er víða svo fyrir komið að einfaldur meiri hluti er látinn nægja til þess að fella sektardóm, og ætti því að vera nægilegt, þó að ekki væri krafist stærri meira hluta en tveggja þriðju af dómendunum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Eg vænti þess að háttvirt deild sjái, að hér muni nauðsyn á vera og taki frv. því vel.

Pétur Jónsson: Eg get lýst því yfir, að mér virðast þær breytingar sem frv. fer fram á, á engan hátt óeðlilegar eða óheppilegar. En þegar það er tekið og borið saman við nefndarálitið, þá virðist mér það óþarft. Í nefndinni varð niðurstaðan sú, að víkja þessu máli til stjórnarinnar og fela henni að leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frv. til laga um landsdóm. Þegar búist er við því, að stjórnin taki þessa till. til greina, hvort sem nefndarálitið verður látið nægja, eða sérstök þingsályktunartill. um þetta efni verður samþykt, þá virðist mér öldungis óþarft að breyta nú gildandi lögum að eins til eins árs,

nema ef svo væri, sem eg veit ekki til að bólað hafi á, að sérstök þörf væri fyrir hendi að beita lögunum, annaðhvort gagnvart hinum nýja ráðherra, eða hinum fráfarandi. En þó að svo væri, þá væri það ekki allskostar eðlileg aðferð að breyta lögunum fyrir slíkt einstakt tilfelli.

Bjarni Jónsson: Mér þótti furðulegt að heyra það, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði nú. Eg hafði ekki ímyndað mér, að hann hefði svo mikið ímyndunarafl til að bera, sem til þess þarf að koma fram með slíkt. Vér gengum inn á það í nefndinni að fresta málinu og gefa stjórninni kost á að íhuga hverjar breytingar þyrfti að gera á öllum lagabálkinum. En þessar breytingar, sem hér er farið fram á í þessu frv. þótti oss svo nauðsynlegar og sjálfsagðar, að þeim mætti alls ekki slá á frest. Því að meðan lögin eru eins og þau eru, verða þau dauður bókstafur. Þetta stendur ekki í neinu sambandi við fráfarandi eða núverandi ráðherra. Það sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gaf í skyn í þá átt, er alveg ný hugsun í minu hugskoti. Eg veit ekki til að nokkrum manni, öðrum en honum, hafi dottið slíkt í hug. En ef hann ætlar að bjarga fráfarandi ráðherra frá sakfellingu með því að drepa þetta frv. nú, þá hjálpar það ekki. Því að ef þessar breytingar komast á að ári, þá væri nægur tími til að kæra ráðherrann, ef hann hefði brotið gegn landsdómslögunum. Eg skil ekki, hvers vegna er verið að leiða annað eins og þetta inn í umræðurnar, því að það er algerlega út í loftið. Hitt er eins og allir vita í skauti framtíðarinnar, hvenær lögunum þarf að beita. Þessi lög eru eins og önnur lög til tryggingar gegn hættu, en hvenær hættan kemur, veit enginn. Það getur orðið í kvöld eða á morgun, eftir einn mánuð eða tvo. Það lítur ekki friðlega út nú, og það getur margt borið við í sambandi við þetta land, sem gerir það að verkum, að frekari þörf verði á þessum lögum en ella mundi. Eg er þess fullviss, að ekki þurfi að beita þessum lögum gegn núverandi ráðherra, en eg veit ekki nema einhver taki við á eftir honum, sem þörf væri á að kæra. Eg er heldur ekki að ákæra fráfarandi ráðherra á nokkurn hátt og eg veit ekki til, að nokkur maður hafi gert það. Annars er rétt, að háttv. frams.m. (E. A.) haldi hér svörum uppi.

Pétur Jónsson: Það er óþarfi af háttv. þm. Dal. (B. J.), að gefa það öðrum að sök, þó að hann skilji ekki mælt mál. Eg hélt satt að segja, að honum, eins mentur og hann er, hefði ekki átt að vera það ofvaxið að skilja það, sem eg fór með. Eg var ekki að gera flutningsmönnum frumv. upp neina ákveðna hugsun, heldur sagði eg, að jafnvel þótt eg teldi þessar breytingar, sem fram á er farið, til bóta, þá þætti mér óþarfi að vinda svo bráðan bug að þeim, að þær megi ekki bíða til næsta þings, úr því, að þá er ætlast til, að öllum landsdómslögunum verði breytt. Eg taldi þetta óþarft, nema ef svo væri, að menn hefði í hyggju að beita lögunum nú þegar — eg sagði ekki að neinn maður hefði það í hyggju — og jafnvel þó að svo væri, þá taldi eg það óviðeigandi. Eg vona, að aðrir háttv. þm. skilji þetta, þó að háttv. þm. Dal. (B. J.) geri það ekki.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg held, að það sé með öllu óþarft að hefja kappræður um þetta mál. Eg þakka háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir undirtektirnar, því að hann taldi breytingarnar vera til bóta, frá

sínu sjónarmiði. Það sem hann hafði á móti frv. var það, að úr því að nefndin væri á einu máli um það, að öll landsdómslögin þyrfti að endurskoða, þá mætti þessar breytingar bíða eftir þeirri endurskoðun. En eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) veit, ekki síður en nefndin, er langt stig á milli þess, að máli sé beint til stjórnarinnar, og að það sé af hennar hálfu og eftir rannsókn hennar lagt fyrir þingið og enn lengra til þess, að það komi aftur frá þinginu sem lög. Það geta liðið mörg ár á milli. Það er ekki sagt, að stjórnin finni ástæðu til að taka þessa málaleitun til greina. Við ráðum ekki yfir hennar hugarfari. Og það er eigi heldur víst, að það þing, er stjórnin kynni að leggja málið fyrir, afgreiddi það heldur frá sér í lagaformi og til fullnaðar.

Vegna þess að okkur var þetta ljóst, komum við fram með þessar bráðnauðsynlegu breytingar, sem hér eru taldar. Hitt var ekki rétt hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að meiri hluti nefndarinnar hefði nokkurn sérstakan ákveðinn mann í huga, sem hann eða þingið hefði ástæðu til að kæra fyrir landsdómi, hvorki neinn þeirra manna, sem enn eru á lífi af þeim, sem stjórnina hafa haft á hendi, né þann mann, sem nú fer með hana. Það er jafnvel mesta fjarstæða að geta þess til, að okkur mundi detta í hug, að við þyrftum að kæra þann mann, sem við flutningsmenn frumvarpsins höfum nýlega sýnt það traust að fela mál vor og stutt til ráðherradóms. Eg get fullvissað háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að þessi hræðsla hans er á engum rökum bygð. En hitt virtist okkur, að svo lengi gæti staðið á endurskoðun laganna, að á þeim tíma gæti margt það borið við, sem gæfi ástæðu til að beita þeim. Þess vegna vildum við ekki slá því á frest að koma fram með þessar breytingar.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo komnu.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 19 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Matthías Ólafsson.
Bjarni Jónsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Einar Jónsson, Jóhann Eyjólfsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hluta. Fjórir þm. fjarstaddir.

2. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Matthías Ólafsson
Benedikt Sveinsson	Pétur Jónsson
Bjarni Jónsson	Þórarinn Benediktss.
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Einar Jónsson	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Sigurður Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Björn Hallsson og Jóhann Eyjólfsson greiddu ekki atkv. og vóru taldir til meiri hlutans. Fjórir þm. vóru fjarstaddir.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. u m r. (Þskj. 202).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg vildi aðeins leyfa mér að biðja um, að atkvæði um frumvarpið verði greidd með nafnakalli.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. og afgreitt til Ed. með 22 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson.
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Árnórsson	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thóroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Einar Jónsson, Guðmundur Eggerz og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Tveir þm. fjarstaddir.

Frumv. þar með afgreitt til Ed.

---

23. Ráðstafanir gegn ófriðarhættu.

Á 26. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu. (Þskj. 290).

Á sama fundi var frumv. tekið til 1. u m r., er forseti hafði leitað leyfis um afbrigði frá þingsköpum og þau verið leyfð og samþykt.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg vildi byrja ræðu mína í þessu máli með því að lýsa yfir því, að eg vonast til, að þetta mál valdi ekki eins miklum hita hér í deildinni og þingsályktunartillagan olli í sameinuðu þingi. Eg vonast til, að vér getum rætt þetta mál með ró og stillingu. Eg get vísað til ræðu minnar í sameinuðu þingi áðan. Þetta frumvarp er komið frá sömu nefnd, sem fjallaði um þingsályktunartillöguna. Eg get því látið sömu orð gilda. Við þessa umræðu málsins kemur ekki til greina að fara út í einstakar greinar frumvarpsins. Eg skal ekki lengja umræðurnar meir að svo komnu.

Pétur Jónsson: Eg vildi aðeins benda á, að það getur að minni hyggju verið mjög athugavert að heimila stjórninni, að setja útflutningsbann á íslenzkar vörur, svo sem síld, fisk og kjöt, einungis fyrir *yfirvofandi* Norðurálfuófrið. Mér finst, að til slíkra örþrifaráða megi ekki taka, nema aðflutningar til landsins af matvælum frá öðrum löndum sé svo heftir, að til allsherjar voða horfi. En undir þeim kringumstæðum er útflutningur íslenzkra vara að líkindum sjálfkrafa bannaður. Þá verður ekki hægt að koma þeim út. Mætti ekki koma að breyt.till. í þá átt?

Umboðsm. ráðherra (Klemens Jónsson): Eg hefði helzt kosið að málið hefði gengið umræðulaust til 2. umræðu. En úr því að háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) fór að tala um einstök atriði frumvarpsins, þá vona eg, að hv. forseti hafi ekki á móti því, að eg bendi deildinni á tvö atriði, sem eiginlega eiga heima við 2. umr.

Hvorki eg né aðrir hv. þm. hafa haft tíma eða tækifæri til þess að kryfja þetta frumvarp til mergjar. En þegar eg fyrst las frumvarpið, þá rak eg augun í það, sem stendur í 4. tölulið 2. gr., um það að stjórnin getur látið hætta allri landssjóðsvinnu. Þetta er ekki hægt að gera í svipinn. Það er ekki hægt á svipstundu að stöðva allar vegagerðir landssjóðs, fyrst og fremst af því, að búið er að borga fyrirfram mikið af því, sem veitt er á fjárlögunum til vegagerðar. Og sjálfsagt er, að stjórnin láti halda áfram að vinna fyrir þá peninga, sem búið er þegar að borga út. Sömuleiðis er ekki hægt að hætta við brúargerðir, sem byrjað hefir verið á. Ekki er heldur hægt að hætta við vegi, t. a. m. í miðri mýri, og fleira getur verið því til fyrirstöðu, að þetta sé hægt. Þetta atriði er þó þýðingarminna en hitt, sem eg vildi benda á. Það er þýðingarmeira, að í 3. gr. er gert ráð fyrir að bannaður verði útflutningur á aðfluttum vörum, og eru þar á meðal nefnd kol. Eg hygg, að ómögulegt verði að banna að selja útlendum skipum kol, sem þau þurfa til þess að komast heim til sín, ef þau eru fyrir hendi. Það striðir, að eg held, móti alþjóðarétti. Eg býst því við að koma með viðaukatillögu við 3. gr., þar sem þetta væri heimilað.

Eg hygg, að verði þessu ákvæði ekki breytt, þá geti af því leitt, að lögin öðlist ekki konungsstaðfestingu. Vænti eg því, að þingið fallist á þessa breytingu frá minni hendi.

Matthías Ólafsson: Eg bjóst ekki við því, að svona langar umræður yrði um þetta mál. Eg skal geta þess út af orðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) að eg býst við, að nefndin verði að halda fast við það ákvæði, sem honum fanst sérstaklega athugavert. Það gæti svo farið, að jafnvel þótt vér þegar í stað gerðum ráðstafanir til þess að fá vörur frá útlöndum, að þær ráðstafanir væri um seinan. Og þá væri ilt, ef margir menn stæði uppi alveg matvælalausir.

Háttv. þingm. (P. J.) sagði, að erfitt mundi verða að koma íslenzkum vörum, síld og fiski, til útlanda, ef almennur ófriður hæfist í Norðurálfunni. En eg tel það ekki óliklegt, að hægt verði að koma þessum vörum til Suðurlanda, þó að Vesturlöndin ætti í ófriði. Nefndin verður því að halda fast við það, að stjórninni sé leyft að banna útflutning á nauðsynjavörum, ef þörf gerist. Auðvitað er þetta örþrifaráð, sem ekki verður gripið til, nema í ítrustu nauð, þegar öll önnur sund eru lokuð.

Viðvíkjandi athugasemd háttv. umboðsmanns ráðherra (Kl. J.) skal eg geta þess, að nefndin leggur sama skilning og hann í ákvæði frumvarpsins, að stjórnin mætti leyfa, þrátt fyrir samþykt frumvarpsins, að hjálpa útlendum skipum um næg kol til þess að komast héðan heim til sín. En auðvitað er ekkert á móti því að samþykkja brtill., sem gerir þetta atriði alveg skýrt — staðfestir þennan skilning nefndarinnar.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) hefir að mestu leyti tekið af mér ómakið að svara þeim athugasemdum, sem fram hafa komið. Út af athugasemdum hv.

þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) við þriðju gr., þá vil eg benda á það, að greinin segir ekki annað, en stjórninni sé heimilt að hefta útflutning á vörum þeim, er þar getur. En auðvitað er ekki ætlast til, að stjórnin beiti þessari heimild frekara en brýn nauðsyn krefur og lög standa til. Það er því sjálfsagt, þar sem »international-ir« verzlunarsamningar eða þjóðarréttur standa í vegi, að stjórnin beiti ekki lögunum gagnstætt því. En auðvitað er ástæðulaust að vera að amast við viðaukatillögu, er kvæði skýrt á um þetta efni.

Háttv. þingm. S.-Þing. fann að því, að nefndin leggur það til, að hægt sé að banna útflutning á nauðsynjavörum til óbúsettra manna í landinu. Þetta er eitt af höfuðatriðum frumv., sem nefndin verður að leggja mikla áherzlu á að verði samþykt. Oss fanst það sjálfsagt, að stjórnin gæti neytt þessa ráðs, ef henni virtist nauðsyn til bera. Vér erum svo illa birgir af matvælum hér, að til stórvandræða gæti horft, ef aðflutningar heptist. Það má búast við því, að verð vörunnar hækki og allra bragða verði neytt til þess að ná héðan í slíkar vörur. Hvert land reynir auðvitað til þess að skara eldi að sinni köku sem frekast er unt.

Mér heyrðist einhver háttv. þingmaður tala um það, að ákvæði 4. gr., sem kveður svo á, að stjórnin megi leggja verð á verzlunarvöru, væri alveg ótækt. Það er að vísu nokkuð hart aðgöngu, en miðar að því, að hagur einstaklingsins verður að víkja fyrir hag fjöldans. Það stoðar lítið að hafa vöruna, ef hún verður svo dýr, að menn hafa ekki kaupþol til þess að afla sér hennar — t. d. ef mjólkurpotturinn stigi upp í krónu og þar fram eftir götunum.

Eg skal svo ekki fara frekara út í einstök atriði, því að það hefir verið gert áður. Nefndin hefir þakksamlega tekið þeim breytingartillögum, sem hún hefir álitið að stæði til bóta.

Skúli Thoroddsen: Það er óefað gott, að frumvarp þetta er komið fram, og sjálfsagt að greiða götu þess því sem bezt. — En háttv. flutningsmenn hafa haft nauman tíma til undirbúnings, enda virðist talsverður fljótfærnisbragur á frumvarpinu í mörgum greinum, og þar sem svo mun til ætlast, að málið gangi gegnum allar umræður nú í kvöld, þá er nauðsynlegt að vikið sé nú þegar að einstökum greinum frumvarpsins, þótt þetta sé 1. umr. málsins.

Að því er snertir 3. gr. frumv., þá skal eg því fyrst geta þess, að eg felli mig illa við það, er ákveðið er, að stjórninni skuli heimilað að hefta útflutning innlendrar vöru, eða einstakra vörutegunda. Eins og þetta er orðað í frumvarpinu, þá er ákvæðið alt of víðtækt.

Það er ekki ósennilegt, að margir kaupmenn hafi nú þegar gert bindandi samninga um sölu fiskfarma, eða um sölu á síldarafurðum o. fl., og jafnvel um sölu á haustvarningi sínum. Ætlar nú alþingi að neyða þessa menn til að gerast óorðheldnir? Er það ekki hugsanlegt, að menn geti þá jafnvel orðið skaðabótaskyldir fyrir samningsrof? Auk þessa sé eg hvergi, að flutningsmennirnir, sem ætla sér þó að kyrrsetja allan saltfisk og aðrar íslenzkar afurðir, hafi þá látið sér hugkvæmast að veita stjórninni heimild til þess, að kaupa þá innlendu vöruna af kaupmönnunum. Og væri þó til þess ætlast, hvar á þá að geyma hana? Hvernig á stjórnin að haga sölunni? Á hún að setja upp sölubúðir, eða útvega sér umboðssala o. s. frv., o. s. frv.?

En sé eigi til þess ætlast, að landið

kaupi sjálft innlendu vöruna, sem kyrrsett er, þá hafa kaupmennirnir alls enga tryggingu þess, að varan verði keypt af þeim. Landið framleiðir meira af fiski, síld, kjöti o. fl. o. fl. en vér getum sjálfir etið eða hagnýtt.

Þá virðist mér og eigi síður illa gengið frá frumv. að því er snertir ákvæðin, er stjórninni fela að birgja landið að vörum frá útlöndum, þar sem ekki er í frumv. gefin nein bending um það, hvað stjórnin eigi að gera við vörurnar. Á hún að setja upp verzlun? Eða er svo til ætlast, að hún veiti mönnum vöruna ókeypis? Um þetta og margt fleira þyrfti skýr ákvæði.

Þá álít eg það ákvæði frumvarpsins alveg ótækt, að stjórninni er heimilað að ákveða verð á nauðsynjavöru. Háttv. flutningsmenn hafa auðsjáanlega vegna flýtisins ekki munað eftir 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur, og enginn verði neyddur til þess að láta af hendi eign sína, nema almenningsheill krefjist og fullt endurgjald komi fyrir.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að hagur einstaklingsins yrði að víkja fyrir hag fjöldans. Það er að vísu rétt, en stjórnarskráin tryggir þó einstaklinginn með því, að setja það og sem skilyrði, að fullt endurgjald komi fyrir. En hækki vörur í verði, þá er verðhækkunin auðvitað eign kaupmannsins, og alþingi hefir ekki leyfi til þess að taka af honum einn eyri þeirrar eignar hans, án þess fullt gjald komi fyrir.

Eg er og eigi í neinum vafa um það, að þó að vér samþykkjum svona lög, þá verði reyndin þó sú, og hljóti að verða, að enginn dómstóll í landinu meti þau að nokkru, — í engum vafa um það, að dómstólarnir meti lögin alþýðingarlaus, sem stríðandi gegn ákvæðum sjálfrar stjórnarskrárinnar.

Það er auðvitað vel hugsað, að veita stjórninni heimild til þess að taka 500 þús. kr. lán til þess að bæta úr vankvæðunum sem mest má verða, en mér er ekki vel ljóst, hvar nefndin ætlast til að stjórnin geti gripið það fé upp. Eg er hræddur um, að það gangi nokkuð tregt, eins og horfurnar eru nú í útlöndum. En auðvitað sakar það ekki, þótt heimildin sé til, og skal eg því eigi fara út í þá sálmana frekara.

Eg hefi þá vikið að fáeinum atriðum, sem mér hafa við fljótlegan yfirlestur virzt athugaverð, og vænti þess, að háttv. flutningsm. taki nú þessar athugasemdir til greina, og leiðrétti frv. samkvæmt þeim áður en til 2. umr. kemur.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg veit ekki, hvort það er rétt við þessa umræðu að svara öllum athugasemdum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). En fyrst honum hefir verið leyft að bera þær fram, þá hlýtur mér að vera leyfilegt að svara þeim.

Háttv. þm. (Sk. Th.) sagði viðvíkjandi 3. gr. frumv., að ef menn, sem gert hefði samning um afhending á varningi sínum, yrði með lögum neyddir til þess að inna ekki greiðsluna af hendi, þá mundi það verða skoðað sem samningsrof af þeirra hendi og baka þeim skaðabótaskyldu. Eg held, að háttv. þm. (Sk. Th.) hafi sagt þetta án þess að hafa athugað það nánara. Það er sem sé algild setning í kröfuréttinum, að enginn verður dæmdur fyrir samningsrof, þegar »vis major« er fyrir hendi, svo sem herkvíun eða útflutningsbann. Eg held, að engum geti dottið í hug, að það geti varðað nokkrum viðurlögum. Vér höfum líka haft hér fyrir oss símskeyti frá útlendum kaupmönnum, þar sem þeir lýsa yfir því, að um nokkurn tíma gangi þeir frá öllum tilboðum sínum, ekki að eins um verð á vörum,

heldur einnig um afhendingu yfirleitt. Eg hygg því, að þetta sé ástæðulaus grýla hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Háttv. þm. (Sk. Th.) fann að því, að ekki væri tekið fram í frumvarpinu að stjórninni væri heimilt að kaupa vörur af innlendum kaupmönnum. Nefndin leit svo á, sem það væri alveg óþarft að kveða á um þetta. Eftirspurnin mun nóg verða eftir þeim vörum, og því óþarft að landið færi að kaupa þær. Og þótt þetta ákvæði um heimildina fyrir stjórnina til þess að stöðva sölu á vörum verði samþykt, þá ber þess að gæta, að hér er ekki um annað en heimild fyrir stjórnina að ræða, sem hún þarf alls ekki að nota út í yztu æsar. Hún hefir í því efni sér til aðstoðar 5 menn, sem helzt ætti einhverir að vera verzlunarfróðir. Það mundi ekki verða stöðvað meira en nauðsynlegt væri. En eftirspurnin eftir vörum mundi gera heimildina fyrir stjórnina til þess að kaupa af innlendum kaupmönnum óþarfa.

Háttv. þm. (Sk. Th.) spurði líka, hvort nefndin ætlaðist til þess, að stjórninni væri heimilað að gefa vöruna. Ákvæði 4. gr. skýra það nægilega, að svo er ekki, því að þar er einmitt ákveðið, að stjórnin kveði á um verð vörunnar. Það atriði kvað háttv. þm. (Sk. Th.) brot á 50. gr. stjórnarskrárinnar. Auðvitað má deila um það. En sé svo, þá útilokar þetta ákvæði ekki þá menn, sem þykir sér gerður óréttur, frá því að bera mál sitt undir dómstólana. Og kæmist þeir að sömu niðurstöðu, sem háttv. þm. (Sk. Th.), þá ætti mennirnir auðvitað rétt til skaðabóta. Og jafnvel þótt svo yrði, þá mætti ekki horfa í það, að skaðabæturnar yrði nokkuð háar, ef hungursneyð vofði yfir að öðrum kosti og almenningsneyð. Annars er eg ekki sannfærður um, að þetta sé rétt kenning hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Ef svo væri kveðið á, að hefta mætti útflutning vörunnar og eigandi fengi ekkert verð fyrir, þá væri það augljóst stjórnarskrárbrot. En hitt, að setja hæfilegan taxta, efa eg, að sé brot á stjórnarskránni. Annars er það sjálfsagt, að flutningsmenn athugi þetta ákvæði nánara.

Þá held eg að eg hafi svarað öllum athugasemdum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Guðmundur Hannesson: Mér er það ekki vel ljóst, hvernig menn geta verið að tala um það, að hungursneyð vofi yfir, þar sem vér höfum meiri matvæli í landinu en vér getum étið á hálfu ári. Hér liggja heilir skipsfarmar af saltfiski, og svo mun víðar á landinu. Fyrir norðan veiðist síld svo tugum þúsunda tunna skiftir, ef að vanda lætur, og vita allir, að þar er um meiri matarbirgðir að ræða, en landið þarf á að halda. Nei! Vér höfum margfalt meiri matvæli en vér þurfum, ef ófriðurinn dregst ekki fram úr öllu því, sem sennilegt er. Það er líka alveg áreiðanlegt, að vér þurfum ekki annað en bjóða hvaða þjóð sem í ófriði á og á annað borð yfir hafið kemst, að láta hana fá fisk og kjöt í stað korns. Og erfiðast af öllu er að afla þeirrar vöru. Meðan Englendingar fljóta á hafinu erum vér vissir með að geta komist að góðum skiftum á fiski, kjöti og korni. Að þessu leyti erum vér líklega betur settir en allar aðrar þjóðir í Evrópu.

Eg skal ekki dæma um það, hvort hægt er að taka af mönnum vörur, sem þeir eru búnir að lofa upp í skuldir, án þess að baka þeim skaðabótaskyldu.

Eg get ekki skilið, hvað vinst við það að stöðva vegagerðir í landinu, vegna þessa ófriðar. Vér höfum nóga seðla til þess að borga vorum verkamönnum með. En auðvitað kemur ekki til mála að byggja stórar brýr úr útlendu efni, sem ekki yrði keypt fyrir annað en gull, en verkamönnum vorum

getum vér borgað með íslenzkum seðlum.

Um yfirvofandi hungursneyð getur ekki verið að tala, eins og eg hefi tekið fram. Oss kemur ekki til að skorta annað en korn, en svo er fyrir þakkandi, að altaf flýtur einhver þjóðanna og ætti þá að vera auðið að ná í það í skiftum við vorar afurðir.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Það eru aðeins örfá orð út af ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Það er rétt, að þegar ástandið er »normalt«, þá framleiðum vér meiri fæðu en vér getum etið. En hann gætir ekki að því, að þótt vér getum framleitt fisk og kjöt, þá er það fremur tilbreytingarlítil fæða, og kornskortur getur orðið oss að hinu mesta óliði. Eg þarf ekki annað í þessu efni en að benda honum á kornskortinn, sem stundum varð hér á einokunartímabilinu. Og svo er annars að gæta, að teppist siglingar á óheppilegum tíma, þá getum vér ekki aflað oss þeirra kraftgjafa frá útlöndum, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að geta rekið sjávarútveg — kolin. — Botnvörpungarnir yrði að hætta veiðum, og eg býst ekki við því, að sá fiskur, sem vér höfum nú í landinu, dugi oss mjög lengi til fæðu. Og hvernig eigum vér að skifta við útlendar þjóðir á fiski og korni, þegar vér getum engan fisk veitt?

Vér getum ekki sagt fyrir um framtíðina, en það er oss skylt, að reyna að koma í veg fyrir það böl, eftir mætti, er oss stafar eða getur stafað af Norðurálfustyrjöldinni. Og það er líklegt, að siglingar geti tepst um tíma, hvernig sem úrslitin verða milli Íslands og annarra Norðurálfulanda. Bæði getur orðið lagt bann við kolaútflutningi frá Bretlandi, svo er til nokkuð, er »Blokade« (herkvíun) er kallað, er hamlar ferðum að landi og frá. Og hvar værum vér staddir, ef t. d. Þjóðverjar gæti herkvíað Bretland?

Athuganir hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) geta verið réttar, ef samgöngur teppast ekki, en getur hann ábyrgst að slíkt komi ekki fyrir?

Guðm. Hannesson: Það er aðeins stutt athugasemd. Eg get byrjað á því, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) endaði á, að ekki væri víst, að samgöngur héldist við Ísland. Skárri er það styrjöldin, sem háttv. þm. heldur að verði, ef hann býst við því, að svo geti farið, að ekkert stórveldanna fljóti ofansjávar.

Eg get ekki sagt honum, hvert stórveldanna flýtur, en fljóti eitthvert þeirra, sem eg efast ekki um, þá er eg handviss um, að það gripi fegins hendi við þeim matvælum, sem vér gætum látið það hafa, og væri fúst til að skifta. Það hefir verið fullyrt og sett í blöðin, að hér í Reykjavík væri nú þriggja milj. kr. virði af saltfiski, og eg er illa svikinn, ef ekki eru fyrirliggjandi nú fyrir norðan nokkur þúsund tunnur af síld. Eg sé því, enn sem komið er, enga ástæðu til þess að vera að tala um yfirvofandi hungursneyð.

ATKV.GR.:

Málinu var vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Á 27. fundi Nd. föstudaginn 31. júlí, var frv, tekið til 2. umr. (Þskj. 290, 295, 297).

Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum, og vóru þau leyfð og samþykt.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Þótt ekki væri þetta mál til fullnaðar álitið og rætt í gærkvældi, þá var samt vel farið, að sá fundur var haldinn; ella hefði þurft að byrja nú alveg undirbúningslaust og málið hefði tafizt meira. Eftir þingfund í nótt kom nefndin saman og athugaði frv. lið fyrir lið og þær mótbárur, sem fram höfðu komið á fundinum. Nefndin hefir komið sér saman um brt. á þskj. 297. Eg vil biðja menn að hafa það hugfast, að hér er aðeins um heimildarlög að ræða, vitanlega sett í því trausti, að landsstjórnin misbeiti þeim ekki á nokkurn hátt, enda er og samkvæmt 1. gr. frv. stjórninni ætluð 5 manna nefnd til ráðuneytis.

Það var vel farið, að þingsköpunum var ekki fylgt nákvæmlega við 1. umr. málsins, og að það var rætt, líkt og 2. umr. væri. Við það greiddist málið og nefndin gat athugað þær mótbárur, sem fram komu, fyrr en ella mundi.

Brt. nefndarinnar, þær er máli skifta, eru þrjár.

Sú fyrsta fer fram á það, að skeyta við 4. lið 2. gr. þeim viðauka, að eigi verði stöðvaðar fjárgreiðslur samkvæmt þegar gerðum samningum og ráðstöfunum um verk eða loforðum um lánveitingar á þessu ári. Í rauninni er brt. aðeins til skýringar, því að flutningsmenn væntu þess, að aldrei mundi stjórninni koma til hugar að ganga á gerða samninga eða stöðva framkvæmdir á verkum, sem þegar væri byrjað á, og meira eða minna tjón gæti hlotist af að stöðva.

2. brt. á þskj. 297 er fram komin samkv. bendingum þm. við 1. umr. Hér er ekki um mikla efnisbreyting að ræða, heldur um skýrara ákvæði. Samskonar brt. hefir komið fram frá háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) á þskj. 295, og býst eg þá við, að hún verði tekin aftur. Í þessarri brt. er greint á milli innfluttrar vöru og vöru, sem framleidd er hér, og er ákvæðið þrengra en samsvarandi ákvæði frv. Í framkvæmdinni hefir þó þessi munur enga verulega þýðing, því að alt fer eftir góðri ráðsmensku stjórnarinnar.

Þá er 3. brt. á þskj. 297. 1. málsgr. hennar er aðeins orðabreyting. Þar á móti er 2. málsgr. meira en orðabreyting. Hún er framkomin samkv. bendingum þm. í nótt við 1. umr. Þótti sumum þá, sem þetta ákvæði 4. gr. frv. kæmi í bága við 50. gr. stj.skr. Eg fyrir mitt leyti er þó engan veginn viss um, að 4. gr., eins og hún var upphaflega, sé ekki í samræmi við 50. grein stj.skr.; en úr því, að vafi þykir leika á því, telur nefndin rétt að girða fyrir þann vafa.

Eggert Pálsson: Það eru að eins tvær stuttar athugasemdir.

Því var skotið fram í gær, að ef til vill mundi ekki unt að ná í konungsstaðfesting á þeim lögum, sem hér liggja fyrir. Og þar sem svo horfir við, vil eg leyfa mér að beina þeirri spurningu til háttv. framsögum. (E. A.), hvert gildi þetta frumv. hefði, eftir að þingið hefði fyrir sitt leyti samþykt það, ef ekki næðist staðfesting konungs.

Eg er ekki lögfræðingur, en mér skilst, að ef ekki næst konungsstaðfesting, séum vér í rauninni sama sem konungslausir, og þingið þá og ráðherrann fari með nokkurs konar einveldi eða alt vald. Og lögunum yrði að framfylgja eins og þau væri undirskrifuð af konungi. Auðvitað í vissri von um konungsstaðfestingu eftir á, þegar til hans næðist. Sé ekki hægt að framfylgja þeim skilningi, þá virðist mér, ef svo færi, að símasambandið yrði slitið í fyrra málið, að frv. sé alveg þýðingarlaust og alt það strit, sem þetta mál

hefir á oss lagt, unnið fyrir gýg. Þetta atriði ætla eg lögfræðingum til úrlausnar. —

Hin athugasemdin laut að nefnd þeirri, sem til er ætlast að skipuð verði til aðstoðar landsstjórninni. Nú liggur sú spurning opin við: Hvar lendir ábyrgðin fyrir það, sem gert kann að vera eða ekki gert í þessum efnum, sem hér ræðir um, hvort heldur á nefndinni eða á stjórninni? Ef stjórnin vill gera eitthvað, en nefndin er því andvíg, hvar liggur þá ábyrgðin, hvort heldur hjá nefndinni eða stjórninni? Þetta virðist mér að geti verið nokkurt álitamál, með því að nefndin kemur hér að nokkru leyti í þingsins stað. Eg fyrir mitt leyti teldi því langréttast og umsvifaminst, að stjórnin ein hafi málið með höndum og þar með alla ábyrgðina; tillögur, ráð og leiðbeiningar getur hún vitanlega sjálf aflað sér, ekki að eins hjá sínu stjórnarráði og embættismönnum, heldur hvar annarstaðar, sem henni kynni að sýnast.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg skal byrja þar sem hv. 2. þm. Rangv. (E. P.) endaði. Hann spurði, hvar ábyrgðin hvildi. Því er auðsvarað. Hvorirtveggja, bæði stjórnin og nefndin geta borið *siðferðilega* ábyrgð á ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að vera, en lagalega ábyrgðin lendir auðvitað á ráðherra einum; þar á er enginn vafi. Nefndin hefir að eins rétt til að gefa stjórninni ráð. Annað mál er það, að stjórninni kann að þykja viðurhlutamikið að setja sig upp á móti nefndinni. Nefndin hefir enga lagalega ábyrgð; hún er ráðgjafar-nefnd, annað ekki.

Sami háttv. þm. (E. P.) taldi erfiðara að hafa yfirleitt nokkura nefnd. Það má vel vera, að framkvæmdir verði seinni, ef nefndin er höfð. En eg býst við, að þingið skipi nefndina svo, að auðvelt verði stjórninni að ná til hennar og tel eg víst, að nefndin verði svo skipuð, að hún geti gefið stjórninni gagnlegar leiðbeiningar um það, hverjar vörur þurfi að kaupa, hvaðan og hverjum skuli ekki selja.

Þá inti sami háttv. þm. (E. P.) eftir því, hvert gildi þetta frumv. hefði, ef ekki næðist konungsstaðfesting. Frá lagalegu sjónarmiði er ekki um lög að ræða, ef á brestur tilstyrk annars aðilja löggjafarvaldsins. En hitt er annað mál, að ef stjórnin neyðist til að gera þær ráðstafanir, sem í frumv. eru heimilaðar, þá á ráðherra siðferðilega stoð í því, að frumv. hefir verið samþykt af þinginu. Þetta liggur í augum uppi. Ef t. d. stjórnin hefir aflað vistaforða eftir þessari heimild, þá getur hvorki þing né landsdómur vítt hana, ef hún að öðru leyti hefir farið svo með ráði sínu, sem þingið ætlaðist til.

Og ef ekki næst í staðfesting konungs, þá hefir stjórnin ekki að lögum vald til að hefta útflutning á vörum, því að refsingu verður ekki við komið, nema skýlaus réttarheimild sé til.

Sigurður Sigurðsson: Að eins stutt athugasemd.

Eg játa það, að ýmislegt mælir með því að setja nefnd stjórninni til ráðuneytis í þessu vandamáli. En nú vil eg spyrja, er það tilætlunin, að þessi nefnd taki borgun fyrir starf sitt? Eg vildi óska og vona, að sá asni yrði ekki leiddur inn í herbúðirnar, óska, að ekki yrði farið að búa til pólitíska bitlinga í slíku stórmáli. Mér skildist á hv. framsögumanni (E. A.), að það væri ætlast til að í nefndinni fengi sæti menn, sem skyn bera á verzlun, en eg get ekki látið vera að benda á, að helzt ætti það ekki að vera þeir menn, sem sjálfir reka kaupverzlun.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Þessari spurningu frá hv. samþingismanni mínum (S. S.) um það, hvort nefndin samkvæmt 1. gr. frv. mundi fá kaup fyrir starfa sinn, get eg ekki svarað. Svo er mál með vexti, að á þetta hefir ekki verið minst í nefndinni. Þetta er aukaatriði, sem líklega engum hefir þótt ástæða til að minnast á. Frá mínu sjónarmiði þykir mér líklegt, að nefndin vinni kauplaust; bæði mun væntanlega starf hennar standa stutta stund, og í annan stað munu menn ekki reynast svo eigingjarnir, að þeir vilji ekki leggja föðurlandi sínu liðsinni ókeypis, er það er í hættu. Stofnun eimskipafélagsins íslenzka er gott dæmi þess, hvað menn vilja leggja í sölurnar fyrir föðurlandið. Það vóru fáeinir menn, sem unnu að stofnun þess, alveg ókeypis. Eg efast ekki um, að nógu margir menn fáist til þess að ljá stjórninni liðsinni. Eg tel sjálfsagt, að það komi undir sameinað þing að kjósa nefndina, og kemur þá og þar sjálfsagt til álita, hvernig eigi að skipa hana að mönnum.

Sigurður Sigurðsson: Spurning mín var ekki gerð í því skyni að móðga einn eða neinn. Það var síður en svo. Eg þakka svarið og geng þá samkvæmt því út frá því sem gefnu, að hin væntanlega nefnd taki ekki neina borgun fyrir starf sitt.

Skúli Thoroddsen: Eg get þakkað háttv. nefnd fyrir lagfæringarnar, sem orðnar eru á frumv. Hún hefir að mun bætt úr agnúunum, sem eg benti á í nótt er leið, svo að frumvarpið er nú miklu aðgengilegra en það var.

Mér var svarað því í nótt, er eg mælti á móti því, að menn væri neyddir til að rifta samningum, er þeir kynni að hafa gert, að hér væri um »vis major« að ræða. — En hvað sem því líður, vík eg ekki frá því, að það situr mjög illa á löggjafarvaldinu að ganga á undan öðrum í því að neyða menn til óorðheldni.

Að því er það atriði snertir, hvort nefndin, sem lögin gera ráð fyrir að skipuð verði, eigi að fá kaup eða ekki, eins og háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.) inti svo barnalega eftir, þá er það auðvitað sjálfsagt, að nefndin á heimting á kaupi, þótt eigi sé þess beint getið í lögunum.

Þingið getur ekki skipað mönnum að vinna hin eða þessi verk kauplaust í landsins þágu, lengur eða skemur. Sé það tilætlunin þyrfti því að koma með breyt.till. við frumv., því að ella geta nefndarmenn krafist borgunar, sem eðlilegt er, enda getur starf þeirra og orðið allmikið, ef Evrópu-ófriðurinn stendur lengi yfir, sem vel getur orðið.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mintist enn á rifting samninga. Mér þykja skoðanir hans undarlegar um þetta efni, þar sem ekkert land í heimi hikar við að banna útflutning, þegar ófriður er, og allir kaupmenn rifta gerðum sölusamningum, þegar löggjafarvaldið hindrar þá frá að fullnægja þeim, enda er gert ráð fyrir því í siglingalöggjöf allra þjóða, eða skýrt ákveðið, að samningar sé lausir, ef löggjöfin girðir fyrir efndir þeirra.

Háttv. þm. (Sk. Th.) vildi ekki, að þingið vendi menn á brigðmælgi. Þetta er alveg rétt alment talað. En þegar svo er ástatt, að engin þjóð í heimi mundi taka til þess, þótt samningar væri rofnir, þá gildir ekki þessi almenna setning. Hér er um alveg fortakslausan ómöguleika til efnda á samningi að ræða. Hér um gildir alveg sama sem

um það t. d., að maður hefir lofað að selja mér húseign, er tekin hefir verið síðar eignarnámi samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar, þá get eg ekki efnt sölusamninginn, en skaðabótaskyldur er eg ekki á nokkurn hátt, og enginn svarar mér um brigðmælgi, þótt eg fái ekki efnt samninginn.

Það er því vafalaust, að enginn kaupmaður er skaðabótaskyldur, þó að hann vanefni samning, af því að *löggjöfin* hefir eftir samningsgerð tálmað efndunum.

Skúli Thoroddsen: Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skírskotaði til þess, að í öðrum löndum hikuðu menn sér ekki við, að gefa lög, er í svipaða átt færi, sem lögin er hér um ræðir, þ. e. neyddi menn til að gera það, sem *rangt* er.

Eg veit það og vel, að satt er, að gefin eru lög, er *skipa að framkvæma ýmislegt, sem hver maður veit þó að rangt er og alls eigi má framkvæmast*, — eður og *neyða menn til, að láta það ógert, sem hver maður ber þó í sér, að skylt er að gera.*

Nægir í því tilliti að skírskota til þess, að *lög eru gefin, er skipa mönnum* — undir hernaðar nafni, — *að fara í manndrápsferðir til annara landa*, baka þar kvalir, fjártjón og eymd, stytta ættir, eða útrýma þeim af jörðinni o. fl. o. fl.

Lög eru og gefin, er banna að hefta það, að slíkum hernaðarskipunum sé hlýtt, enda þótt vitanlegt sé hverjum manni, að slíkum boðum *ætti þó engum að líðast að hlýða.*

En þó að til sé — og enn í dag út gefin í ýmsum löndum — fjöldamörg slík lög, er ýmist skipa að gera það, sem *siðfræðilega* rangt er, eða banna, að gera það, sem *siðfræðilega* skylt er, þá heimilar það oss þó *eigi*, að gefa slík lög, en ætti þá fremur að *vera oss til viðvörunar.*

Það er *aldrei* leyfilegt, að hafast það að, sem hver maður *ber í sér*, að er ljótt eða svívirðilegt athæfi.

Og það er *aldrei* almenningshagur, að sett sé lög, er heimila, eða skipa, að gera það, sem *rangt* er, því að það *hefnir sín* þá ætið á þjóðfélagsheildinni fyrr eða síðar.

Þetta var aðeins athugasemd, sem ræða háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gaf mér tilefni til, og sem *réttlætir* það, sem eg sagði við fyrri umr. máls þessa í nótt er leið.

Sigurður Sigurðsson: Út af ummælum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þar sem hann taldi það sjálfsagt, að nefndinni væri ætlað kaup fyrir starfa sinn, vil eg taka það fram, að eg lít á þetta sem heiðurspóst, og ætti nefndinni að vera í því einu nægileg borgun fyrir ómak sitt. Eg hygg, að þeir einir verði í hana valdir, sem svo eru staddir, að þeir þurfa ekki kaup. Eg verð því að halda fast við það og vænti þess, að svo verði frá gengið, að nefndin taki ekkert kaup. Öðru máli væri að gegna, ef hún þyrfti að fara að borga úr sínum vasa fyrir ferðalög, en ef hún þarf engu til að kosta, þá kemur ekki til greina að borga henni fé fyrir vinnu sína.

Bjarni Jónsson: Eg vildi aðeins stuttlega minnast á hinar siðfræðilegu athugsemdir háttv. sessunautar míns (þm. N.-Ísf.). Sé þinginu það t. d. óleyfilegt, að takmarka ágóða af verzlun til almenningsheilla, þá hygg eg, að þeir kaupmenn, sem ætla sér að selja út vörurnar, en drepa þjóðina úr sulti, mætti leita að sínum kapítula í siðfræðinni; þeim væri ekki síður þörf á að glöggva sig á honum en þinginu, og líklega hættara við að gleyma honum, því að ekki eru þeir vitibornari en það. Þinginu hlýtur að vera það fullkomlega heimilt,

að ákveða og láta stjórnina framkvæma nauðsynlegar tálmanir fyrir þjóðarsveltu, til ágóða fyrir einstaka menn.

Annars er vert að gæta þess, að alt, sem vér gerum í þessu efni, kemur því aðeins til framkvæmda, að styrjöld verði.

Nú vitum vér, að þessar þjóðir eru enn ekki farnar að berjast. Það getur verið, að þær berjist alls ekki, og ef svo fer, þá tekur aldrei til þessa. En ef alt lendir í ófriði, og engar bjargarvonir eru utan að, þá er það mála sjálfsagðast, að stjórnin hafi leyfi til þess að hindra útflutning á vistum. Noregskonungur lagði til forna farbann á menn í Noregi, og Alþingi hið forna bannaði að flytja skreið úr landi, einmitt af þessari sömu ástæðu. Það vildi ekki láta þjóðina verða hungurmorða til þess að einstakir menn gæti grætt.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg ætlaði ekki að segja annað en það, að ef einhver háttv. þm. hefði eitthvað sérstakt að athuga við einhver einstök atriði frumv., þá vildi eg mælast til þess, að hann segði hinum nýkosnu nefndarmönnum frá því, svo að það gæti komið til athugunar við 3. umr.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

1. breyt.till. á þskj. 297, samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

2. breyt.till. á þskj. 297 samþ. með 21 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 295 þar með fallin.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

3. breyt.till. á þskj. 297 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr. frumv. þar með fallin.

5. gr., óbreytt, samþ. með 22 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 298, 302, 303).

Forseti (Ó. Br.): Eg skal geta þess, að þessi fundur verður haldinn fyrir luktum dyrum. Í nótt sem leið vóru samþykt afbrigði frá þingsköpum við allar umræður málsins, og síðan hefir ekki unnist tími til að prenta breytingatillögur.

Forseti leitaði því næst leyfis um afbrigði frá þingsköpum og vóru þau leyfð og samþykt.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Nefndin hefir komið saman síðan seinast var haldinn fundur og athugað aðfinslur þær, sem fram hafa komið gegn einstökum atriðum. Það hefir orðið að ráði í nefndinni, að heppilegast muni vera að halda sér við 5 manna nefnd. Aftur á móti vill hún fella burt úr frumv. orðin: »með ráði nefndarinnar« í fyrsta lagi af því, að það er óþörf endurtekning, og í öðru lagi af því, að menn leggja misjafnan skilning í það. Sumir skilja það svo stranglega, sem þar stæði »með samþykki nefndarinnar«. Og er þó varla hægt að leggja þann skilning í það. Tel eg svo óþarft að fara fleiri orðum um þetta.

Í 4. gr., 2. málsgr., hefir einum háttv. þm. ekki þótt það koma nógu skýrt fram, í hvaða skyni megi taka ekki að

eins matvæli, heldur og eldsneyti, eignarnámi. Þetta kom til orða í nefndinni, og áleit hún þetta nógu skýrt, en ekki hefi eg á móti því, þótt komið yrði með viðauka- eða breyt.till. í þessa átt, því að um þetta er víst enginn skoðanamunur.

Þá er líka breyt.till. frá háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) í þá átt meðal annars, að breyta 1. gr. Um það býst eg við að nefndin sé honum ekki samdóma, en allar hinar breytingarnar eru samhljóða breyt.till. okkar, nema hvað hann sleppir úr 4. gr., 2. málsgr., og þarf eg því ekki að orðlengja neitt um þær.

Skúli Thoroddsen: Eg stend að eins upp til að geta þess, að öll ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) við 2. umr. var sprottin af misskilningi á orðum mínum.

Gallarnir á frumvarpinu, sem eg benti á við 1. umr. málsins, vóru lagfærðir, þ. e. bætt úr þeim flestum að vild minni, og hitt hefir mér aldrei dottið í hug, að fegra það, ef einhver notar sér annarra neyð.

En hinu verð eg að halda föstu, að ekki sé rétt að neyða menn til að rjúfa þegar gerða samninga, er þeir geta og vilja efna, og þrátt fyrir orðalag frumvarpsins vona eg, að aldrei verði gengið svo langt í framkvæmdinni.

Guðmundur Eggerz: Eg er á móti nefnd, nema væntanleg nefnd vinni kauplaust. Eg vil ekki fara að kosta 10—20 þús. kr. til slíks, og því verð eg heldur að vera með till. háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) um að fella hana burt.

Jón Jónsson: Þetta er mikið vandamál og lítill tími til þess svo góður frágangur geti orðið á þessu, sem helzt hefði orðið á kosið, en í fljótu bili hefir mér virzt margt mæla á móti nefnd. Eg er ekki svo kunnugur í Rvík, að eg treysti mér til að vita, hvaða menn á að velja í nefndina, og líkt get eg hugsað að sé um fleiri þingmenn utan af landi. Ef svo færi, að mistök yrði á kosningunni, þá myndi nefndin ekki verða að liði. Það gæti orðið ágreiningur milli hennar og stjórnarinnar, og væri það þá óþægilegt fyrir stjórnina að gera ráðstafanir þvert ofan í nefndina, því að þótt hún eigi ef til vill að ráða, þá er þó ábyrgð hennar þá mun meiri, ef framkvæmdir stjórnarinnar ganga á móti vilja meiri hluta nefndarinnar.

Svo er annað. Kosning nefndarinnar gæti orðið kappsmál milli flokkanna, en það væri afaróheppilegt ef svo færi, því að hér ætti eingöngu að fara eftir því, hverjir væri starfinu vaxnir. Það getur verið að oss takist það, en ekki er ástæðulaust að óttast það, að svo fari ekki. Nefndarmennirnir geta átt heimtingu á að fá borgun fyrir starfa sinn, og er það undir þeim sjálfum komið, hvort þeir heimta hana eða ekki. En hví skyldi ekki hver góður Íslendingur vilja gefa stjórninni leiðbeiningar, án þess að hann sé beinlínis til þess kosinn. Eg held að stjórnin standi eins vel að vígi þótt engin nefnd verði kosin.

Eg verð að halda því fram, að br.till. mín, um að engin nefnd skuli kosin, sé rétt.

Bjarni Jónsson: Það vekur mér undrun að heyra ummæli manna um þessa nefnd. Eg lít svo á, að þinginu þyki það viðurhlutamikið að gefa einstökum manni svo mikil ráð í hendur þegar um svo stór lög er að ræða sem hér, og vilji því kjósa nefnd til að líta eftir. Það er verið að tala um einhverja menn, sem sé svo einstaklega vel til þess færir að gefa stjórninni leiðbeiningar í þessu efni, en eg veit

ekki, hvert á að sækja þá menn. Sennilegast þykir mér, að þingið kjósi þá úr sínum flokki. Úr því að það hefir ráð á að kjósa ráðherra úr sínum flokki, þá ætti að vera hægt að fá 5 menn í þinginu sæmilega færa um að gefa stjórninni leiðbeiningar, ef þeir atburðir koma fyrir, sem menn gera nú ráð fyrir og óttast. Ef svo fer, getur viljað til að nefndin þurfi annað en að koma saman einu sinni eða tvisvar. Hún getur orðið að starfa árum saman, því að það er ekki víst, að það verði útkljáð á stuttum tíma ef Norðurálfuþjóðunum lendir saman, og ef það verður langvinn og mikil vinna, sem nefndin þarf að gera, hví skyldi hún þá ekki fá laun fyrir starfa sinn eins og aðrir. Eg skil ekki hvers vegna verið er að halda hér kjósendaræður um sparnað, þegar svo stendur á sem nú. Eg trúi því ekki, að hér á Íslandi sé þeir grútarháleistar, sem ekki vilji neinu til kosta þegar verið er að tala um að bjarga landinu. Ekki svo að skilja, að eg sé að mæla með að nefndinni verði goldið nokkurt kaup ef hún héldi að eins 1—2 fundi og hefði ekkert að gera. Það verður að gæta þess, að heimildarlög þingsins verði ekki misbrúkuð á milli þinga, og það getur ekki komið til mála, að vera að rífast um borgun til nefndarinnar. Hún léttir líka ábyrgð af stjórninni í þessu vandasama máli. Með þessu er stjórninni ekki sýnt neitt vantraust, en hitt væri oftraust á hverri stjórn sem er, að leggja þetta alt á hana. Nefndin er ekki annað en lítið, fáment þing, kosið til þess að standa stöðugt við ráðherrans hlið. Ef þessir viðburðir kæmi fram, gæti jafnvel orðið varhugavert fyrir oss að slíta þingi hér, og vona eg að eg þurfi ekki að sundurliða þetta fyrir þingmönnum.

Hvað viðvíkur svari háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) upp á mín orð áðan, þar sem hann vildi leyfa öllum að fullnægja þeim samningum, sem þeir hefði gert, skal eg leyfa mér að halda því fast fram, að slíkar reglur eiga ekki og mega ekki gilda í ófriði. Hvað værum vér nær að verja þjóðina hungursneyð, ef allir kaupmenn hefði gert samninga fyrirfram um að selja allar vörur út úr landinu, og stjórnin leyfði svo þeim samningi að standa? Ef þjóðirnar lenda í stríði, þá þurfa þær að panta að sér sem mestar vistir, og gæti svo farið hér hjá oss, að allar vorar afurðir yrði pantaðar út úr landinu, ef ekki eru í tíma reistar skorður við því. Og það er einmitt þessi máttuleiki, sem á að fyrirbyggja.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 303 feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já.	*Nei.*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Björn Hallsson	Björn Kristjánsson
Einar Jónsson	Einar Arnórsson
Guðm. Eggerz	Hannes Hafstein
Jón Jónsson	Hjörtur Snorrason
Þórarinn Benediktss.	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson.

Sig. Eggerz var fjarstaddur.

1. brt. 302, samþ. með 18 : 1 atkv.
2. — 302, samþ. án atkv.gr.
3. — 302, samþ. án atkv.gr.
4. — 302, samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frv. samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

24. Ráðstafanir á gullforða.

Á 30. fundi Nd., sunnud. 2. ágúst var útbýtt:

frumv. til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufé í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum. (Þskj. 319).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr., með afbrigðum frá þingsköpum, samkv. leyfi ráðherra og samþykki deildarinnar.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Þetta frv. á þskj. 319 er flutt af oss, sem kosnir vórum í svo kallaða velferðarnefnd samkv. lögum þeim, er í gær náðu konungsstaðfestingu. Það stendur svo á, að í gær vóru teknar út úr Íslands banka 40 þús. kr. í gulli — þar á meðal 20 þús. kr. af skipstjóra danska varðskipsins, Valsins. Stjórn bankans var hrædd við þær afleiðingar, sem það kynni að hafa, ef handhafar Íslandsbankaseðla færi í stórum stíl að nota sér þann rétt, sem þeir hafa til að krefjast þess, að seðlarnir yrði leystir út með gulli. Ef þessu væri haldið áfram og engar skorður við reistar, þá gæti svo farið innan skamms, að alt gull væri tekið út úr bankanum og flutt til útlanda. Hér ber þess að gæta, að landssjóði er það nauðsynlegt að hafa eitthvað af gulli í landinu að grípa til, til þess að birgja landið nauðsynjavöru, og ennþá er ekkert endanlegt svar fengið um það, hvort hægt sé að ná í gull frá útlöndum. Þegar svona stendur á, er það bráðnauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að landið verði ekki svift þeim eina gjaldmiðli, sem á slíkum tímum er nothæfur milli þjóða. Í Danmörku hefir þótt nauðsynlegt að gera svona lagaðar ráðstafanir. Þar hafa nú verið samþykt lög þess efnis, að þjóðbankinn danski er ekki skyldugur til að svara til seðla sinna með gulli. Slíkar ráðstafanir eru nauðsynlegar, bæði vegna landsins og vegna bankans sjálfs. Því að svo gæti farið, að bankinn yrði að neita um útborgun, ef handhafar þyrptist að, vegna þess að gullforði sá, sem settur er til tryggingar seðlaútgáfunni, er ekki nema $^3/_8$ af seðlafúlgu þeirri, sem bankinn hefir í umferð, þá getur bankanum orðið hætt við hruni, og þess vegna fór nefndin fram á það við forseta, að hann kallaði saman fund nú þegar í kvöld. Lögin gæti þá með afbrigðum frá þingsköpum afgreiðst frá þinginu í kvöld og orðið staðfest af konungi á morgun. Við það hindraðist þegar í stað gull-úttektin úr bankanum.

Um einstakar greinir frv. er ekki mikið að segja. Heimildin er bundin við það, að stjórn bankans æskti hennar. Sumir nefndarmenn litu nefnilega svo á, enda þótt menn væri ekki sammála um það, að þetta gæti að öðrum kosti skoðast sem brot á »concession« bankans og bakað landinu skaðabótaskyldu. Líka þótti það nauðsynlegt að heimila stjórninni að banna sendingu póstávísana til annara landa. Þegar póstávísanir héðan eru greiddar út í útlöndum, myndast altaf krafa á landssjóð, jafnhá og upphæð póstávísanarinnar er. Þessari kröfu yrði landssjóður að svara með gulli, sem hann ef til vill hefði ekki til. Hann hefði ekkert annað en seðla, sem menn tæki ekki gilda. Þetta getur jafnt átt við um annarra þjóða seðla. Þótt landssjóður hefði þá, gæti hugsast að aðrar þjóðir gerði sína seðla óinnleysanlega. Það gæti því

svo farið, að landssjóður gæti ekki borgað þessar póstávísunarupphæðir nema með ávísunum, sem ekki er víst að erlendir bankar vildi innleysa. Auðvitað getur þetta orðið talsvert óþægilegt mörgum mönnum — en það verður að hafa það — verður ekki hjá því komist. Eins og sakir standa gæti það meira að segja komið til mála að innleiða alment »moratorium«, með því að það getur komið fyrir, að framleiðendur gæti ekki selt afurðir sínar, og því ekki staðið í skilum með skuldagreiðslur.

Í 3. gr. frv. er landsstjórninni heimilað að ákveða, hvort og hve miklar upphæðir menn mætti taka út úr sparisjóðum. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir illar afleiðingar af »panik«, sem hugsanleg væri og gæti orðið til þess, að sparisjóðir yrði gjaldþrota, ef ekkert væri aðgert. Þar færi svo mikið verðmæti forgörðum, að meta verður meira almenningsheill þá, er þá yrði í húfi en óþægindi þau, sem þetta kynni að geta bakað einstaka manni.

Loks er í 4. gr. ákveðið að lögin skuli gilda til októberloka 1914. Þetta ákv. er sett vegna þess, að viðkunnanlegra þótti að hafa eitthvert tímatakmark. — Það er ef til vill óþarfi að láta lögin gilda svona lengi, en þá má altaf nema þau úr gildi með bráðabirgðalögum. Sömul. mætti, ef tíminn reyndist of skammur, framlengja gildi lag. með bráðabirgðal. Takmarkið er kanske nokkuð sett af handahófi, en það gerir ekki mikið til. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið. Eg vænti þess, að frv. verði samþykt, án þess að langur tími tefjist til umræðu. Ósk flutningsmanna er sú, að það gangi í gegn umræðulaust.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki orðið við þeirri ósk háttv. flutningsm., að láta mál þetta ganga alveg umræðulaust gegnum háttv. deild, eins og sumum ákvæðum þess er háttað.

Eg játa það, að ákvæði 1. greinar er nauðsynlegt, þ. e. að bankinn sé leystur undan þeirri skyldu, að leysa seðla sína inn með gulli, eins og eg einnig álít ákvæði 3. gr., um bann gegn sölu póstávísana til útlanda alveg óhjákvæmilega nauðsyn, þótt geysilegt óhagræði geti það bakað mörgum manni, nema bankarnir bregðist þá ekki og hlaupi undir bagga.

Að því er á hinn bóginn til ákvæðanna í 3. gr. frv. kemur, get eg ekki á nokkurn hátt fallist á þau, þar sem ekki má gleyma 50. gr. stjórnarskrárinnar, er farið er þó í beinan bága við. Segja má að vísu, sem ástatt er, að eigi skorti hér það aðalskilyrði, að *almenningsheill krefjist* þessa ákvæðis, en 50. gr. stj.skr. segir og, eða setur það sem annað skilyrðið, að ekki megi skerða eignarrétt manna, *nema fult endurgjald komi fyrir* og fyrir slíku endurgjaldi gerir frv. alls ekki ráð, þó að hver maður eigi þó sannarlega heimtingu á því, að fá fé sitt út á þann hátt, sem um var samið í fyrstu, og augljóst sé tapið, er af því getur stafað, er það bregst.

Það, að landsstjórnin geti sagt, að svo og svo mikið megi menn heimta á viku hverri, og alls ekki meira, án þess að ætla mönnum þó endurgjald fyrir fjártjónið, er þeir þá biða, það er því beint brot gegn ákvæðum 50. gr. stjórnarskrárinnar. Og þótt Danir hafi leyft sér að gera það sem rangt er, þá ætti það fremur að vera oss til viðvörunar en eftirbreytni.

Af framangreindum rökum, verð eg því að telja það nauðsyn, að grein þessi verði feld, enda vil eg geta þess, að það er alveg óvíst, hvort sparisjóðirnir óska þessarra heimilda, eða þurfa á henni að halda. Og ef svo er ekki, hvaða ástæða er þá til þess, að setja þessi ákvæði í óþökk þeirra, og mörgum til tjóns?

Eg er og í engum vafa um það, að

ef eigendur í sparisjóðum leituðu til dómstólanna, þá gæti þeir ekki metið lögin gild, en yrði að virða þau að vettugi, sem farandi í beinan bága við stjórnarskrána.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, en óska því í heild sinni sem bezt byrs. En 3. greinina ætti að fella burt, og þinginu að mun sæmra að stuðla heldur að því, að landssjóðurinn hlypi undir bagga með sparisjóðunum, ef á þyrfti að halda, svo að þeir gæti borgað hverjum, sem óskar, inneign hans skilvíslega.

Bjarni Jónsson: Eg vildi aðeins spyrja um það, hvort nokkuð væri á móti því að breyta 1. gr. þannig, að orðin »eftir ósk bankastjórnarinnar« félli burt. Eg kann ekki við slíkt orðalag á löggjafarmáli frá alþingi, því að þarmeð væri lagt undir bankann frumkvæði í alþjóðar nauðsynjamáli, og gæti hann því valdið, að engin bót yrði á gerð, þótt voði væri fyrir dyrum.

Sveinn Björnsson: Eg gat þess í framsögu minni, hvernig stæði á því að þessi orð vóru sett inn í frumvarpið. Það kom fram í nefndinni, að samþykki Íslandsbanka þyrfti til þess að fyrirbyggja að um skaðabótaskyldu gæti orðið að ræða; menn vóru eigi á eitt mál sáttir um að þetta væri rétt, en þetta varð að samkomulagi.

Viðvíkjandi orðum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skal eg ekki segja annað, en aðeins benda honum á, að hér er um *heimildarlög* að ræða, sem ekki verður beitt, nema brýn þörf sé á. En þurfi á því að halda, þá er enginn vafi á því, að þetta er fullkomlega löglegt og í alla staði rétt.

Einar Jónsson: Eg tek undir með háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að eg vil leggja það til, að 3. gr. frumv. verði feld, en hinar samþyktar óbreyttar. Eg man ekki betur en svo standi í sparisjóðslögunum, sem eldri eru en þetta frumvarp, að minsta kosti er svo ákveðið í reglugerðum ýmsra sparisjóða, að hverjum manni sé heimilt að taka út 50 kr. af innstæðufé sínu án nokkurs uppsagnarfrests. En nú er farið fram á það, að landsstjórnin geti ákveðið, hversu mikið menn megi taka út vikulega og bannað allar útborganir ef henni þóknast, hversu mikið sem einn eða annar á inni í sparisjóð eða banka og hversu mikið, sem hann varðar að hafa fé sitt í eigin höndum. Raunar er eg ekki lögfræðingur, en eg sé ekki að þessu verði viðkomið án þess að sparisjóðslögunum sé breytt, en um það segir ekkert í þessu frumvarpi. Eg verð því að leggja á móti því, að 3. grein verði samþykt.

Benedikt Sveinsson: Þó að þetta sé 1. umr., vil eg benda á eitt atriði viðvíkjandi 2. gr. frumv., þar sem talað er um að heimila landsstjórninni að banna póststjórninni að afgreiða póstávísanir til annarra landa. Þetta er vitanlega gert til þess, að koma í veg fyrir, að landssjóður þurfi að svara því fé til útlanda, er póstávísunum nemur. En landssjóði getur bakast sú skylda á annan hátt en með póstávísunum. Eftirkröfur geta einnig komið hér til greina. Það er orðið algengt, að menn panti vörur gegn eftirkröfu, og ef einhver höft verða nú á viðskiftunum, má telja líklegt, að menn geri meira að þessu en verið hefir. Á þenna hátt getur því safnast saman talsvert fé, er landsjóði ber að svara til útlanda. Eg veit reyndar ekki, hvort það muni nema svo miklu, að þörf sé á nokkrum ráðstöfunum gegn því. En eg tel þó rétt, að það sé tekið til athugunar, og þess vegna vildi eg benda nefndinni á það.

Sveinn Björnsson: Út af bendingu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) skal eg taka það fram, að eg tel rétt, til frekari fullvissu, að skjóta inn á eftir orðinu »póstávísanir« í 2. gr. frumvarps ins orðunum »og póstkröfuávísanir«. *(Hannes Hafstein:* Það er annað). Mér er sagt af manni, sem póstmálum er kunnugur, að aldrei sé um annað talað af þessu tagi en póstávísanir og póstkröfuávísanir. Þetta hlýtur því að vera nægilegt ákvæði.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 31. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 2. umr., með afbrigðum frá þingsköpum. (Þskj. 319, 324, 325).

Bjarni Jónsson: Eg hafði hugsað mér að bera fram breyt.till. í þá átt er eg nefndi áðan við 1. umr. að upphaf 1. gr. orðist svo: »Íslandsbanki skal leystur« o. s. frv. og að aftan við málsgreinina bætist: »Leita skal samþykkis bankastjórnarinnar til þessarra ráðstafana«. Ef greinin væri orðuð svo, er ekki gefið í skyn, að bankastjórnin skuli eiga upptökin að þessum ráðstöfunum og þær gerðar eftir hennar innblæstri, en hins vegar eru kröfur landstjórnarinnar ekki gerðar einhlítar fyrir því. Vildi eg beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort hún getur ekki fallist á þessa breyt.till.

Sveinn Björnsson: Það var ekki ráðrúm til að halda nefndarfund á milli umræðnanna, og var því ekki hægt að bera þessa tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) undir nefndina. Eg hefi þó talað við tvo nefndarmennina, og af þeim gat annar fallist á þetta en hinn ekki. Eg get því ekki fyrir hönd flutningsmannanna fallist á tillöguna eins og stendur.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 324 samþ. með 15 : 1 atkv.

1. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. á þskj. 325 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 22 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Einar Jónsson
Guðm. Hannesson	Skúli Thoroddsen.
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórson	
Guðmundur Eggerz	
Hannes Hafstein	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarson	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Benedikt Sveinsson og Hjörtur Snorrason greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hluta. Einn þm. fjarstaddur.

4. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. á þskj. 325 samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn þar með ákveðin.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 32. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. með afbrigðum frá þingsköpum (þskj. 319, 326).

Einar Jónsson: Í sambandi við það, sem eg sagði við 1. umr., vil eg leyfa mér að bera fram breyt.till. við 3. gr. frumv. *(Ýmsir þingmenn:* Það er of seint). Það get eg ekki séð, og svo er það forseta eins, að skera úr því. Breyt.till. mín er þannig, að aftan við greinina bætist: »þó svo, að engum sé varnað að taka út af innieign sinni 30 kr. á dag«. Eg kaus að fara þennan miðlunarveg, að segja 30 kr. í stað 50 kr., þó að eg sé reyndar ekki viss um nema þetta sé einnig lagabrot, því að þar sem eg þekki til sparisjóða, gildir þetta ákvæði, að þeir sem inni eiga í sjóðunum, geta tekið út daglega 50 kr. án uppsagnar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 326 feld með 17 : 5 atkv.

Frumv. samþ. með 21. shlj. atkv.

Frumv. afgreitt til Ed.

25. Viðauki við ráðstafanir gegn ófriðarhættu.

Á 30. fundi Nd., sunnudaginn 2. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um viðauka við lög 1. ágúst 1914 um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu (þskj. 321).

Afbrigði við allar umræður leyfð af ráðherra og samþykt af deildinni.

Á sama fundi var frumv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Þetta frumv. er um breyting á þeim lögum, sem staðfest voru í gær. Sumir kunna að líta svo á, að hér sé nokkuð flýtt að undið, að breyta jafnnýjum lögum, en það er af gefnu tilefni, að farið er fram á þessa breytingu. Það hefir sem sé komið í ljós, sem ekki var séð fyrir þegar lögin voru gerð, að einstakir efnamenn hér í bænum og líklega víðar hafa keypt miklar birgðir af nauðsynjavörum, matvælum og eldsneyti, og alt að því tæmt búðirnar af þessum vörum. Þeir sem ekki hafa peninga handbæra, fátæklingarnir, hafa ekki getað gert þetta, og afleiðingin verður sú, að þegar þeir smátt og smátt fá fé til að kaupa nauðsynjar sínar, þá verða allar vörur uppgengnar. Efnamennirnir hafa fengið of mikið. Er auðséð, að af þessu geta hlotist vandræði að þarflausu. Til þess að koma í veg fyrir það, er þetta frv. fram komið. Breytingin er fólgin í því, að ekki megi einungis taka nauðsynjavörur eignarnámi hjá kaupmönnum og framleiðendum, heldur líka hjá öðrum mönnum, sem hvorki eru kaupmenn né framleiðendur, en hafa sölsað undir sig óþarflega miklar vörubirgðir.

Það hefir láðst að geta þess í frumv., að þessi lög eiga auðvitað að ganga í gildi þegar í stað. Það er því til þess ætlast, að nýrri grein verði bætt við frumv. svo hljóðandi: »Lögin öðlast gildi þegar í stað« — og verður frumv. lagt þannig fyrir deildina.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 31. fundi í Nd., sama dag, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 321, 327).

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér í sambandi við þetta að spyrja hæstv. ráðherra (S. E.), hvort hann hefir ekki getað gert neinar ráðstafanir til þess að áreiðanlegri skeyti fengist um það, sem fram fer í heiminum, en hingað til hafa fengist. Það er ilt að gera menn svo hrædda, að þeir rjúki til og kaupi matinn hver út úr öðrum, ef hræðslan væri að miklu leyti bygð á missögnum úr einkaskeytum manna. Ef stjórnin gæti sett sig í samband við áreiðanlega skeytaskrifstofu í Lundúnum eða annarstaðar í Englandi, þá væri það miklu tryggilegra, og fólk mundi þá ekki hræðast ófriðinn fyrr en það þyrfti og ekki meira en ástæða væri til.

Ráðherra (S. E.): Út af fyrirspurn háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg taka það fram, að eg hefi í dag gert ráðstafanir til þess, að stjórnarskrifstofan í Kaupmannahöfn símí oftar og ákveðnar en hingað til. Hitt, að stjórnarráðið setji sig í samband við skeytaskrifstofu í London, skal eg að sjálfsögðu taka til athugunar.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 20 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 327 samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 32. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 3. u m r. (þskj. 321).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

26. Strandferðir.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 5. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um strandferðir 10. nóv. 1913 (þskj. 362).

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frumv. tekið til 1. u m r.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Þetta frumvarp stendur í nánu sambandi við þingsál.till., sem er 10. mál á dagskrá í dag, hvernig ræða skuli. Nefndinni virðist eðlilegast, að þessi tvö mál fylgist að, og verði tillagan rædd um leið og frumv. þetta kemur til 2. umr. Vildi eg því mælast til þess, að háttv. deild léti málið ganga fram umræðulaust að þessu sinni, því að hér verður hvort sem er fullnaumur tími í dag.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj. 362, n. 364).

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Eg get verið ósköp stuttorður. Eins og eg tók fram í framsögunni um þingsál.tillöguna um sama efni, sem samþykt var áðan hér í deildinni, þá skoðaði eg þá framsögu jafnframt reifingu á þessu máli. Þetta frumv. er fram komið vegna þess, að skipin, sem ætluð eru til strandferðanna, verða dýrari, en áður var ætlast til, og því er farið fram á, að landstjórninni sé heimilað að auka hluttöku landssjóðs í Eimskipafélaginu um 100 þús. kr., og af-

leiðingin af því er aftur sú, að einnig er farið fram á að heimila stjórninni að taka alt að 50 þús. kr. hærra lán, en heimild er til eftir strandferðalögunum frá því í fyrra. Jafnframt er ætlast til að feldar verði úr strandferðalögunum þær greinar, sem eiga við landssjóðsútgerðina, með því að gera má ráð fyrir, að endanlegir samningar um strandferðir verði gerðir við Eimskipafélagið, þar sem stjórn þess hefir tjáð sig fúsa til að ganga að þeim skilyrðum, sem talað er um í þingsál.till. sem áðan var samþykt. Eg skal þó geta þess, að hæstv. ráðherra (S. E.), sem því miður er ekki hér í salnum, mintist á það við mig, að ekkert myndi gera til þó að þessar greinar, 2., 3. og 4. gr. strandferðalaganna, fengi að standa áfram, en hins vegar væri það tryggara, ef eitthvað ófyrirsjáanlegt kæmi fyrir, t. d. í sambandi við ófriðinn, sem gerði það að verkum, að ekki væri unt að fá skip Eimskipafélagsins smíðuð. Eg býst við, að háttv. meðnefndarmenn mínir hefði ekkert á móti því, þó að slík breyting væri gerð við 3. umr. málsins.

(Lítið hlé).

Meiri hluti nefnarinnar felst á að taka aftur 2. gr. frumv.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. frv. tekin aftur.

3. gr. frv., sem verður 2. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shl. atkv.

Á 40. fundi Nd., þriðjud. 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. með afbrigðum frá þingsköpum (þskj. 362).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 18 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

---

27. Atkvæðagreiðsla fjarstaddra kjósenda.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um atkvæðagreiðslu við alþingiskosningar, þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaup staðar, þar sem þeir standa á kjörskrá þegar kosning fer fram, (þskj. 391).

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 8. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr. með afbrigðum frá þingsköpum.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Það er orðið fáment hér í deildinni, og þó svo mikill kliður, að það þarf sterkan málróm til þess að láta heyra til sín. — Annars get eg verið fáorður, því að eg hefi áður gert grein fyrir því, hvers vegna frumv. þetta er fram komið. Eg vona að háttv. deild sé nefndinni samdóma um það, að rétt sé að láta eigi að eins sjómenn, heldur og alla aðra, eiga rétt á því, að neyta atkvæðis síns, þótt fjarstaddir sé heimili sínu. Breyt.till., sem nefndin hefir gert, stafa flestar af því, að stjórnarfrumv. hafði að eins að geyma ákvæði um atkvæðagreiðslu *sjómanna* einna, en nefndin bætti öðrum fjarstöddum mönnum við. Og svo hefir verið vikið við orðum í frumv. vegna þess, að ætlast er til þess, að það komist í framkvæmd, þótt stjórnarskrárfrumvarpið verði ekki að lögum og því þurfi eigi á reglum þess um hlutfallskosningar að halda. Skal eg ekki fara frekar út í breyt.till.

Eg vona að frumv. fái að ganga umræðulaust eða umræðulítið til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 14 samhljóða atkvæðum.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frv. telið til 2. u m r. (þskj. 391).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
9.—10. gr. sþ. með 18 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkvæðum.

Á 40. fundi Nd., þriðjud. 11. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r. með afbrigðum frá þingsköpum (þskj. 391).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 19 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

Á 46. fundi Nd., fimtud. 13. ágúst, var frumv. tekið til e i n n a r u m r., er það hafði verið samþykt með breytingum í Ed. (þskj. 509, n. 513).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Sama er um þetta frumvarp að segja, sem hið fyrra, (kosningarlagafrumvarpið). Efri deild hefir gert lítilfjörlegar breytingar á því og leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 22 samhlj. atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

28. Breyting á siglingalögum.

Á 43. fundi Nd., miðvikud. 12. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á siglingalögum 22. nóv. 1913 (þskj. 490).

Á sama fundi var frumv. tekið til 1. u m r. — Afbrigði frá þingsköpum vóru leyfð og samþykt við allar umræður málsins.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Þetta litla frv. stendur í nánu sambandi við það frumv., sem verið var rétt núna að vísa til 3. umr. Það stendur svo á að, í 11. gr. siglingalaganna er talað um það, hve nær skip missir rétt til þess að sigla undir »*dönsku*« flaggi. Nú stendur til, að vér fáum jafnframt íslenzkan fána samkvæmt konungsúrskurði 22. nóv. 1913. En ef vér fáum íslenzkt flagg, þá er í þessu ósamræmi, því að þá verður eigi að eins að ræða um missi réttar til þess að sigla undir *dönskum* fána, heldur einnig missi réttar til notkunar *íslenzka* fánans. Það hefir því orðið að ráði, að setja orðalag 11. gr. laganna í samræmi við þá breytingu, sem væntanlega verður gerð á, ef vér fáum íslenzkan fána.

Eg vænti þess, að þetta frumv. gangi umræðulaust í gegnum þingið, þar sem það er fram komið til að breyta lögunum í þá átt, að fult samræmi verði milli skrásetningarlaganna og siglingalaganna.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 18 samhljóða atkvæðum.

Á 44. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 490).

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins talin samþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkvæðum.

Á 45. fundi Nd., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 490).

ATKV.GR:

Frumvarpið samþykt með 15 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

---

29. Breyting á tolllögum.

Á 21. fundi Nd., laugard. 25. júlí. var útbýtt:

frumv. til laga um breyting á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911, eins og það hafði verið samþ. við 3. umr. í Ed. (Þskj. 212).

Á 23. fundi, þriðjud. 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Hannes Hafstein: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að 5 manna nefnd verði kosin til að íhuga þetta frv., sem að ýmsu leyti er varhugavert.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með 15 samhlj. atkv.

Í nefndina vóru kosnir með hlutfallskosningu:

Skúli Thoroddsen
Sigurður Sigurðsson
Einar Arnórsson.
Hannes Hafstein
Jóhann Eyjólfsson.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ág., var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 212, 287, n. 288, 344).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Frumv. þetta, sem er komið hingað frá Ed., er á þskj. 212 í því formi, sem Ed. afgreiddi það.

Nefndin, sem háttv. Nd. kaus til að athuga þetta mál, hefir orðið sammála um það, að rétt væri að hækka refsingar við tollsvikum. Eins og kunnugt er, hafa gengið sagnir miklar af því, að nú kvæði talsvert að tollsvikum hér í þessum bæ, svo að full ástæða virðist til þess, að löggjafarvaldið láti þetta mál til sín taka.

Hins vegar hefir nefndin orðið sammála um, að rétt væri að breyta ýmsum ákvæðum frá því, sem þau eru í Ed. frv.

Eins og frv. er nú orðað, þá nær það að eins til hinna almennu toll-laga, en ekki er hægt að nota ákvæði þess um samskonar brot gegn vörutollslögunum frá 1912. Þetta virtist oss þurfa að lagfæra. Vörutollslögin eru í eðli sínu sams konar og almennu toll-lögin, og því rétt að láta sömu ákvæði gilda um refsingar fyrir brot á þeim. Það getur verið að landssjóð drægi það minna, þótt vörutollslögin sé brotin, en brotin eru samt í eðli sínu þau sömu, og því rétt að hegna á sama hátt fyrir þau,

sem brot gegn hinum almennu toll-lögum.

Þá höfum vér og lagt til, að verzlunarleyfi skyldi því að eins missast, að að miklar sakir væri.

Þá hefir nefndin viljað greina milli brotanna eftir því, hvort þau eru aðeins brot á móti tolllögunum frá 11. júlí 1911 eða vörutollslögunum 1912, eða einnig brot móti 155. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þá hefir nefndin einnig viljað, samræmisins vegna, hækka refsilágmark 155. gr. hegningarlaganna svo mikið, að það gæti aldrei orðið lægra en refsilágmark fyrir hreint tolllagabrot. Hún hefir því stungið upp á 30 daga einföldu fangelsi, sem refsilágmarki, og svarar það til 100 króna sektar.

3. brt. nefndarinnar á þskj. 287 er alveg sjálfsögð, því að tolllagabrot á að fara með sem alm. lögreglumál, en brot gegn hegningarlögunum eiga að sæta almennri sakamálameðferð.

Sömuleiðis sýnist mér viðaukatillaga nefndarinnar á þskj. 344 vera sjálfsögð. Hún er um það, að póstmönnum sé heimilt að láta opna böggulsendingar, ef grunsamt þætti að í þeim fælist tollskyldar vörur.

Eg vona að þetta mál fái að ganga fram með breytingum nefndarinnar og skal því ekki lengja umræðurnar frekara.

ATKV.GR.:

2. brt. á þskj. 287 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Brt. á þskj. 344 samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. brt. á þskj. 287 samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. brt. á þskj. 287 samþ. með 20 samhlj. atkv.

1. brt. á þskj. 287 talin samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frv. þannig breytt samþykt án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv. samhlj.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 351).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14 atkv. samhlj. og afgreitt til Ed.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frv. tekið til einnar umr., er það hafði verið samþ. með breytingum í Ed. (Þskj. 409, n. 432).

Framsögumaður (Einar Arnórsson): Ed. hefir gert lítilvæga breytingu á 2. gr. frv., sem nefndin getur fallist á. Ræður hún því til, að frumv. verði samþ. óbreytt.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

30. Löggilding verzlunarstaðar.

Á 21. fundi Nd., laugard. 25. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu (þskj. 214), eins og það hafði verið samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Þetta frumv. er komið frá háttv. Ed. og var borið þar fram af þm. Strandamanna. Það mun hafa verið venja hér á þinginu að að leyfa slíkum frv. um löggilding verzlunarstaða að ganga fram orðalaust eða orðalítið, ef sérstakar ástæður hafa ekki verið á móti. Eg skal geta þess, að hér eru sérstakar ástæður fyrir hendi, sem gera það æskilegt, að frv. þetta fái fram að ganga á þessu þingi. Það hefir sem sé komið til tals, að vinna á þessum stað, Kollafirði, leirtegund úr jörð. Menn hafa lengi vitað, að þessi leirtegund, poltulínsleir, væri þar til, en eitt af því, sem hefir hindrað framkvæmdirnar er það, að enginn löggiltur verzlunarstaður er þar við fjörðinn, og þess vegna mun hafa verið erfitt að fá skip vátrygt á þann stað. Nú stendur til að byrjað verði á þessari vinnu á komanda vori, og því væri æskilegt að frv. gengi nú í gegn.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 214).

ATKV.GR.:

1. og 2. gr. frumvarpsins sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.greiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 14 samhljóða atkvæðum.

Á 33. fundi Nd., mánudagin 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 214).

ATKV.GR:

Frumvarpið var samþ. með 14 samhljóða atkvæðum og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

31. Breyting á sveitarstjórnarlögum.

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 10. nóv. 1905 (þskj. 249), er það hafði verið samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Jónsson: Eins og háttv. þingmenn hafa sjálfsagt veitt eftirtekt, bar háttv. þm. Strand. (M. P.) þetta frumv. upp í efri deild, og er þar farið fram á að breyta atkvæðisrétti sýslunefndaroddvita á sýslunefndarfundum. Það hefir nefnilega komið fyrir, að ágreiningur hefir orðið út af atkvæðisrétti sýslunefndaroddvitans. Hann hefir, eins og allir vita, atkvæðisrétt á sama hátt og aðrir sýslunefndarmenn, en auk þess hefir hann úrskurðarvald, þegar atkvæði verða jöfn. Úrskurðar stjórnarráðsins hefir verið leitað um það, hvernig beri að skilja þetta atriði laganna, og hljóðaði hann á þá leið, að þegar atkvæði væri jöfn á sýslunefndarfundum, réði sá helmingurinn úrslitum, sem sýslumaður fylgdi að málum. Þetta virðist mér ósanngjarnt og tíðkast ekki annarstaðar, að því er eg frekast veit. Breytingin sem gerð er með þessu frumvarpi er því að eins sú, að svifta sýslunefndaroddvita þessum tvöfalda atkvæðisrétti. Eftir frumvarpinu hefir sýslunefndar-

oddviti atkvæðisrétt eins og áður, eins og hver annar nefndarmaður, en missir réttinn til úrskurðar, ef atkvæði eru jöfn. Hér á afl atkvæða að ráða á fundum. Verður því mál talið fallið, ef atkvæði eru jöfn. Þetta virðist mér vera nauðsynlegt og hér er um fullkomið jafnrétti að ræða.

Eg vona því að þingið taki þessu frumvarpi vel, og vona að þeir sýslunefndaroddvitar, sem sæti eiga hér á þingi, leggi ekki stein í götu þess.

Matthías Ólafsson: Eg er samdóma háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) um nauðsyn þessa frumvarps. En mér finst það eigi ganga nógu langt. Eg sé enga ástæðu til þess, að sýslunefndaroddviti hafi nokkurt atkvæði, þegar hann á ekki heima í héraðinu. Til dæmis sýslumaðurinn í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, hann hefir atkvæði í sýslunefnd beggja sýslnanna, en á heima í Ísafjarðarkaupstað.

Þetta virðist mér rangt og vil því leyfa mér að koma, við næstu umræðu málsins, fram með svo hljóðandi viðaukatillögu: »Oddviti hefir því að eins atkvæðisrétt, að hann eigi heima í sýslufélaginu«.

Jón Jónsson: Eg þakka háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) fyrir það, hve vel hann tekur í þetta mál. Eg get fyrir mitt leyti tekið undir með honum um það, að sýslunefndaroddviti ætti ef til vill ekki að hafa atkvæðisrétt, þegar hann á ekki heima í sýslufélaginu. En eg sé samt ekki, að af því geti stafað nein hætta. Og sumum kynni að finnast það ósanngjarnt, af því að hann ber ábyrgð á fjárhag sýslunnar. Hætta getur engin af því stafað, að hann hafi eitt atkvæði, því að þó svo væri, að hann héldi einhverju fram, sem færi í bága við vilja einhverra sýslunefndarmanna, þá er alt af hægurinn hjá fyrir sýslunefnd, að taka af honum ráðin með atkvæðamagni.

ATKV.GR.:

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Í nefndina vóru kosnir með hlutfallskosningu þessir:

Skúli Thoroddsen
Guðm. Eggerz
Hjörtur Snorrason
Þórarinn Benediktsson
Stefán Stefánsson

Málinu vísað til 2. umræðu með 14 samhljóða atkvæðum.

Á 29. fundi Nd., 31. júlí var bætt í nefndina Jóni Jónssyni og Matth. Ólafssyni.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 249, 284, 358, n. 359).

Frams.m. (Matthías Ólafsson): Breyt.till. mína á þskj. 284 tek eg hér með aftur.

Þá er önnur breyt.till. við þetta frv. komin fram frá háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.). Nefndin hafði vonað, að hann mundi taka hana aftur, en á síðustu stundu tók hann því mjög gjarri að gera það, og kemur breyt.till. hans þar af leiðandi til umræðu. Breytingin er í því fólgin, að síldveiði með nót, sem um getur í 1. gr. frumv. verði látin heyra undir ákvæði 2. gr. að því er útsvarsskyldu snertir. Á þetta gat meiri hluti nefndarinnar ekki fallist, og þar sem hann telur nokkra réttarbót í frv. eins og það kom frá Ed., en hins vegar hæpið að Ed. samþykki það ef breyting verður gerð á því, þá leggur hann til að breyt.till. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) verði feld, en frv. samþykt óbreytt.

Að öðru leyti sé eg ekki neina ástæðu til að fjölyrða um frumv. Það er svo stutt og óbrotið, að það hlýtur að liggja ljóst fyrir hverjum manni.

Guðmundur Eggerz: Að háttv. meðnefndarmenn mínir vilja ekki ganga inn á brtill. mína, kemur af því, að þeir gáfu sér ekki tíma til að athuga hana, og þess vegna skilja þeir ekki, hvert hún stefnir. Nefndin flaustraði svo af störfum sínum, að nefndarálitið var skrifað á $1^1/_2$ mínútu. Er því sízt að furða, þó að störfin sé ekki sem rækilegast af hendi leyst.

Það er mín skoðun, að þegar menn reka sig á óskýrt ákvæði í lögum við það að nota þau, þá sé skylt að bæta úr þeim ágalla þegar ný lög eru samin um sama efni. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að um það ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum.

Nú hefir það reynst svo, að ákvæði í núgildandi lögum að því er snertir útsvarsskyldu þeirra manna, er veiða síld í öðrum hreppum en þeim, sem þeir eiga heima í, eru óljós. En úr þessu er á engan hátt bætt, í þessu frumv. er hér liggur fyrir. Að ákvæði núgildandi laga um þetta efni eru óljós, sést á því, að það hefir komið fyrir, að maður hefir farið í annan hrepp, sem þó var innan sama sýslufélags og hans eigin hreppur og veitt þar síld í nót. Hreppurinn sem hann veiðir síldina í leggur á hann útsvar. Maðurinn telur sig ekki skyldan til að borga það, eftir gildandi lögum. Undirréttur lítur svo á að honum beri ekki skylda til þess, en yfirréttur úrskurðar hið gagnstæða. Hvernig hæstiréttur lítur á málið er enn ekki kunnugt.

Þegar það er nú vitanlegt, að núgildandi lög eru svona óákveðin um þetta atriði, þá virðist það nokkurn veginn sjálfsagt, að úr því ætti að bæta í nýjum lögum er þetta atriði snertu. En það er einmitt ekki gert í þessu frumv., svo að þótt það verði samþykt, þá getur sama tilfellið komið fyrir aftur, því að það má heita að frumv. sé eins orðað að þessu leyti eins og gömlu lögin, nema hvað það er tekið hér fram, að þessi atvinnugrein, síldveiði með nót, sé útsvarsskyld þó að hún sé rekin »enn styttri tíma« en 8 vikur.

Spurningin er þetta, getur það talist að reka atvinnu, ef maður bregður sér í annan hrepp en sinn eigin, kastar þar einu sinni nót og veiðir svo sem tvær tunnur af síld? *(Matth. Olafsson:* Já). Eg hefi borið þetta atriði undir einhvern bezta lögfræðing landsins, og hann kvaðst ekki vera í vafa um, að þetta gæti *ekki* heitið að reka atvinnu, og er þetta sama niðurstaðan og undirrétturinn komst að í tilfellinu, sem eg gat um áðan. Eg vil taka af allan vafa og bæta við á eftir orðinu »útvegsmenn« í 3. málslið 2. greinar: »þar með taldir þeir, er síldveiði reka«. Þá væri spurningin klár, og gæti ekki orkað tvímælis.

Þá skal eg athuga lítið eitt aðra hlið málsins, sem sé þá, hvort ósanngjarnt er að bæta þessu inn í frumv., sem eg legg til. Til þess að sýna, hvort svo er, ætla eg að leyfa mér að taka dæmi úr mínu eigin sýslufélagi. Maður af Reyðarfirði heldur úti mótorbát frá Búðum. Hann veiðir 100 skpd., sem gera má 5000 kr. virði. Eftir frumv. er hann ekki útsvarsskyldur í Búðahreppi, og er ekkert við það að athuga, því að hreppurnir eiga ekki að vera sem sérstök ríki innan sýslunnar. Nú kemur maður, sem er búsettur á Búðum, til Reyðarfjarðar, leggur þar einu sinni nót og veiðir í hana 4 tunnur af síld, svo sem 90 kr. virði. Sá maður verður að borga útsvar í Reyðarfjarðarhreppi. Eg sé ekki hvaða sanngirni mælir með því, að maðurinn sé útsvarsskyldur ef hann

veiðir síld, hversu lítið sem það er, en ef hann veiðir annan fisk, hversu mikið sem það er, þá þarf hann ekkert útsvar að borga.

Þá verður að athuga það í þessu sambandi, að það er mjög undir hælinn lagt, á hvaða firði síldin gengur það og það árið. Í fyrra gekk hún t. d. á Eskifjörð, en í ár á Reyðarfjörð. Nú er það venjulegast síðustu árin, að sjómenn veiða síld að eins sér til beitu, stunda ekki síldveiðina sem sérstakan útveg. Eg sé því ekki, að það geti haft neina ósanngirni í för með sér að því er hreppana snertir, þó að breyt.tillaga mín verði samþykt, einkum þar sem hún nær ekki til annarra hreppa en þeirra, sem eru innan sama sýslufélagsins.

Einnig vil eg benda nefndinni á, að þar sem í frumv. stendur að eins »síldveiði með nót«, þá getur það verið vafa undirorpið, hvort við er átt síldveiði með stauranót, eða nót sem kastað er og dregin á land eða hvorttveggja. Væri æskilegt, að þetta væri tekið til athugunar.

Eg held, að það væri ekki úr vegi, að nefndin skrifaði ítarlegra nefndarálit en hún hefir gert, því að eg vona, að eg hafi sýnt fram á, að frumv. er ekki þannig úr garði gert, að það mætti ekki takast að gera það betra. Og eg skil ekki að þingið geti látið sér sæma, — þegar það hefir fengið upplýsingar um að eitthvert lagaatriði er svo óskýrt, að yfirréttur og undirréttur leggja mismunandi skilning í það — að láta það atriði fara jafnóskýrt frá sér, þegar það gefur út ný lög um það.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að nefndin hafi flaustrað nefndarálitinu af. *(Guðmuudur Eggerz:* Það var samið á tveimur mínútum). Það er af því að nefndin er fljótvirk, en háttv. þm. (G. E.) verður að gæta að því, að hún er vandvirk að sama skapi.

Háttv. þm. (G. E.) gaf nefndinni þessar sömu skýringar og hann hefir nú gefið háttv. deild. En nefndin gat þá ekki frekar en nú fallist á breyt.till. hans, með því að hún áleit frumv. svo gott eins og það kom frá Ed., að því væri ekki stofnandi í tvísýnu með því að gera á því ekki þýðingarmeiri breytingu, en hann fer fram á.

Háttv. þm. (G. E.) segir, að það sé upp og niður hvernig síldin gangi, eitt árið sé hún á þessum firðinum og annað á hinum. En hann gætir ekki að því, að þetta mælir einmitt á mót br.-till. hans. Ef síldin væri alt af á sama firðinum væri miklu meiri ástæða til að leyfa mönnum að sækja sér þangað slatta og slatta af síld, án þess að þurfa að greiða útsvar fyrir það. En úr því að áraskifti eru á því, hvar síldin er, þá kemst meiri jöfnuður á, einn hreppurinn hefir tekjur af síldinni þetta árið, annar hitt.

Þeir sem síldveiði stunda hafa venjulega stórkostlegan hag af því. Það kemur oft fyrir, að menn ausa á stuttum tíma upp úr sjónum síld svo nemur þúsundum króna. Væri því leitt, ef sá hreppur, sem þeirra auðæfa er aflað í, fengi engar tekjur af því. Þetta var nefndinni ljóst, og var það því af ráðnum hug, að hún ásetti sér að leggja á móti þessari breytingu, að færa útsvarsskyldu þeirra manna, er síldveiði stunda með nót, undir ákvæði 2. gr. frumv. Það má reyndar segja, að ekki sé ástæða til að leggja útsvar á þá menn, er ekki veiða nema tvær tunnur af síld, og ef háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefði komið fram með breyt.till. um að undanskilja

þá menn, þá hefði það verið sök sér. En þess er að gæta, að útsvarið fer vitanlega eftir því, hvað veiðin er mikil, svo að það verður aldrei sú upphæð, er nokkru nemi, sem þeir þurfa að gjalda, er einar tvær tunnur veiða. Þess er líka að gæta, að engin lagaákvæði eru svo úr garði gerð, að þau sé sanngjörn í öllum hugsanlegum tilfellum.

Þá sagði háttv. þm. (G. E.), að síld væri venjulegast veidd að eins til beitu. Þetta getur satt verið, að svo sé sumstaðar á landinu. En þá er aðgætandi, að hvergi borgar nótveiði sig eins vel og þar, sem síldin er seld til beitu. Eg þekki ekki það verð á síld, sem seld er til útlanda, að það jafnist á við það verð, sem fæst fyrir beitusíld. Á Vesturlandi kostar tunnan stundum 30—40 kr., og mjög sjaldgæft, að hún sé undir 24 kr.

Þrátt fyrir undirdóminn, sem háttv. þm. (G. E.) nefndi, þá skil eg ekki, að það geti verið vafamál, að núgildandi lög ætlast til að útsvar megi leggja á síldveiðimenn, hvað stuttur sem veiðitíminn er. Háttv. þm. (G. E.) segist hafa spurt einhvern bezta lögfræðing landsins, sem mér skildist vera einhver annar en hann sjálfur, um þetta atriði, og hann hafi litið á það eins og undirdómarinn. En samt sem áður fæ eg ekki séð, að þetta megi misskilja, og skil ekki, að eg væri það skilningssljórri þó að eg væri lögfræðingur, að mig henti sú villa, að misskilja það.

Eg hefi svo engu við þetta að bæta. Eg vona, að breyt.till. verði feld, en frumv. verði samþykt óbreytt. Eg vil þó vekja athygli háttv. breytingartill.-flutningsm. (G. E.) og háttv. deildar á einu atriði, og það er það, að ef br.till. verður samþykt, þá er við því að búast, að frumv. í heild sinni nái ekki fram að ganga. Eg hefi átt tal við mann úr Ed., og hann taldi mjög efasamt, að frumv. gengi aftur gegnum þá deild, ef nokkur breyting væri gerð á því. En það álít eg skaða og til alt of lítils að vinna, að hleypa frumv. til skipbrots með því að samþykkja þessa breytingartillögu.

Magnús Kristjánsson: Eg verð að vera þeirrar skoðunar, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hafi rétt fyrir sér í þessu máli, og hygg eg að nefndin hafi tæplega athugað það sem skyldi. Eg verð að álíta breyt.till. háttv. þm. (G. E.) á þskj. 358 mjög nauðsynlega. Raunar er mér næstum óskiljanlegur þessi málarekstur sem hann skýrði frá, og að undirréttur og yfirréttur skyldi leggja mismunandi skilning í lögin að þessu leyti, því að eg álít, að þau gefi naumast tilefni til slíks. En enn þá er ekki unt að segja, hvernig hæstiréttur lítur á þetta mál, því að hans úrskurður er ekki kominn.

En hvað sem þessu líður, þá get eg ekki talið það heppilegt fyrirkomulag, að menn geti naumast komist út af heimilinu til þess að reka atvinnu sína, án þess að vera eltir með gjöldum, næstum því eins og hverjum einum þóknast. Þetta er þvert á móti afleitt og ekki til annars, en að vekja glundroða og óvissu á ýmsan hátt, og er merkilegt að það skuli einungis gilda um þenna eina atvinnurekstur. Þeir sem við hann fást mega altaf vera við búnir, eg vil ekki segja ofsóknum, heldur að vera lagðir í einelti, að þessu leyti, undir eins og þeir fara út af heimilinu. Eg verð því að álíta breyt.till. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) nauðsynlega, því að það getur hvorki talist eðlilegt né sanngjarnt, að maður, sem stundar síldveiði utan síns hrepps nokkra daga eða svo sem vikutíma, sé útsvarsskyldur í þeim hreppi sem hann veiðir í þenna stutta tíma.

Það mundi í langflestum tilfellum vera mjög ranglátt. Hreppurinn sem veitt er í fær venjulega ýms hlunnindi af veiðinni án þess, atvinnu o. fl.

Eg vil bæta því við, að ákvæðið um, að menn megi ekki fara út fyrir sýslutakmörkin til síldveiða, án þess að verða útsvarsskyldir, í öðrum hreppi eða hreppum en sínum eigin, er í rauninni hæpið líka, og erfitt að koma því við. Því hagar víða svo til, að firðir skifta sýslufélögum, og er þá ilt við það að búa, að mega ekki fara þvert yfir fjörðinn í síldarleit án þess að verða útsvarsskyldur, ef til vill á fleiri stöðum. Eftir frv. eins og það er, getur sami maðurinn átt á hættu, að verða útsvarsskyldur á 10—12 stöðum á sama gjaldári.

Eg hygg, að ef menn athuga málið vel, þá þyki þeim varhugavert að fella breyt.till. á þskj. 358, því að þó að hún komi ekki í veg fyrir ýmisleg óþægindi, sem fyrir geta komið í þessu efni, þá bætir hún þó talsvert úr ákvæðum frumv. Eg vil því eindregið skora á deildina, að hugsa sig vel um, áður en til atkvæða er gengið um breyt.till. og frumvarpið.

Guðmundur Eggerz: Eg verð að álíta, að það sé óþarfi, að koma með ónot í svona máli, eins og háttv. framsögum. (M. Ól.) gerði í ræðu sinni. Hann hefir nú étið ofan í sig breyt.till. þá, sem hann kom fram með við frumv. og er það ekki framar venju, því að hann hefir jafnan haft þann sið, að taka það aftur deginum á eftir, sem hann hefir haldið fram deginum áður. En þó að þetta sé hans venja, þá þarf hann ekki að undrast, þó að aðrir geri ekki hið sama.

Þá var talsvert öðruvísi blær á ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.) heldur en á ræðu háttv. framsögum. (M. Ól.) og kom það ekki flatt upp á neinn, sem þekti mennina báða. Háttv. þm. Ak. (M.Kr.) er því vanur að tala með greind og þekkingu um þau mál, er hann lætur til sín taka, en það verður ekki sagt um háttv. framsögum. (M. Ól.). Hann sagði, að því að mér skildist, að á Austfjörðum eins og annarsstaðar væri síldinni ausið upp úr sjónum svo að skifti mörgum þúsundum króna. Ef hann ætlar að finna þeim orðum stað, þá verður hann að fara svo sem 25 ár aftur í tímann, því að síðan hefir það aldrei komið fyrir, að einu ári undanteknu, að á Austurlandi hafi veiðst meiri síld en ríflega til beitu. Er hörmulegt til þess að vita, að fiskiveiðaráðunauturinn, sem á að leiðbeina sjómannastéttinni og gæta réttar hennar, skuli ekki hafa meiri þekkingu á sjávarútvegi en þetta. Eg vildi að satt væri, að Austfirðingar veiddi eins mikla síld og háttv. þm. (M. Ól.) segir, en því miður er því ekki svo farið. Þessi tvö ár, sem eg hefi verið fyrir austan, hefir mönnum þótt gott ef þeir hafa veitt nægilega síld til beitu, og svo hefir það verið síðastliðin 25 ár, að einu ári undanteknu, eins og eg gat um áðan. Vil eg leyfa mér að vitna til þeirra háttv. þm. sem kunnugir eru á Austfjörðum, hvort eg fer ekki með rétt mál.

Þessi tvö atriði, sem eg gat um áðan, *að* ákvæðið í núgildandi lögum um útsvarsskyldu síldveiðimanna, væri óskýrt og hefði orkað tvímælis, og *að* óréttlátt væri að leggja þyngri kvaðir á þá menn er síldveiði stunda, heldur en á þá sem stunda annan útveg, hefir háttv. frsm. (M. Ól.) ekki getað skilið enn þá. Eg sé ekki, að það sé til nokkurs hlutar að vera að endurtaka það, sem eg sagði áðan um þetta, því að mér mun naumast takast að koma háttv. framsögum. (M. Ól.) í skilning um það, hér eftir. Hins vegar vænti eg þess, að aðrir hv. deildarmenn hafi skilið hvert breyt.till,

min stefnir og að þeir greiði henni atkvæði.

Stefán Stefánsson: Á síðasta þingi varð eg til þess, að flytja frumv. um líkt efni og þetta, sem sé um það, að verzlunarmönnum væri skylt að greiða útsvar, þó að þeir ræki ekki verzlun nema í 4 vikur utan síns sveitarfélags.

Þegar þetta frumv. hafði verið rætt í nefnd og óskir komu fram um ýmsar fleiri breytingar á sveitarstjórnarlögunum var það afgreitt með nefndaráliti til stjórnarinnar með 15 shlj. Eg bjóst þess vegna við því, að stjórnin mundi leggja fyrir þetta þing frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögunum, þess efnis, sem í nefndarálitinu var bent á.

Þetta hefir nú ekki orðið og þessvegna gladdi það mig, er efrideildarmenn höfðu samskonar óskir fram að bera og afgreiddu frumv., þar sem tekið var tillit til helztu breytinganna, sem nefndarálitið frá því í fyrra hafði vikið að.

Þær breytingar, sem þetta frumv. fer fram á, eru að vísu ekki alveg samhljóða þeirri breytingu, er eg flutti áður í frumvarpinu, því að það kveður svo á, að verzlun þurfi að hafa verið rekin minst í 8 vikur, til þess að útsvör megi leggja á hana, en áður ákveðnar í frv. 4 vikur. Þetta virðist mér líka vera í dálitlu ósamræmi við 2. gr. frumv., þar sem svo er ákveðið, að ef aðkomumaður stundar bátfiski í 4 vikur eða lengur, á útveg annars manns en þarsveitarmanna, þá skuli hann vera útsvarsskyldur í þeim hreppi, er hann stundar veiðina. Eg sé ekki við hvað það miðast, að kaupmaður, sem rekur verzlun í 4 vikur og græðir á því máske margar þúsundir króna, þurfi ekkert útsvar að borga, en maður sem stundar bátfiski á sama tíma, verður aftur á móti útsvarsskyldur, jafnvel þó að hann hafi ekki nema nokkurra króna hag af vertíðinni.

Þó að þessu sé nú þannig fyrir komið í frumv., hefi eg samt getað felt mig við það eftir atvikum og skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust. Mér dylst reyndur ekki, að verzlunarmanninum er gert hærra undir höfði en útvegsmanninum, en vel að merkja, þetta er einnig eftir eldri lögum, svo að það er að því leyti engin breyting til hins verra.

Viðvíkjandi 4. gr. frv. skal eg taka það fram, að eg álít hana verulega réttarbót, því að það er öllum mönnum auðsætt hvað það er óeðlilegt, að sýslumaður, sem auðvitað er ekki fulltrúi neins sveitafélags, hafi tvöfaldan atkvæðisrétt við aðra sýslunefndarmenn, standi atkvæði þannig, að atkvæðatala sé jöfn, að sýslumannsatkvæði meðtöldu. Eg skal ekki að neinu leyti blanda mér inn í deilurnar milli háttv. framsögum. minni- og meiri hl., en það held eg verði að teljast heppilegt í allflestum tilfellum, að önnur lagaákvæði gildi um síldveiði, en þorskveiði, þar sem síldveiðin er svo geysimiklum mun fljótteknari.

Eg vænti þess fastlega, að þetta frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi, og að þær sjálfsögðu réttarbætur, sem í frv. felast, komi til framkvæmda sem allra fyrst.

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Eg verð að segja það, að eg skildi lítið í lestri háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), en það skildi eg þó, að hann var reiður, og það við mig.

Eg er viss um það, að enginn í þessari háttv. deild trúir því, sem hann sagði, að hann hefði meira vit á sjávarútvegsmálum en eg, og er viss um, að hann er ekki svo heimskur sjálfur, að hann haldi það í alvöru. Það mætti

líka vera meira en lítill munur á vitsmunum okkar, ef hann væri betur að sér í því, sem lýtur að sjávarútvegi en eg, því að eg hefi frá blautu barnsbeini fengist við sjómensku og það sem að henni lýtur, en hann hefir aldrei, svo eg viti, fengist við neitt þess konar.

Hann vill gera þá breytingu á frv. að síldveiði með nót verði látin heyra undir ákvæði 2. gr., að því er til útsvarsskyldu kemur. Eg verð að halda því fram, að þetta sé ekki rétt, því að síldveiði er oft afararðsöm atvinna, og altaf miklu arðsamari heldur en bátfiski. Á einni nóttu má taka mörg þús. tunnur af síld, ef vel gengur. Eg vissi t. d. að fyrir vestan náðust einu sinni 11 þús. kr. virði af síld á einni nóttu. Það er því sanngjarnt að taka þennan atvinnuveg undan, þegar um það er að ræða, hve mikið skuli goldið til sveitar af hverjum atvinnuveg.

Það er að vísu rétt, sem háttv. þm. sagði, að bátur er notaður við síldveiði, en eg hélt að hann skildi það, að bátfiski er alt annað og gefur minna í aðra hönd. Eg skil ekki í því, að háttv. þm. vilji endilega halda þessu til streitu, því að það má hann vita, að fengi hann breytingartillögu sína á þskj. 358 samþykta, þá mundi alt frv. falla.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, að með frumv. væri verið að leggja síldarútvegsmennina í einelti. Ef þetta er að leggja í einelti, þá getur flest verið það. Ef síldarútvegsmennirnir hafa meiri ágóða af sinni atvinnu en aðrir, þá eiga þeir líka að borga meira en aðrir. Ef þeir eru svo miklir atorkumenn, að þeir geti rekið atvinnu sína á 10—12 stöðum á einu ári, þá eiga þeir líka að borga meira en aðrir. Það er blessun fyrir hvert land að eiga sem flesta atorkumenn, því að það eru þeir, sem fjárhagslega halda landinu uppi. En það verður lítil blessun að atorkumönnunum, ef þeir borga ekki meira en aðrir í landssjóðinn.

Magnús Kristjánsson: Eg vona að menn athugi það nákvæmlega, að hér er að eins um það að tala að breyta frv. þannig, að það verði nokkurn veginn skýrt, hvað meint sé með því. Það er um það að ræða, hvort síldveiði á bátum sé talin með bátfiski eða ekki. Eg skil ekki, hvernig háttv. framsögum. meiri hl. fer að halda því fram, að síldveiði á bátum sé ekki bátfiski. Þegar um það er að ræða, hvort brt. á þskj. 358 skuli ganga fram eða eigi, þá er það sama sem að ræða um, hvort fyrirbyggja eigi vafninga og málaferli, sem risið geta út af frv. eða ekki.

Mér finst háttv. frams.m. meiri hl. (M. Ól.) geri of mikið úr gróðanum af síldveiðinni. Eg er ekki viss um, að hann sé eins mikill og háttv. frams.m. virðist halda. Eg hygg að háttv. framsögum. m. hl. hafi fyrr meir fengist við þann veiðiskap, og eg hygg, að hann hafi ekki haft hagnað af honum. Síldarútgerð hefir stórkostleg útgjöld í för með sér, svo að þótt talsvert fáist í aðra hönd, þá sýnist hagnaðurinn oft meiri en hann er. Og eg hygg, að hreppsnefndir sé yfir höfuð ekki færar að dæma um, hve mikill hagnaðurinn er í raun og veru. Þetta er aðalástæðan til þess, að eg er andvígur þessu ákvæði frv. Eg vona því að brt. á þskj. 358 verði samþ.

Framsögum. meiri hl. (M. Ó.): Eg gleymdi að minnast á það áðan, að eg tel það sjálfsagt, að ákvæði frumv. snerti einnig stauranætur. Eg get þessa að eins út af orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hvað því viðvíkur að brt. á þskj. 358 sé nauðsynleg, til þess að skýra frv., þá skal eg taka það fram, að eg sé engar líkur til þess, að lögin

verði misskilin, þótt þetta frv. yrði að lögum, án þess að þessi brt. verði samþykt.

Guðm. Eggerz: Eg ætla að eins að taka það fram, af því að mér skauzt yfir það áðan, að munurinn á síldveiði og öðru bátfiski er sá, að hreppurinn, sem veiðin er rekin í, fær landshlut af síldveiði, ekkert af þorskveiði. Það virðist því vera ósanngjarnt, að ofan á þetta sé bætt því, að leggja meira á síldarútgerðarmenn en aðra. Eg vona að brt. mín verði samþ., því að við það jafnast þetta óréttlæti.

ATKV.GR.:

Brt. á þskj. 284 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Brt. á þskj. 358 feld með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Einar Arnórsson	Björn Hallsson
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Guðm. Eggerz	Hjörtur Snorrason
Jón Magnússon	Jóhann Eyjólfsson
Magnús Kristjánss.	Jón Jónsson
Sigurður Eggerz	Matth. Ólafsson
Sig. Gunnarsson	Sig. Sigurðsson
Sveinn Björnsson.	Skúli Thoroddsen.
	Stefán Stefánsson
	Þór. Benediktsson.

Þessir greiddu ekki atkv.: Guðm. Hannesson og Björn Kristjánsson, og töldust til meiri hl.

Þrír þm. voru fjarstaddir.

2. og 3. gr. voru samþ. með 15 samhlj. atkv.

4. og 5. gr. voru samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. var talin samþ. án atkv.gr.

Frv. var vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Á 37. fundi Nd., föstud. 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Frv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgr. til ráðherra, sem *lög frá alþingi.*

---

32. Hafnarfjarðarvegur.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 29. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907 (þskj. 263).

Á 29. fundi Nd., föstud. 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Frv. þetta var borið hér fram á síðasta þingi og farið fram á, að landssjóður tæki þennan veg að sér að öllu leyti. Samskonar frv. og í sama formi hefir svo verið borið fram í háttv. Ed. á þessu þingi. Deildin gat þó ekki fallist á, að landssjóður héldi veginum við að öllu, heldur varð það að samkomulagi, að vegurinn skyldi talinn sem almenn flutningabraut og landssjóður kostaði viðhaldið að einum þriðja. Sú stefna fekk svo mikið fylgi í deildinni, að eg held, að ekkert atkvæði hafi verið þar á móti. Hingað til hafa sýslurnar tvær, Gullbr.- og Kjósarsýsla, haft allan veg og vanda af þessum vegi og seinast á þessu ári hafa þær kostað til hans önnur 200 kr. og hin 500 kr. og hrökk það þó hvergi nærri til. Svo ákvað sýslunefnd Kjósarsýslu að hætta að telja þetta sýsluveg, því að hann liggur í útjaðri Kjósarsýslu og kemur íbúum hennar að litlum notum. Það er aðeins einn hreppur í sýslunni, Álftaneshreppur, er notar þenna veg, og er það því eðlilegt, að sú sýslan vilji ekki telja hann sýsluveg framvegis og treysti sér ekki til að kosta viðhald hans.

Það má líka sannarlega kalla, að þessi vegur sé »almenningur«, sérstaklega síðan bifreiðarnar komu hingað. Það var auglýst í vor, að það væri farnar 25 ferðir á dag milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur á bifreiðum einum, fyrir utan alla aðra vagna, sem um veginn fara. Á þessari leið er líka Heilsuhælið, sem má telja almenningseign og hefir mikla flutninga um veginn. Að vísu getur þetta talist sýsluvegur fyrir Gullbringusýslu, en það yrði henni einni of þungur baggi að bera, að sjá um viðhald hans, í viðbót við allan annan kostnað,sem hún hefir bakað sér með vegalögunum. Þegar vegalögin vóru samin, var þessi sýsla svo óheppin, að enginn af vegum hennar var talinn flutningabraut, og þess vegna hefir hún orðið að kosta meira til vega sinna heldur en nokkur önnur sýsla á landinu og skuldar nú 48558 kr. Hún varð útundan með að fá nokkra flutningabraut, samkvæmt vegalögunum, en eins og kunnugt er, hefir þingið hlaupið undir bagga og borgað helming kostnaðarins við Keflavíkurveginn, og minnist eg þess þakksamlega. En þess utan hefir nú sýslan lofað 10 þús. kr. til vegar til Grindavíkur og verður það þannig um 60 þús. kr., sem sýslan skuldar vegna vega sinna.

Auðvitað þarf nú að byggja Hafnarfjarðarveginn af nýju, gera hann »púkk«-lagðan og nota til þess hraunið, sem vegurinn liggur í gegn um, og myndi Gullbringusýsla og Kjósarsýsla ekki telja eftir sér að leggja fram $^2/_3$ hluta viðhaldskostnaðarins eins og frv. áskilur. Ef ekki er undinn bráður bugur að því að gera við veginn, geta af því hlotist slys.

Vona eg nú, að þetta frumv. fái eins góðar undirtektir hér í deildinni eins og í háttv. Ed. Hér er bréf á þskj. 205 frá sýslumanninum í Hafnarfirði, og skýrir það þetta nánar, en af því að það er venja mín að tala sem styzt og gera aðeins sem ljósasta grein fyrir skoðun minni, þá fer eg ekki lengra út í það, enda er fundurinn orðinn nokkuð langur.

Eg sé ekki ástæðu til að nefnd verði sett í málið; það er ofur einfalt og allir þekkja vegarspottann héðan til Hafnarfjarðar.

Einar Arnórsson: Eg get verið stuttorður. Eg vildi aðeins geta þess, að eftir þá útreið, sem önnur frumvörp eru búin að fá hér í deildinni í dag, sýnist mér réttast, að deildin verði sjálfri sér samkvæm og fari eins með þetta. Það er ekki svo ýkjamikið fé, sem sýslurnar verða að leggja til þessa vegar. Eg þekki hreppa í Árnessýslu, sem verða að leggja meira til Flóavegarins, svo að það er engin ástæða til að létta þessu viðhaldi af sýslunum. En ef deildin vísar málinu til 2. umr., þá geri eg það að tillögu minni, að því verði vísað til veganefndarinnar.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg þarf í rauninni ekki að svara þessu neitt. Eg benti á það áðan, að þessi vegur á engan sinn líka á öllu landinu. Hann er sérstakur í sinni röð, og hér er ekki farið fram á, að hann hvíli þyngra á landssjóðnum heldur en almennar flutningabrautir, t. d. Fagradalsbrautin.

Bjarni Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Mér finst lítil þörf vera á þessu frumv., þar sem svo efnuð héruð standa að þessum vegi einsog Reykjavík og Gullbringusýsla. Þingm. Reykjavíkur ætti að koma því svo í kring, að hún fengi að taka þátt í viðhaldskostnaði vegarins.

Annars sýnist mér maklegast að þetta frumv. fari sama veg og hin, en ekki skal eg þó verða meinsmaður þess, að það fái að fara í nefnd.

Sigurður Sigurðsson: Mér heyrðist ein af ástæðum háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) með þessu máli vera sú, að bifreiðir færi svo mikið um þennan veg og skemdi hann. Þetta er einmitt ein af ástæðunum fyrir því, að frumv. það kom fram, um að létta vegaviðhaldið af nokkrum sýslum, að því er snertir einstaka vegakafla, og áðan var felt. En þar sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) kemur með þessa ástæðu fyrir því, að þessu máli verði sint á þessum grundvelli, þá minnir það mig á ummæli hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) í hinu nafntogaða nefndaráliti hans, þar sem hann segir, að umrenningar geri ekki skaða á vegunum. Ef þeir gera ekki skaða á vegunum fyrir austan, þá gera þeir heldur ekki skaða á Hafnarfjarðarveginum. En annars verð eg að segja, að eg trúi betur því, sem eftirtökusamir ferðamenn, sem um veginn fara með opin augun á hestum sínum, segja, heldur en Reykvíkingur, sem ferðast í lokaðri bifreið að næturlagi, þreyttur og syfjaður, og getur því ekki veitt því eftirtekt, sem fram fer eða séð hvort bifreiðin skemmir veginn eða ekki.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Björn Hallsson	Einar Arnórsson
Björn Kristjánsson	Einar Jónsson
Guðmundur Eggerz	Hannes Hafstein
Hjörtur Snorrason	Jón Jónsson
Jón Magnússon	Sigurður Sigurðsson.
Magnús Kristjánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Jóhann Eyjólfsson, Matthías Ólafsson, Pétur Jónsson, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hluta. Sigurður Eggerz og Skúli Thoroddsen vóru fjarstaddir.

Tillaga um að vísa frumv. til veganefndar feld með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	Hannes Hafstein
Einar Jónsson	Hjörtur Snorrason
Jón Jónsson	Jóhann Eyjólfsson
Sigurður Sigurðsson	Jón Magnússon
	MagnúsKristjánsson
	Pétur Jónsson
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson.

Björn Hallsson, Sigurður Gunnarsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Matthías Ólafsson, Sigurður Eggerz og Skúli Thoroddsen fjarstaddir.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 2. u m r. (Þskj. 263).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson). Við 1. umræðu skýrði eg frá ástæðunum fyrir þessu frumv., og þarf eg því ekki að endurtaka þær hér.

Eg hefi heyrt það hljóð í sumum hv. þm., að þeir vilji skera þetta mál niður við sama trogið, eins og aðrar breytingar á vegalögunum, sem hér hafa verið á ferðinni. Þetta virðist mér vera

alveg ástæðulaust. Þau frumv. stefndu sem sé að gagngerðri breytingu á allri stefnu þeirra laga í vegamálum, sem sé þeirri, að landssjóður tæki að sér alt viðhald flutningabrautanna. Það hafði hann ekki áður, nema að örlitlum hluta, og væri því þessu samfara afarmikill útgjaldaauki fyrir landið. Aftur á móti er þetta frumv. í eðli sínu samkvæmt vegalögunum, þar sem það fer ekki fram á annað, en að taka þenna vegarkafla í tölu flutningabrautar með venjulegum skilmálum vegalaganna.

Eg hefi áður bent á það, hve lítils góðs sú sýsla, sem hér er um að ræða, hafi notið af vegalögunum, og þess vegna vona eg, þó að töluverður sláturhugur kunni að vera í sumum háttv. þm., að þessu frumv. verði lofað að lifa, einkum þar sem menn vóru svo sammála um það í háttv. Ed., að þetta sanngirnismál ætti fram að ganga. Það yrði mikill tálmi fyrir umferðina, ef þessi vegarkafli félli niður, og til þess eru allar líkur, að svo verði, því að eins og eg hefi margsagt, kemur það ekki til nokkurra mála, að sýslurnar geti kostað viðhald á honum, eða bygt hann frá stofni, sem með þarf. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en eg vona að frumvarpið verði samþykt, eins og við 1. umr., og að menn átti sig á því, að það er alveg sjálfsagt mál.

Einar Jónsson: Eg veit ekki hvort meint eru til mín þessi orð um niðurskurðarhug í vegafrumvörpunum. Eg sagði það eitt, að leysa bæri úr öllum þessum málum með jafnri sanngirni. Og eg get ekki séð það, að fremur sé ástæða til þess að landið kosti veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur en veginn austur í sýslur. Það hefir verið margsýnt fram á, að austurveginn nota menn úr öðrum héruðum jafnmikið eða meira en héraðsbúar, en þennan veg nota engir aðrir. Og það geta engar umræður sannfært mig um það, að ekki eigi hið sama að ganga yfir alla vegina. Raunar getur það verið dálítil ástæða, að Vífilsstaðir nota þennan veg talsvert, og Heilsuhælið er í þarfir alls landsins, en þessi ástæða er ekki veigameiri en margar af þeim, sem getið var um í umræðunum um austanveginn, svo að eg álít óþarft að gera hér undantekningu. Réttast hefði mér virst, að þessi vegafrumvörp hefði öll verið samþykt, en fyrst svo var ekki, þá virðist mér öll sanngirni mæla með því, að þau fari öll sömu leiðina.

Guðmundur Hannesson: Eg ekki betur séð, en full ástæða sé til þess að athuga það, að að þessum vegi liggja tveir bæir, annar höfuðstaður landsins og hinn tiltölulega stór bær með 1—2000 íbúum, og loks þéttbýl sýsla, sem mikið notar veginn.

Það mætti reyndar segja, að það væri í samræmi við lagningu flutningabrautanna, að þessi vegur væri tekinn upp í þeirra tölu, því þær vóru lagðar um þéttbýlustu héruðin, en eg get ekki séð minstu ástæðu til þess, að landið kosti viðhald á honum. Eg vænti því af hæstv. forseta, að hann beri 1. gr. frumv. upp í 2 liðum.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Mér heyrðist það á 1. þm. Rangv. (E. J.), að hann mundi vera með þessu frumv., ef hin vegafrumv. hefði verið samþykt. En þess ber að gæta, að þetta mál er alls annars eðlis. Hér er um það eitt að tala, að taka veg í tölu flutningabrauta, en þar var að ræða um afnám viðhaldsskyldu þeirrar, er hvílir á sýslunum.

Það hefir verið venja, að leggja flutn-

ingabrautir þar, sem umferðin er mest, og enginn getur neitað því, að ekki er meiri umferð um nokkurn veg á Íslandi, en einmitt þennan. Það mælir því öll sanngirni með því, að þetta frumv. verði samþykt. Og hér er líka hætta á ferðum, ef veginum er ekki haldið í sæmilegu lagi, einkum eftir að farið er að nota svo mikið bifreiðar á þessum kafla sem nú er. Sýslurnar neita að leggja meira fé til hans, og landinu ber skylda til að taka hann að sér ef hann á ekki að eyðileggjast.

Einar Jónsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gat þess, að eg hefði sagst vera með þessu frumv. ef önnur svipuð frumv. hefði verið samþykt. Þetta er alveg rétt. Ef sú sanngjarna regla hefði verið tekin upp, sem farið var fram á með austanveginn, þá hefði eg talið rétt, að þetta frumv. hefði fylgst með hinum. En fyrst svo var ekki, þá álít eg einnig rétt núna, að sama gangi yfir öll frumv. Þar sem háttv. þm. (B.Kr) segir að þetta frumv. sé annars eðlis, þá fæ eg ekki séð í hverju sá eðlismunur sé fólginn. Það er alveg það sama, sem hér er farið fram á, og farið var fram á með austanveginn á dögunum. En það er eins og háttv. þm. (B. Kr.) finnist það eitthvað sjálfsagt, að Reykjavík sé leyst undan öllu viðhaldi á þeim vegum, sem hún notar, bæði á austanveginum og Hafnarfjarðarveginum. Þetta finst mér ranglátt, og virðist það athugandi, hvort ekki mæli meira með því, að létt sé á fátækum sýslusjóðum útgjöldum, sem eru þeim ofætlun, en af Reykvíkingum. Þetta er Reykvíkingum sannarlega ekki fremur ofvaxið en hitt austanbúum. Þeirra vegur var í byrjun illa lagður og viðhaldskostnaðurinn því ennþá tilfinnanlegri en ella. En fyrst háttv. þingdeild vildi ekki taka málaleitun fátækra sýslna í samskonar efni, þá álít eg réttast, að skera öll þessi frumv. niður við sama trogið.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Björn Kristjánsson	Einar Arnórsson
Guðmundur Eggerz	Einar Jónsson
Hannes Hafstein	Hjörtur Snorrason
Jóhann Eyjólfsson	Jón Jónsson
Jón Magnússon	Sigurður Sigurðsson
Magnús Kristjánss.	Stefán Stefánsson
Pétur Jónsson	Þórarinn Benediktss.
Sig. Eggerz	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson	

Matthías Ólafsson og Sigurður Gunnarsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hl. — 2 þm. fjarstaddir.

2. gr. frv. samþ. með 14 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Matthías Ólafsson
Bjarni Jónsson	Sigurður Sigurðsson
Björn Kristjánsson	Stefán Stefánsson
Einar Arnórsson	Þórarinn Benediktss.
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Gunnarsson greiddu ekki

atkvæði og var talinn með meiri hl. — Þrír þm. vóru fjarstaddir.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (þskj. 263, 346).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Fyrst enginn tekur til máls, skal eg leyfa mér að minnast á br.till. á þskj. 346, sem fer fram á að fella burtu 2. málsgr. 1. gr., um að landið taki að sér viðhaldið á $^1/_3$ hluta vegarins. Þetta finst mér vera smámunasemi, þegar það er oft reglan, að landið borgi $^1/_3$ af viðhaldi slíkra vega, sem ætlast er til að þessi verði. Eg er því á móti þessari breyt.till. og vona að hún verði feld.

Guðmundur Hannesson: Þessi tillaga er fram komin af því, að það sýnist ósanngjarnt, þar sem hér eiga fjölmenn héruð og bæir hlut að máli, að þeim sé vilnað í fram yfir aðrar sveitir, sem örðugra eiga. Reglan er einmitt sú, að landssjóður greiðir ekki einn eyri til viðhalds flutningabrauta, heldur eru þær teknar út þegar þær eru fullgerðar og afhentar héruðunum til eignar og viðhalds. Hitt er ekki að marka, þótt annað gildi um Fagradalsbraut, sem liggur mest um óbygðir. Eiginlega ætti landssjóður að halda henni allri við, ef hún ætti að skoðast líkt og brautin yfir Hellisheiði.

Eg sé ekki betur, en að vel sé gert í garð héraða, ef landssjóður tekur að sér fyrir ríkt fólk að gera veginn vel, brúa hvern læk o. s. frv., þótt þau eigi svo að halda vegunum við á eftir. Till. miðar því eingöngu að því, að bæta úr misrétti, sem ranglega er farið fram á í frumvarpinu.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) taldi það ósanngirni, að fara fram á þetta í frumv., en hann verður að gá að því, að þetta er fjölfarnasti vegur á landinu. Ekki af þeim, sem halda honum við, heldur öðrum. Kjósarsýsla hefir nú lagt hann niður sem sýsluveg og neitað að halda honum við, og hvaðan á þá viðhaldið að koma? *(Sigurður Sigurðsson:* Frá Reykjavík og Hafnarfirði). Já, en ekki nema í landeign þeirra bæja.

Eg vona sem sagt að háttv. deild felli þessa breytingartillögu, en samþykki frumv. óbreytt.

Einar Jónsson: Háttv. flutningsmaður sagði að það lægi fyrir, að viðkomandi sýslufélag neiti að halda þessum vegi við. Það gæti nú fleiri gert, ef þeim sýndist. Þegar við hreyfðum þeirri ósk, nokkrir þingmenn, að landssjóður tæki að sér viðhaldið á veginum frá Reykjavík til Ægissíðu, þá var þess getið, að eitthvað svipað gæti komið fyrir um hann. Reyndar ekki það, að sýslufélögin neituðu að halda honum við, heldur að svo gæti farið, að þau hefði engar ástæður til þess. En þegar þetta er nú reglan, að héruðin kosta viðhaldið, þá þýðir ekki að hræða menn með því, að þau neiti því. Vegirnir verða að vera háðir sömu reglum, í hvaða kanti landsins sem þeir liggja. Ef hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) heldur að hann hræði menn með þessari neitun, þá skil eg ekki hvað hann er að fara. Hún væri lagabrot og ekkert annað, ef þingið fæst ekki til að leysa viðkomandi hérað undan viðhaldsskyldunni.

Guðmundur Hannesson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) spurði hver ætti að halda veginum við, ef hann yrði lagður niður sem sýsluvegur. Það er lögákveðið. Hann var afhentur héraðs-

inu, þegar hann var lagður og þá er það blátt áfram skyldugt að halda honum við, og það spyr enginn að því, hvort hann sé sýsluvegur eða ekki. Hitt er annað, hvenær vegurinn verði lagður. Flutningabrautir sitja fyrir, eftir till. verkfræðings um það, hverjar fyrst skuli leggja, og þessi kemst sýnilega fljótt á.

Viðvíkjandi því, að þessi vegur liggi illa við og utarlega í jaðri Kjósarsýslu, er því til að svara, að það má skipa viðhaldinu svo, að það hvíli sem sanngjarnlegast á þeim, sem nota hann. En sé það óheppilegt að leggja á landssjóð viðhaldið á þjóðvegum og flutningabrautum í heild sinni, þá á það sérstaklega heima um þennan vegarspotta. Það væri margfalt skyldara að hjálpa ýmsum öðrum sveitum.

Það hefir verið kvartað yfir því, að þessi vegur lægi um fen og flóa, þar sem alt sykki niður, hve miklu sem dembt væri ofan í hann, en líkt er ástatt víða annarstaðar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 346 samþykt með 17 : 7 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Eggerz
Björn Hallsson	Jón Magnússon
Einar Arnórsson	Sigurður Eggerz
Einar Jónsson	Sveinn Björnsson
Hannes Hafstein	Þorleifur Jónsson.
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	

Þeir Hjörtur Snorrason, Matth. Ólafsson Skúli Thoroddsen greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hl.

Einn þingm. fjarstaddur.

Frumvarpið samþykt með 14 : 1 atkv. og endursent til Ed.

---

33. Gríska og latína.

Á 36. fundi Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (þskj. 380), eins og það hafði verið samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr., með afbrigðum frá þingsköpum.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Eg skal reyna að vera stuttorður, en eg verð þó að skýra háttv. deild frá, hvernig þetta mál er til komið.

Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum sú breyting gerð á skipulagi lærða skólans eða latínuskólans, eins og hann þá var kallaður, að grísku var algerlega útrýmt og latínunám takmarkað að miklum mun. Hér var þá uppi sú alda, runnin frá Danmörku og Noregi, að þessar fræðigreinir væri einskis virði eða að minsta kosti miklu minna virði en áður var talið. Eg get lýst því stuttlega, að í Danmörku vaknaði brátt hin mesta óánægja með þetta og sömuleiðis í Noregi. Margir helztu háskólamenn Norðmanna og Dana hafa risið upp og látið í ljós það álit sitt, að við þetta væri ekki unandi. Og nú hefir verið tekin upp frá rótum kensla í þessum málum við háskólann í Kaupmannahöfn, því að stúdentar þóttu tæplega hæfir til að taka við sérmentun vegna almenns þroskaleysis. Sama niðurstaða hefir orðið

í Noregi. Guðfræðikennarar við háskólann í Kristjaníu hafa risið upp og heimtað grískukunnáttu af stúdentum, sem leggja stund á guðfræði, vegna þess að kenslu í guðfræði er svo háttað, að hún getur ekki farið fram svo að í nokkru lagi sé, ef stúdentar skilja ekki grísku. Eins og menn vita, er helzta trúarrit kristinna manna skrifað á grísku, nýja testamentið, og menn geta naumast myndað sér ákveðna, sjálfstæða skoðun á ýmsum deiluatriðum guðfræðinnar án þess að lesa frumheimildirnar, né yfirleitt komist til skilnings á kenningum kirkjunnar án grískukunnáttu.

Í vetur tók hið íslenzka stúdentafélag í Reykjavík þetta mál að sér og hafði reglugerð og skipulag hins almenna mentaskóla að umræðuefni á fundi sínum. Margir litu þá svo á, að kippa þyrfti skólanum að ýmsu leyti í sitt gamla far, og þá aðallega auka latínukensluna þar og jafnvel kenna grísku líka.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þó ekki tilætlunin, að á skipulagi hans verði breyting gerð að sinni. En farið er fram á það, að hinum svokölluðu klassisku fræðum, latínu og grísku og þeim fræðum, sem í sambandi við þau standa, verði ekki með öllu rýmt burtu úr þessu landi, heldur verði þeim sem vilja gefinn kostur á að nema þau.

Eins og eg tók fram áðan, er gríska kunnátta nauðsynleg til þess að viðunandi kensla geti farið fram í guðfræði. En það er svo um fleiri fræðigreinir en guðfræðina eina, því að öll hærri mentun er að meira eða minna leyti komin undir kunnáttu í latínu og grísku. Það er öllum kunnugt, að þessi mál, og þau vísindi, sem í sambandi við þau standa, hafa verið aðal-leiðarstjarna heimsmenningarinnar í 2000 ár. Þær þjóðir, sem þessi mál töluðu og rituðu, vóru um langt skeið öndvegisþjóðir heimsins. Grískur og latneskur skáldskapur og grískar og latneskar bókmentir eru sá brunnur, sem allar mentamenn hafa bergt af um margar aldir. Og á miðöldunum, og jafnvel fram á 19. öld, var alt það, sem nokkuð kvað að, skráð á latínu. Réttarmálið var latína, kirkjumálið var latína, og það mál, sem notað var í samböndum ríkja, var latína. Lærðir menn rituðu þá svo að segja eingöngu á latínu. Hver, sem kynna ætlar sér einhverja grein til nokkurrar hlítar, hvort sem er saga, guðfræði, lögfræði, málfræði eða náttúrufræði, hann verður að kunna eitthvað í latínu.

Eg skal að eins benda á nokkur atriði, sem snerta sögu, bókmentir og málfræði þessa lands. Eg veit það með rökum, að enginn maður getur til hlítar kynt sér sögu Íslands, ef hann kann ekki latínu. Menn þurfa ekki annað en að fletta upp á nokkrum stöðum í Fornbréfasafninu til að sannfærast um, að það er rétt sem eg segi. Mörg heimildarrit til sögu Íslands eru skráð á latínu. Aðalritið, kirkjusaga Finns biskups, er skráð á latínu, og eg býst við, að stúdentar, eftir nýju reglugjörð Mentaskólans almenna, geti ekki lesið hana sér til gagns, og er það þó hart, að íslenzkur guðfræðingur geti ekki lesið aðalsögurit íslenzku kirkjunnar. Einhver þingmaður segir, að það muni vera erfitt fyrir eldri stúdenta líka. Eg les hana mér til fullra nytja, og eg býst ekki við að eg sé betri í latínu heldur en hver meðalmaður frá minni tíð. Enn má geta þess, að íslenzk málfræði er algerlega steypt eftir latneskri málfræði.

Eg benti á það áðan, svo að eg víki aftur að guðfræðinni, hvað gríska kunnátta væri nauðsynleg fyrir guðfræðinám. Latínukunnáttan er það engu síður. — Merkustu rit lútersku kirkjunnar eru auðvitað skráð á latínu, trúarjátningarnar,

kirkjufeðurnir flestir, sumir þeirra rituðu á grísku, skráðu og rit sín á latneska tungu. Melankton, samverkamaður Lúters, skráði sín rit á latínu, og yfir höfuð eru öll helztu trúarrit lútersku kirkjunnar skráð á latínu.

Enn skal eg víkja að einu, sem stendur í sambandi við þetta. Sú hreyfing er nú uppi í Danmörku, að afnema Garðstyrk til íslenzkra stúdenta. Ef svo fer, að Garðstyrkurinn verði afnuminn, þá má ganga að því vísu, að íslenzkir stúdentar hætti að sækja Kaupmannahafnarháskóla, og þá rekur að því, að vér höfum ekki einn einasta mann til að kenna þessa litlu latínu, sem kend er hérna við mentaskólann. Sama er að segja um gríska. Ef svo verður fyrir séð, að enginn maður hér á landi kunni grísku, þá getur enginn kent guðfræði.

Eg vil ennfremur árétta það, að með því að útrýma möguleikanum til þess að menn komist niður í þessum fræðigreinum, er að nokkru leyti raskað menningarsambandi voru við umheiminn, bæði í fortíð og nútíð. Í stóru menningarlöndunum halda menn trygð við þessi mál. Bæði í Englandi og Frakklandi hafa risið upp félög til að vernda þessar fræðigreinir. Í þessum félögum eru ekki eingöngu málfræðingar, síður en svo. Í þeim eru menn, sem stunda hin svo kölluðu reynsluvísindi, stærðfræði, náttúrufræði, kennarar við landbúnaðarskóla o. s. frv. Það eru heldur ekki málfræðingar einir, sem halda þessum málum fram í Danmörku. Einn af helztu málsvörum þeirra þar er t. d. Rovring prófessor í læknisfræði, og mér er líka kunnugt um, að helztu lagamenn í Danmörku hafa risið upp og sýnt fram á, hversu ótækt það er, að leggja niður kenslu í þessum fræðigreinum.

Eg skal nú ekki þreyta háttv. deildarmenn með lengri ræðu. En eg vona að þetta mál fái að ganga nefndarlaust í gegnum deildina.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson.
Bjarni Jónsson	Guðm. Hannesson
Björn Kristjánsson	Björn Hallsson
Einar Arnórsson	Einar Jónsson
Hannes Hafstein	Magnús Kristjánsson
Hjörtur Snorrason	Sigurður Sigurðsson
Jóhann Eyjólfsson	Stefán Stefánsson
Jón Jónsson	Þórarinn Benediktss.
Jón Magnússon	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Skúli Thóroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Guðm. Eggerz og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta.

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (þskj. 380).

Sigurður Sigurðsson: Eg vil ekki að þetta frumvarp gangi svo í gegnum deildina, að því sé ekki andmælt. Að vísu býst eg ekki við því, eftir atkv.gr. um málið hér í deildinni síðast, að andmæli hafi mikið að þýða, en mér finst þó ekki nema rétt að vér, sem erum á móti frv., látum í ljós óánægju vora með það.

Eg skal nú engan dóm leggja á það, hversu nauðsynlegt það kann að vera vegna fornmálanna, að stofna þetta nýja embætti við Háskólann. En mér datt í hug, út af því sem háttv. aðalflutnings-

maður sagði í gær, þegar hann var að tala um, að þetta væri nauðsynlegt vegna þess, hve mönnum færi aftur í latínu- og grískukunnáttu hér, við breytingu þá, er gerð var á reglugjörð Mentaskólans, þar sem kenslan í þessum málum var mjög takmörkuð, hvort ekki væri þá gerlegt eða jafnvel betra, að breyta aftur reglugerð skólans, og taka upp kenslu í grísku og auka kensluna í latínu. Ef það ráð yrði tekið, mætti að sjálfsögðu spara sér að búa til þennan nýja kennarastól við háskólann. Þetta myndi reynast einfaldara og kostnaðarminna, því að eg geri ráð fyrir, að einhverjir kennara þeirra, sem nú eru við Mentaskólann, tæki að sér þessa kenslu, án sérstakrar borgunar. Annað gæti líka komið til mála, og það væri, að kennurum þeim, sem nú eru við Háskólann, væri falið, án launahækkunar, að halda fyrirlestra í þessum greinum, þeim sem færastir eru um það, og gæti þá nemendur Háskólans og piltar úr efstu bekkjum Mentaskólans, notið þeirrar fræðslu. Á þessu sést, að eg er ekki á móti því, að viðhalda kunnáttu í grísku og latínu, ef það er svo nauðsynlegt, sem af er látið og þeir menn halda fram, er færir eru um að dæma um þá hluti, svo sem er um háttv. samþingismann minn o. fl. En hins vegar hygg eg ekki, að það sé sérlega aðkallandi að fara nú á ný að auka kensluna í þessum málum, og vegna þess get eg alls ekki gengið inn á það, að fara að stofna nýtt embætti til þess á þessu þingi. Það hefir verið talað mikið um það hér, að spara sem mest útgjöld landssjóðs, og það jafnvel, þótt til nauðsynlegra framkvæmda sé. Og eg lít svo á, að þessir tímar, sem standa yfir, sé allra sízt lagaðir til þess að stofna til nýrra embætta. Og það líta nú margir fleiri en eg svo á, að þetta embætti sé ekki aðkallandi, hvað sem líður nauðsyninni á því, að halda við kunnáttu manna í þessum málum.

Eg endurtek það, að það er lítil von um það, að þetta mál verði felt. En eg get ekki látið vera að lýsa því yfir, að þetta mál ætti ekki að fara lengra, eða að minsta kosti mætti það bíða næsta þings.

Matthías Ólafsson: Af því að eg hefi haft þá skoðun, að afnám grísku og latínukenslu sé til skaða fyrir mentalíf vor Íslendinga, en eg hins vegar býst við að greiða atkvæði móti þessu frv., þá ætla eg að segja nokkur orð.

Eg álít, að þetta mál sé ekki vel undir búið. Mér lízt ekki á þetta, að gera fyrst á Háskólanum byrjunina til virkilegrar undirbúningskenslu í þessum greinum. Hvaða gagn er að því, ef þangað koma menn, sem ekkert vita í þeim?

Það er á hvers manns vitorði, að kensla sú, er námsmenn fá nú í Mentaskólanum í fornmálum, er ónóg til að geta bygt á frekara nám, því nær hverja fræðigrein, sem þeir ætla að stunda.

Það er því aukning undirstöðukenslunnar, sem hafa þarf fyrir augum og hún á að fara fram í Mentaskólanum, en ekki í Háskólanum. Háskólinn á að veita fullnaðarnám, svo í þessari grein sem öðrum. Eigi þessi kensla að fara fram á Háskólanum, því nær frá byrjun og til fullnaðarnáms, þá mætti á sama hátt nema burtu undirstöðukensluna í yngri málunum og fyrst fara að kenna þau í Háskólanum, en það ætti ekki að þurfa að eyða orðum að, hve heimskulegt slíkt væri.

Eg er samdóma háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um það, að það sé betra að auka kensluna í fornmálunum við Mentaskól-

ann, en að stofna þennan nýja kennarastól. Það væri leitt að láta dósentinn þar sitja yfir tómum byrjendum. Eg álít því, að það fyrsta, sem ætti að gera, væri að taka upp aftur meiri kenslu í fornmálunum við Mentaskólann, og til þess eru fjöldamargir færir af þeim, sem nú kenna við þann skóla. Ef það væri gert, þá yrði ef til vill seinna tími kominn til þess, að veita stúdentum framhaldskenslu við Háskólann.

Jóhann Eyjólfsson: Það eru vissar ástæður til þess, að eg stend upp. Eg heyrði nefnilega á nokkrum mönnum eftir að þetta mál var hér til fyrstu umræðu, að þeir vóru hissa á því, að eg sem væri bóndi, skyldi geta verið með þessu frumvarpi. Eg lít nú svo á, að menn af Bændaflokknum þurfi ekki og eigi ekki að hafa neina sérstöðu í slíkum málum. Eg álít, að bæði þeir og reyndar allir þingmenn eigi að hafa það hugfast, að stofna engin óþörf embætti á landssjóðs kostnað. Ef þau miða til þess að efla hagsmuni landsins, þá er um annað að tala, og eins er það, ef um sóma og virðingu þjóðarinnar er að ræða, eins og eg álít að eigi sér stað hér í þessu tilfelli, og ef svo er, þá megum vér ekki láta skammsýni eða smásálarskap ráða gerðum vorum. Eg get nú búist við því, að eg verði spurður, á hvern hátt þetta eigi að miða til þess að halda við eða auka virðingu og sóma þjóðarinnar, að stofna þennan kennarastól. Því vil eg svara með annari spurningu: Hvað hefir hingað til haldið uppi virðingu íslenzku þjóðarinnar? Fyrir hvað eru Íslendingar frægir? Ekki er það fyrir stjórnmál, þau eru ekki í því fyrirmyndar ástandi hér, að útlendar þjóðir sæki hingað þekkingu á þeim. Ekki heldur fyrir fjármál. Þegar horft er eftir miljónum eða auðmæringum, þá er ekki litið til Íslands. Og þrátt fyrir þetta eru Íslendingar þó frægir. Þótt vér séum fáir og fátækir, þá erum vér þó frægir fyrir það, að hafa staðið framarlega meðal þjóðanna í því, að efla sögulega þekkingu og miðla henni í arf til niðja vorrar þjóðar og annara, sem sagt, íslenzka þjóðin er fræg fyrir að hafa staðið framarlega í bókmentalegu tilliti. Og þetta, að stofna þennan kennarastól, er eitt af því, sem vér þurfum til þess að geta haldið áfram að standa eftir sem áður jafnfætis öðrum þjóðum að fróðleik og bókmentaiðkunum. Því að geta lesið þessar gömlu bækur er lykill að svo miklum fróðleik, sem ekki mun hægt að fá annarstaðar og sem vér megum ekki glata, ef vér viljum halda áfram með að halda uppi frægð vorri sem sögu- og bókmenta þjóð. Þegar þjóðin hefir einu sinni komist á þá viðurkenningar-tröppu, sem hún er komin á, þá megum vér ekki láta hrinda henni þaðan aftur.

Vér verðum að hafa það hugfast, að kippa ekki einu laufi úr þeim virðingarsveig, sem þjóðin hefir unnið sér á þessu sviði.

Einar Jónsson: Eg hefi mikið til sömu ástæðu til að biðja um orðið, og háttv. þingmaður nefndi, sem síðast talaði. Eg býst við, að oss bændum verði brugðið um vanþekkingu og grunnhygni í þessu máli. Það er nú eins og allir vita, að eg get ekki talað latínu eða grísku, en eg trúi því samt, að þessi mál sé nauðsynleg fyrir mentamenn.

Mín stefna er nú sú, að fyrst og fremst sé nauðsynlegt að gera sem mest til þess að efla efnahaginn. Þá fyrst, þegar það er fengið, þá er að snúa sér að hinu, sem til metorða og metnaðar heyrir. Það þarf enginn maður mér að

segja, að ekki þurfi fyrst peninga til eflingar framleiðslunni, en hitt getur komið á eftir þar fyrir.

Eg hefi oft verið á móti nýjum embættum, og hefir sú atkvæðagreiðsla mín stuðst við þá skoðun, að eg álít, að þjóðin sé fátæk og hafi eigi efni á slíku fyrst um sinn, þótt það í raun og veru kunni að vera í þörfum tilgangi gert. Þess vegna verð eg líka enn að vera með dagskránni, sem hér liggur fyrir. Að minsta kosti vildi eg óska, að þeir vildi ekki vera á móti fjárveitingunni til Þorlákshafnar, sem ætla sér að vera með þessum kennarastól í klassiskum fræðum. Eg er í engum vafa um það, að vér ættum að byrja á Þorlákshöfn, en láta þetta bíða. Það myndi gefa oss peninga og spara oss mannslíf. En ef það er vilji háttv. deildar, að fella það, sem horfir til aukinnar framleiðslu, en styðja hitt, sem einungis horfir til aukinnar mentunar, þá vil eg óska henni meira samræmis í hugsanagang sinn.

Eg hygg, að það sé ekki vert að láta þetta koma í veg fyrir fyrirtæki eins og mótorbátakví í Þorlákshöfn. Eg set þetta alt í samband við kennarastól í klassiskum fræðum, enda þótt eg sé alls ekki á móti framgangi þess máls, en eg vil ekki láta það ganga fyrir öðru þarfara. Vér verðum að fara varlega í að auka útgjöld landssjóðs. Vér munum það, að háskólinn náði samþykki á sínum tíma með þeim ummælum, að hann þyrfti ekki neitt sérstakt húsnæði, sem ekki væri til annars notað, eða með öðrum orðum, að ekki þyrfti að byggja handa honum sérstakt hús. Og hingað til hefir hann líka hafst við hér í alþingishúsinu, eins og kunnugt er. En þess var þó ekki langt að bíða, eftir að hann var kominn á, að sagt var, að annaðhvort þyrfti að byggja yfir hann nýtt og veglegt hús, ellegar að breyta þinghúsinu.

Þetta er mín afstaða til þessa máls, ekki að eg sé mótfallinn því í sjálfu sér, — eg álít það þvert á móti þarft og nauðsynlegt, — en eg vil ekki láta það ganga fyrir öðru ennþá nauðsynlegra.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Björn Hallsson
Björn Kristjánsson	Einar Jónsson
Einar Arnórsson	Guðm. Eggerz
Hannes Hafstein	Magnús Kristjánss.
Hjörtur Snorrason	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	Sigurður Sigurðsson
Jón Jónsson	Stefán Stefánsson
Jón Magnússon	Þórarinn Benediktss.
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarss.	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Eggert Pálsson fjarverandi.

2. gr. samþ. með 15 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 9 atkv.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 380, 464).

Sigurður Sigurðsson: Út af orðum þeim, sem féllu hér í deildinni við 2. umr. þessa máls, þar sem þess var getið, að bændaflokkurinn mundi hafa samtök um að vera móti þessu máli,

þá skal eg geta þess, að þetta er ekki svo. Bændaflokkurinn er ekki vanur að gera málin að flokksmálum. Hitt er annað mál, að meiri hluti hans er, að því er þetta mál snertir, á einni skoðun um það, að það eigi ekki fram að ganga. En forlög Cartagóborgar eru auðsæ og fyrirfram ákveðin, og þess vegna þýðir ekki að mæla á móti þessu máli. En minna vil eg á það, að stundum þegar verið er að ræða um mestu þarfamál, sem ekki þola neina bið, þá er viðkvæðið þetta, að þeim liggi ekki á, og nógur sé tíminn á næsta þingi að ráða þeim til lykta. Ætli mætti ekki með réttu segja það sama um þetta mál, að því liggi ekkert á. Eg veit ekki til þess, að neitt kalli að með stofnun þessa nýja embættis, og enginn skaði skeður, þó að frestað sé að koma því á fót.

Eg kannast við það, að hér er ekki um sérlega hálaunað embætti að ræða; en hvert hár gerir þó skugga. Og alt af er verið að tala um það, að þingið megi ekki stofna ný embætti. En hvað skeður? Á hverju þingi eru stofnaðar fleiri og færri stöður og embætti, sem öll hafa aukin útgjöld í för með sér, og eru misjafnlega þörf. En hvort sem embættin eru þörf eða óþörf, þá er erfitt að fá þau lögð niður aftur.

Eg benti á það við 2. umr. þessa máls, að ef kunnátta í latínu og grísku væri alveg nauðsynleg, þá mundi hagkvæmara að breyta aftur reglugerð Mentaskólans, þannig, að kenslan í latínu væri aukin og grískukensla tekin upp aftur. Eg hygg að þetta yrði eins notadrjúgt fyrir kunnáttu og þekkingu manna í þessum málum, og þá þyrfti ekki að stofna neitt nýtt embætti.

Það getur rekið að því fyrr eða síðar, að þetta embætti verði stofnað, en því held eg fram, að ekki liggi á að gera það á þessu þingi. Nú er nóg annað við landsins fé að gera. Annars hefir ekki, eins og eg tók fram áður, neina þýðingu að vera að tala um þetta mál, því að það er sýnilega fyrirfram ákveðið að berja það gegnum þingið, hvað sem hver segir. Og það er sama og að berja höfðinu við steininn, að reyna að breyta því áformi. En eg gat þó ekki látið vera að mótmæla frumvarpinu eða stofnun þessa nýja kennarastóls við háskólann, þó að það beri engan árangur.

Eggert Pálsson: Mig stórfurðaði á því þegar þetta mál kom fyrst fyrir þessa háttv. deild, hve góðar undirtektir það fekk. Það var samþykt hér við 2. umr. með 17 : 8 atkv. Mig furðaði því meir á þessu, þar sem á aðra hlið er sífelt verið að tala um það á þingmálafundum, að forðast beri að stofna óþarfa embætti, og á hina hliðina lofa frambjóðendurnir svo að segja hver í kapp við annan, að gera það ekki. Til þess vitanlega að ná hylli og atkvæðum kjósendanna. En jafnskjótt sem fitjað er upp á því hér á alþingi, að stofna eitthvert embætti, þá er sem öll loforð sé að vettugi virt. En af öllum nýjum embættum, sem stofnuð hafa verið á síðari árum, þá tel eg þetta einna óþarfast. Mig mundi að vísu ekki furða svo mjög á því, þótt einstöku þingmenn léti til leiðast að greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt, sem sé þeir, sem lagt hafa sjálfir stund á klassisk fræði. Það er skiljanlegt, að þeir geti gert það af nokkurs konar ræktarsemi til þeirra fræða. En eg skil ekki, hvernig hinir, sem ekkert þekkja til klassiskra fræða, fara að greiða frumv. atkvæði sitt. Eg hefi enn ekki heyrt neina frambærilega ástæðu eða nógu sterka fyrir því, að nauðsynlegt sé að stofna þetta embætti.

Það eru aðallega tvær ástæður, sem

komið hefir verið fram með, en hvorug að mínu áliti nógu sterk eða veigamikil. Önnur ástæðan er sú, að guðfræðisnemum við Háskólann væri alveg ónógt, að kunna svo lítið í grísku, sem nú á sér stað með stúdenta. Það mun hafa verið einn af kennurunum við háskólann í guðfræði, sem fyrstur vakti máls á þessu og það má vera, að einhver fótur sé fyrir þessari ástæðu. En það má vitanlega greiða úr þessum annmarka með miklu minni tilkostnaði, en hér er farið fram á. Það þarf ekki annað, en að gefa þeim nemendum við Mentaskólann, sem ætla að leggja stund á guðfræði, kost á aukakenslu í grísku við sjálfan Mentaskólann, með því að veita til slíkrar aukakenslu ofurlítinn styrk í fjárlögunum, svo sem 2—3 hundruð kr. Þar með væri alt fengið, hvað þetta atriði snertir.

Hin ástæðan er sú, að innan skamms muni reka að því, að kennara vanti til að kenna klassisk fræði við Mentaskólann. En þessu er engin ástæða til að kvíða enn sem komið er. Það eru fleiri en einn og fleiri en tveir af kennurum Mentaskólans, sem vel geta kent þau fræði viðunandi, og auk þess munu vera til menn í Hafnarháskóla, sem leggja stund á þessi fræði og geta tekið við, þá er kennarar mentaskólans, sem nú eru í þessum fræðum, falla frá. Þessi ástæða er því ekki heldur frambærileg. Hvorug af þessum ástæðum er því nógu sterk til að sannfæra mig um, að nauðsyn sé á að stofna þetta embætti, og því síður nú á aukaþinginu, þegar verið er að gefa í skyn, að menn vilji forðast öll aukin útgjöld.

Í þessu máli ber ennfremur að líta á það, hvort nokkur sá maður sé til hér á landi, sem fær sé um að kenna þessi fræði við háskóla vorn, svo meira sé en nafnið tómt. Mér er sagt það eftir merkum manni, sem er álitinn einhver færasti maður í þeim fræðum hér á landi, að hann teldi sig sjálfan tæplega færan um að setjast í það sæti. Það er prófessor Björn M. Ólsen. Ef hann þykist ekki fær um það, þá má nærri geta, hvort aðrir sé það fremur.

Ef Háskólinn á á annað borð að hafa kennarastól í þessum fræðum, þá þarf líka að vera til maður, sem fylt geti út í sætið, því að ekki er alt fengið með nafninu einu. Sætið þarf að vera svo vel skipað, að orðstír fari af, því að ella mun ásannast gamla máltækið, að betra er autt rúm en illa skipað.

Svo er enn á það að líta, að ef stofnaður er nýr kennarastóll, eða ef til vill margir fleiri kennarastólar við háskólann, þá þarf sýnilega að byggja nýtt hús handa honum. Með því lagi getur hann aldrei rúmast til lengdar í þessu húsi. Og má þá segja, að allmikinn dilk dragi þessi embættisstofnun á eftir sér, ef að því ræki máske á næsta þingi, að byggja þyrfti nýtt og vandað skrauthýsi til þess að koma þessum og öðrum kennarastólum háskólans fyrir í.

Það mun að vísu ekki hafa mikið að segja að mæla á móti þessu frumvarpi. Háttv. þm. munu vera einráðnir í að láta það ná fram að ganga. En eg vildi þó taka þetta fram, til þess að það sjáist svart á hvítu, að þessari óþörfu embættisstofnun hafi verið alvarlega mótmælt hér á þingi. Eg vil einnig leyfa mér að biðja um að haft sé nafnakall við atkvæðagreiðsluna, svo það sjáist greinilega, hverir það eru, sem vilja standa við orð sín um það, að fjölga ekki óþarfa embættum, og hverir ekki.

Björn Hallsson: Ástæðan til þess, að eg tók ekki til máls við 2. umr., var sú, að eg vildi afla mér frekari upplýsinga um þetta mál, en þá lágu fyrir. Og skal eg nú leyfa mér að skýra frá þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið,

og afstöðu mína til málsins, þótt eg sýndi hana við síðustu atkvæðagreiðslu, með því hvernig eg greiddi atkvæði.

Mig furðaði á því, eins og háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), hvað þetta mál fékk góðar undirtektir hér í deildinni, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að á flestum þingmálafundum út um land er mælt á móti því að fjölga embættum og embættismönnum, og að þjóðin í heild sinni er mótfallin fjölgun þeirra. Það er að vísu satt, að þessi þjóðarvilji er brotinn þing eftir þing. Vér höfum nú þegar afgreitt frá þessari hv. deild eitt embættið, þar sem var eftirlitsstaðan með sparisjóðunum, og nú kemur þetta frumv. frá háttv. Ed. Mér finst þetta ekki í samræmi við óskir þjóðarinnar og svona má þetta ekki lengur ganga. Ekki er það heldur í samræmi við sparnaðarhugmyndina, sem margir sem með þessu frumvarpi mæla, telja sér svo kæra. Mér þykir undarlegt þegar menn breytast svona á þingi, þegar menn eru sparnaðarmenn út um land, en bregðast þegar á hólminn kemur, á þingbekkjunum.

Eg álít, að embætti þetta sé gersamlega óþarft. Allir muna eftir því þjarki, sem varð um það, hvort afnema bæri latínu og grískukenslu úr mentaskólanum. Eg man vel eftir óánægju þeirri, sem orðin var með það fyrirkomulag sem þá var, og sem leiddi til þess, að latínukenslan var takmörkuð, en grískukenslan afnumin. Síðan hefi eg ekki orðið var við neina óánægju með kenslufyrirkomulagið, nema hjá guðfræðingunum. Þeir telja, að það sé nauðsynlegt að læra grísku til þess að geta lesið Nýja-Testamentið á frummálinu. En samt er eg ekki sannfærður um, að nauðsynlegt sé að stofna þetta embætti við Háskólann, því að það munu ekki verða mjög margir menn á ári, sem leggja stund á guðfræði. Aðsóknin mundi að minsta kosti verða mjög lítil, svo að líklega yrði kennarinn að tala þessi dauðu mál fyrir tómum bekkjum að mestu leyti.

Eg get miklu fremur fallist á þá tillögu, að taka grískukensluna upp aftur í latínuskólunum með tímakenslu. Það ætti ekki að vera verulega kostnaðarsamt, ekki meira en svo sem 300—400 kr. á ári. Í það álít eg að ekki væri horfandi, ef það gæti orðið til þess að friða menn og gera guðfræðingana ánægða. Eg álít líka að heppilegra sé að kenna grískuna í Mentaskólanum heldur en í Háskólanum. Það þarf ekki að kenna hana í öllum bekkjunum, heldur aðeins í einum eða tveimur þeim efstu.

Eg hefi átt tal við marga menn, sem lagt hafa stund á klassisk fræði, og hafa þeir látið í ljós við mig, að þeir hafi lítið gagn haft af þeim í lífinu, það er a. s. þegar þeir hafa farið í embætti út um land. Hitt er auðvitað, að þau koma vísindamönnunum að gagni. Það er eins um klassisku málin og önnur mál, að þegar menn hætta að iðka þau, þá stirðna menn í þeim og gleyma þeim.

Eg gat um það áðan, að eg hefði afiað mér upplýsinga um þetta mál. Eg fór til prófessoranna Björns M. Ólsen og síra Haraldar Níelssonar, af því að eg áleit, að þeir hefði mesta þekkingu og reynslu í þessum efnum, og að í engan stað væri hægt að fara þar sem hægt væri að fá betri eða áreiðanlegri upplýsingar. Skal eg nú, með leyfi forseta, lesa upp bréf, sem prof. B. M. Ólsen hefir skrifað mér út af fyrirspurnum, sem eg lagði fyrir hann:

»Reykjavík, 9. ágúst 1914.

Herra alþm. Björn Hallsson!

Þér hafið lagt fyrir mig eftirfarandi spurningar:

1. Teljið þér það nauðsynlega ráð-

stöfun að stofna nú þegar á þessu aukaþingi kennaraembætti við háskólann í klassiskum fræðum?

2. Væri ekki nægilegt, að gefinn væri kostur á slíkri kenslu við hinn almenna mentaskóla, þeim sem þess óskuðu?

Svar mitt verður á þessa leið:

Við 1. spurningu:

Í sjálfu sér álít eg það æskilegt, að vísindaleg kensla í klassiskum fræðum sé sett á stofn við Háskóla Íslands. Hann ber ekki nafn með rentu, fyrr en hann er svo úr garði gjörður að kenslukröftum, að hann veitti tilsögn í sem flestum, helzt öllum greinum mannlegrar þekkingar. Og klassisk fræði eru óneitanlega mjög merkilegur þáttur í vísindum nútímans. Hins vegar verður að líta á það, að vér Íslendingar eigum ekki nú sem stendur völ á neinum hæfum innlendum manni í slíka stöðu. Ef vér því nú viljum setja á stofn kenslustól í klassiskum fræðum við háskólann, álít eg nauðsynlegt að gjöra hann svo úr garði, að í stöðuna fáist hæfur maður útlendur. Að setja á stofn dósentsembætti í þessari grein, með tiltölulega lágum launum, virðist mér vera alveg tilgangslaust. Því að um það mundi enginn hæfur maður sækja, og óhæfur maður í slíkri stöðu myndi ekki verða nein prýði fyrir Háskólann. Sé mönnum alvara að koma á fót vísindalegri kenslu í klassiskum fræðum við Háskólann, sem eg tel æskilegt, þá er að minni hyggju nauðsynlegt að stofna í því skyni prófessorsembætti með háum byrjunarlaunum, varla lægri en 4 þús. kr. Sjái menn sér það ekki fært, álít eg hyggilegra að fresta máli þessu að sinni, enda efast eg um, að vísindaleg kensla í klassiskum fræðum myndi nú sem stendur draga að sér marga nemendur.

Við 2. spurningu:

Nú, þegar grískukensla er afnumin við Mentaskólann, er það lífsnauðsyn fyrir guðfræðisdeildina, að nemendur hennar eigi kost á kenslu í undirstöðuatriðum grískrar tungu, til þess að þeir geti lesið Nýja testamentið á frummálinu, en slík kensla í undirstöðuatriðum á að minni hyggju miklu fremur heima við Mentaskólann en við háskólann. Ef sett væri á stofn kjörfrjáls (fakultativ) kensla í þessum undirstöðuatriðum við Mentaskólann, fyrir einn eða tvo hina efstu bekki hans, og guðfræðisnemendum Háskólans leyft að taka þátt í henni, þá væri, að minsta kosti í bráðina, bætt úr hinni brýnustu þörf guðfr.-deildarinnar, enda hefir annar af prófessorum guðfræðisdeildarinnar látið það í ljós í áheyrn minni, að þetta mætti nægja í svipinn.

Virðingarfylst.

Björn M. Ólsen«.

Þetta var hans svar, og eg álít ekki þýðingarlaust, hvernig hann lítur á þetta mál.

Eins og eg gat um, talaði eg við prófessorinn í guðfræði, Harald Níelsson, og sagði hann, að sér væri sama, hvort gríska væri kend í Mentaskólanum eða við Háskólann. Aðeins lagði hann áherzluna á það, að guðfræðisnemar ætti kost á grískunámi, annaðhvort við Háskólann eða Mentaskólann, til þess þeir gæti lesið Nýja testamentið á frummálinu, og studdist í því efni við reynslu sína sem guðfræðiskennari og nemandi. Hann áleit það eðlilegra, að hún væri kend við Mentaskólann, þar sem kenslan ætti aðallega að vera byrjunarliður til að komast niður í málinu, en það tefði fyrir guðfræðisnáminu að byrja

ekki á grísku fyrr en við Háskólann. Eg þykist nú hafa sýnt, að embætti þetta sé algerlega óþarft, og að bæta megi úr þeim annmörkum, sem hér þykja á, með því að stofna til tímakenslu í grísku við Mentaskólann, sem mönnum er frjálst að taka þátt í. Það mundi reynast stórum ódýrara en að stofna embættið.

Eg vil ekki rýra gildi Háskólans í neinu, síður en svo, það væri gagnstætt hagsmunum þjóðarinnar, en af því að eg álít þetta embætti óþarft tildursembætti, þá getur það ekki að neinu leyti aukið gildi hans. Eg get ekki tekið undir með þeim, sem telja háttv. deild hafa tekið fasta afstöðu í málinu, og að ekki sé til neins að rökræða málið nú. Eg tel engan bundinn við atkvæði, ef nýjar og gagnlegar upplýsingar koma fram, eins og eg verð að álíta, að eg hafi komið með nú.

Vona eg nú, að háttv. þm. átti sig betur á málinu að fengnum þessum upplýsingum, og tel eg heppilegast að afgreiða það með rökstuddri dagskrá, sem eg skal leyfa mér að lesa upp:

Vegna þess, að mikil líkindi eru til, að óþarft sé að stofna nýtt kennaraembætti við Háskóla Islands í klassiskum fræðum, en bæði hentugra og ódýrara að auka þá kenslu við hinn almenna mentaskóla fyrir þá, sem þess óska, lítur deildin svo á, að rétt sé að fresta málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Eg skal ekki fara mörgum orðum um ræður þessara þriggja háttv. þm., sem talað hafa á móti frv. Þeir berja því allir við, að embættið sé óþarft. En að það sé ekki óþarft, um það skal eg leyfa mér að vísa til álits háskólaráðsins. Satt að segja blöskrar mér það, að maður, eins og háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) treystir sér til að dæma um þetta atriði. Og í raun réttri getur hann ekki stutt þetta álit sitt við þetta bréf próf. Ólsens, heldur þvert á móti.

Um álit B. M. Ólsens veit eg ekki, hvað eg á að segja. Mér kemur það dálítið undarlega fyrir og finst, að þar höggvi sá, er hlífa skyldi. Mér kemur þetta álit hans því undarlegar fyrir sjónir, þar sem tillaga sú, sem samþ. var af háskólaráðinu og nú er tekin upp í 1. gr. frv., var einmitt orðuð af honum á fundi í háskólaráðinu. *(Guðm. Hannesson:* Það held eg ekki). Jú, mér er kunnugt um það, því að eg var á fundinum, sem háskólaráðið hélt, þegar því hafði verið sent málið til umsagnar, og eg er sjálfur skrifari í háskólaráðinu.

Eg verð ennfremur að taka það fram, að með allri virðingu fyrir próf. Birni Ólsen, tel eg hans dóm eða álit engan hæstaréttardóm í máli þessu. Eg tel hann engu bærari til að dæma um þetta mál en rektor Mentaskólans, Geir Zoëga, sem líka er klassiskur málfræðingur. Hefir hann ritað undir áskorunina til þingsins um að koma kenslu þeirri á fót, sem hér er ætlast til. Og óviðfeldið er það í meira lagi, að próf. Ólsen lýsir yfir því í skjali, sem hann væntanlega veit, að lagt yrði hér fram, að enginn Íslendingur sé fær um að takast kensluna á hendur. Hvað ætli verði *síðar*, ef allir hérlendir menn eru *nú* óhæfir til þess?

Menn hafa sagt, að betra mundi að koma þessari kenslu fyrir í Mentaskólanum, og þeir gera sér glæsilegar vonir um, að það muni verða mjög ódýrt, ekki nema svo sem 300—400 kr. að því er einhver sagði. Eg held það sé mesti misskilningur. Eg held að það mundi reynast miklu dýrara, því að menn verða að gá að því, að tímakensla við mentaskólann er þó goldin með kr. 1.50 um klukkutímann. Auk þess veit eg ekki betur, en sífelt þurfi að bæta við kenslukröftum við Mentaskólann, vegna þess að tvískifta þarf sumum bekkjunum, sakir hinnar miklu aðsóknar. Kennarar hans munu því ekki geta bætt á sig neinum tímum.

Þá er það látið klingja við, eins og

líka kemur fram og áður er að vikið, í bréfi próf. Ólsens, að ekki sé til neinn hæfur maður í stöðuna, en það er ekki annað en gamla mótbáran frá 1909 og 1911, þegar Háskólinn var stofnaður. Þá átti enginn hæfur maður að vera til í nein kennaraembættin við Háskólann. Það er ekki mitt að dæma um það, hvort kennarar Háskólans hafa reynst starfanum vaxnir, en það held eg að mér sé óhætt að segja, að engir þeirra hafi orðið sér til stórskammar í stöðu sinni. Það er víst, að mennirnir skapa stundum tækifærin, en hitt er eins víst, að tækifærin skapa mennina, og svo held eg að mundi fara um þetta.

Annars er það ekki þingsins að dæma um það, hvort til sé hæfilegur maður í stöðuna, heldur stjórnarinnar. Vér verðum að treysta því, að hún fari vel að ráði sínu í þessu efni. Finni hún engan hæfan mann í stöðuna, þá skipar hún auðvitað ekki í embættið. Þarf því ekki að fjölyrða um þennan Ramagrát þingmanna.

Það hefir verið bent á það, að eðlilegra væri að kenna þessi mál í Mentaskólunum, helzt af því, að það sæmdi ekki að vera að kenna undirstöðuatriðin í þessum greinum við Háskólann. Þetta er þó gert við háskólana í Khöfn og Kristjaníu. Þar er byrjunar námsskeið í grísku og fleiri málum t. d. austurlandamálum. Svona er það og í ótalmörgum greinum í öllum háskólum út um heim.

Mér eru líka kunnugar skoðanir Haraldar prófessors Níelssonar á þessu máli. Hann hefir sagt mér, að ógerlegt væri að kenna guðfræði svo að við sé hlítandi, þeim mönnum, sem eigi kynni grísku. Hvað hann kann að hafa sagt við háttv. 1. þingm. N.-Múl. (B. H.) veit eg ekki um. En mér er þó sagt nú, að háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) hafi líka í fórum sínum skriflegt álit þessa manns um málið. Hví hefir hann ekki svo mikið við það sem álit hins prófessorsins, Bjarnar Ólsens, að lesa það hér upp? Eða er það máli hans eigi til jafnmikils stuðnings og hitt álitið?

Einhver háttv. þingmaður sagði, að aðsóknin mundi verða lítil við háskóla vorn til að nema þessar greinir. Það er bæði satt og ósatt. Miðað við stórþjóðirnar og háskóla þeirra, er aðsóknin auðvitað lítil, vegna þess hve fáir vér erum.

Sami háttv. þingmaður sagði og, að mönnum yrði þetta nám að litlu eða engu gagni, þegar út í lífið kæmi. Ef ætti að leggja þennan mælikvarða — hve mikið gagn menn beinlínis hefði — á þær kenslugreinir, sem menn nema á skólaárum sínum, þá leiddi það í raun réttri til þeirrar ályktunar, að sleppa mætti flestum kenslugreinunum í mentaskólanum, því að ekki verður ábendanlegt gagn af helmingnum af því, sem menn læra þar — eða ætti að læra þar samkvæmt reglugerð skólans. Það fer alt eftir því, hvaða sérfræðigrein menn leggja stund á síðar. Eg hygg t. d. að fæstir hafi í daglegu lífi ábendanlegt gagn af allri þeirri stærðfræði, sem kend er í mentaskólanum. En ef nokkur grein er bráðnauðsynleg til þess að þroska hugsun manna og kenna þeim að læra og fá nauðsynlega seglfestu á hugsunum sínum, þá er það einmitt stærðfræði. Og alveg það sama er um gömlu málin að segja.

Prófessor Haraldur Níelsson hefir bent á það, að Norðmenn hafa stofnað sérstakt embætti í þessum greinum við háskóla sinn — aðallega ætlað guðfræðingum til undirbúnings. Og það sem Norðmenn láta sér nægja með, þurfum vér ekki að skammast oss fyrir. Eg er alveg sömu skoðunar í þessu máli og

áður og vil eindregið mæla á móti því, að þessi rökstudda dagskrá, sem háttv. 1. þingmaður N.-Múl. (B. H.) bar fram. verði samþykt. Og eg get ekki trúað því, að þeir menn, sem áður hafa greitt þessu máli atkvæði, gangi í þessa dagskrárgildru.

Guðmundur Hannesson: Eg ætla að eins að leiðrétta dálítið rangherni hjá háttv. 2. þingmanni Árn. (E. A.). Hann virtist gefa það í skyn, að prófessor Björn Ólsen hefði haldið öðru fram á fundi háskólaráðsins í vor, en háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) skýrði frá. *(Einar Arnórsson:* Eg sagði, að hann hefði orðað tillöguna). Eg man eftir því, að hann tók einhvern þátt í orðalaginu, en *hélt þar fram alveg sömu skoðun* og háttv. 1. þingm. N.-Múl. (B. H.) hefir skýrt frá.

Sigurður Sigurðsson: Það getur alt verið mikið rétt, sem háttv. samþingismaður minn (E. A.) hefir sagt — svo langt sem það nær. En eitt stendur óhaggað: að það kallar ekkert að að stofna þetta embætti nú á þessu aukaþingi. Það hefir engin rödd látið það á sér heyra utanþings, að það væri nauðsynlegt. Og eg vil slá því föstu, að stofnun þessa embættis er ótímabær og á að sjálfsögðu að bíða um sinn.

Björn Hallsson: Það er ekki mikið, sem þarf að svara. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir ekki haft mikið að færa á móti því, sem eg sagði, enda hefir hann ekki góðan málstað. Eg sagði áðan, að aukakennari í þessum greinum við mentaskólann mundi ekki kosta meira en 3—400 kr. á ári, og stend við það ennþá. Eg bygði það á því, að eg hugsaði mér 8 mánaða nám og hélt að nægja mundi 10 stundir á viku til grískukenslu. Það verða 32 vikur, 1 kr. um tímann, eða 320 kr. alls. Og þótt stundakenslan kostaði kr. 1.50 pr. tíma, þá yrði það ekki nema c. 500 kr., og er þá augljóst, að sparast 2000 kr. á ári að minsta kosti, ef þetta þýðingarlausa embætti er stofnað. Eg get því ekki kannast við, að áætlun mín hafi verið fjarri sanni.

Hann (E. A.) sagði, að eg hefði barið þá bumbu, sem titt væri hér á landi, að ekki fengist hæfur maður til þessa starfa. Eg rengi það ekki, að fá megi hæfan mann til slíkrar kenslu við mentaskólann. Eg er t. d. sannfærður um, að rektor gæti tekið þá kenslu að sér. En hitt tók eg fram og hafði þar ekki fyrir mér lakari mann en prófessor B. M. Ólsen, að til háskólakenslu eða vísindalegrar kenslu í þessum greinum skorti oss hæfan mann. Enda virðist engin brýn nauðsyn bera til þess. Eg hygg, að fáir mundu stunda það nám hér, og til grískuþekkingar þeirrar, er nauðsynleg er guðfræðisnemendum, hygg eg að kensla í mentaskólanum sé nægileg.

Það mun vera rétt, að Norðmenn hafi tekið upp háskólakenslu í þessum greinum. En eg sé ekki, að það sé svo sjálfsagt fyrir oss að gera það, þótt Norðmenn hafi tekið þessa aðferð við forntungunámið. Það er ekki alt af, sem alt á heima hjá oss, þótt það tíðkist með erlendum þjóðum.

Skúli Thoroddsen: Það er einatt mjög mikilsvert að gera sér far um að afla sér sem beztrar þekkingar á hvaða máli sem er, en á hinn bóginn finst mér það þó harla óviðfeldið, að heyra því slegið hér föstu, að Björn Ólsen háskólakennari sé eini maðurinn, er vit hafi á máli því, er hér um ræðir, og það í svo afar ríkum mæli, að sjálfsagt sé, að allir verði alorðalaust að beygja sig fyrir því.

Eg fæ ekki séð, að vér, sem menta- og háskólaveginn höfum gengið, höfum neina ástæðu til þess að byggja meira á hans skoðun en á vorri eigin. Vér vitum það vel, að vér erum honum alveg jafnfærir til að kveða upp dóm um það, hvort vér teljum forntungnanámið hafa haft mentandi áhrif á oss, og teljum því nauðsynlegt, að aðrir eigi kost á því, að geta og aflað sér samskonar þekkingar.

Til skamms tíma var, sem kunnugt er, litið svo á, bæði hér á landi og annstaðar, að því er »gömlu málin« snertir, sem enginn geti talist mentaður maður, ef hann gæti ekki notað sér fjársjóðina, sem fólgnir eru í ritum, sem á téðum forntungum eru skráð. Engu að síður hefir þeim þó nýskeð verið útrýmt — grísku að öllu og latínunni að mestu — úr »almenna mentaskólanum«, en þó að rétt hafi verið talið, að nýju málin væri látin sitja þar í fyrirrúmi, þá leiðir ekki þar af, að vel fari á því, að kenna ekki fornmálin við háskólann.

Eg er hræddur um, að aldrei verði litið nema smáum augum á háskóla vorn, meðan vér höfum þar ekki kennarastól í þessum fræðigreinum. En fyrst vér á annað borð höfum stofnað íslenzkan háskóla, þá verðum vér og að taka afleiðingarnar, þ. e. gera hann svo úr garði, að við hann sé kent það, sem nauðsynlegast þykir að kent sé við alla aðra háskóla — jafnvel þótt vér getum ekki þegar gert hann að öllu öðru leyti eins vel úr garði, eins og oss auðugri þjóðirnar.

Mér finst og að því er frumv. þetta snertir, — frumv., er samþykt hefir verið í Ed. og hér við 2 umræður — að það stappi fífldirfsku næst, að láta sér detta í hug, að deildin fari nú að fella það, beint ofan í fyrri atkvæðagreiðslurnar um málið.

Út af orðum háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), er í þá átt fóru, að hér »lægi ekkert á«, þá eru það orð, sem heyrast ekki sjaldan hjá honum þegar um eitthvað það ræðir, sem ekki er í ask Flóamanna ætlað. Ef hann setti sig í spor þeirra manna, sem sárt finna til þess, að geta ekki átt kost þeirrar fræðslu, sem hér um ræðir, þá mundi hann þó að líkindum líta nokkuð öðru vísi á málið.

Einar Jónsson: Eg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að gott væri að fá sem beztar upplýsingar í þessu máli, en sagði að þær fengist ekki betri hjá prófessor B. M. Ólsen en hverjum öðrum. Í þessu atriði er eg honum ósamþykkur, því að hann er maður, sem varið hefir lífi sínu og starfi í rannsókn þessara greina og þar að auki samvizkusamur og vandaður maður. Mér virðist því, að hans dóm verði að meta meira en nokkurs annars manns hér á landi.

Mér virðist það alveg óþarft að vera að stofna sérstakt kennaraembætti í þessum dauðu málum, sem ekki eru líkindi til að margir leggi stund á. Því er nú svo varið, að vér eigum kennara við háskóla vorn, sem engan nemandann hafa, og eg kalla það að bera í bakkafullan lækinn, ef vér eigum nú að fara að bæta einum slíkum kennara við.

Annars ætla eg ekki að fara að endurtaka það, sem áður hefir verið sagt — það er ekki vandi minn. Eg mun greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi og álít það vel forsvaranlegt núna. Eg fullyrði ekkert um það, að þetta geti ekki verið nauðsynlegt, en það er ekki svo nauðsynlegt, að margt annað eigi ekki að sitja í fyrirrúmi.

Ráðherra (S. E.): Mér skilst, að andróðurinn gegn frumvarpi þessu stafi eingöngu af fjárhagslegum ástæðum. En eg er í nokkrum vafa um, þegar á alt er litið, hvort hér stefnir í fjáraustursáttina. Mín skoðun er sú, að grísku- og latínukensla sé nauðsynleg á vísindastofnun eins og háskóla vorum og hún auki veg hans. Og eg fæ ekki betur séð, en að oss sé nauðsynlegt að halda háskóla vorum á lofti meira en gert hefir verið. Fæ ekki annað séð, en þá verði hann meira sóttur. En við það sparast fé það, sem fer forgörðum í utanförum manna, sem tekið gæti próf sín hér. En hvað mikið er það fé? Eg mun greiða frumvarpinu atkvæði mitt.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá á þskj. 464 feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Bjarni Jónsson
Björn Hallsson	Björn Kristjánsson
Einar Jónsson	Einar Arnórsson
Guðmundur Eggerz	Hannes Hafstein
Matthías Ólafsson	Jóhann Eyjólfsson
Sigurður Sigurðsson	Jón Jónsson
Stefán Stefánsson	Jón Magnússon
Þórarinn Benediktss.	Sigurður Eggerz
Sigurður Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Hjörtur Snorrason og Pétur Jónsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hlutans. Einn þm. fjarstaddur.

Frumv. í heild sinni samþ. með 15 : 9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Hannesson
Björn Kristjánsson	Björn Hallsson
Einar Arnórsson	Einar Jónsson
Hannes Hafstein	Guðmundur Eggerz
Hjörtur Snorrason	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	Sigurður Sigurðsson
Jón Jónsson	Stefán Stefánsson
Jón Magnússon	Þórarinn Benediktss.
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkvæði og var talinn til meiri hluta. Einn þm. fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

B.

Frumvörp, feld af alþingi, eða vísað til stjórnarinnar.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Fjáraukalagafrumvarp.

Á 1. fundi Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1913 og 1914. (A. bls. 99).

Á 2. fundi Nd., föstudaginn 3. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra (H. H.): Ástæðan til þess, að stjórnin hefir þótzt neydd til að koma fram með frumvarp þetta, er aðallega sú, að svo er ákveðið í samningi hennar við Bergenska gufuskipafélagið, að félaginu er því aðeins skylt að láta skip sín koma við á höfnum við Húnaflóa þegar dimma fer nótt, að vitalýsing sé þar nægileg. Eins og menn vita, þurfa skipin að flýta ferðum sínum, svo að þau hafa ekki tíma til að híða af sér allar nætur. Vitafræðingur hefir athugað og gert áætlun um kostnaðinn, og hefi eg síðan heyrt, að ef til vill þurfi nokkru meira fé, en áætlað var (13,600 kr.). Með því að hér er um nauðsynjamál að ræða fyrir stórt hérað, hafði eg von um að háttv. þing myndi taka vel í þetta, svo að vitinn yrði reistur þegar í sumar, enda hafa þegar verið gerðar nokkrar ráðstafanir til þess, viðvíkjandi efni o. fl. Og úr því fjáraukalagafrumvarp var lagt fram á annað borð, þótti stjórninni rétt að bæta hér við tillögu um nokkrar aðrar fjárveitingar, sem sjá má í frumv. og vísa eg til hinna prentuðu athugasemda við frumvarpið þar að lútandi.

En til þess að gera nokkra grein fyrir því, að fjárhagsins vegna ætti ekki að þurfa að fresta nauðsynlegum fjárveitingum til næsta þings, vil eg leyfa mér að gefa stutt yfirlit yfir það, hvernig síðastliðnu fjárhagstímabili reiddi af. Að vísu er ekki búið að ganga frá landsreikningnum fyrir árið 1913, en eg hefi hér þó fyrir mér yfirlit frá fjármálaskrifstofunni, sem byggja má á í öllu verulegu.

Yfirleitt má segja að miklu betur hafi rætzt úr, en á horfðist. Eins og menn muna, var gert ráð fyrir miklum tekjuhalla á fjárhagstímabilinu 1912—1913. Tekjurnar vóru áætlaðar 2,887,400 kr., en gjöldin 3,333,567 kr. 34 aura, og tekjuhallinn þá nær hálf miljón króna, eða 446,167 kr. 34 aurar. En nú hefir farið svo, að tekjurnar urðu, bæði árin samtals 4,398,592 kr., þ. e. 1,511,192 kr. — eða nær hálfri annari milj. kr. hærri, en við var búist. Að vísu fóru gjöldin 732,061 kr. fram úr áætlun fjárlaganna, en þegar það er dregið frá tekjuaukanum, verða samt eftir 779,131 kr., og sé hinn áætlaði tekjuhalli dreginn frá því, þá verða þó enn eftir kr. 332,964, sem er hreinn tekjuafgangur, og ætti því að vera óhætt að veita

það sem farið er fram á í þessu frumvarpi.

Þessar miklu tekjur umfram áætlun stafa nær eingöngu af því, að skatttekjurnar hafa reynst meiri en við var búist. Þær tekjur hafa farið nær 1,400,000 kr. fram úr áætlun á fjárhagstímabilinu. Þannig hefir kaffi- og sykurtollur farið fullar 220.000 kr. fram úr áætlun, símatekjur sömuleiðis um 140.000 kr., áfengistollur um 137.000 kr., pósttekjur yfir 120.000 kr., tóbakstollur um nær 110.000 kr., vitagjaldið undir 60.000 kr., og aukatekjur um liðug 40.000 krónur. o. s. frv. — Flest alt hefir farið meira eða minna fram úr áætlun. En af því fé, sem út hefir verið borgað umfram það, er veitt er á fjárlögunum ber fyrst að nefna það, sem greitt hefir verið samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum, hátt á 3. hundrað þúsunda, rentur og afborganir af lánum, sem ekki er tilfært til gjalda í fjárlögunum, yfir 200 þúsundir, alþingiskostnaður yfir 60 þúsundir, til kaupa á bæjarsíma Reykjavíkur, sem lánsheimild er fyrir, yfir 70 þúsundir kr. o. s. frv. Sé lánsheimildin til Reykjavíkursímans notuð, verður tekjuafgangur þeim mun meiri.

Þetta læt eg nægja til þess að sýna, að fjárhagsins vegna þarf ekki að vísa þessu frumvarpi á bug, né kveinka sér við að flýta þeim gjöldum um eitt ár, er það fer fram á.

Sigurður Sigurðsson: Eg er nú svo undarlega innrættur, að eg hefði helzt kosið, að ekki hefði verið lögð nein fjáraukalög fyrir þetta aukaþing. Eg lít svo á, að meðan ekki er háð reglulegt fjárlagaþing á hverju ári, þá sé það hál braut, að flytja fjáraukalög á aukaþingum.

Síðan 1874 hafa verið haldin 4 aukaþing og þetta það 5., sem nú er að byrja, og að eins á einu þeirra hafa verið samþykt fjáraukalög, árið 1902, en hinum ekki. Og eg hefði kunnað bezt við það, að engin fjáraukalög hefði verið lögð fyrir þingið í þetta sinn, eða afgreidd frá því.

Því er sem sé svo farið, að sé fjáraukalög einu sinni komin inn í þingið, þá er þess skamt að bíða, að utan um þau hlaðist breytingatillögur um aukin fjárframlög til eins og annars.

Eg heyrði áðan lesið, að nú þegar væri lögð fram á lestrarsal beiðni frá einum opinberum starfsmanni um launahækkun, og þar munu fleiri á eftir fara. Eg geng út frá því sem öldungis vísu, að ef þingið fer að fást við fjármál á annað borð, þá muni rigna niður breytingatillögum við frumvarpið, sem eingöngu miða að því að auka fjárgreiðslurnar.

Á þessu eina aukaþingi, sem afgreitt hefir fjáraukalög, þinginu 1902, var í frumvarpi stjórnarinnar gert ráð fyrir, að upphæð greiðslnanna yrði kr. 46.130,-21, en svo fór, að þegar frumvarpið fór út úr þinginu, þá var upphæðin orðin kr. 80.411,77. Með öðrum orðum: hún hafði hækkað um tæpan helming. Aðalástæðan til þess, að það frumv. kom fram, var Lagarfljótsbrúin, sem þá lá á að fullgera, og var þar um 43 þúsund kr. fjáraukningu að ræða.

Nú get eg ekki séð í þetta sinn að neitt kalli að, er sé svo nauðsynlegt og sjálfsagt, að til þessarra ráða þurfi að grípa.

Hæstvirtur ráðherra (H. H.) sagði, að út af samningnum við Bergenska gufuskipafélagið væri það skylda að reisa þennan vita á Grímsey í Steingrímsfirði, sem ræðir um í frumvarpinu. Hann á að kosta 14.100 krónur. Það er auðvitað nokkur upphæð og vafasamt, hvort stjórnin þykist sjá sér fært að greiða hana án fjáraukalaga. En benda vil eg á það, að oft hefir það komið fyrir

— þótt reyndar hafi ekki verið um svo stórar fjárhæðir að ræða, að stjórnin hefir gripið til þess ráðs, að verja fé án heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum, og það til miklu ónauðsynlegri útgjalda en hér er um að ræða. Það er líka til annar vegur. Það ætti að mega heimila stjórninni þetta með þingsályktunartillögu. Eg skal ekkert fullyrða um það, hvort það er lögum samkvæmt eða formlegt, en líklegt þætti mér, að það mætti nægja.

Einn póstur er það í þessu frumvarpi, sem sérstaklega snertir mitt kjördæmi, Árnessýslu, og gæti eg hugsað, að einmitt þess vegna kynni sumum að þykja það eitthvað kyndugt, að eg skuli leggjast á móti frumvarpinu. Eg á hér við fjárveitinguna til undirbúnings og rannsóknar á járnbrautarstæðinu austur. En eg get upplýst það, að eg tala hér að vilja kjósenda minna. Þeim er þetta ekki það kappsmál, að þeir kæri sig um að fá samþykt fjáraukalög þess vegna. Þeir þykjast vel geta beðið eitt ár, og þeir hafa samþykt svofelda tillögu þessu viðvíkjandi, sem eg hér með skal leyfa mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

»Fundurinn telur undirbúning járnbrautarmálsins nauðsynlegan og aðkallandi, en vill þó heldur fresta þeim undirbúningi, heldur en að fjáraukalög gangi í gegnum þingið«.

Eg þykist því vera í mínum fulla rétti gagnvart þessari fjárveitingu, þótt eg sé á móti þessu frumvarpi í heild sinni. En eg endurtek það, að aðalástæðan til þess, að eg er því andvígur, er sú, að eg óttast að fram muni koma við það breytingatillögur, er hækki upphæð þess, sem ekki er nema 34.800 kr. — hækki hana að minsta kosti tiltölulega engu minna en átti sér stað 1902, þegar hún óx alt að helmingi, og að í þeim hóp geti slæðst með ýmsar fjárgreiðslur, sem ekki eru nauðsynlegar. Og hins vegar virðist mér að þessar greiðslur, sem hér er um að ræða, muni þola að bíða í eitt ár, eins og eg þegar hefi tekið fram, og að Grímseyjarvitanum megi bjarga á annan hátt og einfaldari.

Mér finst árferði og kringumstæður manna nú ekki leyfa aukin gjöld fyrir landssjóð og auk þess ætti þingið að gera sér það að reglu, að auka ekki gjöld landsmanna umfram það, sem þörf er á.

Skúli Thoroddsen: Eg stend að eins upp til þess að leggja það til, að 7 manna nefnd sé skipuð í málið, og 1. umr. þess frestað. Eg tel sem sé víst, að deildin fallist ekki á orð hins háttv. þm., sem síðast talaði, því að eg tel víst, að þjóðin standi jafnrétt fyrir því, þótt hún verji nú þegar nokkrum tugum þúsunda til ýmsra framkvæmda, í stað þess að fresta því til næsta árs.

Ráðherra (H. H.): Það hefir verið fundið að því á undanfarandi þingum þegar stjórnin hefir gripið til þess að greiða fé úr landssjóði án fjárveitingar fyrirfram, enda er bannað í stjórnarskránni að greiða gjöld, sem ekki er heimild fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum. En nauðsyn verður stundum að »brjóta lög« hér sem annarstaðar, og hefir ekki orðið hjá því komist, milli fjárlagaþinga, að inna af hendi ýms gjöld upp á væntanlega aukafjárlagaveiting. Hér á landi er oft sérstaklega knýjandi nauðsyn til þess, af því að þing kemur að jafnaði ekki saman nema annaðhvert ár, og útgjöldin geta oft ekki beðið svo lengi. En nú, þegar þingið er hér saman komið og fyrir liggur verk, sem nauðsynlega þarf að vinna, og sem ekki verður frestað nema með því, að gera stórum bygðarlögum ógagn,

þá virðist ekki nema sjálfsagt að leita heimildar þingsins, þótt aukaþing sé. Og sú heimild, sem hér er um að ræða, verður ekki gefin með þingályktunartillögu, heldur í fjárlögum eða aukafjárlögum. Ef þessu frumvarpi verður hafnað, þá hefir Húnavatnssýsla, og jafnvel fleiri, ekki það gagn af skipsferðunum, sem ráð er fyrir gert. Auk þess eru í frumv. smáatriði, sem ekki geta beðið. Það er t. d. styrkur til eins dýralæknisins erlendis, sem einungis hafði fallið burt af vangá. Menn höfðu litið skakt á og gengið út frá því, að hann lyki prófi einu ári fyrr en til stóð. Það væri ranglátt, að svifta hann styrk fyrir þennan misskilning, enda hefir hann hin beztu vottorð um dugnað og ástundun. En þessir peningar eru ekki veittir, og úr því að lögð eru fram aukafjárlög á annað borð, þá þótti sjálfsagt að setja þetta þar, og eins þennan lítilfjörlega styrk til fátækrar ekkju, samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi embættismanna.

Eg vona svo góðs til háttv. deildar, að hún sé ekki eins hrædd við ráðleysi sjálfrar sín eins og háttv. þingm. Árn. virtist vera, og skipi að minsta kosti nefnd í málið, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagði til, og kann eg honum þakkir fyrir tillögu sína.

Bjarni Jónsson: Eg stend nú upp til þess að verja stjórnina. Eg kann því illa, að verið sé að hvetja hana til þess að taka fé í heimildarleysi og víta hana fyrir það, að leggja fjáraukalög fyrir þingið. Það er varla við því að búast, að ráðherra sé svo hræddur fyrir landsins hönd, að hann þori ekki að trúa þinginu fyrir slíku frumvarpi, af ótta við það, að það muni sóa um of fé landsins. Þetta og annað eins liggur fyrir utan hugsanagang annara en þeirra, sem annaðhvort eru afarmenni eða utan við sig. *(Sigurður Sigurðsson:* Það geta nú sumir þingmenn verið hættulegir). Já, það veitti ekki af að bæta inn í frumv. einum lið, til þess að reisa skýli fyrir menn, sem eru miður sín í andlegum efnum. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er ekki að vita, hver fyrst færi þangað). Þá er að fá sér ráðunaut til þess að skera úr því.

ATKV.GR.:

Tillaga um 7 manna nefnd samþ. í einu hlj.

Kosning hlutu með hlutfallskosningum:

Hjörtur Snorrason
Sigurður Sigurðsson
Jón Jónsson
Björn Hallsson
Guðmundur Eggerz
Eggert Pálsson og
Pétur Jónsson

með hlutkesti milli hans og Sveins Björnssonar.

Fyrstu umræðu frestað.

Á 19. fundi Nd., fimtudaginn 23. júlí, var frumv. tekið til framhalds 1. umræðu (A. bls. 99, þskj. n. 149, 150, 165, 168, 169, 175).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg finn ekki ástæðu til að ræða þetta mikið nú við framhald 1. umr. Hér er ekki um neitt stórmál að tefla. Að eins vil eg taka það fram, að nefndin hefir viljað fara sem allra skemst í að auka útgjöldin.

Nefndinni hafa borist ýms erindi, en hún hefir yfir höfuð viljað útiloka alt, sem kom frá einstökum kjördæmum, af því að hún bjóst við, að ef eitthvað af því yrði tekið til greina, gæti það orðið til þess að auka keppni meðal þing-

manna. Svo hefir og nefndinni virzt, að fæst af því, sem henni hefir borist, hefði við svo brýna og óhjákvæmilega nauðsyn að styðjast, að ekki væri fært að hafna því að sinni.

Þá skal eg stuttlega minnast á það helzta, sem nefndin sá sér ekki fært að ganga fram hjá.

Það er þá fyrst Heilsuhælið á Vífilsstöðum. Nefndinni virtist óhjákvæmilegt að veita því 20,000 kr. styrk, til að standast nauðsynlegustu útgjöld, svo framarlega sem heilsuhælinu á ekki að vera lokað áður en næsta þing kemur saman.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka lánsheimild til kornforðabúra um 5000 kr. hvort árið. Verður að teljast óhjákvæmilegt að hafa eitthvað til varnar, ef fóðurvandræði skyldi að höndum bera næsta vetur.

Viðvíkjandi verksmiðjunni Gefjun á Akureyri hefir nefndin fallist á að leggja til, að afborgunarskilmálum af láni hennar sé breytt. Eg skal benda á, að málaleitun um þetta hefir ekki komið frá þingm. Eyf. og ekki heldur frá þingm. Ak., en nefndinni sýndist rétt að taka þessa málaleitun til greina af því að henni virtist þessir hörðu afborgunarskilmálar vera verksmiðjunni um megn.

Hin önnur erindi, sem nefndin hefir tekið til greina, hafa komið beint frá stjórninni.

Svo vil eg minnast lítið eitt á þau erindi, sem nefndin hefir ekki séð sér fært að taka til greina. Nefndin hefir látið prenta þau upp, eins og til að kvitta fyrir móttöku þeirra, svo að það sæist, að hlutaðeigendur hefði skilað þeim á réttan stað. Eg skal að eins drepa á örfá þessara erinda. T. d. barst nefndinni erindi um, að Arnarnesviti yrði gerður að blossavita, og ennfremur málaleitun um, að viti yrði bygður á Norðfjarðarhorni fyrir austan. Nefndin gat ekki tekið þessar málaleitanir til greina af því, auk þess sem áður er fram tekið, að frá hálfu vitastjórans lá ekkert fyrir þar að lútandi, en án þess telur nefndin ekki rétt að sinna þess konar erindum.

Þá barst nefndinni umsókn frá Magnúsi skipasmið Guðmundssyni um styrk til utanferðar, til þess að fullkomna sig í bátasmíð.

Ef um reglulegt fjárlagaþing hefði verið að ræða, myndi nefndin hafa haft löngun til að veita þennan styrk, en eins og á stendur lítur nefndin svo á, að það væri vel til fallið, að þessi maður fengi styrk af því fé, sem stjórnarráðið hefir til umráða, til að styrkja iðnnema til utanfarar. Þessa vildi nefndin láta getið, þótt hún sæi sér ekki fært að leggja til, að þessi styrkur yrði tekinn upp í fjáraukalögin.

Þá skal eg minnast á erindi um lánveitingu til læknisseturs í Búðardal. Nefndin sá sér heldur ekki fært að taka það til greina, bæði af þeim ástæðum, sem eg hefi áður tekið fram, og líka af því, að slíkar lánveitingaheimildir hafa aldrei verið teknar upp í fjáraukalög. Nefndin hefir litið svo á, að stjórnin hefði heimild til að lána fé gegn fullri tryggingu, til að koma upp embættisbústöðum. Sú heimild er ekki afnumin enn. Að öðru leyti get eg, fyrir hönd nefndarinnar, látið það í ljós, að þessi upphæð, sem hér er farið fram á, 7 þús. kr., þykir nokkuð há.

Loks vil eg minnast á, að nefndinni barst erindi, flutt af háttv. þm. Borgf. (Hj. Sn.), viðvíkjandi vegi í Skilmannahreppi. Eg skal láta þess getið, að þrátt fyrir það þótt hann hefði margar áskoranir hér að lútandi og teldi þetta mikið nauðsynjamál, vildi hann þó ekki gera það að kappsmáli í nefndinni. Bendi

eg mönnum á þetta til eftirdæmis, og til að sýna hve fastar skorður nefndin setti sér.

Eg hefi svo ekki fleira að segja að sinni. Eg vona að háttv. þm. komi ekki fram með margar brt. og leggi engar hindranir í veginn fyrir framgang þessa frv.

Bjarni Jónsson: Eg sendi nefndinni ekki nema eina málaleitun Dalamanna, þessa, sem háttv. framsögum. (P. J.) mintist á, um 7 þús. kr. lánveitingarheimild til þess að byggja yfir lækni í Búðardal.

Eg get verið nefndinni þakklátur fyrir þann skilning hennar, að stjórnin hafi heimild til að veita slík lán, en það hefði þó aldrei getað gert stjórninni neinn ama, þó að það hefði verið heimilað hér sérstaklega. Mér sýnist ekki nema loflegur áhugi nefndarinnar á að gæta buddu landssjóðs, en úr því að hún fór svona með mína tillögu, þá mun eg lofa hennar till. að fara sama veg. Það getur verið eins hættulegt að veita Heilsuhælinu styrk og þeim öðrum, sem nefndin mælir með, eins og að veita þessa lánsheimild, sem landssjóður getur aldrei tapað einum eyri á. Eg vona því að nefndin taki það ekki illa upp fyrir mér, þótt eg sýni mitt þakklæti í verkinu.

Skúli Thoroddsen: Eg hafði búist við, að einhverjir þeirra manna hér í deildinni, sem ganga með þann huga, að fella frv. þetta, myndu hafa talið sér það skylt, að gera grein fyrir, hvað leitt hefði þá til þeirrar ályktunar.

Eg var nýlega staddur á fundi, þar sem slík ályktun var gjörð, og var eg ályktuninni mótfallinn, því að mér finst þvert á móti, að vér getum verið stjórninni þakklátir fyrir það, að hún hefir komið fram með frv. til fjáraukalaga, svo að sætt verði þá færinu, fyrst þing er haldið á annað borð, og *fé veitt til fyrirtækja, sem ekki mega dragast*, enda sparar það þá og stjórninni sjálfri að þurfa að nota fé í heimildarleysi, eða láta óhjákvæmilegar fjárveitingar dragast.

Hvað mig snertir — þar sem flokksbræður svo nefndir eru annars vegar, þá held eg, að eg geti farið það lengst, að greiða ekki atkvæði, enda stóð eg að eins upp til að gera grein fyrir þessu, en hafði sem sagt vænst þess, að það hefði komið hér fram í umræðunum, hvað knúð hefði menn til að taka þessa ályktun, sem eg verð að álíta að lýsi fremur *lágum* eða *lítilsigldum* hugsunarhætti, enda sé því líkast, að *gjöra of lítið úr almenningi*, er ætlast er til þess, að hann gangist upp við þannig lagaða »sparnaðar-pólitík«.

Umboðsm. ráðh. (Kl. J.): Eg hafði ekki búist við neinum umræðum nú við framhald 1. umr. og hafði því ætlað mér að geyma allar athugasemdir til 2. umr., ef til hennar kæmi, meðan eg á hér sæti. En þar sem því nú hefir verið lýst yfir að afráðið sé að drepa frv. þegar við þessa umr., þá vil eg þó grípa tækifærið meðan það gefst, að minnast á tvö atriði, sem sérstaklega snerta stjórnina. Hið fyrra er lánveitingarheimildin til læknisseturs í Búðardal. Háttv. framsögum. (P. J.) lýsti því yfir, að nefndin hefði litið svo á, að stjórnin hefði heimild til að veita slík lán. Það hefir þótt álitamál að undanförnu, en mér þykir vænt um að heyra, að háttv. frams.m. (P. J.) hefir sömu skoðun á þessu og stjórnin hefir haldið fram, að hún hefði heimild til þessa. — Stjórnin hefir veitt lán í líku skyni og þá sérstaklega til læknissetra, og verð

eg með þessu að skoða því slegið föstu, að stjórnin hafi heimild til að veita lán til embættisbústaða.

Hitt atriðið, sem eg vildi minnast á, er styrkbeiðni Magnúsar Guðmundssonar skipasmiðs. Háttv. frams.m. (P. J.) hélt því fram, að þessi maður hefði átt að fá styrk af fé því, sem ætlað er til utanfarar iðnaðarmanna. Þetta er nú svo, en honum hefði ekki gagnað minna en 1500 kr., eins og hann fer fram á. En hinsvegar eru það að eins 3 þús. kr., sem veittar eru í þessu augnamiði í fjárlögunum, og margir menn sækja um styrk af þessu fé, og hefði þá verið harla litlu að útbýta til annarra, ef helmingur ársstyrksins hefði gengið til eins manns. Nú hefir þingið látið það í ljós, að þessi styrkur ætti aðallega að ganga til vélagæzlumanna, sem mikill hörgull hefir verið á og er enn. Stjórnin áleit því, að þegar farið var fram á svona háan styrk og í ákveðnu augnamiði, að réttara væri að beina erindinu til þingsins. En eftir undirtektum nefndarinnar að þessu sinni vildi eg mælast til að fá að heyra álit hennar um það, hvort það er tilætlun hennar að þessi maður fái næsta ár helming ársstyrksins, sem ætlaður er til utanfarar iðnaðarmanna.

Einar Arnórsson: Það er aðeins lítil fyrirspurn til stjórnarinnar. Eins og kunnugt er, var sett milliþinganefnd síðastliðinn vetur til þess að koma fram með tillögur um gerð íslenzka fánans. Sennilega mun sú nefnd hafa kostað eitthvað, og hefi eg og margir fleiri búist við, að stjórnin færi fram á útborgunarheimild til hennar á þeim fjáraukalögum, sem hér liggja fyrir. Nú vildi eg beina þeirri spurningu til stjórnarinnar, hvort slík útborgunarheimild sé væntanleg.

Umboðsm. ráðherra (Klemens Jónsson): Að ekki hefir verið farið fram á heimild til útborgunar á kostnað við fánanefndina, stafar blátt áfram af því, að búið var að prenta fjáraukalagafrumv. og fá samþykki konungs til að leggja það fyrir alþingi þegar reikningarnir komu frá henni. Um hina fyrirspurnina, hvort fjárveitingarbeiðni sé væntanleg, get eg ekki sagt með vissu, enda er nægur tími til þess enn, meðan málið er ekki einu sinni komið til 2. umræðu.

Pétur Jónsson: Eg skal lýsa því yfir, að það sem eg sagði áðan viðvíkjandi heimild stjórnarinnar til að veita lán til embættisbústaða, var frá eigin brjósti minu. Það er aðgætandi, að eftir þeirri stefnu, sem nefndin tók í fyrstunni, vísaði hún þessu máli frá sér án tillits til þessa, aðeins af því að henni fanst það ekki bráðnauðsynlegt. Það var skoðun fjárlaganefndarinnar 1913, að stjórnin mundi hafa heimild til að veita slík lán án sérstakrar heimildar í fjárlögunum og dró það af því, að stjórnin hefir veitt slík lán án sérstakrar heimildar í fjárlögum. Og eg vil bæta því við, að eg tel það mjög heppilegt. Stjórnin hefir heldur ekki farið svo langt í þessu, að ástæða sé til að kippa að sér hendinni.

Það hefir litla þýðingu að tala um Magnús Guðmundsson skipasmið, því að nefndin hefir samkvæmt þessu »principi« sínu ekki séð sér fært að taka beiðni hans til greina. Nefndin hefir því ekki rannsakað það nákvæmlega, hvort þessi maður eigi það öllum fremur skilið að fá þennan styrk. Hún lítur svo á, að slíkt eigi ekki að koma til þingsins kasta. Þegar þetta er borið saman við það, hvernig hagar til um aðrar persónulegar fjárveitingar, þá er

þess að gæta, að þingið er fyrir löngu hætt að styrkja menn t. d. til búnaðarnáms, heldur er Búnaðarfélaginu falið að annast um úthlutun þeirra styrkveitinga. Það er skoðun nefndarinnar, að eins ætti að sínu leyti að vera um iðnnema, þá ætti Iðnaðarmannafélagið að styrkja með aðstoð alþingis. Nú hefir hæstv. landritari upplýst, að af fé því, sem veitt er til iðnaðarnáms erlendis, gæti eigi tekist nema oflítil upphæð til þessa manns. En þá heyrir beint undir Fiskiveiðafélag Íslands að hlaupa undir bagga að sínu leyti eins og Búnaðarfélag Íslands sér um þá menn, sem fara til búnaðarnáms.

ATKV.GR.:

Frumv. felt frá 2. umr. með 10 : 10 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Einar Jónsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Eggerz	Bjarni Jónsson
Hannes Hafstein	Björn Kristjánsson
Jóhann Eyjólfsson	Einar Arnórsson
Jón Magnússon	Jón Jónsson
MagnúsKristjánsson	Sigurður Gunnarsson
Matthías Ólafsson	Sveinn Björnsson
Pétur Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson	Þórarinn Benediktss.

Björn Hallsson, Hjörtur Snorrason, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði.

Sigurður Eggerz var fjarverandi.

2. Sparisjóðir.

Á 1. fundi Nd., miðvikudaginn 1. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um sparisjóði. (A. bls. 50).

Á 3. fundi Nd., laugardaginn 4. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra (H. H.): Eins og menn muna, hafði þingið í fyrra til meðferðar frumvarp frá stjórninni um sparisjóði. Var það samþykt í Ed. og hér í deildinni við 2 umræður, en féll við 3. umr. með litlum atkvæðumun, og sést það á umræðunum, að ýmsir þingmenn í þessari deild, sem greiddu atkvæði móti frumv. við nafnakall, gerðu það sökum þess, að því hafði verið breytt í einu verulegu atriði frá því er stjórnin hafði lagt til. Öllum kom saman um það, að mikil þörf væri á lagasetningu um eftirlit með sparisjóðum, þótt ekki kæmi mönnum saman um það, hvernig eftirlitinu skyldi hagað. Þess vegna taldi stjórnin sér skylt að leggja frumv. aftur fyrir þingið, og leggja það fram fyrst í þessari deild, þar sem málið var hér síðast til meðferðar. Stjórnin hefir tekið til greina allar breytingar, sem gerðar vóru á síðasta þingi, nema ákvæðin um eftirlitsmanninn. Stjórnin heldur fast við þá skoðun, að meiri líkur sé til, að eftirlitið verði tryggara, sjálfu sér samkvæmara og óhlutdrægara hjá einum manni, heldur en að skipaður væri eftirlitsmaður á staðnum við hvern sparisjóð. Með því móti virðist tryggingin engu meiri en með eftirliti hinna föstu endurskoðenda á staðnum, og kostnaðurinn yrði vísast meiri, en ekki minni.

Að öðru leyti skírskotast til athugasemdanna, sem prentaðar eru með frumvarpinu.

Benedikt Sveinsson: Engi vafi er á því, að slík lög, sem þessi, eru hin mesta nauðsyn. Það má telja það fremur hepni, eins og vikið er á í athugasemdunum við frumvarpið, að sparisjóðirnir skuli ekki hafa orðið fyrir slysum eða skellum, svo hefir eftirlitið verið

lítilfjörlegt. Og því meira fé, sem safnast í sparisjóðina, því meiri er hættan og meiri nauðsynin, að eftirlitið sé svo trygt, sem ástæður leyfa. Mönnum er það kunnugt, að hagur ýmsra sparisjóða er iskyggilegur, og stjórnin segir í athugasemd við frumv., að þótt eftirlitið yrði bætt, mundi tæplega hægt að girða fyrir það, að sjóðirnir hlyti skell af lánum, sem illa væri trygð. Nú vita menn það, að sparisjóðir til sveita eiga oft örðugt uppdráttar, geta ekki lagt í mikinn kostnað, né heldur verður því ætíð viðkomið, að tveir menn úr stjórninni, formaður og gjaldkeri, sé viðstaddir. Eg er því hræddur um, að örðugt þyki að framkvæma þær fyrirskipanir, sem stjórnin hefir sett í frumvarpið um þetta atriði. Mér hefir nú komið til hugar, hvort ekki mætti koma tryggingunni betur fyrir en hér er gert með sparisjóðafyrirkomulaginu. Á Englandi hafa tíðkast um 100 ár *póstsparisjóðir*, þannig, að menn leggja fé sitt inn í póststofurnar gegn kvittun, og er þá féð komið í vörzlur og ábyrgð hins opinbera. Þetta hefir og lengi átt sér stað í Canada og var fyrir 5 árum tekið upp í Bandaríkjunum. Með þessum hætti er innstæðueigöndum trygt fé sitt og gert hægt fyrir að koma því á vöxtu. Það eitt kann mönnum að þykja varhugavert við þetta fyrirkomulag, að örðugra er að ná fénu skjótlega út úr sjóðunum aftur. En þegar þess er gætt, að venjulega er fé lagt í sparisjóði til geymslu um nokkuð langan tíma, þá ætti þetta ekki að verða til mikilla óþæginda. Þau vega að minsta kosti ekki á móti þeim mikla kosti, að vita innstæðufé sitt algerlega trygt. Menn hafa tekið eftir því í Vesturheimi, að fólk hefir safnað miklu meira fé síðan póstsparisjóðirnir vóru stofnaðir og þakka það því tvennu, að auðvelt er að ná til þeirra til þess að koma fénu frá sér, og að féð er þar örugglega geymt. — Annað hagræði, sem landinu stafar af þessu fyrirkomulagi er það, að það getur þá fengið *innlent* fé til láns, er það þarf á að halda. Svo er það t. d. í Canada, að ríkið tekur mest öll sín lán í póstsparisjóðum.

Þetta hefi eg viljað benda á til athugunar fyrir væntanlega nefnd. Eg hefi heyrt, að póstmeistari hafi tekið þetta mál til íhugunar og jafnvel undirbúið það eitthvað; ætti því nefndin að leita álits hans um málið.

Ráðherra (H. H.): Eg er samþykkur háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um það, að æskilegt væri, að hér kæmist á póstsparisjóðir. En þessi tillaga er engin nýung; stjórnin hefir haft hana til athugunar þegar fyrir ári síðan, er póstmeistari vakti máls á því, en sá sér ekki fært að koma með frumvarp í þessa átt á síðasta þingi, því að til þess að koma slíku á, þarf mikla breyting í sumum póstafgreiðslunum og fyrirkomulagi pósthúsanna. Það er mjög æskilegt, að þessu máli um stofnun póstsparisjóða verði haldið vakandi, því auk hagnaðar og hægðarauka, sem að því getur orðið fyrir landsmenn, hefir málið aðra hlið, sem ekki er minna um vert. Það er hagnaður hins opinbera. Þetta á að geta verið leið til að útvega landsjóði innlent lánsfé, innlent starfsfé til þjóðþrifafyrirtækja, svo að minna þyrfti á útlendum lánum að halda, þegar eitthvað þarf að framkvæma. Innlendu lánin þykja hvervetna heillavænlegust.

En þótt þetta fyrirkomulag kæmist á, þá er frumv. það, sem nú liggur fyrir, alls ekki óþarft. Þar fyrir mundu ekki aðrir sparisjóðir þurfa að leggjast niður og meðan gömlu sparisjóðirnir haldast og menn eiga fé í þeim, þá er það skylda hins opinbera að hafa eftirlit með þeim. Eg vona því, að þetta frv. haldi áfram og nái samþykt þingsins,

án tillits til hins fyrirkomulagsins, sem alls ekki er nægilega undirbúið, til þess að um það geti orðið sett lög á þessu þingi.

Benedikt Sveinsson: Eg leyfi mér að leggja til, að kosin verði 5 manna nefnd.

Ráðherra (H. H.): Eg vil leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hlj. að kjósa 7 manna nefnd.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Sveinn Björnsson
Stefán Stefánsson
Sigurður Gunnarsson
Matthías Ólafsson
Guðmundur Hannesson
Magnús Kristjánsson
Guðmundur Eggerz

(með hlutkesti milli hans og Þorleifs Jónssonar).

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 18. fundi Nd., miðvikudaginn 22. júlí, var frumv. tekið til 2. umræðu (A. bls. 50, þskj. 121, n. 122 og 137).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Því miður hefir nefndin, sem um þetta mál hefir fjallað, ekki getað orðið samferða alla leið. Það leit svo út í byrjun, að samkomulag ætlaði að geta orðið í nefndinni, en það kom í ljós, er vér fórum að ræða málið nánar í sambandi við mikilsverð atriði, að leiðir gátu ekki legið saman lengur, eins og nefndarálitið ber með sér.

Hreinir sparisjóðir með það takmark eingöngu, að taka við fé manna og ávaxta það með þeim hætti, sem er fulltryggilegur, eru ekki til hér á landi. Hér er lánað út úr sparisjóðunum undir eins og eitthvað fé er sett á vöxtu í þeim. Þetta er eðlilegt, því að bæði er það, að mönnum er þörf á að fá lánaða peninga, og svo af því, að vér eigum ekki þau verðbréf, sem eru mjög útgengileg, en lítil ástæða til að fara að lána öðrum þjóðum með því að kaupa ríkisskuldabréf þeirra, eins og t. d. Landsbankinn gerir þegar hann lánar ríkissjóði Dana, er hann verður að kaupa skuldabréf hans til tryggingar veðdeildinni.

Það hefir reynst svo hér á landi á síðari árum, að innistæðufé í sparisjóðum hefir aukist að miklum mun. Mönnum er farið að skiljast, að heppilegra sé að geyma peninga sína á tryggum stöðum, heldur en að geyma þá í sokkabolum eða kistuhöndruðum. Menn eru farnir að sjá, að peningarnir hafa þann merkilega eiginleika, að geta tímgast. Með því að læra þetta hefir aukist áhuginn fyrir því, að leggja fé sitt fyrir. Þegar menn afla fjár og þurfa ekki að nota það alt til nauðsynja sinna, þá vilja þeir koma því á vöxtu, og þá er gott að hafa einhverjar tryggar stofnanir, sem taka við fénu og ávaxta það.

Sumir eru reyndar svo gerðir, að ef þeir hafa eitthvað aflögu, vilja þeir gjarnan leggja það alt eða nokkuð á hættu, í von um að græða mikið, og hætta því svo í alls konar »spekulationir«. Aðrir eru þeir, sem ekki vilja setja fé sitt í neina hættu, en láta sér nægja með algenga bankavexti. Fyrir slíka menn eru sparisjóðirnir.

Þar sem nú enginn vafi er á því, að sparisjóðir hér á landi eru ekki hreinir sparisjóðir í ströngustu merkingu orðsins, þá verða menn að forðast að setja þau ákvæði, sem gera sjóðunum mjög erfitt fyrir að starfa á þann hátt. Þess vegna má ekki setja mjög ströng

ákvæði um það, hve mikið þeir megi lána út. En á hinn bóginn verða sparisjóðirnir að vera svo tryggar stofnanir, að einstaklingarnir geti reitt sig á að fé þeirra sé svo vel geymt, að telja megi nokkurn veginn örugt, að þeir fái það aftur. Tilgangur slíkra laga, sem hér ræðir um, verður því að vera sá, að takmarka sem unt er áhættuna, sem á sparisjóðunum hvílir, jafnframt því, að þeir sé ekki bundnir um of. Ef þessu takmarki yrði náð, þá væri unnið þarft verk og gagnlegt. En ef málið er látið hlutlaust, þá má búast við fjárhættu og stöðvun á þeirri viðleitni manna, sem nú er, að leggja fé sitt í sparisjóði. Það gæti jafnvel leitt til þess, að menn færi að taka fé sitt út úr sparisjóðum, og sjá allir, hvílíkur hnekkir það mundi verða þjóð vorri.

Þegar á alt þetta er litið, þá getur sú ástæða ekki komið til greina, að lög um þetta efni sé ótímabær. Þetta segi eg sérstaklega af því, að í áliti háttv. minni hluta nefndarinnar koma fyrir orð, sem virðast benda á það, að háttv. minni hluti telji laganna ekki eins brýna þörf og stjórnin gerir ráð fyrir. Í áliti meiri hluta nefndarinnar er það tekið fram, að ekki hafi legið fyrir neinar nákvæmar skýrslur um sparisjóðina, né heldur verður sýnt, að sparisjóðir vorir hafi orðið fyrir tjóni. En því verður ekki neitað, að sá orðrómur hefir borist til nefndarinnar um einstaka sparisjóði, að þar væri ekki alt eins og það ætti að vera, og mun slíkur orðrómur hafa orðið til þess, að landstjórnin tók þetta mál fyrir á sínum tíma. En hvað sem því líður, þá getur vel hugsast, að ýmsum sparisjóðum sé eitthvað óbótavant, hafi beðið eitthvert tjón, þótt ekki hafi það komið fram í dagsbirtuna. Að minsta kosti er auðsætt, að slíkt getur komið fyrir á hverri stund og haft mjög varhugaverðar afleiðingar í för með sér. Þess vegna er nauðsynlegt að setja reglur, sem tryggja það, að sparisjóðirnir sé reknir með ákveðnu fyrirkomulagi, og alt af sé sem tryggilegast fyrir menn að leggja fé í þá. Í öðru lagi verða stjórnir sparisjóðanna að hafa athvarf, þar sem þær geta fengið upplýsingar um ýmislegt, sem lýtur að því að rækja lánsstarfsemi sjóðanna á sem tryggilegastan hátt. Í þriðja lagi verður að setja ákvæði um eftirlit með sparisjóðunum. Um alt þetta eru ákvæði í frumv.

Það sem nefndin hefir klofnað á, er 3. atriðið, sem sé eftirlitið. Um öll önnur ákvæði frumv. var rætt í nefndinni í mesta bróðerni og vóru allir að mestu sammála um þau.

Í frumvarpi stjórnarinnar er lagt til, að þetta eftirlit sé falið einum manni, fyrir tiltekin laun, dagpeninga og nauðsynlegan ferðakostnað. Minni hluti nefndarinnar telur óþarft að hafa slíkan mann og gerir grein fyrir þeirri skoðun sinni í áliti sínu. Eg get ekki neitað því, að mér virðist sem háttv. minni hl. leggi ofmikla áherzlu á að ota því fram, að hér sé um það að ræða, að stofna nýtt embætti, sbr. meðal annars orðin: »Vér fáum eigi séð, að brýna nauðsyn beri til að stofna nýja stöðu í þessu augnamiði..«. Eg skal vegna þessa taka það fram sérstaklega, að ef menn álíta málið nauðsynlegt, þá má ekki ónýta það þótt það kosti nýja stöðu; slíkt mega menn ekki láta vega of mikið.

Í áliti sínu kemst háttv. minni hluti að þeirri niðurstöðu, að eftirlit sé nauðsynlegt með sjóðum, sem eiga 100 þús. kr. og þar yfir, en ekki með öðrum sjóðum. Eg lít svo á, að hér gæti nokkurs ósamræmis hjá hv. minni hl. Það er ómögulegt að neita því, að smærri sjóðir geti orðið fyrir tjóni eins og hinir stærri. Nú á þessi löggjöf að ná til allra sparisjóða. En ef menn hugleiða

þessa tillögu hv. minni hluta, geta menn þá varist þeirri hugsun: Fyrst nokkrir sjóðir þurfa eftirlits með, hví þurfa þá ekki allir þess? Þessi uppástunga um eftirlit með að eins örfáum sjóðum styður mál þeirra manna, sem segja, að vér séum skjótir til að setja lög og reglur, en gætum þess miður, hvort þær sé haldnar. Þetta takmark hjá hv. minni hluta, 100 þúsund kr., er alveg sett af handahófi. Hvaða munur er á sjóði, sem á 100.000 kr. eða sjóði sem á t. d. 99.000 krónur? Eg held líka að sama væri, hvert takmark væri sett; það væri alt af af handahófi.

En þar að auki skal eg taka það fram, að mér finst eitt athugavert við þessa tillögu, að hafa eftirlit með sumum sjóðunum, en sumum ekki. En það er, að slíkt ákvæði myndi kyrkja hina minni sparisjóði, sem ekki ná þessu takmarki. Almenningur myndi spyrjast fyrir um, hvernig sjóðirnir væri, hvort þeir væri tryggir, og þegar menn heyrði að landsstjórnin hefði eftirlit með sumum þeirra, þá mundu menn frekar leggja fé sitt í þá en hina.

Loks skal eg taka það fram, að hæg-ara verður að fá góðan mann til eftirlits, ef sami maður hefir á hendi eftirlit með öllum sjóðum landsins. Í sambandi við þetta skal eg benda á eitt atriði, sem eg tel mjög mikilsvert, en það er æfingin. Eg legg mikið upp úr þessu atriði. Það segir sig sjálft, að maður, sem hefir eftirlit með að eins 2—3 sparisjóðum hlýtur að fá miklu minni æfingu og þekking í þessu efni, en maður, sem hefir eftirlit með öllum sparisjóðum landsins.

Að öðru leyti eru ástæðurnar raktar í áliti meiri hlutans, og læt eg mér nægja að vísa til þess.

Þá skal eg snúa mér að brt. meiri hlutans.

1. brt. er við aðra gr. frv. Þar er lagt til, að fella burt orðin: »hlutafé eða«. Ástæða vor er sú, að vér viljum ekki að sparisjóðir sé hlutafélagseign; en hlutafélag er, eins og menn vita, samlagsfélag, stofnað í fjáraflaskyni venjulega og með takmarkaðri ábyrgð, miðaðri við þá peninga, sem fram eru lagðir. Vér viljum ekki að sparisjóðirnir sé þannig löguð gróðafyrirtæki, og því ekki, að jafnvel ráð sé fyrir gert í lögunum þannig löguðum sjóðum.

Brt. 1, b er aðeins formbreyting.

Brt. 2 a er afleiðing af brt. 1, a.

Brt. 2 b. lýtur að því, að stofnendur sparisjóða geti aldrei fengið hærri arð en 6%. Ef ákvæðið væri eins og í stj.frv., sem sé að ekkert hámark væri sett, þá gæti það leitt til »spekúlatjóna«.

Brt. 3 við 6. gr. frv. er að eins til skýringar.

Brt. 4 við 8. gr. kippir burtu fyrri málsgr. Hún þótti óþörf., því að hún felst í rauninni í 2. gr.

5. brt. fer fram á það að fella burtu 10. gr. frv., sem fer fram á það, að féhirðar sparisjóða setji trygging. Meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að annaðhvort myndi tryggingin verða höfð lág, og væri þá lítils eða engisvirði, eða þá verulega há, svo að þeir menn, sem helzt væri hafður augastaður á til þess starfa og áður hafa gegnt því kauplaust eða kauplítið, myndi hliðra sér hjá að taka við þeim starfa, vegna óþæginda við að útvega háa tryggingu.

6. brt. er við 12. gr. og fer fram á það, að stjórnarráðið setji reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveði fyrirmynd allra skjala. Þetta þótti nefndinni nauðsynlegt, því að hún hafði heyrt, að einmitt mörgum sparisjóðum væri talsvert ábótavant að þessu leyti.

Brt. 7 a fer fram á það, að ekki sé sett takmark fyrir því, hve há sjálfskuldarábyrgðarlán og víxillán megi

vera. Sjálfskuldarábyrgðarlán og víxillán eru þær tegundir lána, sem algengastar eru hér á landi, og hafa yfirleitt reynst vel. Þau lán eru í rauninni engu ótryggari en sum fasteignarlán, t. d. há lán á 1. og 2. veðrétti eða lán með 3. eða 4. veðrétti.

Brt. 7 b er aðeins orðabreyting.

8. brt. við 14. gr. fer fram á það, að kippa burt því skilyrði, að samþykki stjórnarráðsins þurfi til lántöku fyrir sparisjóðina. Í stað þess er lagt til, að samþykki allrar sparisjóðsstjórnarinnar þurfi til þvílíkrar lántöku. Það getur oft verið nauðsynlegt fyrir sparisjóðina að taka lán, en oft gæti verið umsvifamikið og tafsamt að bíða samþykkis stjórnarráðsins til þess.

Brt. 9 a við 16. gr. er í samræmi við brt. 1 a.

Brt. 9 b við sömu grein fer fram á það, að umsjónarmaður sparisjóðanna geti ekki haft tillögurétt um það, hvernig fé varasjóðs sparisjóðsins sé varið.

10. brt. við 21. gr. er gerð af því, að oss þótti ekki ástæða til að landssjóður græddi nokkuð á því, að sparisjóðir legðist niður, heldur yrði öllum reytunum varið til nytsemdarfyrirtækja innan þess héraðs, sem sjóðurinn er stofnaður í.

11. brt. við 22. gr. fer fram á, að umsjónarmanninum sé greiddur ferðakostnaður eftir reikningi, og er sú brt. aðeins til skýringar.

Brt. 12 a. við 23. gr. er orðabreyting.

Brt. 12 b við sömu grein fer fram á það, að fella burt að umsjónarmanni sé heimilt að setja aðra menn til að hafa eftirlit með sjóðunum fyrir sína hönd. Vér álítum alveg nauðsynlegt að einn og sami maður hafi undantekningarlaust eftirlitið á hendi.

13. brt fer fram á það, að fella burt 24. gr. frv. Vér viljum losa sparisjóðina við árgjald til landssjóðs — teljum rétt að landssjóður kosti alveg eftirlitsmanninn. Nefndin leit svo á, að landssjóð munaði ekki svo mikið um að standa straum af umsjónarmanninum, en hins vegar getur skattur sá, sem hér ræðir um, orðið tilfinnanlegur fyrir sparisjóðina. Á það er að líta, að hér er um að ræða starf til almenningsheilla, og því ekki óviðeigandi að landssjóður beri þann kostnað, sem af því leiðir.

Loks er 14. brt. við 29. gr., sem má teljast orðabreyting.

Eg hefi þá ekki fleira að segja að sinni. Vænti eg þess, að till. meiri hl. nefndarinnar fái góðan byr hér í deildinni.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Eg skal fyrst leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir við örfá atriði í ræðu háttv. frams.m. meiri hl. (Sv. B.). Hann gaf það í skyn, að minni hl. legðist á móti almennu eftirliti af hræðslu við að stofna nýtt embætti. Þetta er ekki rétt. Minni hlutinn mundi ekki hafa sett það fyrir sig, þótt stofna þyrfti nýtt embætti, ef einsýnn vinningur hefði þótt að eftirlitinu, eins og frv. ætlast til að því verði fyrirkomið.

Ennfremur taldi háttv. frams.m. meiri hl. það ósamræmi hjá minni hluta, að leggja til að hafa eftirlit með þeim fáu verulega stóru sparisjóðum, t. d. sparisjóðnum á Eyrarbakka. Um það getur þó engin deila verið, að einmitt stærstu sjóðirnir eru hættast staddir, meðan það fyrirkomulag helzt, að þeir sé jafnframt smábankar.

Þá skal eg drepa á 100 þús. króna takmarkið — handahófstakmarkið, sem kallað var. Það má segja um öll slík

takmörk, sem sett eru, að þau sé af handahófi, ýmist megi vera lítið eitt þar fyrir ofan eða fyrir neðan. Hjá því verður ekki komist. En takmörk verða menn að setja og er rétt að setja, enda sést það í sjálfu frumv., sem setur mark við 50.000 kr. sjóði. Eg gæti með jafnmiklum rétti sagt: Hvaða vit er í því að senda eftirlitsmann langar leiðir með 5 kr. dagkaupi til þess að líta eftir sparisjóði, sem ekki er orðinn nema 1 eða 2 kr.? Hvar eru takmörkin þar?

Eg get tekið undir með háttv. framsögum. meiri hl. (Sv. B.) um það, sem hann sagði um breytingartill. við frv. Deilan var lítil sem engin um þær í nefndinni, því að meiri og minni hlutinn vóru þar á sama máli. Auk þeirra ákvæða, sem snerta eftirlitsmann sjóðanna, hefir minni hlutinn að eins komið fram með tvær breyt.till. sérstaklega.

Fyrri breyt.till. er við 7. gr., og er um það, að starfsmönnum og stjórnendum sparisjóðanna sé heimilt að taka lán úr þeim, ef aðalfundur leyfir það. Ýmsum í minni hl. þótti hart, að þessir menn, sem svo mikla vinnu leggja á sig fyrir sjóðina og fá enga borgun fyrir, væri einir útilokaðir frá lánveitingu úr þeim. En hins vegar fanst þessum sömu mönnum nægileg trygging felast í því, að lánveiting til stjórnenda og starfsmanna sparisjóðanna væri bundin við leyfi aðalfundar.

Síðari breyt.till. er um það, að hver sparisjóður greiði 1 ‰ af innstæðufé sínu fyrir eftirlitið á hverju ári, sem hann er athugaður. Ef svo er, að eftirlitið er sjóðunum verulegur hagur, að eg ekki tali um ef það er einsýnt, að menn sneiði hjá þeim sjóðum, sem eftirlitslausir eru, eins og framsögum. meiri hl. hélt fram, þá er ekki ástæða til annars, en að þeir greiði einhverja þóknun fyrir eftirlitið. Um þetta atriði eru skoðanir minni hl. í samræmi við skoðanir stjórnarinnar. Oss kom einnig til hugar, að gjaldið frá sparisjóðunum væri af annarri ástæðu réttmætt. Þó að svo vel vildi til, að eftirlitsmaðurinn væri í alla staði ágætur maður, sem vildi brjóta sig í mola til þess að líta sem bezt eftir, þá hugðum vér þó, að svo gæti farið, að stundum yrði lítið úr eftirlitinu, ef enginn grunur væri á, að því meira ólag væri á ferðum. En þá datt oss í hug að ef sjóðirnir ætti að gjalda sjálfir fé fyrir eftirlitið, mundu þeir síður líða, að það væri lauslega gert, og með því móti hefði maðurinn talsvert aðhald.

Þá skal eg snúa mér að aðalefninu, að deilunni um umsjónarmann sparisjóðanna. Þetta, að ólík þörf sé á eftirlitinu eftir stærð sjóðanna, um það virtist minni hl. ómögulegt að deila. Þá var eftir að ákveða, hvaða sjóði ætti að kalla smásjóði, og kom minni hl. sér saman um að kalla sjóðina því nafni meðan þeir nálgast ekki 100 þús. kr. Takmarkið varð einhversstaðar að setja. Tryggingin fyrir innstæðufénu er í byrjuninni ef til vill meiri en öllu innstæðufénu nemur. En eftir því, sem fé eykst í sjóðunum, verður þessi trygging skiljanlega miklu minni að tiltölu. Þegar af þessari ástæðu eru smásparisjóðir stundum miklu tryggari en þeir, sem stórir eru, og þess vegna er síður þörf á eftirliti með þeim.

Annað atriði, sem hér kemur til greina, er það, að stofnendur sparisjóðanna eru venjulega góðir menn, sem hafa barist fyrir því að koma sjóðunum á laggirnar af umhyggju fyrir því héraði, sem þeir eru í. Meðan sjóðirnir eru litlir lifa stofnendur þeirra, og þeir láta sér eðlil. ekki á sama standa, hvernig um þá fer. Sjóðirnir eru þeirra verk, og þeir vilja ekki hafa unnið til ónýtis.

Þriðja atriðið er það, að öll störf sjóðanna eru óbrotnari, einfaldari og auð-

veldari að sjá út yfir meðan þeir eru litlir, en þegar þeir eru orðnir að heilum smábönkum. Almenningur þekkir fullkomlega allan hag sjóðanna meðan þeir eru litlir, og í því er ekki lítið aðhald fólgið fyrir stjórnendur þeirra. Þetta er þýðingarmikið atriði.

Geta má þess líka, að það gæti vel komið til mála, að eftirlit með smærri sjóðum yrði þeim beinn skaði. Menn, sem brjótast í smáfyrirtæki, hafa sterka ábyrgðartilfinningu fyrir því, hvernig þeim farnast. En ef maður er sendur af stjórninni til þess að yfirlíta alt, finst þeim ábyrgðin tekin af sér — þeir þurfi ekkert um þetta að hugsa. Ábyrgðartilfinningin rýrist og eru auðsénar afleiðingarnar. Hitt er lítilsvert atriði, en þó ekki einkis vert, að eftirlitsferðirnar og eftirlitið verður tiltölulega mjög dýrt meðan sjóðirnir eru litlir. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að eftirlitið í samanburði við gagnið, sem af því leiðir, verður dýrara eftir því, sem sjóðirnir eru minni.

Þetta, sem eg hefi nú nefnt, ásamt fleira, sem að nokkru leyti er tekið fram í nefndarálitinu, gerði það að verkum, að minni hl. er í engum vafa um, og hyggur að því verði ekki með rökum mótmælt, að eftirlitsþörfin er hverfandi þegar sparisjóðirnir eru litlir, hjá því þegar þeir eru orðnir stórir. Þegar þeir eru orðnir að heilum bönkum með margbrotnum viðskiftum, er eftirlitið óhjákvæmilegt, en mjög svo hæpið, að það leiði til nokkurs góðs meðan þeir eru smáir. Því má ekki gleyma í þessu sambandi, að smásparisjóðum er gert að skyldu eftir frumv. engu síður en þeim stærri, að haga bókfærslu sinni og öllu fyrirkomulagi eftir þeim reglum, sem stjórnarráðið setur, og eins að senda stjórnarráðinu skýrslur um hag sinn.

Eitt atriði í nefndaráliti minni hlutans, sem þar er fljótlega farið yfir, vildi eg skýra örlítið nánar, svo að menn sjái, að þar er ekki alveg talað út í bláinn. Það er um aðgreininguna á eiginlegum sparisjóðum og bönkum. Þó að það fyrirkomulag, sem vér höfum nú, sé ekki allskostar heppilegt, þá er alt annað mál, hvort tiltækilegt er að fá því breytt í betra horf. En geti það nú komið til mála, þá breytist málið alt. Háttv. framsögum. meiri hlutans (Sv. B.) komst svo að orði, að nauðsynlegt væri, að fé sparisjóðanna væri geymt svo vel, að þeir sem fé leggja í þá, gæti verið vissir um að fá það aftur. En meðan sparisjóðirnir hér vaxa allir upp í það, að verða að smábönkum með margbrotnum viðskiftum, þá get eg ekki séð, hvernig hægt er að tryggja mönnum þá vissu. Eg hygg, að það verði jafnerfitt, hvort sem nokkur umsjónarmaður er eða ekki. Það má reyndar segja, að menn tapi ekki fé sínu nú, en menn hafa enga vissu fyrir því, að þeir tapi því ekki, og það mun verða svo, hvernig sem eftirlitið verður. Það sem vakti fyrir mér var það, að hugsanlegt væri, að einfaldir sparisjóðir yxi upp, sem ræki ekki annað en einföld sparisjóðsstörf. Hlutverk sparisjóðanna er eiginlega ekki annað en það, að reyna að fá menn til að spara fé, og geyma síðan það fé, sem þeim er fengið á tryggilegan hátt með sæmilegum vöxtum, þangað til eigendurnir þurfa nauðsynlega á því að halda. Aðferðin er óbrotin. Annaðhvort mætti kaupa veðdeildarbréf eða önnur tryggileg bréf landsins fyrir innstæðuféð, sem ekki er líklegt að komi til útborgunar, eða láta það renna í landsjóðinn eða Landsbankann sem starfsfé. Þá eru einfaldir sparisjóðir mjög einfalt og óbrotið fyrirtæki í samanburði við það, sem nú á sér stað, að sparisjóðirnir verða að

smábönkum undir eins og þeir hafa eitthvað handa á milli. Eg skal taka það fram, að ef til vill má gera þetta enn einfaldara með því að láta póststjórnina taka við sparisjóðsfénu og kvitta fyrir það í sparisjóðsbækur.

Þegar hér er komið, liggur sú spurning opin fyrir, hvernig útlánunum eigi þá að koma fyrir. Það, sem alt veltur á er það, að héruðin verða að hafa sína sérstöku banka, í stað þess að nota sparisjóðina til bankastarfa og gera þá með því ótryggari. Þetta ætti ekki að verða ókleift, ef sparisjóðsféð gengi til þess að auka veltufé Landsbankans. Landsbankinn lánaði þá féð aftur héruðunum til þess að reka með því smábanka. Meðan féð er lítið væri sú trygging nægileg, sem hreppurinn eða sýslan gæti veitt, en þegar stofnunin stækkar, þá getur hún borið fullkomið eftirlit eins og Eyrarbakkasjóðurinn nú. Einhverri slíkri niðurröðun ætti að vera unt að koma á. Auk margs annars, sem við þetta ynnist, fengi allir, sem sparisjóðsfé eiga, *landstryggingu* fyrir því og gæti tekið út úr sparisjóðsbók sinni, hvar sem þeir væri staddir á landinu, eins og nú er á Þýzkalandi. Hvernig, sem á þetta er litið, er óhætt að fullyrða, að þetta sambland á sparisjóðum og bönkum er óheppilegt. Og þegar þetta fyrirkomulag hefir fengið að haldast í löndum eins og Þýzkalandi, þá er það einungis af þeirri ástæðu, að sparisjóðirnir hafa vaxið svo upp og orðið svo margbrotnir, að ekki er hlaupið að því að kippa þessu í lag.

Ef eg kynni að hafa sagt annað um þetta atriði, en hinir, sem í minni hluta eru, geta skrifað undir með mér, þá skal eg taka það fram, að eg hefi útlistað þetta eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Eg get ekki séð, að eftirlitið með stærri sjóðunum verði ótryggilegt, þó að því verði hagað eins og við stingum upp á. Það sem vakir fyrir mér er það, að til þess verði fenginn æfður bankamaður, t. d. úr Landsbankanum. Gæti sami maðurinn haft eftirlitið á hendi ár eftir ár, og með því fengi hann nægilega æfingu. Bankinn fengi vitanlega borgun fyrir störf hans.

Mismunurinn á skoðunum meiri og minni hluta nefndarinnar er þegar á alt er litið ekki ýkjamikill. Sparisjóðirnir eru í hröðum vexti og það líður ekki á löngu þangað til þeir hafa vaxið svo, að þeir komast í tölu þeirra sparisjóða, sem vér teljum nauðsynlegt að hafi fullkomið eftirlit. Hitt er annað og meira, hvort tiltækilegt er eða ekki að koma því í framkvæmd, sem oss datt í hug, að aðgreina sparisjóði og banka. Það atriði er miklu verðara þess að deilt sé um, en nokkuð annað, sem fram hefir komið í þessu máli.

Stefán Stefánsson: Á síðasta þingi var til meðferðar frumvarp um sparisjóði frá stjórninni, og var það mjög sviplíkt þessu. Þá höfðu allmargir þingmenn hér í deildinni ýmislegt við það að athuga og var eg einn á meðal þeirra, enda fór svo, að frumvarpið var felt með nokkrum atkvæðamun. Á þingmálafundum nú í vor, var mönnum kunnugt um það, í það minsta í Eyjafjarðarsýslu, að frumvarpið um sparisjóði yrði enn lagt fyrir þingið, af landsstjórninni, og vegna þess hreyfði eg málinu á þingmálafundum í mínu kjördæmi og komu fram, næstum undantekningarlaust á hverjum fundi, eindregin mótmæli gegn því, að sviplíkt frumvarp því, sem var til meðferðar á síðasta þingi, yrði gert að lögum.

Þetta frumv. sem nú liggur fyrir, er í öllum aðalatriðunum eins og frumv. það, sem eg áður gat um. Nú hefir svo farið, að öll nefndin, sem skipuð var í

málið, er einhuga um að leggja til að gerðar sé allverulegar breytingar á frumvarpinu, og án þess að fara nokkuð út í þær breytingar sérstaklega, þá hygg eg, að þær miði þó allar til þess að gera frumvarpið aðgengilegra, hvað rekstur sparisjóðanna snertir alment.

En viðvíkjandi því, sem veldur aðallega ágreiningi í nefndinni, þ. e. skipun umsjónarmanns sparisjóða, skal eg geta þess að það var alment álit, þar sem málinu var hreyft á þingmálafundum í Eyjafirði, að slík umsjón eða eftirlit væri algerlega óþarft, ekki sízt þegar um litla sparisjóði er að ræða. Þegar sparisjóðirnir eru orðnir 100 þús. kr. eða þar yfir, þá fyrst álítur minni hluti nefndarinnar nokkra verulega ástæðu til slíks eftirlits frá stjórnarinnar hálfu. Eg hefi ekki viljað hafa beint á móti því, að þegar sjóðirnir eru orðnir svo stórir, að þeir nema 100.000 kr., þá sé slíkt eftirlit frá stjórnarinnar hálfu viðtekið — e f sérstakar ástæður eru þá fyrir hendi, svo að það verður að teljast nauðsynlegt.

Að eg skrifaði undir nefndarálit minni hl. með fyrirvara, var út af ákvæðinu í 9. gr. frumvarpsins. Öðrum en mér í minni hl. fanst það ákvæði ekki svo athugavert, að þeim fyndist ástæða til að bera fram breytingartill. við greinina. Ákvæðið er þetta: »Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sé viðstaddir«. Þetta kann að vera tryggilegra, en mér dylst á hinn bóginn ekki, að ef þetta verður reglan, þá miðar það mjög til þess að hefta framgang sjóðanna. Það er erfitt í sveitum að fá tvo menn í sparisjóðsstjórn, sem búa svo nálægt hvor öðrum, að þetta ákvæði komi ekki að baga. Og það verð eg að segja, að ef menn bera ekki það traust til gjaldkerans, að óhætt sé að trúa honum einum til þess að afgreiða 50—100 kr., þá er hann ekki fær um að vera gjaldkeri. En fyrsta og helzta skilyrðið fyrir hvern sparisjóð er að tryggja sér verulega góðan mann sem gjaldkera. Hann verður bæði að vera reglusamur og strangur með, að öllum ákvæðum um greiðslur í sjóðinn og um tryggingar sé fylgt.

Sömuleiðis er mjög athugavert það ákvæði greinarinnar, að kvittanir sé ekki skuldbindandi fyrir sjóðinn, sem féhirðir einn undirskrifar, heldur þurfi til þess líka undirskrift bókara.

Þá er það einnig ákvæðið í 13. gr. frumv., sem eg felli mig ekki vel við. Þar er sagt, að sjálfskuldarábyrgðarlán megi ekki veita nema í lengsta lagi til eins árs, en um leið er sagt, að þau megi aldrei eldri verða en 10 ára. Þetta er dálitið hjáleitt og óljóst. Hitt væri langtum gleggra og ákveðnara fyrir lántakandann að vita nákvæmlega, til hvað margra ára hann fær lánið og hvað hann verður að borga mikið af því árlega, en að veita honum lánið til eins árs, og láta hann þó fá óljóst hugboð um það um leið, að hann megi hafa það til 10 ára. Eg gat um þetta í nefndinni, en henni virtist ekki nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði.

Hvað því viðvíkur, að það sé af handahófi, að miða eftirlitið við 100.000 kr. inneign sparisjóðanna, þá er því til að svara, eins og háttv. framsögumaður minni hl. (G. H.) tók fram, að sparisjóðirnir eru sennilega því tryggari því minni sem þeir eru, og að sama skapi hægara að fá yfirlit yfir allan hag þeirra. Meðan sjóðirnir eru litlir, er ofurlétt að fara í gegnum allar tryggingar þeirra á aðalfundi. Þetta er aftur erfiðara þegar sjóðirnir eru orðnir svo stórir, að þeir nema 100 þús. kr. eða meira. En meðan þeir eru neðan við 100.000 kr. því fremur því minni, sem þeir eru, þá

er fljótfarið fyrir nákunnuga gegnum allar tryggingar sjóðanna. Að minsta kosti er þessu svo farið um þann sparisjóð, sem eg þekki bezt, enda er hann ekki nema rúmar 20 þús. kr. En hann má vaxa að miklum mun til þess að slík rannsókn eða athugun verði ekki hægðarleikur á aðalfundi.

Eftir þessari reynslu minni álít eg, að það muni ekki vera ókleift, þó að sjóðirnir væri orðnir alt að 100.000 kr.

Eg hygg, að það sé yfirleitt ósk manna að fjárhald hvers sparisjóðs sé sem mest á valdi þeirrar sveitar, sem fé á í honum, og að það opinbera sé ekki að skifta sér af því oftar né meira en brýn nauðsyn krefur.

Reynslan hefir verið sú hingað til, að sparisjóðirnir hafa ekki tapað fé, svo nokkru nemi og forstaða þeirra og alt eftirlit verið í mjög góðu lagi yfirleitt, en þó um leið afar kostnaðarlítið, svo að nauðsynin sýnist alls ekki brýn hvað flestar eða jafnvel allar þessar frumvarpsbreytingar snertir.

Eg hygg þess vegna, að þingið geri réttast í að leggja enga áherzlu á eftirlitið með smásjóðunum, því að það hlýtur að reynast óþarfi í framkvæmdinni.

Einar Arnórsson: Eg ætla að leyfa mér að drepa á nokkur atriði í þessu frumvarpi. Eg get byrjað með því að þakka nefndinni fyrir alt starf sitt, því að það hefir leitt til þess, að betra skipulag er nú á frumvarpinu en þegar það var lagt fyrir þingið. Flestallar breytingatillögur, sem nefndin hefir stungið upp á, virðist mér vera til bóta.

Breyt.till. við 2. gr. frumv., að orðin »hlutafé eða« falli burt, eða með öðrum orðum, að sparisjóðir megi alls ekki vera hlutafélagseign, virðist mér vafasöm og óvíst að hún sé til bóta. Mér sýnist, að í sjálfu sér sé ekkert á móti því, að sparisjóðir sé hlutafélagseign. Sparisjóðum er víðast svo fyrir komið, að einstakir menn ábyrgjast eða leggja fram ákveðna upphæð hver, t. d. einn 100 kr. annar 200 kr. o. s. frv.

Eg býst við, að það sé alkunnugt, að sparisjóðum sé svo fyrir komið, sem eg nú hefi lýst. Mér skilst, þó að um hlutafélag með innborguðu hlutafé sé að ræða, þá sé það alveg eins tryggileg ábyrgð eða jafnvel tryggilegri.

Við 2. grein hefir nefndin líka gert viðaukatillögu um glataðar viðskiftabækur. En mér skilst, að þessi nýja málsgrein sé ekki annað en 25. gr. stjórnarfrumvarpsins, en hún á að standa, þrátt fyrir breytingartillöguna við 2. gr., eftir tillögu nefndarinnar. *(Sveinn Björnsson):* Það hefir verið tekið fram áður). Jæja, þá bið eg forláts. Þetta má þá laga til 3. umr.

Við 7. gr. hefir minni hluti nefndarinnar gert þá breytingartillögu, að starfmenn sjóðsins megi taka lán úr sjóðnum, ef aðalfundur samþykkir það. Það er satt, að það getur verið hart að útiloka starfsmennina frá lánum úr sjóðnum, og hefir minni hlutinn viljað bæta úr því með þessu. En hvernig ætlar minni hlutinn sér að koma þessu fyrir? Er þá tilætlunin, að aðalfundur gefi þetta leyfi eitt skifti fyrir öll, eða fyrir eitt ár í senn, hálft ár eða í hverju einstöku tilfelli? Ef leyfis ætti að leita í hvert sinn, býst eg við, að það gæti orðið nokkuð vafningasamt. En hvernig sem það nú er, þá sé eg enga ástæðu til að taka þessa brtill. til greina.

Við 9. gr. hefir hvorki meiri né minni hluti nefndarinnar gert neina breytingu og má það undarlegt virðast. Þar stendur, að eigi megi greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema tveir stjórnendur sé viðstaddir. Að vísu er gerð undantekning frá þessu, þar sem það er tekið fram, að féhirðir einn megi veita viðtöku greiðslum í sjóðinn, en

því er bætt við, að kvittun hans sé ekki gild, nema bókari riti líka undir hana. Mér skilst, að þetta gæti valdið töluverðum óþægindum upp til sveita. Eins og kunnugt er, er þar víðast hvar mjög strjálbygt og starfsmennirnir ekki neglðir á sama stað. Eg get ekki betur séð, en að þetta ákvæði sé óþarflega strangt. Og úr því að kvittun gjaldkera er *ógild*, þ. e. alls engin lögmæt kvittun, þá er einsætt, að enginn sæmilega gætinn maður mundi hætta á það að greiða inn í sparisjóðinn gegn þannig lagaðri kvittun, er eigi veitir honum neinn rétt gagnvart sparisjóðnum.

Breyt.till. meiri hluta nefndarinnar um að 10. gr. falli burt, sýnist mér vera á fullum rökum bygð. Eg skil ekki vel þá hugsun, sem felst í þessari grein, að sá starfsmaður sparisjóðs, sem vinnur fyrir kaup, þurfi að setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir, en sá, sem ekkert kaup hefir, þurfi enga tryggingu að setja. Mér þykir ekki líklegt, að sá sem vinnur fyrir kaupi, sé nokkurn hlut líklegri til þess að leggja fremur undir sig fé sjóðsins heldur en hinn, sem vinnur kauplaust. Að réttu lagi ætti annaðhvort að heimta tryggingu af hvorugum eða af báðum.

Eg veit ekki nema það mætti koma því svo fyrir við 11. gr., að innstæðufjáreigandi gæti fengið peninga út úr sjóði án þess að sýna bók, t. d. með tékkávísun eins og tíðkast í Íslandsbanka. Það ætti að vera algerlega hættulaust, en myndi spara fyrirhöfn og auka hagræði.

Við 13. gr. hefir nefndin stungið upp á stórvægilegri breytingu og er hún til stórbóta, að því er eg ætla. Nefndin hefir stungið upp á því, að takmörkunin á því, hvað víxillán og sjálfskuldarábyrgðarlán megi nema miklu, falli burtu. Þessi takmörkun í stjórnarfrumvarpinu miðar beint að því að eyðileggja starfsemi lítilla sparisjóða, og ef hún yrði að lögum, væri ekki um annað að tala en að leggja slíka sparisjóði niður. En það verð eg að telja illa farið, ef sparisjóðir legðist niður, því að þar er margur eyrir lagður inn, sem annars færi fyrir lítið. Það er áreiðanlega svo, að þar sem sparisjóður er risinn upp, þar fer fólk að læra að meta peninga og reyna að leggja fyrir fé, er það þarf eigi að nota í svipinn. Svo er það og aðgætandi, að um sparisjóði hér á landi er ekki sama máli að gegna og um sparisjóði annarstaðar. Það er öllum kunnugt, að það er miklum vandkvæðum bundið fyrir menn upp til sveita að fá peningalán. Eg veit mörg dæmi til þess, að bankastjórarnir hér hafa neitað góðum mönnum um lán, af því að þeir hafa ekki þekt þá. Og það er ekki nema eðlilegt, því að það er ekki hægt að heimta það af neinni bankastjórn, að hún þekki alla menn á landinu. Á því er enginn efi, að sparisjóðirnir geta að miklu leyti bætt úr þessu. Það er kunnugt, að sumir sparisjóðir reka að nokkru leyti bankastarfsemi, eins og t. d. sparisjóðurinn í Árnessýslu.

Verði 2. málsgr 13. gr. frumvarpsins samþykt óbreytt, er eg í engum efa um, að það yrði stórkostlegt og öldungis óþarft haft á starfsemi sparisjóðanna.

Þá hefir nefndin komið með þá br.-till við 3. málsgrein 13. gr., að lán megi ekki endurnýja oftar en svo, að innheimtu þeirra sé fullkomlega lokið á 10 árum. Eg er nú ekki sannfærður um að þetta hafi svo mikla þýðingu. Það er hægt að innheimta lánið í orði kveðnu og skifta um ábyrgðarmenn, eða að eins gefa út ný skuldaskírteini, jafnvel þótt ábyrgðarmenn og skuldunautur sé sá sami. Eg er viss um, að hver sem vill, getur farið í kring um þetta eftir vild sinni.

Svo er enn eitt atriði í 13. gr., 4. málsgr., stj.frv., sem nefndin hefir ekki gert neitt við. Þar stendur, að þeir sparisjóðir, sem geyma 50.000 kr. eða meira, skuli skyldir til að eiga innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufénu samanlögðu eða að hafa í vörslun sínum ríkisskuldabréf eða önnur trygg verðbréf fyrir þeirri upphæð. Eg held, að þetta yrði óþarflega þungur baggi á mörgum sparisjóðum. Sparisjóður, sem hefði 50.000 kr. að geyma, yrði þannig að binda 2500 kr. af sínu fé í einhverjum banka eða hafa slíka upphæð fyrirliggjandi í ríkisskuldabréfum. Í rauninni er þetta ekki annað en að lána bönkunum fé. Menn í peningaþröng upp til sveita eiga með öðrum orðum að leggja bönkunum starfsfé.

Í 17. gr. er svo önnur 5% kvöð lögð á sparisjóðina. Það verða þá 10% af starfsfé sparisjóðanna, sem með þessu lagi verður að óþörfu bundið fyrir þeim. Eg heyri það, að einhverir háttv. deildarmenn skilja þessi ákvæði frumv. öðru vísi, en þeir misskilja þau fortakslaust. Sé þetta ekki rétt skilið hjá mér, þá kann eg ekki að lesa prentað mál.

Svo kem eg að þessu eina aðalatriði, sem nefndin hefir ekki orðið á sama máli um, nfl. umsjónarmanni sparisjóðanna. Nefndin hefir verið sammála í öllum aðalatriðum öðrum. Eg lít svo á, að þessi nýja staða, sem hér á að stofna, sé meira í orði en á borði.

Í fyrsta lagi eru launakjörin þannig löguð, að annaðhvort fæst ekki hæfur maður í þessa stöðu, ellegar ef hann fæst, þá vinnur hann fyrir meira en 1200 kr. og getur þá verið svo gerður, að hann vildi ná sér niðri á ferðakostnaðarreikningunum. Eða þá að óhæfur maður fengist, sem hvorttveggja gerði: að hirða 1200 kr. og ferðakostnað ríflegan — og er það eigi betra en hitt. En eg býst varla við, að nokkur maður gæfi kost á sér í þessa stöðu fyrir 1200 kr. *(Sveinn Björnsson:* Hann fær meira). Já, með því að »svindla« á ferðakostnaðarreikningunum. Það kann vel að vera, að þessi umsjónarmaður gæti leiðbeint með reikningsfærslu, þar sem hann á annað borð ræki inn nefið. En eg skil ekki annað, en að hann brysti algerlega kunnugleika í flestum sveitum til þess að eftirlit hans geti að gagni komið. Eg ímynda mér að þessi nýja staða gæti orðið þægilegur bitlingur handa stjórninni til þess að hlynna að gæðingum sínum með, en annað ekki. Öðru máli er að gegna um hitt, sem minni hl. nefndarinnar leggur til, að stjórnin gæti þegar ástæða þætti til, litið eftir sparisjóðunum. En það sýnist mér vera handahófsregla að setja þá sparisjóði eina, sem geyma 100.000 kr. eða meira, undir þetta eftirlit. Það þarf ekki að vera verr ástatt í þeim heldur en hinum, sem minni eru. Mér skilst, að það sé ekki nein föst staða, sem minni hl. ætlar hér að stofna, heldur nokkurskonar hjálp í viðlögum.

Umboðsm. ráðh. (Kl. J.): Háttv. framsögum. meiri hl. (Sv. B.) gat þess í ræðu sinni, að orðrómur um misfellur á rekstri sparisjóðanna myndi hafa borist til landsstjórnarinnar og orðið því valdandi, að stjórnin fór að íhuga þetta mál. Þetta er rétt og ekki rétt. Ástæðan til þess, að stjórnin fór að rannsaka þetta mál og lagði það fyrir síðasta þing, var aðallega sú, að stjórninni var fullkomlega kunnugt um vanrækslu og ýmiskonar misfellur á stjórn einstakra sparisjóða og hinsvegar hafði hún líka heyrt um einstakan sparisjóð, að miklar misfellur væri á stjórn hans, en beinar kærur hafa ekki komið.

Eg vildi aðeins geta þessa, úr því að háttv. framsögum. meiri hl. mintist á það.

Eg skal ekki fara mikið út í brt., en vil þó drepa lauslega á fáein atriði.

Viðvíkjandi fyrstu brt. um að fella í burtu orðið »hlutafé«, verð eg að segja líkt og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að eg get ekki séð, að það sé á nokkurn hátt hættulegt þótt það standi. Eg hygg, að ekki þurfi að bera kviðboga fyrir þessu fyrirkomulagi, því að nú sem stendur veit eg ekki til að neinn sparisjóður sé hluthafaeign. Eg veit um einn sparisjóð, sem var hluthafaeign, og var honum bezt stjórnað allra sparisjóða, sem eg þekki, vegna þess, að hluthafarnir sjálfir höfðu eftirlit með stjórninni. Að öllu samanlögðu hygg eg, að það sé betra, að sparisjóðir sé eign hluthafa, því að hluthafarnir hafa þá hvöt til þess að gæta þess að alt fari vel fram. En eins og eg sagði áðan, eru slíkir sparisjóðir ekki til, svo að hvað það snertir má standa á sama um þetta atriði.

Þá hefir verið talað um að fella burt 10. gr. frv. Það sjá nú víst allir, að ekki getur komið til mála að heimta að maður, sem vinnur kauplaust fyrir sparisjóð, setji tryggingu fyrir fé sjóðsins. En undireins og maðurinn fer að fá einhverja þóknun fyrir starfa sinn, þá er sjálfsagt að heimta af honum einhverja tryggingu. Tryggingin færi þá eftir því, hvað viðskiftamagn sjóðsins er mikið, og eðlilega því hærri, því meiri laun, sem starfsmaðurinn hefði. Það er altaf að verða meira og meira almenn sú skoðun, að nauðsyn beri til að leggja höft á löngun manna til að draga sér fé af sjóðum, sem þeim er trúað fyrir, eða leggja þá undir sig. En vitanlega er hér ókleift að inna af hendi tryggingu eins og tíðkast erlendis. Eg álít þess vegna að það sé langt frá því, að þessi brt. sé til bóta.

Ef felt verður úr frv. ákvæðið um takmörkun á víxillánum og sjálfskuldarábyrgarlánum í 13. gr., þá er opin leið til þess að verja því öllu til slíkra lána. Og það er hætt við að svo fari, því að þetta eru handhæg lán. Eg álít það mjög varhugavert að fella þetta ákvæði úr frv., því að það er viðurkent af öllum, sem skyn bera á þá hluti, að ábyrgðarlán eru hættulegustu lánin og víxillánin eru varhugaverð, nema altaf sé borgað eitthvað af. En sé þau framlengd afborgunarlaust í það óendanlega þá eru þau fult eins hættuleg og ábyrgðarlán. Þessa breytingu verð eg því að telja til verulegra skemda á frv. Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, að ekki væri meiri trygging í fasteignalánum, er lánuð væri gegn 3. eða 4. veðrétti, en ábyrgðarlánum. Það er nú auðvitað undir því komið, hversu mikið hvílir á eftir 1. og 2. veðrétti. En annars hygg eg, að það standi í lögum hvers sparisjóðs, að eigi megi lána út nema gegn 1. og 2. veðrétti — og mér er kunnugt um, að bankarnir hér gera það ekki.

Brt. við 21. gr. get eg aðhylst. Það er engin ástæða til að þetta fé renni fremur í landssjóð en til einhverra þarfra fyrirtækja í héraðinu sjálfu, sem sparisjóðurinn liggur í. Tilætlun stjórnarinnar með þessu ákvæði var sú, að eðlilegt væri að fé sparisjóðanna rynni í landssjóð, ef þeir legðist niður, þar sem landssjóður samkvæmt frv. á að greiða laun eftirlitsmanna. Og ætti landssjóður þess utan að greiða eftirlitsmanni ferðakostnað og dagpeninga, þá virðist fremur ástæða til þessa ákvæðis. Þetta vakti fyrir stjórninni, en samt sem áður finst mér rétt að aðhyllast þessa brt.

Þá kem eg að aðalatriðinu í þessu máli, sem mestum deilum hefir valdið, hvort eftirlitsmaður skuli vera einn við alla sjóðina, eða fleiri, hver á sínum stað. Um það var barist á þinginu í

fyrra og um það er barist nú. Eg lít svo á, að verði ákvæði um eftirlitsmenn felt burt úr frv., þá sé eins gott að fella frv. alt.

Ef sérstakur eftirlitsmaður á að vera með hverjum sparisjóði, þá verður fyrirkomulagið hið sama og nú er, nema talsvert kostnaðarmeira. Það er sýnt skýrt fram á það í athugasemdum stjórnarinnar við frv. og eins í nefndaráliti meiri hl., hver þörf sé á því, að eftirlitsmaður sé einn með öllum sparisjóðum á landinu. Við það, sem þar er tekið fram, skal eg bæta því, að einn eftirlitsmaður mundi geta séð við þeim galla, sem er á núverandi fyrirkomulagi, að óreiðumenn noti sparisjóðina þannig, að þeir taka fyrst lán í sparisjóðunum í sinni sveit, og þegar lánstraustið er þrotið þar, fara þeir í næsta sparisjóð og svo koll af kolli. Loks, þegar alt traust er þrotið út um landið, koma þeir til bankanna hér, og eiga ekkert nema botnlausar skuldir fyrir.

Þetta gæti ekki viðgengist ef eftirlitsmaður væri einn. Hann myndi fljótt reka sig á sama nafnið víða í bókum sparisjóðanna og þá athuga, hvernig málum er varið. Eg hygg, að margir muni þekkja þessa dæmi og sjá nauðsynina á að varast slíka fjárglæframenn. Það hefir oft komið til tals, að nauðsynlegt væri, að bankarnir hér hefði samband sín á milli í þessum efnum og gæti séð, hvernig þessum hættulegu lánum er varið, en eg veit ekki, hvort ennþá hefir orðið úr slíkum samtökum, en æskilegt væri það.

Í öðru lagi get eg ekki skilið það, hvað háttv. þm. geta haft á móti því, að haft sé strangt eftirlit með þessum almenningsstofnunum. Sparisjóðirnir fara altaf vaxandi. Fé þeirra hefir vaxið um hundruð þúsunda. Og þegar á það er litið, að þetta fé hefir fátæk alþýða dregið saman með súrum sveita og lagt fyrir, þá skil eg ekki þennan hugsunarhátt háttv. þm., að vilja ekki vernda og tryggja þetta fé. Eg get heldur ekki skilið það, að þingmálafundir skuli fara að mótmæla því, að eftirlitið yrði slíkt, sem hér er farið fram á. Eru þeir svona hræddir við eftirlitið? Maður freistast til að halda það.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. minni hluta nefndarinnar. Hann vill ekki hafa einn eftirlitsmann, nema með þeim sparisjóðum, sem »eigi« 100 þús. kr. Hvað meinar háttv. minni hluti með orðinu »eign«? Er það varasjóður? Annað er ekki eign sparisjóðsins. En þá þarf heldur ekki neinn eftirlitsmann, því að enginn sparisjóður á landinu á nándarnærri 100 þús. kr. í varasjóði. (*Bjarni Jónsson:* Eign er sama sem innistæðufé). Nei, það *er* ekki það sama, en það getur verið, að það eigi að vera það sama, eins og var að skilja á orðum háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Innstæðuféð er ekki eign sparisjóðsins, heldur þeirra manna, sem inneign eiga í sparisjóðnum. Þegar af þessari ástæðu er ekki hægt að samþykkja breyt.till. En jafnvel þótt eign væri sama og innistæðufé, þá kæmi ekki nema 3—4 sparisjóðir á landinu undir þetta sérstaka eftirlit og það væri meiningarleysa. Skal eg svo ekki eyða frekari orðum að þessu, enda er eg óundirbúinn — kem hér inn í miðjar umræður og hefi ekki haft tækifæri til að kynna mér málið síðan í vor.

Út af orðum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), um 13. gr. frumv. sbr. 17. gr., vil eg þó geta þess, að þetta ákvæði er sett til aukinnar tryggingar. Það er ekki ósanngjarnt að heimta það, að altaf sé fyrir hendi æði stór upphæð varasjóðs. Það eru mörg dæmi þess, að sparisjóðir hafa ekki getað greitt jafnvel smáupphæðir, þrátt fyrir það, þó stærri upphæðum hafi verið sagt upp með lögleg-

um fyrirvara. Þegar nú dæmi eru til þessa, þá virðist það ekki ósanngjörn krafa, að altaf sé 8% af varasjóði fyrirliggjandi í handbæru fé, og jafnstór upphæð í ríkisskuldabréfum eða öðrum verðbréfum. Þess er krafist um allan heim, að bankar hafi — til aukinnar tryggingar — fyrirliggjandi ákveðna upphæð af auðseldum verðbréfum. Það má vera að þetta þyki nokkuð hart, en tilgangurinn er sá, að tryggingin sé svo góð, að menn þori að leggja fé sitt inn í þessar peningastofnanir.

Matthías Ólafsson: Það hafa nú orðið talsverðar umræður um þetta mál. Eg get látið mér nægja að stikla á jökum yfir það, sem mér finst máli skifta í þessu efni, en hleyp yfir margt, sem áður hefir verið tekið fram.

Það hefir verið ágreiningur um það, hversu stórir sparisjóðirnir þurfi að vera til þess að þurfi sérstakan eftirlitsmann með þeim. Þetta er ekkert aðalatriði og mér virðist það óeðilegt að klofna á því. Sérstakt eftirlit er ekki síður nauðsynlegt við smærri sparisjóðina en þá stærri. Fátækir menn leggja peninga sína ekki síður á vöxtu í þeim en hinum stærri. Og tapið verður þeim alveg jafn tilfinnanlegt, hvar sem féð er geymt. Minni hlutinn gerir ráð fyrir því, að hægt sé að krefjast sérstaks eftirlits með smærri sjóðunum, þegar ástæða sé til. Ó-já! Það getur nú stundum orkað tvímælis, hvenær þær ástæður sé fyrir hendi — og það er ofseint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Það virðist vaka fyrir háttv. minni hluta, að því stærri sem sjóðirnir sé, því meiri hætta sé á ruglingi og að starfið verði forstöðumanni ofvaxið. En reikningslega er vandinn alveg jafn mikill. Það er ekkert erfiðara að færa reikning stærri sparisjóða. Og óráðvendni getur alveg eins átt sér stað við hina smærri. Þessi ástæða er því heldur léttvæg.

Líka ber þess að gæta, að verði ekki haft sérstakt eftirlit nema með stærri sjóðunum, þá er hætt við, að menn keppist fremur við að koma fé sínu í þá sjóði, þar sem eftirlitið er strangara. Þetta gefur hverjum heilvita manni að skilja. En þá er líka hætt við, að minni sjóðirnir veslist upp, til stórtjóns fyrir héruðin, því að allir viðurkenna, að sparisjóðir sé nauðsynlegir, ekki aðeins til að taka á móti því fé, sem menn leggja fyrir, heldur líka til þess að hrinda fram þarfafyrirtækjum héraðsins.

Einn háttv. þm. var að tala um skoðanir manna í þessu máli á þingmálafundum. Hafi þessu atriði verið tekið illa þar, þá get eg ekki skilið, að það stafi af öðru en því, að menn hafa verið hræddir með þessari venjulegu grýlu, að það ætti að stofna nýtt embætti og það hefði aukin gjöld úr landssjóði í för með sér.

Sérstakt eftirlit er nauðsynlegt, þótt ekki sé nema vegna orðasveimsins um sparisjóðina, sem var víst orðinn talsvert útbreiddur. Og þótt hann hafi verið ósannur, þá er eftirlitið engu að síður nauðsynlegt til þess að hnekkja honum og vekja traust manna á þessum peningastofnunum.

Eg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) var að tala um póstsjóðina. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það fyrirkomulag væri óframkvæmanlegt eins og nú stendur á. Það er alveg óhjákvæmilegt, að peningarnir fari hringferð í héruðunum sjálfum, og peningar ætti mikið fremur að flytjast úr bönkunum hér upp í hvern

dal og út á hvern tanga á landinu og gera þar sitt gagn, heldur en flytjast úr sveitunum á vöxtu hér í Reykjavík.

Það hefir verið gert lítið úr því, hvað einn eftirlitsmaður muni geta áorkað. En eg hygg nú samt, að innan stutts tíma mundi hann kynnast efnahag manna út um landið og vita um lánstraust þeirra. Sé aftur á móti margir eftirlitsmenn, þá liggur það í augum uppi, að þeir geta aldrei fengið það heildaryfirlit, sem nauðsynlegt er.

Þegar þess er gætt, hve mikið það fé er, sem almenningur á á vöxtum í sparisjóðum landsins, þá skil eg ekki í því, að nokkur maður telji eftir sér að borga þetta fé, sem ráð er gert fyrir, til eftirlitsmanns, sem, eins og eg sagði, brátt mundi fá nauðsynlega þekkingu og yki tryggínguna fyrir þá menn, sem fé eiga inni í sparisjóðum. Eg get fallist á það, að launin muni kannske vera áætluð of lág — en hvort sem þau eru há eða lág, þá hygg eg ekki, að komið verði í veg fyrir það, að hlutdræg stjórn geti notað þetta sem bitling handa gæðingum sínum. Það er rangt hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það geri nokkurn mun í þessu efni, að þau sé hærri.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um það, að óheppilegt væri, að ekki mætti borga inn í sparisjóðinn, nema tveir menn úr stjórninni væri viðstaddir. Eg kannast fúslega við, að þetta er óheppilegt ákvæði, einkum þar sem sparisjóðir eru í sveitum, vegna þeirra erfiðleika, sem eru á því fyrir menn, að ná saman á hvaða tíma sem er. Og eg tel það vafasamt, hvort kvittun gjaldkera eins fyrir innborgun ætti ekki að vera næg trygging. Það er að vísu satt, að fyrir sparisjóðinn er tryggingin meiri, ef tveir menn úr stjórninni eru við, en ekki fyrir þann, sem leggur fé sitt inn. Auðvitað er það hart fyrir sparisjóðinn að bíða halla af óráðvendni eins manns, en ekki er það síður tilfinnanlegt fyrir einstaklinginn, að tapa sínu fé fyrir þær sakir. Þótt eg sé þessarar skoðunar, þá vildi eg samt ekki leggja það kapp á þetta, að eg gerði ágreiningsatriði í nefndinni. En eg mun greiða atkvæði með þeirri breyt.till., sem fram er komin í þessu efni. Sé sparisjóðirnir í kaupstöðum, þá er líku máli að gegna. Menn nota þá venjulega kaupstaðarferðir sínar til þess að gera upp sakir við sparisjóðina, og þá er hart fyrir sveitamenn að þurfa að fara óafgreiddir heim til sín og gera sér aðra ferð til kaupstaðarins, sem líka gæti verið til ónýtis.

Bjarni Jónsson: Eg get verið stuttorður, því að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir tekið flest það fram, sem máli skiftir.

Það gladdi mig að heyra undirtektir háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) í því atriði, er hann talaði um seinast í ræðu sinni. Mér hefir skilist það á mönnum, sem til þekkja og vit hafa á, að sparisjóðir út um land myndi neyðast til að hætta störfum sínum, ef það væri gert að skyldu, að tveir menn úr stjórninni væri viðstaddir hverja innborgun. Það er ekki svo skamt milli bæja til sveita, að tveir menn úr stjórninni sé alt af tagltækir á staðnum við hvert tækifæri. Og það mundi kosta viðskiftamenn sjóðsins mikið ómak, ef þeir gæti ekki notað þær ferðir, sem félli, til þess að gera skifti sín við sjóðina.

Það er rétt hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) það sem hann sagði um sparisjóðina í kauptúnunum, en þetta gildir engu síður til sveita. Það er oft, að gjaldkerinn býr 3—4 bæjarleiðir frá hinum stjórnendunum, og það mundi ekki kosta alllitla fyrirhöfn, ef alt af þyrfti að sækja hann og viðskiftamaðurinn yrði að bíða á meðan. Auk þessa er ósam-

ræmi milli fyrri og síðari hluta greinarinnar. Í fyrri hlutanum er það gert að skyldu, að 2 starfsmenn sé viðstaddir, en í síðara hlutanum er leyft að borga út, þótt ekki sé nema einn viðstaddur. Þar er gerð undantekning, sem hæglega getur orðið að aðalreglu. Satt að segja er greinin — hverja skoðun sem maður annars hefir á málinu — ómynd, og vildi eg, að hún yrði feld núna og annað nýtt og betra sett í stað hennar við 3. umræðu.

Mér er ekki um þessar grundvallarreglur, enda eiga þær ekki heima í lögum. Það nær engri átt að heimta því meiri tryggingu af féhirði, sem hann hefir meiri laun. Auðvitað getur verið að hann ætti þá hægra með að setja trygginguna, en aðalatriðið er, að hún sé einhver, og ætti hún þá jafnvel að vera heldur frekari, ef launin væri lítil eða engin, því að þeim mun meiri væri freistingin, ef fingralangur maður ætti í hlut. Nefndin hefir orðið sammála um að leggja það til, að þessi grein sé feld niður, enda var hún markleysa ein frá upphafi.

Ekki sé eg heldur að það sé nema til ills eins, að hafa ákvæði um það, að engin lán skuli fást endurnýjuð lengur en í 10 ár, því að þá verður bara breytt formi lántökunnar. Sama lánið verður látið heita annað lán. Auðvitað gerir þetta ekki mikinn skaða, ef menn hafa gaman af að vera að þessu, en óþarfi er það, og vel mætti slíkt vera komið undir ákvörðunum sjóðstjórnanna.

Eg er háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) þakklátur fyrir það, sem hann sagði um tryggingunа og honum samdóma um það.

Þá skal eg minnast á sjálfskuldarábyrgðarlánin og víxillánin, sem talað er um í 13. gr. Stjórninni þykir víst ilt að missa það ákvæði úr frumv., en eg verð að geta þess, að mínum kjósendum er það beinlínis skilyrði til þess að geta haft sparisjóð, að þeir fái að halda áfram að ráða sér sjálfir í því efni, og að löggjöfin sé ekki að þessu leyti að taka fram fyrir hendur þeirra.

Eg verð að geta þess, að þótt sumir menn sé hræddir við að hafa »þessar miljónir« eftirlitslausar, þá eru þær alls ekki eftirlitslausar, eins og nú er, þó að stjórnin eða einhver einn maður hafi ekki eftirlitið á hendi. Eg veit ekki betur, en að menn sé alveg jafngreindir, ráðsettir og ráðvandir út um sveitir landsins, eins og hér, og þeim sé alveg eins vel trúandi til að gá að sér og sínum hag, þótt ekki sé háar tryggingarupphæðir. Hins vegar er langt frá því, að eg hafi á móti þessum eina eftirlitsmanni af því, að hér sé verið að stofna nýja stöðu. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að gera það, ef þess þarf, og þá á líka að gera eitthvað svo að gagni komi. En þessi eini maður, sem frumv. gerir ráð fyrir, er ónógur og illa launaður.

Eg hefi reiknað það út, að ef hann ætti að geta skrúfað laun sín upp í 2700 kr., þá yrði hann að vera á ferðalagi 300 daga af árinu. Eg geri sem sé ekki ráð fyrir því, að hann steli. Hvernig menn ætla sér að fá góðan og glöggan mann til starfans með þessum kjörum — það skil eg ekki. En það er til annar vegur til þess að fá einhverja opinbera tryggingu fyrir því, að lag sé á sparisjóðunum, og það er að hagnýta sér þá löggiltu endurskoðendur, sem nú eru að komast inn í lögin á þessu þingi. Þeir eru einmitt til þess og annars eins. Auðvitað ætti þá landssjóður ekki að borga þeim, heldur sparisjóðirnir, enda væri ekki rétt að þeir fengi endurskoðunina fyrir ekkert. Þeim væri þetta hagur samt.

Eg ætla að biðja háttv. þingmenn að halda ekki að eg sé að fara með spaug,

þegar eg hermi það úr 9. gr., að kvittun féhirðis á ekki að vera gild, en þó má hann taka við peningum. Á hann að taka við þeim í sinn vasa, eða hvað? Það er eins og verið væri að gefa í skyn, hvernig þessir menn geti með hægu móti haft fé af mér eða öðrum fáráðlingum, sem kynni að trúa þeim, og liggur næst að skoða þetta sem fyndni hjá þeim, sem bjó frumvarpið til.

Enn mætti benda á það, að umsjónarmaður gæti falið öðrum manni að reka erindi sín, og aukið þannig laun sín, en farið hvergi sjálfur, og væri slíkt tæpast heppilegt.

Að endingu skal eg aðeins taka það fram, að eg er ekki að gera hv. nefnd neinar getsakir. — Hún hefir einmitt verndað dæmalaust vel sinn heiður við þessa umr.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) sagði, að nú væri sem fyrri barist um það, hvort eftirlitsmaður ætti að vera einn eða fleiri. Eg skil nú ekki þetta, því að einn á hann að vera, bæði eftir tillögum meiri hlutans og minni hlutans. Hvort sem hann er fastur starfsmaður landssjóðs eða tekinn úr Landsbankanum, þá er hann ekki nema einn, svo að gamla deilan kemur hér ekki til greina.

Þá fann háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) að því, hvað talið væri til eigna sparisjóðanna í nefndaráliti mínu. Já, eg er ólögfróður maður, svo að eg fór í smiðju þegar eg skrifaði þetta. Eg fór einmitt í stjórnartíðindin og fór nákvæmlega eftir skýrslum stjórnarráðsins þar um sparisjóði. Þar eru »eignir« þeirra taldar í 5 liðum, sem sé 1) fasteignaveðskuldarbréf, 2) sjálfskuldarábyrgðarlán, 3) lán gegn annari tryggingu, 4) útistandandi vextir, 5) í sjóði.

Ef ekki má nú nota sömu nöfn og stjórnin hefir í opinberum skýrslum, og ekki samþykkja brt. af því að farið hefir verið eftir dæmi hennar, þá þykir mér fara að verða nokkuð vandlifað.

Það er eitt atriði, sem allir háttv. þm. sem talað hafa, og þá sérstaklega háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.), hafa tekið fram, og það er, að fé sparisjóðanna eigi að vera óhult. Ef þeir hugsa hugsunina til enda og meina eitthvað með þessu, þá hygg eg, að þeir hljóti að komast að sömu niðurstöðu og drepið er á í nefndaráliti minni hl., sem sé að greina sundur sparisjóði og banka. Þessir sparisjóðir, sem eru að vaxa upp í smábanka, geta ekki gefið allskostar fulla tryggingu. Að vísu hefir svo reynst hingað til, að ekki hefir orðið tjón að þessu, en vilji menn vera *vissir*, þá verða þeir að fara þessa leið, sem eg gat um. Hún er eina hugsanlega leiðin.

Það er sannfæring þeirra manna, er halda fram einum sérstökum embættismanni til eftirlitsins, að á þann hátt verði eftirlitið stórum betra en ella. Þó að engin trygging sé fyrir því, að sparisjóðirnir sé óhultir, þá verð eg að vera háttv. þm. Dal. (B. J.) samdóma um það, að þeir sé alls ekki eftirlitslausir.

Ef ekkert má gjöra úr kunnugleik sparisjóðsstjórna og ábyrgðarmanna, — fjármunalegri áhættu sjálfra þeirra og drengskapartilfinningu — ef það er einskis virði, að þeir eigi á hættu að glata mannorði sínu og komast ef til vill undir refsingu laganna — ef alt þetta er einskis nýtt, þá geri eg ekki mikið úr tölueftirliti umsjónarmannsins.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Eg skal ekki lengja umræður nema sem minst. Eg er ánægður yfir því fyrir hönd meiri hl., að mér skilst svo á flestum ræðumönnum, að þeir telji hann stefna rétt í brt. sínum

Það þýðir því ekkert að fjölyrða um þau einstök atriði, sem ekki er ágreiningur um. Þó skal eg leyfa mér að minnast á eitt eða tvö smáatriði.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) skoðuðu það báðir óþarft að nema burtu hlutafélagahugmyndina. Mér skildist svo, sem þeir væri sammála um það, að enginn munur væri á því, hvort sparisjóðir væri hlutafélagseign eða að tekin væri ábyrgð á svo og svo mikilli upphæð, þegar stofnunin er sett á laggirnar, eins og víða á sér stað. Eg verð nú samt að halda því fram, að greinarmunur sé nokkur á þessu. Hlutafélög eru fyrst og fremst fjárgróðafyrirtæki, en sparisjóðir eru venjulega nokkuð annað og »ideellara«. Í hlutafélögum má gjöra ráðstafanir til þess, að meiri hlutinn af hagnaðinum renni beint í vasa hluthafanna, ef vel gengur, t. d. með því að auka hlutafjárstofninn að nafninu einu, án þess að innborga hlutafé o. s. frv., en þetta er ekki hægt með hinu fyrirkomulaginu, og tek eg þessi dæmi að eins til þess að skýra muninn.

Margir hafa talað um, að það sé óheppilegt í 9. gr. að binda allar greiðslur við undirskrift tveggja manna. Það var nú talað um það í nefndinni, að kvittun eins manns úr stjórninni ætti að nægja, en meiri hl. áleit, að af þessu myndi ekki stafa það óhagræði, að nauðsyn væri á breytingum þess vegna. En ekki er mér þetta neitt kappsmál, og svo hygg eg sé með fleiri í nefndinni.

Þá skal eg minnast á 13. gr. Eg skal þegar geta þess, að mér skildist á háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.), að hann áliti það óheppilegt hjá meiri hl., að fella burtu ákvæðið um víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán. Eg verð nú að álíta, að eins og það ákvæði kemur fram hér í frv. stjórnarinnar, þá sé tryggingin ekki meiri. Það væri hugsanlegt að orða þetta á annan hátt, t. d. þannig, að svo og svo mikill hluti lánanna skuli ætíð vera trygður með 1. veðrétti í fasteign. Þetta ákvæði á að fella burtu, en svo getur verið spurning um það, hvort ekki ætti að setja önnur sérstök tryggingarákvæði í staðinn, og sé það gjört, þá ætti þau að ganga í svipaða átt og eg gat um áðan.

Út af því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) o. fl. hafa sagt um framlengingu lána, að hreinlegra sé að veita þau til langs tíma, með ákveðnum árlegum afborgunum, er það að segja, að það er nú orðin tízka að veita þau ekki nema til skamms tíma og endurnýja þau þá heldur, ef kringumstæður eru óbreyttar. Þær geta altaf breyzt, og þá er bezt að geta sagt upp, ef á þarf að halda.

Þá skal eg víkja með örfáum orðum að eftirlitsmanninum. Eg get ekki fallist á, að það sé fullkomlega á rökum bygt, sem háttv. framsögum. minni hl. (G. H.) sagði til stuðnings till. minni hl. í því efni. Hann tilfærði hitt og þetta sem ástæður, og áleit að eftirlitsþörfin væri ólík eftir því, hvort sjóðirnir eru stórir eða litlir. Það getur nú verið, en það er eins og ekki sé tekið nóg tillit til þess við þessar umr., eftir *hverju* þessi maður á að líta. Það er eins og menn haldi, að hann eigi að athuga *það eitt*, hvort nógu góðir menn standi á bak við skuldabréfin. En það er langt frá því að þetta sé alt verk hans. Það er gjört ráð fyrir því, að stjórnarráðið ákveði alveg fastar reglur um það, hvernig sparisjóðir eiga að starfa, og búi þeim til fyrirmyndir að skjölum og bókum o. s. frv. Ef sparisjóðirnir hefði ekki vit á að fylgja þeim reglum, eða mætti trassa það, þá væri til lítils að vera að setja þessi lög. Og hvar á að fást vissa fyrir því, að þeim verði fylgt? Það á einmitt að vera eitt aðalhlutverk eftirlitsmanns, að

gæta þess, og í því felst aðaltryggingin. Það þyrfti ekki að semja mikinn lagabálk til þess eins, að fá litið eftir tryggingum einstakra lána. Þessu virðast mér háttv. þm. ekki hafa tekið eftir, og þegar um það er að ræða, að koma föstu og samskonar fyrirkomulagi á alla sparisjóði í landinu, þá er sama þörfin til þess, hvort sem þeir eru stórir eða smáir. Hér er því veila í hugsun háttv. 1. þm. Hún. (G. H.).

Það er auðvitað, að þetta gæti gengið með litla sjóði, ef góðir menn standa að þeim og gæta þeirra. En ef nú mennirnir, sem að þeim standa, eru ekki góðir eða gæta þeirra illa? Hvað þá? Spurningin er: Er þörf á að setja þessi ákv.? Ef svo er, er þá ekki líka þörf á að sjá um að þeim sé fylgt? Þegar vér setjum einhver lög, þá gerum vér það með því augnamiði, að farið sé eftir þeim í öllgreinum, og til þess er nauðsynlegt að hafa eftirlit.

Hvað það snertir, að ekki muni vera hægt að fá hæfan mann í þessa stöðu fyrir svo lítil laun, þá skal eg geta þess, að þetta kom til tals í nefndinni, og þótti oss fyrst 3000 kr. laun hæfileg, en af því að vér bjuggumst við að maðurinn myndi verða á dagpeningum mikinn hluta ársins, þá þótti oss ekki ástæða til að breyta þessu. Eg skal fúslega viðurkenna, að mér finst viðkunnanlegra, að láta eftirlitsmanninn hafa föst laun, en láta hann aftur ekki fá neina dagpeninga þegar hann er á ferðalagi, og eg vona að meiri hlutinn gæti fallist á tillögu þess efnis, ef hún kæmi fram.

Einar Arnórsson: Eg skal reyna að vera stuttorður, enda eru umræður orðnar nokkuð langar. Því er miður, að hæstv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) er ekki viðstaddur, því að eg ætlaði að svara honum nokkrum orðum. Hann talaði um, að eftirlitsmaðurinn gæti komið í veg fyrir, að óreiðumenn fengi peningalán í sparisjóðunum, eins og nú ætti sér stað. Það getur verið, að það hafi komið fyrir, að óreiðumenn hafi fengið lán í sparisjóðunum og víðar. En nú er síður hætta á því en áður, því að margir slíkir menn eru orðnir þektir um allar sveitir og enginn lánar þeim. Eg býst líka við, að eftirlitsmaðurinn gæti ekki mikið gert til þess að fyrirbyggja að þessir menn fengi lán, því að hann myndi ekki rannsaka hvern sparisjóð nema einu sinni á ári, ef það þá yrði svo oft, sem eg efast mjög um. Hann gæti varla gert það oftar, því að sparisjóðirnir eru nú orðnir svo margir. Þeir vóru 1910 30 á öllu landinu auk Reykjavíkur, og hafa víst fjölgað síðan.

Minni hluti nefndarinnar stingur upp á því, að stjórnarráðið fái heimild til að heimta, að sparisjóðirnir láti því í té allar nauðsynlegar skýrslur um rekstur sparisjóðanna og allan hag þeirra. Þetta sýnist mér sjálfsagt fyrirkomulag. En gæti þá ekki stjórnarráðið, eins vel og eftirlitsmaðurinn, haft eftirlit með því, að einstakir menn, sem hefði flækt Pétur og Pál, Jón og Þórð í ábyrgðir, fengi ekki lán lengur. Eg býst við, að mér verði svarað því, að stjórnarráðið hafi nóg á sinni könnu, og þyrfti þá að bæta við sig mönnum. En eg hygg, að nú sé t. d. á 3. skrifstofu nægur mannafli til þess að yfirlíta reikninga og skýrslur sparisjóða landsins. Þar hefir nú verið bætt við manni, og svo er nú komin á fót hagstofa, svo að ekki tefja landshagsskýrslurnar lengur. *(Klemens Jónsson:* Vörutollurinn er kominn í staðinn). Þó að vörutollurinn sé kominn í staðinn, þá eru víst nógir menn til þessa.

Viðvíkandi ákvæði 17. greinar, um að hver sparisjóður skuli alt af eiga að

minsta kosti 5% af innstæðufénu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, í tryggum verðbréfum eða í banka, þá finst mér þetta vera nokkuð hart, ekki sízt fyrir unga og litla sparisjóði. Eg þekki slíka sjóði, sem ágætismenn standa að, og eru fullkomlega tryggar peningastofnanir, t. d. sparisjóðurinn »Gullfoss« í Árnessýslu, sem ekki myndi geta fullnægt þessu skilyrði. Þessi sparisjóður, sem eg nefndi, var stofnaður árið 1906, og á nú í innstæðufé samtals 45.000 kr., en varasjóður hans nemur 12—1300 kr. Eftir 17. gr. þessa frumv. yrði hann auk varasjóðsins að leggja 5% af 45.000 kr., eða 2250 kr., í banka. Eg sé ekki, að hægt sé með nokkurri sanngirni að heimta slíkt. Þessi upphæð er á 3. þúsund krónur, og er þá auðséð, að sjóðurinn yrði að leggja niður starfsemi sína, ef hann ætti að fullnægja þessu skilyrði. Eg veit, að samkvæmt 2. gr. frumv. er stjórnarráðinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum einstakra greina, en eg á alls ekki víst, að það geri það. (*Klemens Jónsson:* Varasjóður þessa sparisjóðs er nokkuð lítill). Að vísu kann svo að vera, en það er líka aðgætandi, að sparisjóðurinn er í heild sinni lítill og líka ungur. Eg þekki alla mennina, sem að honum standa, og veit, að þeir eru allir mjög áreiðanlegir og heiðarlegir menn. Og einn þeirra hefir auk þess starfað við sparisjóði í yfir 20 ár. Í sambandi við þetta má geta þess, að sparisjóðir hafa nú vanalegast reikningslán að einhverju leyti hjá bönkunum. Eg tel miklu réttara, að sparisjóðirnir fengi fé að láni hjá bönkunum, heldur en að þeir verði lögskyldaðir til þess að lána bönkunum fé.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) færði það fram sem meðmæli með þessum fyrirhugaða eftirlitsmanni, að hann myndi koma í veg fyrir, að sparisjóðirnir biði tjón af viðskiftum sínum. Hann lét svo um mælt, að nú yrði brunnurinn ekki byrgður fyrr en barnið væri dottið ofan í hann, þ. e. a. s., að ekkert yrði að gert fyrr en sjóðurinn hefði þegar tapað eða væri kominn í það ástand, að tap yrði óhjákvæmilegt. En eg hygg, að þessi eftirlitsmaður myndi ekki heldur að jafnaði byrgja brunninn fyrr en barnið væri dottið ofan í hann.

Það hefir verið sagt, að menn tryði ekki litlu sparisjóðunum fyrir fé sínu vegna þess, að ekkert eftirlit yrði haft með þeim af hálfu hins opinbera, ef breytingartillögur minni hlutans yrði samþyktar. Þetta er víst óhætt að segja að sé rangt. Trú manna á sparisjóðina fer víst ekki að jafnaði eftir stærð þeirra, heldur *eftir því, hvert traust* menn hafa á forstöðumönnum þeirra.

Eg get bent á það, að þótt þetta opbera eftirlit með sparisjóðunum kæmist á og þessi eftirlitsmaður yrði ráðinn, þá er ekki loku skotið fyrir, að menn yrði samt hrekkjaðir. Það er því miður ekki dæmalaust, að menn sé hrekkjaðir á þessu opinbera eftirliti. T. d. er opinbert eftirlit haft með sýslumönnum hér á landi, og kemur þó helzt til oft fyrir, að sjóðþurð verður hjá þeim. Og eg hefi ekki meiri trú á eftirlitsmanni sparisjóðanna, heldur en stjórnarráðinu. (*Sveinn Björnsson:* Það hefi eg). Já, vera má, að svo sé. Það tjóar ekki að deila um það, því að það er náttúrlega trúaratriði.

Eg skal fúslega játa, að það er rétt sem hæstv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) sagði, að æskilegast væri að sparisjóðir takmörkuðu eftir föngum víxil- og sjálfskuldarábyrgðarlán sín. En eg sé ekki, að eftirlitsmaður sparisjóðanna geti nokkuð við það ráðið.

Eg held, að þessi eftirlitsmaður meiri hlutans og stjórnarfrumvarpsins verði svo gagnslaus og þó tiltölulega dýr, að engin veruleg eftirsjá sé að honum, enda mun eg ekki hika við að greiða atkv. með tillögum minni hluta nefndarinnar um þetta atriði.

Stefán Stefánsson: Það sem eg ætla að segja eru aðeins örfá orð.

Eg gat um það í ræðu minni áðan, að komið hefði til tals á þingmálafundum í Eyjafirði, hvort heppilegt myndi að leiða í lög líkt frumvarp um sparisjóði og lá fyrir síðasta þingi.

Út af undirtektum þingmálafundanna spyr svo hæstv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.), hvað Eyfirðingar sé hræddir við að þessu leyti.

Þessu er því að svara, að Eyfirðingar álíta slík lög meira til ógagns en gagns, og hvað þeirra sparisjóði snertir sérstaklega, þá eru þeir öldungis óhræddir um þá án alls opinbers eftirlits.

Það hélt eg að allir hlyti að sjá, að fremur þyrfti að hafa eftirlit með stórum sparisjóðum heldur en með litlum, því að sjálfsögðu vex alt starf og stjórn við sjóðina, því stærri sem þeir eru, eins og eg hefi áður tekið fram. Eg get því alls ekki fallist á þá skoðun háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.), að eftirlit sé engu síður nauðsynlegt með hinum smærri sem hinum stærri sparisjóðum, t. d. að taka, þegar inneignir nema yfir 100,000 krónum.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 15:2 atkv.

1. a. breyt.till., við 2. gr., á þskj. 121, samþ. með 17 shlj. atkv.

1. b. breyt.till., við 2. gr., á þskj. 121, samþ. með 15 shlj. atkv.

25. gr. þar með fallin.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2. b. breyt.till., við 3. gr., á þskj. 121, samþ. án atkv.gr.

2. b. br.till., við 3. gr., á þskj. 121, samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4. og 5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

3. br.till., við 6. gr., á þskj. 121, sþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

1. br.till. á þskj. 137, við 7. gr., feld með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Guðmundur Eggerz	Bjarni Jónsson
Skúli Thóroddsen	Björn Kristjánsson
Stefán Stefánsson	Einar Arnórsson
	Hannes Hafstein
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Sigurður Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson.

Eggert Pálsson, Björn Hallsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Pétur Jónsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hluta.

7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

4. br.till. á þskj. 121, við 8. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

2. br.till. á þskj. 137, við 8. gr., sþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Guðm. Hannesson	Jón Jónsson
Benedikt Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	Magnús Kristjánss.
Björn Hallsson	Matthías Ólafsson
Einar Arnórsson	Pétur Jónsson

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Sigurður Gunnarsson
Guðmundur Eggerz	Sveinn Björnsson
Hjörtur Snorrason	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson	

Björn Kristjánsson og Jóhann Eyjólfsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hlutans.

8. gr., þannig breytt, samþ. með 12 : 6 atkv.

Fyrri málsgr. 9. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

Önnur málsgr. 9. gr. sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Hallsson	Eggert Pálsson
Guðm. Eggerz	Benedikt Sveinsson
Hannes Hafstein	Bjarni Jónsson
Jón Magnússon	Einar Arnórsson
Magnús Kristjánsson	Jón Jónsson
Matthías Ólafsson	Sigurður Sigurðsson
Pétur Jónsson	Skúli Thóroddsen
Sigurður Gunnarsson	Stefán Stefánsson
Sveinn Björnsson	Þorleifur Jónsson.
Þórarinn Benediktss.	

Guðmundur Hannesson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason og Jóhann Eyjólfsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hl.

5. br.till. á þskj. 121, við 10. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. þar með fallin.

11. gr. frv. samþ. með 12 shlj. atkv.

3. br.till. á þskj. 137, við 6. br.till. á þskj. 121 talin samþ. án atkv.gr.

6. br.till. á þskj. 121, við 12. gr. frv., sþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

7. a. br. till. á þskj. 121, við 13. gr. frv. talin samþ. án atkv.gr.

7. b. br.till. á þskj. 121, við 13. gr. frv., samþ. með 12 shlj. atkv.

13. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 14 shlj. atkv.

8. br.till. á þskj. 121, við 14. gr. frv., samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

15. gr. frv., óbreytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

9. a. br.till. á þskj. 121, við 16. gr. frv., talin samþ. án atkv.gr.

9. b. br.till. á þskj. 121, við 16. gr. frv., (4. brt. á þskj. 132) talin sþ. án atkv.gr.

16. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

17. gr. frv. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Bjarni Jónsson
Einar Jónsson	Björn Hallsson
Guðm. Eggerz	Björn Kristjánsson
Hannes Hafstein	Einar Arnórsson
Jón Magnússon	Hjörtur Snorrason
Magnús Kristjánss.	Jón Jónsson
Matth. Ólafsson	Sig. Sigurðsson
Pétur Jónsson	Skúli Thoroddsen
Sig. Gunnarsson	Þór. Benediktsson
Stefán Stefánsson	Þorleifur Jónsson.
Sveinn Björnsson.	

Jóhann Eyjólfsson greiddi ekki atkv. og var talinn til meiri hlutans.

18. gr. frv. samþ. með 13 shlj. atkv.

5. br.till. á þskj. 137, við 19. gr. frv., talin samþ. án atkv.gr.

19. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 22 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Skúli Thoroddsen
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Arnórsson, Jóhann Eyjólfsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og vóru taldir til meiri hlutans.

6. br.till. á þskj. 137, við 20. gr. frv., talin samþ. án atkv.gr.

7. br.till. á þskj. 137, við 20. gr. frv., talin samþ. án atkv.gr.

20. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

10 a. br.till. á þskj. 121, við 21. gr. frv., samþ. með 17 shlj. atkv.

10 b. br.till. á þskj. 121, við 21. gr. frv., samþ. með 17 shlj. atkv.

21. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

8. brtill. á þskj. 137, (að 22. og 23. gr. falli burt), sþ. með 16:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Guðm. Hannesson	Jón Jónsson
Benedikt Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	MagnúsKristjánsson
Björn Hallson	Matthías Ólafsson
Einar Arnórsson	Pétur Jónsson
Einar Jónsson	Sig. Gunnarsson
Guðm. Eggerz	Sveinn Björnsson
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	

Já:	*Nei:*
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Þeir Björn Kristjánss., Hjörtur Snorrason og Jóhann Eyjólfsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hl.

Einn þm. fjarstaddur.

8. brtill. á þskj. 137, (að í staðinn komi 21. gr.), feld með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Hannes Hafstein
Guðmundur Eggerz	Jón Magnússon
Sigurður Sigurðsson.	Magnús Kristjánsson
Stefán Stefánsson	Matthías Ólafsson
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson
	Sig. Gunnarsson
	Sveinn Björnsson

Þessir greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hl.: Bjarni Jónsson, Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Jón Jónsson og Þórarinn Benediktsson.

Tveir þm. fjarstaddir.

13. brtill. á þskj. 121, samþ. með 16 shlj. atkv.

8. brtill. á þskj. 137, (»24. gr. orðist þannig o. s. frv.«) sjálffallin.

26., 27. og 28. gr. frumvarpsins hver um sig samþykt með 16 samhljóða atkvæðum.

14. brtill. á þskj. 121, samþ. með 14 shlj. atkv.

29. gr. þar með ákveðin.

30., 31. og 32. gr. frumv. hver um sig sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13:5 atkvæðum.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 27. júlí, var frumv. tekið til 3. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 24. fundi Nd., miðvikud. 29. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (þskj. 181 210, 226, 243, 244, 247, 259).

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Það hefir nú tekist svo undarlega til, að eg, sem við 2. umr. var framsögum. minni hlutans, er nú orðinn framsögum. meiri hlutans. Það stendur svo á því, að háttv. deild tókst svo óhönduglega með þetta frumv. við 2. umr. Meiri hluti deildarinnar virtist hallast að skoðun minni hluta nefndarinnar um það, að ekki væri ástæða til að setja á fót sérstakt embætti eða fastan starfsmann til þess að líta eftir sparisjóðum, en eigi að síður var ein aðalgreinin úr breyt.till. minni hlutans feld, svo að frumvarpið varð hvorki heilt né hálft og hrein meiningarleysa. Nefndarmenn vildu þó gera tilraun til þess að bjarga frumv. — að minsta kosti út úr þessari deild. Meiri hluti nefndarinnar og eg komum oss því saman um brtill. á þskj. 210 og verði þær samþyktar, er bætt úr því botnleysi, sem frumv. lenti í við 2. umr.

Þá hefir og orðið samkomulag um brtill. á þskj. 259, sem segja má um, að sé frekar frumvarpinu til skýringar, en breyting á því.

Ef litið er á það skipulag, sem nefndin gerir ráð fyrir að komist á, verði þessar brtill. samþyktar, þá er fyrst og fremst þess að geta, að samskonar bókfærsla — og hún hentugri en nú á sér stað, kemst á við alla sparisjóði í landinu. Öll skjöl verða sniðin eftir sömu fyrirmyndum, er hyggilegastar þykja. Til þess að koma þessari breytingu á, sem gert er ráð fyrir, verður bankavanur maður sendur *eitt sinn* til allra sparisjóða á landinu og á hann jafnframt að kynna sér hag þeirra. Á þennan hátt ætti að fást sæmileg þekking á því, hvort um verulegt ólag er að ræða eða ekki. Þess fer að verða full þörf, meðal annars vegna aðgerða þingsins, sem hefir nú í 2 ár gert sitt til þess að vekja tortrygni gegn sparisjóðunum, með umræðum um þetta mál á tveim þingum.

Í öðru lagi verða sjóðirnir tryggari að því leyti, að varasjóður er að mestu leyti handbært fé og auk þess 5% af innstæðufé stærri sjóðanna. Fæst þannig betri trygging en áður bæði fyrir því, að sjóðirnir geti borgað þeim, sem segja upp innlánum og sömuleiðis mætt óvæntum halla án þess að lenda í vanda.

Í þriðja lagi er komið á fót föstu eftirliti á ári hverju með *nokkrum* sparisjóðum, sérstaklega þeim stærstu.

Nefndin gerir ráð fyrir því, að á ári hverju láti stjórnarráðið hæfan mann — líklega úr Landsbankanum — líta eftir nokkrum sjóðum, en ætlast ekki til að fastur starfsmaður sé ráðinn til þess. Hitt mundi sjálfsagt, að sami maður hefði eftirlitið með höndum ár eftir ár, meðan því yrði viðkomið. Á þennan hátt hefði allar sparisjóðs stjórnir töluvert aðhald, því að þær vissi aldrei hve nær eftirlitsmaðurinn kæmi og athugaði alt ástand sjóðsins.

Það eru öll líkindi til að þess konar eftirlit kæmi að fullum notum og jafnframt yrði það óbrotnara og ódýrara en fastur eftirlitsmaður.

Nú hefir borist að fjöldi af nýjum breyt.till. bæði við frumvarpið sjálft og aðalbreyt.till. meiri hlutans. En nú er úr þessu orðin sú tillöguflækja, að ekki er allskostar vandalaust að villast ekki við atkvæðagreiðslu.

Mér dettur ekki í hug að fara að elt-

ast við allar þessar brtill. Þær eru misjafnar og margar þeirra sízt að lasta. Eg skal þó drepa lítið eitt á brtill. á þskj. 226 frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og háttv. þingm. Dal. (B. J.) 1. lið, að úr 4. gr. sé feld orðin »eða leyfi stjórnarráðsins« getur meiri hlutinn fallist á. 2. liður virðist þýðingarlaus, þar sem meiri hlutinn hefir komið með samskonar brtill. á þskj. 259. Nefndin leit svo á, að þó að frumv. greini á milli stjórnar og starfmanna, þá mætti stjórnendur við hina smærri sparisjóði hafa sjálfir með höndum bókara og gjaldkerastörf.

3. liður er tekinn upp í aðalbreyt.till. vora á þskj. 210.

4. liður er óþarfur vegna þess, að það, sem tillagan fer fram á, liggur í 11. gr., þar sem stjórnarráðinu er falið að setja reglur um gerðabókarhaldið.

Viðvíkjandi 5. lið þá skal eg geta þess, að eg skil það vel, að mörgum muni þykja það hart að festa 5% af innstæðufénu. En meiri hlutinn leit ekki svo á, að féð væri algerlega fest með þessu. Vér álítum að taka megi til þessa fjár, en aðeins væri skylt á ákveðnum tíma, t. d. um nýár, að fylla í skörðin, svo að ákveðin upphæð væri fyrir hendi. Oss er það ekki mikið kappsmál, hvort þessi upphæð verður færð niður í 3%, en álítum það þó ekki til bóta. En meiri hl. getur alls ekki fallist á það, að nema þessa skyldu burtu með öllu.

Viðvíkjandi brt. á þskj. 244, er líkt að segja. Falli aðalbrt. meirihl. í þessu efni, þá getur hann fallist á þessa tillögu.

6. lið getur meiri hlutinn fallist á.

7. liður gerir enga verulega breytingu á frv. og því ekkert unnið við að samþykkja hann.

8., 9. og 10. lið felst meiri hl. á.

Þá er brt. frá umboðsmanni ráðherra (Kl. J.) á þskj. 247. Eg býst við því, að verði brt. nefndarinnar á þskj. 259 samþykt, þá sé þessi till. sjálffallin, því að hún fer alveg í sömu átt.

Eg held, að eg hafi þá talið upp helztu brt., þó að menn sé ef til vill litlu fróðari eftir.

Ef menn gæta allrar varkárni við atkvæðagreiðsluna, þá vænti eg þess, að vér getum komið þessu frv. í sæmilegum búningi út úr deild vorri, og það geti orðið til einhvers góðs.

Umboðsm. ráðh. (Kl. J.): Það er rétt, hjá háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) að þetta mál var komið í talsvert óefni eftir atkvæðagreiðsluna úr 2. umr. þess, en nú lítur svo út, sem því verði komið í viðunanlegt horf, einkum ef samþykt verður brt. nr. 2 á þskj. 210.

Eg get fullkomlega aðhylst brt. á þskj. 210, 1. lið, sem er sama tillagan og á 226, þriðja lið. Stjórnin hafði einmitt hugsað sér að taka þetta ákvæði upp, en féll þó frá því, vegna þess að því gagnstæð ályktun var tekin í báðum deildum í fyrra.

Eg hefi leyft mér að koma fram með brt. á þskj. 247, að í stað 100 þús. kr. kæmi 50 þús. kr. Gerði eg það meðal annars til þess, að fleiri tala en ein gæti komið til atkvæða. En nú sé eg, að meiri hluti nefndarinnar hefir komið með samskonar brt. á þskj. 259. Verði sú till. samþykt, þá skoða eg mína tillögu sjálffallna. En verði það ekki, þá verð eg að halda því fram, að réttara sé að aðhyllast mína tillögu, en tillöguna á þskj. 226 nr. 2.

Það gefur að skilja, að þetta ákvæði, eins og það er orðað á þskj. 226, er næsta þýðingarlítið, ef því er ekki ætlað að ná nema til 2—4 sparisjóða, eftir því sem var í síðustu skýrslu um sparisjóði — sennilega yrði þeir fjórir nú. Ef mín brt. yrði samþykt, þá yrði þeir þó 6, eða nú líklega 9, meiri er nú

ekki breytingin. Og það er ekki til of mikils ætlast, að sjóðir, sem hafa 50 þús. kr. innstæðufé og þar yfir, hafi sérstakan bókara og gjaldkera.

Þá skal eg minnast stuttlega á brt. tveggja háttv. þm. við 12. gr. á þskj. 226. Aðaltillagan er þess efnis, að 3. málsgrein falli alveg niður, en til vara að setja 3% í staðinn fyrir 5%. Eg held, að það hafi verið háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem gat þess við 1. umr., að ákvæðið í 16. gr. um 5% í handbæru fé sé nokkuð hart, auk ákvæða 2. gr. Hann tók það fram, að það gæti komið fyrir, að sparisjóðir ætti ekki svo mikinn varasjóð, og nefndi t. d. sparisjóðinn Gullfoss í Árnessýslu. Það er nú alveg sjálfsagt, að þótt þessi ákvæði standi, þá verður ekki heimtað meira en hann er, þangað til hann hefir náð fullri upphæð. Það dettur engum í hug, að ætlast til að hann fari að auka við varasjóð sinn frekar en gerist á eðlilegan hátt, svo í þessu er engin mótsögn, en vera má, að það þætti nærgætnislegra að samþykkja varatillögu á þskj. 226. Það er ætíð álitamál, hvaða tölur eru réttar. Í sparisjóði, sem hefir 50 þús. kr. vísa innstæðu, er ætlað til að hafa handbært eftir 12. og 16. gr. 2500 +2500 kr. = 5000 kr. Þetta kann að vera nokkuð hátt, og sanngjarnara sé að hafa eftir 16. gr. 2500 og eftir 12. gr. samkv. varatillögum 1500=4000 kr. Eg get því vel aðhylst varatill.

Eg skal í sambandi við þetta minnast á brt. við 16. gr., þar sem farið er fram á að sleppa því ákvæði, sem stóð í frv., að varasjóður skuli vera í peningum. Þessu ákvæði vilja háttv. þm., sem standa að brt. á þskj. 226, alveg sleppa, en það get eg alls ekki fallist á. Sennilega á það að nægja, að inneign sé í Landsbankanum, sem sé sama sem peningar, en það er það enganveginn hjá sparisjóðum langt frá Rvík.

Það hefir verið tekið fram, að rétt væri að breyta orðinu »bönkum« í »Landsbankanum«, til þess að leiðrétta ósamræmi, sem ella yrði í frv. Þetta var nú nauðsynlegt samræmisins vegna, en annars er það vitanlegt, að það eru til sparisjóðir, sem skifta líka við Íslandsbanka, og gæti eg þá hugsað, að sá banki setti þeim það skilyrði, að þeir ætti verðbréf sín hjá honum. — Þetta gæti því ef til vill orðið til þess, að hann neitaði sjóðum um viðskifti, ef það yrði samþykt að einskorða þetta við Landsbankann, og þetta er íhugunarvert.

Það lítur út fyrir það nú orðið, að þetta frv. ætli þó að komast hér út úr deildinni í viðunanlegum búningi, og þá ætti ekki að þurfa að óttast háttv. Ed. Þetta er vel farið, því að þetta frv. er þýðingarmesta málið, sem fyrir þinginu liggur, næst á eftir stjórnarskrármálinu, og varðar því miklu, að það fái góðar endalyktir.

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Það fór svo fyrir mér áðan, að eg viltist á allri þingskjalahrúgunni, og gleymdi einni breyt.till. á þskj. 243, sem er töluvert þýðingarmikil. Hún fer fram á það, að taka upp gamla fyrirkomulagið aftur, sem fyrr hefir verið haldið fram á þingi, og skipa sparisjóðunum marga eftirlitsmenn í héruðunum í stað hins eina. Meiri hl. er það kappmál, að þetta verði ekki samþykt, því að það yrði alt af til þess að gera eftirlitið ótryggara. Og eg er á sömu skoðun eftir að eg hefi athugað þetta betur. Það yrði aldrei hjá því komist, að þessir eftirlitsmenn í héruðunum gæti verið eitthvað háðir stjórnendum sparisjóðanna, skuldunautum þeirra eða ábyrgðarmönnum, og þeir eða þeirra ætti eitthvað undir sjóðunum. Kostnaðurinn við, að einn maður

líti eftir nokkrum sjóðum á ári, getur tæplega orðið svo mikill, að margir eftirlitsmenn verði ódýrari. Breyt.till. er til verra eins, því að þótt sumir sjóðir kynni að fá góða eftirlitsmenn, þá yrði erfitt að tryggja sér, að alstaðar yrði svo, og eg fyrir mitt leyti býst við að þetta gæti stórspilt gagninu af eftirlitinu.

Guðmundur Eggerz: Eins og kunnugt er, stuðlaði meiri hlutinn að því við síðustu umræðu, að 21. gr. var feld. Þetta gerði það að verkum, að frumv. varð að þeim óskapnaði, að það mátti ekki fara svo út úr deildinni. Nú eru komnar fram breyt.till. til þess að bæta úr þessu, og skil eg það vel, að meiri hl. og háttv. umboðsm. ráðherra (Kl. J.) sé ánægðir með þær, einkum þó þskj. 210, þar sem í aðalatriðunum er alveg gengið inn á það, sem upprunalega stóð í frumv. Ágreiningurinn milli meiri og minni hl. var um umsjónarmanninn, og hann er nú kominn aftur grímuklæddur á þskj. 210.

Eg undrast það, að framsögum. meiri hl. (G. H.) hefir farið fulla hringferð í þessu máli síðan þann 17. þessa mán. *(Klemens Jónsson:* Það er lofsvert). Vera má að svo sé, það er að segja, ef skoðun hans nú er þá réttari, en í hring hefir hann farið, það má færa rök að því. Þann 17. júlí var hann á því, að takmarka sig við sjóði, sem væri 100 þús. kr. og þar yfir, en nú skilst mér það vera meiningin, að gera engar undantekningar, því að þótt talað sé um að taka sérstakt tillit til stærstu sparisjóðanna, þá er það óákveðið orðalag. Hvað eru stærstu sparisjóðir?

Þann 17. þ. m. var háttv. framsögum. meiri hl. (G. H.) á því, að eftirlitsþörfin væri ekki brýn, nema sjóðirnir væri yfir 100.000 kr., og þá áleit hann, að endurskoðunin mundi ekki koma að tilætluðum notum, en nú er þessu öllu breytt. Eg er ekki að álasa honum fyrir þetta. Það getur verið eðlilegt, að menn skifti um skoðun, og hefir margur gert það á skemmri tíma en 12 dögum. En vér hinir getum nú ekki verið á sömu skoðun og stjórnin um þetta eftirlit hennar. Vér höldum, að það muni verða dýrt, ekki minna en 7—8 þús. kr. á ári, og svo sé þess ekki þörf fyrir litla sparisjóði. Að öðru leyti skal eg leyfa mér að skírskota til nefndarálits minni hl. á þskj. 137.

Þá ætla eg að minnast á breyt.till. á þskj. 243. Þar er gert ráð fyrir því, að stjórnin skipi hverjum sparisjóði sérstaka eftirlitsmenn í héraði. Háttv. framsögum. meiri hl. (G. H.) áleit þetta ekki heppilegt, og eg verð að vera á sömu skoðun. Eg sé ekki að það hafi neina aðra þýðingu en kostnaðarauka. Það ætti að taka þessa tillögu aftur, hún verður aldrei samþykt, þykist eg vita, þó að eg sé ekki spámaður.

Þá er 4. liður á þskj. 226, þar sem gert er ráð fyrir því, að hver lánbeiðni sé færð inn í gerðabók. Þessi tillaga er með öllu óhafandi, og sýnir hve nauða-ókunnugt flutningsm. er um sparisjóði og rekstur þeirra. Það væri hlægilegt að fara að skrifa það í hvert skifti, sem beðið er um 20—25 kr., eða þegar neitað er um þær, og litla þýðingu hefði það fyrir eftirlitsmann, að sjá hverjum neitað hefði verið um 10 kr.

Eg er samdóma háttv. framsögum. meiri hl. um það, að ekki muni veita af að hafa alla aðgæzlu við, þegar farið verður að greiða atkvæði. Breyt.till. eru nú orðnar svo margar og grautarlegar, að eg fyrir mitt leyti vildi helzt láta taka málið út af dagskrá til þess að menn gæti brætt sig saman og áttað sig á þeim.

Einar Arnórsson: Eg ætla að byrja þar sem háttv. síðasti ræðumaður (G. E.) hætti. Hann vildi taka málið út af dagskrá og treysti ekki höfði sínu til þess að botna í atkvæðagreiðslunni. Ekki finst mér nú þetta vera það vandamál, að hæstv. forseti ætti ekki að geta leiðbeint honum. Tillögurnar eru svo ljósar, að engum sæmilega skynsömum manni ætti að vera vorkunn á að greiða atkvæði um þær. Eg ætla nú að ganga í gegnum þær stuttlega.

Eg á brtill. á þskj. 226 og 244 ásamt háttv. þm. Dal. (B. J.), og virðist mér, að þeir háttv. þingmenn, sem talað hafa, sé ásáttir um brtill. við 4. gr. Um 2. brtill. okkar er það að segja, að ef br.-till. nefndarinnar á þskj. 259 verður samþykt, þá er okkar tillaga fallin, og eg álít að tillaga nefndarinnar sé betri, en við þorðum nú ekki að fara lengra en þetta.

Eg hefi skilið 9. gr. svo, að það væri útilokað, að stjórnendur sjóðanna geti gegnt féhirðis- og bókarastörfum, og eftir orðum laganna er minn skilningur réttur, en það gerir nú ekkert til, úr því að menn eru mér sammála um brtill. Líka á háttv. umboðsm. ráðherra brtill. við þetta, sem ekki kemur til atkvæða, ef till. nefndarinnar á þskj. 259 verður samþykt. Um brtill. við 2. málsgr. 9. gr. er meiri hl. mér hjartanlega sammála, svo að um hana þarf ekki að þrátta.

Svo er brtill. við 11. gr. á þskj. 226. Meiri hl. nefndarinnar telur hana óþarfa, með því að þetta liggi í hlutarins eðli og 2. gr. laganna. Mér sýnist tillagan ekki óþörf vegna ákvæða í 12. og 13. gr., þar sem talað er um starfsemi sjóðstjórna. Að minsta kosti er engu spilt, þótt haft sé þetta ákvæði um gerðabókina. Til þess að hægt sé að hafa gott eftirlit, þarf einmitt að bóka ráðsályktanir stjórnarinnar.

Það getur verið rétt hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að minni ástæða sé til þess að bóka lánbeiðslur þegar þeim er synjað, en hann gerir úlfalda úr mýflugunni í því, hver starfsauki sé í þessu. Mér er þetta að vísu ekki kappsmál, en betra væri að samþykkja till. okkar.

Þá hafa þeir háttv. þingmenn, sem talað hafa, ekki haft á móti þeirri br.-till. okkar, að í staðinn fyrir orðin »í bönkum« komi »í Landsbankanum«, og er eg þeim þakklátur fyrir það. Út af því, sem háttv. umboðsmaður ráðherra sagði um það, að hugsanlegt væri, að Íslandsbanki neitaði sjóðum um viðskifti ef þetta yrði samþykt, þá sé eg ekki, hvaða ástæðu hann hefði til þess, ef hann hefir hag af viðskiftunum. Hann vill þó víst, eins og hver önnur slík stofnun, draga viðskiftin sem mest til sín og myndi ekki neita innlánsfé með sparisjóðskjörum. Eg vil að minsta kosti ekki væna hann um það, að hann muni fara að hefna sín með þessu, þó að löggjafarvaldið samþykti þetta, og virðist mér þetta stappa nærri getsökum í hans garð.

Þá er að minnast á brtill. okkar við 12. gr. Aðaltill. fer fram á það, að 3. málsgr. hennar falli burt. Eg gat þess við 2. umr., að þarna sé sjóðunum bundinn þungur baggi, sem hefti starf þeirra óþarflega mikið og hagurinn af því sé minni en óhagurinn. Háttv. umboðsm. ráðherra er ekki á sama máli um þetta, en hefir þó sýnt tilllögunni þann góðvilja, að vera ekki á móti því, að upphæðin sé færð niður í 3%, og vona eg þá að varatill. verði samþykt, ef aðaltillagan gengur ekki fram.

Brtill. okkar við 16. gr. fer ekki fram á gagngerða breytingu á þeirri grein, heldur aðeins hitt, að ekki sé nema hinir smærri sjóðirnir bundnir við að hafa 5% af innstæðufénu samanlögðu

alt af bundið í verðbréfum eða bönkum. Ástæðan til þessa er sú, að til eru sjóðir, sem eg tel fulltryggja, en ekki eiga svo mikinn varasjóð, að þeir geti fullnægt þessu. Það er ekki að eins sá sjóður, sem háttv. umboðsm. ráðherra nefndi, heldur fleiri, þótt eg viti ekki, hve margir þeir eru. Að vísu er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þessu, samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, en eg kysi heldur, að sjóðirnir þyrfti ekki að eiga það undir henni, að hún veitti þeim hana.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (G. H.) virtist skilja svo, sem þetta fé væri ekki bundið alt (10%). Það liggur þó í augum uppi, því að í 16. gr. er vísað til 12. gr., 3. málsgr., og verður þá sama uppi á teningnum um hvoratveggja upphæðina.

Það er einungis í neyð, sem heimilt er að taka til þessa fjár, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana. Eg veit ekki, hvernig á að binda fé, ef þetta er ekki að binda það, og eg efast ekki um, að stjórnin hefir ætlast til þess, að þetta fé væri bundið, enda hefir hæstv. umboðsmaður ráðherra lýst minn skilning á þessu réttan.

Úr því að mér datt það í hug, þá skal eg taka það fram, viðvíkjandi breytingartillögu háttv. umboðsmanns ráðherra á þskj. 247 við breyt.till. okkar á þskj. 226, 2, um að lækka upphæðina úr 100 þús. niður í 50 þúsund, að eg sé ekki ástæðu til að vera henni fylgjandi. Þótt ekki sé nú margir sparisjóðir á landinu, sem eiga 100 þús. kr. innstæðufé, þá er vonandi að þeir fari fjölgandi og verði eftir nokkur ár orðnir svo margir, að þeir verði meiri hluti allra sparisjóða á landinu. Eg sé því ekki ástæðu til að takmarka svo mikið heimild fyrir stjórnendur sjóðanna til þess að vera bókarar og gjaldkerar.

Þá vildi eg láta nokkur orð fylgja brtill. okkar á þskj. 243, um eftirlit með sparisjóðum.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sagði, að með brtill. nefndarinnar á þskj. 210, er kominn fram grímuklæddur umsjónarmaðurinn, sem stjórnin vildi fá fram og feldur var við 2. umræðu málsins hér í deildinni. Stjórnin getur, ef hún vill, fengið sömu niðurstöðu ef sú tillaga verður samþykt eins og með eftirlitsmanninum, sem stungið var upp á í stjórnarfrumvarpinu. Þetta óþarfa líffæri — eftirlitsmaðurinn — var numið burtu við 2. umræðu þessa máls hér í deildinni og eg sé enga ástæðu til að setja það á aftur, jafnvel þótt ofurlítið hafi verið »lappað upp á« það.

Tillaga okkar háttv. þm. Dal. (B. J.) um að stjórnarráðið setji fastan eftirlitsmann í hverri sýslu, sem sé búsettur þar, virðist ekki hafa sætt hlýlegum undirtektum. Eftir því, sem mér hefir skilist, er aðalástæðan til andmælanna sú, að ekki muni verða auðið að fá hæfan og hlutvandan mann í hverri sýslu, sem vilji takast þetta starf á hendur. Þingmenn sýnast helzt gera ráð fyrir því, að hver einasta sýsla á landinu sé troðfull af föntum, sem ekki sé óhætt að trúa fyrir þessu merki. (*Sveinn Björnsson:* Það er ekki hægt að fá menn, sem *geta* tekist þetta á hendur). Ef það væri rétt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) segir, þá verður líklega líka ærið vandasamt, að fá hæfa endurskoðunarmenn og hæfa sparisjóðsstjórnendur í hverri sýslu. Við flutningsmenn tillögunnar á þskj. 243, teljum það engum vafa bundið, að hægt sé að fá nóga menn í hverri einustu sýslu landsins, sem væri fyllilega vaxnir þessu starfi. Það má ef til vill segja, að endurskoðendurnir geti haft þetta eftirlit á hendi um leið og þeir endurskoða reikningana. En þar er því til að svara, að endurskoðun mundi venju-

lega ekki verða annað en töluendurskoðun, en eftirlitið þarf að vera meira.

Við höfum í tillögu okkar gert ráð fyrir því, að sýslueftirlitsmennirnir fái þóknun fyrir starfa sinn af þeim sparisjóðum, sem þeir hafa eftirlit með, hver um sig. En við ætlumst til, að aðaleftirlitsmanninum sé goldið kaup úr landssjóði. Þá höfum við einnig sett nánara ákvæði um það, hvenær senda skuli reikninga sparisjóðanna til stjórnarinnar, og um það, hvernig þeir reikningar skuli birtir. Eg skil ekki, að nokkur maður hafi á móti þessum ákvæðum.

Eg verð að halda því fram, að tillagan á þskj. 243 sé í alla staði miklu aðgengilegri èn tillagan á þskj. 210, og við verðum að láta »slag« standa um þetta og sjá hverjir verða ofan á.

Í fyrra var í þessari deild, ef mig minnir rétt, samþykt tillaga, sem fer í í sömu átt sem tillaga okkar háttv. þm. Dal. (B. J.). Það getur verið, að í þessari deild sé nú þeim mun vitrari menn heldur en í fyrra, að þeir sjái, að þetta sé ekki heppilegt eftirlit, en eg hefi varla trú á því. — Brtill. okkar hv. þm. Dal. (B. J.) á þskj. 226 við 19. gr. 2. málsgr., er aðeins orðabreyting. Okkur fanst þessi málsgrein illa, eða jafnvel ranglega, orðuð og vildum leiðrétta það. Það eru ekki skuldheimtumennirnir, sem taka fullnaðarákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða ekki, heldur er það skiftarétturinn. Líku máli er að gegna um breyt.till. okkar við 22. gr., það er aðeins orðabreyting. Okkur fanst það óþarfi að hafa bæði kyrrsetning og lögbald um það sama, því að það eru að eins tvö orð yfir sama hugtakið.

Sveinn Björnsson: Þegar þetta mál var síðast til umræðu hér í deildinni, þá stóð eg hér upp sem framsögumaður meiri hluta nefndarinnar og barðist fyrir því, að skipaður yrði einn eftirlitsmaður fyrir alt landið, til þess að sjá um að ákvæðum sparisjóðslaganna yrði fylgt. Sú uppástunga var feld, eins og allir muna, með þeim ummælum, að eftirlitið yrði á þann veg kostnaðarmikið og kæmi eigi að notum.

Síðan hefir það skeð, að þeir, sem fastast lögðu á móti eftirlitsmanninum, hafa nú komið fram með tillögu um aukið eftirlit með sparisjóðum. Þetta gleður mig. Það skal tekið fram, um uppástungu vora í meiri hluta nefndarinnar, að hún er í upphafi frá háttv. framsögumanni, svo að óþarfi er að bera honum á brýn nokkura skoðanabreytingu í þessu máli frá síðasta fundi. Hitt gleður mig, þegar háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem áður lögðu fastast á móti öllu eftirliti, koma nú fram með tillögur um strangara eftirlit en nefndin treystir sér með nokkuru móti að fara fram á. *(Bjarni Jónsson:* Við höfum ekki gert það). Það vill svo vel til, að nafn hv. þm. er prentað á þskj. 243, svo að hann getur illa neitað því, að eg fari með rétt mál.

Mér virðist að munurinn á till.vorum sé aðallega þessi: Vér höfum eftir atvikum talið nægja, að stjórnarráðið gæti, þegar það álítur heppilegt, látið líta eftir sparisjóðunum, án þess að tiltaka nánar, hvernig því eftirliti yrði hagað. Þetta vilja þeir ekki láta sér nægja, heldur vilja þeir koma á föstu, árlegu eftirliti. Svo vilja þeir koma eftirlitinu dálitið öðruvísi fyrir, og skal eg nú sýna fram á, að það er ekki hagkvæmt. Þeir vildu ekki fallast á uppástungu meiri hluta nefndarinnar um daginn, um að eftirlitið væri framkvæmt af föstum og vel hæfum manni. Nú hefir þeim hugkvæmst að setja mann í hverri sýslu, til þess að hafa þetta eftirlit á hendi, með öðrum orðum: vilja bæta við einum end-

urskoðenda við hvern sparisjóð, eða þannig skildi eg ræðu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Eg gat ekki fundið annað í því, sem hann sagði, en að þessum manni væri ætlað að hafa á hendi venjulega endurskoðun, og annað ekki. Vor meining var sú, að þessi maður hefði miklu meira og víðtækara eftirlit en endurskoðunarmaður getur haft.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, sem um málið hugsa, að óheppilegra er, að innanhéraðsmaður hafi eftirlitið á hendi, heldur en utanhéraðsmaður. Þó að það sé enginn »fantur«, heldur góður maður, þá getur hann verið á ýmsan hátt við sjóðinn riðinn. Hann getur verið lántakandi eða bundinn í ábyrgðum. Það er því auðsætt, að heppilegra væri, að einn maður á öllu landinu hefði eftirlitið á hendi. Það er ekkert samræmi, að hafa sinn manninn í hverri sýslu fyrir eftirlitsmann. Afleiðingin af því gæti ennfremur orðið sú, að peningarnir drægist frá þeim sparisjóðum, sem hefði ekki sem fullkomnast yfirlit, yfir í nágrannasjóðina, þar sem eftirlit væri betra. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kallaði umsjónarmanninn, sem við stingum upp á, óþarft líffæri. Líklega álíka eins og botnlangann í manninum. Eg veit ekki hvort háttv. þm. heldur, að þetta líffæri batni við það, að vera brytjað niður í smábúta.

Annað, sem felst í breytingartillögum þeirra félaganna, er það, að þeir ætlast til, að sparisjóðirnir greiði sjálfir fyrir eftirlitið. En vér lögðum það á landssjóð. Mér finst háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sé kominn í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann heldur jafnframt þessu því fram, að ekki megi með nokkuru móti íþyngja sparisjóðunum, til þess að þeir geti borið sig. Og eg trúi því varla, að hann haldi því fast fram að leggja þennan kostnað á sparisjóðina.

Þá skal eg geta um einstakar breytingartillögur. Eg skal játa það, að heppilegra er að ákveða, að hver sparisjóður skuli hafa gerðabók. En slíkt þarf ekki að ákveða í lögunum. Nóg væri, að það væri ákveðið í reglugjörð þeirri, sem stjórnarráðið semur. Viðvíkjandi 5. breytingartillögunni, á þskj. 226, skal geta þess, að eg er á sama máli og hæstv. umboðsm. ráðherrans. Eg hygg, að það sé óheppilegt að fella burtu alveg þessi 5%, en get, til þess að miðla málum, verið því meðmæltur, að það sé fært niður í 3%.

Út af því, sem háttv. 2. þm. Sunnmýlinga sagði, að hann áliti sjálfsagt að ganga ekki til atkvæða um málið nú, það sé ekki hægt að átta sig á málinu vegna þess, hve margar brt. sé fram komnar, skal eg geta þess, að það er vel komið, að eg reyni að leiðbeina honum við atkvæðagreiðsluna, og skýra málið fyrir honum. Mér er hægt um vik að gera þetta, þar sem við sitjum saman.

Eftir að eg hefi nú boðið svona stórmannlega, þá treysti eg því, að hann geti fallist á, að gengið verði til atkv. nú þegar.

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) þótti eg hafa breytt um skoðanir í máli þessu, og það svo, að eg hefði alveg farið hringferð á fám dögum.

Eg þykist sjá, að hann hafi gleymt, hverjar vóru tillögur hins upprunalega meiri- og minnihluta nefndarinnar. Ef eg rifja þær upp, vona eg, að öllum sé ljóst, að eg hefi enga hringferð farið. Þvert á móti er nú lengra farið í sömu átt og minni hlutinn fór, og er því hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) alveg óhætt að greiða sitt atkvæði með frv., ef hann hefir þá ekki skift um skoðanir sjálfur.

Tillögur upprunalega meiri hl. nefndarinnar vóru þessar: 1) fastur starfsmaður, 2) árlegt eftirlit með öllum 30 til 40 sparisjóðum landsins. Tillögur

upprunalega minni hl. vóru aftur þessar: 1) árlegt eftirlit með stærstu sjóðunum, sem eiga 100 þús. kr. eignir (aktiva), en auk þess þegar sérstök nauðsyn krefur eftirlit með öðrum sjóðum. Hér var því vissulega gjört ráð fyrir því, að árlega væri haft eftirlit með nokkurum sjóðum, sérstaklega hinum stærstu. Að sjálfsögðu kemur ekki til tals að setja að svo stöddu fastan eftirlitsmann til þessa. Eigi að síður var það ekki mjög mikið, sem meiri- og minnihlutanum bar á milli. Sjóðir vorir vaxa stöðugt, og þess verður ekki afarlangt að bíða, að margir þeirra nái þessari tilteknu upphæð. Eftir nokkura áratugi stæði þá margir sjóðir undir árlegu eftirliti, þó að ekki væri það allir, eins og meiri hl. gjörði ráð fyrir.

Hvað er nú farið fram á af meiri hl. nefndarinnar? Aðeins það, að árlegt eftirlit sé haft með *nokkurum* sjóðum, og þá einkum stærstu sjóðunum. Þetta er nægilegt til þess, að allar sparisjóðsstjórnir hafi nokkurt aðhald. Þær vita ekki, hvenær eftirlitsmaðurinn kemur. Orðið »nokkurir« verður ekki skilið svo, að þar sé átt við helming sjóðanna, og ekki einusinni þriðjung þeirra. Eftirlitið er því í raun og veru bæði minna og ódýrara en það, sem hinn upprunalegi minni hl. nefndarinnar fór fram á. Um fastan starfsmann er ekki að tala. Þetta ætti að gleðja hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), og hann ætti að geta fallist á frv. með góðri samvizku.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi það sjálfsagt, að þessi 5% af innstæðufé stærri sparisjóða yrði algjörlega bundið í bankanum, og sparisjóðir gæti aðeins gripið til þess, ef beinlínis ræki í nauðir.

Ef til vill hefir nefndin ekki litið nógu lagalega á þetta atriði. En eg leit svo á, að þetta ákvæði um »ófyrirsjáanlegar útborganir« fæli í sér, ekki eingöngu *alls* óvæntar útborganir, heldur væri sjóðunum heimilt að grípa til þessa fjár í viðlögum, ef þess væri aðeins gætt að fylla skarðið aftur, áður langt um liði, svo upphæðin væri að jafnaði full við hver áramót. Féð væri með þessu fyrirkomulagi ekki allskostar bundið, en eigi að síður góð trygging fyrir því, að sjóðirnir gæti staðið í skilum.

Eg þarf ekki að tala frekara um einstök atriði. Þau hafa verið rædd svo mikið, að ekki er að búast við, að þau skýrist betur.

Magnús Kristjánsson: Af því að eg er dálítið riðinn við þetta frv., langar mig til að segja nokkur orð, áður en því er ráðið til lykta.

Það hefir komið fram í umræðunum, að mönnum er ekki sem bezt ljóst um aðstöðu nefndarinnar til frv., og hafa sumir haldið því fram, að um verulega stefnubreyting væri að ræða, bæði hjá meiri- og minni hl. nefndarinnar. Það sannar, að einmitt þeir nefndarmenn, sem vildu gera sitt ítrasta til þess, að málinu yrði heppilega til lykta ráðið nú, gengu eins langt til samkomulags og þeir sáu sér fært. Það er því alveg óþarft að metast um það, hvort meiri eða minni hl. hafi slakað til. Eg held, að sú samvinnufýsi megi heldur teljast nefndarmönnum til lofs en lasts, og að með till. nefndarinnar verði frv. ráðið til nokkurn veginn heppilegra lykta.

Eg stend upp aðeins til þess að minnast á 5. brt. á þskj. 226. Hér er um verulegt atriði að ræða, sem valdið hefir nokkurum ágreiningi. Sumir halda því fram, að tryggingarféð megi alveg fella burtu; aðrir, að viðunanda sé að hafa það 3% af innstæðufénu. Eg lít nú nokkuð öðruvís á þetta atriði en aðrir. Eg lít svo á, að þörfin á þessu tryggingarfé sé fult svo mikil meðan sparisjóðirnir eru *smáir og í byrjun*.

Eg veit ekki, hvort menn hafa veitt því athygli, að í 12. gr. frumv. er sparisjóðum ætlað að eiga bæði varasjóð og svo þetta tryggingarfé. Nú sjá það allir, að nýstofnaðir sparisjóðir geta engan verulegan varasjóð eignast fyrstu árin. Jafnvel þótt stjórnarkostnaður sé enginn, stjórnin tæki ekkert fyrir störf sín, þá legst þó annar kostnaður á sjóðina, sem mest kveður að fyrst, t.d. kaup á peningaskáp og öðrum gögnum og ritföngum o. fl. Auk þess getur það ekki lengi gengið, að starfsmenn fái ekkert fyrir starf sitt. Það er þá bersýnilegt, að ekki getur verulega safnast í varasjóð fyrstu árin. Ef því þessum 5% væri slept, þá yrði ekkert tryggingarfé, og þá ekkert handbært fé í mörgum tilfellum í sparisjóðunum. Eg veit ekki, hvort menn hafa nægilega íhugað þetta atriði. En heldur en að málið strandi á þessu, mun eg greiða atkvæði með breyt.till. um að færa tryggingarféð niður í 3%, þótt ekki telji eg það heppilegt.

Eg skal ekki fara út í fleiri breyt.till. En eg skal taka það fram, að eg álít æskilegast, að sem minst yrði frá tillögum nefndarinnar vikið. Eg tel þá breyt.till. á þskj. 210 bráðnauðsynlegar; sömuleiðis 1., 3., 6. og 8. breyt.till. á þgskj. 226; breyt.till. á þskj. 259 er sjálfsögð. Hinar breyt.till. tel eg sjálfsagt að fella. Þótt breyt.till. á þskj. 243 hafi margt sér til ágætis frá sjónarmiði flutningsmanns (E. A.), þá get eg ekki felt mig við hana. Þarf eg ekki að gera grein fyrir þessari skoðun minni, því að háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) hefir tekið af mér ómakið. En nær er mér að halda, að ef sú tillaga verður samþykt, þá verði síðari villan verri en hin fyrri. Breyt.till. á þskj. 247 fer eftir atkvæðagreiðslunni um hinar aðrar tillögur. Um breyt.till. á þskj. 244 liggur mér í litlu rúmi hver úrslitin verða.

Sigurður Sigurðsson: Sinum augum lítur hver á silfrið, og líkt má segja um sparisjóðsfrumvarpið.

Mér skilst svo, sem allir vilji hafa eftirlit með sjóðunum. Því er ekki rétt að bera þeim, sem feldu stjórnarráðseftirlitsmanninn, það á brýn, að þeir vilji ekkert eftirlit hafa. Skoðanamunurinn er um það, hvernig koma eigi eftirlitinu fyrir, hvor leiðin sé affarasælust og kostnaðarminst, sú að hafa einn sérstakan eftirlitsmann við alla sparisjóðina eða einn við hvern sjóð.

Á síðasta þingi varð hörð rimma um þetta atriði, og við 2. umr. komst inn í frumv. alveg sams konar breyt.till. sem nú er hér á þskj. 243, og skildist mér þá, sem meiri hluti deildarinnar sætti sig við það.

Eg þarf ekki að rekja ástæðurnar fyrir þessari breyt.till., það hefir svo margsinnis verið gert. Nefndin, eða meiri hluti hennar, hefir nú komið fram með breyt.till. á þskj. 210, sem lýtur að eftirlitinu. Hins vegar hafa og tveir þingmenn flutt breyt.till. um sama efni á þskj. 243. Á hinu síðarnefnda þskj. er lagt til, að stjórnarráðið sendi bankavanan mann til eftirlits með sjóðunum og þá sjálfsagt til að líta á og kynna sér hag þeirra. Í annan stað er gert ráð fyrir, að skipaður verði fastur maður innan sýslu í grend við hvern sjóð til eftirlits. Með þessu fyrirkomulagi tel eg fengna miklu meiri tryggingu en með eftirliti því, sem ráð er fyrir gert í frumv. stjórnarinnar. (*Sveinn Björnsson:* Misskilningur!). Misskilningurinn liggur hjá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). (*Sveinn Björnsson:* Ástæður!). Ástæður eru svo margteknar fram, að það væri að bera í bakkafullan lækinn, að fara enn að telja þær upp. Tökum t. d. kostnaðarhliðina. Hver getur sagt, hve mikill kostnaðurinn yrði við fastan eftir-

litsmann? Reynslan mundi sýna, að eftirlitskostnaður hlyti að nema miklu, er stundir liðu fram. Með hinu fyrirkomulaginu er víst, að kostnaðurinn verður hverfandi.

Eg felst því eindregið á breyt.till. á þskj. 243 og tel þar með málið komið í gott horf og eftirlitið trygt.

Einar Arnórsson: Eg býst við, að háttv. samþingismaður minn (S. S.) hafi svarað sumu, sem eg þurfti að svara. En eg heyrði ekki alt, sem hann sagði, og má því vera, að andsvör mín verði sum endurtekningar.

Það er fullur misskilningur hjá háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), að eg vilji ekkert eftirlit hafa með sparisjóðum. Þetta hefir hann líklega dregið af því, að eg og aðrir, þeir er andvígir vóru eftirlitsákvæði stjórnarfrumv., komum eigi fram með breyt.till. við 2. umr. En það stafaði ekki af því, að vér vildum ekkert eftirlit hafa, heldur af því, að vér vissum ekki, hvað nefndin vildi í málinu, og einnig vildum vér sjá, hvernig frv. yrði eftir 2. umr.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) hefir nú tint til kosti þá, er honum þykja vera með því fyrirkomulagi um eftirlit, sem hann vill hafa, og ókostina á fyrirkomulagi því, sem við leggjum til, háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg.

Háttv. þm. (Sv. B.) taldi það til í fyrstu, að einn fastur eftirlitsmaður væri heppilegur sökum þess, að hann fengi svo víðtækt verksvið. Það er satt, að hann mundi fá vítt verksvið, því að verksvið hans mundi taka yfir alt landið. En eg býst við, að eins muni fara um þetta og hugtökin í rökfræðinni, er verða því innihaldsminni, sem þau ná yfir meira. Sparisjóðir hér á landi munu nú vera yfir 30 að tölu, og efa eg, að einn maður fái rannsakað þá alla árlega svo að í nokkru lagi væri.

Sami háttv. þm. (Sv. B.) sagði, að ekki væri gott samræmi í breyt.till. á þskj. 243, það er tekur til stjórnar sparisjóða. Óþarft er honum að vera hræddur um það, því að nefndin hefir nú tekið upp sömu hugsunina í breyt.till. á þskj. 259. Ef menn vilja ganga svo langt, að trúa ekki nokkrum manni á landinu fyrir sparisjóði, þá sýnist gagnslaust að vera að setja nokkurar reglur þar um.

Enn sagði sami háttv. þingm. (Sv. B.), að eg væri kominn í mótsögn við sjálfan mig, er eg legði nú til, að sparisjóðir greiði kostnaðinn við eftirlitið. En segja verður söguna alla. Það sjá allir, að með því fyrirkomulagi á eftirlitinu, sem gert er ráð fyrir á þskj. 243, getur ekki verið að ræða um mikinn kostnað. Eftirlitsmennirnir yrði í grend við sparisjóðina; ferðakostnaðurinn yrði því smáræði, sem engan sparisjóð mundi muna um.

Þá veik sami háttv. þm. (Sv. B.) að endurskoðun sparisjóðanna. Hann kallaði eftirlitsmennina, sem við leggjum til að hafa, endurskoðunar-aftanihnýtinga, en ekki á það síður við um eftirlitsmann hans og félaga hans. Eftir því, sem eg skil 18. gr. frumvarpsins, er þar að eins að ræða um töluendurskoðun nánast, bókfærslu o. s. frv. Þar er og gert ráð fyrir því, að stjórnarráðið semji reglugerð fyrir sparisjóðina. Í þá reglugerð yrði auðvitað að eins tekin almenn ákvæði, t. d. að lán skuli veitt gegn þar tilteknum veðum. Eftirlitsmaður meiri hluta nefndarinnar getur dæmt um það, hvort bókhaldið er í lagi eða ekki; en meira getur hann ekki. Hann getur ekkert um það sagt, hvort veðin — og aðrar tryggingar alment — sé góð eða ekki. En það getur eftirlitsmaðurinn eftir brtill. á þskj. 243.

Menn hefir greint á um það, hvort varasjóður skuli allur vera í verðbréf-

um eða eigi. Vilja sumir hafa, að hann sé í peningum. En þetta er ekki rétt, því að ef sparisjóðsstjórnum væri leyft það, þá mundi tilganginum ekki verða náð með því. Hver á að hafa eftirlit með því, að féð gangi ekki til viðskiftamanna sparisjóðanna sem útlánsfé og verði eigi tiltækt er þarf? Þá væri tryggara, að varasjóðurinn væri í verðbréfum eða innieign í bönkum.

Háttv. framsögumaður (G. H.) virtist vera á líku máli og eg um það, að þetta fé, sem um getur í 3. málsgr. 12. gr. og í 16. gr. sé fest fé. *(Guðmundur Hannesson:* Nei, nei). Mér skildist það svo, og að minsta kosti viðurkendi hv. umboðsmaður ráðherra að svo væri. *(Klemens Jónsson:* Það er rétt hermt). Þetta sem talað er um ófyrirsjáanlegar útborganir, gildir að eins um undantekningartilfelli. Það er ekki hægt að kalla það ófyrirsjáanlegt, þó að viðskiftamenn sparisjóðanna komi með sparisjóðsbækur sínar og krefjist fjár þess, er þeir eiga inni. Öðru máli væri að gegna, ef ábyrgðarmenn sjóðanna yrði gjaldþrota, og sjóðirnir yrði að borga fyrir það, eða ef það kæmi fyrir, að gjaldkerinn stryki burtu með kassann. Slíkt má kallast ófyrirsjáanlegt, en það verður líka, sem betur fer, alt af undantekning.

Menn deila mikið um það, hvort stefnubreyting hafi orðið hjá nefndinni í þessu máli. Mér stendur hjartanlega á sama um, hvernig á það er litið, og legg þar ekkert til málanna.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) vil eg svara örfáum orðum. Hann segir, sem líka er rétt, að nýstofnaðir sparisjóðir geti aldrei átt varasjóði, svo að nokkru nemi. Eg er honum sammála um þetta. En eg vona, að hann geti verið mér sammála um það, að æskilegt væri, að slíkir sjóðir fengi sem fyrst varasjóði. Og það get eg ekki skilið, að hagkvæmasta leiðin til þess sé að binda fé sjóðanna að eins miklu leyti og gert er ráð fyrir í frumv. Annars hygg eg, að háttv. þm. Ak. geri of mikið úr því, sem nýstofnaðir sparisjóðir leggja í áhaldakaup. Eg er því reyndar ekki vel kunnugur, en eg hygg þó, að smásparisjóðir í sveitum rjúki ekki til að kaupa eldhelda járnskápa undir eins og þeir komast á laggirnar. Það væri náttúrlega gott og engan veginn óþarft, en eg efast samt sem áður um að þeir geri það allir. Sjóðirnir eyða vitanlega dálitlu í bækur, en þó verð eg að efast stórlega um, að það nemi alt af 80 kr. eins og háttv. þm. Ak. (M. Kr.) skýrði frá.

Háttv. þingm. Ak. (M. Kr.) sagði, að sparisjóðina vantaði tilfinnanlega handbært fé og er mikið til í því. En eins og kunnugt er, hafa þeir margir hverir haft lítils háttar reikningslán í bönkum og hefir það gefist vel. Bankarnir hafa alls ekki tapað á þeim viðskiftum, heldur miklu fremur unnið. Finst mér þess vegna engin ástæða til að amast við því, að sparisjóðirnir fái að halda þeim réttindum, einkum ef þau eru bundin strangara skilyrði en tíðkast hefir, sem sé, að þeir megi því að eins lán taka, að öll stjórnin sé því samþykk. En slík reikningslán gæti orðið til þess að bæta úr skortinum á handbæru fé.

Háttv. sami þingmaður gat þess líka, út af ákvæðinu í 15. gr. frumv., að þegar varasjóður sparisjóðs er orðinn 10% eða meira af innstæðufénu, þá megi verja fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almennings þarfir — að þetta gæti leitt til þess, að varasjóðurinn fari aldrei til muna upp úr 10% af innstæðufénu. Eg lít öðru vísi á þetta atriði. Það er aðgætandi, að til þess að verja megi fé sjóðanna á þennan hátt, þarf samþykki bæði sparisjóðsstjórnarinnar og stjórnarráðsins. Hvenær sem nokkur ástæða væri til að neita um þetta, mundi stjórnarráðið auðvitað gera það.

Sparisjóðsstjórnin yrði í hvert skifti að sýna nægileg skilríki fyrir því, að fé sjóðsins væri ekki í neina hættu lagt með þessari ráðstöfun. Eg gæti miklu fremur trúað því, að stjórnarráðið yrði »konservativt« í þessu efni, eins og líka rétt er — heldur en það gagnstæða. Það mundi aldrei leyfa sparisjóðsstjórninni að taka varasjóðinn og verja honum til hins og þessa, nema því þætti alveg útilokað, að sjóðnum væri nokkur fyrirsjáanleg hætta búin af því.

Matthías Ólafsson: Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði mikið úr því, hvað sparisjóðirnir yrði tryggir, ef þessir mörgu eftirlitsmenn hans væri skipaðir. Hann heldur því fram, að þar sem til stendur að velja þá hvern um sig í þeirri sýslu, sem sá sparisjóður er, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, þá verði kunnugleiki þeirra svo mikill, að miklu meira sé byggjandi á þeim, heldur en á einum manni sem stjórnin skipaði fyrir alt landið. Hann gerir lítið úr þeirri hættu, sem vér óttumst, að þessir sýslueftirlitsmenn verði venzlaðir eða vandabundnir á einhvern hátt þeim mönnum, sem viðriðnir eru sparisjóðina. Eg hygg, að erfitt verði að finna áreiðanlegan mann innan hverrar sýslu, sem full vissa er um, að sé ekki tengdur sparisjóðsstjórninni á einhvern hátt, eða jafnvel sjálfur viðriðinn sjóðinn, hvort sem það væri þannig, að hann hefði fengið lán úr honum, eða það væri á einhvern þann hátt, sem gæfi honum tilhneigingu til að skýra ekki frá ástandi sjóðsins eins og það er í raun og veru. Þetta er áreiðanlega galli, sem fylgir mörgu eftirlitsmönnunum, og hlyti að koma í ljós.

Ef einn maður væri skipaður til þess að hafa eftirlit með öllum sparisjóðunum, og hann ferðaðist ár eftir ár um alt landið, þá mundi hann öðlast alla þá þekkingu, sem hægt er að hafa í þessu efni. Honum væri miklu betur treystandi til að líta hlutdrægnislaust á alt og skýra rétt frá öllu ástandi sjóðanna, því að hann mundi varla vera bendlaður við marga þá, sem sjóðina eru viðriðnir. Eg held því þess vegna fast fram, þrátt fyrir alt, sem sagt hefir verið, að miklu meiri trygging fáist fyrir ábyggilegu eftirliti, ef einn maður er skipaður til þess fyrir alt landið, heldur en ef þeir verða margir, sinn úr hverri sýslunni.

Nefndin er öll sammála um, að sparisjóðirnir greiði allan kostnaðinn, sem af þessu eftirliti leiðir. Því er eg einnig á móti. Mér finst eðlilegt, þegar þingið og stjórnin leggur sparisjóðunum þessar skyldur á herðar, að þá greiði landið kostnaðinn, sem þetta hefir í för með sér. Og hann verður alls ekki lítill, og að öllum líkindum miklu meiri ef eftirlitsmennirnir verða margir, heldur en ef hann væri aðeins einn.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði lítið úr þeim kostnaði sem leiðir af stofnun nýrra sparisjóða, og efaðist um að þeir keypti sér allir eldhelda skápa. Eg get gefið honum þær upplýsingar, að það eru sárfáir sparisjóðir, ef það eru þá nokkrir, sem ekki útvega sér eldhelda skápa eða kistur, jafnskjótt og þeir taka til starfa. Og eg lít svo á, að það sé svo fjærri því að vera óþarft, að það væri mikil ástæða til að banna sparisjóðum að byrja starfsemi sína, fyrr en þeir hefði eignast slík ílát. Undir eins og þeir hafa nokkra peninga undir höndum eða verðbréf, geta þeir átt á hættu að missa það í eldsvoða, ef það er ekki geymt á eldheldum stað. Og brunnir peningar og verðbréf er algerlega tapað fé, því að slíkt er ekki hægt að fá vátrygt, ef eg man rétt. Sjá því

allir, hversu nauðsynlegt það er fyrir sparisjóði, að eignast sem fyrst eldtrausta skápa, enda mun það vera hreinasta undantekning nú orðið ef það er dregið á frest. Mér er í fersku minni, að sparisjóður var stofnaður á Vestfjörðum í fyrra, og svo mikið er víst, að þeir sem þar stóðu næstir, létu það vera sitt fyrsta verk að kaupa eldheldan skáp. Er mér vel kunnugt um það, því að skápurinn var keyptur af mér. Það er því ekki rétt, að gera lítið úr kostnaðinum, sem sparisjóðirnir þurfa að standast í byrjuninni.

Yfirleitt hygg eg, að breytingar þessara breytingagjörnu manna sé ekki til bóta, heldur miklu fremur til hins gagnstæða. Þeir eru nú farnir að viðurkenna, að þörf sé á eftirlitinu, en þeir vilja aðeins að því verði hagað á einhvern annan hátt en stjórnin hefir stungið upp á. Og þegar þeim dettur nú ekki annað í hug, þá vilja þeir jafnvel hafa eftirlitið strangara en stjórnin hafði hugsað sér, og stinga því upp á að hafa eftirlitsmennina marga í staðinn fyrir einn. Eg hefi talað um annmarkana á því fyrirkomulagi, en auk þess má taka það fram, að hætt er við, að lítið samræmi fáist í eftirlitið, ef einn maður baukar við að rannsaka hvern sparisjóð. En það fæst áreiðanlega ef einn maður rannsakar alla sparisjóði landsins. Og það er ekki lítils virði.

Um einstakar smábreytingar ætla eg mér ekki að tala. Eg býst við, að menn hafi þegar komið sér niður á, hvernig þeir greiði atkvæði og hafa því löng ræðuhöld ekkert að þýða.

Sveinn Björnsson: Eg sé það á háttv. þm. Dal. (B. J.), að hann ætlar að láta mig deyja áður en hann tekur til máls. Það er auðséð á honum, að honum býr eitthvað í brjósti — og skal eg þá ganga í dauðann fyrir hann.

Mér datt í hug áðan, að líta í þingmálafundargerðir frá Árnesingum, til þess að sjá, hvort þar væri áskoranir til þingmanna þeirra um að berjast eins og ljón fyrir sýslueftirlitsmönnum sparisjóða. Eg gat ekki fundið það, svo að það er líklega ekki af sérstökum kjördæmisástæðum, að þeir halda svo fast saman um það atriði, heldur er það eingöngu af sameiginlegum misskilningi sprottið.

Eg skal þá fyrst snúa mér að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Eg hlustaði með athygli á ræðu hans, og heyrði, að hann talaði skörulega fyrir sýslueftirlitsmönnunum, en aftur á móti heyrði eg ekki, að hann greindi neinar ástæður, er sönnuðu ágæti þeirra. Eg leyfði mér þess vegna að grípa fram í fyrir honum og inti hann eftir ástæðunum. Það stóð ekki á svarinu, og var það á þá leið, að reynslan mundi sýna þetta. Sú ástæða getur ef til vill talist góð og gild eftir svo sem 10 ár, en hann verður að fyrirgefa þó að eg sé tregur til að beygja mig fyrir henni á þessu augnabliki.

Þá kem eg að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hann sagði það hafa verið af misskilningi, að eg fullyrti, að hann og hv. þm. Dal. (B. J.) hefði áður ekkert eftirlit viljað hafa með sparisjóðunum. Eg bygði þessi orð mín sérstaklega á ræðum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) við 2. umr. þessa máls. Mér virtist þá koma fram hjá honum sú skoðun, að slíkt eftirlit væri yfirleitt ónauðsynlegt. En sé þetta misskilningur, þá nær það ekki lengra, enda skiftir það í rauninni engu máli. Aðalatriðið er það, að *nú* er hann eindregið á því, að eftirlitið þurfi að vera. Eg get því leitt hjá mér allar deilur um þetta atriði.

Sami háttv. þm. (E. A.) heldur því fram, að sama gildi um eftirlitið sem um hugtökin, að það verði því innihalds-

minna, því víðtækara sem það sé. Það er stundum gott að vera stífur í rökfræðinni, en sá hængur er þó á því, að það getur oft leitt menn út í öfgar og vitleysu. Að minsta kosti fer svo fyrir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hér. Mér virðist þetta rökfræðilega dæmi hans áþekt dæminu því arna, sem allir þekkja: Enginn köttur hefir níu rófur. Einn köttur hefir einni rófu fleira en enginn köttur. Einn köttur hefir því tíu rófur. Þetta hvorttveggja er af sama tagi. Eg tel það ekkert vafamál, að því fleiri sparisjóði, sem eftirlitsmaðurinn hefir til þess að líta eftir, því meiri æfingu fær hann í starfi sínu og því gleggra auga hefir hann fyrir misfellunum ef nokkrar eru. *(Sigurður Sigurðsson:* Ef hann hefir þá nokkurntíma verið starfinu vaxinn. *Guðmundur Hannesson:* Það getur breyzt. *Einar Arnórsson:* Það getur nú gengið nokkuð seint). Eg skil ekki í öðru, en að það verði eins hægt að fá einn hæfan mann af 85 þús. eins og fá einn mann meðal þeirra fáu þúsunda, sem í hverri sýslu búa.

Þá sagði háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að það væri mikilsvert, að samræmi væri í milli allra sparisjóða í landinu. En eins og gert er ráð fyrir í brt. vorri, er ætlast til, að þetta samræmi komist á þegar í stað. En þá verður líka að sjá um að samræmið haldist. Því að eg lít svo á, að ekki sé minna um vert að halda samræminu, eftir að því hefir verið komið á, heldur en að koma því á í upphafi. Ef sinn eftirlitsmaðurinn verður við hvern sparisjóð, er mjög svo ólíklegt, að sparisjóðirnir haldist lengi í nokkru samræmi hver við annan, þó að þeir hefði verið það í byrjuninni, því að hver eftirlitsmaðurinn mundi auðvitað haga eftirlitinu á sinn sérstaka hátt.

Þá neitaði sami háttv. þm. (E. A.) því, að hann hefði gefið nokkurt tilefni til að vera skilinn á þann veg, að sýslueftirlitsmenn hans ætti eingöngu að verða nokkurskonar aukaendurskoðendur sparisjóðanna. Eg gat ekki skilið fyrri ræðu hans öðruvís. Út af þessu fer hann að skrifta, hvað hann eigi við með sýslu-eftirlitsmanninum. Og munurinn á honum og endurskoðandanum á þá að vera sá, að endurskoðandinn haldi sér stranglega við 18. gr., en eftirlitsmaðurinn athugi veðin auk þess. En mér skilst nú að 18. grein sé líka um veð. Hann heldur svo áfram og segir, að sá maður, sem heima á í sýslunni, sé miklu bærari að dæma um veðin heldur en lands-eftirlitsmaðurinn. Þessu vildi eg mæla á móti. Það er enginn vafi á því, eins og líka er tekið fram í nefndaráliti meiri hl., að eftir ytri merkjum lánanna er oft hægt að dæma, hvort þau eru trygg og góð. Annað er það, að ef eftirlitsmaðurinn væri einn, þá fengi hann svo mikla æfingu í að dæma um veð, að hann yrði miklu færari til slíkra dóma en sýslueftirlitsmaðurinn. Ennfremur eru meiri líkindi til, að hann yrði óvilhallari dómari í þessum sökum, því að eins og tekið hefir verið fram, mundi verða mjög erfitt að finna mann innan sýslunnar, sem gæti verið með öllu óvilhallur, annaðhvort fyrir það, að hann væri venzlaður sparisjóðsstjórninni á einhvern hátt, eða þá sjálfur viðriðinn sjóðinn. Þegar svo er ástatt, yrði maðurinn að vera hreinn engill, ef hann ætti að geta litið alveg óvilhöllum augum á sparisjóðinn og stjórn hans. *(Sig. Sigurðsson:* Það er nóg um slíka menn í Árnessýslu). Annað sagði mér maður, sem þar er þó vel kunnugur. Hann *hélt*, að þeir væri fáir þar í sýslunni, sem þetta starf gæti tekið að sér, og ekki væri bendlaðir við sparisjóðinn þar á ein-

hvern hátt. *(Sig. Sigurðsson:* Eg þekki það nú eins vel og hver annar). Annars hélt eg, að þessi lög væri ekki ætluð Árnesingum einum, heldur landinu yfirleitt.

Eg er hræddur um, ef háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) ætlar að gera eftirlitið eins gott og örugt með þessari aðferð sinni, að þá verði honum erfitt að gera kostnaðinn við það minni. Það er vitaskuld, að minna fé eyðist í ferðakostnað, en sýslu-eftirlitsmennirnir verða líka altaf lengur að starfinu, því að þeir geta aldrei haft eins mikla æfingu og landseftirlitsmaðurinn, og hafa þess vegna ekki eins góð tök á að sjá fljótt yfir það, sem gjöra þarf. Eg hygg því, að það verði aldrei mikill sparnaður að hafa sýslueftirlitsmenn, frá því að hafa einn eftirlitsmann fyrir alt landið.

Eg held, að eg hafi þá svarað háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að mestu leyti. Eg er því miður ekki reiðubúinn að svara háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), því að reynslan, sem hann bygði alt á, hefir enn ekki sýnt sig; hún liggur langt fram undan, en er ekki hér til umræðu.

Bjarni Jónsson: Það er raunar óþarfi fyrir mig að standa upp, því að málið hefir þegar verið rætt mjög rækilega. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir rakið til hlítar með skýrum rökum öll atriði málsins, og svarað þannig fyrirfram ýmsum mótbárum, sem síðan hafa komið fram og á litlum rökum hafa verið bygðar.

Eg skal ekki viðhafa nein hnýfilyrði, bæði fyrir það, að eg hefi í þetta skiftið verið látinn með öllu hlutlaus, og svo eru þeir menn gengnir veg alls holds, sem eg annars mundi helzt kjósa að beina hnýfilyrðum að í dag. Eg skal því vera mjög spakur.

Þetta, sem sagt var, að eg og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefðum áður verið á móti öllu eftirliti með sparisjóðunum, var algjörlega gripið úr lausu lofti. Eg hélt því þvert á móti fram, að einn eftirlitsmaður væri ófullnægjandi, einkum þar sem kaup hans væri áætlað svo lágt, að ekki væri viðhlítandi. Eg hefi aldrei haft neitt á móti því, að eftirlit væri haft með sparisjóðunum, svo framarlega, sem því væri ekki þannig hag að, að það gerði þeim eigi of erfitt fyrir, t. d. eins og ákvæðið það, að tveir menn úr stjórninni skuli jafnan undirskrifa hvert skjal, sem nokkurt gildi á að hafa. Þetta telja menn í sveitum óframkvæmanlegt og kjósendur mínir í Dalasýslu hafa beðið mig að sporna við því, að slíkt ákvæði yrði sett. Það get eg gert með góðri samvizku. Aftur á móti hygg eg, að enginn maður hafi neitt á móti eftirlitinu sjálfu. Það mundi miklu fremur verða vel þegið. En ef einn maður á að hafa á hendi eftirlitið með öllum sparisjóðum á landinu, og ef nokkur trygging á að vera fyrir því, að það verði sæmilega af hendi leyst, þá verður kostnaðurinn eflaust margfalt meiri en stjórnin tók á sitt frumv. Það er alveg óhugsandi, að nokkur maður kæmist af með það kaup, sem þar er tiltekið, því að til þess að koma því upp í 2700 kr. þyrfti hann að vera 300 daga á ári á ferðalagi.

Ef till. okkar háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gengi fram, að eftirlitsmaður væri skipaður í hverri sýslu, yrði eftirlitið bæði miklu tryggara og um leið margfalt ódýrara. Kostnaðurinn við það yrði svo hverfandi, að sparisjóðirnir mundu ekki telja það eftir sér að greiða hann allan eins og hann legði sig. Landssjóður þyrfti ekkert fram að leggja. — Því hefir verið haldið fram, að ekki væri hægt að fá eftirlitsmenn í sýslunum, sem ekki væri vandabundnir stjórnum sparisjóðanna. Þetta er talað út í loftið. Menn eru ekkert fremur skyldir

innanhéraðsmönnum en utanhéraðsmönnum, þó að það geti hugsast, að einn eftirlitsmaður ætti ekki einsmargt skyldfólk og hinir allir. En eftir þessum hugsanagangi ætti ekki að vera til nokkurs hlutar að stofna neina trúnaðarstöðu í landinu, því að altaf á sá, sem í stöðuna væri settur einhverja venzlamenn. Vér skulum taka t. d. stjórnina íslenzku og sýslumennina, sem hún á að hafa eftirlit með. Eru ekki sýslumennirnir bræður og mágar þeirra manna, sem í stjórninni sitja?

Ef alstaðar ætti að fylgja þeirri setningu fram, að ekki sé hægt að setja eftirlitsmenn með sjóðunum vegna skyldleika manna, hvernig ættum vér að fara að hafa landsstjórn, þegar svo stendur á, að allir menn á landinu eru náskyldir, svo að ráðherrann getur verið bróðir sjómannsins eða smalans og hvers sem er? Þetta er því bara út í loftið. Þó kom þetta sama fram í ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). Hann hélt, að þeir mundi verða vilhallir, þessir endurskoðunarmenn í sýslunum. Eg held þvert á móti, því að þeir sem eiga heima í héraðinu, myndi hafa meiri hvöt til þess að láta alt fara vel í sínum sparisjóði, heldur en alókunnugur maður sendur héðan úr Reykjavík. Hvað lengi, sem þessi eini maður yrði við starfið, yrði hann ekki eins vel kunnugur hverjum einstökum sparisjóði eins og þeir, sem í héruðunum búa. Fyrstu árin yrði hann að öllu leyti að vera kominn upp á upplýsingar þær, sem héraðsbúar gæfi honum. Eg skal benda á, að hinir löggiltu endurskoðendur samkvæmt frumv., sem samþykt var hér á dögunum og nú er í efri deild, eru sjálfkjörnir til þess að hafa eftirlitið með sparisjóðunum. Viðvíkjandi kostnaðinum skal eg minna á, að í þeim lögum stendur, að stjórnarráðið skuli semja þeim verðskrá, svo að enginn þarf að vera hræddur um, að sparisjóðirnir verði harðara úti en þörf er á.

Svo vóru það nokkur smáatriði, sem eg vildi leiðrétta. Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði talað um reynsluna sem ástæðu. Það er ekki rétt. Það var ekki flutt fram sem ástæða. Ástæðurnar vóru þegar komnar, en svo bætti hann við, að reynslan myndi sýna, að þær væri réttar. Sami háttv. þingm. (Sv. B.) reyndi að vefengja það, sem félagi minn heitinn, háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að það væri eins um þennan eftirlitsmann eins og umfang og efni hugtaka, hugtakið yrði því efnisminna, sem það væri umfangsmeira. Svo kom hann með þessa fyndni um kettina, að enginn köttur hefði 7 rófur, þess vegna hefði einn köttur 8 rófur. Þetta er gömul fyndni, sem ekki er einu sinni hægt að hlæja að, þótt hún væri rétt heimfærð, en því var ekki að heilsa. Aftur á móti var það vel valið dæmi og rétt heimfært, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kom með.

Þeir segja líka, að æfingin geri þennan eina mann svo góðan og glöggan, en eftirlitsmennirnir í héruðunum fá líka æfingu. Eða er það svo, að sá almenni einn læri af æfingunni, en hinir ekki? Annars færi illa með stjórnina hér, ef ekki væri til menn í sýslunum, sem færir væri til þess að líta eftir sjóðunum. Þá yrði héruðunum líklega erfitt að útvega sér hæfa menn í sýslunefndir og hreppsnefndir.

Eg sé, að í lögunum eru nefndir bankafróðir menn og verzlunarfróðir. En hvar eru þeir menn? Eru þeir einungis í kaupstöðunum? Eg býst við, að þá sé alveg eins og engu síður hægt að finna uppi í sveitunum eins og hér.

Svo er talað um, að það fáist ekki gott samræmi í eftirlitið nema sami maðurinn hafi það á hendi. Það er nú

gott stundum að hafa samræmi. En það er líka gott það ósamræmi, að eftirlitið sé víða gott en óvíða slæmt, og eins er það ilt, að eftirlitið sé víða slæmt en óvíða gott.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) var að reyna að bera brigður á það, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að innanhéraðsmenn væri færari um að dæma um tryggingu á lánunum heldur en aðrir. Hvað vel, sem þessi eini eftirlitsmaður væri að sér, myndi hann aldrei þekkja eins vel gildi og verðmæti jarða eins og innanhéraðsmenn. *(Sveinn Björnsson:* Það er hægt að fá upplýsingar). En eigi að senda þennan eftirlitsmann til þess að fá upplýsingar hjá héraðsmönnum, sem ekki er treyst sjálfum til að hafa eftirlitið á hendi, þá ætti þeir ekki síður að geta tekið þessar upplýsingar hjá sjálfum sér, heldur en að láta þær öðrum í té.

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Áður en gengið er til atkvæða vil eg benda á það, að skoðanir eru nú við umræðurnar skiftar mjög um eitt atriði: hvort einn maður bankavanur skuli líta eftir öllum sjóðunum eða einn maður í hverju héraði. Mér leizt í fyrstu vel á að haga þessu svo, sérstaklega vegna þess, að innanhéraðsmenn gæti betur metið tryggingar sjóðanna. Eg hvarf þó frá þessu við nánari athugun og held, að svo muni fleirum fara.

Eftirlitsmaður í sveit hverri þyrfti að vera mörgum óháður, fleirum en líklegt er að mögulegt sé. Hann má ekki vera háður stjórn sparisjóðsins, ekki skuldunautum hans, ekki ábyrgðarmönnum þeirra. Ærið hæpið má ætla að svo verði víða, sízt að stjórnarráðið kunni svo menn að velja.

Það er þó ekki þetta, sem mér vex mest í augum. Eg sé, að sparisjóðir vorir aukast og eflast, verða smámsaman að smábönkum, sem reka margháttuð störf, og það jafnvel í stórum stíl eins og sparisjóðurinn á Eyrarbakka. Þegar sjóðirnir vaxa, verður eftirlitið ekki annarra meðfæri en bankavanra manna. Það kann að vera, að þeir sé ekki margir á landinu, en sé ekki unt að fá hæfan mann í bönkunum hér, þá fást þaðan af síður margir sinn í hverri sveit.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 226 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 259 samþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 247 tekin aftur.

2. brt. á þskj. 226 tekin aftur.

3. brt. á þskj. 226 (= 1. brt. á þskj. 210) samþ. með 19 shlj. atkv.

4. brt. á þskj. 226 feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Hallsson	Guðm. Hannesson
Björn Kristjánsson	Benedikt Sveinsson
Einar Arnórsson	Guðm. Eggerz
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Hjörtur Snorrason	Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Magnús Kristjánss.
Skúli Thoroddsen	Matthías Ólafsson
Þórarinn Benediktss.	Pétur Jónsson
	Sigurður Gunnarss.
	Stefán Stefánsson
	Þorleifur Jónsson.

Sveinn Björnsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Jóhann Eyjólfsson, Jón Magnússon og Sigurður Eggerz ekki viðstaddir.

5. a. brt. á þskj. 226 feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Hallsson	Hannes Hafstein

Já:	*Nei:*
Einar Arnórsson	Hjörtur Snorrason
Guðm. Eggerz	Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	Magnús Kristjánss.
Stefán Stefánsson	Matthías Ólafsson
Þórarinn Benediktss.	Pétur Jónsson
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Gunnarss.
	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson og Björn Kristjánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Jóhann Eyjólfsson og Sigurður Eggerz vóru fjarstaddir.

5. b. brt. á þskj. 226 samþ. með 22 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Pétur Jónsson
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórson	
Einar Jónsson	
Guðmundur Eggerz	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Sigurður Gunnarson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Jón Magnússon, Magnús Kristjánsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Jóhann Eyjólfsson og Sigurður Eggerz vóru fjarstaddir.

1. br.till. á þskj. 244 samþ. með 13 shlj. atkv.

6. br.till. á þskj. 226 samþ. með 18 shlj. atkv.

7. br.till. á þskj. 226 samþ. með 19 : 4 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Hannes Hafstein
Benedikt Sveinsson	MagnúsKristjánsson
Bjarni Jónsson	Pétur Jónsson
Björn Hallsson	Sigurður Gunnarsson
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Einar Jónsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Jón Magnússon, Matthías Ólafsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Jóhann Eyjólfsson og Sigurður Eggerz fjarstaddir.

2. br.till. á þskj. 244, sjálffallin.

8. br.till. á þskj. 226, sþ. án atkv.gr.

9. br.till. á þskj. 226, sþ. án atkv.gr.

Br.till. þskj. 243, við 2. br.till. á þskj. 210, feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Hannesson
Björn Hallsson	Björn Kristjánsson
Einar Arnórsson	Guðmundur Eggerz
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Hjörtur Snorrason	Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	MagnúsKristjánsson
Stefán Stefánsson	Matthías Ólafsson
Þórarinn Benediktss.	Pétur Jónsson
Þorleifur Jónsson	Sigurður Gunnarsson
	Sveinn Björnsson.

Tveir þm. fjarstaddir.

2. br.till. á þskj. 210 samþ. með 14 : 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Bjarni Jónsson
Björn Kristjánsson	Björn Hallsson
Hannes Hafstein	Einar Arnórsson
Jón Jónsson	Guðmundur Eggerz
Jón Magnússon	Hjörtur Snorrason
Magnús Kristjánsson	Skúli Thoroddsen
Matthías Ólafsson	Stefán Stefánsson
Pétur Jónsson	Þórarinn Benediktss.
Sigurður Gunnarsson	
Sveinn Björnsson.	

Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum. Tveir þm. fjarstaddir.

10. breyt.till. á þskj. 226 samþ. án atkv.gr.

Frumv. samþ. með 13:10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Bjarni Jónsson
Björn Kristjánsson	Björn Hallsson
Hannes Hafstein	Einar Arnórsson
Jón Jónsson	Einar Jónsson
Jón Magnússon	Guðm. Eggerz
Magnús Kristjánss.	Hjörtur Snorrason
Matthías Ólafsson	Skúli Thoroddsen
Pétur Jónsson	Stefán Stefánsson
Sigurður Gunnarss.	Þórarinn Benediktss.
Sigurður Sigurðsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þm. fjarstaddir.

Frumv. afgreitt til Ed.

---

3. Hlutafélagsbanki.

Á 21. fundi Nd., laugardaginn 25. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, nr. 66, 10. nóv. 1905; er það hafði verið samþykt við 3. umr. í Ed. (Þskj. 215).

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Einar Arnórsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykt í einu hlj. að kjósa 7 manna nefnd.

Í nefndina vóru kosnir með hlutfallskosningu:

Einar Arnórsson
Þorleifur Jónsson
Hjörtur Snorrason
Hannes Hafstein
Björn Kristjánsson
Pétur Jónsson
Sigurður Gunnarsson.

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 215, 404, n. 405).

Einar Arnórsson: Eg tala ekki sem framsögumaður neinnar nefndar í þessu máli. Nefndin hefir í raun og veru klofnað í fjóra hluta, og eg hefi ekki umboð til að lýsa málinu frá annarra sjónarmiði en mínu eigin. Þó er til meiri og minni hluti með tilliti til breyt.till. á þskj. 404. Um þær hafa 4 nefndarmenn alveg getað sameinað sig, þótt þeir hafi ekki getað sameinað sig um sjálft nefndarálitið.

Afstaða mín er sú, að frumvarpið, eins og það kom frá Ed., sé óaðgengilegt. Eg tel það nauðsynlegt, áður en bankinn fær aukinn seðlaútgáfurétt til frambúðar, að breyting sé gerð á ýms-

an hátt á fyrirkomulagi bankans. Um þetta eru 3 aðrir nefndarmenn mér að öllu samdóma. Sömuleiðis virðist 3. skilyrðið (um hlutafjáraukninguna), sem háttv. Ed. hefir sett fyrir þessum rétti, vera óframkvæmanlegt, eins og nú stendur á, og frumvarp Ed. því til einkis gagns í bráðina, yrði það samþykkt óbreytt.

Það má auðvitað deila um það, hvort þörf sé á auknum seðlaútgáfurétti fyrir bankann. Eftir skýrslum þeim, sem eg hefi séð, virðist það allhæpið, að bankinn hafi næga seðlafúlgu til fullnustu viðskiftaþörfinni. Í október og nóvember, þegar seðlaþörfin hefir verið mest, hafa verið í umferð undanfarið mest kr. 2.105.000 í seðlum. Það getur því vel hugsast, að viðskiftaþörfin krefjist brátt fleiri seðla og því verði að auka þennan rétt. Samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905 8. gr., er nefnilega ekki hægt að gefa út seðla á annan hátt. Í þessari grein stendur, að Íslandsbanki sé sú eina stofnun, sem rétt hafi til að gefa út seðla hér á landi meðan lögin gilda, eða þangað til árið 1934. Meiri hlutinn hefir því lagt það til, að bankanum sé heimilt að gefa út 700,000 kr. í viðbót, ef þörf krefur. Og fari svo þá, að þess þurfi ekki við, þá tel eg ekki skaða skeðan, þótt frumvarpið verði samþykt. Eg hefi litið svo á, að rétt sé að gera þá kröfu, að málmtryggingin sé ekki minni en í þjóðbankanum danska, 50% af seðlafúlgu þeirri, sem er í umferð. Í gildandi lögum bankans er ekki krafist meiri málmtryggingar en $^3/_8$ af seðlafúlgunni, sem hann hefir nú rétt til að gefa út, og kemur auðvitað ekki til mála að gera frekari kröfur um þá seðla, sem gefnir eru út samkvæmt þeim lögum.

Enn fremur leggur meiri hlutinn það til, að bankinn greiði í landssjóð í hver mánaðarlok 2% af þessari seðlafúlgu af umræddum 700 þús. kr., sem er í umferð umfram það, sem málmtrygt er. Þetta getur aldrei numið meira en 7000 kr. á ári — en hjá mér er þetta meginatriði. Það er ekki rétt, að mínu áliti, að auka hlunnindi bankans, án þess að nokkuð komi í staðinn. Og fyrir bankann er þessi aukni réttur gróðavegur, því að ómálmtrygðu seðlarnir gefa vexti, sem svara til þeirrar upphæðar, sem er í umferð hvert skifti umfram það sem málmtrygt er.

Það þekkist líka í öðrum löndum, að bankar verði að gjalda slíkt gjald, sem hér um ræðir, þótt því sé fyrirkomið með ýmsu móti. Þjóðbankinn danski borgar t. d. ríkinu 5% af þeirri seðlafúlgu, sem er í umferð umfram ákveðið hámark.

Loks höfum vér lagt það til, að lögin fái gildi þegar í stað og gildi til októberloka þetta ár. Eg býst samt við því, að þetta spursmál komi til umræðu á næsta þingi og sé bankanum það hughaldið að halda þessum rétti eða fá aukinn seðlaútgáfurétt, þá vænti eg þess, að bankastjórnin og hlutaðeigendur aðrir taki til athugunar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á fyrirkomulagi bankans og málið verði lagt fyrir næsta þing, ef til kemur, á þeim grundvelli.

Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá viljum vér alls ekki ganga að því, að þessi réttur bankans sé framlengdur, nema því að eins að teknar sé til greina þessar breytingar á fyrirkomulaginu, sem óefað þarfnast umbóta.

Svo eg snúi mér aftur að frumvarpi efri deildar, þá er, eins og eg þegar hefi tekið fram, þriðja skilyrðið óframkvæmanlegt á næsta ári. Það yrði ekki fyrr en á næstu *árum*, að bankinn gæti notað þennan rétt. En eftir frumv. efri

deildar er rétturinn veittur alveg án nokkurs skilyrðis um breytingu á fyrirkomulagi bankans og án tímatakmarks. Enn fremur get eg ekki gengið að því ákvæði frv., sem segir, að við fyrstu 700.000 kr. þurfi ekki að auka málmtrygginguna, en síðan fari hún smáhækkandi unz 4 milj. kr. er náð. Þá verður að leggja jafnvirði gulls á móti hverjum seðli. Þetta er alveg sama og segja bankanum að hætta, þegar þessu marki er náð. Eg verð því að leggja á móti frumv. efri deildar. Og verði brtill. á þskj. 404 ekki samþyktar, greiði eg atkvæði gegn frumv.

Björn Kristjánsson: Minni hlutinn þarf að miklu leyti ekki annað en vísa til álits skrifara nefndarinnar viðvíkjandi þeim ástæðum, sem mæla á móti því, að Íslandsbanka verði veittur þessi aukni seðlaútgáfuréttur. Hann felst fullkomlega á athugasemdir hv. 2. þm. Árn. (E. A.) um fyrirkomulag bankans. Samt hefir minni hlutinn gert stutt nefndarálit til bráðabirgða, sem í einu atriði segir meira en það, sem skrifari nefndarinnar hefir tekið fram.

Mér getur ekki annað sýnst, en að með breytingartillögum þeim, sem fram eru komnar, sé stungið inn litla fingrinum til þess að koma inn allri hendinni síðar eða á næsta þingi, svo að ekki þurfi að taka tillit til þeirra athugasemda, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir gert. En það mun verða erfitt að fá það bætt sem aflaga fer.

Sé þörf á auknum seðlaútgáfurétti fyrir Íslandsbanka, þá virðist mér þó frumv. efri deildar skynsamlegar samið, því að það byggir þó á hinum sama grundvelli og bygt var á við stofnun Íslandsbanka, nefnilega því, að hlutaféð, sem er hið eiginlega veltufé bankans, standi alt af í hlutfalli við seðlafúlgu þá, sem eigi er trygð með málmforða, þótt í því felist eigi út af fyrir sig nein full trygging né gull-trygging fyrir landið.

Stofnendur Íslandsbanka segja í fylgiskjali við þskj. 45 í Skjalaparti Alþtíð. 1901, bls. 211 um hlutaféð í sambandi við seðlaútgáfuréttinn:

»Við skoðum þess vegna að við getum eigi fallið frá því, þegar einkaleyfið er gefið, sé möguleiki fyrir því, að gefa út seðla eftir þörfum landsins, þó með þeim takmörkunum, að að hin ógulltrygða seðlaupphæð, aldrei megi nokkurn tíma yfirstíga hið fullinnborgaða veltufé«.

Það er þetta, sem háttv. efri deild hefir sniðið frumv. sitt eftir, og það er þetta, sem eitthvað verulegt vit er í, vegna þess að seðlar verða aldrei skoðaðir sem veltufé til útlána til lengri tíma eða til fyrirtækja.

Nú má sýna fram á, að seðlanna er alls engin þörf. Allir seðlar, sem leyft er að gefa út í landinu nú, nema 38 kr. 50 aura á hvert höfuð landsmanna, og það er meira en hægt er að búast við, að liggi í vösum manna. Þó að þjóðbankinn danski hafi vítt svið til að gefa út seðla, þá er, eins og hver maður veit, margfalt meiri verzlun og viðskifti að tiltölu í Danmörku heldur en hér á þessu landi og engin vöruskiftaverzlun þar rekin, en vöruskiftaverzlunin dregur úr þörfinni fyrir gjaldmiðil. Er því eðlilegt, að þar loði meira af seðlunum í umferð og ekki sízt fyrir það, að samkvæmt samningi eru seðlar Þjóðbankans einnig gjaldgengir bæði í Noregi og í Svíþjóð. Enn fremur ganga þeir í Þýzkalandi. Hverjum manni er því auðsætt, að þar hlýtur meira að vera úti af gjaldmiðli en hér getur verið.

Af þessum samanburði ætti það að vera ljóst, að hér er ekki skortur á *verðlausum bréfum*, sem koma í peninga stað, að eins innanlands. Og margt

bendir á, að einmitt nú sé minni þörf á þeim, en vanalega gerist. Það gerir viðskiftateppan. Þegar viðskiftin eru eðlileg, gengur mikið af seðlunum út úr landinu til Danmerkur. Síðustu árin hafa gengið þangað af Landsbankaseðlunum um 400 þús. kr. á ári, og af Íslandsbankaseðlunum að líkindum ennþá meira. En vegna ófriðarhættunnar, sem nú er, verða viðskifti við útlönd miklu daufari, verða þessir seðlar sendir heim, og fara ekki út aftur á meðan á stríðinu stendur og liggja því kyrrir í landinu sjálfu og þar af leiðandi er miklu minni þörf á að auka seðlaútgáfuna nú, en annars mundi, ef öðruvís stæði á.

Á þinginu 1901 var talið, að það, sem Landsbankinn mætti mest gefa út af óinnleysanlegum seðlum væri $1^1/_4$ milj. Það var eigi talið hættulaust, að hann gæfi út meira. Menn álitu, að ekki væri þörf á meira af seðlum til *innanlands* viðskifta. Nú mætti segja, að þörf væri á $1^1/_2$ milj. kr., því að þingið 1901 bygði á því að seðlarnir gengi ekki til erlendra banka eins og nú á sér stað. Slík viðskifti vóru þá ekki komin á. En í stað þess að láta það nægja að leyfa að gefa út $1^1/_4$ miljón í óinnleysanlegum seðlum, höfum vér nú þegar $3^1/_4$ milj. af seðlum, sem *allir eru gerðir óinnleysanlegir*. Svo langt hefir þingið gengið. Og við þetta á síðan að bæta 700 þús. kr. í *óinnleysanlegum* seðlum. Finst nú ekki þinginu nóg að láta sitja við þessa $3^1/_4$ milj., þegar sýnt hefir verið fram á, að seðlafúlgan í landinu nemur kr. 38 og 50 aur. á hvert höfuð í landinu, miklu meira en gerist nokkursstaðar annarsstaðar, er eg til þekki. Það er ekki ráðlegt fyrir þingið að dragast með hverjum vindblæ, hvaðan svo sem hann kemur og hvert sem hann ber. Tímarnir eru þeir, nú sem stendur, að menn verða snortnir af ástandinu og gæta því síður að sér. En það sem mest á ríður, er að hugsa þetta mál með ró og stillingu, eins og ekkert hafi í skorist.

Hér á dögunum var frv. á ferðinni þess efnis að leysa Íslandsbanka undan skyldunni að innleysa seðla sína, og að heimila stjórninni að takmarka greiðslur bankanna og sparisjóðanna í landinu.

Eg var meðflutningsmaður að þessu frv. og eg og minni hl. greiddi því atkvæði. Af hverju? Einungis af því, að vér álitum það þarft. Vér álitum það bæði stoð fyrir bankann og stoð fyrir landið að gera það. Það væri þess vegna nærgöngult, ef nokkur nefndarmaðurinn færi að væna mig um, að eg væri á móti seðlaaukningu Íslandsbanka af hlutdrægni, þar sem eg fyrir nokkrum dögum hefi sýnt, að eg vil vera stofnun þessari að liði. Því að það er auðvitað, að bankinn hefði ekki getað staðið, í öllu falli ekki lengi, ef hann hefði ekki verið leystur undan skyldunni, að innleysa seðlana. Og hvaða hag gæti eg haft af því persónulega, að seðlar Íslandsbanka væri ekki auknir? Hvaða hag, annan en þann, eins og æfinlega, að auka mér mótstöðumenn, með því að halda fast við skoðun mína? Hvað annað en að tryggja mér vissan ársforða af ofsóknum Lögréttu, ársforða af rógi um mig og Landsbankann? Það er það eina, sem eg gæti haft upp úr því.

Nei, hér er ekki þörf á *verðlausum pappírum*. Það sem þörf er á er *vörur* og *gull*, en seðlarnir veita hvorugt. — Hvað mundi það hjálpa bjargráðanefndinni, þó að bætt væri við seðlana? Landið er jafn peningalaust eftir sem áður, því að þeir eru ekki annað en *ávísun* á peninga, *sem nú sem stendur eru ekki til*. Eg hefi orðið var við það þessa dagana, að menn halda endilega, að ef

bætt verður við seðlana, þá verði það til þess að skapa peningaveltu í landinu.

Eg vil benda á, að þetta er ekki svo. Seðlarnir veita ekki veltufé, hvorki til lána né til stuðnings fyrirtækja. Því fer mjög fjarri. Það sést bezt á því, að ekki er meira í umferð meiri hluta ársins, en sem svarar helming af þeim seðlum, sem nú er leyft að gefa út. Af því að seðlarnir eru ekki veltufé, heldur *ávísun á borgun*, streyma þeir inn í bankana aftur. Síðustu 4 árin hafa þeir seðlar Íslandsbanka, sem í umferð hafa verið, komist niður í 568,800 kr. Það var árið 1910, eins og sést á skýrslu þeirri, sem fylgir nefndaráliti minni hl. Það er þess vegna rangt álit, að skoða seðlana sem peninga; það eru þeir ekki, heldur að eins *ávísun á fé*, sem síðar verður greitt út á þá, *ávísun á gull bankans*, sem gefur þá út og ber þá fyrir sig í stað þess að þurfa altaf að hafa reiðupeninga í höndum. Seðlarnir ganga manna á milli lengri eða skemri tíma og ganga síðan aftur til bankans, sem hefir gefið þá út, þar sem þeir eru annaðhvort innleystir með gullmynt eða þeir ganga inn í önnur viðskifti. Það hæsta, sem má skoða sem veltufé af seðlunum, er það, sem *minst hefir verið úti*, þessar 568,800 kr. árið 1910, en annað ekki. Það er einungis *aktíufé, sem skapar hið eiginlega veltufé* og *það* hefir háttv. Ed. séð. Frá því hefði nefndin ekki átt að víkja.

Það er næsta skoplegt, að þingið skuli vera að ræða um að auka seðlaútgáfuna, einmitt nú á þessum tíma, *þegar ekkert er gjaldgengt nema gull.* Seðlarnir koma því að engum notum til þess að kaupa fyrir þær nauðsynjar, sem landið þarf. Þeir bjarga því ekki landinu úr þeim vandræðum, sem það er í, eða kann að lenda í út úr ófriðnum. Og þeir verða heldur ekki til þess að styrkja lánstraust landsins út á við, það er síður en svo. Þetta sem hér á að fara að gera, er þá ekkert annað en gönuhlaup, og slík gönuhlaup hafa verið nógu mörg og tíð nú undanfarið. Á þau er ekki bætandi.

Því hefir verið skotið fram, að Danir hafi þessa dagana aukið seðlaforða Þjóðbankans um 25 milj. Eg veit ekki hvort *nokkur flugufótur* er fyrir þessu.

Ef vér samþykkjum þetta frv., sem fyrir liggur, þá koma 46 kr. á hvert höfuð landsmanna, og það er sýnilega óþarft og jafnvel hættulegt.

Háttv. skrifari meiri hl. nefndarinnar (E. A.) hefir látið í ljós, að ekki hafi verið nægilega trygt eftirlit með Íslandsbanka, frá stofnun hans. Þetta er að vissu leyti rétt. Eg skal reyndar ekkert segja um við þessa umræðu, hvernig eftirlitið hefir verið, en *löggjöf* bankans hefir ekki séð honum fyrir nægilega tryggu eftirliti, og eiginlega ekki séð fyrir eftirliti með honum í neinni mynd. Þingið 1901 samþykti að veita Íslandsbanka heimild til að gefa út þessa ákveðnu seðlafúlgu, og eiginlega vóru lögin frá 1901 í fullu lagi. En það var eitt, sem þingið gerði ekki, og það var að ákveða eftirlitið með bankanum, heldur var það *falið stjórninni.* Og hún gjörði það svo úr garði, og svo frábrugðið því, sem annarsstaðar á sér stað, að það má telja alveg ótækt, því að í því er engin trygging fólgin, hvorki í augum útlendinga né innlendra manna.

Eg vil einungis benda á eitt atriði sem dæmi:

Árið 1901 var svo ákveðið, að gullforði bankans skyldi geymast á Íslandi. Það var ónákvæmlega til tekið, en var skilið svo, að hann ætti að vera í Rvík, enda var það eðlilegt, því að án þess gat stjórnin ekkert eftirlit haft með honum. En viti menn, samkvæmt lagabreytingunni árið 1905, má gullforðinn vera á *fjórum landshornunum*, Reykja-

vík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Hvernig á nú stjórnin að geta haft nokkurt eftirlit með þessu, þegar fyrirkomulagið er þannig? Henni er það öldungis ómögulegt, jafnvel þó að hún væri öll af vilja gerð. Lögin hafa því verið stórskemd að þessu leyti frá því 1901. Eigendur bankans hafa skotið sér undan eftirlitinu, og eg fullyrði, að þeir hafa gert það Íslandsbanka í stórskaða. Þessu verður nauðsynlega að kippa í lag, en það verður aldrei gert, nema bankinn eigi undir högg að sækja hjá þinginu. Það verður ekki gjört, ef þingið lætur undan hverjum vindblæ, sem andar á það, og lætur alt eftir bankanum, sem hann fer fram á. Það sem áreiðanlega þarf, er fullkomin og nákvæm rannsókn á öllum hag bankans. Og eg legg áherzlu á að henni verði komið á, áður en seðlaútgáfuréttur bankans verður aukinn, og áður en landið tekur á sig meiri ábyrgð á honum en það hefir. *(Hannes Hafstein:* Rannsókn, eins og á Landsbankanum?). Það hljómar ef til vill ekki vel þetta orð: rannsókn, því að það var á margra vörum nú fyrir nokkrum árum, en það, sem eg á við með því, er það sem á útlendu máli er nefnt »kritisk revision«. Mér verður, ef að líkindum lætur, brugðið um hlutdrægni, þar sem eg sting upp á þessu, en eg gjöri það einungis fyrir það, að eg álít það stóra nauðsyn, og bæði landinu og bankanum fyrir beztu. Og eg vil benda á, að þetta er ekki ný skoðun hjá mér nú, því að á þinginu 1909 er breytingin á lögunum um stofnun Landsbanka var samin, stakk eg upp á, að rannsókn á hag Landsbankans væri framkvæmd 5. hvert ár (Kritisk Revision). Þingið lagði lítið upp úr þessu, og eg fekk því ekki fram komið. Eg minnist á þetta til þess að sýna, að það er ekki í fyrsta skifti í kvöld, að mér dettur í hug að slík rannsókn sé nauðsynleg. Eg hefi þvert á móti lengi haft þá skoðun, að það væri hverri bankastjórn mikill styrkur að eiga von á nákvæmri rannsókn við og við. Eg vildi, að slík rannsókn hvíldi á Landsbankanum, eins og eg stakk sjálfur upp á, því að hún mundi verða til þess að tryggja traust á honum, bæði inn á við og ekki síður út á við.

Háttv. skrifari meiri hlutans (E. A.) skýrði frá, að meiri hlutinn legði til að bankinn borgaði landinu 2% af þeim seðlum, sem ekki væri trygðir með gulli. Hvers vegna 2%? Því ekki 5%—6% eins og alment er annarsstaðar. Víðast hvar annarsstaðar er það ákveðið, hvað mest megi hafa úti af seðlum, miðað við hvað mikill gjaldmiðill er í umferð í landinu samkvæmt reynslu. Seðlaupphæðin er svo skömtuð eftir því. Það dettur engu landi í hug að hafa *allan gjaldmiðilinn í seðlum*, heldur er altaf séð um, að ásamt þeim sé mikið af gulli í umferð, að gullið hafi rúm í landinu. Þess vegna var það, að þegar stjórnin í Danmörku 1907 leyfði Þjóðbankanum að gefa meira út á gullforðann, en það sem hann í rauninni hafði rétt til, þá tók hún 5% af seðlaviðbótinni sem ekki var fullkomlega gulltrygð Eins er þetta í Þýzkalandi, þar tekur ríkið 5% af ógulltrygðum seðlum, sem gefnir eru út *umfram það*, sem ákveðið hefir verið að gefa mætti út undir venjulegum kringumstæðum. Af hverju? Af því að ríkið vill styðja að því, að bankarnir hafi ekki meira úti af seðlum heldur en það sjálft ákveður, að megi vera úti undir venjulegum kringumstæðum, og ennfremur til þess að tryggja það, að altaf sé gull í umferð í landinu jafnframt seðlunum. Og ekki sízt til þess að takmarka, að menn leggi fé í óviss fyrirtæki, sem svo hætt er við þegar vítt svið er opnað til þess að búa til peninga, með því að skrifa nafn sitt undir

verðlausa seðla. Ef vér hefðum hugsað um þetta, þá stæðum vér ekki eins og í dag *gulllausir* uppi í landinu.

Nú skal eg víkja að því, hvað eg álít að gera ætti. Það er vilji allra landsmanna, sem ekki eru viðriðnir Íslandsbanka, *að landið fái á sínum tíma seðlaútgáfuréttinn aftur*. Eg verð þess vegna að álíta, að ekki sé rétt að ganga inn á að auka seðlaútgáfu bankans sjálfs fram úr því sem orðið er. Því að þó að vér göngum inn á till. háttv. Ed. nú, þá þarf enginn að ætla, að við það verði látið sitja nema rétt í bili; eftir svo sem tvö ár kemur beiðni frá bankanum um meira. Og ef vér hugsum oss ekki að láta bankann hafa eins og hann biður um, þá verðum vér að grípa til annara ráða. Eg hefi hugsað mér að *landið sjálft* gæfi út svo mikið af seðlum sem þörf er á, og að það lánaði síðan báðum bönkunum, jafnmikið hvorum — svo að eg geri ekki upp á milli þeirra — einkum á þeim tímum, sem þeir hafa mesta þörf á seðlum. Fyrir þetta lán ætti landið að taka 4% rentur eða svo, og það væri ódýrara fyrir báða bankana að taka þetta lán hjá landssjóði, heldur en að taka lán hjá erlendum bönkum. En á meðan verið er að koma þessu í kring ætti Íslandsbanki að geta tekið bráðabirgðalán erlendis svo sem 2 mánaða tíma á árinu, er mestan gjaldmiðil þarf, ef inneign hans hrekkur ekki, alveg eins og Landsbankinn hefir orðið að gera árlega frá stofnun hans. Renturnar af seðlunum ætti síðan að leggjast í sjóð, sem safnaðist upp árlega sem gullforði fyrir landssjóðs seðlana, sem að 20 árum liðnum mundi vera orðinn nægur gullforði fyrir landið, er það næði aftur seðlaútgáfuréttinum. Og sú leið er *trygg leið* til þess að landið geti náð aftur þessum rétti. En engin trygging fyrir, að landið nái honum nokkurntíma aftur, ef það fer að bæta við seðlaútgáfurétt Íslandsbanka. Sú leiðin er ólíku hyggilegri til þess að landið geti náð seðlunum aftur. En það er sjálfsagt að styðja að því, að Íslandsbanki auki sitt hlutafé, enda hefir þinginu aldrei dottið í hug að hafa neitt á móti því. 1907 var honum slindrulaust veitt leyfi til að auka hlutafé sitt um 2 miljónir. Á hluthafafundi 1908 var svo ákveðið að auka *skyldi* hlutaféð um 2 miljónir, en eftir því sem fyrrverandi bankastjóri, sem situr hér við hliðina á mér, segir, var það ekki gert vegna þess, að dýrtíð kom í veginn. Eg vona, að alþingi haldi fast við það, að bankinn auki hlutafé sitt, og það því heldur sem hann hefir orðið fyrir tjóni, svo að hlutabréf hans standa nú ekki nema í um 80%. Þegar þingið veitir seðlaútgáfurétt gegn því að víst hlutafé sé til staðar, þá er það öldungis eins og þegar hlutabréf er sett að veði fyrir láni. Það verður að borga af láninu ef hlutabréfin lækka í verði.

Eg skal nú ekki þreyta menn á lengri ræðu í þetta sinn. Eg hefi sagt þessi orð af engri óvild við Íslandsbanka. Mér er vel við hann, eins og eg hefi sýnt fyrr og síðar hér á þinginu, og eg vil, að tveir bankar lifi.

Eg vil að endingu bæta því við, ef ekki semst við Íslandsbanka um útgáfu seðla, þá væri rétt að landið gæfi út þessa seðla og stjórnin leitaði þess við Íslandsbanka, hvort hann vildi ekki selja hlutina fyrir sannvirði, að viðbættu því, sem hluthafarnir vildi reikna sér fyrir seðlaútgáfurétt ónotaðan í 20 ár. Eg er viss um, að hlutirnir yrði þá borgaðir að fullu, svo að hluthafarnir biði ekki neitt tjón. Sennilega yrði það bezta lausnin.

Hannes Hafstein: Eg ætla ekki að fara að halda langa hrókaræðu um þetta mál. Eg tel tilgangslaust að svara

einstökum atriðum í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) orði til orðs, því að mikið af því, sem hann var að segja, er alveg þýðingarlaust fyrir það, sem um er að ræða í kvöld. Það sem fyrir liggur er ofur einfalt mál, og þarf ekkert tólfbankavit til að skilja það.

Eg skal fyrst aðeins gera þá athugasemd, að alt það, sem háttv. þm. sagði um seðlaútgáfurétt Nationalbankans í Danmörku, og seðlaútgáfu á mann í landinu var í lausu lofti bygt. Seðlaútgáfuréttur National-bankans er alls ekki takmarkaður, heldur gefur bankinn út eins mikla seðla eins og hann vill, aðeins gegn því að hafa lögboðinn málmforða fyrir þeirri seðlaupphæð, sem á hverjum tíma er í umferð, og öllum vitanlega hefir hann nú úti seðlaupphæð svo tugum miljóna skiftir umfram það er háttv. þm. sagði. Þar með fellur öll sú röksemdaleiðsla, sem hann bygði á þessum upplýsingum sínum. Þær 25 miljónir, sem talað var um í símskeyti um daginn, vóru alls ekki aukning á Nationalbankaseðlum, heldur sérstakir verðmiðlar, gefnir út af ríkissjóði Dana, af því að búist var við þörf á auknu veltufé vegna stríðsins.

En þetta skiftir ekki máli hér. Oss varðar ekkert um, hve mikið af bankaseðlum kemur á mann í öðrum löndum. Fyrir oss liggur málið þannig: Viðskiftaþörfin hefir vaxið svo innanlands, vegna þess að verzlunin er að verða innlend og atvinnuvegir, sérstaklega botnvörpuútgerð að eflast, að með hverju ári kemur í ljós meira og meira, að þeir innlendu verðmiðlar, sem vér höfum yfir að ráða, eru ekki nægilegir, þegar mest þarf á fé að halda. Á löggjafarvaldið að láta þetta afskiftalaust, eða á það að reyna að liðka þetta eftir þörf? Löggjafarvaldið hefir 1901 skuldbundið sig til að ekki skuli útgefnir aðrir nýir verðmiðlar innlendir, heldur en Íslandsbankaseðlar, meðan einkaréttur hans stendur. Á þá að auka seðlaútgáfu Íslandsbanka eða ekki?

Eins og háttv. framsögumaður meiri hlutans tók fram, gat nefndin ekki komið sér saman um það frumv., sem upphaflega var lagt fyrir þingið í þessu efni. Það vóru skiftar skoðanir um ýms atriði, er snertu skilyrðin fyrir aukinni seðlaútgáfu, og vil eg ekki vera að þreyta deildina með því að telja þau upp. Meiri hluti nefndarinnar kom sér saman um að snúa sér nú í þetta skifti eingöngu að því, hvað gera skyldi í bráðina með alveg sérstöku tilliti til þess ástands, sem af Evrópustyrjöldinni leiðir einnig hér á landi. Í stað þess að farið er fram á það í stjórnarfrv. að bankinn megi gefa út 5 miljónir í seðlum, með sömu gullforðatrygging eins og hingað til og afgjaldslaust að öðru en venjulegan ágóðahluta landssjóðs snertir, er hér í þessari breyt.till. vorri ekki farið fram á meira en það, að bankinn megi árið 1914—15 auka seðlaútgáfu sína um 700 þús. kr., gegn því að þessar 700 þús. kr. sé trygðar með 50% málmforða og auk þess borgi bankinn 2% P. A. af því sem fram yfir málmforðann er í umferð á hverjum mánuði. Þetta á aðeins að vera bráðabirgðaráðstöfun til næsta þings, sem menn halda að bankinn gangi að, vegna þess að hann vill vinna sitt til að bæta úr hinni brýnu þörf, og því taka þessu boði, þótt það sé lakara fyrir hann, en gert var ráð fyrir í fyrstu.

Hin almenna ástæða fyrir því að hækka seðlaútgáfutakmarkið er sú, að með því móti fær almenningur og þeir, sem fé þurfa til þess að kaupa afurðir landsins af almenningi, ódýrara fé, heldur en með því að flytja inn gull eða seðla frá útlöndum. Það er bönkunum dýrara, að fá að láni alla upphæð þá, sem nota þarf, heldur en að eins þá

upphæð, er lögskipaðri málmforðatrygging nemur, og auk þess meiri kostnaður og rentutap við sending fram og aftur hingað til lands. Þennan kostnað þarf bankinn að fá frá viðskiftamönnum. En það táknar það, að almenningur yrði að borga hærri vexti fyrir lán í bönkunum og verð á innlendum vörum yrði lakara vegna dýrari peninga. Þetta gildir alment þegar peningar eru fáanlegir frá útlöndum. En nú getur komið fyrir, að þeir sé alls ekki fáanlegir frá útlöndum eða þá að eins af skornum skamti. Þetta getur orðið í styrjöld þeirri, sem nú er að loga upp í álfunni.

Þegar svona sérstaklega stendur á, er ekki hægt að treysta því, að menn geti fylt skörðin með útlendu fé, og höfum vér þá ekki annað til innanlandsviðskiftanna en það, sem vér getum útvegað oss í landinu sjálfu. Eg heyrði að vísu, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) neitaði því blátt áfram, að nokkur þörf væri á aukning á verðmiðli innanlands. Hann sagði, að sú verulega þörf Íslandsbanka væri ekki meiri en það, að hann hefði oft ekki úti meira en helming af seðlum sínum. Þessi háttv. þm. (B. Kr.) segir nú svo margt, en eg hefi heyrt fleiri menn fara með bollaleggingar um þetta, t. d. vera að miða seðlaþörf bankans við það, hve mikið hann hafi að meðaltali haft úti á hverju ári undanfarið síðan hann tók til starfa. Eg þarf vonandi engum orðum að því að eyða, að slíkur reikningur getur ekki náð nokkurri átt. Það má vitanlega ekki miða hámark seðlaútgáfuþarfarinnar við það, sem seðlaumferðin kemst *lægst*, heldur skiftir að eins hitt máli, hvað hún kemst *hæst* á ári. Viðskiftin eru auk þess alt af á framflugi, og alt af þarf meira og meira til að fullnægja þörfinni. Seðlaútgáfan er nú komin að hámarki. Þótt ekki sjáist af reikningum bankans 1913, að seðlaútgáfan hafi nokkurntíma á árinu komist fast upp að hámarki, þá stafar það að eins af því, að tölurnar í reikningsyfirlitinu eru miðaðar við mánaðarlok. En í *miðjum* október f. á. eða heldur þó fyrr, var seðlaútgáfan yfir 2 milj. og 400 þúsund, svo að ekki skorti nema fáa tugi þúsunda í hámark. Og þótt ekki hefði verið komið svo langt í fyrra, þá sannar það ekki, að þörfin verði ekki knýjandi í ár. En ef vér berum saman þá mánuði, sem af eru þessu ári, við sömu mánuði í fyrra, þá sjáum vér, að alla mánuðina í ár hefir mikið meira af seðlum bankans verið í umferð heldur en síðastliðið ár.

Í janúarlok 1913 var úti 1.043.905 kr., en í janúarlok 1914 var um 250 þús. kr. meira af seðlum úti. Í febrúarlok 1913 nam seðlaútgáfan 938.380 kr., en í febrúarlok í ár 1.292.120 kr., eða rúmum 350 þús. kr. meira en í fyrra í sama mund. Í marz 1913 889.740 kr., en í sama mánuði í ár 1.201.910 kr., þannig yfir 300 þús. kr. meira. Eins er það í apríl og maí. Í aprílok 1914 vóru enn yfir 300 þús. kr. meira, og í maílok yfir 400 þús. kr. meira í seðlum úti í ár heldur en í fyrra. Og ef nú slíku heldur áfram, sem engin ástæða er til að efa, þá yrði í október næstkomandi að minsta kosti þörf á fullri $^1/_2$ miljón meira af seðlum heldur en í október í fyrra, og fáist ekki þessi lög samþykt, þá er það öllum augljóst, að bankanum yrði ómögulegt að fullnægja þörfinni.

Hvað þýðir svo þetta? Það þýðir það, að öll viðskifti yrði fyrir óeðlilega þvingandi hafti. Það þýðir það, að þeir, sem hefði ætlað sér að kaupa til útflutnings íslenzkar afurðir, ull, fisk, kjöt eða aðrar íslenzkar vörur, yrði að hætta við það eða taka þær að eins til umboðssölu, í stað þess að borga hverj-

um sitt, eins og nú er farið að tíðkast. Og eins er það með útlendu vörurnar, sem kaupmenn hafa. Menn geta ekki borgað skuldir sínar og öll kjör mundu versna. Bankarnir sæti seðlalausir, fengi ekki inn afborganir, vexti né víxilfé, og gæti ekki lánað út; þeir gæti ekki innleyst útlendar ávísanir, eða orðið við áskorunum útlendra banka um greiðslur. Þeir geta daglega búist við að fá skeyti frá útlendum viðskiftabönkum að borga þessum eða þessum manni svo og svo háa upphæð. Hvaðan ætti að taka gjaldmiðilinn, er alt væri tept? Hvað þetta væri heppilegt fyrir lánstraust bankanna og landsins út á við, ætlast eg til að allir háttv. þingmenn skilji.

Eg hygg, að minni hluti nefndarinnar hafi verið eitthvað annars hugar þegar hann komst að þeirri niðurstöðu, að það myndi pumpa gullið út úr landinu, ef bankinn fengi leyfi til að auka seðlaútgáfu sína.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) lagði áherzlu á það, að ef bara bankinn hefði enga seðla að láta, þá myndi útlendingar, sem hér vildi kaupa vörur, streyma inn í landið með lúkur og vasa fulla af gulli. En hér við er það að athuga, að sama ástæðan, sem veldur því, að landssjóðurinn og bankinn geta ekki fengið gull frá útlöndum um þessar mundir, veldur einnig því, að menn frá útlöndum geta ekki komið hingað með gullið í vösunum til að kaupa fyrir það afurðir landsins. Um það þarf væntanlega ekki frekari útlistun, þótt margt mætti fleira segja um röksemd eins og þessa.

Það er sannfæring mín, að það væri rétt og algerlega háskalaust í alla staði, að þingið nú þegar tæki þá leið, að verða við óskum bankastjórnarinnar, og meira að segja, þótt hámarkinu væri kipt burt og seðlaútgáfa leyfð eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, að eins gegn því að ákveðinn gullforði væri fyrir seðlunum, á sama hátt og ákveðið er um Nationalbankann í Danmörku og í flestum löndum öðrum. Þá bráðabirgðaráðstöfun, sem um er að ræða í breyt.till. þeim, sem hér liggja fyrir frá meiri hl. nefndarinnar, álít eg ekki að eins hættulausa fyrir landið, heldur álít eg hitt stórháskalegt, ef þingið hafnar jafnvel þessu og gerir ekkert í þessu máli, þó að seðlarnir sé ekki og verði ekki ætlaðir til að senda þá til útlanda, þá hjálpa þeir þó til að borga það, sem keypt verður frá útlöndum, með því að láta bankana annast greiðslur utanlands. Ráðstöfunin er enganveginn gerð til þess að auðga Íslandsb., heldur er hún gerð fyrir almenning, gerð til þess að gera bankanum mögulegt að hjálpa innlendum viðskiftum, svo að þeir, sem á annað borð geta haft not af gjaldmiðli, ef til er, geti haldið áfram að lifa og starfa eins og áður, gerð til þess að alt stanzi ekki eða teppist í rás sinni.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að hér væri verið að smeygja inn litla fingrinum, til þess að síðar yrði ómögulegt að neita bankanum um aukinn seðlaútgáfurétt með óbreyttum kjörum. Það sama mætti alt eins segja um allar aðrar bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar hafa verið nú í þinglokin vegna ástands þess, er af stríðinu leiðir. Það mætti t. d. segja, að ákvæðið um óinnleysanleik seðlanna væri til þess að »smeygja inn litla fingrinum«, að fá í þessu efni sömu kjör og landsbankinn. En þetta er að eins orð og viðbára. Það hljóta allir að sjá, að það hvílir engin skylda á þinginu að veita bankanum óskorað leyfi til aukinnar seðlaútgáfu hér eftir, þótt hann fengi nú rétt til ákveðinnar aukningar þetta árið.

Það væri hægur vandi fyrir næsta þing að kippa að sér hendinni, ef því sýndist það forsvaranlegt. En eg hygg, að næsta þing muni verða svo skipað, að það sjái og verði samhuga um, að landsins vegna má til að færa mjög upp hámark seðlaútgáfunnar. Það má ekki múlktera allan landslýð með hækkuðum vöxtum að eins fyrir misskilning og mótþróa einstakra þvergirðinga.

Eg veit ekki, hvers vegna hinn háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) var stöðugt að afsaka sig, að það væri ekki af óvild til Íslandsbanka, að hann talaði svona, og að hann vildi Íslandsbanka ekki nema alt hið bezta. Það var enginn að ásaka hann um það efni. En þegar einhver að fyrra bragði þannig er að afsaka sig gagnvart hinum og þessum grun, þá liggur það mjög nærri að minnast hins alkunna frakkneska orðtaks: »Qui s' excuse s' accuse«, þ. e. sá, sem afsakar sig, ásakar sig.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekki í hyggju að fara ítarlega út í þetta mál, bæði af því, að eg hefi fáu við það að bæta, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, og hinu, að eg er enginn bankafræðingur. En bankafræði háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) skil eg ekki og treysti ekki og efast um, að margir geri það hér í deildinni.

Mér finst eg hafi orðið var dálítils misskilnings hjá sumum háttv. þingm. sem hér hafa tekið til máls og eg hefi átt tal við um bankamál það, sem hér liggur fyrir. Mér finst þeir hafi misskilið eða misbrúkað orðið seðlaútgáfuréttur. Þeir segja, að hér sé verið að auka seðlaútgáfurétt Íslandsbanka, en þetta er ekki alls kostar rétt. Seðlaútgáfuréttinn er ekki verið að auka nú, því að árið 1901 var hlutabankanum þegar veittur *einkaréttur* til allrar seðlaútgáfu á Íslandi, svo að hann þarf ekki frekari rétt í því máli nú. Honum var veittur allur rétturinn. Eg var á móti því 1901 að veita þennan einkarétt til seðlaútgáfu, en háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) var því þá fylgjandi. Þarf því ekki að þræta um, hvort auka eigi þennan rétt, því að hann var allur veittur, eins og áður er sagt.

Takmarkið, sem þá var sett fyrir upphæð seðlaútgáfunnar, er oss hvorki að kenna eða þakka, sem á móti vórum. Bankanum var þá heimilað að gefa út þá upphæð seðla, sem talið var hæfilegt og nauðsynlegt eftir viðskiftaþörfinni.

Nú á að hækka þetta takmark til bráðabirgða, færa upp það takmark, sem sett var af alt öðrum ástæðum en þeim, sem vér höfðum móti því, að veita einkaréttinn og það af því, að seðlaþörfin er svo mjög aukin. Þegar borin er saman seðlaumferðin í landinu eins og hún er nú og eins og hún var þá, þá sést að sú seðlafúlgan, sem bankanum var leyfð í fyrstu, o: $2^1/_2$ miljón, var honum meir en nóg, jafnvel hálfu meiri en á þurfti að halda framan af. Hefir ekki komið í ljós, að af því sprytti nein hætta, þótt bankinn hefði framan af svo rúmar hendur.

Hvað táknar það, að þörfin heimti að meira sé útgefið af seðlum?

Er það þörf bankans, sem heimtar það?

Nei, alls ekki. Það er einmitt vor eigin þörf, landsmanna, viðskiftaþörfin í landinu hefir aukist svo, að vér þurfum sjálfir á aukningunni að halda. Auðvitað er það jafnframt hagur bankans að auka seðlaútgáfuna, en landssjóði er líka hagur í því, af því að hann nýtur tekna af bankanum, og svo er honum ætlaðar sérstakar tekjur af þessu samkvæmt tillögu nefndarinnar. Eg vil

endurtaka það, að það er hugsunarvilla, að verið sé með þessu frumv. að auka seðlaútgáfuréttinn.

Menn hafa sagt, að seðlarnir reki gullið út úr landinu. Það er að vísu rétt, að áður en menn fóru að nota seðlana, sást hér talsvert gull í viðskiftaveltu manna í meðal, því að seðlaleysið neyddi menn til að nota það sem verðmiðil, en gull er miklu dýrara en seðlar og óhentugri gjaldmiðill manna á milli. Og þegar seðlar Landsbankans vóru gefnir út, þá útrýmdu þeir að vísu gulli úr landinu, en þeir bættu þó viðskiftin stórmikið innanlands. Og hvað eiga nú einstakir menn hér með gull að gera? Eg þekki ekki, að menn fái hér meira fyrir 10 króna gullpening heldur en fyrir 10 króna seðil. Þau einu not, sem verða að gullinu fram yfir seðlana eru, að gullið tryggir seðlana, það þarf að vera geymt þeim til tryggingar, en manna í milli er þess engin þörf. Vér höfum ekki viðskifti við aðrar þjóðir en þær, sem alt eins selja vörur sínar fyrir bankaávísanir eins og gull.

Eg þekki það af gamalli reynslu, að það er erfiðleikum bundið að fá gull flutt hingað frá útlöndum, og dýrt að fá gull frá Englandi um þessar mundir þegar pd. sterl. er orðið kr., 18.40 en selst hér á kr. 18.05.

Eg get ekki komið auga á, að nokkrum manni geti stafað nokkurt mein af þessari aukningu seðlafúlgunnar, og ekki er heldur unt að benda á, að Íslandsbanki stofni sér eða landinu í nokkurn minsta háska. Bæði er hér um litla upphæð að ræða, og ef 50% í gulli eru settir seðlaaukningunni til tryggingar, þá virðist mér fengin næg, sanngjörn og sæmileg trygging.

Björn Kristjánsson: Eg skal gjarna kannast við, að það hafi rétt verið hjá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að seðlaútgáfa Nationalbankans væri ekki aukin nú í ár, heldur að stjórnin hafi gefið út gjaldmiðil 25 miljónir. Mér var sagt það fyrir nokkrum dögum, eða eg skildi það svo, að Nationalbankinn hefði fengið heimild til að gefa út 25 milj. seðla. En úr því, að Nationalbankinn hefir ekki fengið að gefa út gjaldmiðil eftir þörfum, en að landið hefir gert það, þá styrkir það minn málstað, að *landið sjálft* eigi að hafa hina auknu seðlaútgáfu, ef hennar er þörf, sem eg neita að sé, en ekki einstakra manna banki. Mér er kunnugt um, að það er rétt ómögulegt að fá gull frá öðrum löndum. En það hefir verið spurt að því, hvað vér hefðum með gull að gera. Vér þurfum gull til að kaupa fyrir nauðsynjar vorar, og vér þurfum gull til að tryggja seðlana ef við þá er bætt.

Því er nú stungið að mér af sessunaut mínum, að það megi »deponera« þá ytra gullforðanum fyrir Íslandsbanka. Já, mikið rétt, þá leið má fara, en hún er þó ekki lögleg og ekki kaupum vér nauðsynjar nú fyrir gull, sem liggur niður í Kaupmannahöfn, úr því skipagöngum þaðan er lokað.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði Íslandsbanka hafa mesta þörf fyrir seðla í október, en einmitt þá streyma þeir sem mest inn í Landsbankann og eg get sagt hinum háttvirtu þingmönnum, að vér erum svo miklir vinir Íslandsbanka, Landsbankamennirnir, að vér mundum verða fúsir til að hlaupa þá undir bagga með honum og lána eitt til tvö hundruð þúsundir, ef á lægi gegn handveði í pappírum hans, eg held mér sé alveg óhætt að lofa því. Eins er Íslandsbanki vanur að eiga inni erlendis um þetta leyti árs. Hvers vegna notar hann ekki þá inneign sína þar til þess að uppfylla viðskiftaþörfina innanlands?

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) kvað öll viðskifti Íslandsbanka mundu stanza, ef leyfi þetta væri ekki veitt. En má eg spyrja: Gerði stjórn Íslandsbanka ráð fyrir því í fjárhags-áætlun sinni á þessu ári, að þetta leyfi yrði veitt? Eg held, að hann geti ekki hafa tekið að sér greiðslur fyrir útlend »firma« byggjandi á því, að þessi aukni seðlaútgáfuréttur væri veittur á þessu þingi.

Slíka áætlun mundi mega telja alveg óforsvanlega, gerða af banka.

Og hafi áætlun hans verið bygð á þeim gjaldmiðli, er hann hefir nú til umráða, þá getur ekki komið nein hindrun á fyrirhuguð viðskifti hans. En ef bankinn sér fram á, að hann hafi hér ekki nóg viðskiftafé fyrir hendi, þá verður hann að semja um að mega borga út í tékkum á inneign sína ytra.

Afarmikið af því, sem viðskiftamenn bankans þurfa að borga, er einmitt skuldir utanlands, og þá getur þetta verið hentugt fyrirkomulag, að fá ávísun hjá bankanum á það fé, sem hann á geymt ytra.

Landsbankinn hefir stundum beint áskilið sér að mega borga með tékkum, ef á vantaði fé heima fyrir, og yfir höfuð ætti að nota það meira en gjört hefir verið.

Meðan Landsbankinn var hér einn, veitti hann oft lán með því móti, að mega borga lánið með tékkum á Khöfn. Slíka tékka seldu menn svo kaupmönnum, sem greiða þurftu vörur erlendis. Og mjög auðvelt reyndist að koma þeim í peninga. Eins gæti bankinn, ef hann annars þyrfti á því að halda, gefið út í bili gjaldmiðil, t. d. handhafatékka á sjálfan sig, sem gengið gæti eins og seðlar.

Eg benti á, að það væri flestra landa siður að ákveða, hvað mikið megi vera úti af seðlum í einu. Eg hefi ekki lesið síðari löggjöf Dana um það efni, hvað megi gefa út þar af seðlum, og get því ekki dæmt um, hvort sú staðhæfing sé rétt, að nú megi Þjóðbankinn þar gefa út eins mikið og hann vill.

Háttv. þingm. sagði, að Íslandsbanki hefði orðið til að bjarga landinu með því að afhenda landsstjórninni gullforða bankans, en eg verð að segja það, án þess eg vilji á nokkurn hátt draga úr heiðri hans, að það var bein *lífsnauðsyn fyrir bankann sjálfan* — enda gert eftir hans beiðni — og það var gott fyrir báða, ef til þess kemur að landið þarf að grípa til gullforðans til vörukaupa.

Bankinn fekk undanþáguna frá að leysa inn seðla sína með gulli, og landið fekk gullið, og út á það er ekkert að setja.

Út af þeim ummælum háttv. sama þm. (H. H.) að með því að afsaka mig sýndi eg, að eg væri sekur um hlutdrægni, vil eg segja það, að afsakanir mínar vóru sprotnar af því, að einmitt hann hafði borið mér það á brýn í nefndinni, að eg væri á móti þessu máli af hlutdrægni, enda kemur það vel heim við það, sem hann segir nú, að það muni stafa af því, að eg varð ekki bankastjóri við Íslandsbanka. Þá ásökun mintist hann þó ekki á í nefndinni.

Eg sný mér þá að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem hélt því fram, að Íslandsbanka hefði verið afhentur allur seðlaútgáfuréttur í landinu árið 1901.

Hvers vegna er þá verið að biðja um hann aukinn nú, ef það er satt?

Jú, honum var að vísu veittur seðlaútgáfuréttur 1901, en sá réttur var takmarkaður við tiltekna upphæð, $2^1/_2$ miljón. Til þessarar upphæðar hafði hann einkarétt, en ekki meira. Þar af leiðir, að ef hann vill fá meiri rétt til seðlaútgáfu, getur landið sett þau skilyrði fyrir þeirri aukningu sem það vill.

Þetta var aðalatriðið í ræðu háttv. þingmanns; um önnur smáatriði finn eg eigi ástæðu til að eyða orðum.

Eg vona svo að breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar verði feldar, — hvað svo sem gert verður við frumv. sjálft, frv. Ed., um það skal eg ekkert segja annað en það, að ef yfir höfuð væri ástæða til að veita bankanum aukinn seðlaútgáfurétt, þá er það frv. bygt á fullri skynsemi og á réttum grundvelli.

Einar Arnórsson: Það eru tvö atriði í ræðu háttv. 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu (B. Kr.), sem mig langar að gjöra athugasemdir við.

Hann sagði, að ef brt. vorar meiri hl. næði fram að ganga, þá hefði Íslandsbanki smeygt inn litlafingrinum og þess mundi þá ekki langt að bíða, að hann smeygði inn allri hendinni.

Þetta er ekki rétt skoðað hjá háttv. þm. (B. Kr.). Setjum svo, að þingið vilji ekki sinna þessu nú, en að bankinn fari þó fram á hið sama á þinginu 1915, hver getur þá ábyrgst að málaleitun bankans verði ekki samþykt þá, ef þeir menn verða í meiri hluta, sem vilja láta honum heimildina í té og á sama grundvelli, sem nú er farið fram á. Þeir mundu gera það þá, hvort sem frv. er samþykt eða felt á þessu þingi. *(Björn Kristjánsson:* Það er ekki víst). Nei, en allar líkur til þess. Eg býst ekki við, að þeir breyti skoðun sinni um, að þörf sé á heimildinni og að óhætt sé að veita hana.

Þó að brt. nái fram að ganga, þá ber að sama brunni. Þeir, sem vilja veita bankanum frekari rétt, geta alveg eins gert það næst, hvort sem þetta verður felt eða samþykt, og að því leyti er sama hvort sigrar nú.

Eg skil ekki, hvernig háttv. 1. þm. Gbr.- og Kj.s. (B. Kr.) kemst að þeirri niðurstöðu, að betra væri að samþykkja frv. Ed. en brt. nefndarinnar, því að með frv. er bankanum veittur meiri réttur en með brt, þó að hann geti ekki notað hann þegar í stað, þar sem hlutafjáraukningin yrði óframkvæmanleg að svo komnu, vegna Norðurálfuófriðar þess, sem á er kominn. Eftir frv. Ed. er rétturinn sem sé ótímabundinn og engar kröfur gerðar um aukna málmtryggingu fyrir fyrstu 700 þúsundin, ekkert landssjóðsgjald og engin tímatakmörk sett.

Ef brt. nær fram að ganga, tel eg líklegt, að bankinn geti bætt úr þeirri gjaldmiðils sveltu, sem nú mun vera fyrir dyrum. *(Björn Kristjánsson:* Það er engin svelta!). Ja, þeim ber nú ekki saman um það, bankafræðingunum, og er erfitt að greina þar í milli skins og skugga, en eg verð þó að hallast á þá skoðun, að svo geti farið, og þess vegna er brt. fram komin, að henni er ætlað að bæta úr þessari sveltu.

Hinn háttv. þm. (B. Kr.) sagði, að leyfisbeiðendur 1901, hefði gefið vilyrði um það, að seðlaupphæðin og hlutafjárupphæðin skyldi jafnan fylgjast að, en hann gat þess ekki, að Þjóðbankinn finnur enga ástæðu til að setja þetta skilyrði. Þetta er á sama þingskjali (í Alþingistíðindum A 1901, þskj. 45), sem eg vitnaði til áður, eg man ekki á hvaða blaðsíðu, en háttv. þm. getur vafalaust fundið það, því að hann er þessu kunnugri en eg.

Þó að viðskiftateppa sé nú, þá vonast menn til að nýjar leiðir opnist þegar ófriðnum er lokið, og útflutningur og innflutningur örfist að sama skapi, sem teppunni nemur, og að þá muni einnig seðlaþörfin aukast í sama hlutfalli sem viðskiftin.

Björn Kristjánsson: Það er að eins eitt atriði í ræðu háttv. 2. þingm.

Arn. (E. A.), sem eg vil gera athugasemd við — það, að Þjóðbankastjórnin hefði ekki lagt áherzlu á, að samræmi væri milli seðlaútgáfu og höfuðstóls, en það var af því, að hún ætlaðist til, að seðlarnir yrði trygðir með 50% í gulli.

Hannes Hafstein: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gat þess, að ef ekki fengist gull, yrði ekki gagn að því, þó að sú hámarksuppfærsla yrði leyfð, sem hér er um að ræða.

Það er rétt, það verður ekki gagn að því, nema gull fáist nægilegt í lögboðinn málmforða. En þó að gullið, er því nemur, fengist ekki hingað sent, álít eg þó, að þessu megi bjarga við með því, að bankinn láti taka af inneign sinni í erlendum bönkum nægilegt gull og leggi það sem »depositum« í einhvern öruggan banka.

Annað atriði, sem sami hv. þingm. hélt fram, var, að meðan bankarnir hefði fé eða lánstraust í erlendum bönkum, þá þyrfti ekki aukna seðlaútgáfu, heldur mætti alt af nota tékka í seðlastað þannig, að bankarnir greiddi mönnum inneignir sínar og útborguðu mönnum veitt lán með tékkum á útlenda banka í stað peninga. En eg er hræddur um að þetta gæti ekki komið að gagni nema að eins í mjög fáum tilfellum. Eg hygg sannast að segja, að íslenzkum bændum væri ekki mjög mikið gagn í því til viðskifta hér, þó að einhverjir viðskiftamenn þeirra væri með 1000 kr., 5000 kr. eða jafnvel 50.000 króna *tékk*-ávísun í vasanum. — Þetta minnir helzt til mikið á söguna um miljónaseðilinn eftir Mark Twain, sem segir frá manni, sem gekk með miljóndollara seðil í vasanum, en fekk honum aldrei skift, svo að hann var rétt að segja orðinn hungurmorða með alla peningana.

Það getur og komið fyrir, að bankar frá útlöndum sendi hingað tékkávísanir til útborgunar í bönkunum hér, til þess að upphæðin geti notast hér til innanlandsviðskifta. Ef nú svo hittist á, að tékkávísunin kæmi einmitt frá banka, sem bankinn hér ætti inneign sína hjá og yrði að stíla tékka sína á, þá finst mér það nokkuð skrítið og jafnvel ekki laust við að vera hjákátlegt, ef hann færi að bjóðast til að borga þessa ávísun með nýrri ávísun á sama banka, og sama væri jafnvel þótt á annan erlendan banka væri. Það væri »að mála eld með eldi«, eins og segir í rimunni, og hygg eg að þetta bjargráð dugi ekki.

Að því er snertir þá reglu, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði að vakað hefði fyrir mönnum við stofnun Íslandsbanka, að ekki megi gefa út fleiri seðla en nemur innborguðu hlutafé bankans, þá hefir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sýnt fram á, að það er ekki rétt hermt hjá hinum háttv. þm., enda er ekki annarstaðar í heimi svo eg viti fylgt slíkri reglu, að miða upphæð seðlafúlgunnar við hlutafé seðlabanka, heldur gullforðamagnið. Ef þessi hnitmiðun seðlaútgáfunnar við hlutaféð er aðalkosturinn við afskifti efri deildar meiri hlutans af þessu máli, og aðalkjarninn í efrideildar breytingum, þá verð eg að álíta að hinir kostirnir við þær sé fremur rýrir.

Sveinn Björnsson: Út af orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), skal eg lýsa yfir því, að eg er samþykkur þeirri grundvallarreglu efri deildar, að seðlaaukningin fari fram í hlutfalli við hlutaféð. Eg skoða þetta frumvarp að eins sem bráðabirgðaráðstöfun, sem nauðsynleg sé, eftir því sem sakir standa. Eg lít svo á, að þessi seðlaaukning bankans sé í rauninni sama sem ábyrgð landssjóðs á 350 þús. kr. fyrir bankann, þannig að ef bankinn hrynur, sem eg

geri þó ekki ráð fyrir, verði það að skoðast sem siðferðileg skylda landssjóðs að leysa inn seðlana. Fyrir því felst eg líka á ástæður þær, sem í nefndarálitinu eru færðar fyrir því, að landið taki að sér eftirlit með bankanum.

Með þessu hefi eg að eins viljað gera grein fyrir atkvæði mína og undirstryka eg það, að mitt atkvæði með frumv. er að eins bundið við það, að frumv. er bráðabirgðaráðstöfun, en sama skildist mér og vera skoðun háttv. 1. þingm. Eyf. (H. H.).

ATKV GR.:

2. brtill. á þgskj. 404 samþ. með 18 gegn 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Bjarni Jónsson	Björn Kristjánsson
Einar Arnórsson	Hjörtur Snorrason
Guðmundur Eggerz	Skúli Thoroddsen
Hannes Hafstein	Þorleifur Jónsson
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánss.	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	

Björn Hallsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði og vóru því taldir til meiri hl.

3. brtill. á þskj. 404 talin sjálfsamþykt.

2. gr. frv. þar með fallin.

4. brtill. á þskj. 404 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. frv., sem verður 2. gr., þannig breytt, samþykt.

1. brtill. á þskj. 404 við fyrirsögnina talin sjálfsamþykt.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkvæðum.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 10 ágúst, var frumv. tekið til 3. u m r. (þskj. 443, 445).

Sveinn Björnsson: Eg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa frumvarps, og leyfi mér nú að fara nokkrum orðum um brtill. þá á þskj. 445, sem eg hefi borið upp fyrir háttv. deild.

Þessi brtill. gerir ráð fyrir, að bankinn fái heimild til að auka seðlaútgáfuna um 500 þús. kr., í stað 700 þúsunda kr., sem frv. fer fram á. Með þessari brtill. er sú regla framkvæmd, að seðlarnir sé ekki meiri en hlutaféð.

Þessi upphæð, 700 þús. kr. er af tilviljun komin inn við meðferð málsins í efri deild. Þar var litið svo á, að sú upphæð, sem bankinn þyrfti á að halda væri 3.200.000 kr.

Eg vona, að háttv. deild fallist á þessa brtill. þar sem ekki er, hvort sem er, nema um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Og samkvæmt þeirri umferðarveltu seðla, sem verið hefir, ætla eg að þetta muni nægja.

Hannes Hafstein: Eg get ekki kannast við, að það sé rétt ástæða fyrir breytingartillögunni um að færa seðlaaukninguna niður í 500 þús. kr., að hlutaféð verði að vera eins mikið og seðlaútgáfunni nemur, eins og mér virtist háttv. flutningsmaður tillögunnar halda fram, enda er slíkri kenning hvergi fylgt erlendis.

Danski Nationalbankinn hefir t. d. ekki meira hlutafé en 27 miljónir; en

seðlaútgáfa hans nemur hér um bil 140 miljónum, sem að vísu eru trygðar með 50% málmforða; en upphæð hlutafjárins er þessu óviðkomandi.

En ef menn vildi fylgja fram þessari nýju kenningu um samband milli hluta fjár og seðlaútgáfu, þá sé eg ekki, að nokkur meining sé í því, að heimta bæði aktíufé fyrir hærri upphæð af seðlafúlgunni en þeirri, sem ekki er fulltrygð með gullforða. Að heimta bæði beinhart gullið, og auk þess trygging í aktíufé fyrir sömu seðlunum, finst mér svo fjarri sanni, að það geti alls ekki komið til greina.

Annars vil eg ekki gera þessa breytingartillögu að kapps-atriði, — það getur ekki skift svo miklu máli fyrir þetta eina ár. En eg get ekki verið samþykkur *ástæðunni* fyrir breyt.till., þó að eg geti eftir atvikum sætt mig við hana, *ef* eg vissi fyrir víst, að hún greiddi fyrir málinu í Ed.

Þá vil eg taka það fram, að eftir samanburði á því, hve bankinn hefir þurft á miklum seðlum að halda fyrri hluta ársins 1913 og til maíloka 1914, þá er mjög vafasamt, að hálf miljón verði nóg. En ögn betra er það þó en alls ekkert í bráðina.

Björn Kristjánsson: Eg gerði ítarlega grein fyrir því í fyrrakvöld, að engin ástæða væri til að auka hér við seðlaútgáfurétt nú, og eins gerði eg grein fyrir því, að vér værum engu bættari, þó að vér fengjum *verðlausa óinnleysanlega* seðla. Eg sýndi og sannaði, að það bjargar ekki landinu eða þörfum þess að neinu leyti. Þessir seðlar geta ekki orðið notaðir til annars en að leggja þá á pósthúsið fyrir erlendar póstávísanir, sem landið sekkur sér í skuldir fyrir. Innanlands er ekki rúm fyrir meiri seðla en vér höfum.

Eg færði ennfremur rök að því, að gull er hér mjög fátítt manna í meðal, en seðlar svo miklir, að það nemur 38 kr. og 50 aura á hvert höfuð landsmanna. En reynslan hefir sýnt það í nágrannalöndunum, samkvæmt skýrslu þjóðbankans 1901, að þá fyrir 20 árum var reynsla fyrir því, að viðskiftaþörfin erlendis, í Noregi, Danmörku og Svíþjóð var ekki meiri en 37 kr. á mann. En 1901 telur Þjóðbankinn að peningaviðskiftaþörfin hafi þá verið, í Noregi tæpar 40 krónur á mann, í Sviaríki 40 krónur og í Danmörku 45 krónur.

Eg sneiddi hjá því við fyrri umræðu af einskærri hlífni, að grípa til þeirra úrræða, að benda á hin veikustu og viðkvæmustu atriði í þessu máli. En þess virðist því miður vera þörf, til þess að mönnum skiljist, hvað hér er um að vera. Að vísu býst eg við, að atkvæðagreiðslan fari nú eins og áður, en þjóðin á heimting á upplýsingum um þetta mál, og eg treysti henni til að leggja sanngjarnan dóm á, þegar hún sér, hvernig öllu er háttað.

Eg neyðist til þess, vegna deildarinnar, að draga tjaldið dálítið betur frá þessu atriði.

Eg er alveg viss um, að sumir háttv. þingmenn hafa greitt frumvarpinu atkvæði með bindi fyrir augum í fyrrakvöld, og það bindi hefir Íslandsbanki lagt fyrir augu þeirra.

Íslandsbanki hefir sem sé gætt þess vandlega *að birta engan mánaðarreikning* á þessu ári, varast eins og heitan eldinn að gera mánaðarleg reikningsskil í íslenzkum blöðum, eins og ákvæði í reglugerð hans mæla þó fyrir; þar segir, að bankinn eigi »við hver mánaðamót« að birta í íslenzku blaði yfirlit yfir hag sinn.

Þetta gerði bankinn nokkurnveginn reglulega fram að 1910, nokkuð óreglulega síðan, en á þessu ári *hefir hann alls engan reikning birt*, svo að þingið

hefir ekki átt kost á að athuga hag bankans.

Hvaða tilgang gat bankinn haft til að hætta á þessu ári að birta reikninga sína? Eg lít svo á, að hann hafi gert það til þess eins, að þingið ætti ekki kost á að athuga þá áður en það samþykti þetta frumvarp. Eg get ekki séð neina aðra ástæðu til þess, og mig furðar á, að stjórnin skuli ekki hafa ýtt undir bankann með að birta reikninga sína.

Það er satt, að birzt hefir í Danmörku, í *dönsku blaði*, sem reglugerðin minnist *ekki* á, ágrip af reikningum bankans, og af því að svo vill til, að Landsbankinn fær þetta blað, þá sá eg, eða réttara sagt, mér var bent á það í nefndu blaði, að þar var ágrip af reikningum bankans, og þess vegna hefi eg átt kost á að kynnast þeim. En nú mun einnig vera hætt að birta reikningságripið þar.

Annan tilgang en þennan, sé eg ekki að bankinn geti hafa haft til þess að birta ekki reikningana.

Enginn maður hefir sagt nokkuð, sem bendi að nokkru leyti til þess, að þetta sé ekki gert í ákveðnum tilgangi. Og þangað til annað verður sýnt og sannað, held eg því fram, að tilgangurinn hafi ekki getað verið annar en sá, sem eg sagði. *(Hannes Hafstein:* Hver?). Sá að láta ekki alþingi eiga kost á að kynna sér hag bankans.

Eg hlífðist við mörgu við 2. umræðu þessa máls, sem upplýsingar þurfti að gefa um, í fullu trausti til þeirrar *gætni*, sem deildin mundi sýna í þessu máli. Eg hugsaði hún mundi gæta að sér, þegar ekkert lá fyrir um hag bankans, nema munnleg sögusögn hans eigin þjóna. Ekki svo mikið sem skrifleg skýrsla sé hér um hag bankans frá bankastjórninni, sem þörf væri þó að kynna sér og vita um, áður en meiri hlunnindi eru veitt þessum banka, eins og eg drap lítillega á við 2. umræðu.

Eg sé ekki, hvernig þroskað og ráðvant þing ætlar sér að veita bankanum *nokkurn* aukinn seðlaútgáfurétt fyrr en þeim misfellum er kipt í lag, sem nú eru á bankanum. Stjórn Íslandsbanka hefir rækilega fært sér í nyt þær misfellur, eða holur, sem eru í löggjöf þeirri, er hann snertir.

Eg skal þegar nefna eitt atriði. Íslandsbanki er *Limited*, þ. e. a. s. þar er engin persónuleg ábyrgð að baki. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að vera ilt, ef bankanum er vel stjórnað, en eg vil benda á það, að hér kemur þessi banki fram eins og *ó-limited*. Og eg vil ennfremur benda á, að bankinn er í *tvöfaldri* hættu vegna sparisjóðsdeildarinnar annars vegar og hins vegar þeirrar skyldu, að innleysa seðlana. Bankanum er hætta búin, ef ráðist er á hann bæði af þeim, sem eiga þar í sparisjóðum, og hinum, sem vilja fá gull fyrir seðla sína.

Árið 1901, þegar rætt var um stofnun þessa banka, þá var ekki gert ráð fyrir, að bankinn yrði háður nema annarri þessari hættu, sem sé skyldunni til að innleysa seðla.

Bankanum var ekki ætlað að hafa sparisjóð, og hann er hreint og beint brot á einkaleyfislögunum. Menn geta séð það á fylgiskjali með fylgiskjali 45 við Alþingistíðindin 1901, að þar var það hreint og beint gert að skilyrði af stjórninni, að bankinn mætti ekki reka sparisjóð, og var það gert samkvæmt tillögum þjóðbankans *danska*.

Þjóðbankinn segir svo í skjali sínu til stjórnarinnar:

»Með tilliti til þess, hvort skeyta eigi sparisjóðsdeild við þennan nýja banka, verður það ótvírætt að viður-

kennast, að slíkt samband væri í *eðli sínu* röng grundvallarstefna, því sparisjóðir eru, samkvæmt reynslu, sérstaklega háðir úttekt af uppþotskendum ástæðum (panikartede Pengeudtagelser) og því skapaðir til að setja seðilbanka í peningaþröng«.

Þetta segir Þjóðbankinn, og stofnendur bankans svara þessu með bréfi 29. jan. 1901, og skal eg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa svar þeirra við þessu. Það er svo látandi:

»Út af athugasemdum stjórnar Þjóðbankans við álit Efrideildar Alþingis, þar sem hún telur ranga grundvallarstefnu að skeyta sparisjóðsdeild við seðlabanka, þá fellur það alveg saman við skoðun vora um það efni, og þess vegna höfum vér heldur ekki ætlað oss að láta Íslandsbanka taka að sér sparisjóð Landsbankans.

En ef menn . . . . . skyldu óska, að Íslandsbanki tæki að sér stjórn sparisjóðsins í Reykjavík, mundum vér taka það að oss, — þó þannig, að sparisjóðurinn yrði sjálfstæð stofnun«.

Þeir eru því alveg á sama máli stofnendurnir um það, að hætta sé fyrir seðlabanka að reka sparisjóð. En af því að þá var í upphafi þingsins gert ráð fyrir, að Landsbankinn yrði lagður niður, þá er talað um þetta atriði viðvíkjandi sparisjóðinum, og það var auðvitað sama, hvort Íslandsbanki skeytti sparisjóði Landsbankans við sig, eða að hann stofnaði sparisjóð sjálfur, eins og hann hefir gert. Hættan var söm.

En af þessu sést ljóslega, að báðir koma sér saman um það *fyrirfram*, og áður en lögin eru samin, *að bankinn reki ekki sparisjóðsstörf*. Og *upp á það* meðal annars var bankanum veittur seðlaútgáfuréttur. Og *lögin* heimila bankanum ekki heldur að reka sparisjóðsviðskifti. Þau taka ekkert fram um það. En það þurfti ekki að banna bankanum það, bæði vegna þess, sem á undan var gengið, og hins, að í lögunum stendur að eins, hvað bankinn *megi* gera. Hitt gæti enginn til tínt í slíkri löggjöf, hvað bankinn mætti *ekki* gera.

En það vill svo vel til um þetta eina atriði — sparisjóðsreksturinn —, að af undirbúningi málsins og allri undirbygging má sjá, hver tilætlunin var. Bréf þau, sem eg las upp, eru svo ótvíræð, sem mest má verða, að þar er engum blöðum um að fletta.

Bankinn mátti ekki og átti ekki að reka sparisjóðsstörf, og af þeim og seðlainnlausninni stendur hann í tvöfaldri hættu.

Landið ber alla ábyrgðina af seðlaútgáfunni, þó að lögin mæli ekki beint svo fyrir. Seðlarnir eru hér *þvingaður* gjaldeyrir, og hlýtur landið því að bera alla ábyrgð á seðlunum.

En nú er fróðlegt að sjá, hvernig Íslandsbanki fór að því, að smeygja inn hjá sér sparisjóðsrekstrinum, og hvað það er, sem veldur því, að hann hefir sparisjóð, sem nemur eins miklu eins og nú er raun á orðin.

Í reglugerð bankans frá 25. nóv. 1903 er litlafingrinum smeygt inn. Þar segir svo í 13. gr. hver störf hans sé:

»Bankinn hefir þess konar störf á hendi, sem nú skal greina:

1. Að taka við peningum á dálk eða sem innláni«.

Samkvæmt lögunum 1905 og undirbúningi þeirra verður þetta ákvæði ekki skilið á annan veg en svo, að »taka á dálk« þýði sama sem að taka á hlaupareikning, og orðin »eða sem innlán« sé endurtekning á orðunum »á dálk«. En í danska textanum má sjá »wo der Hund liegt begraben« (hvar fiskur liggur undir steini). Þar standa þessi orð: »Modtagelse af Penge paa Folio og som Indlaan«. Hér ber ekki saman danska

og íslenzka textanum. Rétt meining þessara orða er viðtaka peninga á hlaupareikning og sem innlánum. Danska orðið »Indlaan« er hér innleitt og látið tákna sparisjóði, sem það táknar ekki. Innlánum í Danmörku er svo fyrir komið, að bankar, sem ekki reka sparisjóðsstarfsemi, taka við innlánum með 3—6 mánaða uppsagnarfresti. Munurinn liggur í því, að um innlán er ákveðinn uppsagnarfrestur, eins og á sér stað við svo kölluð innlánsskírteini í bönkum hér. Og venjulega um stærri upphæðir að ræða.

Þetta ákvæði í lögunum frá 1905 hefir Íslandsbanki skilið svo, að hann gæti gefið út reglulegar sparisjóðsbækur, og *veðsett* sparisjóðseigendum sérstaklega allar eignir bankans, alt hlutafé og varasjóð. Með þessum hætti eru 1905 veðsettar 2 miljónir króna. Eg kalla það veðsetning, þótt það orð eigi ef til vill ekki við frá stranglagalegu sjónarmiði, en *sparisjóðseigendur* geta ekki skilið ákvæðin í sparisjóðsbókunum öðru vísi, og mun eg víkja að því síðar. Í júlí 1914 veðsetur bankinn þannig 3 milj. kr. á þennan hátt, auk annarra eigna bankans.

Nú mun eg finna orðum mínum stað með því að lesa upp, með leyfi háttv. forseta, ákvæði úr sparisjóðsbókum Íslandsbanka. Eg hefi í höndum sparisjóðsbók við Íslandsbanka, sem út er gefin *18. júlí 1914*. Þar stendur svo með feitu letri:

»*Hlutafé bankans: 3,000,000 krónur svo og aðrar eignir hans, eru til tryggingar innlánum í Islands banka*«.

Með þessu er það gefið sparisjóðseigendum fullkomlega í skyn, að þessar skyldur hvíli ekki á bankanum gagnvart öðrum en sparisjóðseigendum. — Bankinn lætur þá ekkert um það vita, *að* hann er limited, það er, að engin *persóna* hefir ábyrgð á bankanum, tryggingin því að eins bygð á hlutafénu, ekki *að* hlutabréf hans eru í júlí þ. á. komin niður í 84 af hundraði — nú niður í 80 af hundraði, — *að* sá hluti, sem gulltrygður er, er veðsettur öðrum, *að* hlutaféð er að nokkuru leyti sett sem trygging fyrir veðdeild og loks *að* hlutaféð er trygging fyrir öllum öðrum skuldum bankans. Þegar alls þessa er látið ógetið, hlýtur fólk að standa í þeirri meiningu, að sparisjóðsféð sé trygt fram yfir alt annað.

Utanlands mundi hver stjórn hafa bannað þessum banka að reka sparisjóðsstarfsemi, hvað þá að gabba almenning með þannig lagaðri auglýsing í sparisjóðsbókum sínum. En alt öðru máli er að gegna hér. Hér ber stjórnin svo mikið traust til bankans, að hún leyfir honum að reka sparisjóðsstarfsemi, án þess að heimtað sé nokkurt sérstakt tryggingarfé fyrir sparisjóðsfénu. En að Landsbankanum er gengið svo hart, að honum er þröngvað til að hafa 20% af innstæðufé í verðbréfum, liggjandi fyrir sem trygging sparisjóðsins, og var engin leið úr því að aka, þrátt fyrir það þótt Landsbankinn sé landsins eign og því illa viðeigandi að íþyngja honum með slíkri óþarfa kvöð. En orsökin til þessa er augljós. Hún er sú, að stjórn Íslandsbanka og stjórn landsins hefir oftast verið ein og hin sama. Það má segja, að Íslandsbanki hafi oftast lánað mann í ráðherrasessinn. Orsökin liggur líka í því ákvæði, sem potað var inn í reglugjörð bankans, að ráðherra skyldi vera *launaður* af bankanum og fá 1000 kr. fyrir að mæta einu sinni á ári á fundi. Þess vegna hefir ráðherra eðlilega átt örðugt með að setja sig upp á móti því, sem bankastjórnin hefir viljað. Og svo þegar þar við bætist vel launað starf í bankanum að ráðherramenskunni lokinni.

Að hér sé um bein sparisjóðsákvæði að ræða sést á sparisjóðsbók þeirri, sem eg gat um áðan, frá 18. júlí 1914. Þar stendur svo:

»Íslandsbanki tekur við fé til ávaxta sem innláni, þó eigi minni fjárhæð í senn en 1 krónu.«

En um úttöku peninga úr bókunum stendur:

»Innlánseigandi má taka út úr innlánsviðskiftabókinni alt að 500 krónum á dag, án uppsagnarfrests«.

Hér er alveg sama ákvæði, sem tíðkast í öllum sparisjóðsbókum. Hér er ekki settur 3 eða 6 mánaða uppsagnarfrestur.

Samkepni Íslandsbanka við Landsbankann má sjá ljóslega af því, að 1905 svarar Íslandsbanki ekki vöxtum af minni innstæðu en 5 kr., alveg eins og Landsbankinn gerði þá, en nú 1914, er hann búinn að færa lágmarkið niður í *1 kr.* og greiðir af *1 kr.* sömu vexti sem greiddir eru í sparisjóði Landsbankans af 5 kr. og meira.

Þetta sýnir, að Íslandsbanki kostar kapps um að teygja til sín sparisjóðsfé, þó alla lagaheimild bresti.

Ennfremur leyfir bankinn að *ávísa* á sparisjóðsbækurnar, án þess að merkt sé á þær með glöggu merki, að þær sé óveðhæfar. Í öðrum löndum er ætíð stimplað á bækurnar, að þær sé óveðhæfar. Af þessu hefir það leitt, og er mér kunnugt um það, að menn hafa tekið bækurnar að veði í góðri trú, en tapað á því, vegna þess að eigandi þeira hefir haft tékka í vasa sínum og gefið þá út til bankans, sem svo hefir afgreitt þá. Þegar handhafi bókarinnar ætlaði svo að grípa til innstæðunnar, var veðsetjandinn búinn að eyða öllu fénu.

Eg hefi þá sýnt fram á það, að hættan stafar af sparisjóðsfénu, sem nú er orðið svo mikið, *að það nemur meiru en hlutafé bankans*, og einnig sýnt fram á það, að hættan er tvöföld í stað þess að þingið 1901 ætlaðist til að hún væri einföld.

Þá skal eg snúa mér að reglugjörð bankans.

Eins og eg gat lauslega um í ræðu minni í fyrrakvöld, þá gekk þingið 1901 vel frá öllum atriðum, sem bankann varða. Það var að eins eitt atriði, sem þingið fal stjórninni að setja nánari reglur um, sem sé *eftirlitið* með *bankanum*. Kom það til af því, að þingið hafði ekki tíma og tæplega næga þekkingu til þess að ganga rækilega frá því atriði. Þetta atriði átti að felast í reglugjörð bankans, og hefði þar þá átt að standa að minsta kosti:

1. Undir hvaða fulltryggu eftirliti seðlarnir ætti að gerast og afhendast bankanum.

2. Hvernig fulltryggu eftirliti ætti að vera fyrirkomið um það, *hvað mikið væri gefið út af seðlum* í hvert skifti.

3. Fulltrygt eftirlit með því, *hvað miklu af seðlum væri brent*, og hvaða seðlar, og hvernig það ætti að gerast.

4. Fulltrygt eftirlit með því, *hvort alt hlutafé væri í sannleika innborgað*.

5. Hvernig sú trygging skyldi vera, sem standa átti sem trygging fyrir hinum *ógulltrygða hluta seðlanna*.

6. Hvernig fulltryggilegt eftirlit ætti að vera *með gullforðanum*.

Þessu, sem nú var talið, hefði mátt búast við í reglugjörðinni, en þar er ekki vikið að einu þessara atriða með svo mikið sem einu orði. Fyrir bragðið geta seðlarnir verið til geymslu í öllum 4 hornum landsins, sem gera það að verkum, að stjórnin getur ekki litið eftir gullforðanum. Af þessu leiðir einnig það, að bankastjórnin gæti, ef hún vildi, sýnt, að svo og svo mikið fé væri í umferð af seðlum og að hún þyrfti svo og svo mikið fé — bankastjórnin

gæti þá, segi eg, sent t. d. norður 2—300 þús. kr. til geymslu. Eg segi ekki að bankastjórnin geri það, en hún getur gert það, af því að eftirlitsskyldan er engin, samkvæmt reglugjörðinni. — Þetta fer alveg eftir ráðvendni bankastjórnarinnar, og álít eg það of veika tryggingu.

Í reglugjörð bankans er sagt, að fyrir þeim hluta seðlanna, sem eigi er tryggður með gulli, skuli bankinn hafa »vissa og auðselda eign til tryggingar.« Hvar er sú eign? Eg þori að fullyrða, að þegar vel trygðar eignir bankans, er nema sparisjóðsfénu yfir 3 miljónir, eru frá dregnar, þá hefir bankinn aldrei haft þessa »vissu og auðseldu eign« til tryggingar seðlunum.

Úr þessu ákvæði reglugerðarinnar er þó aftur dregið, þar sem svo er ákveðið, að tryggingin megi vera í »handveðslánum« og »víxlum«, kröfum á útlend verzlunarhús, er þegar skulu greiðast og í verðbréfum. En ekkert er í reglugerðinni minst á *hvenær gjalddagi þessara handveða og víxla skuli vera.* Annarsstaðar í bönkum er gert ráð fyrir 3 mánaða víxlum í lengsta lagi, en svo er ekki hér. Eg er talsvert kunnugur því, hvernig hagar til um víxla hér á landi, og get því fullyrt það, að víxlar þeir, sem bankinn á 31. des. ár hvert, greiðast fæstir innan 3 mánaða, því að sú $2^1/_4$ milj. kr., sem Íslandsbanki hefir átt í víxlum 31. des. 1913, eru flest framlengdarvíxlar. Þar með segi eg ekki að þeir víxlar borgist ekki, en þeir eru ekki handbært fé, sem gripið verður til þegar »paník« er. Slíkir víxlar mundu því alls eigi vera metnir sem gild trygging fyrir ógulltrygðum seðlum. Ef því gullforðinn nægir ekki, þá vantar í rauninni alveg þessa trygging, þegar tillit er tekið til þess, að sparisjóðseigendur fái sitt. Hér þekkjast ekki forretnings-víxlar eins og utanlands. Þessi handveðslán mætti ósköp vel tryggja með hlutum í bankanum sjálfum; ekkert ákvæði í reglugerðinni því til fyrirstöðu.

Eg hefi bent á þetta til þess að menn sjái, að hér þarf eitthvað að vera á undan gengið, áður en seðlaútgáfuréttur bankans er aukinn.

Hvað er nú það, sem veldur því, að útlendu bankarnir, sem tekið hafa Íslandsbanka að sér og mikið hafa af hans viðskiftum, hafa ekki getað aukið veltufé Íslandsbanka, þrátt fyrir það að leyft var að auka það 1907, og 1908 ákveðið að það *skyldi* aukast?

Það hefir verið bent á, að dýrtíð væri á peningamarkaðinum; það er rétt, svo var það og svo er það nú, en ekki var slík dýrtíð á peningum árið sem leið.

En þrátt fyrir þetta hefir ekki tekist að afla Íslandsbanka trausts í útlöndum, jafnvel þótt fyrir hafi legið heilbrigðisvottorð endurskoðanda bankans árlega, sem svo mikið gys hefir verið gert að í dönskum blöðum

Bankarnir erlendis vilja ekki leggja fram veltufé, en til er ætlast, að alþýðan á Íslandi, ekki betur en hún er sett, leggi fram ímynd veltufjár, en sem ekkert veltufé er, í auknu lánstrausti til bankans, auknum seðlaútgáfurétti.

Reikningar bankans eru mjög óljósir. Einkannlega er einn liður mjög eftirtektarverður, það er liðurinn: »Ýmsir skuldunautar«, semur 2,580,818 kr. í árslok 1913. Í landsbankanum nemur þessi liður 1909: 17 þús. kr., 1910: 5 þús. kr., 1911: 3 þús. kr. og 1912: $16^1/_2$ þús. kr. Þessi liður í reikningi Íslandsbanka er því afskaplega hár samanborið við Landsbankann og eins í samanburði við sama lið í útlendum bankareikningum, eins og sjá má af reikningum, sem eg hefi hér við hendina nú. Þessi liður er sem sé alstaðar hafður sem nokkurskonar ruslakista hvers banka, og eru þar í látnar upp-

hæðir, sem ekki standa á skuldabréfum, t. d. afsagnargjald, ábyrgðargjald o. fl. þess háttar, sem óafgert er, þegar reikningarnir eru gerðir, millifærsluliðir milli reikninga útbúanna o. s. frv.

En hvernig stendur þá á því, að þessi liður er svo gríðarlega hár?

Bankastjórn Íslandsbanka hefir gert þá grein fyrir því, að þetta væri innieign bankans í bönkum erlendis.

En hvers vegna er þá ekki innieignin tilfærð í sérstökum lið, úr því að skuldir bankans við erlenda banka eru í sérstökum lið?

Og hvernig stendur á því, að privatbanki, sem hefir seðlaútgáfurétt, gefur ekki út gleggri reikninga en þetta, sem á að standa undir almennu eftirliti?

Af reikningnum sést ekki annað en að bankinn *aðeins skuldi* erlendum bönkum, en innieignin falin undir röngum lið.

Eg get sagt, hvernig á því stendur. Svo er mál með vexti, að í fyrra var allóþyrmilega ráðist á Landsbankann í blaðinu »Lögréttu« fyrir það. að hann um nýárið átti inni hjá erlendum bönkum. Því var það til ráðs fundið, til þess eigi væri hægt að draga úr árásinni á Landsbankann um þetta efni, að leyna því, að Íslandsbanki ætti inni erlendis miklu stærri upphæð. Og þetta var ráðið: að *fela* innieignina í þessum lið. Hvað ætli t. d. þýzka stjórnin hefði sagt um aðra eins reikningsfærslu hjá banka, sem naut seðlaútgáfuréttar?

Í Ed. sagði einn háttv. konungkjörinn þingmaður um daginn, að Íslendingar ætti nú orðið 700,000 kr. hlutafé í bankanum. Það skyldi gleðja mig ef svo væri í raun og veru. En eg stórefast um það, að þetta fé sé borgað nema að litlu leyti, hitt hafi bankinn lánað þeim. Um þetta gæti bankastj. gefið skýrslu, svo að það kæmi greinilega í ljós, hvort Íslandsbanki lánar út á sín eigin hlutabréf.

Nú á eg eftir að sýna fram á það, hvernig stendur á því, að bankinn eða stjórnin hefir lagt þetta mál svona alveg röksemdalaust fyrir þingið. Bankinn biður sem sé eingöngu um þenna aukna rétt, en annað er ekki sagt um frumvarpið. Engin rök færð fyrir því að þessa þurfi, og hefði þó sannarlega ekki verið vanþörf á að færa þau rök, og það jafnvel fyrir mjög brýnni þörf. Eg verð þess vegna að halda því fram, að þörfin geti ekki hafa verið brýn af venjulegum orsökum. Bankann vantaði ekki gjaldmiðil. Ef svo hefði verið hefði hann getað útvegað sér hann ytra, eins og Landsbankinn verður að gera á hverju ári. Hann á nógan gjaldmiðil liggjandi erlendis, 1,400,000 kr., eftir því sem hann segir sjálfur frá. Hvers vegna notar hann ekki þennan gjaldmiðil? Nei, orsökin er sú, að Íslandsbanki vill hafa nógu vítt svið, nógu mikla seðlaútgáfu, ef upppot yrði hjá sparifjáreigendum.

Þetta er fyrsta ástæðan, þótt hún geti verið tvíeggjað sverð ef traustið bilar. Hún getur orðið ekkert annað en svikamylla ef traustið til seðlanna bilar um leið.

Í öðru lagi er það ekki úr vegi, þegar hlutir bankans standa svo lágt erlendis, að geta þá flaggað með því þar, að þingið hafi þó það traust á bankanum, að það þori að auka seðlaútgáfurétt hans skilyrðislaust. Hitt er annað mál, hvernig fjármálamenn þar kynni að líta á það, ef þeir kæmist að því, að þingið gerði þetta einmitt í því skyni að hjálpa áliti bankans ytra, án þess að aðrar ástæður væri til þess. Það mætti líta svo á þetta, að þingið gerði þetta til að gabba útlenda fjármálamenn, og það mundi þó ekki auka traust landsins, sem eigi má við því að minka.

Það er kyndugt, að enginn maður í háttv. Nd. skuli hafa minst á það, að

Landsbankinn þurfi aukið fé til þess að uppfylla viðskiftaþörfina. Þeim verður ekki að vegi að segja um leið: Vér skulum auka seðlafúlgu Landsbankans, svo að hann geti líka hjálpað til að greiða úr viðskiftaþörfinni. Nei, því er bara haldið fram, að Íslandsbanki hafi einkarétt til seðlaútgáfu í 20 ár enn. Þess er ekki gætt, að einmitt nú höfðum vér það í höndum vorum að fá gerða undantekningu frá þessu. Ef Íslandsbanki legði nokkuð upp úr því að fá þennan aukna seðlaútgáfurétt, þá hefði ekki verið annað en að setja honum það sjálfsagða skilyrði, að Landsbankinn fengi líka leyfi til að gefa út eina miljón í seðlum. En auðvitað vill Landsbankinn sjálfur ekki fara fram á það. Honum er ekki svo ant um það, að landið sé gullmyntarlaust.

Nú vona eg, að háttv. deild hafi fengið nokkru nánari skýringu á því, hvers vegna minni hlutinn hefir lagt það til, að Íslb. verði ekki veittur þessi réttur að þessu sinni, og að háttv. þm. þurfi ekki að greiða atkvæði með frumv. af því, að málið sé ekki nógsamlega upplýst til bráðabirgðar. Það er upplýst, og hvað sem sagt verður stend eg við hvert orð, sem eg hefi hér sagt, og ekkert af því verður hrakið með rökum. Minni hlutinn hefir líka sýnt, hvað þarf að gera áður en þetta er veitt, því að sjálfsögðu verður beðið um það þegar á næsta þingi aftur. Minni hlutinn vill gera bankann sem bezt úr garði til þess að hann sé *verðugur* til að njóta þess trausts, sem til þessa þarf. Það er hollast bæði honum og þjóðinni. Þess vegna er það hið eina skynsamlega að bíða, og gera við því sem að er á fyrirkomulagi bankans, ef menn vilja auka seðlaútgáfurétt hans, sem eg tel óráðlegt. Þetta er eina rétta leiðin, því að nú sem stendur er þörfin ekki brýn heldur, og vér getum aldrei bjargað oss út úr neinum vandræðum með verðlausum og ónýtum seðlum.

Eg vona svo, að háttv. deild afsaki það, að eg hafi orðið að beita mér nokkuð meira en venja mín er til. En það var nauðsynin, sem knúði mig til þess.

Pétur Jónsson: Þessi langa ræða háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) minnir mig á ritgerð eftir sama höfund um Landsbankann frá þeim tíma, þegar verið var að koma Íslandsbanka á stofn. Hann lýsti honum svo þá, að hann væri á svo veikum grundvelli bygður og hættulegum, og fyrirkomulagið svo ófullkomið, að hann gæti ekki lengi staðist. Til allrar hamingju reyndist nú þetta ekki satt, enda höfðu þeir ekki trúað því, sem kunnugir vóru. Svipað hygg eg að verði nú með þessa ræðu, enda ætla eg ekki að svara henni. Það var annað, sem kom mér til að standa upp, og sem kemur málinu við. Það er það, að þörfin fyrir aukningu seðlaútgáfuréttarins er alls ekki þörf bankans, heldur landsmanna. Þetta verður bezt ráðið af samanburði við liðinn tíma, og ef gáð er að, hvað nú er úti af seðlum og hvað úti hefir verið, þá er eðlilegt, að menn verði hræddir um að seðlaskortur verði, og nú er ekki hægt að fá þá frá útlöndum. Þann 31. ágúst í fyrra var úti af seðlum tæp 1.600.000 kr. Nú er ekki svo langt liðið á árið og eru þó fullar horfur á því, eftir því sem hr. Indriði Einarssyni farast orð í síðustu Ísafold í eftirtektarverðri grein, sem eg býst við að háttv. þingm. (B. Kr.) hafi lesið, að horfurnar verði þeim mun verri í ár, að það nemi fyllilega 700 þús. kr. Það sést af skýrslu minni hl., hvernig þetta var í fyrra, en hitt hefir verið upplýst í háttv. Ed. Það sést af þessu, hvort ekki er fullkomin þörf á þessum seðlaútgáfurétti. En ef ræða háttv. þm. (B. Kr.) á nokkuð skyld

við frv. og á að gera mönnum grein fyrir því, að Íslandsbanki standi svo tæpt, og honum sé svo illa stjórnað, að varasamt sé, að trúa honum fyrir þessum aukna seðlaútgáfurétti, sem er einungis svo mikill, sem þjóðin þarf endilega á að halda, hvernig stendur þá á því, að sami háttv. þm. (B. Kr.) trúði þessari stofnun svo vel árið 1901, þegar hún var enn í smíðum, til þess að taka að sér seðlaútgáfuréttinn með þeim skyldum, sem honum fylgja?

Hannes Hafstein: Eg ætla mér ekki að færast það í fang, að svara þessari löngu ræðu háttv. 1. þm. G. og Kj.s. (B. Kr.) lið fyrir lið. Eg er alveg sannfærður um það, að hver einasti maður hér í salnum hefir hugsað um það og fundið til þess, meðan hann var að tala, að það var ekki þingmaðurinn, sem þar talaði, heldur bankakappinn, keppinauturinn. Og það eru ekki eingöngu þægilegar tilfinningar, sem hreyfa sér hjá mönnum, þegar þeir heyra ófyrirleitinn keppinaut ekki svífast þess, að rífa niður varnarlausan fjarstaddan keppinaut sinn, og reyna að skerða virðingu hans og álit, ekki með því að bera á hann beinar sakir eða reyna að sanna á hann bein svik eða misindisverk, heldur með því að reyna að vekja tortrygni, reyna með látlausum dylgjum að vekja eitthvert hugboð um, að ekki sé alt með feldu.

Háttv. 1. þm. G. og Kj.s. (B. Kr.) hóf ræðu sína á því, að ekki væri hægt að hafa neitt gagn af aukinni seðlaútgáfu, til þess að firra landið vandræðum þeim, sem nú sýnast vofa yfir. Já, hann veit svo margt betur en aðrir menn, þessi háttv. þm. Peningasakir og bankamálefni þekkir hann miklu betur en t. d. bankamenn, þing og stjórnir í öðrum löndum. — Eg var að lesa það rétt áðan í einu Hafnarblaðinu, sem er nýkomið með Botníu, að hvarvetna í álfunni hafi seðlaútgáfa verið stórum aukin nú, vegna stríðsins. Þeir eru svona grunnhygnari þar, í minna bankafróðu löndunum, að halda að það kunni að koma að einhverju gagni. Eða ef til vill álítur hv. þm., að á Íslandi gildi einhver alt önnur lögmál og skilyrði en annarsstaðar, einnig að því er þetta snertir. Hann hefir haldið það um svo margt annað áður.

Hann áleit t. d. ekki að þetta land þyldi að eignast síma eins og öll önnur lönd í veröldinni, það ætti að vera Íslandi hrein glötun og tortíming, og hann hefir fram á þennan dag hamast á móti því, að vér fengjum einn einasta járnbrautarspotta hér á landi, þó að það alstaðar annarstaðar í heimi sé til þess að efla framleiðslu, velmegun og framþróun landanna, þá á alt annað að gilda hér eftir hans sérstöku járnbrautarspeki. Þetta, sem hann nú kemur með, á líklega að vera einhver samsvarandi sérstök bankaspeki fyrir þetta land. Að minsta kosti er svona »tólf-banka vit« hvergi í hávegum haft né í þingsölum fram flutt annarstaðar um víða veröld, og er það vissulega alveg sérstakt fyrir Ísland, að það skuli viðgangast og þolast hér ár eftir ár.

Hann byrjaði dylgjur sínar og tortryggingartilraunir með því, að gefa í skyn, að mikill vafi væri á því, að hlutafé bankans hefði nokkurn tíma í raun og veru verið innborgað. (*Björn Kristjánsson:* Eg sagði bara, að ekkert eftirlit væri með því, að svo væri). Hann var að dylgja með þetta sama við 2. umr., en eg vil leyfa mér að segja, að þarna er hann ekki vel heppinn, því að það mun vera sannanlegt, að hann veit það eins vel og eg, að öll hlutabréf bankans, að undanteknum þeim fáu þúsundum, sem Íslendingar skrifuðu sig fyrir, samkvæmt heimildinni í 1. gr.

bankastofnunarlaganna frá 1901, vóru þegar í öndverðu keypt af öflugu banka-»konsortii«, sem hafði nóg fé handa á milli til þess að borga féð til Íslandsbanka þegar hann tók til starfa og vissulega gerði það. Það vóru Centralbanken í Kristjaníu, Privatbanken í Kaupmannahöfn og víxilbanki Rubin og Bings. Þessir bankar höfðu hlutabréfin til sölu fyrir sinn reikning og hafa þau stöðugt gengið kaupum og sölum í kauphöllum í Kaupm.höfn, en Íslandsbanki hefir aldrei átt eða selt neitt af hlutabréfum þessum. Þrátt fyrir það, að hv. þingmanni er þetta alt fullkunnugt, reynir hann að vekja tortrygni með því að dylgja um það, að Íslandsbanki muni hafa fengið menn til þess að kaupa hlutabréfin, með því að lána mönnum fulla upphæð bréfanna til kaupanna gegn veði að eins í bréfunum. Nefnir hann til þess hlutabréfaeign Íslendinga, sem hann telur um 700 þúsund kr.

Eg vil spyrja: hvaðan kemur háttv. þm. sú vizka, að Íslendingar, þeir er hlutabréf eiga, hafi keypt þau hjá Íslandsbanka og það upp á lán? Ef til vill á það að vera eitt af þeim sérstöku lögmálum, sem að eins gilda fyrir Ísland, að Íslendingar geti ekki átt neitt, geti ekki eignast neitt, eins og stóð í bankarannsóknninni sælu, og verði því að fá lán til alls. En hvaðan er þá fé það, sem lagt er í sparisjóðina? Er það ef til vill tekið til láns hjá sparisjóðunum sjálfum í því skyni? Nei, það er einmitt einn af hinum talandi vottum um vaxandi velmegun landsmanna, hve miklu fé menn hafa getað varið til að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka. Það er öldungis vafalaust, að það gera því nær eingöngu menn, sem hafa fé aflögu, er þeir vilja fá góða vöxtu af, og kjósa heldur hlutabréfin, en að leggja féð í sparisjóð. Bankinn hefir að vísu verið millimaður fyrir marga, sem óskað hafa kaups á hlutabréfum, þannig að hann hefir pantað þau gegnum Privatbanken í Kaupmannahöfn, og látið færa þau á sína konto í bili. En þau eru þá jafnharðan afhent kaupanda, þegar þau koma, gegn greiðslu gangverðs þess, er þau eru keypt fyrir í hvert sinn. Hitt er hrein undantekning, að lán hafi verið veitt til kaupanna. Helzt hefir það komið fyrir að félög velstæðra manna hér í Rvík hafi fengið eitthvert lán til hlutabréfakaupa, en víst aldrei verið lánað út á bréfin meira en heimilt er samkvæmt 13. gr. í reglugerð bankans.

Háttv. þingmaður lagði mikla áherzlu á það, og gerði úr því stóreflis »númer«, að bankinn hafi ekki birt mánaðaryfirlit yfir hag sinn á þessu ári, og gaf í skyn, að það væri gert til blekkingar, til þess að leyna þingið illum hag bankans. Eg hefi nú meðan á umræðunum stóð aflað mér upplýsinga um, hvað hæft sé í þessum ummælum þingmannsins, og fengið að vita, að það hefir að vísu farist fyrir nú síðast undanfarna mánuði að birta mánaðaryfirlitin yfir hag bankans *í Lögbirtingablaðinu*, sem vanalega hefir verið gert að undanförnu, þó að ekkert sé um það fyrirskipað, því að í reglugerðinni stendur að eins, að stutt mánaðaryfirlit *skuli birt*. Og það hefir vissulega verið gert. Mánaðaryfirlitin hafa ætíð verið tilbúin fyrsta virkan dag í hverjum mánuði, *og birt* stöðugt og reglulega fyrir hvern mánuð þessa árs sem liðinn er í danska kaupsýslublaðinu »Börsen«, þar sem það ætíð hefir verið birt hingað til. Vegna þess að flestir hluthafarnir eru ytra, hefir það verið aðalbirtingarstaðurinn, en auk þess hefir yfirlitið oft verið birt hér í Reykjavíkurblöðunum og síðasta ár í Lögbirtingablaðinu. Þetta er háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) ekki ókunnugt um.

Hann veit það vel. Hann hefir sjálfur lesið þessi yfirlit í »Börsen«, eins og nægilega sannast af því, að hann hefir sjálfur í minni hluta nefndaráliti sínu í þessu máli, dagsettu 7. þ. m. tilfært tölur úr mánaðayfirlitum til maíloka þessa árs eftir blaðinu, sem yfirlitin eru birt í. Samt leyfir hann sér að standa hér í þingsalnum og lýsa yfir því með miklum vandlætingasvip, að bankinn hafi vanrækt að birta yfirlitin, og það jafnvel í sviksamlegum tilgangi, til þess að blekkja þingið og leyna illum hag sínum. Hvað segja menn um annað eins? Það er ekki Íslandsbanki, sem hefir ætlað sér að leyna nokkru, en hinn háttv. þingmaður hefir vissulega leynt áríðandi atriði, er hann slepti því að geta um birtinguna í »Börsen«, og það getur hann naumast hafa gert óvart. Hann hefir skrifað ræðu sína fyrir fram. Hann lýsti því yfir einum þrisvar sinnum meðan hann var að halda ræðuna, að alt sem hann segði væri heilagur sannleikur og þyldi alla rannsókn; engu atriði þess yrði hróflað né haggað.

En hvernig fer?

Hvert einasta atriði, sem hann bygði dylgjur sínar á, hrynur niður eins og spilaborg, óðar en hreyft er við því, eins og nú þessi saga hans um mánaðaryfirlitin. (*Björn Kristjánsson:* Eg sagði, að yfirlitið hefði verið birt í dönskum blöðum). Það hefir víst enginn maður heyrt þingmanninn segja. En ef hann hefði sagt það, hvernig gat hann þá í sömu andránni sagt, að yfirlitinu væri leynt í þeim tilgangi, að blekkja þingið? Heldur hann að þingið skilji ekki dönsku? Eða geti ekki rekið sig á þetta blað? Það sýnir sig nú, hvort hinn háttvirti minni hluti komst ekki yfir blaðið. En þótt þingmenn hefði ekki haft blaðið »Börsen«, þá lá ekkert beinna við fyrir þingnefndir, sem um þetta mál fjalla, en að láta stjórnina útvega sér þetta mánaðaryfirlit hjá bankanum sjálfum. Þær hefði jafnvel getað heimtað að fá enn ýtarlegri upplýsingar um hag bankans. Bankinn hefði ekki með neinu móti getað dulið hag sinn fyrir þinginu, jafnvel þótt gleymst hefði að birta yfirlitin í »Börsen« líka.

Mönnum þarf sannarlega að vera sýnt um að finna sér átyllur, til þess að geta látið sér detta í hug að gera sér mat úr öðru eins og þessu um Lögbirtingablaðið.

Þá reyndi sami háttv. þm. að byggja tortrygnisástæður á því, að bankinn væri »limited«, sem kallað er. Það er nú raunar ekki svo óvenjulegt um aktiufélög. En hann fann það út, að bankinn kæmi fram, eins og hann væri félag, með ótakmarkaðri ábyrgð hluthafa, jafnvel þótt hann væri »limited«.

Má eg spyrja: Á hvern hátt gjörir hann það? (*Björn Kristjánsson*: Á sparisjóðsbókunum). Í innlánsbókunum stendur alls ekkert í þá átt, eins og allir geta séð, sem lesa. Hvernig á að fá slíkt út úr því, þótt þar standi, að hlutafé bankans og varasjóður sé því til tryggingar, að fénu sé óhætt? Þarf hluthafaábyrgðin að vera *ótakmörkuð* fyrir því? Þetta er að eins misskilningur á því, hvað hugtakið »limited« þýðir, því eg vil ekki gjöra ráð fyrir, að það sé sagt til að leiða þingmenn á glapstigu. En í öllu falli er það markleysuhjal. Það eru ummæli, sem eiga sér engan stað, og ætti, vegna háttv. þm. sjálfs, helzt að vera ótöluð.

Háttv. þm. (B. Kr.) gjörði mikið úr því, að Íslandsbanki hefði óleyfilegan sparisjóðsrekstur, sem væri því til fyrirstöðu, að seðlaútgáfa hans væri aukin. Hér til er því að svara, að í fyrsta lagi rekur bankinn alls ekki venjulegt sparisjóðsstarf, þó hann taki á móti innlánsfé, samkvæmt því sem reglugjörð hans heimilar, og gjaldi vexti af því, en alls

ekki veðhæfar sparisjóðsbækur, með ábyrgð á því, að það fé, sem innlagt er eftir bókinni, sé til staðar óeytt í bankanum. Öllum, sem eiga innlánsfé á bók í Íslandsbanka, er ætíð frjálst að ráða yfir því fé með tékkum, án þess að sýna bókina. Þar er að eins farið eftir bókum bankans eins og við innlög á hlaupareikning eða reikningslán. Innlán tíðkast við alla banka, meira eða minna, og eftir því sem til hagar hér á landi væri bankarekstur ómögulegur, ef öllum slíkum viðskiftum væri hafnað. Það væri eins meinlegt fyrir viðskiftamenn, eins og bankann sjálfan.

Nei, það er að eins hitt, að þessi hv. þm. (B. Kr.) finnur til innilegrar öfundar út af peningunum, sem lagðir eru inn í Íslandsbanka, en ekki í Landsb., og þess vegna vill hann nú gefa í skyn, að Íslandsbanki sé ekki nægilega tryggður til þess að reka sparisjóðsviðskifti, og finnur það út, að hann geti ekki gefið neina tryggingu fyrir innlánum, af því að hann þurfi að ábyrgjast seðla sína með öllu hlutafé sínu og öðrum eigum. *(Björn Kristjánsson:* Hann hefir ekki heimild til þess að hafa sparisjóð). Sei, sei, jú! Það er ekki einn einasti stafur, hvorki í reglugjörðinni né í lögunum, sem banni honum það, eða neitt, sem geti verið því til fyrirstöðu. Þetta er að eins fyrirsláttur.

Eg ímynda mér, að ef ætti að fara að meta þær tryggingar, sem Íslandsbanki — með þriggja miljóna hlutafé, auk varasjóðs — hefir fyrir innlánsfé sínu í samanburði við Landsbankann, þá mundi það verða uppi á teningnum, að Landsbankinn stendur þar að minsta kosti ekki framar, nema hann vilji telja sér og tileinka landssjóðinn sem ábyrgðarmann fyrir öllu hans athæfi. En til þess þarf nýja lagasetning, sem ekki enn hefir fengist. Sem stendur ábyrgist landssjóður að eins seðla sína, og það af veðdeildunum, sem lög tilsegja.

Svo kem eg loks að því, sem hann sagði um þá tvöföldu hættu, sem af því stafaði fyrir Íslandsbanka að vera bæði seðlabanki, og einnig hafa sparisjóð eða sama sem sparisjóð. Hann sagði, að menn gæti þá gert hvorttveggja í einu, heimtað af bankanum gull fyrir seðlana og rifið innstæðuféð út úr innlánsbókunum. Þetta fanst honum vera tvöföld hætta. En þetta er alls ekki tvöföld hætta. Það er ein og hin sama hætta, sem allir bankar geta orðið fyrir, en því miður er sjaldgæf: óeðlilegt hræðsluuppþot í fólki, sem hvorki verður hættumeira eða hættuminna fyrir það, þó bankinn hafi bæði seðlainnlausnarskyldu og innlánsfé að varðveita, ef bankinn að öðru leyti er tryggur og gjaldfær.

Háttv. þm. verður að gæta þess, að um leið og menn heimta gull af bankanum, þá verða þeir að láta seðla bankans í staðinn. Og með þeim seðlum getur bankinn borgað út sparisjóðsinnieignir, sem heimtaðar eru, ef til þarf að taka. Því að eins og háttv. þm. mun vita, er svo fyrir séð í bankastofnunarlögunum, að til málmforðans má telja gullsendingu, sem er á leiðinni, en með því að síma út eftir gulli, og láta setja það strax á póst, getur bankinn varist því að þurfa að draga seðla úr umferð, þótt nokkuð mikil gullupphæð sé rifin út hér.

En við þessari mótbáru gegn aukinni seðlaútgáfu, er enn ein athugasemd, og hún er sú, að mótbáran getur alls ekki átt við það frumvarp, sem hér liggur fyrir. Hér er aðeins að ræða um þá ráðstöfun til bráðabyrgða að auka megi seðlaútgáfu þetta haust, en áður er búið að gefa út lög um það, að Íslandsbanka sé ekki skylt að innleysa seðla sína með gulli fyrst um sinn. Þau lög

verða væntanlega látin gilda meðan styrjaldarvandræðin standa yfir. Og þessi lög eiga ekki að gilda lengur en til næsta þings. Auk þess er takmörkuð skyldan til að borga út innlánsfé. Þegar þess er gætt, að hin hækkaða seðlaútgáfa, sem hér er um að ræða, alls ekki mun verða notuð nema þann tíma, sem hvorki er hægt að rífa út gullið né innieignirnar, þá er ekki gott að sjá, hvernig hin »tvöfalda hætta« háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) á að geta verþessu frumvarpi til fyrirstöðu. Eg held, að háttv. þm. hafi ekki hugsað út í æsar það sem hann sagði, í sambandi við það frumvarp, sem nú liggur fyrir. Það er bersýnilegt, að ef enginn ráðstöfun verður gerð, þá verða ekki nægir seðlar í landinu, í haust, og jafnvel nú þegar er orðinn tilfinnanlegur hörgull á seðlum, ef bankinn fullnægir kröfum útbúanna um seðlasendingar, sem þau þarfnast mjög vegna innkominna lánbeiðna. Það er nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir um þetta efni, ef menn vilja ekki hefta óhæfilega nauðsynleg innanlandsviðskifti. Meðan bankar vorir geta ráðstafað fé í útlöndum, getur aukin seðlaútgáfa, er gerir mönnum mögulegt að kaupa ávísanir í bönkunum hér, einnig haft hina mestu þýðingu til þess að létta kaup á nauðsynjum frá útlöndum.

Eg hafði skrifað hjá mér ýms fleiri atriði úr ræðu háttv. þm., er mér blöskraði að heyra, en sleppi að svara því. Eg er þegar orðinn of langorður. Eg vil að eins drepa lítillega á það, sem háttv. þm. sagði seinast, að undarlegt væri að tala um að auka seðlaútgáfu Íslandsbanka, en ekki Landsbankans, og þótti honum Íslandsbanka taumur dreginn. Þar til er því að svara, að það er ekki verið að gera þetta aðeins vegna bankans, heldur sérstaklega vegna almennings — landsins í heild sinni. Bankinn á hægt með að kippa að sér hendinni í bili og neita um lán til vörukaupa og annarra þarfa, en það gæti komið þjóðinni illa. Það gæti jafnvel einnig komið Landsbankanum illa. — Þótt aukin seðlaútgáfa sé auðvitað hagnaður fyrir Íslandsbanka, þar sem hann mundi finna til þess, ef innanlandsviðskifti stönzuðu óeðlilega, þá er þess ekki að dyljast, að Landsbankinn hefir líka hag af því, ef rétt er á litið. Það mundi verða tregt um innborganir, einnig í Landsbankann, ef gjaldeyri þrýtur í landinu. Aukningin og þar með fylgjandi liðkun í viðskiftum gjöra auðveldara að standa í skilum, einnig við bankana. Landsbankinn fær þannig meira fé innborgað, ef Íslandsbanki fær heimild til að auka seðlaútgáfu sína. En ástæðan fyrir því, að ekki þykir farandi fram á að fjölga seðlum Landsbankans er sú, að það væri algjörlega ólöglegt. Fyrir því er beint loforð löggjafarvaldsins að auka ekki seðla hans. Þetta stendur beint í 8. gr. laganna um stofnun Íslandsbanka, þar sem svo er að orði kveðið:

»Íslandsbanki skal, á meðan lög þessi eru í gildi, vera eina stofnunin á Íslandi, er rétt hafi til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, og er það ákveðið til tryggingar Íslandsbanka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil«.

Og um Landsbankaseðlana stendur beint út:

»Ekki má þó auka þá fram yfir það sem nú er«.

Þetta er skuldbindandi loforð, sem hluthafar og seðlahafar Íslandsbanka hafa löglegan rétt til að byggja á gagnvart Íslandi.

Eina ráðið til þess að auka seðla í

landinu, er því að auka seðlaútgáfurétt Íslandsbanka.

Hvort þessi ákvæði laganna, sem eg las upp, sé heppileg eða ekki, skal eg ekki dæma um. En það veit eg, að þegar verið var að stofna Íslandsbanka — semja þessi lög á alþingi 1901, þá var enginn harðari í kröfum fyrir nýja bankann, á kostnað Landsbankans, en háttv. 1. þm. G. og Kj.s. (B. Kr.), sem vildi draga að honum allskonar hlunnindi, en helzt leggja Landsbankann niður. En svona hefir nú sannfæringin snúist, af því að svo undarlega vildi til, að hann varð loksins Landsbankastjóri, en ekki bankastjóri í Íslandsb., sem hann þó dreymdi um og þráði.

Eg skal ekki þreyta menn á því að tala lengur um þetta einfalda mál. Eg treysti því, að enginn breyti skoðun sinni á því fyrir tortrygnistal og dylgjumótbárur háttv. 1. þm. G. og Kj.s. (B. Kr.). Og eg vona það, að háttv. Ed. sjái, að kringumstæðurnar eru breyttar, síðan hún setti í lögin það skilyrði fyrir aukinni seðlaútgáfu, að hlutafé bankans væri áður aukið um svo og svo stóra upphæð.

Síðan að stríðið kom, er það alveg augljóst, að það væri sama sem að fella lögin, að setja slíkt skilyrði inn í þau. Það er alveg óhugsandi, að hægt sé að selja utanlands slík verðbréf, meðan ófriðurinn stendur yfir, og hætt við að lengi eimi eftir af þeim örðugleikum, eftir að stríðið er úti.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla ekki að fara að gefa mig út í orrahríðina milli keppinautanna, bankastjóra Landsbankans og fyrrverandi og tilvonandi bankastjóra Íslandsbanka.

Eg ætla aðeins að lýsa undrun minni á nefndarálitinu, sem kom frá nefndinni í hlutabankalögunum. Það er einkennilegt við það, að 5 menn af 7, sem í nefndinni sátu, telja ekki gerlegt að veita Íslandsbanka meira lánstraust, nema breytt sé skipulagi bankans á ýmsan veg; og það er ekki svo lítið, sem þeir vilja breyta. Þeir telja 10 liði, sem þeir telja sjálfsagt að breytt sé, ef lána eigi bankanum meira. Þegar eg les nefndarálitið, þá sé eg að meiri hlutinn leggur loks til að veita bankanum 700 þús. kr. Menn hlýtur að reka í rogastanz af því, hve fljótur meiri hl. er að falla frá því, sem hann leggur til í nefndarálitinu. Þetta á víst að heita að vera til þess, að vernda menn frá peningaskorti, og því er haldið fram, að þetta verði ekki framlengt. En hvar er tryggingin fyrir því, að það verði ekki framlengt? Slíkar stofnanir sem Íslandsbanki, færa sig frekar upp á skaftið, en að þær skili aftur þeim réttindum, sem þær hafa fengið. Ef það er rétt, sem nefndin heldur fram, að nauðsyn beri til að breyta fyrirkomulagi bankans í 10 atriðum, væri þá ekki ástæða til að breyta því áður en seðlaútgáfurétturinn er aukinn? Menn geta borið því fyrir, að það sé ekki tími til þess. Mér finst ekki hundrað í hættunni, þó að þingið yrði að bíða 2 til 3 daga til þess að fá slíkt nauðsynjamál samþykt. Það er ekki sjáanlegt, að þinginu verði slitið á morgun eða hinn daginn hvort sem er, fyrst stjórnarskrármálið er ekki komið nema til 2. umræðu. Svo er gersamlega óséð, hvort Danmörk losnar við ófriðinn eða ekki, og mér finst ekki rétt af þinginu að stökkva heim, áður en séð er, hvort sjálfstæði landsins verður í hættu.

Það er síður en svo að eg vilji þröngva kosti Íslandsbanka. En eg vil sporna við því, að veittur sé svona mikill réttur gegn óhæfilega lítilli tryggingu. — Það er öllum mönnum vitanlegt, að hagur bankans er ekki glæsilegur nú sem stendur. Bankinn hefir orðið fyrir

geisimiklum hnekki nú upp á síðkastið, sérstaklega fyrir viðskifti sín við 2 útlend félög. Hlutabréf hans hafa fallið um alt að 20%. Mér finst ekki gætilegt að veita bankanum svo mikið fé, sem hér er farið fram á, þegar þannig stendur á. Það getur heldur ekki verið brýn þörf á slíku, þar sem komin er yfirlýsing frá Landsbankastjóranum um, að Íslandsbanki geti fengið nægilegt fé í haust hjá Landsb., til þess að bæta úr þörfinni. Í annan stað get eg bent á, að það er ekki víst að bankinn hafi sem stendur gott af að fá aukinn seðlaútgáfurétt. Það er ekki ólíklegt, að fólk missi traust á bankanum og vilji síður eiga seðla hans, þegar búið er að gjöra þá óinnleysanlega og þar að auki gefa út mikið í viðbót.

Hvers vegna bankinn hefir hætt að auglýsa mán.reikninga sína hér á Íslandi þetta ár, en aðeins auglýst þá í erl. blaði, er torskilið; en þar sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að hluthafar bankans væri flestir í útlöndum, og því væri reikningarnir auglýstir þar, en ekki hér, þá finst mér það koma illa heim við það, sem sami háttv. þm. sagði, að bankinn væri að miklu leyti innlend eign. Ef svo er, sem hann sagði, að 700,000 kr. af hlutafé bankans væri innlend eign, hví fá þá ekki hinir íslenzku hluthafar einnig að sjá, hvernig hagur bankans stendur?

Úr því að ekki er farið að tillögu meiri hluta nefndarinnar og fyrirkomulagi bankans breytt mikið, þá sé eg ekki annað ráð vænna en að láta þetta frumvarp bíða næsta þings, og vil því leggja til að málinu sé nú vísað til stjórnarinnar, til þess að hún geti athugað það vel í samráði við hluthafa og aðra.

Björn Kristjánsson: Í raun og veru þarf eg ekki að standa upp, því að rök mín standa óhögguð, þrátt fyrir mótmæli þeirra háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.).

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á það, eg hefði skrifað ritgerð um Landsbankann, þar sem eg hafði fundið að ýmsu viðvíkjandi honum. Það var fyr ir 13—14 árum, sem eg skrifaði þessa ritgerð, og stafaði af því, að eg vissi, að stjórn bankans var þá mjög í ólagi. Þetta reyndist ekki þá, *af því að það var ekki rannsakað*, en nokkrum árum síðar var það rannsakað og reyndist þá svo, sem öllum er kunnugt.

Háttv. sami þm. mintist á ritgerð í Ísafold eftir annan »revisor« Íslandsbanka. Eg vil ráða háttv. þm. til þess að læra sem fæst af þeirri grein, því að hún sýnir einungis, hve »revisorar« Íslandsbanka eru háðar þessari stofnun og hve þar af leiðandi er lítið hægt að byggja á þeirra »revision«.

Þá mintist háttv. sami þm. á það, hve mikið væri úti af Íslandsbankaseðlum. Það getur vel verið. En engar sannanir er hægt að færa fyrir því, að svo sé sem hann segir, því að ómögulegt er að rannsaka, hve mikið af seðlunum liggur geymt út um land. Og þar sem endurskoðandi bankans er látinn segja, að bankinn eigi nú 1.400.000 kr. inni erlendis, hversvegna dregur hann ekki að sér eitthvað af þessari innieign til þess að nota hér? Það mundi spara seðlaútgáfuna.

Háttv. sami þm. spurði, hvernig á því stæði, að eg hefði verið fylgjandi stofnun Íslandsbanka. Því er fljótsvarað. Eg vissi, að Landsbankinn var ónógur og stjórn hans var í ólestri, og loks vissi eg, að sú stjórn mundi batna, ef bankinn fengi keppinaut. Þetta vildi eg styðja, og það kemur ekki í bága við neitt það, er eg hefi sagt í kveld.

Þá kem eg að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Eg sagði það fyrir, að sú athugasemd yrði gerð, að eg talaði eins og eg

geri, af því að eg væri keppinautur Íslandsbanka. Þetta er nú komið á daginn. Þar til er því að svara, að hvorki á eg Landsbankann, né heldur hefi eg sýnt Íslandsbanka nokkura óvild. Aftur á móti hefir Íslandsbanki og fylgismenn hans sýnt Landsbankanum og mér megna óvild, eins og »Lögrétta« ber ljósastan vott um. En þar sem eg stend hér sem þingmaður, þá hefi eg skyldur við þjóðina og verð því að stinga á kýlinu, þegar eg veit hvar það er. Og það væri ekki ónauðsynlegt að stinga á fleiri slíkum kýlum í þessu landi, sem búið hafa um sig síðustu 10 árin.

Svo segir háttv. sami þm., að eg ráðist á stofnun, sem ekki geti borið hönd fyrir höfuð sér. Hér er þó einn bankastjórinn viðstaddur, og hann ekki sá lakasti. (*Hannes Hafstein:* Eg er ekki bankastjóri). Vér skulum sjá í mánaðarlokin, hvort hann verður ekki bankastjóri þá.

Svo kemur þetta, þegar rökin vantar, að slá fram hinu og þessu, svo sem að eg sé á móti járnbraut og hafi verið á móti síma o. s. frv., sem ekkert kemur málinu við.

Það versta við ræðu hv. þingmanns, var það, að hann rangfærði margt af því sem eg sagði. Eg sagði ekkert um það, að aktiurnar hefði ekki verið seldar í fyrstu. Sjálfsagt hafa dönsku bankarnir keypt þær í bili, en svo reynt að losa sig við þær á þann hátt, að bjóða þær hér til láns og láta Íslandsbanka lána megnið af andvirðinu út á þær.

Og meðal annars vantaði alt ábyggilegt eftirlit með þeirri verzlun. Það er vitaskuld, að bankarnir, sem tóku að sér að selja aktíurnar, hlutu annaðhvort að selja þær eða liggja með þær sjálfir. En sagan er ekki öll sögð með því.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að það hefði farist fyrir að birta reikningana hér á landi. Eg hefði vel getað skilið, að það hefði farist fyrir einn og einn mánuð, eins og stundum hafði komið fyrir áður, en að það hafi óviljandi farist fyrir í hálft ár samfleytt, það get eg ekki skilið. Nei, það hlýtur að hafa verið gert í ákveðnum tilgangi. Háttv. sami þm. vísaði í »Börsen«, þar væri reikningarnir birtir. En hvað margir halda Börsen hér á landi, og að hvaða gagni kemur það hér að birta reikningana erlendis. Það var af hreinustu tilviljun, að eg rakst á þá í því blaði, af því að svo vill til, að Landsbankinn heldur Börsen, og sá eg þá þó ekki sjálfur, heldur benti annar maður mér á þá. Eg verð því að halda fast við það, að ennþá sé ekki kominn fram tilgangurinn, hvers vegna reikningar bankans hafa ekki verið birtir hér í hálft ár, einmitt í ár, þegar þing er haldið.

Háttv. þm. (H. H.) rangfærði orð mín, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að bankinn væri að benda á, að hann væri ólimiteraður. Eg sagði, að bankinn gæti ekki um það, þegar hann auglýsti, að hann væri limiteraður, og ekki sézt það á sparisjóðsbókum hans, sem sem reyndar eru *kallaðar* »innlánsbækur«. — Bankinn tekur á móti 1 kr. gegn 4% vöxtum, alveg eins og sparisjóður Landsbankans. Hvað þetta »innlán« sé hefi eg áður lýst og hverja skoðun menn í Danmörku hafi um það. Það sannar ekkert þótt öðruvísi orðaðar reglur gildi um sparisjóðsfé Íslandsbanka en um sparisjóð Landsbankans. Sparisjóðir hafa mismunandi orðaðar reglur og eru sparisjóðir fyrir því.

Það er nóg, að Íslandsbanki rekur almenna sparisjóðs starfsemi.

Háttv. sami þingm. sagði, að sparisjóðsbækur Íslandsbanka væri ekki veðhæfar, en samt eru þær *veðsettar*. Það er ekkert merki á þeim, eins og annarsstaðar gerist, sem segir, að þær sé óveðhæfar.

Loks segir hann, að það sé ekkert, sem banni Íslandsbanka að hafa sparisjóð. Eg hefi áður bent á það, að í lögunum um stofnun bankans stendur ekkert um það, hvað hann má *ekki* gera, heldur að eins hvað hann *má gera*. Og þar stendur ekkert um að hann megi reka sparisjóðsviðskifti. Og samkvæmt öllum undirbúningi þeirra laga, þá er það auðsætt, að hann má ekki hafa sparisjóð. Reglugerð bankans hefir ekkert að segja í því efni, reglugerð breytir ekki lögum, svo lögfróður vonast eg til að háttv. þm. sé.

Svo spyr háttv. þingmaður hvaða tryggingu Landsbankinn hafi að bjóða sparisjóðsinneigendum sínum og gefur í skyn, að hún muni jafnvel ekki vera eins mikil og trygging Íslandsbanka. En þar til er því að svara, að Landsbankinn hefir 20% í verðbréfum og á auk þess 800.000 króna varasjóð og þar að auki er bankinn eign landssjóðs sjálfs. Er það ekki næg trygging?

Enn rangfærði hann orð mín um að bankinn hefði tvær hættur, sem sé af sparisjóðsrekstri sínum og seðlaútgáfurétti. Eg átti við það, að hættan væri tvenns konar.

Hann sagði og, að Íslandsbanki þyrfti ekki þennan aukna seðlaútgáfurétt sín vegna, heldur væri það af almennings þörf. En það er ekki rétt, hér er ekki um almennings þörf að ræða, heldur er það bankans eigin þörf. Það er að eins hinar víðu dyr, sem Íslandsbanki vill hafa, það er þörfin og ekkert annað. Út af því sem háttv. þingm. sagði, að ómögulegt væri að breyta til vegna þess, að ákveðið væri með lögum að seðlaútgáfuréttur væri svo og svo, þá vil eg spyrja: Hvað lengi verða þau lög í gildi? Því er auðsvarað. Þangað til þeim verður breytt, en þeim er ekki hægt að breyta nema með samþykki beggja aðila.

Að eg hafi viljað koma Íslandsbanka á, kemur ekkert þessu máli við. Það er satt, að eg greiddi atkvæði með því 1901, að bankinn væri stofnaður, en eg lét mig málið að öðru leyti litlu skifta, það var alt annar maður, sem var aðalforgöngumaður þess máls. Það er líka þessu máli alveg óviðkomandi, að eg hafi viljað komast að sem bankastjóri við Íslandsbanka, auk þess sem það er ekki satt. Þegar Björn heitinn Jónsson lá veikur í Kaupmannahöfn, þá skrifaði hann mér bréf og bað mig að koma þangað, því að stofnendur Íslandsbanka vildi tala við mig og að þeir vildi ef til vill gera mig að bankastjóra. Eg fór þá ferð, þótt nauðugur væri, af því að til stóð að koma þar að öðrum manni, kunningja mínum, sem hafði þess meiri þörf. Þetta er sannleikurinn í þessu máli.

Niðurstaða mín verður eins og áður sú, að til þess að komast hjá öllu þjarki milli þingsins og Íslandsbanka, og líka bezt fyrir hluthafa hans, væri bezt að landið keypti bankann. Með því móti myndi friður komast á.

Einar Arnórsson: Eg get að mestu leitt hjá mér deilur þeirra háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.). Það vill svo til, að eg er þeim sammála um mörg atriði, þótt við getum ekki fylgst að út í yztu æsar.

Það var aðallega ræða háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) sem kom mér til að standa upp. Hann talaði um, að nefndarálit það, sem eg og meiri hluti nefndarinnar höfum skrifað undir væri harla einkennilegt. Hann virtist helzt álíta, að niðurstaðan, sem þar er komist að, riði í bága við það, sem áður væri tekið fram í því. En þetta er misskilningur. Þar sem bent er á í nefndarálitinu, að eg vildi láta gera breytingu á þeirri skipun, sem nú er á bankanum, þá er

það sett þar fram til leiðbeiningar, ef bankinn hugsaði sér síðar meir að fá seðlaútgáfurétt til frambúðar. Ef svo væri um hnútana búið, sem eg hefi lagt til, þá mundi það miklu hollara fyrir bankann sjálfan; það mundi auka álit hans, en með áliti bankans vex og álit landsins, hagsmunir beggja falla saman á margan hátt, því að bankinn stendur og fellur með íslenzkum fyrirtækjum. Og þau standa og falla mörg með honum. Eg vil að eins benda á, hve botnvörpuútvegur vor hefir vaxið stórkostlega hin síðari ár. Nú munu vera til 16 íslenzkir botnvörpungar. Af þeim mun Íslandsbanki hafa styrkt langflesta, Landsbankinn hefir reyndar styrkt nokkra, en Íslandsbanki miklu fleiri. Ef þessi fyrirtæki færi á höfuðið, þá mundi það koma niður á bankanum og ef bankinn færi á höfuðið, þá mundi þessi fyrirtæki hallast. Það sem í nefndarálitinu er sagt, er ekki sett fram til þess að leggja neinn dóm á hag bankans nú, heldur að eins til leiðbeiningar, ef farið yrði síðar að gera breytingar á skipulagi bankans, og vegna þess, að eg tel stjórn bankans ekki heppilega fyrir komið og ýmsu öðru ábótavant við hann hefi eg ekki getað lagt til, að bankinn fengi öðruvísi réttindi en til bráðabirgða, eða til októberloka 1915.

Eg býst við, að bankinn vilji fá aukinn seðlaútgáfurétt til frambúðar og þá er það undir bankastjórn, bankaráði og hluthöfum komið, hvort þeir vilja vinna til þess með því að taka til greina bendingar þær, sem gerðar eru í nefndarálitinu.

Hver þingmaður, sem samþykkir br.-till. þær, sem meiri hluti nefndarinnar hefir komið fram með, hefir alveg óbundnar hendur í framtíðinni, hverju hann greiðir þá atkvæði um réttindi bankans. Eg lýsti yfir þessu fyrir mína hönd við 2. umræðu þessa máls og sama gerði og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.).

Háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) þótti kynleg niðurstaða sú, sem einn hluti nefndarinnar hefði komist að í nefndarálitinu, en eg held að hún sé ekkert kynleg. Það er sitt hvað, að ýmsu sé ábótavant um bankann eða að hann standi illa, eða í þriðja lagi að gallarnir sé þess eðlis, að neita beri honum með *öllu* um þann rétt, sem hann biður um. Þótt eg sé ekki ánægður með skipulag bankans — síður en svo — þá held eg þó ekki, eftir reikningum hans að dæma, að það geti verið neitt hættulegt að auka seðlaútgáfuréttinn til bráðabirgða, með því skilyrði, að ef seðlaútgáfuréttturinn er aukinn, þá sé gulltryggingin hækkuð upp í 50% í stað $37^1/_2$%, sem hún nú er.

Ef menn athuga reikninga bankans, þá hefir hann allsæmilegan varasjóð eftir aldri. Nemur varasjóður bankans nú 325.583 kr. Það mun nú vera rétt hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að bankinn hafi beðið talsverðan halla af viðskiftum við tvö eða þrjú félög í seinni tíð, en eftir því sem Sighvatur Bjarnason bankastjóri sagði mér, þá er sá halli þó ekki svo mikill, að hann geti orðið valdandi verulegs hnekkis. Samkvæmt síðasta reikningi 31. desbr. 1913 hefir bankinn gert um 150 þús. kr. fyrir tapi, en varasjóður þó aukist um 27—30 þús. kr.

Menn hefir greint á um viðskiftaþörfina, og álit bankafræðinganna hér í deildinni er hvað á móti öðru. Það er varla fyrir óbankafróða menn að ætla sér þá dul, að dæma á milli þeirra. En eg skal leyfa mér að skýra frá þeim upplýsingum, sem Sighvatur bankastjóri Bjarnason hefir látið mér í té um seðlaforðann. Seðlaforði sá, er í umferð var, var svo mikill í miðjum október

1913, að inni vóru að eins 70—80 þús. kr., en þetta er ekki stöðugt, það stendur ekki á steini, það er suma daga meira, suma daga minna. Á haustin er mest af seðlunum í umferð vegna fiskkaupa o. fl., en svo fara þeir að koma inn aftur fyrir og eftir nýár.

Árið 1901 var litið svo á á alþingi, að 2—$2^1/_2$ miljón væri hæfileg seðlavelta hér á landi, sbr. þskj. 45 í Alþt. 1901 A. Eg veit ekki hver viðskiftavelta landsins var þá, en nú er hún 30 milj. kr., en hún hefir aukist mikið á þessum 13 árum, sem síðan eru liðin, og má óhætt segja, að hún hefir aukist hraðara en svo, að jafnast geti á við þá seðlafúlgu, sem nú getur verið í umferð, sem er alls 2.500.000 + 750.000 = 3250 þús. krónur. Gjaldmiðilsþörfin vex og minkar eftir því sem viðskiftaþörfin vex eða minkar. Það mun rétt hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að seðlar þeir, sem mest geta verið í umferð hér á landi, nemi 37—38 kr. á mann. Árið 1901 var sagt, að á Norðurlöndum næmi þá seðlaumferðin 40—45 kr. á mann. Það er ekki ólíklegt, að þessi hlutföll hafi staðið rétt heima þá (1901), en þar fyrir þarf ekki að vera svo nú. Það var sagt í efri deild í dag, tekið úr skýrslu fánanefndarinnar og bygt á útreikningi Hagstofu Íslands, að vér Íslendingar værum önnur mesta siglingaþjóð í heimi að tiltölu við fólksfjölda. Ef það er rétt, þá skyldi mig ekki kynja, þó að vér þyrftum nú jafnmikinn gjaldmiðil og aðrar Norðurlandaþjóðir. Eg hygg því, að alt útlit sé til þess, að viðskiftaþörfin krefjist aukins gjaldmiðils. Það er að vísu satt, að seðlar út af fyrir sig eru ekki veltufé, en sé þeir vel trygðir, þá eru þeir ytra tákn veltufjár — þeir eru gjaldmiðill, sem leysir bundinn auð.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) spurði hver trygging væri fyrir því, að þessi réttur bankans yrði ekki framlengdur síðar. Eg vil skjóta til hans annarri spurningu: Hvaða trygging er fyrir því, að bankanum verði ekki veittur þessi réttur, þótt þetta þing skjóti alveg skolleyrunum við því, sem bankinn fer nú fram á? Það er auðvitað alt komið undir skoðunum þeirra manna, er sitja næsta þing. Sami háttv. þm. (B. Sv.) sagði, að bankinn yrði fyrst að breyta skipulagi sínu áður en hann færi að fitja upp á þessu. Ef hér væri að ræða um réttindi, sem veitt væri bankanum til frambúðar, þá myndi eg, eins og eg hefi tekið fram bæði í ræðu og í nefndarálitinu, gera þetta að skilyrði fyrir því, að bankinn fengi aukinn seðlaútgáfurétt. En þetta frumvarp, eins og það er nú orðið, er að eins til bráðabirgða, og það yrði vitanlega algerlega ómögulegt að fara nú í þinglokin að gera þessar breytingar. Þingið gæti ekki beðið eftir því. Að vísu mun það ekki skifta háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) miklu, þótt þingið sitji nokkra daga ennþá, en eg hygg að menn utan af landi sé farið að lengja að komast heim til búa sinna og vilji ekki bíða lengur en brýnasta nauðsyn krefur.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) spurði, hvers vegna enginn mintist á Landsbankann — að hann þyrfti veltufé. Eg mundi verða manna fyrstur til þess að vera með því að auka veltufé hans, ef eg sæi nokkur tök á því. En það er ekki hægt að lögum, að minsta kosti ekki undir venjulegum kringumstæðum. Háttv. þm. (B. Kr.) sagði, að 8. gr. laganna mætti breyta með samþykki málsaðilja. Það er að vísu satt. En hverir eru hér málsaðiljar? Mér skilst svo, að það felist í greininni, að ekki einungis sé hluthöfum veittur þessi réttur, heldur hverjum þeim manni, sem hefir Íslandsbankaseðil í höndum. Mér skilst, að handhafar seðlanna geti komið og

sagt, að réttur sé tekinn af bankanum og tryggingin þar með minkuð, og geti heimtað seðilinn innleystan með gulli. Auðvitað hafa handhafar seðlanna þennan rétt nú, en það er ástæðulaust fyrir þá að nota sér hann, meðan einkaréttur bankans helzt, og það er nú einu sinni svo um hnútana búið, að þessi réttur verður ekki af honum tekinn fyrr en eftir 20 ár. Þingið 1901 gekk nú einu sinni svona frá lögunum, og af því verðum vér nú að súpa seyðið. Sat háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) þá á þingi og gekk manna bezt fram í því að skapa Íslandsbanka og veita honum þau réttindi, sem nú hefir hann. Hafði þingið 1901 þó fyrirmyndir fyrir sér frá öðrum löndum í þessu efni. Í upplýsingum frá stjórn Þjóðbankans danska um það, hvernig seðlaútgáfuréttinum sé hagað í ýmsum löndum, er skýrt frá því, að Banque de France er hann veittur til 23 ára í senn, Ríkisbankanum þýzka til 10 ára og í Englandsbanka hefir hann verið uppsegjanlegur með 1 árs fyrirvara síðan árið 1844. Hefði þingið getað tekið sér eitthvað af þessu til fyrirmyndar. En þá var nú öldin önnur. Þá vildi háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) eigi aðeins veita Íslandsbanka hlunnindin, heldur einnig leggja Landsbankann niður.

Ágreiningurinn milli mín og háttv. minni hluta, er fólginn í því einu, að sinn dregur hvora ályktunina út af göllum á fyrirkomulagi bankans. Eg fer fram á það, að bætt sé úr göllunum áður en bankanum er veittur þessi réttur til frambúðar, en vegna þess, að eg býst við, að viðskiftaþörfin krefji meiri seðlaútg., vil eg ekki neita bankanum um tímabundinn útgáfurétt. Minnihlutinn dregur þá ályktun, að vegna gallanna á skipulaginu, sé óráðlegt að veita bankanum þennan rétt, þótt um alveg ákveðinn tíma sé að ræða. Þetta er aðalmismunurinn.

Viðvíkjandi birtingu á mánaðarreikning bankans, sem talað er um í 38. gr. reglugerðarinnar, skal eg geta þess, að það er ekki brot á bókstaf greinarinnar, að reikningurinn er aðeins birtur í Börsen, en ekki hér á landi.

En það eru fleiri en Danir, sem þurfa að vita um hag bankans. Það eru íslenzkir hluthafar hans, innieigendur í honum. Þeim er ekki nóg, þótt reikningurinn sé birtur í dönsku blaði, sem margir þeirra hafa alls eigi heyrt né séð.

Björn Kristjánsson: Eg þarf ekki að svara ræðu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Ræða hans var að mestu leyti almenns efnis og hefir því litla þýðingu fyrir úrslit þessa máls, enda heilsteypt prókúratorræða. Aðeins ætla eg að bæta dálitlu við í svari *mínu* til háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Eg mun hafa komist svo að orði í svari mínu um hættuna fyrir seðlabanka að hafa sparisjóð, að hættan væri *tvenskonar, en dhættan* er *tvöföld,* eins og eg áður hélt fram, því að þótt bankinn geti borgað sparisjóðsinneigendum út í seðlum í svipinn, þá geta þeir, — ef annars er uppþot — *samstundis heimtað gull fyrir seðlana.*

Og það er þessi tvöfalda hætta, sem stofnendur Íslandsbanka vildu forðast.

ATKV.GR.:

Tillaga um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Hannesson
Hjörtur Snorrason	Bjarni Jónsson
Þorleifur Jónsson.	Björn Hallson

Já:	*Nei:*
	Einar Arnórsson
	Einar Jónsson
	Guðm. Eggerz
	Hannes Hafstein
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	MagnúsKristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Eggerz
	Sig. Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Breyt.till. á þskj. 445 samþ. með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Guðm. Eggerz
Benedikt Sveinsson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	Magnús Kristjánsson
Björn Hallsson	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Magnússon	
Pétur Jónsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Jón Jónsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Gunnarsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Frumv., svo breytt, samþ. með 20 : 3 atkv. og endursent Ed.

II.

Þingmannafrumvörp feld, eða vísað til stjórnarinnar.

1. Girðingar.

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar. (Þskj. 23).

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Eg þarf ekki að vera margorður um þetta frumvarp. Við flutningsmennirnir höfum borið það fram til þess að ráða bót á galla á 8. gr. girðingarlaganna nr. 66 frá 22. nóv. 1913. En gallinn er sá, að ákvæði greinarinnar um það, hver bera eigi kostnaðinn við girðingar, þar sem lönd manna liggja saman, þykja ekki skýr. Þetta frumvarp leggur það til, að kostnaðinum verði jafnað niður á alla, landeigendur og ábúendur að tiltölu við notagildi girðingarinnar fyrir hvern um sig, ef ekki næst samkomulag um kostnaðinn. Þetta er aðalatriðið.

Auk þess er stungið upp á viðaukaákvæði aftan við 9. gr., þar sem leyft er að heimta yfirúttekt eftir sömu reglum sem og segir í ábúðarlögunum. Eg vona, að frumv. þetta fái góðar undir

tektir. Smágallar eru þó á því, en þá má altaf laga við meðferð málsins á þinginu. Eg vænti þess að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkvæðum.

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 23, 55).

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Eg skal ekki vera langorður. Eg vildi aðeins vekja athygli á, að við flutningsm. höfum komið með þrjár smábrt., sem allar eru mjög smávægilegar, og aðeins eru til að laga smágalla á frv., en engin þeirra er efnisbreyting. Eg vænti þess, að frv. fái að ganga í gegn með þessum breytingum, verði nú vísað til 3. umr., og síðan út úr deildinni.

ATKV.GR.:

1. brt. 55 sþ. án atkvgr.

2. — 55 samþ. án atkvgr.

1. gr. þannig breytt samþ. með 22:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðmundur Eggerz
Guðm. Hannesson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Einar Jónsson	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Sig. Eggerz	
Þór. Benediktsson.	

Benedikt Sveinsson, Magnús Kristjánsson, Matthías Ólafsson, Pétur Jónsson, Sig. Gunnarsson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

Sig. Sigurðsson var ekki viðstaddur.

2. gr. frv. samþ. með 15 atkv. samhljóða.

3. brt. á þskj. 55 við 3. gr. frv. talin samþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig breytt samþ. með 14 atkv. samhlj.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 76), en þá tekið út af dagskrá.

Á 15. fundi Nd., laugard. 18. júlí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (Þskj. 76, 124):

Stefán Stefánsson: Þegar eg leit fyrst á þetta frv., sem er framkomið frá þingmönnum Árnesinga, datt mér ekki annað í hug, þar sem það var breyting á 8. gr. girðingarlaganna, en að með því væri fengið greinilegt ákvæði um það, hvort heldur jarðeiganda eða ábúanda bæri að greiða kostnað við girðingar jarða á milli, þegar nágranni girti án samkomulags á merkjum.

Í mínu kjördæmi komu fram raddir um það, að þetta væri óljóst í lögunum, og því væri öll þörf á að fá hér skýrara ákvæði. Þessa vegna þótti mér það vel farið að þetta frv. kom fram. En þegar eg fór að athuga það nánar, sá eg, að þetta er ekki nægilega ljóst.

Það er að vísu sagt, að úttektarmenn skuli »meta notagildi girðingarinnar fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli, og jafna niður kostnaðinum samkvæmt því«. En þegar talað er um að meta notagildi girðingarinnar, þá er ýmislegt, sem verður að taka til greina, t. d. það, hve lengi leiguliði hefir ábúðarrétt á jörðinni. Sömuleiðis getur ábúandi dáið eða hætt ábúð á jörðinni af öðrum ástæðum, áður en ábúðartími samkvæmt byggingarbréfi er útrunninn, en er þó búinn að greiða byggingarkostnað af girðingunni. Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefi eg leyft mér að koma fram með brt. á þskj. 124. Er þar lagt til, að girðingarkostnaðinum skuli jafna niður á jarðeigendur, að tiltölu við gagn hverrar jarðar. En ábúandi sé skyldur til að halda girðingunni við og greiða árlega 2% af girðingarkostnaði. Þetta virðist mér vera eðlilegt og í nokkurnveginn samræmi við aðra skilmála milli jarðeigenda og leiguliða, en að hinu leytinu rétt, að sett sé skýr ákvæði um það, að hve miklu leyti eigandi jarðar geti varpað þessum kostnaði yfir á leiguliða. Með þessari breytingu finst mér málið verða ósköp einfalt og óbrotið og sneitt fyrir þann vanda, sem annars hefði legið á matsmönnunum.

Þá er í síðari málsgrein 1. gr. frumv. sagt, að kostnað af girðingu milli kauptúns og jarðar skuli ábúanda jarðarinnar heimilt að fá endurgoldinn af kauptúninu »svo sem áður er ummælt«. — Þetta virðist mér varhugavert, því að venjulega er það svo, þegar girt er við kauptún, að kauptúnið hefir fremur óhag en hag af girðingunni, og eigi að miða framlag girðingarkostnaðar einasta við notagildi, þá mundu kauptúnsbúar eða eigendur þess lands, venjulegast verða friir við allan kostnað af slíkum girðingum, en það hygg eg vera í alla staði óeðlilegt og óréttlátt. Það getur auðsjáanlega ekki verið eðlileg skylda þess manns, sem er að verja land sitt fyrir ágangi af kauptúni, að leggja fram allan kostnaðinn, þó að hinu leytinu verði máske ekki sagt, að aðrir hafi gagn eða bein not af girðingunni. Þess vegna hefi eg leyft mér að koma með breytingartillögur um, að helming kostnaðarins skuli kauptúnið leggja fram í hverju einstöku tilfelli. Eg ætla þá ekki að fjölyrða um þetta mál frekar, en býst hinsvegar við, að breytingartillögur mínar verði ræddar, hvort sem deildin álítur þær svo, að við megi una eða ekki.

Magnús Kristjánsson: Það kom fram við 2. umr. þessa máls, að það leit svo út, sem allmargir þingmenn væri ekki fullkomlega búnir að átta sig á þessu máli. Niðurstaðan varð sú, að atkvæðagreiðslan var ekki sem ljóst, og allmargir þingmenn greiddu ekki atkvæði. Eg hygg, að þetta stafi af því, að mönnum þyki málið óljóst og hafi ekki sannfærst um að þessar breytingar væri til bóta, og þessvegna álít eg ekki brýna ástæðu til að þetta frv. nái fram að ganga nú. Sérstaklega álít eg það ekki til bóta, að í lögunum er gert ráð fyrir, að maður, sem af annars völdum verður að þola að girðing sé sett, sé skyldur til að taka þátt í kostnaðinum, án þess að nokkur takmörk sé fyrir því sett, að hve miklu leyti hann geti á honum lent.

En eftir þessu frumv. virðist því engin takmörk sett, hve mikinn hluta af kostnaðinum sé hægt að skylda hann til að greiða. Það er sérstaklega vegna þessa, sem eg hefði helzt kosið, að frv. næði ekki fram að ganga, einkannlega þar sem breytingin virðist ekki að öðru leyti hafa mikla þýðingu. Eg geri ráð fyrir, að það verði fært fram sem

ástæða með þessu frumv., að hér sé opnaður vegur til þess að hægt sé að fá yfirúttekt. En eg verð að líta svo á, að það sé ekki nauðsynlegt að taka það fram sérstaklega, því að sjálfsögðu sé til þess ætlast, að um úttekt á slíkum mannvirkjum, ef til kemur, fari að öllu eftir fyrirmælum laga um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Hvað breyt.till. viðvíkur, þá hefi eg ekki neitt verulegt á móti þeim, ef frumv. á annað borð á fram að ganga. En hvað seinni liðinn snertir, þá finst mér hann ekki alls kostar heppilegur. Eg sé ekki hvaða ástæða getur verið til þess að slá því föstu í lögunum, að sá hlutaðeigandi, sem ef til vill að eins hefir óhag af girðingu, skuli greiða helming kostnaðarins.

Eg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. Eg tel það ekki stórvægilegt, en vildi þó að eins gera grein fyrir mínu atkvæði. Eg tel frumv. ekki til bóta og held að það sé skaðlaust, þótt það næði ekki fram að ganga.

Einar Arnórsson: Það er ræða háttv. þm. Ak. (M. Kr.), sem eg vildi svara örfáum orðum. Honum þykir það miður, að ætlast er til að slept sé úr 8. gr. girðingalaganna því ákvæði, að sá, sem girðingu verður að þola af öðrum, skuli ekki skyldur til að greiða meira en helming af kostnaðinum. Eg held að það geri ekkert til þó að þessu sé slept. Það liggur sem sé undir mati úttektarmanna, hvers virði girðingin er fyrir hann, og eg býst ekki við, að í framkvæmdinni verði sá, er girðingu þolir, látinn nokkru sinni greiða meira en helming kostnaðarins. Eg álít, að frv. ráði bót á óglöggleik 8. gr. laganna að því leyti, að af henni sést ekki glögt, á hverja eigi að jafna girðingarkostnaðinum.

Viðvíkjandi breyt.till. get eg verið á líku máli og háttv. þm. Ak. (M. Kr.). Eg álít það varasamt, að ákveða að leiguliði skuli borga árlega 2% af girðingarkostnaðinum. Þó mun eg ekki gera það að kappsmáli. En hitt, að kauptún skuli alt af greiða helming girðingarkostnaðar, þykir mér handahófsregla, sem hætt er við að komi ranglátlega niður í einstökum tilfellum. Það mun vera réttast að leggja þetta atriði undir mat úttektarmanna, eins og hitt.

Pétur Jónsson: Eg hefi satt að segja gefið þessu máli fremur lítinn gaum. Eg hefi áður tekið fram, hve óheppilegt er þetta hringl með nýsamin lög og ósamboðið virðingu þingsins.

Eg verð að segja, að þegar eg athuga þetta frumv., þá sýnist mér sumar breytingarnar, sem farið er fram á, að vísu til bóta, t. d. ákvæðið um yfirúttekt. En mér finst breytingin ekki gera 8. gr. eins miklum mun skýrari eins og óskandi væri. Það er að vísu ráðgert í frv. það tilfelli, að það sé fleiri en tveir, sem taki þátt í girðingu milli landa. En fyrir því hefir ekki verið gert ráð í 8. gr. laganna. Þetta er að vísu umbót. En orðatiltækin um niðurjöfnun girðingarkostnaðarins eru heldur ekki nógu ljós. Það stendur oft svo á, að þeir, sem hlut eiga að máli, eru tveir sama megin í málinu, eigandi og ábúandi, en í frumv. er ekkert tekið fram um það, hvort það er heldur eigandi eða ábúandi, sem kostnaðinn á að greiða, eða hvernig því skuli haga þeirra í milli. Úr þessu á að bæta með brt. á þskj. 124, með því að ákveða, að eigandinn skuli greiða girðingarkostnaðinn. Eg get þó ekki felt mig við það, því að það er tæpast framkvæmanlegt í öllum tilfellum, t. d. ef hið opinbera á í hlut. Það er varhugavert að vera að leggja óákveðnar fjárkvaðir á hið opin-

bera. Þetta getur því ekki staðið undantekningarlaust, og vil eg vekja athygli á, að það þyrfti að athugast betur. Það mun þó naumast vera viðkunnanlegt, að setja nefnd í málið nú, en eins og sakir standa, get eg ekki greitt því atkvæði, enda rétt að þetta biði þangað til málið er betur athugað.

Einar Arnórsson: Mér þótti fullskýrt ákvæðið í 1. málsgr. 1. gr. frv., en háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefir að því leyti verið á sama máli og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að báðum hefir þótt þurfa að kveða skýrara á um þetta.

Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem eg skil ekki fullkomlega. Hann var að tala um, að það væri ekki rétt að vera að leggja fjárkvöð á hið opinbera. Eg get ekki skilið, að um þessi lög geti að því leyti gilt nokkuð sérstakt fremur en um ýms önnur lög. Hvers vegna skyldi ekki mega leggja slíka fjárkvöð með þeim á »hið opinbera«, eins og svo fjölmörgum öðrum lögum hefir verið gert? Og hvers vegna ætti maður ekki að hafa sama rétt til þess að girða land sitt, þótt t. d. land þjóðjarðar lægi að landi hans?

Svo var það þessi gamla saga um það, að ekki megi hagga við lögum, ef þau eru ný. Það kveður oft við þann tón hér í deildinni, sérstaklega þó frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). En er þá betra að láta óhæf eða ónýt lög standa árum saman?

Svo vildi eg minnast á eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.), sem mér gleymdist að geta um áðan, viðvíkjandi úttektinni. Eins og allir vita, er ekkert ákvæði um yfirúttekt í girðingalögunum. Það hefir ef til vill gleymst á síðasta þingi. Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) taldi ónauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði í lögunum, en þegar vér höfum slík ákvæði í öðrum lögum, svo sem í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða og mörgum fleiri, en ekkert er um það sagt í þessum lögum, þá má ef til vill skilja það svo, að hér beri að álykta *e contrario:* það hafi verið tilætlun löggjafans, að hér gæti yfirúttekt ekki farið fram. Eg segi ekki, að þetta sé réttur skilningur, en það gæti legið nærri að taka það svo.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekkert á móti því, að óheppilegum lögum sé breytt. En eg hefi á móti þessari verknaðaraðferð, að vera að káka við smálagabreytingar á hverju þingi. Það getur oft þurft að breyta einstökum atriðum, án þess að breytingin sé svo bráðnauðsynleg að hún þoli enga bið. Eg held að heppilegra væri að safna í sarpinn og koma heldur fram með fleiri breytingar í einu. Eg býst við, að mér þætti það ekki þægilegt, væri eg sá sem laganna ætti að gæta, að fá urmul af smábreytingum á hverju þingi. Það er þetta, sem eg er á móti.

Einar Arnórsson: Eg skal að eins geta þess, út af þeim orðum hv. þm. S.-Þing. (P. J.), að ekki megi breyta nýjum lögum, að það er nauðsynlegt og skylt að breyta þeim lögum, sem reynslan sýnir, að eru óheppileg. Og sú reynsla getur fengist um þau lög, er hér getur, þegar á fyrsta ári.

Stefán Stefánsson: Aðeins vegna þess, eins og eg áður gat um, að mér var kunnugt um óskir margra um það að fá ljósa skýringu á fyrirmælum 8. gr. gildandi laga, kom eg fram með þessa brtill. Verði hún samþykt, þá verður þetta atriði ljóst og getur ekki valdið tvímælum.

Hvað það snertir, sem háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) tók fram, að ekki væri gerlegt að leggja fjárkvaðir á hið opinbera, þá lít eg svo á, að í þeim tilfell-

um, sem hér ræðir um, þá sé ekkert við slíkt að athuga, eða því skyldi það ekki eins skylt til að borga girðingarkostnað á sínum jörðum, eins og hver annar einstakur jarðeigandi. Það hefir þótt vafasamt, hvort rétt væri að ábúandi greiddi 2% af girðingarkostnaði, en brtill. miðar að því að slá þessu föstu. En þótt ekki sé nema til þess að verja ábýlisjörð sína fyrir skepnuágangi nágrannanna, þá er 2% af kostnaðinum lítið gjald og eg skil ekki í því, að nokkur leiguliði muni una því gjaldi illa.

Viðvíkjandi því, að ætlast er til að kauptún eða landeigandi þess, greiði helming girðingarkostnaðar, þá skal eg kannast við það, að við því má búast, að kaupstaðarbúar eða kauptúns vilji losna við þetta gjald, jafnvel þótt það í sjálfu sér sé sanngjarnt. En að menn þurfi bótalaust að þola ágang af kauptúni vilji það ekki borga hálfan kostnað, það álít eg ekki með öllu réttlátt. Því að sé ekki girðingar á slíkum stöðum, þá er ágangurinn venjulega illþolandi.

Eg skal játa, að þetta er mér ekkert verulegt kappsmál, en eg vænti þess eigi að síður, að bæði frumv. og brtill. verði samþykt, því að hér er þó óneitanlega viðleitni sýnd til þess að skýra og bæta lögin.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þskj. 124 samþykt með 16 gegn 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Guðm. Eggerz
Benedikt Sveinsson	MagnúsKristjánsson
Bjarni Jónsson	Matthías Ólafsson
Björn Hallsson	Sigurður Sigurðsson
Einar Arnórsson	
Jón Jónsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	

Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Jón Magnússon, Pétur Jónsson, Sigurður Gunnarsson, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hlutanum.

5 þingmenn voru fjarstaddir.

2. brtill. á þskj. 124 sþ. með 16:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Einar Arnórsson
Benedikt Sveinsson	Jón Jónsson
Bjarni Jónsson	Jón Magnússon
Björn Hallsson	MagnúsKristjánsson
Einar Jónsson	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	
Pétur Jónsson	
SigurðurGunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson.	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Guðmundur Eggerz, Hjörtur Snorrason, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

4 þingmenn voru fjarstaddir.

Frumvarpið samþykt með 12 gegn 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Einar Jónsson
Benedikt Sveinsson	Guðmundur Eggerz
Bjarni Jónsson	Jón Magnússon
Björn Hallsson	Magnús Kristjánsson
Einar Arnórson	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	Pétur Jónsson
Jón Jónsson	Sveinn Björnsson
Sigurður Gunnarson	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	

Hjörtur Snorrason og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

5 þingmenn vóru fjarstaddir.

Frumv. afgreitt til Ed.

2. Bjargráðasjóður.

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands frá 10. nóv. 1913 (þskj. 29).

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Frumvarp þetta er hér flutt eftir áskorun frá síðasta aðalfundi sýslunefndarinnar í Árnessýslu.

Eins og menn sjá, er breytingin frá bjargráðasjóðslögunum ekki stór, en þó er hún all-þýðingarmikil. Breytingin er í því fólgin, að með frv. er ætlast til þess, að framlag hreppanna verði séreign hvers hrepps, í stað þess að nú er þetta séreign sýslnanna. Þessa breyting álíta menn til bóta, og eg hefi komist að raun um það, að það eru fleiri en Árnesingar, sem óska svipaðra breytinga. Háttv. þm. Borgf. (Hj. Sn.) hefir sagt mér, að samskonar ósk hafi komið fram á fundum í kjördæmi hans.

Ástæðan fyrir þessari ósk er sú, eftir því sem mér skilst, að eftir því sem lögunum er nú fyrir komið, óttast menn óánægju í hinum einstöku hreppum og misrétti í skiftingu fjárins. Hætt þykir við, að litlir hreppar verði afskiftir. Á það má líka benda, að í öðrum svipuðum lögum, t. d. lögunum um vátrygging sveitabæja og ellistyrktarlögunum, er tillagið einmitt séreign hreppanna, svo að þessu leyti er breytingin í samræmi við þau lög.

Eg hygg að þessi tillaga sé vinsæl, og vænti henni því góðra undirtekta.

Eg býst við því, að sumir kunni að segja, að of snemt sé að breyta lögunum, áður en vitneskja sé fengin um það, hvernig þau gefast. En eg álít einmitt nauðsynlegt að þessi breyting sé gerð á lögunum, áður en farið er að nota þau.

Eg álít ekki nauðsynlegt að skipa nefnd í málið. Vænti eg að frv. verði vel tekið og því vísað til 2. umr.

Pétur Jónsson: Eg stend ekki upp í því skyni að mæla á móti frv. við þetta tækifæri. Eg vil að eins leyfa mér að benda á, hve það er leiðinlegt að taka lög, sem samþykt eru á þingi, og óska þegar breytinga á þeim á næsta þingi, og svo er því farið um þetta frv. og fleiri frv., sem nú liggja fyrir hv. deild. Þannig hefir stöðugt til gengið hin síðari þing. Það getur verið, að sum lög frá þinginu sé gölluð, en eg skil ekki, að þau sé gallameiri en sumar endurbætur og viðaukar, sem komið er með við þau. Eg held, að betra sé að safna saman því, sem menn finna athugavert við tiltekin lög um nokkurra ára bil, athuga og reyna lögin meira til hlítar, heldur en að rjúka til og breyta einu og einu atriði í senn, laga smágalla, jafnvel áður en menn eru búnir að átta sig á, hvernig bezt er að laga þá. Eg get vel hugsað mér, að sömu mennirnir, sem nú flytja þessi breytinga- og viðaukafrumvörp, komi enn á næsta þingi með nýjar breytingar á sömu lögum, máske sömu breytingunum. Gott dæmi þessarar breytingarsýki er girðingalögin frá 1901. Við þau hafa menn altaf verið að bjástra á öllum þingum síðan þau vóru sett, og enn liggur fyrir frv. til breytinga á

þeim. Mér finst þetta vera að spilla tíma þingsins og skerða sóma þess. — Ekkert liggur á að breyta þessum lögum. Látum menn átta sig á þeim í 5— 6 ár. *(Guðm. Eggerz:* Það er bezt að afnema lögin). Það má vel vera, að sumir vilji afnema lögin, og sjá þá allir, að gagnslaust er að vera að bjástra við þau.

Eg vil að þessi lög, sem önnur, sé bætt eftir því, sem *reynslan* kennir. Eg vil ekki styðja að því, að þetta frumv. gangi lengra, en þótt svo fari, að nefnd verði í það kosin, óska eg helzt, að þar verði það svæft.

Skúli Thoroddsen: Eins og hv. deildarmönnum mun vera kunnugt, var talsverður ágreiningur um það hér í deildinni á síðasta þingi, hvort frv. um bjargráðasjóð skyldi ná fram að ganga eða ekki. Mér, og fleiri þingmönnum, þótti óviðkunnanlegt, að dembt væri slíkum lögum á þjóðina, að henni fornspurðri, lögum sem höfðu í för með sér aukin útgjöld að mun.

Mótspyrna mín og ýmsra annara hafði þá að vísu þau áhrif, að málið tók töluverðum stakkaskiftum til batnaðar, mið að við það, sem áður var. En meira varð eigi áunnið, og málið var borið fram, sem aldrei skyldi þó verið hafa.

Það er því ekki nema eðlileg afleiðing þess, að málið hafði ekki verið borið undir þjóðina, að heyrst hafa þegar ýmsar raddir, sem óska breytinga á lögunum.

Á fundi í mínu kjördæmi, í Norður-Ísafjarðarsýslu, var það skoðun manna, að réttast væri að þingið breytti lögunum í heimildarlög, og gæti þeir þá hagnýtt þau sem vildi, en hinir ekki.

Af þingmálafundargjörðum úr kjördæmunum má sjá, að málið hefir víðar borið á góma, og tel eg því nauðsynlegt, að það verði íhugað sem vandlegast í nefnd, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd í málið, að umræðu þessari lokinni.

Einar Arnórsson: Eg get ekki látið hjá líða að gjöra stutta athugasemd út af ummælum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann taldi leitt að breyta nýjum lögum. Ekki get eg verið honum samdóma um það. En hitt má með réttu telja leitt, að lögin skuli vera svo úr garði ger, að jafnharðan þurfi að breyta þeim. Betur færi á því, að þingið vandaði meira lagasmíðina, svo að ekki þyrfti að breyta lögum fyrr en eftir langan tíma. Ef reynslan sýnir, að tiltekin lög eru óheppileg, þá er sjálfsagt að breyta þeim. Löggjafinn getur ekki séð fyrir öll hugsanleg tilfelli, sízt í nýmælum, og er því eðlilegt og sjálfsagt að þingið ráði bót á lögum, eftir því sem annmarkar þeirra koma í ljós. Girðingalögin, sem hv. þm. S.-Þing. (P. J.) nefndi, eru einmitt gott dæmi slíkrar lagasmíðar.

Eg tek undir það með háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að álits þjóðarinnar hefir ekki verið leitað um þetta mál.

Það var samþykt á síðasta þingi, án þess að landsfólkið væri um það heyrt að nokkuru.

Hitt getur menn greint á um, hvort tillag sýslna og kaupstaða skuli vera séreign þeirra eða hvort það skuli ekki vera sameign alls landsins. En fyrst svo er ákveðið, að tillögin skuli vera séreign sýslnanna, má alveg eins ganga svo langt að tillögin verði séreign hinna einstöku hreppa. Það er auðsætt, að sýslunefnd mundi að vísu reyna að úthluta fénu eftir þörfum hreppanna. En sú úthlutun mundi verða óvinsæl og ger verða af handahófi, því að sýslunefndarmaður hvers hrepps mundi toga

sinn skækil. Ef tillögin þar í móti yrði séreign hreppanna, þá mundi að sjálfsögðu hreppsnefnd hvers hrepps sjá um úthlutunina, og væri þá síður misrétti eða óánægju að óttast, vegna þess, að hreppsnefndarmönnum er kunnugast um það, hvar í hrepnum þörfin er mest.

Eg hygg því, að tillaga okkar komi lögunum í betra horf.

Pétur Jónsson: Það sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, kom ekkert í bága við mín orð. Eg mæli ekki á móti því, að stórgallar sé lagfærðir á lögum, en hitt tel eg rangt, að breyta lögum, nema brýn nauðsyn sé til þess.

Málinu víkur svo við, að Árnesingar, og fleiri ef til vill, álita bezt farið, að tillögin í bjargráðasjóð sé eign sveitarfélaganna, en ekki sýslufélaga. Á síðasta þingi var hitt álitið heppilegra, að tillögin væri séreign sýslnanna, og eg fyrir mitt leyti álít, að sjóðurinn væri sannarlegri bjargráðasjóður með þeim hætti að ætla honum rúmt verksvið, alveg eins og á sér stað um vátryggingarsjóði. Þetta mun hafa vakað fyrir þinginu í fyrra. Nú eru hér tvær skoðanir uppi hvor annarri andstæð. Eg álít rétt, að fleiri eða sem flestir láti uppi skoðun sína um málið; fyrr er fljótfærni að breyta lögunum. Enn er á það að líta, að nú er aukaþing, og virðist því ástæða til að láta málið bíða næsta reglulegs alþingis, fyrst engin hætta ér á ferðum hvort sem er. Verði það ofaná að breyta héraðaeignum bjargráðasjóðsins í sveitaeignir, er ofurlétt að skifta sjóðnum þó nokkur ár sé liðin frá stofnun hans.

Bjarni Jónsson: Eg tek í sama streng sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Sumum hreppum sömu sýslu er hættara við slysum eða hallærum en öðrum hreppum sýslunnar og því verða þeir hreppar, sem betur eru settir, að miðla hinum, sem verr eru settir. En sama á einnig við um sýslurnar. Margar sýslur eru svo settar, að þær geta ekki komist í þröng. Sýslurnar, sem næst eru Reykjavík, hafa góðar samgöngur og eru betur settar en útkjálkasýslurnar. Það er afskaplegt, að þær sýslur, sem bezt eru settar, safni fé í sjóð, en hinar búi við skort. Síðastliðið vor hefir sýnt það, að illa sat á þeim mönnum að kalla oss hallæriskrákur, þá er þetta mál studdum í fyrra. Náttúran sjálf hefir gert oss þá áminning, að vér mættum sjá, að heimildarlög eru sama sem engin lög.

Eg skal ekki tala nánara um málið nú, en mun síðar koma fram með brtill. við 9. gr. laganna, sem kippa þeim í rétt horf, gera sjóðinn að bjargráðasjóði alls landsins.

ATKV.GR.:

Tillaga um 7 manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Kosning hlutu með hlutfallskosningum:

Einar Arnórsson
Sigurður Sigurðsson
Skúli Thoroddsen
Pétur Jónsson
Hjörtur Snorrason
Guðmundur Hannesson
Magnús Kristjánsson.

Á 16. fundi Nd., mánudaginn 20. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj 29, 111, n. 112, 160).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Eg hefi engu við að bæta fram yfir það, sem í nefndarálitinu stendur. Ágreiningur hefir verið lítill í nefndinni. Það er kunnugt, að í ýmsum héruðum hafa menn æskt slíkra breytinga sem

þetta frumvarp hefir að geyma, og taldi nefndin, að breyting í þessa átt mundi auka vinsældir laganna. En það þótti nefndinni vel til fallið, að leitað yrði eigi að síður álits sveitarstjórna og sýslunefnda um málið.

Pétur Jónsson: Mér er ekkert kappsmál á, hvort ofan á verður um þetta frumvarp. Eg er ekki beinlínis á móti því, að þessi breyting verði gerð á sínum tíma, en álít hana óþarfa, fyrr en komið er í ljós, hvort það sé almenningsvilji að fá þessa breyting á lögunum, og þá ef til vill einhverjar aðrar, sem fram kunna að koma á næsta þingi. Þetta vakti fyrir okkur, minni hluta nefndarinnar, og vildum við því fresta breytingum á lögunum til næsta þings. Hins vegar þykir oss æskilegt, að heyra raddir almennings um þessa breytingu og jafnvel um það, hverjar breytingar þætti nauðsynlegar.

Í nefndinni kom fram tillaga um, að afnema lögin alveg og önnur varatillaga um að breyta þeim í heimildarlög. Nefndin félst ekki á þær tillögur. En af því má ráða, að ærið mismunandi skoðanir eru manna á milli um þessi lög. Þess vegna gæti einmitt verið ástæða til að leita álits almenning um málið. En ef nú er samþykt þessi breyting á lögunum, hverfur burt meginástæðan til að bera málið undir þjóðina. Því hefir oss dottið í hug að leggja til, að málið verði afgreitt með svohljóðandi rökstuddri dagskrá, sem eg með leyfi hæstv. forseta skal lesa upp:

> «Í því trausti, að bjargráðastjórnin leiti fyrir næsta þing eftir skoðun allra sveitarstjórna á landinu á fyrirliggjandi frumvarpi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Sigurður Sigurðsson: Það má vitanlega alt af deila um það, hvort slíkar breytingar sem þessi sé tímabærar eða ekki. En það má eg fullyrða, að þetta frumvarp er yfirleitt að vilja almennings í landinu. Frá því sjónarmiði er ekkert á móti því að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á. Að vísu geta verið skiftar skoðanir á málinu í heild sinni, og kom það jafnvel fram í nefndinni, að sumir vóru andvígir grundvelli laganna. En það efast eg um, að mikið verði unnið með því að leita álits manna um málið. Ef menn eru óánægðir með einhver atriði laganna, mun það koma fram á þingmálafundum á næstu árum. En ef sú breyting, sem í frumvarpinu felst, verður samþykt, hygg eg, að ekki verði margar háværar raddir á móti bjargráðasjóðslögunum frá hálfu þeirra, sem þeim lögum eru vinveittir. Hins vegar má auðvitað gera ráð fyrir mótblæstri frá þeim mönnum, sem helzt vilja koma lögunum fyrir kattarnef, eða breyta þeim í heimildarlög, sem er alveg það sama.

Mín ósk er sú, að þessi rökstudda dagskrá verði feld, en frumv. samþykt. Þessi rökstudda dagskrá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kemur mér einnig nokkuð skrítilega fyrir sjónir, þar sem háttv. þm. þó virtist telja frumv. til bóta, og miða að því að auka vinsældir bjargráðasjóðslaganna.

Björn Hallsson: Það hefir stundum verið tekið fram hér í deildinni, að fullmikið væri gert að því að breyta nýjum lögum. Um það geta verið skiftar skoðanir. En eg er nú þeirrar skoðunar, að full ástæða sé að breyta lögum, þótt lítt reynd sé, ef breytingin virðist réttmæt.

Eg get tekið undir með hv. þingm. S.-Þing. (P. J.), að álitamál er, hvort hér sé um slíka réttmæta breyting að ræða. Mér er ekki kunnugt um vilja meiri

hluta þjóðarinnar í þessu efni, því að það get eg ekki talið meiri hluta þjóðarinnar, þótt einstakar sýslur hafi óskað breytinga í þá átt, sem frumv. fer fram á. Mér er ekki kunnugt um neinar slíkar óskir í mínu kjördæmi. Úr því nú að ekki liggja fyrir óskir meiri hluta þjóðarinnar um þetta, þá finst mér réttara að fresta breytingunum. Því er eg samþykkur þeirri rökstuddu dagskrá, sem háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) kom fram með.

Um það má deila, hvort heppilegra sé, að tillögin sé séreign hreppa eða sýslna. Þar sem eg þekki til bezt, á Fljótsdalshéraði, er mikill munur á, hverjum hreppum er hættast. Sumir hreppar þar eru í mjög litilli hættu fyrir harðindum, en aftur aðrir allmikilli, ef illa árar. Eg fyrir mitt leyti álít bezt til fallið, að tillögin sé, eins og er, séreign hverrar sýslu, og þá mundi sjóðurinn koma að sameiginlegum notum, til varnar þeim hreppum, sem verst væri staddir innan sýslu. Enda er hverjum einstökum hrepp ekkert gagn að sínum sjóð á meðan sjóðirnir eru að stækka, en sem heild fyrir heila sýslu geta þeir komið að talsverðum notum.

Mér er þetta ekkert kappsmál, og mundi beygja mig undir þjóðarviljann. En mér hefir skilist svo sem von mundi á fleiri breytingum bráðlega, en það gerir hinn mesta glundroða að breyta þannig lögunum þing eftir þing. Því tel eg rétt að leita álits sveitastjórna um málið og haga breytingunum eftir þeim tillögum.

Jón Jónsson: Eg get ekki verið samþykkur mínum háttv. samþingismanni (B. H.). Eg álít frumv. sanngjarnt og á góðum rökum bygt. Mér finst ekki bjargráðasjóðslögin þannig úr garði gerð, að viðurhlutamikið sé að breyta þeim. Eg get ekki talið heppilega þessa stefnu þingsins: að ráðast á vasa einstaklinganna og bjóða þeim að greiða svo og svo mikið fé til sjóða. Þessara laga var ekki brýn þörf í fyrra; málið var óhugsað og óundirbúið. Þegar menn því urðu varir við, að þessi skattur væri á þá lagður, urðu margir óánægðir. En þetta frumv. með brtill. nefndarinnar sættir mig við lögin, svo að eg tel vel mega við þau una þannig breytt. Ekki má minna tillit taka til einstaklinganna en að því sé breytt, sem breyta þarf.

Það hefir verið talað um, að nauðsynlegt væri, að bjargráðasjóðurinn væri sameign allra landsmanna. Það getur komið fyrir sumstaðar, einkannlega í kaupstöðum og fiskiþorpum, að hallæri verði vegna atvinnuskorts eða aflaleysis. Þegar svo bæri undir ætti þá að grípa til bjargráðasjóðsins. En þetta getur dregið til þess, að menn flytji sig enn meir til sjávarins, ef þeir ætti von á og fengi styrk úr bjargráðasjóðnum, þegar eitthvað bjátar. En eg vil ekki verðlauna menn á þann hátt. Eg vil ekki fórna mér að óþörfu fyrir aðra. Ef eg á að gera það, krefst eg að brýn ástæða sé til þess. Þegar svona lög eru gefin út án þess að landsmenn sé spurðir að, er aldrei nema eðlilegt, að óánægja rísi upp út af því. En þeir menn, sem vilja sporna við því að þessi breyting verði gerð á lögunum, verða að hugsa út í það, að með því geta þeir stuðlað að því, að lögin verði afnumin á næsta þingi. Ef ekkert verður gert til þess að draga úr óánægjunni, er mjög hætt við, að því verði ekki afstýrt, að lögin falli úr sögunni. Tillög hreppanna eiga að vera séreign þeirra.

Þórarinn Benediktsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið, en mig langar til að segja fáein orð um málið frá mínu sjónarmiði.

Eg vil þá lýsa yfir því, að eg hallast eindregið að skoðun minni hluta nefndarinnar í málinu. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að þessi lög eru enn svo ung, að ekki verður sagt, að nein reynsla, hvorki ill né góð, sé fengin fyrir því, hvernig þau muni gefast. Eins og tekið hefir verið fram, hafa heyrst raddir frá þjóðinni um breytingar á þessum lögum. Það hafa heyrst raddir um að breyta þeim á þann hátt, sem þetta frumv. fer fram á. Það hafa heyrst raddir um að breyta þeim í heimildarlög. Og loks hafa heyrst raddir um að afnema þau með öllu. Þessar sundurleitu raddir benda ótvírætt til þess, að menn eru ekki búnir að átta sig á því, að hverju leyti bjargráðasjóðslögunum er einkum ábótavant. Eg sé enga ástæðu til að svo stöddu að taka eina af þessum röddum fram yfir aðra, meðan allir játa, að engin reynsla sé fengin fyrir því, hvort lögin eins og þau eru, geta gert það gagn, sem þeim er ætlað að gera.

Eins og allir vita, er tilgangurinn með bjargráðasjóðslögunum frá 1913 sá, að koma í veg fyrir eða afstýra hallæri. En þetta frumv., sem hér liggur fyrir, finst mér að muni geta orðið til þess að spilla fyrir því, að þeim tilgangi verði náð. Eg sé ekki annað, en að þessi smáskifting á bjargráðasjóðnum hljóti að miða til þess, að hann geti ekki orðið nema að litlu eða óverulegu gagni. Meðan sjóðurinn er lítill, yrði það ekki nema örlítil fjárupphæð, sem yrði séreign hvers hrepps, svo lítil, að með henni væri svo sem ekkert hægt að gera til þess að koma í veg fyrir hallæri. En það held eg að sé fyrsta og fremsta stefnan með þessum sjóði, miklu fremur en það, að veita hjálp þegar hallæri er dunið yfir.

Eins og tekið hefir verið fram, er það mjög misjafnt, hvernig hinar ýmsu sveitir eru settar með tilliti til hallæris. Þannig er það á Austurlandi, að sumar sveitir eru svo settar, að mjög lítil líkindi eru til, að hallæri geti komið þar fyrir vegna harðinda einna, nema hafís umkringi landið og banni samgöngur. Aftur á móti eru aðrar sveitir settar þannig, að þar getur hallæri orsakast af harðindum næstum hvenær sem er. Mér finst þess vegna, að það miði alveg í rétta átt, að hver sýsla eigi sameiginlegan sjóð til þess að verja þeim sveitum til bjargar, þar sem mest er harðindahættan. Annars hefi eg það helzt að setja út á bjargráðasjóðslögin, að mér finst ekki séð nægilega vel fyrir því, að kornforði sé trygður þeim svæðum, þar sem mest er harðindahættan. En eg ætlast til að sýslunefndir bæti úr þeim brestum laganna, svo sem auðið er með því fé, sem þær smámsaman fá til umráða.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekara. Eg stóð að eins upp til þess að lýsa þessari skoðun minni.

Sigurður Sigurðsson: Jafnvel þó að mér beri ekki skylda til að halda uppi vörn fyrir meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, ætla eg þó að leyfa mér að bæta fáeinum orðum við það, sem eg sagði áðan.

Í nefndinni eiga sæti 7 menn, og þessir 7 menn eru meira og minna sinn af hverju landshorni, en eftir því sem mér skildist, vóru þeir allir á þeirri skoðun, að þær breytingar, sem hér ræðir um, væri þegar á alt er litið til bóta.

Um leið og eg þakka háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) fyrir þann stuðning, sem hann veitti málinu, get eg ekki varist að láta í ljós þá skoðun mína, að Múlasýsluþingmennirnir sé meira og minna á móti lögunum í heild sinni.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) sagði, að þar sem óánægja væri á meðal landsmanna út af þessum lögum og heyrst

hefði ýmsar raddir um breytingar á þeim, þá væri ekki ástæða til að taka eina röddina fram yfir aðra. En hann verður að gæta að því, að meiri hluti nefndarinnar er vinveittur lögunum og þess vegna er ekki hægt að ætlast til, að hann taki til greina það sem fer í þá átt að afnema lögin með öllu eða að gera þau þýðingarlaus. Meiri hlutinn hlaut að taka það eitt til greina, sem miðar til þess að bæta lögin og að auka vinsældir þeirra. Og hann er ekki í vafa um, að breyting sú, sem hér er farið fram á, miðar í þá átt.

Það fæ eg ekki séð, að þessi breyting veiki eða minki gildi sjóðsins eða gagnsemi hans. Um það má náttúrlega deila, hvort heppilegra sé, að tillög hreppanna sé séreign þeirra hvers um sig eða sýslunnar í heild sinni. En eg hygg þó, að ef landsmenn væri spurðir að þessu, þá mundi meiri hlutinn fá mikið meðhald um, að réttara sé að hrepparnir eigi sjálfir tillög sín. Eg kannast við, að hitt lýtur meira að því að styrkja samvinnu og samhjálp. En þessari samvinnu og samhjálp mætti misbeita á þann veg, að það gæti valdið óánægju og komið af stað ósamlyndi á milli einstakra hreppa. — Þegar einhver hreppur, sem er lítils megnugur í þessu tilliti verður fyrir skakkafalli og hans hluti í sjóðnum nægir ekki honum til bjargar, þá getur hann gripið til sameiginlega sjóðsins, sem öllum er jafnt opinn — en það er tillagið frá landsjóði. Ef einhver hreppur er svo illa á vegi staddur með sinn sjóð, að hann getur ekki bjargað sér áfram með honum, þá hefir hann rétt til hjálpar úr þessum sameiginlega sjóði. Frá þessu sjónarmiði er því ekki mikil hætta á, að einstakir hreppar verði illa úti, þó að þessi breyting á lögunum verði samþykt.

Hvernig, sem eg lít á málið, fæ eg ekki séð annað en að þessi breyting sé til bóta og miði til þess að auka lögunum vinsældir. Eg vona þess vegna að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á, en að rökstudda dagskráin verði feld.

Björn Hallsson: Það er er einungis stutt athugasemd, sem eg vildi gera. Okkur samþingismönnunum kemur ekki saman í þessu máli, fremur en í sumu öðru.

Háttv. samþingismaður minn (J. J.) talaði mikið um, að ekki sé heppilegt að löggjafarþingið ráðist á vasa einstaklinganna. Um það get eg verið honum samdóma, að það þurfi að gerast með gætni. En um það snúast ekki þær breytingar á Bjargráðasjóðslögunum, sem hér liggja fyrir.

Eðlilegt var, að óánægja risi út af lögunum, því að þau hafa aukin útgjöld fyrir sveitarsjóðina í för með sér, en flestum finst þeir hafa nógar byrðar að bera. En sú hugsun, sem grundvöllur laganna er bygður á, er góð. Mér virðist ekki liggja á að gera þessa breytingu á lögunum nú, það má altaf gera. Eg get að vísu játað það, að ekki sé í mikið ráðist þótt þessi breyting sé gerð, en hitt veit eg ekki, hvort menn verða ánægðari með lögin fyrir því. Raddir almennings um þetta efni eru svo mismunandi, og meðan menn nálgast ekki skoðanir hvers annars meira en raun er á, finst mér ekki rétt að hrapa að breytingunni.

Háttv. síðasti ræðumaður (S. S.) sagði, að eg hefði sagt, að ekki væri rétt að taka eina röddina fram yfir aðra. *(Sigurður Sigurðsson:* Eg tók það upp eftir háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.)). Þá hefi eg misheyrt og þarf ekki að svara því. Mér finst það einmitt rétt, úr því að raddir almennings eru svo mismunandi og skoðanir á þessu máli svo sundur-

leitar, að ein sýslan vill þetta en önnur hitt, að menn gefi sér góðan tíma og reyni að vinza úr það, sem nýtilegast er í tillögum manna, hvort sem það leiðir nú til þess, að lögin verði alveg lögð á hilluna eða þeim breytt í hagkvæmara horf.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Um nefndarálitið þarf eg ekki að tala, það er svo einfalt og óbrotið. Og þó að skiftar sé skoðanirnar um innihaldið, þá get eg ekki séð, að það sé mikið sem á milli ber. Eg er viss um, að þó að leitað væri álits landsmanna á þessarri breytingu, sem frv. fer fram á og meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á, þá mundi svo fara að almenningur væri henni hlyntur. Það sem gerir þessi lög illa þokkuð er gjaldið frá einstaklingunum. Um gjaldið frá landsjóði hugsa menn lítið. Og þar sem þessir peningar renna í sameiginlegan sjóð, hverfa þeir augum manna; þeir finna til þess að þurfa að borga þá, en gera sér miklu minni grein fyrir því, hvað af þeim verður. En ef tillögin væri séreign hreppanna, þá væri peningarnir nær almenningi, hann mundi hugsa um þá sem verulegan eignapóst og hugsa um, hvað hægt væri að gera með þeim. Þar sem eg heyrði menn ræða um þessi lög, töldu menn þessa breytingu eina af þeim, sem að sjálfsögðu ætti að komast á. Eg er breytingunni hlyntur og tel hana til bóta. Eg er þess vegna á móti rökstuddu dagskránni, þó að eg búist ekki við, að hún yrði til annars, en að fresta málinu um eitt ár.

Bjarni Jónsson: Eg get skilið það, að ýmsir menn vóru í fyrra á móti þessari sjóðstofnun, því að þá hafði gengið góð tíð um langan aldur, og mönnum fanst því engin ástæða til að búast við hallæri, og þess vegna ekki heldur ástæða til að tryggja líf þjóðarinnar gegn þeirri hættu, sem af hallæri stafar. En eg á óhægara með að skilja það, að nokkur maður skuli nú amast við þessu litla, sem þingið gerði í fyrra til þess að tryggja landsfólkið gegn óáran og hallæri. Mig undrar þetta stórlega, því að síðastliðinn vetur og vorið hefir sýnt greinilega, að það var ekki ófyrirsynju, að hafist var handa gegn voðanum — það var of seint gert en ekki of snemma.

Eg býst við, að mörgum mundi nú þykja allfýsilegt, að slíkur sjóður hefði verið stofnaður fyrir 10—20 árum, svo að þeir gæti gripið til hans nú til að kaupa sér fé í staðinn fyrir það, sem þeir hafa felt. Og ekki hefði það síður verið, ef ís hefði lokað öllum höfnum á Norðurlandi frá því fyrir sumarmál og fram í ágústmánuð, eins og oft hefir átt sér stað, og enn getur komið fyrir. Menn vilja einangra sig og ekki fórna sér fyrir aðra að raunalausu, heyri eg. En hvaða tryggingu hafa þeir góðu menn fyrir því, að þeir þurfi fremur að fórna sér fyrir aðra heldur en aðrir fyrir þá? Hvernig geta þeir átt víst, að ástandið verði bezt í þeirra hreppi? En eg þarf ekki að spyrja; það er oftast svo, að þeir, sem eru ófúsastir að hjálpa öðrum, eru girugastir í að þeim sjálfum sé hjálpað.

Eg skil ekki hvers vegna menn vilja breyta þessari handaskömm, sem þingið lét eftir sig í fyrra, og gera hana að enn meiri handaskömm. Því að það var handaskömm og annað ekki, að nokkuð af þessum sjóði skyldi vera gert að séreign, og þess vegna er það enn meiri handaskömm, ef hann verður gerður að enn meiri séreign. Eða hví vilja menn ekki stiga sporið út, og skipa hver-

jum manni að stinga peningunum niður í sína eigin buddu. Landssjóður getur lagt á móti, og þá getur hver maður fengið fé úr honum þegar í hans buddu þrýtur. Því er hvort sem er svo farið um flesta menn, að þeim er ávaxin taug frá buddunni til hjartans. Eftir hugsanagangi þeirra manna, sem vilja hafa séreignina sem fullkomnasta væri þetta ákjósanlegasta fyrirkomulagið, því að þá þyrfti enginn að fórna sér fyrir annan.

Það er einkennilegt fyrir íslenzku þjóðina, að ef eitthvert þarft mál á að framkvæma, þá strandar það alt af á eigingirni einstaklinganna. Það hefir á öllum öldum teymt þjóðina út í alt það böl, sem hún hefir orðið að þola. Það var einstaklingsrígur og eigingirni, sem steypti henni í upphafi. Það var Nesjakóngs hugsunarhátturinn, og hann er alt af við lýði. En fé úr landssjóði viljum vér allir hafa — það vantar ekki.

Eins og eg drap á áðan, var það galli á lögunum og á móti anda þeirra, að sýslurnar skyldi hafa nokkra séreign. Það var eigingirninnar sök. Eftir anda laganna á þessi sjóður að vera sameiginleg eign allra landsmanna, svo að þeir landshlutarnir, sem vel eru settir í tilliti til hallæris, beri byrðarnar með þeim landshlutunum, sem illa eru settir. Þessi breyting, sem nú er farið fram á, að hver hreppur eigi sín tillög sjálfur, er sprottin af sömu eigingirninni. Sumir hreppar eru svo vel settir, að þeir þurfa aldrei á þeim peningum að halda, sem þeir leggja í sjóðinn. Þeir gera því ekkert annað en að ginna landssjóðinn til þess að leggja fram fé á móti sér. Og útkoman verður sú, að landssjóður leggur tiltölulega hálfu meira fé fram til hallærisvarna, en til var stofnað í upphafi.

Frumvarpið fer algerlega í öfuga átt og á þess vegna að deyja. Lögin vóru nægilega illa úr garði gerð í fyrra, það er óþarfi að spilla þeim meira.

Jón Jónsson: Það sem felst í þessu frumvarpi er ekki annað en sú breyting á Bjargráðasjóðslögunum frá því í fyrra, að tillög hreppanna til sjóðsins verði séreign þeirra. Ýmsir halda því fram, að þetta sé á móti anda laganna, en hann sé sá, að með þessum sjóði eigi að bjarga landinu úr voða þegar hallæri ber að höndum. Mér er óljóst, hvað átt er við í lögunum, þegar talað er um hallæri Þar er sagt, að það sé »hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufélagið eða bæjarfélagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli«. Ef hér hefði staðið skýrt, að því að eins væri um hallæri að ræða, ef það orsakaðist af eldgosum, öskufalli eða jarðskjálfta, þá hefði eg getað skilið, að þessi breyting kæmi í bága við anda laganna. En nú virðist mér, að lögin megi skilja svo, að til sjóðsins megi grípa, ef einhver hreppur verður fyrir heyþrotum í harðindum, svo að ekki er hægt að koma fram skepnum. Slík harðindi stafa af náttúruorsökum, svo að þau falla undir hallæri, eins og það orð er skýrt í lögunum. En það get eg ekki talið nauðsynlegt, að hafa almennan, sameiginlegan sjóð, sem menn geta treyst að hlaupi undir bagga í hvert skifti, sem heyskort ber að höndum, sem segja má um að stafi af náttúruvöldum, enda óþægilegt að grípa til slíks sjóðs alt af þegar svo stendur á. Þegar litið er á þetta, væri miklu nær, að hver einstakur hreppur hefði ráð á því sem hann leggur í sjóðinn. Fé er reyndar tekið úr vasa einstakra manna jafnt eftir sem áður, en það verður mönnum ekki eins

tilfinnanlegt þegar það fer ekki út úr hreppnum og verður sérstök eign hans. Eg held þess vegna, að eins og lögin eru nú, þá sé þessi breyting sem frv. fer fram á, alveg sjálfsögð. Mér hefði getað skilist, að hún væri óþörf og jafnvel ósanngjörn, ef lögunum væri breytt þannig, að ekki mætti taka úr sjóðnum nema þegar afskaplegar hörmungar dynja yfir landið. Eins og lögin eru nú, má teygja þau á ýmsa vegu og grípa til sjóðsins undir mörgum öðrum kringumstæðum og jafnvel þó að mjög lítil ástæða sé til þess.

Það er mín skoðun, að þingið eigi ekki að haga sér þannig í löggjöfinni, eins og landsmönnum sé ekki treystandi til neins og að löggjafarvaldið verði að hafa vit fyrir þeim á öllum sviðum. Það miðar einungis til þess, að ala upp ómagahugsunarhátt í landinu, og á því er sízt þörf.

Það, sem mest ríður á er það, að hver einstakur maður reyni að sjá sér sem bezt farborða og leggi heilann í bleyti til þess að sjá, hvernig það má bezt verða. Allur þessi barlómur um vandræðin, sem landinu sé búin af hallærum, er að mestu út í bláinn. Það má reyndar segja, að ekki sé langt síðan í vor, að harðindin vóru. En þau vóru nú ekki almenn sem betur fór, og það er trú mín, að ef einstaklingarnir læra betur að sjá sér farborða og eflast að fyrirhyggjusemi og ráðdeild, þá sé það betri trygging gegn harðindahættum en nokkur sjóður.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) beindi því til mín, að mér skildist, að eg væri ekki fús á að fórna mér fyrir aðra. Og hann sló því fram um leið, að þeir, sem væri ófúsastir til að hjálpa öðrum, gerði mestar kröfur til þess, að þeim sjálfum væri hjálpað. Eg hygg, að þetta sé ekki rétt. Eg held einmitt þvert á móti, að þeir sem eru ófúsir til að leggja fram peninga til þess að styðja þá menn, sem gæti ef til vill staðið óstuddir, ef þeir nenti að leggja nokkuð á sig, geri að jafnaði ekki miklar kröfur til hjálpar annarra, og vilja jafnvel heldur deyja en að þiggja hana. Og þennan hugsunarhátt álít eg mikils virði og þess verðan, að fremur ætti að gera eitthvað til þess að efla hann, heldur en að draga úr honum. En löggjafarvaldið hefir ekki litið þannig á þetta mál. Það hefir miklu fremur gert sitt til, að ala upp ómagahugsunarháttinn og magna hann með þjóðinni. Það hefir tekið flest ráðin í sínar hendur, sett lög um, hvernig einstaklingarnir eiga að haga sér á flestum sviðum, tekið af þeim fjárráðin á ýmsan hátt og jafnvel hugsunarráðin að nokkru leyti. Eg gæti bent á nokkur lög máli mínu til stuðnings, og þau ekki allfá. Eg held, að þingið gerði réttara í að athuga gang sinn betur í þessu efni hér eftir en hingað til.

Framsm. (Guðm. Hannesson): Eg efast ekki um, að allir geti tekið undir það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að á pappírnum færi sjálfsagt bezt á að landið ætti sjóðinn í heild sinni. En það fer ekki saman, hvað raunhæft er í lífinu og hvað fallegt er á pappírnum. Eg verð aftur að taka það fram, sem eg sagði fyrr, að þetta hlýtur að skifta miklu um vinsæld laganna. Sjóndeildarhringur allra er takmarkaður, og það er víst um það, að hrepparnir litlu hafa sinn sjóndeildarhring. Ef gjöldin, sem hreppsbúar gjalda, renna í eigin sjóð, þá finst þeim eins og ekki sé stórt af sér tekið og hugsa um féð sem óeydda eign sína.

Einn nefndarmanna skýrði svo frá, að í sínum hreppi hefði verið megn

óánægja út af þessu atriði, og að menn hafi beint verið á því að afnema lögin algerlega. En svo hélt hann, að ef þessu atriði hefði verið breytt, þá myndi hljóðið hafa orðið alt annað. Og svona getur það reynst í fleiri hreppum. Ef þessi breyting nær fram að ganga, getur það orðið til þess, að þeir menn, sem hafa helzt viljað afnema lögin með öllu, fari að hugsa sig betur um.

Stefán Stefánsson: Eg vildi að eins lýsa yfir þeirri skoðun minni á þessari rökstuddu dagskrá, að eg hallast eindregið að því, að hún verði samþykt Flutningsmenn þessa máls segja, að með þessarri breytingu á lögunum, sem farið er fram á í frumvarpinu, myndi óánægjan minka, en eg held einmitt að það myndi engu síður minka óánægjuna, ef þessi rökstudda dagskrá yrði samþykt og málið borið undir héraðsstjórnir. Það má vel vera, að þessi breyting áynni lögunum vinsældir í ýmsum kjördæmum, en eg álít hana ekki tímabæra, þó að hún kunni hins vegar að hafa við nokkur rök að styðjast. Viðvíkjandi því, að hún mundi alment vekja meiri samhug og ánægju með lögin, þá hefi eg ekki mikla trú á því. Vér vitum, að það hagar svo til í flestum sýslufélögum landsins, að einn hreppur stendur öðrum verr að vigi með að bjarga sér eða þola langsöm harðindi, og sýnist mér því eðlilegast og hagkvæmast, að sýslan öll beri byrðina, ef lægi við hallæri eða almannaneyð í þeim einstaka hreppi sýslufélagsins. Þessi breyting miðar að því, að auka hreppapólitík og veikja hugmyndina um hið almenna félagslíf. En færi nú svo, að það yrði ofan á í meiri hluta sýslufélaga á landinu að aðhyllast þessa breytingu, þá myndi eg þó fremur geta orðið henni fylgjandi þegar sá almenningsvilji væri fenginn, en að því óreyndu þykir mér varhugavert að gera svona, að mér sýnist, stórfenga breytingu.

Það spyr einhver, hvað kjósendur mínir segi um þetta? Það er ekkert á móti því, þótt sú spurning komi hér fram, því að í mínu kjördæmi var sterk alda vakin móti lögunum og hörðum orðum um þau farið, þó að einstakir menn væri þeim aftur eindregið fylgjandi, og áliti þau ein hin allra þörfustu lög. En í allri þeirri deilu, sem fram hefir farið í mínu kjördæmi um bjargráðasjóðslögin, minnist eg þess ekki, að þessari tillögu eða breytingu á lögunum hafi verið hreyft. Menn álíta þar, að því er eg veit bezt, að með sjóðnum eigi að vera stofnað til sameiginlegrar almennrar hjálpar, enda var sannarlega sú meining Bændaflokksins, sem mest vann að lögunum á síðasta þingi.

Eg álít engu spilt, þó að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt og breyting á lögunum dragist í 1—2 ár. Vilji meiri hluti þjóðarinnar, að þessi breyting komist á, verður það sennilega ofan á innan þess tíma

Bjarni Jónsson: Það er að eins örlítil athugasemd. Eg held, að það sé varla vert að fara í orðahnippingar út af þessu. Þó get eg ekki stilt mig um að geta þess, að mér sýnist snúið við málefninu þegar sagt er, að það sé ómagahugsunarháttur, að vilja koma upp sjóði fyrir alt landið til bjargar ef neyð ber að dyrum. Eg vil snúa við setningunni og segja, að það sé öllu fremur ómagahugsunarháttur, þegar hver hreppur er að streitast við að geyma sér fúlgu til vondu áranna. Þó að vel kunni að vera, að Austurland sé ekki hættulega statt fyrir hallæri, þá veit eg ekki betur, en að erfitt hafi verið að troða upp í strompinn á Dyngjufjöllum 1875. Eg sá öskuna, sem þá féll á túnið í Vallanesi, og eg held að ekki

hefði veitt af, að þá hefði verið til einhver allsherjarsjóður til að bæta úr því hallæri, sem varð af óviðráðanlegum ástæðum. *(Jón Jónsson:* Það er betra að eiga sjóðinn sjálfur). Rétt er það; það er betra að eiga sjóðinn sjálfur. En mig minnir nú, að eg af minni fátækt gæfi fáar krónur í samskot austur á land, og það mundi eg enn gera, ef til kæmi, hvort sem væri austur, vestur, suður eða norður. Það getur svo farið, að hallæri fari yfir einn fjórðung, en komi alls ekki við hina. Væri þá ekki gott, að til væri sjóður, sem bætt gæti úr vandræðunum? *(Jón Jónsson:* Hvað er hallæri?). Eg vil ekki óska þm. hallæris, en eg vænti, að hann sé svo sögufróður, að hann þekki eld og ís og afleiðingar þeirra.

Annars gæti eg talið margt fleira, sem veldur hallæri. Það er t. d. andlegt hallæri, þegar verið er að rífast um, hver eigi að leggja til hjálpina, ef neyð ber að dyrum. — Það var verið að tala um, að þingið mætti vara sig á að taka fé úr einstaklingavösum. En hvaðan á annars að taka fé, ef ekki úr vösum einstakra manna? Nema landið ráðist sjálft í eitthvert gróðafyrirtæki. Eg veit ekki betur en að allar tekjur landsins komi úr vösum einstakra manna.

Þá var háttv. framsm. (G. H.) að tala um, að menn mundu verða mér sammála um, að það væri fallegt á pappírnum, að sjóðurinn væri sameiginlegur fyrir alt landið. En annað mál væri, hvort það væri raunhæft. Eg þekki nú svona orð, en eg kann ekki við, að þeim sé dinglað framan í menn, eins og Klaufi gerði við sitt eigið höfuð. Það sem ekki er raunhæft er, að hver hreppur sé að hokra út af fyrir sig. Það getur endað á því, að sjóndeildarhringurinn verði svo þröngur, að hann verði seinast budda einstaklingsins. Annars er þetta um sjóndeildarhring hreppanna ekki gott fyrir oss þingmenn að fara eftir. Það getur verið, að margir hreppar hafi hver sinn sjóndeildarhring, og ef vér sjálfir höfum engan, hvers hrepps sjóndeildarhring ættum vér þá að taka? Eða ættum vér þá að búa til nokkurskonar meðalverð allra meðalverða úr sjóndeildarhringum hreppanna? — Eg veit, að þm. Árnesinga flytja þetta frv. af því að óánægja með lögin hefir komið fram á þingmálafundum í Árnessýslu. En svo hafa aðrir talað um aðra hreppa, sem eg hefi engin plögg frá, og sjálfur veit eg um marga hreppa, sem eru ánægðir með lögin. Eg er viss um, að engum hreppi hefði dottið í hug að koma með þessa breytingu, ef sjóðurinn hefði frá upphafi verið eign alls landsins. Þá hefði enginn hreppur orðið svo óskammfeilinn að fara fram á að eiga séreign í þessum sjóði. Eg held, að það sé fullkomnasti óþarfi að láta þetta frv. ganga lengra. Þess æfiferill ætti nú að vera á enda, og hann skal verða það, ef eg má ráða. Eg mun ekki ljá atkv. mitt til þess að halda lífinu í þessu skrýmsli.

Þórarinn Benediktsson: Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) bar það fram, að eg væri andvígur bjargráðasjóðslögunum. *(Sigurður Signrðsson:* Austfirðingar yfir höfuð, sagði eg). Eg veit ekki, hver hefir gefið honum ástæðu til þess, nema ef vera skyldi háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), sem talaði á móti stefnu bjargráðasjóðslaganna. Að minsta kosti hefi eg ekki gjört það. Eg skal játa, að eg hefi orðið var við það, að á Austfjörðum eru menn fremur trúlitlir á, að bjargráðasjóðslögin komi að tilætluðum notum.

Eg skal engu um það spá, hvort

þau geri það ellegar ekki. Eg vil láta það sýna sig og vil ekki ganga inn á breytingar, sem gjöra lögin ennþá óliklegri til þess að ná tilgangi sínum. Eg tek það fram enn, að ef þetta frv. nær fram að ganga tel eg lögin mun óliklegri til þess en áður. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Þó að háttv. þm. Dal. (B. J.) þyki leiðinlegt að heyra talað um, að það sé munur á því, hvernig lögin taki sig út á pappírnum og hinu, hvernig þau gefist í reyndinni, þá verð eg samt að halda því fast fram að svo sé — Það virðist hafa verið gengið framhjá einu meginatriði i umræðunum, sem sé því, að sameignin er ekki skert. Það vakti fyrir meiri hl. nefndarinnar, að úr því að meiri hl. fjárins er sameiginlegur, þá væri engin hætta á því, að þeir hreppar, sem nauðulega yrði staddir, fengi ekki riflega hjálp úr hinum sameiginlega sjóði.

Svo vil eg leyfa mér að drepa stuttlega á, hvað talað var á sumum stöðum í Húnavatnssýslu um það, hvernig sjóðurinn gæti komið að notum. — Á hverju ári getur það viljað til, að hafís loki Norðurlandshöfnum, og eru dæmi til þess, að hann sé kominn í janúar. Þá er of seint að senda vörur frá Rvk til að fyrirbyggja neyð í flestum sveitum landsins. Húnvetningum hefir komið til hugar að breyta lögunum á þann hátt, að hver hreppur gæti keypt sér forða að haustinu, sem hann hefði svo fyrirliggjandi og gæti gripið til, ef á þyrfti að halda. Þetta sýndist þeim ráð, til að afstýra hallæri, sem peningar í Reykjavik gæti ekki afstýrt. Til þess að hrepparnir gæti ráðstafað fé á þennan hátt, er langhentugast, að það sé séreign þeirra. Eg vildi aðeins geta þessa til skýringar, en hitt sýnist mér að öllum megi ljóst vera, að sjóðurinn getur ekki komið að tilætluðum notum þegar í byrjun. Til þess verður hann að vaxa, hvernig svo sem ákvæðin um hann eru. Ef til vill má segja, að allar breytingar á lögum þessum sé óþarfar meðan féð er svo lítið, en úr því að uppi er hreyfing að afnema lögin með öllu vegna óánægju með einstök atriði, er ilt að fá ekki framgengt þeim breytingum, er miða til þess að gjöra menn ánægðari.

Hjörtur Snorrason: Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið og skal eg ekki bæta við nema örfáum orðum. Eg vildi aðeins taka það fram, að eg hefi ekki orðið var við neina megna óánægju út af þessum lögum.

Það er aðeins þetta eina atriði, sem brytt hefir á óánægju út af á einstaka stað, og ekki þótt sem heppilegast. Það er þetta, sem deilt er um hér, hvort sjóðurinn skuli vera sameiginlegur fyrir alt landið, eða, eins og farið er fram á í þessu frv., að helmingurinn sé séreign einstakra hreppa. Um það má náttúrlega deila, en eg get þó ekki skilið í því, að menn skuli ekki geta fallist á, að þetta, sem hér er farið fram á, sé það heppilegasta. Þess verður að gæta, að það sem landssjóður leggur til, er tekið úr vösum einstaklinganna óbeinlínis. Eg tel það ekki rétt, að þeir einstakir hreppar, sem verr standa að vígi, komi upp á hina hreppana.

Þeir hreppar verð eg að álíta að eigi tilkall til hins sameiginlega helmings sjóðsins. — Þó að lögin kunni að vera óvinsæl sumstaðar, sé eg ekkert á móti því, að þessi breyting nái fram að ganga, því að það eru einmitt líkindi til, að hún gjöri lögin vinsælli.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (þskj. 160) samþ. með 13:7 atkv.

Frv. þar með fallið.

---

3. Læknaskipun I. Hnappdælahérað.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl. (Þskj. 35).

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Þetta frumvarp er gamall kunningi, eins og þeir munu kannast við, er setið hafa á síðustu þingum. Eg get verið stuttorður um það nú, en vil aðeins minna á undirtektirnar undir það á þingi 1911. Þá vóru á ferðinni frumvörp um ýms ný læknahéruð og vóru sett í nefnd, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að taka tvö þeirra til greina, sem sé Norðfjarðarhérað á Austurlandi og svo þetta.

Þessar tillögur nefndarinnar gengu svo fram hér í Nd. og gegnum tvær umr. í Ed., en þá skifti um. Þá flaut Norðfjarðarhérað í gegn, en þetta var felt, og verð eg að álita þetta nokkurkonar slys.

Aftur lá þetta frumvarp fyrir þinginu í fyrra og var sett í nefnd, en druknaði í því málaflóði, sem þá var þar. Vænti eg þeirrar sanngirni af deildinni, að hún taki þessu máli eins vel og 1911, en skal ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um málið, aðeins bæta því við, að eg óska ekki nefndar mín vegna, en verið getur, að aðrir vilji athuga málið í sambandi við óskir manna út um land, og sting eg því upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR:

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt og í hana kosnir með hlutfallskosningu.

Skúli Thoroddsen
Matthías Ólafsson
Sigurður Gunnarsson
Stefán Stefánsson
Eggert Pálsson.

Frv. vísað til 2. umr.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30 júlí, var frumv. til 2. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umræðu. (Þskj. 35, n. 239, 240).

Framsögum. meiri hl. (Eggert Pálsson): Þótt eg hafi orðið framsögumaður í þessum læknaskipunarmálum, þá er það ekki vegna kunnugleika, heldur hafa atvikin valdið því. Og þar sem mig brestur kunnugleika, þá er nefndarálitið ekki bygt á eigin sjón, heldur á gangi þessarra mála áður hér á þingi.

Háttv. deild er kunnug þessu frumv., sem nú liggur fyrir. Deildin hefir áður samþykt að stofna það hérað, Hnappdælahérað, og hefir þá þótt vera brýn þörf á því. Í nefndarálitinu 1911 segir, að vegalengdin sé afarmikil og torfærir vegir. Þessu mun ekki vera hægt að mótmæla. Fjallvegir eru miklir í héraði þessu, bæði að vestan og norðan. Að vestan er Fróðárheiði, sem er mjög ill yfirferðar og að norðan er Kerlingarskarð. Hvað vegalengdina snertir, þá er nálægt 10 tíma reið úr miðju héraðinu í Borgarnes. Af þessu er það ljóst,

að miklum erfiðleikum er bundið fyrir héraðsbúa, sem eru um 900 manns, að vitja læknis.

Í fljótu bragði kynni mönnum að sýnast svo sem flytja mætti bústað einhvers af þeim þrem læknum, sem næstir eru, og þá líklega helzt læknisins í Borgarnesi. En það er nú upplýst, að sá flutningur getur tæplega komið til mála. Get eg um þetta skírskotað til nefndarálitsins á þskj. 239.

Nefndin hefir komið fram með þá breyttill., að taka inn í frumv. efnið úr næsta frumv., stofnun læknishéraðs í Bolungarvík. Það mál er ekki heldur nýtt hér á þingi. Á þinginu 1911 lá það einnig fyrir og þá var sömuleiðis tekið fram, að í þessu héraði væri við mikla erfiðleika að stríða, hvað lækni snerti, enda er öllum kunnugt, að svo er. Í Bolungarvík eiga heima rúmlega 1000 manns, samkvæmt upplýsingum frá hagstofunni, og er þeim því sem næst varnað að ná í lækni nema sjóleiðis innan af Ísafirði. Landveg má ef til vill klöngrast á milli, en varla getur það talist mannavegur, og á vetrum er ófært landveg, þegar alt er þakið snjó og hálum fönnum. Hér getur því engin önnur leið talist en sjóleiðin, sem þó getur oft hefzt, því að ekki gefur altaf á sjóinn. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að samþykkja þetta frumv. í þessu formi, sem sé sem breyt.till. við frumvarp það, sem nú liggur fyrir.

Mér er það ljóst, að mótmæli muni koma fram gegn þessum frumvörpum. Býst eg við, að mótmælin verði aðallega þau, að ekki eigi við að fjölga læknishéruðum, meðan svo mörg læknishéruð eru auð. En eg hygg, að lengi megi bíða með sum hinna auðu héraða, að þau verði skipuð. Það er kunnugt, að læknar taka heldur þann kostinn að »praktisera«, eða verða sérfræðingar, en að taka við þessum héruðum, sem þeir þykjast ekki geta lifað af. Það getur vel verið, að þessi héruð verði einnig auð, en þá er í frumvarpinu séð fyrir því, að enginn kostnaður hljótist af fyrir landssjóð, því að ef engir sérstakir læknar fást í þau, verður ekki heldur nágrannalæknum launað fyrir að gegna þeim.

Fleira þarf eg ekki að taka fram að sinni.

Framsögumaður minni hlutans (Stefán Stefánsson): Því er líkt farið um mig og háttv. framsögum. meiri hlutans (E. P.), að mig brestur kunnugleika á staðháttum héraða þeirra, er hér er um að ræða. En þótt eg hafi ekki getað orðið samferða háttv. samnefndarmönnum mínum, þá er það engan veginn af því, að eg geti ekki unt þessum héruðum aukinnar læknishjálpar, því það má raunar segja, að allur landslýður eigi kröfu til þess, að standa sem allra jafnast að vígi til að ná í lækni.

Háttv. framsögum. meiri hl. (E. P.) mintist á aðalástæðu þá, er eg sem minni hluti bar fram í nefndinni, sem sé þá, að nú standa 6 læknishéruð óveitt og það sjöunda mun bætast við töluna með haustinu. Af þessu má sjá, hvað tilgangslaust er að bæta nýjum héruðum við eins og nú stendur og jafnvel óréttlátt gagnvart þeim héruðum, sem enn vantar lækni í, og löggjafarvaldið þegar hefir ákveðið, að þarfnist mest læknis.

Einnig er vert að athuga það, hverri röskun þessi sundurbútun héraðanna kann að valda. Það er mjög líklegt, að nemendur kynoki sér við að stunda læknisfræði, af því að þeir geta búist við að fá svo lítið að starfa eða svo mannfá héruð, að ekki sé ráðlegt að gjöra slíkt að lífsstarfi sínu, enda líklegt, að lítil æfing skapi ekki mikinn lækni, þótt góða hæfileika hafi haft í byrjun.

Þessi tvö atriði er vert að athuga í þessu sambandi, bæði að menn muni hika við að læra læknisfræði og í annan stað, að þeir læknar, sem lenda í mjög fámennum héruðum, geta naumast orðið eins góðir læknar og þeir, er hafa mikla og stöðuga æfingu.

Meinið er ekki það, að héruðin sé of fá, heldur hitt, að læknar eru of fáir, og þau mein grædast ekki með því að fjölga héruðum.

Mér dettur í hug, ef svo fer, að árlega verði fjölgað læknishéruðum, muni að því reka, að þá muni þeir ekki eingöngu þjóna sínum eigin héruðum heldur og öðrum héruðum með hálfum launum í viðbót við sín eigin laun, með öðrum orðum: að úr landssjóði verði að svara þriðjungi hærri launum, en annars mundi, til fjölda lækna, en læknishjálp máske engu meiri, eða auðfengnari. Þetta óttast eg að verði sú óeðlilega afleiðing af fjölgun héraðanna.

Það er síður en svo að eg neiti því, að erfitt sé í þessum héruðum, sérstaklega í Bolungarvík, að ná í lækni. Um erfiðleika í Hnappdælahéraði er mér ekki eins ljóst. En þar má þó ferðast á landi, sem talið er illfært úr Bolungarvík. Vegalengdir hygg eg ekki meiri þar en í sumum öðrum læknishéruðum.

Eg hefi ekki gert mér neitt far um að hafa áhrif á skoðanir þingmanna í þessu máli; en hinsvegar taldi eg mér skylt, að gjöra glögga grein fyrir afstöðu minni, bæði í nefndinni og málinu yfirleitt.

Guðmundur Hannesson: Eg tek ekki til máls um þessi frv. fyrir þá sök, að eg sé kunnugur staðháttum. En eg vil vekja athygli háttv. deildar á því, að nú fyrir skemstu hafa verið feld fjáraukalög í því skyni að spara fé landssjóðs. Eg álít nú einhverja verstu eyðslu þá, að fjölga föstum starfsmönnum landsins. Laun fastra embættismanna má skoða sem vexti tilsvarandi höfuðstóls, þannig, að launaaukning, sem nemur 5000 kr. eru vextir af 100 þús. kr. Það kemur því út á eitt, að stofna eitt eða tvö embætti, með 5000 kr. launum og að veita 100 þús. kr. úr landssjóði eitt skifti fyrir öll. Mér virðist, að menn gjöri sér þetta ekki svo ljóst sem skyldi, því að svo reynist það oftast, að þrátt fyrir alt sparnaðarhjal, eru menn fúsir að fjölga embættum.

Eg hefi hreyft við því að fækka fjórum embættismönnum. Tveir af þeim hafa orðið embættismenn af misskilningi laganna eða af tilviljun, eða eg veit ekki hverju, en sýslumannaembættin hurfu inn í þá miklu þoku, hvort aðskilja mætti dómsvald og umboðsvald. Tillögur mínar vóru þannig ónýttar, og sá sparnaður fyrir landssjóð, sem þær höfðu í för með sér. Eg skal ekkert fullyrða um það, hve brýn nauðsyn er á að stofna þessi læknahéruð, en hitt tel eg víst, að hæpið sé, að læknar fáist í þau fyrst um sinn, nema ef vera skyldi í Bolungarvík. Vegalengdin þangað frá Ísafirði er ekki mikil, og væri miklu fé verjandi til að gjöra þann veg færan, ef komast mætti hjá nýju embætti.

Ef til vill gæti háttv. flutningsmaður þessa frv. (Sk. Th.) gefið upplýsingar um, hvort ekki myndi fært að leggja veg þaðan til Ísafjarðar. *(Skúli Thoroddsen:* Það er ómögulegt). Það er aðgætandi, að þótt til þess þyrfti að verja einum 10—20 þús. kr. að sprengja upp klappir, þá myndi það borga sig. Eg stóð upp aðallega til að vekja athygli á þessu. Það er altaf sagt við kjósendur og alþýðuna, að opinbera starfsmenn eigum vér ekki að hafa fleiri en nauðsynlegt er, en þegar til framkvæmd-

anna kemur er þeim altaf fjölgað. Hitt gengur seinna, að klippa þá burt aftur þegar þeir eru orðnir úreltir og svara ekki lengur kostnaði.

Skúli Thoroddsen: Háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) spurðist fyrir um það, hvort ekki myndi fært að leggja veg frá Bolungarvík til Ísafjarðar, sem fær gæti verið á vetrum, og skal eg því láta þess getið, að það er ekki hægt. Á milli þessara staða er hlíð, sem köllu ð er Óshlíð, og má reyndar ríða hana á sumrum, en ekki má háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) vera sundlhætt, ef hann teymir þó eigi með köflum, færi hann um hlíð þessa, því að gatan er þar víða mjög tæp, utan í snarbrattri hlíðinni.

Frá því er snjóar koma fyrst og fram í miðjan júni, dettur engum manni í hug að fara þar með hest, — geta þá eigi komist á milli nema gangandi, en fara þá jafnaðarlega ekki götuna, heldur fara í fjörunni og klifra þar á sumum stöðum yfir kletta og klungur.

Eg er nú að vísu farinn að gleyma hvað sumar torfærurnar, sem á leiðinni eru, eru kallaðar, en kann enn að nefna »Pallinn«, »Stóru-ófæru«, »Litlu-ófæru« o. fl. En yfir þessar ófærur er síðan klöngrast eftir stigahöftum upp klettana, og verða menn auk þess að neyta handafls, þ. e. lesa sig upp á kaðli til að komast þar upp.

Nú er þess að gæta, að í Bolungarvík er lending feikilega ill. Þar er brimasamt mjög, jafnskjótt er hausta fer að, svo að oft og tíðum er ekki auðið að komast fram með bát, og standa menn því uppi í vandræðum læknislausir, hvað sem að hendi ber, þegar ekki gefur á sjó.

Bolvíkingar hafa því — knúðir af nauðsyninni — verið að senda þinginu beiðni um stofnun læknishéraðs þar, ár eftir ár, og man eg nú naumast hve oft eg hefi þegar flutt frumvarp þetta hér á þinginu. Það hefir einusinni verið samþykt hér í deildinni, en háttv. Ed. vildi þá láta aðstoðarlæknirn á Ísafirði flytjast til Bolungarvíkur og njóta þá, auk launa sinna, fjár þess, er Bolvíkingar buðu þá fram úr eigin vasa. En þegar til hans kasta kom, afsagði hann flutninginn og bar fyrir sig skipunarbréf sitt, sem aðstoðarlæknir á Ísafirði.

Eg vona nú að frv. þetta fái góðan byr hér í deildinni, þrátt fyrir tillögur minni hl. nefndarinnar. Annars hefi eg nú þegar talað svo oft hér í þinginu, um mál þetta, að eg get látið mér nægja að skírskota til þess, sem eg áður hefi um það sagt. Það væri og ósamkvæmni af neðri deild, að fara nú að fella frv. þetta, þar sem hún hefir samþykt það áður.

Eggert Pálsson: Eg ætlaðist í rauninni til að fleiri tæki til máls, áður en eg talaði.

Háttv. flutningsm. frv. um stofnun Hólshéraðs hefir nú lýst örðugleikunum sem á því eru fyrir Bolvíkinga að vitja læknis, og þar með svarað athugasemdum háttv. 1. þm. Hún. (G. H.). Yfir höfuð er það fremur fyrir flutningsm. að lýsa staðháttum í þessum héruðum heldur en fyrir mig, þar sem eg er alókunnugur.

Eg hefi viljað fylgja þeirri stefnu, sem áður hefir verið tekin í þessu máli. Eg benti á það, að fyrir þinginu 1911 hefði legið nokkur læknafrv., og vér höfum hér fyrir oss álit þeirrar nefndar, sem þá var skipuð í öll þau mál. Það varð þá niðurstaðan í neðri deild, að réttast væri að stofna eitt læknishérað á ári, og verða þannig við óskum landsmanna um fjölgun læknahéraða, því að þrátt fyrir það þótt háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) segði, að alþýða manna vildi

ekki fjölga embættismönuum, þá er það víst, að hún vill engum embættismönnum fremur fjölga en læknum. Það er sjálfsagt að taka tillit til þjóðarviljans í þessu efni, enda er það vitanlega þjóðinni fyrir beztu, að læknar sé sem fleztir og sem hægast að ná til þeirra.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) kom eins og vænta mátti með þessa gömlu ástæðu, að það væri ekki ástæða til að fjölga læknahéruðum meðan til væri héruð óskipuð læknum. En þó að vér fjölguðum ekki læknahéruðum, þá væri ekki hægt fyrir oss að tryggja það, að læknishérað, sem læknum þykir ófýsilegt að setjast að í, verði lækni skipað. En þar sem hann mintist á, að ef læknahéruðunum yrði skift í smáhéruð, yrði það til þess að fjölga hinum óskipuðu héruðum, þá get eg ekki séð að sú skoðun sé rétt. Eg get ekki skilið, að það sé fýsilegra fyrir lækni að setjast í stórt og víðáttumikið læknishérað heldur en í lítið. Aðalatriðið er að fólkið sé margt, og t. d. í Bolungarvík er fjöldi fólks samankominn á einn stað, svo að enginn efi er á því, að verði þar stofnað læknishérað, þá verður miklu fýsilegra fyrir lækna að setjast þar að heldur en í hinum víðáttumiklu héruðum. — Það virðist svo, sem skoðanir þeirra tveggja háttv. þm., sem talað hafa á móti stofnun þessara læknahéraða, sé nokkuð hver á móti annari. Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hélt því fram, að ef læknahéruðunum yrði skift niður í smærri héruð, yrði það til þess, að enginn læknir fengist til að setjast í þau. En aftur á móti virtist háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) ætla, að þessi breyting miðaði að því að fjölga læknum og þar með auka útgjöld landssjóðs.

Eg skal svo víkja að því aftur, sem eg upphaflega mintist á, að það var stefna neðri deildar á þinginu 1911, að stofna eitt læknishérað á hverju þingi. Þá var stofnað hérað á Austfjörðum og jafnframt gaf nefndin í skyn tvímælalaust, að næst skyldi stofna læknishérað í Hnappadalssýslu. Hið þriðja átti svo að stofna í Bolungarvík. Svo vóru önnur frumvörp, sem nefndin hafði þá til meðhöndlunar, en koma nú ekki til greina og væntanlega ekki í næstu framtíð, svo sem frumv. um stofnun læknishéraðs milli vatna í Rangárvallasýslu, milli Þverár á aðra hlið og Jökulsár á Sólheimasandi á hina. Fimta læknishéraðsstofnunin, sem nefndin hafði þá til meðferðar, var stofnun læknishéraðs í Dalasýslu og hin sjötta í Skagafirði. Eg veit ekki, hvort nokkur ósk er nú lifandi um stofnun þessara læknahéraða, en víst er um það, að engin beiðni þar að lútandi hefir komið fram á þessu þingi, svo að ætla má, að þörfin sé ekki eins brýn eins og í þessum héruðum, sem hér er farið fram á að stofna. Eg styð þetta mál til þess að vera trúr þeirri stefnu, sem kom fram á þinginu 1911, að stofna fyrst Hnappdælahérað og síðan Hólshérað í Bolungarvík. Og eg sé ekkert á móti því, fyrst eitt þingtímabil hefir fallið úr, svo að þessari fyrirætlun þingsins 1911 hefir ekki verið fullnægt, að þá verði nú þessi héruð bæði stofnuð í einu.

Eg þykist svo ekki þurfa að segja meira um þetta mál að sinni. Aðeins skal eg taka það fram gagnvart háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), sem virtist vilja slá á strengi sparnaðarins, að eg hygg að það sé óþarfi í þessu máli, því að þjóðin er vissulega til fárra hluta fúsari heldur en til að leggja eitthvað á sig til þess að vernda líf og limi einstakinganna. Og sízt hefði eg trúað því, að mótmæli í þessa átt kæmi frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.).

Guðmundur Hannesson: Það er aðeins stutt athugasemd. — Það er nokkuð til í því sem við sögðum, bæði háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) og eg. Sú hefir orðið raunin á, að litlu læknahéruðin ganga ekki út, því að það er reynt, að læknar geta ekki lifað af þeim. Sú stefna verður áreiðanlega tekin fyrr eða síðar, að hækka launin, svo að í þau fáist menn, og það endar því á þann veg, að læknum fjölgar og launin hækka til mikils kostnaðarauka fyrir landið. Hinu neita eg ekki, að þjóðin er fús til þess að leggja töluvert á sig fyrir læknana, einkannlega vegna þess að laun þeirra eru borguð úr landssjóði. Það væri ef til vill fult eins hyggilegt að láta héraðsbúa sjálfa launa lækna sína að einhverju leyti. Þá býst eg við, ef sú regla yrði tekin upp, að beiðnirnar um stofnun nýrra læknahéraða yrði ekki eins tíðar eins og raun er á orðin á seinustu tímum. Það er svo sem auðvitað, að því víðáttumeira sem læknishéraðið er, því erfiðara er það fyrir lækninn að fullnægja kröfum fólksins, og um leið erfiðara fyrir fólkið að ná til læknisins. En hinu hefi eg líka veitt eftirtekt, að fólk fer oft til þess læknis sem lengra er í burtu. Menn vinna það oft til að sækja góðan lækni langar leiðir, heldur en að þurfa að notast við lélegan lækni, sem er hendi nær.

Sú regla sýnist mér í blindni gerð að fjölga læknahéruðum um eitt á ári. Nær lægi að taka læknahéraðaskipunina til rækilegrar íhugunar aftur og skifta landinu niður á ný sem hentugast að auðið yrði.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. á þskj. 35 feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Benedikt Sveinsson	Björn Hallsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	Hannes Hafstein
Jóhann Eyjólfsson	Hjörtur Snorrason
Magnús Kristjánss.	Jón Jónsson
Sigurður Gunnarss.	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	Pétur Jónsson
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Eggerz
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.

Matthías Ólafsson og Sveinn Björnsson fjarstaddir.

Breyt.till. á þskj. 240 teknar aftur.

Frumv. þar með fallið.

4. Læknaskipun II. Hólshérað.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909. (Þskj. 70).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutn.m. (Skúli Thoroddsen): Að því er snertir frumv. sem hér liggur fyrir, þá er það gamall kunningi þingsins, þar sem eg flutti samskonar frumv. á síðasta alþingi, og hafði þó flutt það nokkrum sinnum þar áður.

Því miður hefir málið þó enn ekki náð fram að ganga, og er það þó, sem von er, mjög mikið áhugamál þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, eins og eg hefi á undanförnum þingum þrásinnis sýnt fram á, enda bent þá og á nauðsynina, sem til þess ber, að Hólshérað, með Bolungarvíkurverzlunarstað, verði gert að sérstöku læknishéraði, og

nenni eg því ekki að tína þau rök öll upp aftur að svo komnu, en læt mér nægja að vísa til þeirra í þingtíðindunum.

Eg geri það því að tillögu minni, að frv. verði vísað til nefndarinnar, sem skipuð hefir verið til að íhuga læknahéraðamálin, og vænti þess, að hún taki málið þá til sem rækilegastrar yfirvegunar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til læknaskipunarnefndar (sbr. næsta mál á undan) í einu hlj.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (Þskj. 70, n. 239).

Skúli Thoroddsen: Frumv. þetta var rætt hér í deildinni í sambandi við frv. næst á undan og hefi eg því ekki neinu þar við að bæta. Aðeins skal eg þó minna á það, að þess hefir verið getið hér í deildinni, hvað Hólshérað snertir, að skírskota má að vísu til beins loforðs frá þinginu, að því er til stofnunar þess kemur. Eg vona því, að ekki þurfi að fara um það eins og um Hnappdælahérað, enda margbent á, hversu brýn sé þörfin á stofnun læknishéraðs á þessum stað, og ætti eg því að geta gert mér von um, að Hólshérað fengi fram að ganga hér í deildinni, þótt um Hnappdælahéraðið færi því miður, sem farið er.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin á þskj. 70 feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Hallsson
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Eggerz
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Einar Arnórsson	Jón Jónsson
Hjörtur Snorrason	Jón Magnússon
Jóhann Eyjólfsson	Pétur Jónsson
Sig. Gunnarsson	Sigurður Eggerz
Skúli Thoroddsen	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Þór. Benediktsson

Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Matth. Ólafsson og Sveinn Björnsson fjarverandi.

Frv. þar með fallið.

---

5. Læknaskipun III. Aðstoðarlæknar.

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 14. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (þskj. 84).

Á 13. fundi Nd., fimtudaginn 16. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Guðm. Hannesson): Þetta er ofur einfalt mál. Meiningin með frumv. er sú, að afnema aukalæknisembættin á Ísafirði og Akureyri. Eg veit ekki, hvort háttv. deild er kunnugt um það, hvernig þessi embætti mynduðust í byrjun. Hugmyndin er komin frá mér og þaðan flutt inn á þingið. Í útlöndum er það föst venja, að kandidatar í læknisfræði æfi sig við læknastörf 1—3 ár á sjúkrahúsum eða sem aðstoðarmenn annara lækna, áður en þeir taka við embættum. Þar venj-

ast þeir daglegum störfum lækna, því að lífið heimtar talsvert meira til þess að verða góðir læknar en bókalærdóm þann, sem menn hafa þegar þeir koma frá kandidatsborðinu. Þessu höfum vér Íslendingar ekki getað komið við, vegna þess hve læknaþörfin hefir verið mikil. En nú er læknaviðkoman orðin svo mikil, að að því rekur, að menn þurfi að bíða nokkur ár áður en þeir komast í embætti. Tilætlunin hjá mér var sú, að styrkur væri veittur í fjárlögum til aukalækna í þeim héruðum, þar sem þörfin væri mest í það og það skiftið. Þetta fé átti að renna til ungra kandidata til þess að þeir gæti aflað sér frekari þekkingar og æfingar í daglegum störfum lækna, án þess að það bakaði þeim sérstakan kostnað og ef til vill gæti þeir lagt dálítið upp, ef þeir væri duglegir og sparsamir. En þegar lögin um skipun læknishéraða frá 1907 vóru samin, þá víxlaðist það svo, að þessum mönnum var smelt inn í þau og settir á ákveðna staði. Með öðrum orðum: það vóru stofnuð sérstök embætti. Við þetta ónýttist mín hug mynd algerlega. Þess vegna fer nú frumv. fram á að afnema þessi embætti, sem alls ekki svara til tilgangs síns og eru að *mínu áliti óþörf*. Ennfremur á ekki við að hafa þau í þessum lögum. Þetta eru kölluð sérstök embætti, en þessir læknar hafa að eins 800 króna laun og engin eftirlaun. Þetta verður því hvorki fugl né fiskur. Finnist mönnum aftur á móti, að nauðsyn sé á að hafa aukalækna í þessum héruðum, þá má alt af veita sérstakt fé til þessa á fjárlögum, en í lögunum frá 1907 eiga þeir ekki heima.

Magnús Kristjánsson: Mér sýnist þetta ekki vera svo tiltakanlega einfalt mál, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) vildi gefa í skyn. Satt að segja furðar mig á að þetta frumv. skuli vera framkomið, eins undirbúningslaust og það er. Eg rengi það ekki, að það hafi upprunalega verið skoðun háttv. þm. (G. H.), að þessi aukalæknisembætti á Akureyri og Ísafirði ætti ekki að vera föst embætti. Og þá hefði það ef til vill átt við. En tímarnir breytast, og það svo, að nú mun óhætt að fullyrða, að flestir, sem hér eiga hlut að, mundu telja það mjög óheppilegt ef þingið féllist á þær breytingar, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) ræður til í þessu efni. Væri nú farið að afnema þessi embætti, þá get eg ekki annað séð, en að tilfinnanleg vöntun yrði á læknishjálp. Mér er kunnugt um það, að aðsóknin af sjúklingum er svo mikil á Akureyri, að tveir læknar hafa meir en nóg að gera. Enda er þetta skiljanlegt, þegar litið er á það, að þetta er stórt hérað. Akureyrarkaupstaður einn út af fyrir sig hefir á þriðja þúsund íbúa. Þar er stórt sjúkrahús, sem að jafnaði hefir um 10—20 sjúklinga, sem sækja þangað bæði úr kaupstaðnum og héraðinu í grend. Þess vegna tel eg það mjög varhugavert og alveg óviðeigandi að afnema þessi embætti. Það mætti ef til vill segja, að þingið gæti í hvert skifti veitt hæfilega upphæð í fjárlögum í þessu skyni, og þá yrði hugmynd háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) ef til vill náð, en það er valt að treysta á vilja þingsins, og óvíst, að þessi fjárhæð yrði alt af veitt.

Viðvíkjandi þeim orðum háttv. þm. (G. H.), að þessir aðstoðarlæknar standi í vegi fyrir því, að ungir kandidatar geti aflað sér frekari mentunar og æfingar, þá held eg, að það sé ekki alls kostar rétt. Eg held sem sé, að Reykjavík sé langheppilegasti staðurinn til þess. Ef háttv. þingm. vilja kynnast þessu máli, þá vona eg að þeir komist að raun um það, að rangt sé að afnema þessi embætti svona umsvifalaust. Hér-

uðin hljóta að skoða þetta sem fasta stöðu, er þau eigi heimting á að halda. Og það er varhugavert að gera mönnum erfiðara um læknishjálp en áður hefir verið. Eg mun því verða eindregið á móti þessu frumv. og vona að svo verði um flesta háttv. þingmenn.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Án þess að eg vilji á nokkurn hátt lasta háttv. þm. Ak. (M. Kr.), þá held eg, að háttv. deild megi trúa því, að eg þekki eins vel til þessa máls og hann. Hann talaði þarna af umhyggju fyrir sínu héraði, en þegar hann var að gefa í skyn, hve mikil nauðsyn væri á aukalækni á þessum slóðum, þá skal eg minna hann á það, að á þeim tímum, sem eg hafði þetta hérað, þá var það bæði stærra og fólksfleira. Nú hefir Svarfaðardalurinn verið tekinn út úr. Hann hefir um 1000 íbúa og auk þess var eg oft sóttur út í Fnjóskadal. Eg get því ekki skilið annað, en einn maður geti annast þetta starf eins og héraðið er orðið nú. Eg kannast við það, að gott er að hafa mann til þess að létta undir með sér og eg er þeirrar skoðunar enn. Eg held ekki, þótt sjúkrahús hafi verið reist á þessum stað, að aðsóknin sé meiri en hún var í minni tíð.

Það er ekki hætt við, að þingið taki ekki greiðlega í það að veita fé í fjárlögum í þessu skyni. Það er venjulega fúst á að létta undir með mönnum í svona málum.

Ef svo verður, þá býst eg við því, að minsta kosti er tímar líða, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að bærinn fái sinn lækni. Reynslan sýnir, að þeir þyrpast einmitt í bæina. Svo er það að minsta kosti hér í Reykjavík, að þótt héruðin út um land standi auð, þá verður ekki þverfótað fyrir læknum hér. Má því næstum helzt óttast að ofmikið verði af þeim þar. Að minsta kosti er það víst, að ef duglegur héraðslæknir er á Akureyri, þá er þar eitthvert bezta æfingapláss fyrir ungan lækni.

Hvað það snertir, að Reykjavík sé bezt í því tilliti, þá er þess að gæta, að ungir læknar hafa einmitt gott af því, að kynnast sveitahéruðunum og ástandinu þar, ferðalögunum o. s. frv. Þar er óliku erfiðara aðstöðu en hér, þar sem vér höfum spítala og alls konar áhöld og aðstoð á takteinum, eins og líka á sér stað erlendis. Það er gott, að hafa snemma vanist breytingunni frá þessu, ekki sízt þannig, að geta haft æfðan mann sér til leiðbeiningar.

Það var misskilningur hjá háttv. þm. Ak. (M. Kr.), að eg ætlaðist til þess, að þessar stöður sé teknar af þeim mönnum, sem nú gegna þeim. Þetta frumv. er að eins sniðið fyrir framtíðina, og eg býst við því, að löngu áður en það kemur til framkvæmda verði orðnir svo margir læknar á Akureyri, að sá bær verði ágætlega settur, þrátt fyrir þetta.

Mönnum hafði komið til hugar að vísa þessu frumvarpi til nefndar, er skipuð hefir verið til þess að athuga læknaskipun, en eg held að þess sé ekki þörf. Eg sé ekki neitt sérstakt, sem sé á móti frumvarpinu, því að það eru ekki nema grillur, að nokkur hætta geti stafað af því fyrir Akureyrarbæ. Hins vegar er að því nokkur sparnaður, og nú er svo ástatt, að sum héruð eru læknislaus, meðfram einmitt vegna þess, að þessir tveir menn hafa sezt að á þessum stöðum.

Magnús Kristjánsson: Eg verð að taka það fram aftur, að eg álít það óforsvaranlegt af þinginu, að fara að gera þessa ráðstöfun. Það er ekki gott að segja, hver kynni að verða niðurstaða læknanefndar í þessu máli; mér

vitanlega er enginn af þeim er þar sitja, neitt sérstaklega kunnugur á þessum stöðum.

Eg heyri, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) heldur því fram, að hann hafi eins mikið vit á þessu og eg. Það er mikið gott, en það er nú hann sjálfur, sem segir það. Eg veit, að hann *hefir* verið kunnugur á Akureyri, meðan hann dvaldist þar, en nú er hann ekki orðinn kunnugri þar en eg og margir aðrir. Mér finst, að gangurinn í þessu máli hefði átt að vera sá, að vita fyrst vilja þeirra manna, sem það snertir sérstaklega, og þá þar næst að leita álits landlæknis. Til þess að hægt væri að ræða um nokkurn sæmilegan undirbúning á málinu, þá hefði þetta tvent átt að vera á undan gengið.

Mér hefir fundist háttv. þingm. gera mikið úr því, að Eyjafjarðarhérað hafi verið stærra en nú, þegar hann gegndi því, og hafi honum ekki orðið skotaskuld úr því. Eg verð nú þó að álíta, að hann hafi fundið nokkuð til erfiðleika við það, úr því að hann gerðist forgangsmaður þess, að fá þar skipaðan aukalækni. Hann hafði þá, það játa eg, mikið álit á sér fyrir skurðlækningar. En þótt það hafi sjálfsagt vakað fyrir honum meðfram, að útbreiða þekkingu sína, svo að hún gæti komið landinu að sem mestu gagni, þá hefir hitt þó verið aðalástæðan, að þörfin á aukalækni hefir verið til staðar, og það er hún ekki síður nú en þá. Og þó að einn læknir hafi verið látinn nægja lengi vel, þá er engin sönnun fyrir því, að honum hafi verið unt að fullnægja hverju sjúkdómstilfelli svo fljótt og vel, sem æskilegt hefði verið, þótt eg efist ekki um, að hann hafi gert sitt ítrasta til þess. Það eru þó alt af takmörk fyrir því, hvað menn geta lagt á sig.

Þá vildi háttv. þingmaður halda því fram, að aðsókn að Akureyrarspítala mundi vera minni nú en í sinni tíð. Að vísu hefi eg ekki fyrir framan mig skýrslur um það efni, en eg held, að eg þori að fullyrða, að svo sé ekki, og er það eitt meðal annars, sem styður þá skoðun mína, að þangað sækja menn mjög langt að, og jafnvel margir úr öðrum landsfjórðungum.

Það er eitt af því, sem hér hefir verið haldið fram, að ungir læknar hefði betra af því að læra hjá læknum annarsstaðar en hér í Reykjavík, til þess að venjast ferðalögum og öðru, sem því er samfara að gegna sveitahéruðum. Eg geri nú lítið úr þessu. Eg hygg, að flestir af þeim, sem hér læra, sé úr sveit og hafi vanist ferðalögum, svo að þessa þurfi ekki með.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta. Eg er fyrst á móti frumv., og eg er á móti því, að vísa því til nefndar, þótt eg búist við, að það verði gert. En ef það verður gert, þá ætti málið að athugast þar rækilega, og að minsta kosti að útvega tillögur landlæknis um það.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkvæðum.

Frumv. vísað til læknaskipunarnefndar með 9 shlj. atkv.

(Sbr. tvö næstu mál á undan).

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (þskj. 84, n. 239).

Eggert Pálsson: Eg vona að það sé óþarfi að tala mörg orð um þetta frumv. nú. Eg treysti því, að úr því

háttv. deild er nú einu sinni komin á lagið, að skera niður frumvörp, þá muni hún verða fús til þess að skera þetta líka niður eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Eins og þinginu er kunnugt, fer frumvarpið fram á það, að nema burt hina lögskipuðu aðstoðarlækna á Akureyri og Ísafirði. Nú er með nýafstaðinni atkvæðagreiðslu hér í deildinni fengin ný ástæða til að fella þetta frumvarp. Þegar búið er að fella það að stofna nýtt læknishérað í Bolungarvík, þá mætti það makalaust heita, ef sú stefna væri tekin, að nema um leið burtu aðstoðarlæknisstöðuna á Ísafirði. Það væri hér um bil sama sem að gera mönnum ómögulegt að ná sér í læknishjálp sunnanvert við Ísafjarðardjúpið. Eg vona því, að menn verði sammála um það, að þetta megi ekki gera. Þó að nú sé reyndar nokkuð öðru máli að gegna um Akureyri, þá verður þó þetta tvent að fylgjast að héðan af. Annars eru í nefndarálitinu færðar sérstakar ástæður fyrir því, að sterk rök mæli með því, að kippa ekki burtu aðstoðarlækninum úr þessum kaupstað fremur en hinum. Það gæti vitanlega komið til mála, að afnema þessa lögskipuðu aðstoðarlækna bæði á Ísafirði og Akureyri, ef nokkur trygging væri fyrir því, að fleiri eða færri »praktiserandi« læknar settist þar að, en meðan það er ekki, þá sýnist það ekki takandi í mál.

Guðmundur Hannesson: Mér er þetta ekkert kappsmál, en eg vil að eins benda á það, að það vakti aldrei fyrir mér, að kippa burtu þeim aðstoðarlæknum sem nú sitja í embættum þessum. Það mun ekki lagalega fært.

Og eg kannast við það, að nú er meiri ástæða til þess að halda aðstoðarlækninum á Ísafirði meðan enginn læknir kemur í Bolungarvík. Þessir aðstoðarlæknar vóru til áður en þessi lög vóru samin, en þá vóru þeir lausari fyrir, því að fé til þeirra var veitt í fjárlögum. Tilgangurinn með þeim var tvenns konar. Fyrst og fremst að auka læknishjálpina og svo í öðru lagi að ungir læknar gæti þannig fengið æfingu í lífsstarfi sínu.

Eg álít ekki miklu tapað, þótt þetta frv. falli nú. Eg er sannfærður um, að það kemur aftur, þegar tekið verður fyrir að lagfæra læknaskipun vora yfirleitt. Það þarf ekki annað en að benda á, að þessir menn hafa ekki nema 800 kr. í árslaun og engin eftirlaun, svo að hér er eigi um regluleg læknaembætti að ræða. Þau eru orðin til í misgripum, og hvort sem frv. er nú samþ. eða ekki, þá verður þetta lagfært á sínum tíma.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin feld með 17:2 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Sigurður Sigurðsson	Benedikt Sveinsson
	Bjarni Jónsson
	Björn Kristjánsson
	Einar Arnórsson
	Hannes Hafstein
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	Magnús Kristjánss.
	Pétur Jónsson
	Sig. Eggerz
	Sigurður Gunnarss.
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Hjörtur Snorrason greiddi eigi atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Sex þingmenn fjarstaddir.
Frumv. þar með fallið.

6. Mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Á 6. fundi Nd., miðvikud., 8. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík. (Þskj. 36).

Á 8. fundi Nd., föstud. 10. júlí, var frv. til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Það er eins ástatt með þetta frv., og tvö önnur frv., sem nú eru komin fyrir þingið, að það hefir verið rætt í bæjarstjórn Reykjavíkur, er samið og samþykt af henni, og okkur þingmönnum kjördæmisins svo falið að flytja það hér.

Efni þess er að koma á fastri matsnefnd fyrir lóðir og lönd í Reykjavíkurbæ. Eins og eg hefi áður tekið fram hér í deildinni er bærinn sjálfur eigandi að allmiklum lóðum og löndum í Rvík, og ýmsir menn í bæjarstjórninni hafa á síðari árum hneigst meir og meir að því, að sýna þessari fasteign bæjarins meiri alúð en hingaðtil hefir átt sér stað. Sérstaklega vilja menn gæta þess vandlega, að það gangist ekki við framar, eins og áður, að farið sé með þessa eign, eins og hún væri einskis virði. Hér hafa mönnum verið gefnar lóðir, eða látnar á leigu fyrir örlítið verð, alt fram yfir síðustu aldamót. En nú hefir bæjarstjórnin komist að þeirri niðurstöðu, að leigja aldrei lóðir gegn fyrirfram ákveðinni leigu um langan tíma, því að þær stiga sí og æ í verði, eftir því sem meira er gjört bænum til þrifa og framfara, og þá vex auðvitað leiguverðgildi þeirra að sama skapi. Þess vegna hefir bæjarstjórnin tekið þá stefnu, að leigan skuli ákveðin á 5 ára fresti. En þá er eftir sá vandinn, *hvernig* á að ákveða leiguna fyrir hver 5 ár. Það hefir áður verið ákveðið í samningum, sem bæjarstjórnin hefir gjört, að það skuli gjört eftir mati tveggja óvilhallra manna, en það vill verða svo, að þegar ýmsir menn meta samskonar eða nálægar lóðir, þá verður mat þeirra ærið mismunandi, einkum eins og nú er ástatt, þar sem engar ákveðnar reglur eru settar þessum mönnum, til þess að fara eftir í mati sínu. Þess vegna hefir bæjarstjórninni hugkvæmst að fá skipaða sérstaka matsnefnd, er leitað sé til í hvert skifti, sem bærinn lætur land eða lóð af hendi. Og eins er það, að ef ákveðið verður að meta leigulönd bæjarins á 5 ára fresti, þá er ætlast til, að svo sé ákveðið í samningum bæjarins við leigjendur, að þeir hlíti mati þeirrar nefndar. Þetta ætti að vera til þess, að meiri festa yrði í matinu, þegar þessir sömu menn fengist við það, sem skipaðir væri til 6 ára, þó þannig, að skift sé um einn mann annaðhvert ár. Auk þess er gjört ráð fyrir að samdar verði ítarlegar reglur handa matsnefndinni, sem hún á að fara eftir við matsgjörðirnar.

Þetta er þá í stuttu máli efni og tilgangur frv. Hér er áreiðanlega um ráðstöfun að ræða, sem horfir til hagsmuna fyrir bæjarfélagið, og eg vona því, að háttv. deild hafi ekki á móti þessu frv., heldur leyfi því fram að ganga — helzt nefndarlaust. En vilji menn setja það í nefnd, þá óska eg að því verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin hefir verið til að athuga frv. til laga um mæling og skrásetning lóða og landa í Reykjavík.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til annarar umræðu í einu hljóði.

A 11. fundi Nd., þriðjud. 14. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (Þskj. 36).

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Eg skal út af ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.) taka það fram, að eg er deildinni auðvitað mjög þakklátur fyrir það, hve greiðlega hún hefir tekið í þau mál, sem eg og háttv. samþingismaður minn höfum borið fram hér í þinginu, en eg vona, að það sé alt svo góð mál, að deildin geri ekkert ilt með því að samþykkja þau. Eg vona, að enginn finni ástæðu til, þótt rétt mál gangi fram hér í þinginu, að svifta borgara þessa bæjar þeim mannréttindum, sem þeim bera að réttu, svo sem kosningarrétti. *(Bjarni Jónsson:* Þeir fá að kjósa borgarstjóra). Eg átti við kosningarrétt til alþingis. Eg skal ekki fara lengra út í þetta mál, en vænti þess, að þar sem engin athugasemd hefir verið gerð við þetta frv., þá fái það að ganga í gegnum þingið.

Einar Arnórsson: Eg er að hugsa um að taka upp hlutverk háttv. þm. Dal. (B. J.) og benda á nokkrar misfellur á málinu á frv.

Í 2. gr. frv. stendur: »Gengur einn úr nefndinni annað*hvort* ár«. Þar ætti að standa »annað*hvert* ár«. Þar sem um fleiri en tvo er að ræða er sagt annar*hver*, en ekki annar*hvor*. Í 4. gr. frv. stendur, að nefndarmenn skuli vinna »eið«. Það er ekki alveg nákvæmt, því að mig minnir að í lögum nr. 29 frá 11. júlí 1911 sé það tekið fram, að menn skuli vinna drengskaparheit í stað eiðs.

Þetta eru hvorttveggja formatriði, sem mér finst að háttv. flutningsmenn ætti að laga við 3. umr.

Ekki veit eg, hvort háttv. þm. Dal. (B. J.) finst það gott mál, »*að taka tillit til*«, eins og stendur í 5. gr. *(Bjarni Jónsson:* Eg er ekkert við þetta riðinn og skifti mér ekkert af því).

ATKV.GR.:

1. gr. samþykt með 16 samhljóða atkvæðum.

2.—8. gr. samþykt með 17 samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Vísað til 3. umræðu með 16 samhlj. atkvæðum.

Á 14. fundi Nd., föstud. 17. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (Þskj. 36, 123).

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Við flutningsmenn frv. höfum komið fram með brt. á þskj. 123 í samræmi við bendingar háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) við aðra umr. Við féllumst á athugasemdir hans, og væntum að hv. deild fallist einnig á þær.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 123 við 2. gr. frv. orðabreyting talin samþ. án atkv.

2. brt. á þskj. 123 við 4. gr. frv. orðabreyting talin samþ. án atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 18 atkv. samhlj. og afgreitt til Ed.

---

7. Breyting á vegalögum.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 27. nóv. 1907, um vegi, og lögum um breyting á þeim lögum nr. 41, 11. júlí 1911. (Þskj. 37).

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frumvarpið aftur tekið til 1. umr., og enn tekið út af dagskrá.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var frumvarpið enn tekið til 1. umræðu.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það verður tæplega sagt, að þetta frumv. sé að öllu leyti nýr gestur hér á þinginu. En það hefir átt erfitt uppdráttar og jafnan fengið misjafnar undirtektir að undanförnu. En það veit eg, að satt er sem máltækið segir, að »sjaldan fellur eik við fyrsta högg« og þó að ekki hafi gengið greitt hingað til, að fá þessarri breytingu sem frumv. fer fram á framgengt, þá vona eg samt sem áður, að svo fari á endanum, að sannleikurinn og réttlætið sigri og að þessi breyting komist á.

Það er óneitanlegt og ómótmælanlegt, að þessi breyting, að landssjóður taki að sér viðhaldið á veginum frá Ingólfsfjalli og austur yfir Rangá ytri, er bygð á fylstu sanngirni þegar á alt er litið. Þegar þessi vegur var lagður í upphafi á árunum 1895—1897, þá var það gert án beinna óska frá viðkomandi héruðum. Og eg vil bæta því við, að það er langur vegur frá því, að hann hafi eingöngu verið lagður fyrir þessi héruð, heldur eins mikið eða jafnvel meira fyrir Reykjavíkurbúa og íbúa annarra héraða, sem austar liggja og leið áttu um þetta svæði. Það var eins mikið fyrir Reykvíkinga segi eg, því að á þeim tímum, eins og reyndar altaf hefir verið, var verzlað hér töluvert af austanmönnum, og það var ekki eingöngu að þeir ætti viðskifti við Reykjavík, heldur einnig við veiðistöðvarnar suður með sjó. Vegurinn var því lagður í upphafi til þess að létta samgöngurnar og gera þær greiðari fyrir viðskifti milli austanmanna annarsvegar og íbúa Reykjavíkur og veiðistöðvanna suður með sjó hins vegar.

Þá, þegar vegurinn var lagður, datt engum í hug, enda kom það alls ekki til tals, að viðhaldinu á honum yrði dembt á héruðin fyrir austan. Þá er á það að líta, að þessi vegur er einn partur af höfuðveginum eða þjóðveginum, sem liggur ekki eingöngu austan úr Hornafirði, heldur alla leið austan af Seyðisfirði til Reykjavíkur og svo þaðan norður um landið. Þetta er því einn partur úr þeirri löngu vegakeðju, sem tengir einstakar sveitir landsins hverja við aðra og síðan sveitirnar við höfuðstaðinn. Frá þessu sjónarmiði var það því einkennilegt þegar löggjafarnir fundu upp á því árið 1907 að slíta þennan stutta kafla út úr aðal vegalínunni og demba viðhaldi hans á viðkomandi héruð. Þá ber einnig að taka það til greina, að þessi vegur er ekki eingöngu notaður af þeim héruðum, sem hann liggur um, heldur engu síður af ýmsum öðrum héruðum eða jafnvel fremur. Þannig má segja um þann kafla vegarins, sem liggur um Flóann, að hann er notaður af mínstum hluta Árnesinga. Íbúar sumra sveita í Árnessýslu stíga aldrei fæti sínum á þann veg.

Af þessu og mörgu öðru leiðir, að það er í mesta máta ósanngjarnt, að viðhaldið á þessum vegi hvíli á héruðunum. Það var upphaflega ósanngjarnt og verður altaf ósanngjarnt meðan því heldur áfram.

Eg vil enn benda á eitt atriði í þessu sambandi, sem sé það, að eins og upphaflega var haldið fram, þá var þessi vegur einskonar uppbót fyrir Suðurlandsundirlendið fyrir það, að það getur aldrei haft nándar nærri jafnmikið gagn af strandferðunum kringum landið og flestar aðrar sveitir landsins.

Væri nú svo, að þessar sýslur hefði enga aðra vegi í sinni umsjá, þá væri ef til vill minni ástæða til að tala um þetta hér frá fjárhagslegu sjónarmiði. En það er síður en svo sé. Þeim er þvert á móti íþyngt af viðhaldi á mörgum öðrum vegum. Þessu til upplýsingar skal eg nefna þá vegi, sem hvíla á sýslusjóði Árnessýslu. Er þá fyrst að telja flutningabrautina upp Skeiðin, sem er um 9 km. á lengd, þá er Eyrarbakkavegurinn 11 km. og loks Gríms vegurinn, sem verið er að leggja og áætlað er að verða muni 56 km. Þegar sú braut hefir verið lögð þarf Árnessýsla því að hafa á hendi viðhald á 76 km. löngum vegi. Eftir áætlun landsverkfræðingsins kostar viðhaldið 75—100 kr. á hvern km. En nú verður að taka það með í reikninginn, að viðhaldið á þessum vegum er mjög dýrt, sérstaklega vegna þess, að svo ilt er að ná í góðan ofaníburð. Er því óhætt að reikna með hærri tölunni, eða 100 kr. Eftir því verða það 7600 kr. sem viðhaldið kostar á þessum vegum þegar Grímsnesbrautin er fullgerð. Nú er árlega lagðar 3—4 þús. kr. til viðhalds flutningabrauta fyrir utan alt það fé, sem fer til umbóta og viðhalds á sýsluvegunum. Þó að vegirnir annarsstaðar kunni að liggja allþungt á sveitunum, þá mun það þó naumast komast í námunda við það, sem hér á sér stað. Eg vona þess vegna, að háttv. deildarmenn skilji að öllu yfirveguðu, að það er ekkert ósanngjarnt, sem hér er farið fram á. Hér er ekki farið fram á annað, en það sem í sjálfu sér er bæði eðlilegt og sjálfsagt, að bætt verði úr þeirri yfirsjón eða ranglæti, ef eg má svo að orði kveða, sem hér var framið þegar vegalögin 1907 vóru gerð, og dembt var á héruðin viðhaldinu á þessum vegarkafla, sem að öllu leyti ætti að hvíla á landssjóði, af þeim ástæðum, sem eg nú hefi nefnt.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni Eg býst við. að einhverir hafi eitthvað að segja á móti þessu máli, nema svo sé, að afstaða manna til þess hafi breyzt og er það vel ef svo er. Öllum ber að taka sér fram í því, sem réttlátt er og sanngjarnt svo í þessu máli sem öðru. Eg geri mér von um að þær háværu raddir, sem hingað til hafa heyrst á móti málinu og þær fjarstæður, sem haldið hefir verið fram, láti nú ekki til sín heyra og að menn smátt og smátt sannfærist um réttmæti þeirrar kröfu, sem hér er gerð.

Einar Jónsson: Eg stend ekki upp af því að eg telji framsöguna svo lélega, að hún þurfi uppbótar við. En af því að eg býst jafnvel við að mótmæli fái að heyrast gegn þessu máli, þá vildi eg áður minna menn á ýms atriði er máli skifta og háttv. framsm. (S. S.) gat ekki um.

Þess er vert að geta, að sá vegur, sem hér um ræðir, verður fyrir meiri átroðningi en alment er, og líklega meiri en nokkurrsstaðar annarsstaðar á landinu á sér stað um vegi. Það eru fleiri en sýslubúar einir, sem um þennan veg fara. Skal eg minna á nokkra aðra flokka manna, sem veginn nota, þó að þess ætti reyndar ekki að þurfa, því að vitanlega geta allir látið sér detta það í hug, ef þeir vilja á annað borð gefa sér tóm til að íhuga það. Er þá fyrst að geta Skaftfellinga, sem fara fullum fetum um veginn eins og þeim sýnist með fjárrekstra, markaðshross og fleira,

sem orsakar átroðning. Þá fara Reykvíkingar um hann eftir því sem þeir þurfa, en ekki sízt útlendingar, sem stefna fremur í þá átt en nokkura aðra, vegna fornra og frægra sögustaða, svo og þeirra staða, sem frá náttúrunnar hendi eru svo gerðir, að þeir þykja merkilegir öðrum stöðum fremur. Skal eg í því sambandi láta mér nægja að minna á Hlíðarenda í Fljótshlíð, Þórsmörk, Skógafoss, Heklu, Gullfoss og Geysi.

Alt þetta orsakar, að þessi vegur verður fyrir meiri átroðningi af óviðkomandi mönnum en nokkur annar vegarspotti á landinu. Reynslan í vor hefir líka í sannleika staðfest það, að það er meiri vandi að gæta fengins fjár en að afla þess, því að vegirnir hafa í alt vor verið í mesta óstandi vegna fátæktar og framtaksleysis þeirra, sem eiga að sjá um viðhaldið. Þetta bið eg menn vel að athuga.

Ef þingmenn vilja setja sig upp á móti þessu frumvarpi — og þætti mér það að sumu leyti ekki nema eðlilegt, vegna þess að þeir munu segja að það skapi fordæmi — þá vildi eg óska þess, að þeir vildu athuga, að hér er farið með satt mál. Vegurinn sætir átroðning utanhéraðsmanna. *(Björn Kristjánsson:* Ekki meiri en Hafnarfj.vegurinn). Það get eg gjarna gengið inn á. *(Guðm. Eggerz:* Eða Fagradalsbrautin.). Hana nota Múlasýslumenn nær eingöngu og dugar hún því ekki til samanburðar. En hvernig sem þessu máli reiðir af, þá er eg viss um, að háttv. flutningsm. (S. S.) og eg, höfum sagt það eitt um þetta mál, sem við vitum sannast og réttast. Það er líka vert að taka tillit til þess, að hér er um þau sýslufélög að ræða, sem ekki hafa gagn af strandferðunum, t. d. Rangárvallasýsla alls ekki neitt. Vænti eg að þingið sé svo sanngjarnt, að það telji það skyldu sína að láta eitthvað í staðinn, og hér er ekkert til, sem í staðinn getur komið, annað en góðir vegir uppi í landinu.

Hvernig, sem þetta endar nú, þá hygg eg að mér sé óhætt að spá því, að ef viðhaldi þessa vegar verður ekki létt af sýslusjóðunum, þá leiði það beint til þess, að vegurinn verði með öllu ónýtur gerður og væri það illa farið með svo nauðsynlega og dýra samgöngubót. Eg fyrir mitt leyti álít, að þó að þetta frumvarp ætti að skapa fordæmi, sem yrði til þess, að allir slíkir vegir og hér er um að ræða, kæmist á landssjóð til viðhalds, þá væri það betra, en að knýja þá fátæku til að leggja fé í það, sem þeir eru ekki megnugir til að gera.

Eg skal svo að endingu taka undir þá ósk háttv. flutningsmanns, að háttv. deild taki eins sanngjarnlega og mögulegt er í þetta mál.

Pétur Jónsson: Eg get tekið undir það sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) byrjaði ræðu sína með, að eg hefi ekki það út á framsögu þessa máls að setja, að hún hafi verið svo linleg — mér þótti hún satt að segja vera *frekjuleg*. Eg kalla það frekju, að halda því fram, að alþingi, sem sett hefir þessi lög, hafi sýnt þessum héruðum ranglæti. Hér er um það að ræða, hvort grundvallaratriðið í vegalögunum um viðhald vega skuli standa eða ekki. Það getur verið að þetta grundvallaratriði sé ekki alls kostar heppilegt, þótt eg og fleiri telji það heppilegt og jafnvel nauðsynlegt, en það er ekki ranglátt þegar það gengur jafnt yfir. Eg held, að það sé einmitt ranglæti, að koma fram með svona frumvarp, en ekki hitt. Eg hefði felt mig betur við, ef farið hefði verið fram á að taka alveg af héruðum viðhaldsskyldu á landssjóðsvegum; þá hefði þó legið miklu betur fyrir að ræða málið. Mér hefir líka skilist á báðum ræðu-

mönnunum, sem töluðu, að þeir byggist við, að þegar búið væri að létta viðhaldinu á þessum vegi af sýslusjóðunum þá myndi fleiri á eftir koma.

Þeir báru því við, að umferðin um þennan veg væri meiri en um nokkurn annan veg á landinu, og mun það rétt vera. En gæta verður að því, að hér eiga líka fjölmennari héruð hlut að máli heldur en nokkurstaðar annarstaðar á landinu. Það er þessi spotti frá vegamótunum undir Ingólfsfjalli austur að Rangá, sem hvílir á tveimur stærstu sýslufélögum landsins að halda við. Það er því ekki nema eðlilegt, að slitið á þeim vegi sé meira en á öðrum vegum, en að sama skapi líka getan meiri til að halda honum við eða vel það. Og ekki ætti útlendingar og aðrir utansveitarmenn, sem um veginn fara, að vera sveitunum til skaða. Þvert á móti er talað um, að samgönguleysi sé sveitum og héruðum til hnekkis og skaða í öllum efnum, og mun það rétt.

Í Árnessýslu hafa margir menn atvinnu af að taka á móti gestum, bæði »túristum« og öðrum, og veit eg ekki betur, en þeir taki fult verð fyrir. Og hvaða vit væri í því að byggja vegi fyrir stórfé, ef það væri ekki til eflingar menningu og atvinnuvegum héraðanna, sem vegirnir liggja um? Og hverjir geta staðið straum af vegi, ef ekki þeir, sem hafa aðalgagnið af honum?

Nái þetta frumvarp fram að ganga, þá er þar með skapað fordæmi, sem í framtíðinni getur orðið þungur baggi fyrir landssjóðinn.

Eggert Pálsson: Það er nú sýnt, að þetta frumvarp ætlar að mæta mótspyrnu, eins og við var að búast eftir undanfarandi reynslu að dæma. Það hefir þegar verið mælt á móti frumv. af einum háttv. þingmanni og fleiri hafa beðið um orðið, sem líklegir eru til andmæla. En hvaða byr, sem þetta frumvarp fær, þá verður því ekkl mótmælt, að það hefir við mikil rök að styðjast. Þessi vegur, sem hér er um að ræða, liggur beint frá Reykjavík austur um sýslur og svo hringinn í kring um landið, og er því hreint og beint þjóðvegur í eðli sínu. Hann tengir tvö stærstu héruð landsins við höfuðstaðinn og um leið við samgöngurnar á sjó.

Það var lengi vel, að þessi héruð vóru svo að segja algerlega útilokuð frá öllu samneyti við aðra. Loks sá þing og þjóð, að svo búið mátti ekki standa, og var svo þessi vegur lagður og brýrnar bygðar á Ölvusá og Þjórsá. Þar með var viðurkenning fengin fyrir því, að þessi héruð þyrfti og ætti að tengjast við hafnarstað. En þegar er þessi viðurkenning var fengin, kipti þingið hendinni að sér aftur og dembdi viðhaldi vegarins á sýslurnar. Út af þessu varð töluverð æsing, eins og menn muna.

Í Rangárvallasýslu hlupu menn til og skrifuðu undir stórt skjal, þar sem menn óskuðu helzt að segja sig úr öllum samlögum við landið. Hvað sem um þetta tiltæki er að segja, þá er það ljós vottur um óánægju þá, sem þetta vakti þar um sloðir. Og þótt aðferðin, sem beitt var, kunni að hafa þótt óviðfeldin, þá verður því þó með engu móti neitað, að þessi óánægja hafi átt við töluverð rök að styðjast. Því að eins og eg benti á áðan, þá er þetta þjóðvegur, og óneitanlega er það eðlilegast, að þessi spotti þjóðvegarins, frá Ingólfsfjalli til Rangár, hlíti sömu reglum og hinir vegarkaflarnir fyrir austan og vestan. —

Annað það, sem segja má að hafi verið eðlileg ástæða til óánægjunnar, er það, að þessi héruð eru útilokuð frá strandferðunum, að minsta kosti beinum notum þeirra, sem aðrir landshlutar hafa

þar sem um brúklegar hafnir er að ræða. En hins vegar greiða þessi héruð fullkomlega sinn hluta af fé því, sem úr landssjóði er árlega lagt fram til þess að halda strandferðunum uppi.

Svo er enn hið þriðja, sem ekki er veikust ástæða til þessarar óánægju, og það er það, hversu illa vegirnir vóru gerðir í fyrstu. Það reynist oft svo, að það sem ódýrast er í fyrstu, verður dýrast þegar fram í sækir. Og svo verður reynd á hér. Lagning vegarins hefir, vegna þess hvað lítið var til hennar vandað, orðið tiltölulega ódýr, en viðhaldið verður þá líka að sama skapi dýrara og þess vegna algerlega ósanngjarnt, að það hvíli á sýslufélögunum og sýnilegt að hlýtur að verða kröftum þeirra ofvaxið, ef það á að verða í nokkru lagi. Alt þetta þrent mælir þannig með því að landssjóður taki við viðhaldi alls vegarins austur. Reyndar mætti segja, eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vildi halda fram, að sýslusjóðunum væri ekki vorkunn að halda þessum vegi við, vegna þess, hvað þessi héruð eru fjölbygð. Þetta mætti telja rétt, ef ekki væri um fleiri vegi að ræða, sem á sýslufélögunum hvíldi. En það eru vitanlega miklu fleiri vegir, en þessir sem hér um ræðir, sem sýslusjóðirnir verða að kosta viðhald á. Hvað Rangárvallasýslu snertir skal eg t. d. nefna veg, sem kallaður er Fjallabaksvegur og liggur í gegnum Holtin og upp Landsveitina; Fljótshlíðarvegur utan úr Hvolsvelli og inn eftir Fljótshlíðinni. Tveir vegir fram í Landeyjar bæði Austur- og Vestur-Landeyjar og vegur ofan frá Þjórsárbrú og alla leið niður í Þykkvabæ, auk ýmissa annarra vegarkafla, sem sýslusjóður verður að styrkja að meira eða minna leyti.

Af þessu er auðsætt, að það er ekki lítið fé, sem verður að ganga til alls þessa vegaviðhalds úr sýslusjóðunum. Samt sem áður hygg eg þó, að því er Rangárvallasýslu snertir, að óánægjan með þá skyldukvöð, að halda Holtaveginum við, hefði með tímanum sjatnað nokkuð, ef vegurinn hefði ekki verið illa gerður upphaflega, og í öðru lagi hefði ekkert nýtt komið til sögunnar, sem gert hefði viðhaldið erfiðara og kostnaðarsamara, sem sé »bíla«ferðirnar eftir vegunum. Það er þegar sýnilegt að »bílarnir« hreint og beint plægja upp vegina og hljóta því að gjöra viðhald veganna margfalt kostnaðarsamara, án þess að íbúar héraðanna hafi nokkurn hagnað af ferðum þessum í aðra hönd. Eins og allir vita létta þessar »bíla«ferðir ekki nokkurn skapaðan hlut undir flutningana, sem íbúum þessara héraða hafa verið og eru ennþá svo kostnaðarsamir og erfiðir. Menn verða að flytja vörur sínar með gömlu tækjunum jafnt eftir sem áður. »Bílarnir« eru því enn sem komið er eingöngu eða aðallega fyrir Reykjavíkurbúa og það aðeins til skemtunar, og er það hart fyrir héraðsbúa, að þurfa að liggja undir skemdum á vegum sínum af þeirra völdum og eiga að kosta viðhaldið, en hafa hins vegar engin notin. Því að ekki get eg talið það almenn not fyrir héraðsbúa, þótt eg sjálfur og einstöku menn aðrir sem líkt eru settir, kunni að fara með þeim eina eður tvær ferðir á ári. Almenningur til sveita hefir ekki ráð á að njóta þægindanna við slíkt ferðalag, jafn hátt og fargjaldið er, og hinsvegar er það þegar sýnilegt, að þessi tæki geta ekki orðið til neins léttis eða hagnaðarauka fyrir héraðsbúa, að því er vöruflutninga snertir, sem er og verður fyrir þeim jafnan aðalatriðið. Eg hygg þess vegna að þegar menn athuga þær miklu skemdir, sem vegirnir verða fyrir af völdum annarra en sýslubúa, þá verði mönnum það ljóst, að það er ekki ófyrirsynju farið fram á, að þessi vegur verði

tekinn til viðhalds af landssjóði í staðinn fyrir að skylda sýslusjóðina til að sjá um viðhald hans.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á, að ef landssjóður yrði látinn taka þennan spotta til viðhalds, þá mundi viðhaldi allra annarra flutningabrauta á landinu verða skelt á hann. Þetta er ekki rétt, því um þennan kafla stendur öðruvís á en um aðrar flutningabrautir. Hann er eins og kliptur út úr reglulegum þjóðvegi og fenginn umræddum sýslum til viðhalds, en á öðrum stöðum á landinu — t. d. í kjördæmi háttvirts þm. flutningabrautin frá Húsavík — eru það smábrautir, sem um er að ræða, en engir þjóðvegir, að sínu leyti eins og brautirnar út frá þessum vegi: Grímsnesvegur, Skeiðavegur, Fjallabaksvegur o. fl.

Ef afleiðingin af þessu frv. yrði sú, að viðhald allra flutningabrauta kæmi á landssjóðinn, yrði beinast að ætla, að þær flutningabrautir, sem liggja út frá þessum umræddu vegi, t. d. brautin upp Skeiðin, Landið o. fl., kæmi líka á landssjóðinn, en slíkt hefir engum, mér vitanlega, komið til hugar.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Eg vona að háttv. deild geri frv. svo hátt undir höfði, að setja nefnd í það, ekki sízt þar sem samskonar frv. um breyting á vegalögunum mun vera til meðferðar í háttv. Ed., og auk þess er næsta mál hér á dagskránni um sama efni. Í nefnd gefst mönnum betra tækifæri til að átta sig á öllum þessum málum.

Sigurður Sigurðsson: Það hefir verið sagt, að þetta frv. skapi fordæmi, sem í framtíðinni gæti leitt til þess að binda landssjóðnum þungan bagga. En það þarf ekki að vera, því að frv. fer ekki fram á annað en að bæta fyrir brot á grundvallaratriði vegalaganna, sem framið var 1907.

Brautin frá Ingólfsfjalli er ekki í eðli sínu flutningabraut, heldur þjóðvegur, og enn er á það að líta, að aðalgrundvallaratriði vegalaganna er miðað við að koma á sýslurnar viðhaldi reglulegra flutningabrauta, og þá aðallega þeirra brauta, sem gerðar yrði eftir að lögin vóru samþykt. *(Pétur Jónsson:* Þetta er alveg rangt). Það er ekki rangt. En þarna þótti þinginu hægur nærri að ná sér niðri á þessari braut, sem slitin er út úr þjóðvegi, sem landssjóður bygði og átti að annast viðhald á.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vildi segja, að frv. væri ranglátt og að réttara hefði verið að koma fram með frv. um að létta af sýslusjóðum viðhaldi allra flutningabrauta. Þá hefði nú fyrst orðið uppi fótur og fit, ef vér hefðum lagt til, að viðhaldi Eyrarbakkabrautarinnar, Skeiðabrautarinnar og annarra brauta, sem út frá þjóðveginum liggja, yrði skelt á landssjóðinn.

Eitt af því, sem eykur mjög óánægju manna með viðhaldið á þessum vegarkafla, og gerir það kostnaðarsamara, er þetta, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) benti á, hvað vegurinn var illa gerður í fyrstu. Og svo bætist þar við það, hve hann var í laklegu standi, er hann var afhentur sýslunni til viðhalds. Það var sama sem ekkert gert við veginn áður en hann var afhentur, og þurfti því svo að segja strax að gera mikið við veginn, eftir að sýslan tók við honum.

Það hafði aðeins verið myndast við að bera ofan í miðju vegarins, en ekkert gert við þverrennurnar eða skurðina meðfram veginum. Skurðirnir meðfram veginum vóru meira og minna upp grafnir, og fluttu því minna vatn en skyldi.

Viðhaldið verður því miklu tilfinnanlegra en þurft hefði, ef vel hefði verið frá veginum gengið, áður en hann var afhentur sýslunni.

Ofan á þetta bætast bifreiðaferðirnar, eða gandreiðirnar, eða hvað eg á að kalla það. Eg skal ekki fara langt út í það mál að sinni. Væntanlega gefst mér tækifæri til að ræða um það síðar þegar frv. um bifreiðirnar kemur hér til umræðu. En svo mikið er víst, að eigi að halda áfram með þessar gandreiðir, þá er ekki nema um tvent að gera: Annaðhvort verður landssjóður að taka að sér viðhald vegarins eða þá að héruðin standast ekki lengur í fjárhagslegu tilliti. Vegurinn var illa bygður þegar í byrjun fyrir þau samgöngufæri, sem þá vóru notuð, hvað þá nú, þegar önnur eins óféti og gandreiðirnar eru farnar að fara um hann. Þær eiga alls ekki við, eins og ástatt er hér á landi. Það er heimskulegt að láta sér detta í hug, að þær geti samrýmst lestaferðunum, enda koma svo að segja daglega fyrir slys af völdum þessara gandreiða, sem yrði of langt upp að telja. En haldi bifreiðaferðirnar áfram, þá er það bein siðferðisleg skylda landssjóðs að taka að sér viðhald vegarins eða leggja alveg nýjan veg.

Illu heilli var veittur styrkur til þeirra á þinginu í fyrra. Eg var þá þegar í byrjun mótfallinn þeirri styrkveitingu, og við austanmenn. Aðalstuðningsmenn þeirrar fjárveitingar vóru Reykvíkingar, sem hugsuðu sér gott til glóðarinnar að nota þær sér til skemtunar. Bifreiðirnar eru óíslenzkt og ópraktiskt samgöngufæri, og ætti að hverfa úr sögunni sem fyrst.

Jón Jónsson: Það er hálfóviðfeldið að vera að fá svona mál inn í þingið. Það gæti haft nokkuð óþægileg eftirköst. Það sem farið er fram á er, að létt verði af þessum héruðum, sem um er að ræða, kjördæmi háttv. flutningsmanns, viðhaldsskyldu þeirri, er á sýslunni hvílir á vegunum austur.

Það sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi helzt mæla með frv., var það, að bifreiðirnar, sem nú er farið að nota talsvert, sliti svo mjög vegunum. Þessi ástæða virðist mér ekki veigamikil, þegar litið er til hagræðisins sem þessi héruð hafa af bifreiðunum. Þær greiða mjög fyrir flutningum frá og til héraðanna, og því virðist ennþá minni ástæða til þess að létta gjaldinu af héruðunum. Þótt eg vilji láta háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) njóta allrar sanngirni, þá álít eg það stórt vafamál, hvort hann er að vinna landinu og landssjóði þarft verk með frv. eins og þessu. Dæmin sýna, að þessi stefna getur verið mjög hættuleg.

Það hafa verið samdir heilir lagabálkar um vegi, síma, skipun prestakalla og læknishéraða. Eg get ekki litið öðruvís á en að með slíkum lagabálkum sé meining löggjafarvaldsins sú, að slá því föstu, að lögin eigi að gilda um nokkuð langan tíma, en ekki eigi að vera að hringla með þau fram og aftur á hverju ári.

Þegar einstakir þingmenn taka upp á því upp úr þurru, án þess að bera sig saman við aðra þingmenn, að koma með tillögur eins og þessa, finst mér þeir vera að spana þingmenn annarra kjördæma, þar sem sömu skilyrðin eru fyrir hendi, til þess að nota tækifærið að koma með samskonar tillögur. Þetta hefir sýnt sig allberlega um meðferð símalaganna. Vér eigum margir ekki annars kostar, en að koma með samskonar frv. Þeir, er frumkvæðið eiga, hljóta að bera ábyrgðina. Málin eru venjulega sett í nefnd, og verður jafnan eitthvert samkomulag, því að í nefndirnar eru kosnir flutningsmenn málanna,

sem þá styðja hver annan til að hafa sitt mál fram. Þetta virðist mér vera nokkuð í áttina til þess, sem hér á þingi er kallað hrossakaup. Að þessu er hin mesta spilling, og eg vil gjöra mitt til að aftra henni. Það er altaf verið að tala um sparnað, en eigi maður að gæta allrar sanngirni um einstök héruð, þá er erfitt að koma henni að, þegar svona er í garðinn búið.

Einar Arnórsson: Það er nú varla guztuk að þreyta deildina með lengri umræðum. Hv. þingm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), hafa báðir mælt á móti þessu frumv. og báðir á sama grundvelli. Það sem á útlendu máli er nefnt »Principrytteri« er ástæðan, sem þeir byggja andmæli sín á. Það má segja um þá hið sama og sagt var um einn mann endur fyrir löngu hér á þingi, að þeir ríði »Principum« fantareið. En það er ekki alt af vakurt þó að riðið sé. Báðir vóru þeir á því, að það gæti verið rangt að leggja viðhaldskostnað veganna á sýsluna; en þar sem þeir eru ekki alveg vissir um, hvort þetta »Princip« (ɔ: að sýslan beri viðhaldskostnaðinn) kunni að vera rétt, þá er það harla einkennilegt, að þeir verða ókvæða við, þótt reynt sé að höggva dálítið skarð í það.

En svo að eg nú víki nánar að málinu, þá er það rangt, að þessi vegur sé eingöngu fyrir austanhéruðin. Hann er kannske minst fyrir þau, en mestmegnis fyrir Reykvíkinga, útlendinga og aðra ferðalanga og svo bifreiðirnar, sem gera mikið vegtjón, að því er sagt er.

Meiri hluti sveitanna í Árnessýslu hefir sama sem ekkert gagn að veginum. Svo er um Grímsnes, Þingvallasveit, Grafning, Selvog og Ölfus og suma Flóahreppana. Tungnamenn hafa heldur ekki mikil not vegarins.

Þá er það og þýðingarmikið atriði, að mjög er erfitt að ná í ofaníburð á þessum slóðum og viðhaldið því að mun kostnaðarmeira en ella. Og getur því sýslan alls ekki annað viðhaldinu til lengdar, svo að í fullu lagi verði.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) var að tala um, að nauðsynlegt væri að spara sem mest. Jú! það er mikið rétt. En er það sparnaður að drepa niður heilt hérað til þess að spara landssjóði nokkrar krónur? Sýslufélagið munar svo mikið um þennan kostnað, að það getur ekki staðist hann. Aftur á móti munar landssjóð það tiltölulega miklu minna. Margar hendur vinna létt verk, þótt fáar geti alls ekki unnið það. Þetta er ekki annað en að láta peningana yfir í annan vasann til að létta á hinum.

Sami háttv. þingm. vildi láta flutningsmenn bera sig saman við aðra þm. áður en þeir bæri frumvarpið fram. Það getur verið, að slíkt hefði verið heppilegra, en við héldum nú, að þess þyrfti ekki við í þessu máli, þar sem frumvarpið er gamalt og ekki ókunnur gestur þingmönnum.

Hann talaði mikið um samvinnu þingmanna í þessu máli eða út af því. Hv. samþingismaður minn hefir svarað þessu alveg rétt. Við viljum samvinnu allra góðra manna, og væntum þess, að þeir fallist á mál okkar, þegar þeir hafa hugsað um þau rök, sem til þess liggja og við höfum fært fram.

Sveinn Björnsson: Eg hjó eftir því í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hann gat þess, að vegurinn austur hefði alls ekki verið lagður með bifreiðar, »gandreiðar«, »þeysireiðar«, »sjálfrenninga« eða »umrenninga« fyrir augum. Hann sagði — og það mun rétt vera — að hann hefði þegar í byrjun ekki einu sinni verið nothæfur fyrir

hestvagna. Þá vil eg vekja athygli háttv. þingm. á því, hvað um er að ræða, þegar farið er fram á, að landssjóður taki að sér viðhaldið á þessum vegi, sem ekki er hæfur fyrir þau flutningatæki, sem mest eru notuð og aukast ár frá ári. Það er í rauninni farið fram á að gera veginn alveg upp. Að leggja viðhaldsskylduna á landssjóð er sama og að skylda landssjóð til að leggja veginn um. Eg vil þá jafnframt skjóta því fram, fyrst vegurinn er ófær yfirferðar nema um blásumarið, hvort ekki geti komið til álita, að breytt væri aðferðinni, sem höfð hefir verið við lagningu vegarins, þannig að »púkka« hann í stað þess að vera ár eftir ár að bera ofan í hann mold, sem ekki kemur til neins gagns. Það er ekki tjaldað nema til einnar nætur. Þetta vona eg að væntanleg nefnd taki til íhugunar. Þessi aðferð var höfð við lagningu vegarins milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Hún hefir reynst ágætlega og eg held að hún hafi verið hlutfallslega ódýr. Mér er kunnugt um, að hægt er að ná til brunahrauns víða á þessum slóðum, til þess að mylja grjótið úr og eg er þess fullviss, að það borgar sig mikið betur heldur en að henda tugum þúsunda króna ár eftir ár til viðhalds vegarins og hann er jafnófær ár eftir ár.

Þá vil eg leiðrétta það, sem háttv. 1. þingm. Árn. sagði, að þessi vegur væri að eins fyrir Reykvíkinga. Eg vildi skora á hann að fara í gandreið austur, mundi hann þá eflaust mæta nokkrum af 10 hesta lestunum, og bið eg hann þá athuga, hversu margir Reykvíkingar eru með þær lestir. Og ef hann vildi halda manntal á því, hverjir mest nota bifreiðarnar, þá hygg eg að hann fyndi þar fleiri af sínum kjósendum en Reykvíkingum. *(Sigurður Sigurðsson:* En hver hefir haginn af bifreiðunum?). Auðvitað kjósendur háttvirts þingmanns, sem nota þær til að flytja sig og afurðir héraðs þeirra á markað.

Guðmundur Eggerz: Mér virðist það illa gert af háttv. þm. Árn. (S. S.) að vera að tefja tíma þingsins með því að koma fram með svona frumv. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er altaf að tala um að spara fé landssjóðs og eg skal játa það, að hann er sparnaðarmaður, altaf, nema þegar Árnessýsla á einhvern hlut að máli. Þá er hann ekki hræddur við að henda nokkrum miljónum úr landssjóðnum. Eg hefi séð þingmálafundargerð austan úr sýslum, þar sem skorað er á þingið að veita fé til fyrirtækis, sem mundi kosta landssjóð nokkrar miljónir, en Árness- og Rangárvallasýsla hefði aðallega not af — en *að öðru leyti* að fara sem allra varlegast í það að veita fé úr landssjóði.

Annars er það engin sanngirni að viðhaldskostnaðinum sé létt af þessum sýslum, ef ekki á hið sama að gilda um aðrar sýslur landsins. Það hafa engin rök verið færð að því, að meiri ástæða sé til þessa, að því er þessa braut snertir, en t. d. með veginn milli Stykkishólms og Borgarness eða Fagradalsbrautina. Þess ber líka að gæta, að þessar sýslur, sem hér eiga hlut að máli, eru mikið efnaðri og geta því mikið betur staðist slíkan kostnað. En það virðist ákaflega erfitt að gera þeim til hæfis. Eg veit ekki betur en ausið hafi verið út hundruðum þúsunda króna úr landssjóði til þess að leggja brýr og vegi um þessar sýslur. Eg sé ekki eftir því, því að um þarfleg fyrirtæki var að ræða, en það er hart að mæta aldrei öðru en óánægju, vanþakklæti og ennþá meiri kröfum í staðinn.

Háttv. þm. hafa sagt, að Árnesingar hafi minni not af veginum — hann væri aðallega fyrir aðra. Eg hélt að

bezt væri, að sem flestir hefði gott af veginum. En að Reykvíkingar eingöngu hafi not af honum, held eg að sé rangt. Eg hefi farið austur og mætt þar bæði hestum, kindum og nautum, sem eg held að hafi komið austan úr sýslum, en ekki úr Reykjavík.

Bjarni Jónsson: Það hefir verið talað hér svo mikið um »princip«. Eg vildi fá að vita hvaða »princip« þetta væri, hvort það væri »principium rationis sufficientis« eða eitthvert annað »princip« út í loftið.

Það hefir verið sagt í þessu máli, að landssjóður eigi annaðhvort að kosta viðhald allra vega eða engra. Hvað sem því líður, þá er mér kunnugt um það, að landssj. á að kosta viðhald póstvega og vildi eg þá spyrja háttv. þm., sem á móti þessu frumv. hafa mælt, hvar póstleiðin frá Ingólfsfelli liggur austureftir. Liggur hún meðfram veginum, eða eftir honum sjálfum? Sé svo, þá hlýtur landssjóður að eiga að kosta viðhaldið.

Eg get ekki leitt hjá mér það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, þar sem hann hélt því fram, að þessir vegir væri ekki handa Reykvíkingum. Mér finst það vera sama, hvort nautin byrja ferðina hér, eða þar eystra. Annar endi leiðarinnar er þó alla jafna í Reykjavík, og það ekki sá verri, því að þar eru nautin étin. Og hagurinn er ekki allur Árnesinga megin, það getur verið gott fyrir Reykvíkinga líka, að hafa naut úr Árnessýslu til þess að éta. Árnesingum þarf ekki að vera illa við umferðina um veginn, hún er þeim ekki í óhag, en þeim getur þótt hitt hart, að þeir, sem hafa sama gagn af veginum og þeir sjálfir, skuli ekki kosta viðhald hans til jafns við þá, enda veit eg ekki betur, en að flestir bæir telji sér það hagnað, að eiga sem greiðastan aðgang að viðskiftasvæði upp til sveita. Og gaman þætti mér að vita, hvort Reykingar og þingmenn þeirra telja það ekki nauðsynlegt þegar þeir fara að mæla með því að járnbraut verði lögð austur í sýslur. Og þó að það sé sitt hvað, vegur og járnbraut, þá er það þó eins að þessu leyti, að gagnið skiftist jafnt á milli bæjarins og héraðanna. Það mætti því til sanns vegar færa, að vér Reykvíkingar kostuðum að voru leyti viðhald á þessum vegi og öðrum, er oss liggja næstir hér um slóðir.

Eg vil, að kosin sé 7 manna nefnd í málið og að hún reyni að koma með almennar tillögur um málið. Ekki eingöngu að því er þessar sýslur snertir, heldur einhverjar almennar reglur, sem nota mætti um land alt, því að víðar getur staðið líkt á og hér.

Eggert Pálsson: Eg ætla að segja fáein orð út af því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði. Mér virðist sú athugasemd hans hafa við mikil rök að styðjast, að ástæða sé til þess að taka það til athugunar, hvort ekki sé brýn þörf á því, að endurbyggja þessa vegi gjörsamlega. En ef hann og aðrir hv. þm. fallast á þetta, þá hljóta þeir, til þess að vera sjálfum sér samkvæmir, að fallast á það, að landssjóður taki viðhald veganna að sér, því að óhugsandi er, að þeir ætlist til þess, að sýslurnar geti endurbygt vegina, og endurbyggingin hlýtur þó að teljast til viðhalds. Eins og eg hefi áður sagt, eru vegirnir afarilla gjörðir í upphafi, og viðhaldið því örðugra og dýrara, en ella. Og ef sýslurnar eiga að hafa það á hendi, þá á landið ekki að sletta sér fram í það mál, en eigi að endurbyggja vegina, þá verður landsjóður fyrst að taka við þeim að öllu leyti, því að það er héruðunum ókleift að framkvæma slíkt.

Um það, er sami háttv. þm. komst

líka inn á, hverjir mest nota vegina, má lengi deila. En þótt hann vilji halda því fram, að Austursýslurnar noti þá meira, þá hlýtur hann þó að skilja það, að Reykvíkingar nota þá líka jöfnum höndum. Enda er það oft viðurkent af Reykvíkingum, að þeim sé nauðsynlegt að hafa greið sambönd við héruðin eystra, svo að um þetta er óþarft að deila. En það hygg eg, að svo framarlega, sem það væri mögulegt fyrir þau héruð að komast að viðskiftum annarsstaðar en í Reykjavík, þá mundi það koma í ljós, að Reykjavík misti mikils. Og þótt nú sé ekki horfur á því í næstu framtíð, að svo fari, þá gæti svo farið einhvertíma, að menn þar sneri sér í einhverja aðra átt með verzlunarviðskifti sín, t. d. til Vestmannaeyja. Þar er nú verið að koma upp höfn, og getur það orðið til þess, að verzlunin hverfi meira þangað, en verið hefir, og mundi þá Reykjavík reka nefið í það, — ef eg mætti svo að orði kveða — að greiðar samgöngur austur á bóginn væri ekki síður í hennar þágu en umræddra héraða.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) var að tala um einhverja þingmálafundartill. og nefndi til þess Rangárvallasýslu, þar sem skorað væri á þingið að gæta alls sparnaðar, en væri þó jafnframt til þess ætlast, að ausið væri út landsfé til viðkomandi héraðs. Eg skal út af þessu taka það fram, að hér fer þm. vitandi eða óvitandi með rangt mál, því að að því er Rangárvallasýslu snertir, þá hafa engar slíkar tillögur þar verið samþyktar, enda enginn þingmálafundur þar haldinn fyrir þing. (*Sigurður Sigurðsson:* Engar slíkar ályktanir í Árnessýslu heldur. Þetta eru bara Gróu-sögur). Hv. þm. hefði verið betra að vita rétt, en hyggja rangt í þessu efni sem öðrum.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir um málið að sinni. Eg býst við, að það verði sett í nefnd, og verður þá kostur að ræða það betur, er það kemur frá henni.

Pétur Jónsson: Háttv. flutningsm. (S. S.) sagði, að það kæmi í bága við grundvallarstefnu vegalaganna, að sýslurnar hefði þetta viðhald á hendi, en þar hefir hann ekki athugað, hvað hann fór með. Hann færði það til, að þetta væri þjóðvegur jafnframt akbraut, og var svo að heyra, sem hann héldi, að það færi ekki annarsstaðar saman, þjóðvegur og flutningabraut, eða að viðhald þjóðvega gæti ekki hvílt á sýslufélögum. Eg skal nú nefna nokkur dæmi til að koma honum í skilning um þetta.

Það er þá fyrst og fremst vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms; þegar sá vegur var með sérstökum lögum gerður að þjóðvegi, var viðhald hans sett á héruðin. Í öðru lagi er flutningabrautin frá Borgarnesi upp Borgarfjörð reglulegur þjóðvegur, þótt hann sé það ekki eftir vegalögunum beinlínis. Öll flutningabraut um Húnavatnssýslu liggur saman við þjóðveginn í Húnavatnssýslu og hvílir þó viðhaldið á sýslunni. Hún er bara ekki komin enn, svo að það er ekki komið til að kosta viðhald hennar. Hinn hluti þjóðvegarins í Húnavatnssýslu, að því er hann verður akfær vegur, kemur á héraðið að viðhaldi samkv. 16. gr. vegalaganna.

Í Eyjafirði er alveg sama máli að gegna um veginn frá Akureyri upp um Hörgárdal og Yxnadal. Sú braut er nú komin nokkuð á veg, og viðhald hennar hvílir á héraðinu.

Í Þingeyjarsýslu verður líklega lagður akfær vegur frá Vaðlaheiði að Mývatni, ef það fæst nokkurn tíma fé til hans, og hvílir þá viðhald hans sömuleiðis á héraðinu. Þær flutningsbrautir, sem ekki eru jafnframt póstvegir, eru því eiginlega ekki nema stuttir stúfar í

samanburði við hitt. Eg hefi tekið þetta fram til þess að sýna það, að með þessari viðhaldsskyldu Austursýslnanna er ekki ruglað »principi« vegalaganna, heldur er því einmitt haldið.

En ef það er satt, sem fleiri en einn háttv. þingmanna hafa haldið fram um vegina þar eystra, að illa hafi verið frá þeim gengið, þegar þeir vóru afhentir, þá er það annað mál. Þá hefði verið rétt, og væri ef til vill unt ennþá, að fá það lagað, og skyldi eg ekki verða meinsmaður þess, væri það sanngjarnlega flutt og röksamlega stutt, því að eg vil, að öllum sé gjört jafnt til, þegar vegirnir eru afhentir til viðhalds. En hinu get eg ekki annað en furðað mig á, að mér virðist það koma fram í ræðum þessara háttv. austan-þingmanna, að þeir öfundi þau héruð, sem engan veg hafa fengið lagðan hjá sér af landsfé. Það byggist víst á því, að Árnesingar þurftu ekki að biðja um sinn veg, hann barst alveg sjálfkrafa upp í hendurnar á þeim. En hvaða hlunnindi hafa þeir, sem hafa orðið að bíða eftir vegum í 20 ár og ekki fengið þá enn? Eða til hvers halda menn að vegir sé lagðir, ef það er ekki til hlunninda fyrir þau héruð, sem þeir liggja í? Eg álít, að þessir háttv. þingmenn megi ekki jagast um annað eins og þetta, einmitt þegar járnbrautarmálið stendur fyrir dyrum. Þeir eiga ekki að spilla fyrir því með svona rugluðum skoðunum á samgöngum.

Einar Arnórsson: Það hafa heyrst raddir um það, að vegurinn austur um sýslur hafi verið illa gerður í upphafi, og alls ekki hæfur fyrir fartæki þau, er nú tíðkast, vagna og bifreiðar, og þetta er víst hárrétt. En af því leiðir þá það, eins og jafnvel háttv. þingmaður S.-Þingeyjarsýslu (P. J.) viðurkennir — og er hann þó ekki sérlega hlyntur okkur flutn.m. í þessu máli, — að það er óhjákvæmilegt, að endurbyggja veginn. Ef það væri gert og það svo, að þá væri betur en áður og vegurinn fyllilega nothæfur, þá get eg viðurkent, að þessi beiðni sýslubúa væri ekki alveg jafnnauðsynleg og áður.

Háttv. þingmaður S.-Þing. (P. J.) nefndi járnbrautina í sambandi við þetta mál. Vér vitum nú ekki, hve lengi verður að bíða eftir henni, svo að það er ekki rétt að setja hana í samband við þetta mál. Hún hefir að vísu nokkurt fylgi, en margir eru henni líka mjög mótfallnir. Vér vitum ekki einu sinni, hvort nokkurt fé fæst á þessu þingi til þess, að unt verði að halda áfram nauðsynlegum rannsóknum á því máli.

Þá breiddi háttv. 2. þingmaður S.-M. (G. E.) sig út yfir málið og tafði tímann með sínum venjulegu sparnaðarprédikunum út í loftið, sem honum eru svo munntamar. Hann brá Árnesingum um brutl og sagði, að þeir vildi fá alla sína vegi lagða af landsfé og sjálfsagt góða fúlgu að auki. Það var nú lítið um rök fyrir þessu hjá honum, og hefir hann loks í vandræðum sínum farið að »stúdéra« þingmálafundargerðir úr Árnessýslu, sem hér liggja frammi á lestrarstofu alþ., en auðvitað ekki fundið þessu stað þar, heldur hefir einhver náungi stungið þessu að honum af kerskni til þess að láta hann hlaupa með það. Hann hefði varla farið svona hverft á móti frumv., ef það hefði farið fram á einhver hlunnindi handa S.-Múlas. t. d. til Fagradalsbrautarinnar, og skal eg ekki lá honum það, því að það er vorkunn þótt hver dragi nokkuð taum síns kjördæmis, en hann má ekki vera svona einsýnn óðara en en komið er út fyrir sýslu hans. Annars var hann nú ekki slyngur í »analogi«-ályktunum mínum heldur en vant er, þegar hann fór að minnast á Fagradalsbrautina, því að eg

hygg, að það sé ekki nema eitt smákauptún og héraðið þar upp af, sem nota hana.

En hitt er öllum ljóst, að vegurinn, sem hér er um að ræða, tengir saman höfuðstaðinn og stærstu héruð landsins, og auk þess nota hann allir þeir, sem ferðast um Suðurlandsundirlendið og þeir eru ekki fáir. Það áttu að vera góð og veigamikil rök hjá honum gegn frv. að vegirnir yki verðmæti landsins, er þeir liggja um. Það er rétt, að þessum sveitum er hagræði að vegunum, en af því leiðir ekki endilega það, að þær eigi einar að annast um viðhald þeirra. Það væri ekki nema rétt og sjálfsagt, ef þær einar hefði aðalgagnið af þeim, en þar sem það gagn dreifist á helming allra landsmanna, þá er það ranglæti, og þó einkum nú, síðan farið var að nota flutningatæki, sem áður vóru hér óþekkt og spilla vegum afarmikið. *(Guðm. Hannesson:* Sama á sér stað í Eyjafirði). — Það getur verið. Eg er ekki svo kunnugur þar, að eg geti um það borið, en ef svo er, þá sýnir það ekkert annað en það, að þá eiga Eyfirðingar líklega sömu sanngirniskröfu og Árnesingar til þess, að af þeim sé létt viðhaldsbyrðinni. — Það er auðvitað gott, að útlendingar fari um vegina, en það er ekki gott, að þeir spilli þeim, sérstaklega kemur það hart niður á þá, er halda eiga þeim við, ef þeir hafa verið illa gerðir frá upphafi.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að leiða hjá mér þrætu þá, er þeir heyja hér háttv. þingm. Árnesinga og Rangæinga og þeir, sem í móti þeim hafa mælt. — Þó verður því varla neitað, að flutningsmenn hafa sótt mál sitt með nokkurum ofgum. Það nær t. d. engri átt, að vegur þessi sé »minst fyrir héruðin«, Árnesþing og Rangárþing, því að vitanlega er hann *mestmegnis* notaður af íbúum þeirra héraða. Það er einnig síður en svo, að þessi vegur sé fremur notaður af utanhéraðsmönnum, en ýmsir aðrir vegir, sem héruð kosta viðhald á, og vil eg t. d. nefna veginn úr Borgarnesi upp fyrir Gljúfurá. Um þann veg fer mikill fjöldi manna annarra en Mýramanna, eða allir þeir, er landveg fara úr Borgarnesi til Norðurlands, eða að norðan þangað, Strandamenn, Húnvetningar, Skagfirðingar og jafnvel Eyfirðingar og Þingeyingar.

Háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.) sagði, að bifreiðaferðirnar væri »eingöngu fyrir Reykjavíkurbúa«, en slíkt er fjarri sanni. Sjálfur þingmaðurinn og samþingismaður hans komu hingað á bifreið til þings, og skil eg ekki, að þeir telji þingsetu sína eingöngu í þágu Reykjavíkur.

Þrætan um viðhald veganna er mestmegnis sprottin af því tvennu, að vegirnir hafa verið illa gerðir í upphafi, svo að viðhaldskostnaðurinn verður mjög tilfinnanlegur og að sumstaðar er örðugt að ná í góðan ofaníburð og þarf að flytja hann langar leiðir.

Fram úr þessu þarf að ráða á réttan hátt. — Þeir, sem fara um veginn austur, munu sjá, að þar eru kaflar á veginum, sem eru þurrir og glymjandi harðir nærri því á öllum tímum árs, þegar þeir eru auðir, og kemur það af því, að þar er ofaníburðurinn góður. Viðhald á köflum þessum er mjög lítið. Ofaníburður þessi fæst á ýmsum stöðum, en flutningur á honum ofan í *allan* veginn verður mjög dýr með þeim áhöldum, sem hingað til hafa verið notuð. Það er ókleift og afardýrt að flytja ofaníburð í vagnskrifli með einni dróg fyrir. Með slíkri skrælingja-aðferð verða aldrei gerðir viðunandi vegir hér á landi fremur en annarsstaðar.

Fyrsta skilyrðið til þess, að hér verði góðir vegir er það, að útvega *nútíðaráhöld* til vegagerða. Vér þurfum að

eignast sterka flutningabifreið, er flutt getur stór hlöss af góðum ofaníburði á skömmu bragði þótt um all-langan spöl sé að ræða. Slíkir vagnar eru hafðar til vegagerða í Vesturheimi. Vélin sjálf hleður vagninn í einni svipan, hún mylur einnig ofaníburðinn ef þess þarf með og mundi vinnast greitt að brjóta niður gjall og hraunmylsnu, sem víða er kostur á hér sunnanlands.

Ef slíkt áhald er keypt og notað, fást ágætir vegir, sem lítið viðhald þurfa. Hitt er gagnslítið og mundi verða afardýrt, að leggja nýja vegi með gamla laginu, og viðhaldið yrði tilfinnanlegt.

Nefndin ætti því að leita sér upplýsinga um það, hvað slík áhöld kosta, sem eg hefi nefnt, og er hér í bænum kostur þeirra manna, sem geta frætt hana um það, — og stuðla að því að þau verði útveguð sem fyrst. Þá mundi lagning nýtilegra vega og viðhald þeirra kosta minna í framtíðinni.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr.

7 manna nefnd samþykt í einu hlj. og í hana kosnir með hlutfallskosningum:

Guðmundur Hannesson
Bjarni Jónsson
Eggert Pálsson
Sigurður Sigurðsson
Þórarinn Benediktsson
Sigurður Gunnarsson
Einar Jónsson.

Á 29. fundi Nd., föstud. 31. júlí, var frv. tekið 2. umr. (Þskj. 37, n. 217 og 246, 223).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Þessi nefnd hefir haft til meðferðar tvö frv. um vegi. Annað þeirra var um viðhaldskostnaðinn á flutningabrautinni austur fyrir fjall, sem þm. Árn. og Rang. vilja létta af sýslunum og leggja á landsjóð.

Hitt frv. er á þskj. 49 og er um breyting á vegarstefnu vestur í Dölum og nýja flutningabraut þar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála. Eg skal nú í fáum orðum skýra frá skoðunum meiri hlutans í þessu máli. Það er mikilsvarðandi mál, á hverjum viðhaldsskylda veganna eigi að hvíla, hvort heldur landssjóði eða sýslunum. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að réttast sé að taka upp þá reglu, að landið kosti viðhaldið á þeim vegum, sem eru samgönguæðar milli landshluta og héraða, en viðhaldskostnaður hvíli á sýslunum á þeim einum vegum, sem aðeins eru innan héraða flutningabrautir, svo sem er um veginn milli Hauga og Kláffoss í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Slíkum köflum er sjálfsagt að sýslurnar haldi við á eigin kostnað, enda þótt þeir í upphafi sé lagðir sem flutningabrautir á landssjóðskostnað. En hina vill nefndin að farið sé með eins og fjallvegi. En vegna þess að frv. háttv. þm. Árn. var aðeins bundið við einn veg, þótti meiri hl. nefndarinnar rétt að taka upp í frv. alla aðra vegi, sem fullgjörðir eru og sama máli gegnir um. Þessvegna hefir hún tekið upp vegina frá Borgarnesi til Stykkishólms og eins Fagradalsbrautina, sem öll er fjallvegur.

Eg þarf ekki að vera margorður um þessa stefnu nefndarinnar. Málið liggur svo ljóst fyrir. Það er ekkert annað um að ræða en það, hvort menn segja já eða nei við þessari stefnu. Að þessu lúta brt. meiri hl.

Eg gat við 1. umr. um málaleitun Dalamanna viðvíkjandi veginum frá Búðardal til Borðeyrar.

Þetta er þeim mikið áhugamál, ekki aðeins vegna þess, að samgöngur eru þar talsverðar, heldur aðallega af því, að þeir búast við að verða að kaupa sér sérstakan bát til flutninga frá Rvík, af því að strandferðaskipin muni eigi koma þar nægilega oft. Strandferðaskipin nægja þeim ekki, ef svo fer sem víst má telja, vegna þess hve sjaldan þau koma við á þessum stöðum. Þeir búast við að komast með þessu lagi betur í samband við Húnaflóabátinn með Breiðafjarðarbátinn og ferðirnar verði mun ódýrari, einkum ef ísar eru fyrir Norðurlandi. Frá þessu er í stuttu máli skýrt í nefndarálitinu. Móti þessu verður ekki komið fram með annað en spádóma um, að það muni vera rangt skoðað, en vegna þess, að eg býst við, að þessir spámenn hljóti að vera ókunnugri málinu en Dalamenn sjálfir, þá vænti eg, að þingið taki ekki tillit til þeirra. Eg hygg, að þeir menn sé betri spámenn, sem þekkja sínar eigin þarfir, en hinir, sem ekki hafa á öðru að byggja en hugmyndum, sem þeir búa sér til út í loftið.

Viðvíkjandi breytingum á vegarstefnunni í Dölunum þarf eg ekki að vera margorður, því að málinu fylgja ítarleg skjöl, bæði frá sýslunefnd, verkfræðingi og stjórnarráði. Eg skal geta þess, að nefndin var öll sammála um, að þetta mætti svona vera og líka, að bezt færi á því, sem verkfræðingur segir um þetta atriði, bæði um orðalag og annað. Þess vegna hefir nefndin slept því að halda í frv. öllum örnefnum, sem eg hafði haft í frv. upprunalega. Og hún vill að póstleiðin liggi framvegis um Hjarðarholt sem hingað til. Þótt frv. væri samþykt eins og það nú liggur fyrir, þá verður í öllu farið eftir fylgiskjölunum.

Eg skal svo ekki orðlengja um þetta meira. Þetta er einfalt mál, og um brautina er óþarft að deila, vegna þess, að það er fullkomin nauðsyn, að hún komist á. Það er heldur ekki farið fram á nein fjárútlát fyrir landssjóðs hönd, heldur bara beiðst þess eins, að þessi vegur verði tekinn upp í tölu flutningabrautanna. Eg fæ því ekki skilið, að nokkrum þeim geti verið það áhugamál, að vera þessari sýslu svo til meins, að þessi viðskifta-æð komist ekki á.

Matthías Ólafsson: Eg ætla aðeins stuttlega að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Eg býst við, að eg verði á móti frv. Það stendur svo á, að það er ekki nema örstuttur tími síðan að vér samþyktum hér á þinginu lög, sem heimiluðu stjórninni að stöðva útborganir og óútborguð lán úr landssjóði. Eg bjóst því við, að háttvirtir flutningsmenn mundu taka þetta frumv. aftur. *(Bjarni Jónsson:* Það má stöðva þessar útborganir líka). Þá álít eg það allsendis óþarft að vera að hleypa öðrum eins málum af stokkunum. Annars sé eg ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekara. Eg er á móti þessu frv. af þessari einu ástæðu, sem eg nú hefi greint. Hvernig, sem eg annars kynni að hafa litið á málið, þá verð eg að greiða atkvæði á móti því, eins og sakir standa nú.

Framsögumaður minni hl. (Guðmundur Hannesson): Eg veit ekki, hvað háttvirtir þingmenn hafa komist yfir á þessum ófriðartímum — hvort þeir hafa lesið álit minni hluta nefndarinnar. Ef þeir hafa komist til þess, þarf eg ekki að fara langt út í þetta mál, vegna þess, að eg hefi gert

grein fyrir skoðun minni í nefndarálitinu. Eg skal þó geta þess, að eg hefi slept þar mörgu, sem ástæða var til að drepa á. Þannig hefi eg reynt að telja saman það fé, sem runnið hefir úr landssjóði, til vega í Árnes- og Rangárvallasýslu. Það er ekki smávægileg upphæð — nemur hátt upp í hálfa miljón. Eg hefi slept þessu og fleira, til þess að nefndarálitið yrði ekki of langt.

Viðvíkjandi Búðardalsbrautinni, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) aðallega talaði um, skal eg geta þess, að eg veit ekki betur, en að gert sé ráð fyrir, þegar strandferðabátar vorir taka til starfa, að Húnaflóabáturinn, ef honum skal það nafn gefa, hverfi úr sögunni. Það eru því lítil líkindi til, að ferðamenn og flutningar fari þessa leið, sem vakir fyrir háttv. þm. Dal. (B. J.). Ærið varasamt fyrir Dalamenn að treysta því. — Eg get því ekki trúað öðru, en að Dalamönnum sé gerður greiði, ef þeim væri sýnt fram á, að það væri þeim óheppilegt, að vera að kaupa stóran bát til flutninga. Það er bæði mikill kostnaður í byrjun og reksturinn dýr. Eg fullyrði auðvitað ekkert um þetta, en hitt get eg sagt háttv. þm. (B. J.) að hag Húnvetninga í þessu efni má alveg sleppa, að fráskildum Hrútfirðingum.

Þegar talað var um það á þingmálafundum í Húnavatnssýslu, hvernig menn bezt gæti séð sér farborða með matvöru, vóru allir á eitt sáttir um það, að ekki væri í þeim efnum neinum ferðum fulltreystandi, heldur því einu, að afla sér nægs forða að haustinu í kauptúnunum eða á heimilum manna. Það tíðkaðist í minni barnæsku og hefir altaf þótt búmannlegt. Hér er um langar ferðir að tala, og ekki verður að því hlaupið að afla sér vöru, er illa árar og hestar eru lítt færir til langferða.

Þótt leiðin til Búðardals sé allmiklu styttri en suður í Borgarnes, þá er ætíð torvelt að sækja þungavöru þangað í harðindum.

Pétur Jónsson: Eg þarf ekki að tala langt mál, vegna þess, hve álit minni hl. nefndarinnar er rækilegt, og því er eg svo hjartanlega samþykkur. Það er aðeins vegna þess, að eg er ekki viss um, að menn hafi gefið nefndarálitinu nægilegan gaum, að eg stend upp til þess að leggja nokkur orð í belg, skoðunum minni hl. til styrkingar. Eg sæ ekki betur séð, en að stefna meiri hlutans sé sú, að nema burtu alla ábyrgð sýslnanna á viðhaldi vega þeirra, sem bygðir eru á landssjóðs kostnað, hvort sem það eru flutningabrautir eða akfærir þjóðvegir. En hvað þýðir það? Eg sé ekki betur, ef tillögur meiri hl. verða samþyktar, en að flestir eða allir þeir vegir, sem nú hvíla á héruðum að því er viðhaldskostnað snertir, lendi á landssjóði. Og það þýðir ekki meira né minna en það, að meginið af því vegafé, sem veitt er árlega, gengur til viðhalds veganna, eins og minni hl. sýnir svo glögglega. Þeir vegir, sem ákveðnir eru í vegalögunum og ekki eru þegar gerðir verða að bíða, hver veit hve lengi. Þannig kemur þetta »réttlæti« niður á þeim, sem beðið hafa í 20 ár eftir þeim vegum, sem þá vóru teknir í vegalögin.

Að þessu leyti er tillaga háttv. þm. Dal. (B. J.) og nefndarinnar, um að taka veginn milli Dalasýslu og Strandasýslu í tölu þjóðvega, ekki til þess að íþyngja landssjóði. Hún yrði til þess að koma því til leiðar, að vegurinn yrði aldrei lagður, vegna þess hve aftarlega hann stæði í röð landssjóðsvega, og alt vegafé gengi til annars.

Það hefir verið reynsla margra héraða, sem hafa haft fyrirheit um þjóð-

vegi í vegalögunum, að þau hafa orðið að bíða. Margir slíkir vegir bíða enn þann dag í dag án þess að nokkur skifti sér af því.

Nei, hún þýðir meira en þetta, þessi breyting, að kippa burtu frumtakinu úr vegalögunum, hún þýðir það, að kipt verður burtu frumtakinu úr ýmsum öðrum lögum, og að gersamleg umbylting verður gerð á því skipulagi, sem þing og stjórn hafa verið að byggja upp í mörg ár, því skipulagi, sem er eina fasta undirstaðan undir fjármálum vorum og eina tryggingin fyrir því, að vér getum haldið þeim á farsællegum grundvelli. Þessu skipulagi, sem svo langan tíma og mikla erfiðismuni hefir þurft til að koma á, og bygt er bæði á sanngirni og virðingu fyrir því, sem þingið hefir áður gert, má ekki kippa burtu á einu þingi.

Hver mundi afleiðingin verða, ef þetta væri gert? Hvernig færi um símana? Öllum héraðsstyrk til byggingar og starfrækslu þeirra síma, sem landssjóður hefir lagt, mundi verða kipt í burtu og alt saman lenda á landssjóði. Það hefir verið nóg viðleitni hér á þinginu í þá átt, og ef menn geta ekki staðið af sér þá áleitni í vegamálunum, þá er ólíklegt, að mönnum gangi það betur í símamálunum.

Eins færi um sýsluvegina. Þess mundi ekki langt að bíða, að allir sýsluvegir yrði gerðir að landssjóðsvegum. Krafan um það liggur í loftinu eins og reynslan hefir sýnt, og brautin er lögð fyrir þá inn í landssjóðinn.

Þá er alþýðufræðslan: hvernig færi um hana? Henni mundi verða dembt allri, eins og hún legði sig, beinlínis á landssjóðinn. Og það væri ekki nema eðlilegt, því að það væri í fullkomnu samræmi við hitt. Menn hafa það hvort sem er einhvernveginn á meðvitundinni, að léttara sé að borga fé í landssjóðinn og láta síðan taka það þaðan og verja því til almennra þarfa, heldur en að borga sömu upphæðina og í sama augnamiði í nokkurn annan sjóð.

Og þegar þessu hefir nú verið komið í kring, að allir vegir, símar og alþýðuskólar eru komnir á landssjóðinn, þá þarf hver að ota sínum tota, því að enn hafa ekki allir nægilega vegi, síma né skóla. Þá koma kröfurnar úr öllum áttum um veg þar, síma hér, skóla þar o. s. frv., því að engum finst sér framar bundinn baggi með slíku, úr því að landssjóður á að standast allan kostnaðinn. Þá verður samkepni milli héraðanna og þar af leiðandi milli þingmanna. Alt þingið verður tóm samkepni og ef ekki það, þá tóm hrossakaup. Hér á dögunum var felt fjáraukalagafrumvarp af þeim ástæðum, að sagt var, að menn þyrði ekki að hleypa ástríðum þingmanna út á þann vígvöll, sem þetta litla fjáraukalagafrumvarp haslaði þeim. Menn óttuðust hrossakaupin. Eg hefi þá álit þeirra háttv. þingmanna, er þetta gerðu, fyrir mér í því, að hér geti verið hætt við hrossakaupum í stórum stíl.

Og eg get að nokkru leyti skrifað undir þetta með þeim, að minsta kosti er eg viss um, að svo verður, ef kipt verður burtu úr helztu lögunum þeim vörnum fyrir flóði fjárbónanna á þinginu, sem bezt hafa dugað hingað til.

Þá skil eg ekki, hvaða taum þingm. geta haft á ástríðum sínum í þessu efni þegar ekkert ákveðið »princip« er til að miða við. Þá er hætt við að þingið verði ekki lengur þing, heldur brallstöð, þar sem hver reynir að bjarga sér og sínu kjördæmi eins og bezt gengur.

Eg vil benda á það í þessu sambandi, að þessi viðhaldsskylda, eða með öðrum orðum það, að héruðin standi straum af vegum sínum, er ekkert sérstakt fyrir oss hér. Í því efni er hægast að líta til þess

landsins, sem næst oss er, til Noregs. Þar hvílir bæði lagningarkostnaður og viðhaldið á öllum bygðavegum á héruðunum. Ríkissjóður leggur einungis mismunandi hátt tillag eftir atvikum til þess að leggja bygðavegina, en hann leggur ekkert til viðhalds þeirra. Það eru að eins vegir á milli bygða, sem ríkissjóður kostar að öllu leyti. Eg hefi heyrt fullyrt, að þetta skipulag, sem líklega er meira en 50 ára gamalt, hafi kipt í lag öllu því ólagi, sem var þar á vegamálunum áður, eða með öðrum orðum, að það hafi skapað vegakerfi Noregs. Eg hygg því, að oss mundi vera hollast að taka tillit til þessarar reynslu Norðmanna, ef vér getum ekki tekið tillit til þess, sem í hlutarins eðli liggur.

Eg hefi talað þetta til þess að það sjáist, hvað fyrir mér hefir vakað í vegamálunum frá því fyrsta. Get eg að öðru leyti skírskotað til þess, sem eg hefi áður sagt hér á þinginu bæði í ræðum og nefndarálitum.

Eg vona, að eg standi ekki einn uppi með þetta, en fari svo, að þeir, sem sömu skoðun halda fram og eg í þessu máli, verði í minni hluta nú og framvegis, *þá er landið áreiðanlega í hershöndum.*

Þórarinn Benediktsson: Nefndin, sem kosin var til þess að íhuga frv. á þskj. 37 og 49, hefir klofnað eins og menn vita og gefið út tvö nefndarálit, en auk þess hefi eg skrifað undir nefndarálit meiri hl. með fyrirvara. Annars vóru margir meiri og minni hlutar í nefndinni eins og nefndarálitið sýnir.

Mér getur ekki annað fundist, en að talsvert mikil sanngirni mæli með því, að landið sjái um viðhaldið á þeim vegum, sem eru aðalflutningaæðar landsmanna. En hins vegar játa eg fúslega, að viðhaldið sé að ýmsu leyti betur komið í höndum héraðanna.

Eg skal ekki deila um, hvor aðferðin er heppilegri, báðar hafa sem sagt mikið til síns máls. En eg vildi að eins kasta fram þeirri spurningu í þessu sambandi, hvar sýslusjóðunum sé ætlað að taka alt það fé, sem þarf til að halda þeim vegum við, sem þeim er ætlað eftir vegalögunum. Í áliti háttv. minni hl. er niðurstaðan sú, að viðhaldskostnaðurinn, sem komi til að hvíla á héruðunum, muni nema alt að 100 þús. kr. á ári, þegar vegirnir eru komnir í það horf, sem vegalögin frá 1907 gera ráð fyrir. Það er engin smávegis upphæð fyrir vor fátæku sýslufélög, og mér er ekki ljóst, hvernig þau eiga að fá risið undir því. Og býst eg þó ekki við, að þessi fjárhæð sé of hátt áætluð, miklu fremur hið gagnstæða. Því er heldur ekki að heilsa, að þetta sé það eina, sem sýslufélögin þurfi að leggja til vega, þau hafa líka sýsluvegina á sinni könnu og alt viðhaldið á þeim; nemur það stórfé, sem til þeirra þarfa gengur.

Þetta er enn tilfinnanlegra fyrir þá sök, að sýslusjóðirnir hafa engar fastar tekjur. Þeir verða að nurla saman tekjum sínum með niðurjöfnun, eftir meingölluðum mælikvarða, sem er orðinn langt á eftir tímanum. Að vísu hafa þeir lítilsháttar tillag til sýsluvega, sem er svo lítið, að það nægir ekki til þarfa sýsluveganna. Eg sé því ekki betur, en að þingið hafi gleymt því á sínum tíma, þegar það dembdi öllu þessu vegaviðhaldi á sýslusjóðina, að þeir þurfa að hafa tekjur til að standast slík útgjöld. Eg minnist þess ekki, að nokkur tilraun hafi verið gerð í þá átt að afla sýslusjóðunum fastra tekna til þess að standast þessi útgjöld og önnur, sem hefir verið hrúgað á þá nú að undanförnu.

Eg sé ekki, að um annað en tvent sé að velja í þessu máli, ef ekki á að stýra út í ófærur, annaðhvort að sýslusjóðunum verði aflað meiri tekna til þess að

þeir geti staðist útgjöldin, sem af þessu leiðir, eða að létt verði af þeim viðhaldinu á aðalflutningabrautunum og þjóðvegunum. Eins og eg tók fram áðan, þá játa eg fúslega, að eg felli mig að mörgu leyti betur við, að viðhaldið sé kostað af héruðunum, en sem sagt, eg sé ekki, að það sé fært, nema eitthvað verði gert í hina áttina, sem eg nefndi.

Að því er snertir einstaka liði þessa máls, þá skal eg ekki fjölyrða um þá. Eg býst við, að hlutaðeigandi flutningsmenn mæli hver með sínu héraði.

Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 223 1. lið, skal eg geta þess, að svo framarlega, sem landsjóður á að taka að sér viðhaldið á nokkurri flutningabraut, þá álít eg, að Fagradalsbrautin eigi að standa þar með þeim fyrstu, ef ekki fremst allra brauta. Fagradalsvegurinn liggur einvörðungu um óbygðir, og eins og allir vita, er mikill munur á að halda slíkum vegum við og þeim vegum, sem innan héraðs liggja og jafnframt er til ómetanlegs gagns fyrir samgöngur innanhéraðs. Sýnist meiri ástæða til að héruðin kosti viðhald þeirra að einhverju leyti. Eg verð þess vegna að halda því fram, að svo framarlega, sem nokkur breyting verður hér gerð, þá eigi þessi breyting skilið að verða með þeim fyrstu.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið, en sýna með atkvæði mínu, hvernig eg lít á einstaka liði þess, hvern um sig.

Eggert Pálsson: Mig furðar ekki þó að álit meiri hl. nefndarinnar verði fyrir mótmælum úr ýmsum áttum. T. d. kom mér það ekki á óvart, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) lítur þannig á málið, sem hann gerir, því að hann hefir ávalt borið fyrir brjósti það »princip« sem vegalögin byggjast á. En hitt kom mér alveg á óvart, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) skyldi nota ófriðarhættuna í Norðurálfunni til mótmæla gegn þessum breytingum, er vér stingum upp á. Mér er ekki ljóst að þetta frumv. standi í nokkru sambandi við ófriðinn. En ef vér megum ekki gera lítilsháttar breytingar á vegalögunum, vegna þessarar ófriðarhættu, þá finst mér eins gott að leggja algerlega árar í bát og hætta hér öllum störfum. Útgjöldin, sem af þessu leiða, koma tæplega til útborgunar meðan á styrjöldinni stendur, þó að svo færi, að eitthvað yrði úr henni. Og líka er hægðarleikur að ákveða, að lögin skuli ekki ganga í gildi fyrr en Norðurálfuófriðurinn er afstaðinn.

Úr því að eg stóð upp á annað borð, skal eg gera lítilsháttar grein fyrir skoðun minni á þessu máli.

Hvað snertir frumv. eins og það kom frá okkur flutningsmönnunum, þá gerði eg nokkra grein fyrir ástæðum þeim er eg og við flutningsmenn þóttumst hafa fyrir því um leið og það var lagt fram. Vona eg, að það standi því glögt fyrir mönnum, hversvegna frv. er framkomið. Það, sem aðallega vakti fyrir mér var sú staðreynd, sem og viðurkenning frá landsverkfræðingnum og öðrum fyrir því, að vegirnir fyrir austan hefði verið svo illa gerðir í upphafi, að viðhaldið væri óeðlilega dýrt. Ef þeir hefði verið vel gerðir upphaflega mundi viðhaldið ekki kosta nú nándar nærri eins mikið og það gjörir. Þetta, að vegirnir vóru mjög illa gerðir í byrjun eða í illu ásigkomulagi þegar þeir vóru afhentir, er það sem skapar mesta óánægjuna í Árnes- og Rangárvallasýslum, og fyrir það finst sýslubúum, að þeir eigi skilið að fá einhverjar bætur á einn eður annan hátt.

Það hefir verið sagt, að mikið fé hafi farið í þessa vegi í Árnes- og Rangárvallasýslum. Það er auðvitað hverju

orði sannara, en þó gerir ýmislegt það að verkum, að það fé getur ekki talist að hafa verið óeðlilega mikið. Í fyrsta lagi það, að staðhættir sýslnanna eru þannig, að það gefur þeim rétt til mikils fjár til samgangna. Þær hafa ekki aðgang að neinni höfn austanfjalls svo teljandi sé, og þar af leiðandi hafa þær hverfandi lítið gagn af sjávarsamgöngum landsins. Þá má telja það, að þessar sýslur eru mjög þéttbygðar og mega teljast hjarta landsins, að því er landbúnaðinn snertir. Fyrir því borga sýslurnar tiltölulega mjög mikið í landsjóðinn, þó að ekki sé unt að benda á það í hagskýrslunum, sem beint gjald frá þeim. Peningarnir frá þeim fara sem sé krókaveginn, ýmist um Vestmannaeyjar eða Reykjavík og eru þá einatt reiknaðir tekjumeginn hjá þessum stöðum. Ef 10 þús. manns eða þar yfir, er í þessum tveimur sýslum, þá liggur það beint í augum uppi, að það sé ekki svo lítill hluti af tolltekjum landsins, sem frá þeim kemur, því að tollskyldar vörur þurfa þessar 10 þús. manna vitanlega að brúka, svona líkt og aðrir, þótt það kosti þá meira en aðra að afla sér þeirra eða draga þá að sér. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að þessar sýslur fái allríflegt tillag til vega sinna, og að landsjóður meira að segja taki að sér viðhaldið á þessum vegarkafla, einkum þegar tillit er tekið til hinnar illu eða óvönduðu gerðar hans í upphafi, og að það er aðallega fyrir þess sakir, að viðhaldið er svo dýrt, að sýslurnar rísa ekki undir því.

Það var rétt, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) tók fram, að þingið hefir aldrei hugsað neitt um að gera sýslusjóðunum mögulegt að standast þau útgjöld, sem á þá hefir verið hrúgað þing eftir þing. Það er einungis ætlast til, að þeir knýi alt út með niðurjöfnun, en þau gjöld eru nú orðin svo vandræðalega há, að ekkert útlit er fyrir, að menn geti risið undir þeim til lengdar.

Þessi orð mín skal eg nú láta nægja, að því er snertir frumv. okkar, en líta að eins stuttlega á aðrar breytingar sem fram á er farið.

Mér virðist vera mjög líkt á komið með Stykkishólmsveginum og veginum fyrir austan, þó að eg reyndar viti ekki, hvort sá vegur hefir verið eins illa gerður í upphafi sem hann. En hvað sem því líður, þá finst mér engin sanngirni mæla með því að skella öllum viðhaldskostnaðinum á þessi tvö fátæku sýslufélög, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslur, og það því síður sem not vegarins hljóta að vera, hvað Snæfellsnessýslu snertir, fremur lítil.

Eg hefi altaf álitið, að fylsta sanngirni mælti með því, að landsjóður hefði á hendi viðhaldið á Fagradalsbrautinni.

Eins og háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) upplýsti, liggur sú braut um óbygðir, og samkvæmt þeirri reglu, að landsjóður eigi að kosta viðhaldið á fjallvegum, ber honum viðhald þessarar brautar. Þetta hefir líka í rauninni verið viðurkent af þinginu, með því að það hefir ákveðið að landsjóður kostaði $^1/_3$ viðhaldsins. Ef þinginu hefði ekki fundist nein sanngirni mæla með þessu, þá hefði það ekki átt að ákveða, að landsjóður tæki neinn þátt í viðhaldskostnaðinum á þessum vegi fremur en á öðrum. En þingið hefir nú einmitt litið svo á, að landsjóði bæri í raun og veru að bera allan kostnaðinn af viðhaldi þessarar brautar, en aðeins heimtað að Múlasýslur legði til $^2/_3$ hluta hans til þess að ná í fé frá þeim, en ekki af því, að það áliti, að fult réttlæti væri fólgið í því.

Hvað það snertir, að vegur frá Búðardal í Hvammsfirði til Borðeyrar verði gjörður að flutningabraut, þá skal eg taka það fram, að eg tel mjög líklegt að sá

vegur mundi koma til að hafa mjög mikilvæga þýðingu í framtíðinni. Það sjá allir, ef þeir líta á landkortið, að yfir haftið, sem skilur Vestfirði frá meginlandinu, mundi verða sá styzti landvegur, sem um er að gera milli Suður- og Norðurlands. Ef þessvegna að því ræki, að koma þyrfti vörum héðan að sunnan og norður, er að gæti borið, þá er hafþök leggjast fyrir Norðurland, þá myndi verða margfalt ódýrara að flytja þær þar yfir landið, en að flytja þær landveg alla leið frá Borgarnesi. Það var þetta, sem fyrir mér vakti, er eg gekk inn á þessa breytingu. Hvað það hefir mikla þýðingu, hvort landvegir eru stuttir eða langir, vita þeir bezt, sem lengi hafa átt að búa við það, að flytja nauðsynjar sínar langar landleiðir.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en læt þetta nægja að sinni.

Framsögum. meiri hlutans (Bjarni Jónsson): Mér þykir það eiginlega hálfleiðinlegt að þurfa að ræða þetta mál lengi. En maður getur varla varist því að tala nokkuð lengi, þegar hinir, sem í móti mæla halda svona langar ræður.

Eg skal byrja þessa ræðu mína með því, að þvo mínar hendur. Þetta langa nefndarálit minni hlutans, sem á að verja þessi »frumtök og princip« í vegalögunum er ekkert nema lengdin. Eg gæti því með góðri samvizku slept að tala nokkuð um það. Það eru að eins spádómar út í loftið og fimbulfamb.

Þar sem háttv. framsögumaður minni hlutans sagði, að nú væri ákveðið, að enginn flóabátur yrði hafður á Húnaflóa, þá get eg sagt honum þau tíðindi, að framtíð Húnvetninga og Dalamanna er ekki ákveðin með tillögum samgöngumálaráðuneytisins. Vér vitum það Dalamenn, að það líða ekki mörg ár þangað til að menn almennt sjá það, að það verður ódýrasti flutningurinn með vörur milli Suðurlands og Norðurlands, að fara með þær héðan og inn í Hvammsfjarðarbotn og flytja þær svo eftir flutningarbraut þaðan yfir til Borðeyrar. Þá sjá þeir það Húnvetningar, að núverandi háttv. 1. þingm. þeirra hefir ekki gert þeim gagn með tillögum sínum.

Sami háttv. þingmaður hélt því fram, að Húnvetningar hefði ekkert gagn af þessum umræddu vegi. Eg veit ekki, hver hefir gagn af slíkri braut, ef þeir hafa það ekki. Ætli þeim þætti ekki munur á vegalengd milli Borðeyrar og Hvammsfjarðar eða milli Borðeyrar og Borgarness, þegar þeir eru að fara með horbikkjur sínar á vorin í ófærð suður yfir Holtavörðuheiði. Meðan að auður sjór er meðfram landi, er hægt að flytja allar vörur sjóleið frá Borðeyri til allra hafna í Húnavatnssýslu. Það eru því Húnvetningar, sem hefði aðalgagnið af þessari braut, ef hún kæmist á, og miklu meira gagn en Dalamenn geta af henni haft.

Það er kynlegt, að ekki skuli allir sjá, að svo er sem náttúran hafi gert þenna veg, sem háttv. minni hluti vill fyrir hvern mun fá komið fyrir kattarnef. Það, sem háttv. minni hluti ætlar að setja í staðinn fyrir þenna veg, er Borgarnessvegurinn, vegur, sem yrði miklu meira en helmingi dýrari, því að til þess að leggja hann þyrfti meðal annars að naga sundur allan Kattarhrygginn hjá Sveinatungu og brúa allar torfærur þaðan fram á heiðina, og þær eru margar.

Svo er líka þess að gæta, að Laxárdalsheiði er afarsnjólétt, en á Holtavörðuheiði er mjög snjóþungt. Það yrði því miklu meiri not að veginum frá Borðeyri til Hvammsfjarðar, heldur en Borgarfjarðarveginum. Og innsiglingin inn á Hvammsfjörð er ólíkt betri en inn í Borgarnes. Alt þetta tal háttv.

minnihluta um þetta efni, er því, eins og allir geta séð, spádómur út í loftið og vitleysa.

Eg get ekki að því gert, þó að háttv. minnihluti hafi ekki heyrt talað um það, að Breiðfirðingar ætli að útvega sér bát til vöruflutninga á Breiðafirði. En þetta verður þó áreiðanlega.

Eg get nú látið útrætt um þetta atriði, og kem eg þá næst að háttv. þm. S.-Þing. (P.J.), sem eg ætti ef til vill heldur að kalla brallstöðvarstjóra Suður-Þingeyinga. Eg teldi það ekkert skaðlegt um þessi »frumtök« og »princip«, sem hann hefir komið inn í lögin, þótt þau yrði afnumin. Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji særa háttv. þingmann, því að okkur er heldur vel til vina. En eg veit, að hann finnur til föðurgleði af þessum dæmalausu »principum« sínum. Annars vildi eg að eins nefna það, þó að eg ætti ekki að fara að tala um fræðslulögin og »princip« þeirra í sambandi við vegalögin, að það væri þakklætisverk, ef þeir menn, sem fræðslulögin sömdu, hefði ekki verið að reisa þessi skólahús upp um allar sveitir — skólahús, sem standa auð allan veturinn —, en hefði lagt einhvern vegarspotta í staðinn. Menn hefði betur lagt steinana, sem skólahúsin eru bygð úr, í brúarspotta frá Búðardal til Borðeyrar.

Það kemur mér ekki við að svara því, sem sagt hefir verið um hrossakaup í sambandi við þessi lög og fjáraukalögin. Þó vildi eg geta þess, að mér finst undarlegur vegur liggja frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) til þeirrar athugasemdar, sem gerð var hér í deildinni, þegar heimildarlögin komu fram. *(Einar Arnórsson:* Það er ekki vegur, það er vegleysa). Ólagður vegur er það að vísu ekki, en hann er nokkuð dýr, því að hann er lagður úr hugsanavillum og hrærigraut. Það er ekki gott fyrir þá, sem alt af eru með »princip« og »frumtök« á vörunum að vera aldrei sjálfum sér samkvæmir, því að svo getur farið, að hvað reki sig á annað.

Eg sé engan annan grundvöll vegalaganna en þann, að nota neyð manna til að láta héruðin »blæða«, eins og var t. d. við lagning Fagradalsbrautarinnar. Þannig hefir þetta komið fram á brallstöðinni svokölluðu. Alveg eins er um símana; sum héruð þurfa að borga þá, sum fá þá óbeðið endurgjaldslaust. Allir símarnir og vegirnir eru þó borgaðir af héruðum landsins, því að hvaðan annarsstaðar að en þaðan koma landssjóði tekjur? Til þess að koma jöfnuði á þetta væri vel til fundið, ef þurfa þætti, að auka tekjur landssjóðs með nýjum skattalögum, og því væri eg miklu hlyntari, en að leggja viðhald veganna á héruðin.

Um það atriði, að útvega sýslunum nýjar tekjur, hefi eg engan heyrt neitt segja, nema verkfræðing landsins, auðvitað skynsamlega, sem við mátti búast af honum. En eg held, að það sé síður framkvæmanlegt heldur en hitt, að útvega landssjóði nýjar tekjur.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) hefir talað röggsamlega fyrir frumv., einkum það er tekur til vegarins austanfjalls; finst mér það sanngjarnt og alveg rétt hjá honum og öðrum, sem vilja að menn íhugi, hve hverfandi lítil not austursýslurnar hafa af strandferðunum. Auk þess játaði verkfræðingur landsins það á nefndarfundi, að hann vorkendi Rangæingum að hafa þurft að taka við jafnlélegum vegi sem Holtaveginum, sem er hálfur sokkinn, því að vatn flæðir yfir hann. Eg er ekki að segja, að nokkur eigi sök á þessu, en af þessu má sjá, hve óheppilegt er að afhenda slíka vegi. Það má alveg eins segja: Legðu veg þarna og haltu honum sjálf-

ur við. Þá væri beina skyldu um að ræða, en ekki látalæti, eins og vegalögin benda á.

Um hrossakaup skal eg ekkert segja, hvort átt hafi sér stað á þessu þingi, en ekki hafa þau verið í þessu máli og ekki fer eg í þau og mun aldrei fara.

Einar Arnórsson: Eg skal vera stuttorður. Það eru að eins nokkur atriði í áliti minnihluta nefndarinnar, sem eg vil minnast á.

Háttv. minnihluta er auðsjáanlega mikið kappsmál að koma frumv. fyrir kattarnef; í því skyni hefir hann samið mjög langt nefndarálit og þar málað upp og stækkað allar ástæður gegn því.

Minnihlutinn virðist hafa gert samanburð á veginum um Árness- og Rangárvallasýslur og Húnvetningabraut. Má vera, að ekki sé mikill munur þessarra vega að lengd; það atriði hefi eg ekki rannsakað, og veit því ekki um það. En aðalatriðið er ekki þetta, vegalengdin, heldur hverjum vegirnir komi að mestu haldi, og á hverja þeir leggist þyngst, vegna notkunar. Þótt nú Húnvetningabraut sé jafnlöng sem vegur sá, er ræðir um í þessu frv., þá er viðhaldið hér miklu meira, af því að umferðin hér er svo margfalt meiri en nyrðra. Um Húnvetningabraut fara aðallega Húnvetningar og svo einhver lítilsháttar strjálingur af fólki, austan og vestan Húnavatnssýslu. Á þessum slóðum nota menn fremur innfjarðabátana en landveginn. Þessu víkur alt öðruvís við sunnanlands. Þótt þar eigi að heita strandferðamynd, þá er þeirra mjög lítil not, ef til vill lítilsháttar til vöruflutninga, en alls engi fyrir ferðamenn. Þessu veldur hafnleysið. Hér er svo brimasamt, að menn geta átt það á hættu að komast alls eigi í land, ef menn fara hér með strandferðabátunum; þess vegna ferðast menn yfirleitt landveg hér. — Þetta atriði hefði háttv. minni hl. átt að athuga og benda á í margföldun og deilingu sinni í nefndarálitinu.

Í járnbrautarmálinu á síðasta þingi komu fram nokkurnveginn ábyggilegar skýrslur um ferðamannafjölda um veginn austan fjalls. Það eina ár, sem talið var, munu hafa farið um þenna veg 12—16 þús. manna. Eg skal ekki segja um það, hve mikil umferðin hefir verið í Húnavatnssýslu, en hygg, að eigi muni hún hafa numið nema örlitlum hluta þessarar tölu. Á sama tíma fóru um veginn eystra hátt á 4. þús. vagna.

Þessi samanburður háttv. minni hl. er því gjörsamlega villandi og öllu snúið við.

Minni hl. er svo lævís, liggur mér við að segja, að taka líka Borgarfjarðarbrautina til samanburðar og segir, að um hana neðantil fari allir Norðlendingar á leið norður og suður. Þetta getur þó að eins náð til þeirra, sem landveg fara; en hve margir eru þeir? Eg ætla, að flestallir noti strandferðirnar á leið norður og suður í land, en fari ekki landveg.

Það er ekki heldur nákvæmt hjá háttv. minna hl., er hann segir, að þessum sýslum, Árness- og Rangárvallasýslum, beri að eins að tiltölu 6—7 þús. kr. af fé því, sem varið er til skipaferða. Eg efast ekki um, að ef talið væri saman alt fé bæði til reglulegra strandferða, styrkur til skipaferða og innanfjarðabáta, þá mundi upphæðin verða hærri. En þetta skiftir ekki máli, því að vegirnir eystra mundu ekki verða minna notaðir fyrir það.

Enn segir háttv. minni hl. að bifreiðir spilli ekki vegum; þar um skal eg ekkert segja, en vel má vera, að þær spilli vegum; engin reynsla er fengin um það.

Ennfremur kemur háttv. minni hl. með þá ástæðu, að ef sveitirnar rísa

ekki undir viðhaldi veganna, þá geri landssjóður það ekki heldur, og ef viðhaldið verður ofþungt, þá sé vitleysa að leggja vegina.

Eg held nú ekki að það sé vitleysa. En ef svo er, eiga þá sýslurnar um tíma og eilífð að bera byrðarnar af vitleysum þeim, sem löggjafarvaldið óbeðið hefir lagt á herðar þeim?

Annars sé eg ekki mjög mikinn mun á því, hvort gjaldið er tekið beint úr vösum sýslubúa eða úr landssjóði, en þó kemur það réttlátlegar niður, ef það er tekið úr landssjóði, að minsta kosti fyrir sum héruð landsins, eins og austursýslurnar.

Háttv. minni hl. telur, að viðhaldið muni verða dýrara landssjóði heldur en héruðunum. Það má vera. En viðhaldið verður þá betra, því að þá hefir landsverkfræðingurinn umsjón með því, en fátæk sýslufélög reyna að komast út af því á sem léttastan hátt, sérstaklega þar sem þessi kvöð er ranglega á þau lögð. Það getur líka verið, að kaupgjald sé hærra, ef landssjóður sér um viðhaldið. Í því liggur þá, að sýslubúar tapi á því að vinna verkið fyrir lægra verð. Þeir gera það þá í guðs þakka skyni, og skal eg ekki segja um, hvað unnið er við það.

Ekki veit eg um, hvernig vegirnir hafa verið, er þeir vóru afhentir í byrjun, en til er álit landsverkfræðingsins um það, að Holtavegurinn hafi verið mjög lélegur, og slíkt hið sama nokkur hluti Flóavegarins. Minni hlutinn dregur af því ályktun, að ekki sé sýnt, að þessir vegir hafi verið afhentir í lakara ástandi en aðrir vegir. Um það vantar allar skýrslur. En um Holtaveginn og Flóaveginn sést það svart á hvítu, að þeim var mjög ábótavant þegar afhending fór fram.

Sigurður Sigurðsson: Það er alger misskilningur hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að setja þetta frv. í samband við Norðurálfuófriðinn. Þessi frv. leggja ekki landssjóði neinar byrðar á herðar á þessu ári. Framkvæmd þeirra kæmi ekki til fyrr en á næsta ári, og vona eg, að þá verði ófriðurinn úti, ef nokkuð verður annars úr honum. Að þessu leyti er því algerlega villandi að setja frv. í samband við Norðurálfustyrjöldina.

Verkfræðingur landsins, Jón Þorláksson, kom á fund nefndarinnar, eftir ósk hennar. Eins og við mátti búast af honum, vildi hann sem minstar breytingar gera á vegalögunum, og félst því ekki á till. meiri hl. nefndarinnar. En það kannaðist hann við, að Holtavegurinn hafi verið illa gerður. Flóaveginn taldi hann betur gerðan, nema lítinn spotta.

Um þetta er eg ekki sammála verkfræðingnum. Meginhluti Flóavegarins var miður vel gerður. Það var aðeins austasti hluti hans, sem var vel frá gengið. En þegar vegurinn var afhentur sýslunni, var hann í illu standi.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir altaf borið grundvöll vegalaganna mjög fyrir brjóstinu. En eg vil benda honum á það, að það er ekki að breyta grundvelli vegalaganna, og í raun og veru er grundvellinum ekki haggað, þótt lagaðar sé auðsæar misfellur á lögunum. Það hefir verið margtekið fram, að það eru hreinustu mistök og ranglæti að kasta upp á sýslurnar viðhaldi þessarra vega. Það var og er vanskapnaður á vegalaga-»principinu«.

Alveg eins er ástatt um Fagradalsbrautina og Stykkishólmsbrautina, að þær eru minna notaðar af héraðsbúum en öðrum, og auk þess er Fagradalsbrautin fjallvegur.

Eg þarf litlu að svara hv. 1. þm. Húnv. (G. H.), það hefir háttv. samþingismaður minn gert. En þar sem háttv. þm. (G. H.) er altaf að vitna í Húnvetningabrautina, sem er ólögð að mestu, þá er umferð um hana og austanveginn ekki sambærileg. Frá almennu sjónarmiði hlýtur viðhaldið að verða miklu meira á austanveginum en vegum nyrðra, sökum veðráttu, umferðar og rigninga. Þetta tvent, umferð og viðhald, ætti að styðja hvað annað. Það gefur að skilja, að þar sem mikil umferð er, þar þarf mikið viðhald.

Ennfremur segir sami háttv. þm. (G. H.), að það geti ýtt undir óviturlegar vegagerðir að kippa burt viðhaldsskyldunni af héruðunum. Óviturlegar vegagjörðir telur hann þær vegagerðir, sem ekki borga sig. Eg er nú sannfærður um, að Húnvetningabraut borgar sig aldrei. Annars er það mjög teygjanlegt hugtak þetta, hvort vegir borgi sig. Oftast er það óbeint en ekki beint, sem vegir borga sig. En hvar eiga nú þessar sýslur, sem á hvílir viðhald margra vega, að taka féð? Það var alveg rétt hjá hv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.), að héruðin hafa engu fé úr að spila til að taka að sér viðhald langra vegakafla. En til þess að sýslurnar örmagnist ekki undir viðhaldsbyrðinni verður að sjá þeim fyrir tekjustofni.

Guðmundur Hannesson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) spáði því einu sinni á dögunum, þegar andinn kom yfir hann hér í deildinni, að minni hlutinn myndi altaf hafa rétt fyrir sér. Hann hefir þá víst óráð fyrir vegalögunum. Nú hefir hann haldið langa ræðu út í loftið, sem var ólíku lengri en nefndarálit minni hlutans, og skal eg ekki lengi elta ólar við hann.

Húnaflóabáturinn hefir aldrei verið neinn, sem það nafn verði gefið, er ekki neinn og ekki líkur til þess, að hann verði neinn í næstu framtíð. Vélarbátaferðir til Ísafjarðar verða að litlu gagni, þegar ís liggur við Horn og teppir allar ferðir tímunum saman. Og þegar um það er að ræða, hvað eigi að koma í staðinn, þá hefi eg litla trú á Búðardal eða Borgarnesi. Það dugir ekki annað, en að sýslan eigi birgðir í sínum eigin kauptúnum, eða jafnvel heima á hverjum bæ.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) og fleiri hafa talað um það, að vegirnir hefði verið illa gerðir í upphafi, þegar þeir vóru afhentir sýslunum. Það var leitt, að hann hélt þessu ekki fram í nefndinni, þegar verkfræðingurinn var þar til viðtals. Flóabrautin var einmitt mjög vönduð, að litlum kafla undanteknum, (grýtt), en fæstar flutningabrautir eru grýttar. Holtavegurinn var lakari en hann er svo erfiðar viðureignar frá náttúrunnar hendi, að ekki var hægt að gera hann öðruvís úr garði en þetta. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði mikið úr því, hve vegaviðhald væri dýrt hér á Suðurlandi, og kvað nauðsyn að hjálpa mönnum til að bera það, helzt að landið gerði það. Það vakir fyrir honum, að nýr skattur yrði lagður á landsmenn til þess að halda við vegunum. Halda menn, að það væri sparnaðarvegur, að reyta þannig tekjur landssjóðs á dreif út um alt land, borga af þeim innheimtugjald og senda síðan menn héðan úr Reykjavík í allar áttir, til þess að leita uppi vegaspotta, sem úr sér væri gengnir og gera við þá. Skilur nokkur, að annað eins geti komið til mála? Eg held ekki.

Flest alt var rangt, sem sagt var um Húnvetningabrautina. Eg get sagt hv. þingmönnum, sem ekki vita það, að Húnvetningabrautin er enn ekki til nema stuttur spotti. Þjóðvegur liggur að vísu um sýsluna, en er miklu verri, en hann

hefir verið sagður hér. En næstu árin verður brautin lögð. Verður þá áframhaldandi akfær þjóðvegur eftir allri sýslunni í heild, alla leið vestur í Hrútafjörð. Eg hafði í nefndarálitinu miðað við það, að akvegur yrði úr Borgarnesi norður, enda er sjálfsagt, að akvegur sé gerður yfir þessa leið svo fljótt sem auðið er. Leið allra Norðlendinga lægi þá eftir þjóðvegi og akbraut Húnavatnssýslu, svo að þeir yrði fyrir meiri átroðningi af utanhéraðsmönnum á vegum sínum en nokkru sinni sveitirnar hér syðra.

Rétt var það alt, sem eg sagði um Borgarfjarðarbraut, og sömuleiðis það, sem eg sagði um strandferðirnar í nefndaráliti mínu. Það má ef til vill færa upphæðina upp í 10—15 þús. Vextirnir af því fé, sem gengið hefir til vega í Árnes- og Rangárvallasýslu umfram önnur héruð, nægja einnig til þess að vega móti þeirri upphæð!

Eg geri nú ráð fyrir því, að allir hv. þm. hafi gert sér það ljóst, hvað hér er um að ræða, en ef nokkur skyldi halda, að þetta nái ekki lengra en til tveggja eða þriggja vegaspotta, þá vil eg minna menn á það, áður en gengið er til atkvæða, að hér er að ræða um mesta stórmál, sem liggur fyrir þessu þingi, að því er fé snertir. Eg býst jafnvel ekki við, að styrjöldin baki landinu eins mikil fjárútlát, því að ef einu sinni er gengið út á þessa braut, þá verður ekki staðar numið. Til þess að halda við þessum eina vegarspotta í Árnessýslu, færi 3—4000 kr. á ári, og hvað yrði það á öllum flutningabrautum og þjóðvegum landsins? Það er auðsætt, að ef á að demba öllu viðhaldinu á landssjóð, þá verður þess skamt að bíða, að það hlaupi upp á 100 þús. krónur á ári, ef farið er eftir útreikningi landsverkfræðings, sem áætlar viðhaldið minst 50 krónur á kilómeter að meðaltali. Hér er að tala um að aðhafast eins dæmi, því að það tíðkast ekki mér vitanlega í nokkru af nágrannalöndunum, að demba viðhaldi allra þjóðvega á ríkissjóð. Það á að varpa burtu grundvelli vegalaganna, sem er í fullu samræmi við löggjöf annarra þjóða. Það var sagt af einhverjum, að bæði meiri og minni hl. hefði mikið til síns máls. Það virðist mér ekki. Meiri hlutinn hefir í þessu máli enga heilbrigða ástæðu til brunns að bera, nema þetta, að viðhaldið sé héruðunum dýrt, en það yrði þeim enn þá dýrara, ef á þau yrði að leggja aukinn skatt til landssjóðs til þess að borga þetta.

Eg vildi brýna þetta fyrir mönnum ennþá einu sinni, að það er ómögulegt að bera á móti því, hvernig sem það er teygt og togað, að hér er að ræða um stefnubreytingu, sem hefir stórkostleg útgjöld í för með sér fyrir landssjóð og þessi breyting er óhagsýn og ekki réttvís.

Björn Hallsson: Umræður eru orðnar langar, og gæti það verið næg ástæða fyrir mig til þess að falla frá orðinu, en mér verður varla brugðið um það, að eg teygi umræðurnar venjulega.

Þegar eg las bæði nefndarálitin, þá hafði eg strax mikla tilhneigingu til þess, að hallast að minni hlutanum. Það er talsvert athugavert, að skella viðhaldinu á öllum þessum brautum á landssjóð. Eg held eftirlit með viðhaldi veganna verði betra og ódýrara ef sýslurnar hafa viðhaldsskylduna, heldur en að eftirlitið sé framkvæmt eingöngu héðan úr Reykjavík. Ennfremur yrði vont að takmarka frekjulegar kröfur, sem koma myndi úr öllum áttum til þingsins, ef viðhaldsskyldunni væri dembt á landssjóð, því að þá yrði ekki um annað hugsað, en að heimta sem allra mesta vegagerð. En játa skal eg

það, að erfiður baggi er viðhaldið fyrir sýslurnar, þegar tekjurnar vantar til að standa straum af því. Eg hefði felt mig betur við það, að reynt hefði verið að leita að tekjustofnum handa sýslusjóðunum, það hefði verið hyggilegri og heppilegri leið. Það liggur nú ekki fyrir, og mér hefir ekki dottið í hug nein sérstök leið til þess, svo að eg skal ekki fara langt út í það, en um það ætti menn að hugsa, því að ekki er rétt að demba stöðugt meiri og meiri kvöðum á sýslusjóðina, en útvega þeim engan tekjustofn til þess að standast útgjöldin. Að taka svona einn sérstakan vegakafla út úr, eins og hér er um að ræða, er vitanlega mjög varhugaverð braut, landssjóðs vegna. Betra hefði verið að taka öll vegalögin frá rótum til athugunar, svo að það sæist greinilega, hvern dilk þetta drægi á eftir sér. Eg gæti hugsað, að hann yrði nokkuð stór.

Það stendur víða svipað á og með þessa vegi, og yrði þá landssjóður að taka að sér viðhald á þeim vegum líka. Fagradalsbrautin yrði þar einna efst á blaði, þar sem hún er fjallvegur. En þrátt fyrir það, þótt hún sé ein af þeim fáu vegum, sem nú á að færa á herðar landssjóðs, þá get eg ekki verið með þessu frumvarpi, því að eg álít stefnuna varasama mjög og fylgi því sannfæringu minni en ekki hlutdrægni vegna kjördæmis míns. Eg læt mér á sama standa um breyt.till. á þskj. 223, en greiði atkvæði á móti frumv. í heild, hvernig sem atkvæðagreiðsla gengur um þessa breyt.till., og skal svo ekki lengja umræður frekara.

Matthías Ólafsson: Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) er vanur að vera gætinn og orðvar, en hann brá dálítið út af því áðan og fór að snúa út úr fyrir mér. Hann sagði, að eg hefði sett þetta mál í samband við ófriðinn ytra, en það gerði eg ekki, heldur við afleiðingar af ófriðinum. Eg talaði um ákvæði til þess að takmarka útgjöld landssjóðs til þess að koma í veg fyrir þær. Háttv. þingm. hefir bara endaskifti á orsök og afleiðing.

Það er mikið talað um það, hvað þessar sýslur eystra borgi mikið í landssjóð, og jafnvel gefið í skyn, að það ætti að vera $^1/_8$ af tolltekjum landsins, en því fer fjarri að svo sé. Það er ekki einu sinni $^1/_{20}$. *(E. P. og S. Sig.:* Þingm. veit ekkert um þetta). Ójú. Þeir kaupa ekki mikið af kolum og salti og öðru slíku, sem til sjávarútvegs þarf, og auk þess hafa þeir ýmislegt, sem annars ekki fæst við sjó, eins og mjólk og kjöt, sem sparar þeim að kaupa útlendar vörur, sem tollur er á. Eg hefði ekki minst á þetta, ef ekki hefði verið búið að skýra svona rangt frá því, en sannleikurinn er sá, að íbúar þessarra héraða eru þeir, sem borga tiltölulega minst í landssjóð. *(Sig. Sig.:* Þetta er sagt út í loftið). Það er hægt að sanna þetta, nema þeir sé því meiri óhófsmenn, og það eru þeir víst ekki. Eg skal koma að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), því að hann var líka að hnýta í mig. Eg held því fram, að það eigi að spara útgjöldin sem mest að unt er.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um það, að þessi lög kæmi ekki í gildi fyrr en á næsta ári, en hve lengi geta menn búist við, að afleiðingar ófriðarins vari? Sjálfsagt lengur en ár, og þá virðist óþarfi að vera að auka útgjöld landssjóðs samtímis því að verið er að takmarka þau.

Eg get sagt háttvirtum 1. þm. Árn. (S. S.) það, að eg veit meira um Árnessýslu, en hann hyggur. Eg veit það, að hreppafélögin þar, þó að stór sé, hafa ekki stórum meiri útgjöld til sýslusjóðs en gerist á Vesturlandi. Það leik-

ur á þetta 1000 kr. og þar í kring og það er ekkert meira en það, sem sumir litlir hreppar á Vesturlandi verða að borga. Og þarna eru þó stór bú fyrir austan, og ann eg þeim þess vel, en þá eiga þeir ekki að telja eftir heldur það sem þeir borga. Og lítið hafa þeir gert að vegabótum, og er það eins og alt sé látið drasla til þess að koma því á landssjóð í sem mestu ólagi. Ennfremur er mér kunnugt um það, að Árnesingar hafa kostað óvenjulitlu til fræðslumála, ekki nema þetta 6—700 kr. á móti 2 þús. kr. og þar yfir fyrir vestan. Eg hefi heyrt, að í stórefnuðum hreppi eystra hafi ekki verið jafnað niður nema 4,500 kr., en í hreppnum þar sem eg átti heima í vóru það 6 þús. kr. *(Sig. Sig.:* Þar eru líka verzlanir). Rétt er það, en margir stórbændur jafnast á við þær, og þessi viðleitni á að smeygja af sér gjöldum er ekki rétt. Þegar búið er sama sem að gefa mönnum vegina, þá ætti þeir líka að geta haldið þeim við.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 223 feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Benedikt Sveinsson
Einar Arnórsson	Hannes Hafstein
Einar Jónsson	Hjörtur Snorrason
Guðm. Eggerz	Jón Jónsson
Sig. Gunnarsson	Jón Magnússon
Sigurður Sigurðsson	MagnúsKristjánsson
Þórarinn Benediktss.	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þorleifur Jónsson.

Björn Hallson, Björn Kristjánsson og Jóhann Eyjólfsson greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hl.

Einn þingm. fjarstaddur.

1. gr. feld með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Benedikt Sveinsson
Einar Arnórsson	Björn Hallsson
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Sigurður Gunnarson	Hjörtur Snorrason
Sigurður Sigurðsson	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson, Guðm. Eggerz og Jóhann Eyjólfsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hl.

Einn þingm. fjarverandi.

Frumv. þar með fallið.

8. Friðun fugla og eggja.

Á 7. fundi Nd., fimtudaginn 9. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um breyting á lögum um friðun fugla og eggja nr. 59, 10. nóv. 1913 (þskj. 50).

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Þetta frumv. er borið fram eftir óskum og áskorunum kjósenda minna í Dalasýslu. Þeim er það þyrnir í augum, að örninn var á síðasta þingi friðaður um 5 ára skeið. »Þó að«, segja þeir, »lítið sé um örninn nú, þá viljum vér ekki gjalda viðhald hans með eggjum

vorum og lömbum og öðru tjóni, sem hann vinnur oss á hverju ári«. Þetta eru orð þeirra og virðast þau vera mjög svo eðlileg. Eg man, að þegar eg var að alast upp þar fyrir vestan, þá var hafinn félagsskapur gegn ránfuglum og háum verðlaunum heitið fyrir að vinna á erni. Nú í harðindunum í vor hefir örninn drepið lömb unnvörpum, og mér hafa sagt varpmenn, að enginn vargur væri verri í varplöndum en örninn, þó að hann væri ekki sá tíðasti. Hér hefi eg fyrir mér bóndann á Staðarfelli auk annarra, sem þetta mega vel vita.

Nú veit eg ekki, hversu mikla áherzlu menn vilja leggja á hitt atriðið, sem sé það, að hætt sé við að örninn verði aldauða hér á landi, ef ekkert er gert til þess að hindra dráp hans. Eg er ekki svo mjög hræddur um það fyrir mitt leyti, og jafnvel þó að svo færi, þá mundi eg ekki sjá meira eftir erninum en hverju öðru skaðadýri, sem allir telja sér skylt að útrýma, svo sem refnum. Eg hefi ekki næmari tilfinningu en þetta fyrir því, hvaða dýr eru talin íslenzk í dýrafræðinni. Eg skal þó játa, að í skáldskap hefir örninn tignarsæti og er kallaður konungur fuglanna vegna þess, hvað hann er tígulegur á flugi. En hvað sem því líður, verð eg þó að telja það mikilsverðara, að friða eignir manna og lífsviðurværi en örninn. Lömbin hafa líka rétt á sér, og kalla eg það dýr kaup, ef þeim á að fórna hundruðum og þúsundum saman til þess að nokkrir ernir haldist við í landinu.

Eg vil að menn sýni skoðanir sínar á þessu máli á síðari stigum þess, en að nú verði nefnd fengið það til at hugunar. Er mönnum góð biðin til 2. umr. þegar nefndin hefir komið fram með sínar tillögur. Þetta mál kom til atkvæða á þingmálafundi, sem eg hélt í Dalasýslu, en þar vóru samankomnir kjörnir fulltrúar úr öllum hlutum sýslunnar og vóru allir því mjög fylgjandi. Vona eg að hv. deild sýni þá tillátssemi, að friða frumv. til 2. umr., jafnvel þó að menn þá sjái sér ekki fært að láta það ganga lengra.

Guðmundur Eggerz: Mér þykir mikil furða, hvað háttv. þm. Dal. (B. J.) er orðinn mikill lambavinur. Hann var ekki svona mikill vinur þeirra í fyrra, ef eg man rétt. Þar sem hann sagði, að örninn hefði strádrepið lömb í Dalasýslu í vor, þá vil eg án þess beinlínis að vefengja orð hans, leyfa mér að efast um, að svo mikil brögð hafi verið að því, sem hann gaf í skyn. Eg er talsvert kunnugur þar vestra og eftir því sem eg veit bezt, eru þar ekki mörg arnarhreiður, naumast fleiri en 2—3. Þeim hefir þá fjölgað núna upp á síðkastið. Mér þykir þess vegna ástæða til að mælast til þess, að hann færi deildinni dánarvottorð lambanna.

Það var talað um það hér á þinginu í fyrra, að rétt væri að halda við fuglategundunum í landinu, svo að þær yrði ekki aldauða fleiri eða færri. Þá þótti það sannað, að ernir væri orðnir mjög fáir og fyrir því var ákveðið, að þeir skyldi friðaðir um 5 ára skeið. Ef nú á næsta þingi væri farið að breyta þessu, þá væri það sá hringlandi, sem ekki næði nokkurri átt. Að minsta kosti verð eg að segja það fyrir mitt leyti, að til þess að eg gangi ofan í atkvæði mitt í fyrra, þá verð eg að fá nýjar og áreiðanlegar upplýsingar — áreiðanlegri en eg hygg að upplýsingar háttv. þingm. Dal. sé. Eg hygg, að eg sé eins kunnugur í Dalasýslu og hann, og ef svo mikil brögð eru að þessu sem hann lætur, þá hefir náttúra arnanna breyzt mikið síðan eg var drengur. Þá kom það stöku sinnum fyrir, að örninn

tók svo sem 1—2 lömb á ári, en aldrei man eg eftir því, að hann kæmi í varplönd, og er eg þó alinn upp í eyju.

Ef eg væri hræddur um, að það yrði háttv. þm. Dal. (B. J.) að falli hjá kjósendum hans, ef þetta mál fengi ekki framgang, þá mundi eg ef til vill vera með því að ófriða örninn, en eg skil ekki í, að til þess komi.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Það var annars nógu gaman að þessari ræðu háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.). En ekki skil eg, á hverju hann byggir það, að eg sé meiri lambavinur nú en eg var í fyrra. Eg hefi ekkert á móti dánarvottorðum lamba og ef hann vill flytja frumv. um að skylda menn til að gefa vottorð um látin lömb og dauðamein þeirra, þá skal eg ljá því frv. atkvæði mitt. Ef sýslumönnum væri lögð sú skylda á herðar og hann yrði sýslumaður í Dalasýslu, þá fengi hann ánægjuna af því að skrifa með eiginni hendi dánarvottorð lamba í allri Dalasýslu. Það væri sjálfsagt ágætt. En þar sem hann sagði fullum fetum, að hann væri eins kunnugur í Dalasýslu og eg, þá held eg að það hafi verið heldur mikið sagt. Eg hygg, að hann sé kunnugastur í Akureyjum og Heinabergi, þar sem Akureyingar lentu, en um aðra hluta sýslunnar skil eg ekki, að honum sé til nokkurs hlutar að bera sína þekkingu saman við mína. Eg þori óhræddur að þreyta það mál við hann. Um það, hvað örninn var góður við lömbin þegar hann var barn, skal eg láta ósagt, því að þá vóru ekki gefin dánarvottorð um lömb fremur en nú.

Eg hefi átt tal við Magnús bónda í Staðarfelli og hann hefir sagt mér, að örninn hafi eyðilagt alt varp í Líney. Sömuleiðis hefir örninn eytt öllu varpi í Embrhöfða. Og ef háttv. þingmaður er jafnkunnugur á Skarðströndinni og eg, þá veit hann, að örn hefir ætíð verið í Arnardrang, sem er á móts við Akurey. *(Guðmundur Eggerz:* Sá örn er nú dauður). Þegar Pétur, sonur Friðriks á Ballará, ef háttv. þingmaður (G. E.) kannast við hann, bjó í Akureyjum, þá var honum það hið mesta áhugamál að koma á vargeyðslufélagi í Breiðafirði og bauð hæst fé af öllum til höfuðs erninum. Hann hafði einhverja nasasjón af því, að örninn væri skaðræðisdýr.

Það kann að vera, að háttv. þm. (G. E.) vilji halda sér við atkvæði sitt í fyrra, og fæst eg ekki um það, enda á eg hvorki ráð á samvizku hans né annarra. Eg bið einungis, að frumv. fái að ganga til nefndar. Eg er ekki að halda því fram, að þetta sé stórmál, þó að kjósendum mínum sé það áhugamál. Og þó að hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) vilji, að kjósendum mínum líki vel við mig, þá vil eg ekki kaupa það því verði, að hann beygi eða sveigi samvizku sína til þess að afla mér kjörfylgis í Dalasýslu. Eg tel okkur jafngóða vini fyrir því.

Jóhann Eyjólfsson: Eg vil lýsa yfir því, að eg styð eindregið tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg óska, að hugir sem flestra hv. deildarm. beinist í þá sömu átt. Það fer svo fjarri því, að eg vilji, að slík skaðræðisdýr sem refurinn er eða örninn sé friðuð í 5 ár, að eg vil ekki einu sinni að þau sé friðuð í 5 mínútur. Slíkir gripir eiga að vera gersamlega réttlausir og réttdræpir hvar og hvenær, sem til þeirra verður náð. Eg skal ekki fjölyrða um það, hvað mikið tjón örninn gerir, það er alt af eitthvað, en hitt vil eg leggja áherzlu á, að hann gerir aldrei neitt gagn. Og það, sem er ávalt til ills og

til einskis annars en ills, það á engan tilverurétt. Í sveitunum þykir mönnum vænt um þá hugsun, sem fer í þá átt að reyna að útrýma sem rækilegast þessum óargadýrum. En sú stefna að friða rándýr, og það jafnvel refi, einstökum mönnum til hags, er afar hættuleg og ákaflega óþokkuð í sveit hjá öllum er fé eiga, sem háð er ránstönnum þessara grimmu dýra.

Eg vona þess vegna, að frumvarpið verði tekið til greina og fái góða meðferð í þinginu.

ATKV.GR:

Tillaga um að kjósa 5 manna nefnd samþykt í einu hjóði og í hana kosnir:

Bjarni Jónsson
Þórarinn Benediktsson
Hjörtur Snorrason
Einar Jónsson
Magnús Kristjánsson.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 18. fundi Nd., miðvikud. 22. júlí, var frv. tekið til 2. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 19. fundi, fimtudaginn 23. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (þskj. 50, n. 119).

Bjarni Jónsson: Eg ætla ekki að halda neina ræðu um þetta frv. við þessa umr. Eg tók alt það fram, sem nauðsynlegt var við 1. umr. Nefndin hefir orðið á eitt sátt og leggur það til, að frv. verði samþykt.

ATKV.GR.:

1. og 2. gr. frumv. samþ. með 14:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Hallsson	Benedikt Sveinsson
Björn Kristjánsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	Matthías Ólafsson
Hjörtur Snorrason	Sigurður Sigurðsson
Jóhann Eyjólfsson	Skúli Thoroddsen
Jón Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon	
MagnúsKristjánsson	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	

Guðm. Hannesson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

4 þingmenn fjarstaddir.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkv.greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Hallsson	Benedikt Sveinsson
Björn Kristjánsson	Guðmundur Eggerz
Einar Arnórsson	Matthías Ólafsson
Hjörtur Snorrason	Sigurður Sigurðsson
Jóhann Eyjólfsson	Skúli Thoroddsen
Jón Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon	
MagnúsKristjánsson	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Þórarinn Benediktss.	

Guðm. Hannesson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

4 þingmenn fjarstaddir.

Á 21. fundi Nd., laugardagin 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 50).

Sigurður Sigurðsson: Áður en gengið er til atkvæða í þessu máli, get eg ekki stilt mig um að láta þess getið, að eg tel verr farið, ef þetta frumv. nær

fram að ganga, sem þó eru allar líkur til að það geri. Það er ekki vegna þess. að frumv. fari fram á að breyta nýjum lögum, og ekki heldur vegna þess, að eg álíti það stórmál, sem hér er um að ræða. Eg hygg, að allir líti svo á, að þetta mál sé ekki mikils umvarðandi og megi teljast smámál, en það er samt sem áður ekki eins lítils virði og sumir virðast álíta, í fljótu bragði.

Í lögunum um friðun fugla og eggja, sem samþykt vóru hér á þinginu í fyrra, var svo ákveðið, að örninn skyldi vera friðaður næstu 5 árin. Ástæðan var sú, að nefndin sem fjallaði um málið, þóttist fá fullar sannanir fyrir því, að mjög lítið væri orðið um þennan fugl hér á landi. Hluturinn er líka sá, að honum fækkar stórlega ár frá ári. Einhvern heyrði eg segja, að ekki myndi vera meira eftir af honum en ein 7—8 pör. En jafnvel þótt þessi fugl teljist til rándýra, þá hygg eg þó, að einhverir geti orðið mér samdóma um, að það væri mikill missir fyrir náttúru landsins ef honum væri algerlega útrýmt, sem allar horfur eru á, ef honum verður engin vægð sýnd. Dýraríki landsins er ekki svo fjölskrúðugt, að það megi við því, að þeim fáu tegundum fækki, sem hér hafa tekið sér bólfestu. Vér hörmum það mikið, að geirfuglinn skuli vera horfinn og vér mundum líka harma það, ef erninum yrði útrýmt með öllu. Það eru reyndar til sögur um það, að örninn hafi stundum gert talsvert tjón, en síðan honum hefir fækkað hefi eg ekki heyrt mjög mikið um það talað, að hann hafi gert skaða, hvorki í varplöndum né á skepnum. Aftur á móti eru aðrir fuglar, sem talsverðan skaða gera bæði fénaði, sérstaklega unglömbum, og eggvarpi. Má þar tilnefna bæði hrafninn og svartbakinn.

Af þessarri ástæðu, að eg tel hættu á, að erninum verði útrýmt með öllu, ef ekkert verður gert til þess að halda honum við, verð eg að vera á móti frv. og óska, að það verði felt. Þegar flutningsm. þessa frv. (B. J.) mælti með því við 1. umr., þá gat hann þess, að hann flytti það eftir óskum kjósenda sinna í Dalasýslu. En að öðru leyti minnist eg ekki, að hann hafi fært neinar ástæður fyrir máli sínu, né að hann hafi getið um, hvað kjósendur hans hafi haft fyrir sér, er þeir óskuðu, að örninn yrði aftur ófriðaður. Eg skal svo ekki hafa fleiri orð um málið. Eg játa, að þetta er ekkert stórmál, en samt sem áður legg eg nokkra áherzlu á, að frumv. verði ekki samþykt, því að eg tel verr farið, ef örninn hyrfi alveg úr landinu, sem allar horfur eru á, ef þetta frumv. nær fram að ganga.

Einar Jónsson: Eg hefi beðið um orðið á undan háttv. framsm. (B. J.), þar sem hann er framsögum. í þessu máli, aðallega vegna þess, að eg vil að umræðurnar verði sem styztar, en einnig vegna þess, að eg hygg honum sé betra að heyra ræður annarra, áður en hann tekur sjálfur til máls. Ennfremur bað eg um orðið til þess að drepa á nokkur atriði í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Hann segir, að erninum sé altaf að fækka í landinu. Eg trúi því vel, að hann hafi horft á það, því að það hefi eg sjálfur gert. En þar, sem hann heldur, að ekki sé nema 7—8 pör eftir, þá hygg eg, að þar sé nokkuð langt farið. En því máli hans til stuðnings, að þessum fugli sé að fækka, get eg nefnt það, að þegar eg var ungur, sá eg örn oftast á hverjum degi, en síðan eg varð eldri sé eg hann sjaldnast oftar en einu sinni á ári.

Eg verð að draga í efa, að rétt sé að

segja, að oss beri eins að halda í örninn eins og geirfuglinn. Mér er ekki kunnugt um, að geirfuglinn hafi verið ránfugl eða yfir höfuð orðið valdandi nokkurs tjóns. Aftur á móti hefi eg heyrt getið um, að hann hafi verið nytsemdar fugl. Það sem vakti fyrir nefndnefndinni var í einu orði það, að þeir fuglar, sem væri ránfuglar og skemdi eigur manna, en gerði hinsvegar ekkert gagn, ætti ekki skilið, að hlífiskildi væri haldið yfir þeim. Slíkum fuglum er skylt að útrýma. Í nefndinni var eg fús til samkomulags við háttv. þm. Dal. (B. J.) um þetta atriði, vegna þess, að hann skýrði frá því, hvern skaða örninn hefði unnið í vor þar vestur frá, og hygg eg, að hann hafi sagt satt og rétt frá eins og hann er vanur. Eg get ósköp vel skilið, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sé það ekkert áhugamál að útrýma erninum, því að hann á engin lömb og hefir líklega aldrei átt. *(Sigurður Sigurðsson:* Hvernig getur þm. vitað það?). En eg á lömb, og þó að eg hafi hingað til haft efni á að missa eitt og eitt, þá vil eg ekki ala örninn á lömbunum mínum. Eg get vel skilið, að menn hugsi til þess með söknuði, að sjá aldrei fuglakonunginn oftar, því að það geri eg hálft í hvoru líka. En eg álít þó, að ef hann er einungis konungur fuglanna til þess að vinna skaða, þá eigi hann að deyja. Eg hefi heyrt sagt, að örninn hafi stundum hremt börn, og það veit eg með sanni, að hann hremmir lömb, hvenær sem hann sér sér færi. Eg verð þess vegna að halda, að hann hafi fyllilega til óhelginnar unnið.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Mönnum eru hér mislagðar hendur eins og oft vill verða. Eg hefi aldrei fyrr orðið þess var, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) væri brjóstbetri maður en eg. Man eg eftir því, að hann hefir viljað slátra öllum skáldum og listamönnum landsins; en nú er skift svo um, að hann vill jafnvel taka ernina undir sína breiðu arnarvængi til þess að skýla þeim. Eg gæti betur skilið, að hann hafi í raun og veru gengið í endurnýjung lífdaganna og sé orðinn svo brjóstgóður maður sem hann lætur, ef hann vildi líka taka alla yrðlinga undir verndarvængi sína. Það er kunnugt, að tóunni fækkar mikið á Íslandi fyrir utan þá staði þar sem hún er ræktuð. Eg vildi, að hann sæi um, að frumv. yrði lagt fyrir þingið um, að ekki mætti drepa tóur næstu 10 árin. Þá myndi eg fremur viðurkenna brjóstgæðin. Eg játa, að örninn er konungur fuglanna, háfleygt dýr og skarpskygnt og mikill andi, sem svífur yfir vötnum Árnesinga er »fiskar vaka þar í öllum ám« eins og Jónas Hallgrímsson kvað. En refurinn er líka mikið og merkilegt dýr, ráðkænn og slunginn, yfirleitt vel fallinn til þingmensku, ef eg þekki rétt. (Eitthvert muldur í sessunaut þm. (M. Ól.), en svo lágt, að það heyrist ekki út um salinn). — Þegar gegnt er fram í, þá vildi eg að það kæmi málinu á einhvern hátt við, svo að tækifæri gæfist til þess að sýna þá hæversku, að taka það til greina. — Það gleður mig, að háttv. 1. þm. Arn. (S. S.) er orðinn svo brjóstgóður, að hann vill halda hlífiskildi yfir þessum fugli, sem skáldin nefna oftast og er sann-nefndur skálda og kvæðafugl. En undarlega mundi það koma mér fyrir, ef síðar kæmi í ljós, að hann væri óvinveittari skáldunum sjálfum en skáldafuglinum. Nema hann hugsi sem svo, að ef vér drepum öll skáld, sem nú eru uppi, þá sé rétt, að vér geymum örninn til þess, að hann verði yrkisefni ófæddra skálda, sem upp vaxa undir nýjum og betri skilyrðum.

Háttv. þm. (S. S.) sagði, að eg hefði borið þetta frv. fram fyrir bænastað

kjósenda minna. Það er hverju orði sannara. En eg hefi enga dul dregið á það, að eg er þeim sammála um, að krafa þeirra sé sanngjörn og réttmæt. Það lifir sjálfsagt nóg af erninum fyrir því, þó að hann verði ófriðaður um 5 ára skeið. Því að það er aðgætandi, að nefndin var nærri því eins brjóstgóð og 1. þm. Árn. (S. S.) þar sem hún hefir ekki viljað ófriða arnareggin. Þó að leyft sé að skjóta geldfugl, eða fuglinn, þegar hann hefir ungað út eggjum sínum, þá er það ekkert voðaleg ófriðun.

Eg get verið sammála háttv. þm. (S. S.) um það, að þetta er ekkert fjarskalegt stórmál á þá leið, að frelsi og velferð landsins sé í voða, ef þessum fugli fjölgar. Eg vona líka, að háttv. þm. líti ekki svo á, að þessir feigu ernir dragi alt líf og alla velferð landsmanna með í flugnum, þegar þeir falla fyrir þeim dauðaskeytum, sem á að heimila fólki að senda þeim. Eg ætla ekki að biðja mér allþarflega liðs, því að eg býst við, að þeir sem greiddu frv. atkv. síðast geri það einnig nú, jafnvel þó að andi þingmannsins drægi arnsúg í flugnum, þegar hann réð mönnum frá að gera það.

Matthías Ólafsson: Eg man ekki betur, en að háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi greitt atkv. með friðun arnarins í fyrra. *(Bjarni Jónsson:* Má eg leiðrétta þetta undireins. Eg greiddi hvorki atkvæði með né móti fuglafriðunarfrumv., því að eg var ekki viðstaddur þegar atkv.-greiðslan fór fram). Þetta kann að vera satt. En honum hefir þá að minsta kosti ekki verið mikið áhugamál að koma í veg fyrir friðun arnarins, úr því að hann var ekki viðstaddur atkv.-greiðsluna. Honum hefir hlotið að vera eins kunnugt um það þá eins og nú, að það gæti komið fyrir, að örninn banaði lömbum. Mér er ekki kunnugt um, hvað mikil brögð hafa verið að lambadrápi arnarins í Dalasýslu, en eg hygg, að þótt frézt hefði, að nokkur lömb hefði fallið fyrir honum í einhverri annarri sýslu, þá hefði háttv. þm. Dal. (B. J.) varla rokið til að flytja frv. um að ófriða örninn. Eg geri ekki mikið úr því, að örninn hafi drepið lömb í Dalasýslu í vor. Þau munu hafa drepist af öðrum ástæðum. En um það vilja menn ekki tala. Ef hér væri sjónarvottar sem segði mér frá, þá mundi eg trúa, en fyrr geri eg það ekki.

Hér á landi er orðið sáralítið um erni, svo lítið, að margir þingmenn hér í salnum hafa aldrei á æfi sinni séð örn. Dalasýsla hlýtur því að vera mikil undantekning. Eg verð að telja það rangt að útrýma erninum, jafndýrlegum fugli og jafnsaklausum og hann er í rauninni.

Það var sagt hér áðan, að ekki mundi vera eftir í landinu nema 7—8 pör af þessum fugli, og má hann því ekki við miklu drápi. Og ef þeir eiga að geta gert mikinn skaða í Dalasýslu, þá hljóta þeir að vera þar allir samansafnaðir. Get eg ekki að því gert, að mér finst það harla ótrúlegt. Það væri alveg ófyrirgefanlegt hverflyndi af þinginu, ef það færi nú að samþykkja þetta frumv., alveg þvert ofan í það, sem það samþykti í fyrra.

Mér finst það líka ófyrirgefanleg harðneskja að vilja gereyða erninum, þó að það kunni einstöku sinnum að koma fyrir, að hann grípi lamb og lamb, þegar hann eða ungar hans eru komnir að bana úr hungri. Má minna á í þessu sambandi kvæðið um Torfa og tóu:

»Til hvers ertu Torfi minn
tóunni að blóta« o. s. frv.

Veit eg, að háttv. þm. Dal. (B. J.) kannast við það. Ef svo langt á að fara, að gerdrepa alt það, sem einusinni hefir

verið nefnt rándýr, þá fengi fátt að halda lífi í þessum heimi. Það væri athugavert, hvort ekki væri til önnur rándýr á tveimur fótum, sem skæðari væri en örninn. En þau njóta þess, að þau eru hærra sett og líkari oss. Eg mun ekki ljá því atkvæði mitt, að örninn verði ófriðaður, og set eg það ekki fyrir mig, þó að eg viti, að það getur komið fyrir, að hann grípi einstöku lamb, til þess að bjarga sér eða ungum sínum frá bráðum dauða.

Guðm. Eggerz: Það var alveg rétt tekið fram hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að háttv. þm. Dal. (B. J.) hafði ekkert við þetta ákvæði að athuga í fyrra, þegar örninn var friðaður í fimm ár. Það hljóta því að vera einhverjar sterkar ástæður, sem knýja hann til að koma með þetta frv. nú, og vér vitum reyndar, hverjar þessar ástæður eru. — Örninn hafði sem sé í fyrra verið grunaður um að drepa lömb fyrir einhverjum háttv. kjósanda í Dalasýslu. Eg vildi nú gjarnan fá skýrslu um það, hve mörg lömb örninn hefir drepið, og ekki einungis um töluna, heldur og um það, hve mörg hafi verið hvít, hve mörg svört og hve mörg mórauð. Meðan engin skýrsla liggur fyrir um þetta, engin dánarvottorð, tel eg mér ekki skylt að trúa því, að örninn hafi drepið nokkurt lamb. En þó svo væri, að arnargreyið hefði drepið nokkur lömb í Dalasýslu, þá vildi eg heldur borga eitthvað fyrir lambaskammirnar, heldur en að fara að ófriða örninn. Mér kom það nokkuð spanskt fyrir, og hafði sízt dottið það í hug, að háttv. þm. Dal. (B. J.) færi að flytja svona frv., og eg hefði miklu fremur getað búist við að heyra hann halda skáldlega ræðu um það, hve fallegur þessi konungur fuglanna sé, heldur en að bannsyngja hann fyrir að hafa drepið nokkur lömb vestur í Dalasýslu. »Horlömb«, heyri eg að einhver segir hérna nálægt mér, og dettur mér þá í hug að spyrja háttv. þm. Dal. (B. J.) hvort það gæti ekki skeð, að eitthvað annað en örninn hefði banað lömbunum..

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vill friða örninn, því að hann er ekki vanur að halda því fram, sem skaðlegt er fyrir bændur. Þess ber og að gæta, að nú orðið eru ekki til nema örfáir ernir á landinu.

Fyrir nokkrum árum spurði eg mann, sem þekti öll arnarhreiður á landinu, hve margir ernir væri hér til. Það var Hörring fuglafræðingur, og kvaðst hann hafa talið hreiðrin, og vóru þau þá 14. Víst er um það, að mér er kunnugt um, að í mörg ár hefir ekki sést örn fyrir austan. Það kann reyndar að hafa komið fyrir, að hann hafi sést einusinni eða tvisvar í einum eða tveimur hreppum, en í flestum hreppunum hefir hann alls ekki sést. Ástæðan til þess, að örninn eyðist svo mjög, er sú, að hann drepst af eitri, sem sett er fyrir tóur. Eins og kunnugt er, er eitrað fyrir tóuna með rjúpum, og í það gengur örninn. Af sömu ástæðum er líka annar fugl að eyðast, og það er valurinn.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) taldi það erninum til óhelgi, að hann væri skaðlegur í varpi.

Eg get ekki skilið, að hann sé skaðlegri 1914 en 1913.

Eg er alinn upp í eyju á Breiðafirði, og eg heyrði þess aldrei getið, að örninn skaðaði varpið þar.

Annars verð eg að benda háttv. þm. Dal. (B. J.) á það, af því að hann virðist ekki vita það, að örninn er ekki sundfugl og verpir ekki í eyjum, heldur verpir hann í fjöllum. —

Eg get ekki látið hjá líða að snúa

mér að háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.), því að það gekk hneyksli næst að heyra, hvernig hann talaði. Hann sagði, að vér ættum að gera alt til að útrýma ránfuglum. Eg þekki ekki þingið hjá Hottentottum, en eg býst við, að enginn Hottentotti hafi þessa skoðun. Eg skal nú leyfa mér að telja upp þá fugla, sem hann vill eyða. Þeir eru: örn, valur, kjói, smyrill, hrafn, svartbakur og veiðibjalla. *(Bjarni Jónsson:* Hrafninn er ekki ránfugl). Eg er miklu betur að mér í fuglafræði en háttv. þingm. Dal. (B. J.) og eg veit, að hrafninn er ekki ránfugl, en eg tala hér í anda og eftir skilningi þeirra manna, sem kalla alla þá fugla ránfugla, sem drepa lömb.

Eg hefi nú lokið máli mínu og skal að eins að endingu taka það fram, að mér þykir vænt um fuglana og er ánægja að því að sjá þá, og eg vona að háttv. deild sýni þá sanngirni gagnvart erninum, að samþykkja ekki þetta frumvarp.

Jóhann Eyjólfsson: Það er fögur og göfug hugsjón, sem hefir komið fram hjá andmælendum þessa frumv., að vilja halda við sem fjölskrúðugustu dýralífi í landinu. En það er ekki nóg, að dýraríkið sé fjölskrúðugt, ef dýrin eru til ógagns eins. Þegar talað hefir verið um innflutning nýrra dýrategunda í landið, t. d. innflutning héra, þá hefir verið mælt með því vegna þess, að af mætti vænta einhverrar gagnsemdar. Og það verðum vér að hafa hugfast, þegar talað er um að viðhalda fjölskrúðugu dýraríki, að dýrin sé oss til góðs en ekki til ills. Eg hefi aldrei heyrt annað um örninn, en að hann sé ránfugl, og mér er ómögulegt að skilja, að það sé neinn Hottentotta-hugsunarháttur að vilja útrýma honum. Það er einmitt menningarinnar hugsjón, að útiloka alt það, sem er til tjóns, og það er mikilsvert, að það spor sé rétt stigið. Eða á þingið að taka þá stefnu, að friða öll rándýr, hvort sem þau eru á tveimur fótum eða fjórum?

Eg hefi nú ekki heyrt neina tillögu um að eyðileggja mannfólkið, enda er sú tegundin af tvífættu dýrunum nokkurnveginn friðuð að lögum, þó að sum þeirra sé ekki sem allra þörfust.

Það eru litlar líkur til, að örninn muni deyja út í heiminum, þó að hann yrði ekki lengur til á Íslandi. Það er svo um sum dýr, sem hingað hafa fluzt inn í landið, að vér vildum nú óska, að svo hefði aldrei verið. Mætti t. d. nefna refinn, sem ekki er til annars en óþrifnaðar og tjóns. Eg held að oss liði vel og að vér hefðum nóga skemtun, þó að vér mistum alla þessa fugla, sem hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) taldi: erni, vali, smyrla, kjóa og hrafna, og hvað það var nú fleira. Margbreytni í dýraríkinu er því að eins góð og holl, að það sé um þau dýr að tala, sem landsmönnum sé til gagns og gleði.

Eg álít það enga ástæðu ránfuglunum til málsbóta, þó að lömbin geti farið af öðrum ástæðum, en af þeirra völdum. Þeir eru þó viðbót við alt annað. Eg hugsa, að það ætti einmitt að vera takmark vort, að koma þeim dýrum fyrir kattarnef, sem eru oss til tjóns og ama. Og eg skal bæta því við, að það er ekki til neins að semja friðunarlög fyrir dýr, sem í almenningsálitinu eru skaðleg. Þau verða drepin jafnt eftir sem áður. Þegar hrafninn sést kroppa augun úr kind, verður hann drepinn, ef því verður við komið, hvort sem hann er friðaður eða ekki.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil lýsa yfir því, að eg mun greiða þessu frv. atkvæði.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Mér kemur það undarlega fyrir, að hv.

þm. V.-Ísf. (M. Ó.) leyfir sér að brigsla mér um, að eg hafi borið þetta frumv. fram eftir ósk kjósenda minna. Eg hefði alls ekki borið það fram, ef ekki hefði verið skorað á mig, en eg veit ekki betur, en að það sé sjálfsagt, að taka tillit til kjósenda sinna. Hann var að brigsla mér um, að eg hefði flutt frumvarpið af því að lömbin, sem drepin vóru, vóru úr Dalasýslu. En ef þau hefði verið úr hans kjördæmi, myndi hann hafa flutt frumvarpið og sagt, að þessi ótætis fugl ætti ekki að lifa. Þá myndi eg líka hafa greitt atkvæði með honum, því að eg skifti ekki um skoðun eftir kjördæmum.

Sami háttv. þingmaður sagðist ekki trúa því, að örninn hefði drepið nokkur lömb, og undir það tók háttv. 2. þingm. S.-Múl (G. E.) með honum og vildi fá skýrslu um lit og tölu lambanna. Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir. Þeir vita betur, Heródes og Pílatus fyrir austan og vestan, heldur en maðurinn, sem sá lambið drepið í burðarliðnum. *(Guðmundur Eggerz:* Hvar eru dánarskýrslurnar? *Einar Arnórsson:* Hann vill fá sálnaregistur). Það stendur á þessu frumvarpi um dánarvottorð lamba frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Ef það væri komið fram, mætti kanske setja á sig, hvað mörg lömbin vóru, og hver þeirra vóru hvít, hver svört, hver mórauð og hver golsótt eins og hann.

Eg skal ekkert þræta um það, hvað margir ernir eru hér á landi nú. Hvort þeir eru 6 eða 8 að eins, skal eg ekkert um segja. En frumvarpið fer ekki lengra en það, að ekki skuli liggja sekt við að skjóta þá, en undan þeim má ekki steypa eftir sem áður.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að eg hefði greitt atkvæði með fuglafriðunarfrumv. í fyrra, en eg held nú, að hann muni lítið um það, hvernig eg greiddi atkvæði í fyrra. Hann kallaði það hverflyndi að fara nú að breyta þessum lögum. En eg man ekki betur, en að greidd væri atkvæði með nafnakalli um þetta frumv. fyrir nokkrum dögum, og kallar hann það þá ekki hverflyndi, að greiða öðruvís atkvæði nú heldur en í fyrradag? Það er þó ekki meira hverflyndi að hvika frá ári til árs, heldur en frá degi til dags.

Eg hefi aldrei borið það fram sem neina aðalástæðu, að þessi fugl hafi einhverntíma verið kallaður ránfugl, heldur hefi eg flutt þetta frumv. af því, að örninn er skaðræðisgripur fyrir eignir manna.

Um eitt atriði er eg sammála háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), og það er um þessi tvífættu rándýr, sem hann var að tala um. Er ekki örninn á tveimur fótum? Eg hefi aldrei séð örn á fjórum fótum. — Þeir vita svo mikið, þessir tveir þingmenn, sem nú eru farnir að berjast saman. Þeir vita hvað eg veit, og þykjast jafnvel vita það betur en eg sjálfur. Eg er ef til vill grannvitur, en eg veit þó það sem eg veit, og eg veit, að örninn hefir drepið lömb fyrir bændum vestur í Dalasýslu. Þingmanninum þarna að austan kom það »*spanskt*« fyrir, að eg skyldi vilja eyða þessum fugli, sem honum þykir svo gaman að sjá í loftinu. Hann vildi rengja mig um það, að örninn hefði drepið þessi lömb. *(Guðmundur Eggerz:* Eg var ekki að setja hnútur í háttv. þingmann). Nei, eg veit, að hann heldur ekki, að eg hafi etið lömbin. En þó að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu sé glöggur unglingur, þá trúi eg betur þeim manni, sem hefir séð þetta, heldur en honum. Hann var að vitna til þess, að hann væri alinn upp í eyju á Breiðafirði og hefði aldrei heyrt þess getið, að örn hefði gert usla í varpi.

Kannske allir hinir sé sjónlausir eða vitlausir, sem hafa alist upp í Breiðafjarðareyjum.

Alt hans tal sýndi, að hann veit ekki hvað í eyjum gerist. Hann var reyndar ungur, þegar hann fór úr eyjunum, en hann var þó til vits og ára kominn, sem kallað er, og hefði átt að þekkja það. Hann þykist vita betur um þetta alt heldur en eg. En af því að hann er yngri en eg, ætti eg þó að vita meira, því að þó að hann hefði fylgt mér frá því að hann fæddist og vissi alt, sem fyrir mig hefir borið á þeim tíma, þá hefir hann enga bók um það, hvað eg hugsaði og sá áður en hann fæddist. Hann ætti þá kannske að vita það, að eg er ekki alveg ókunnugur í Akureyjum og jafnvel eins kunnugur og hann sjálfur. Hann má ómögulega halda, að hann geti talið þingmönnum trú um, að hann viti betur um hlut, sem hann hefir hvorki séð né heyrt, heldur en þeir menn, sem bæði sjá og heyra.

Eg legg ekki svo mikið upp úr þessu tali um fjölskrúðugt dýraríki. Eða ætti menn t. d. að vita, hvort ekki væri hægt að halda hér við bjarndýrum? Það er göfugt dýr, og svo er um fleiri tegundir, eins og t. d. moskusnautið o. fl. Eg get ekki séð, að það sé rangt frá búskaparins sjónarmiði að ófriða örninn. Það er aðeins frá fegurðarinnar sjónarmiði af því að það þykir fögur sjón að sjá fljúgandi örn. En það eru fleiri dýr fögur heldur en örninn. Mér dettur í hug það sem hindin sagði við kálfinn sinn: »Gættu þín góði minn, þegar þú kemur út í skóginn; þar er ljótt dýr, sem étur þig«. Þegar kálfurinn kom svo út í skóginn, sá hann silkimjúkt gulröndótt dýr, sem honum þótti undurfallegt, og fór hann strax að leika sér við það. En endirinn á þeim leik varð sá, að dýrið drap kálfinn og át hann. Það hafa nú komið fram nokkuð skiftar skoðanir um friðun á rándýrum, en skyldi menn vilja friða tigrisdýrið af fagurfræðilegum ástæðum?

Það var einu sinni maður norður á Borðeyri, skáldmæltur og gáfaður maður, en hafði drukkið ofmikið og lagðis út af á víðavangi. Kemur þá hrafn og fer að hoppa í kring um hann. Þá segir maðurinn: «Blessaður fuglinn, sendur af drotni til að gera mér lífið ánægjulegt«. Svo sofnar maðurinn, en þá tók krummi að gerast nærgöngull og fór að höggva í hann. Maðurinn vaknar við það og segir: »Helvítis hræfuglinn, sendur af djöflinum til að pína mig og kvelja«. Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvort örninn geri meira að því að gleðja menn eða kvelja. En hvað sem því líður, vona eg, að eg lifi það, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) skifti skoðun á erninum.

Eg vil svo biðja hæstv. forseta að ætla mér stundarkorn til þess að segja 2—3 orð allra seinast, þegar hinir eru búnir að tala. Eg ætla ekki að tefja umræðurnar meira nú, fyrr en þá að niðurlagi, ef eg þyrfti að þakka einhverjum fyrir að styðja minn málstað. Þeir hafa þegar veitt mér og máli mínu drengilegan stuðning samherjarnir, hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), og kann eg þeim góðar þakkir fyrir.

Einar Jónsson: Síðan eg talaði seinast hefir skoðun mín á þessu máli breyzt að nokkru leyti. Eg hafði þá trú, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði sagt satt, þegar hann skýrði mér frá, hvílíkur vágestur örninn væri Dalamönnum, en nú hefir það komið í ljós við umræðurnar, að háttv. þm. hefir að eins flutt þetta frumvarp til þess að fá tækifæri til að skemta þingmönnum með kringiyrðum, dómadagsskrítlum og

glensi, en ekki af því, að málið væri honum alvöru- eða áhugamál. Þrátt fyrir þetta mun eg þó greiða frumv. atkvæði eins og við 2. umr., því að eg álít frumvarpið þarft, þrátt fyrir það, að háttv. þm. Dal. (B. J.) lítur svona á það.

Þá skal eg snúa mér að vini mínum háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann sagði, að það væri ósköp að heyra mann halda öðru eins fram og því, að útrýma bæri rándýrum, sem spilti eignum manna. Eg get með sama rétti sagt, að það er óskaplegt að heyra önnur eins orð og þessi í þingsalnum. Og eg býst ekki við öðru, en háttv. þm. mundi reyna að verja sig, ef einhver með rangindum ætlaði að hirða sýslumannslaunin hans. En alveg sama máli gegnir um bóndann og lömbin. Hann verður að verja þau til þess að þau geti orðið að fullorðnum kindum, sem honum verði að gagni. Hann verður að byrja á lömbunum. Eg hefi að minsta kosti aldrei heyrt — það getur verið, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hafi heyrt það — að nokkur maður hafi fengið fullorðna kind úr dauðu lambi. Það verður einmitt að koma í veg fyrir það, að örninn leggist á lömbin. Nú hefir háttv. Dal. (B. J.) sagt mér, að örninn hafi tekið lömb í Dalasýslu. Það er nú auðséð, að þetta er honum ekkert alvörumál, en vegna þess, að eg hygg þetta satt vera, þá mun eg þó greiða atkvæði með frumv., þrátt fyrir alt alvöruleysi og miður heppilegar fyndnistilraunir háttv. flutningsmanns (B. J.). Þær hafa miðað til þess eins, að spilla fyrir málinu, en þó vænti eg þess, að þær verði því ekki að falli.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að eg hefði verið að brigsla honum um að bera fram frv. að vilja kjósenda sinna. Þetta er ekki rétt skilið. Hitt sagði eg, og það stend eg við, að mig furðar á því, að háttv. þm. (B. J.) skuli láta kjósendur sína fá sig til þess að bera fram á þinginu aðrar eins firrur og þetta frumvarp er. Hann var eitthvað að minnast á héra — og mintist jafnvel á tvífætta héra að því er mér skildist. Þetta er nú ekki svo fjarri sanni, sem maður skyldi halda. Hérarnir eru taldir fremur kjarklítil dýr — og mér virðist þeir háttv. þingmenn, sem af hræðslu við kjósendur fá sig til þess að flytja slíkar firrur, ekki óskyldir þessum hugprúðu(!) dýrum — eða með öðrum: tvífættir hérar.

Háttv. þm. (B. J.) gramdist það mjög, að við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) skyldum vera á sama máli hér. Það er nú svona, að eg hefi ekki þann sið, að leggjast á móti réttu máli fyrir það eitt, að maður, sem hefir verið mér mótstæður í öðrum málum, er með því. Eg skal ekkert um það segja, hvernig háttv. þm. Dal. (B. J.) hugsar í þessu efni. Hann gerði okkur þá æru, að kalla okkur Heródes og Pílatus — án þess þó að kveða upp úr með það, hvor okkar væri Heródes og hvor Pílatus. *(Bjarni Jónsson:* Þeir mega skifta með sér störfum sjálfir). En þá vantar þriðju persónuna, sem sætti þá. Það er líklega Kristur frá Vogi, þótt innræti virðist harla ólíkt Kristi frá Nazaret.

Eg stend við það, að mér virðist það hverflyndi, ef háttv. þingmenn, sem friðuðu örninn í fyrra, færi nú að greiða atkvæði með ófriðun hans. Og eg trúi því ekki fyrr en eg tek á því.

Háttv. þm. (B. J.) kannaðist við það, að skáldin mundu sakna arnarins og síteraði Jónas Hallgrímsson:

»Klógulir ernir yfir veiði hlakka«.

Hann var í því sambandi að tala um vötnin í Árnessýslu, en eg held að hv. þm skjátlist í þessu. Jónas mun hafa átt við Rangárvallasýslu. Annars vænti

eg, að þetta hégómlega frv. verði felt. Oss er það miklu meira tjón að vera án arnarins en þótt hann tæki eitt horlamb kanske tíunda hvert ár.

Eg gæti fallist á till. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að landið borgaði verð þessarra fáu horlamba, sem örninn tæki, ef glöggar skýrslur fengist um, hve mörg þau væri. Það færi þá bezt á því, að leidd væri þingvitni um það vestur í Dalasýslu. Það mundi borga sig mikið betur en að útrýma hér á landi konungi fuglanna. Það er að vísu satt hjá háttv. þingm., að hreiður arnanna eru friðuð, en það kemur að litlu liði. Eg býst ekki við, að margir ungar komi úr eggjunum, þegar búið er að skjóta makana.

Sigurður Sigurðsson: Eg hélt ekki, að það yrði svona miklar umræður um þetta mál, og sízt af öllu, að oss yrði gefið tækifæri til að skemta oss eins vel og raun er á orðin.

Það er ekki miklu að svara af því, sem fram er komið, en þó get eg ekki stilt mig um það að gera tvær athugasemdir:

Rauði þráðurinn í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) var sá, að eg legðist á móti þessu frv. vegna þess, að eg ætti engin lömb. Eg skaut því þá fram, að hann hefði enga hugmynd um, hvort svo væri eða ekki.

Annars er ástæðulaust að svara þesskonar sökum nokkuð frekara. Þau bera sönnunargildi sitt svo ljóst í sjálfu sér, að ekki þarf að skýra það nánara.

Eg hefi ekki mikið að segja út af ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann bar mér það á brýn, að eg væri óvinveittur skáldunum — vildi þau helzt ófriðuð í stað arnarins. Eg veit ekki, hvaðan honum kemur sá vísdómur. Eg hefi aldrei sagt neitt í þá átt. Hitt veit eg, að hann kannast við, að það eru ekki allir skáld, þótt þeir yrki, eða jafnvel þótt þeir njóti skáldastyrks.

Annars skal eg ekki fara langt út í þá sálma, því að það kemur ekki þessu máli við.

En á það vil eg minna háttv. þm. Dal. (B. J.), að verði örnunum útrýmt, þá missa skáldin eitt af yrkisefnum sínum. Það gæti þá ef til vill orðið til þess, að ástæða væri til að draga dálítið af skáldastyrknum fyrir bragðið.

Það hefir verið sagt, að vér ættum að farga öllum skepnum, sem geri oss tjón. En hvar á þá staðar að nema? Það er síður en svo, að örninn sé ofarlega í tölu þeirra dýra, sem vinna oss tjón. Sá skaði, sem hann gerir, er afarlítill í samanburði við ýms önnur dýr, svo sem mýs, rottur o. o. fl. Og húsdýrin svo nefndu gera oss oft mikinn skaða, t. d. kötturinn. Eg las það nýlega í blaði, að hundur hefði rifið á hol kindur upp í Mosfellssveit. Og þó er hundurinn eitt af vorum þarfaskepnum, og naumast mun háttv. þm. Mýramanna (J. E.) vilja ófriða hundinn, þó að það hafi komið fyrir, að hann rífi skepnur á hol.

Þessi mælikvarði er því einskis nýtur. Eg skal svo ekki fara lengra út í þessi mál. Það eru þegar færð nóg rök að því, að þetta frv. á ekki að ganga fram.

Guðm. Eggerz: Eg skal lofa hv. deild því, að vera stuttorður. Því er ekki eins varið með mig eins og háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann virðist eiga eins bágt með að þegja og fýlungi í bjargi.

Eg hefi ekki tilefni til þess að svara háttv. þm. Rang. (E. J.) öðru en því, að það er ekki rétt að kenna erninum það, að aldrei hefir orðið fullorðin kind úr dauðu lambi, og jafnvel ekki heldur

þótt ekki verði altaf úr lifandi lambi. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að arnarhreiður hefði verið í Arnardranga, og bjóst hann við því, að eg mundi hafa séð ungana í hreiðrinu frá heimili mínu í Akureyjum, sem liggja 3 kvartmílur frá landi. Að vísu er eg nokkuð sjóndapur, en eg býst samt við því, að allskarpa sjón — skarpari en okkar háttv. þm. Dal. (B. J.) — þyrfti til þess að sjá slíkt.

En því er nú svo farið með háttv. þm. Dal. (B. J.), að hann flytur þetta frv. að vilja kjósenda sinna. Honum finst það vera skylda sín að flytja alt, sem þeir fara fram á við hann, hversu mikil firra, sem það er.

Þó að hver bóndi í Dalasýslu vildi hafa járnbraut heim í túnið til sín, þá er eg sannfærður um, að háttv. þm. (B. J.) mundi flytja frv., sem færi fram á það. Hann færði engin rök fyrir máli sínu. Ræða hans var aðeins »mislukkaðar vittigheder« og smáhnútur, sem eg er búinn að gleyma.

Hann sagði, að hugur minn gripi ekki yfir það, sem hann hefir lært. Eg er ánægður, ef hann grípur yfir það, sem háttv. þm. (B. J.) hefir ekki lært.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Það eru til setningar í hugsunarfræðinni, sem ekki má snúa við. T. d. snjór er hvítur, sykur er hvítur, ergo er sykur = snjór. Flestar ályktanir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) eru af þessu bergi brotnar. Eg sé, að hann vill ekki hlusta á ræðu mína. Eg get þá geymt athugasemdirnar þangað til síðar.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) þótti það hugleysi af mér að bera fram frv., í samræmi við almennan héraðsvilja í kjördæmi mínu. Eg læt hvern sem vill dæma um það, hvort eg sé tvífættur héri eða ekki — en hitt er víst, að nóg er af þessum hugprúðu dýrum hér á landi, og ber frekar á þeim þegar um sjálfstæði landsins út á við er að ræða en í innanlandsmálum. En eg álít það hugprúðara að halda fast fram réttmætum kröfum síns héraðs, heldur en að taka strax til fótanna eins og hérar, þegar um það er að ræða að verjast erlendum ágangi og heimta aftur tekinn ránsfeng. Hann er reiður yfir horlömbunum, sem hann segir, að fallið hafi í Dölunum, en á hinum þræðinum neitar hann, að nokkurt lamb hafi drepist.

Þarna kemur hann upp um sjálfan sig. Þessi orð hans um horlömbin bera vitni um það, að hann hefir tekið á bringukollinum á þessum dauðu lömbum — annars gat hann ekki vitað að þau væri horuð.

Háttv. 1. þm. Árn. (Sig. Sig.) ályktaði sem svo — eg vil benda mönnum á það, það getur ef til vill ráðið atkvæðum hér — að ef ófriða skal örninn, vegna þess að hann drepi lömb, þá ætti að ófriða alla hunda, því að þeir gæti líka drepið lömb, og þá líklega alla menn, sem slátra lömbunum og eta þau. Svona ályktanir skýra svo vel málið, að rétt er að setja feitt stryk undir það.

Viðvíkjandi biblíuskýringum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skal eg geta þess, að eg er enginn Kristur, og Kristur var ekki frá Vogi. Kristur frá Nazaret þýðir smurlingur frá beitarhúsum, en eg veit ekki til þess, að eg hafi nokkurntíma verið smurður, þótt eg geti ekki neitað því, að eg hafi komið í mörg beitarhús. En annars var það ekki eg, sem sætti þessa fornu féndur, heldur vóru það þessi saklausu lömb vestan úr Dalasýslu, eins og segir í stökunni:

Féndur grimmir flugust á
í fyrra, út af hvölum.
En í sumar sættu þá
saklaus lömb úr Dölum.

Guðm. Hannesson: Háttv. þm. Mýr. (J. E.) kvað það hugsjón menningarinnar að útrýma öllum dýrum, sem þjóðinni væri til fjármunalegrar bölvunar.

Hugsjónir menningarinnar fara eftir því, á hverju stigi menningin er. Lægsta stigið er að drepa alt og éta, sem tönn á festir — hæsta, að meta mjög mikils það, sem prýðir og hefir verulegt fegurðargildi.

Um frv. þetta er það skemst að segja, að það er til ills eins, og sjálfsagt að fella það. Svo mun vera sem háttv. þm. Mýr. (J. E.) segir, að örninn muni drepinn, ef hann gerir tilfinnanlegan skaða, hvað sem lögin segja. Frv. er því óþarft. En skaða gerir það að því leyti, að nú eru ernir skotnir til þess að troða belgina út og selja. Það er ilt verk og óþarft, því að enginn mun efast um, að þessi fallegi fugl er að deyja út hér á landi.

Forseti (Ól. B.): Þessar umræður, sem orðið hafa um þetta mál, hafa haft þann blæ á sér að mörgu leyti, sem ekki sæmir löggjafarþingi. Eg vona, að þetta verði háttv. þm. til aðvörunar, en ekki eftirbreytni.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Hallsson	Guðm. Hannesson
Einar Arnórsson	Björn Kristjánsson
Einar Jónsson	Guðm. Eggerz
Hjörtur Snorrason	Matthías Ólafsson
Jóhann Eyjólfsson	Pétur Jónsson
Jón Jónsson	Sigurður Sigurðsson
Magnús Kristjánss.	Skúli Thoroddsen
Sigurður Gunnarss.	Sveinn Björnsson
Stefán Stefánsson	Þorleifur Jónsson.
Þórarinn Benediktss.	

4 þm. fjarstaddir.

Frumv. afgreitt til Ed.

---

9. Forðagæzla.

Á 6. fundi Nd, miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu. (Þskj. 42).

Á 13. fundi Nd., fimtudaginn 16. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutn.m. (Einar Arnórsson): Eg get verið fáorður um þetta frumv. Það er fram komið í því skyni að ráða bót á göllum, sem þykja vera á forðagæzlulögunum frá síðasta þingi. Það hefir komið fyrir síðan þessi lög gengu í gildi, að hreppsbúar hafa alls ekki kosið forðagæzlumenn eins og skipað er fyrir í lögunum. Frumv. á að ráða bót á þessu með því að koma því ákvæði inn í lögin, að sýslumenn geti skipað forðagæzlumenn, ef hreppsbúar vanrækja að kjósa þá. Önnur breytingin miðar að því að gefa hreppstjórum heimild til að taka búfénað frá búanda, ef skoðunarmaður álítur, að hann hafi ekki nægt fóður, eða afla fóðurs á hans kostnað.

Lögin eru, eins og þau eru nú, lex imperfecta, þ. e. a. s. ekki hægt að framfylgja þeim eins og þörf er á. Hvað trygginguna snertir, sýnist ekki nema réttlátt, að hreppurinn eigi rétt á að ná endurgjaldi fyrir það fóður, sem hann leggur fram.

Eg leyfi mér svo að stinga upp á, að þessu frumv. verði, að umr. lokinni, vís-

að til nefndar þeirrar, sem fjallar um breytingu á bjargráðasjóðslögunum, því að málin eru all-skyld.

Þorleifur Jónsson: Eg hélt satt að segja, að það yrði ekki á þessu þingi tekið til bragðs að lappa upp á forðagæzlulögin. Mér er það reyndar kunnugt, að víða um land er töluverð óánægja með lögin, eins og þau vóru samþykt á síðasta þingi, og töluverður óhugur í almenningi út af sumum ákvæðum þeirra. Það hefir jafnvel komið fram áskorun í mínu kjördæmi um að fá lögin afnumin. En eg býst við, að ekki þýði mikið að fara fram á það hér á þingi nú, því mér er kunnugt um, að margir háttv. þingdeildarmenn álíta þessi forðagæzlulög alveg ómissandi, eg held þau sé frá sumra sjónarmiði hér nokkurskonar Brama-lífs-elexir, eða allsherjar meðal við öllum meinum búnaðarins. Eg er þó í sannleika hræddur um, að lögin nái seint tilgangi sínum, eins og nú er frá þeim gengið. Þau eru bæði kostnaðarsöm og svo get eg ekki skilið, að þau geti komið í veg fyrir afleiðingar af vondum árum hér á landi. — Jafnvel þótt menn hafi víða risið öndverðir gegn þessum lögum, þá hafa menn þó víðast, þar sem eg þekki til, komið nafninu á að kjósa forðagæzlumenn. En það er áreiðanlega skoðun bænda, að ekki sé kostandi miklu upp á slíkt eftirlit og því verða þessi lög sama pappírsgagnið, eins og gömlu horfellislögin. Jafnvel Torfi í Ólafsdal, sem hefir sjálfsagt flestum mönnum meira hugsað um þessi efni, hefir nýlega skrifað ritgjörð um forðagæzlulögin. Virðist honum þingið hafa gengið oflangt í að valdbjóða þetta eftirlit, og telur mikil vandkvæði á framkvæmd slíks valdboðs. Hann segir á einum stað: »Það sem þingið gerði 1913, getur alls ekki komið í veg fyrir fénaðarfelli«. Þegar þessi maður hefir nú kveðið upp þann dóm, að lögin geti ekki komið í veg fyrir fénaðarfelli, hví skyldum vér þá vera að lappa upp á þau nú? *(Sigurður Sigurðsson:* Honum þykir þau ganga ofskamt). Ef til vill ofskamt að sumu leyti, en að öðru leyti oflangt.

Þar sem ekki er hægt að fá því framgengt, að lögin frá 1913 verði afnumin, vil eg ekki leggja lið mitt til þess að lappa upp á þau. Réttara væri, að stjórnin tæki forðagæzlumálið til rækilegrar meðferðar. Eg held, að þessi viðbót sé óþörf og ætti ekki að ná fram að ganga á þessu þingi.

Guðmundur Eggerz: Mér þætti gaman að fá að vita, hvaðan sú reynsla er fengin, að hreppsnefndir hafi almennt ekki viljað láta kjósa forðagæzlumenn. Þeir, sem knúðu þessi lög hér í gegn um deildina í fyrra, hafa ekki gætt þess, að ákveða, hvenær kosning skyldi fram fara. Úr þessu hefir stjórnarráðið bætt með því að skrifa sýslumönnum og leggja fyrir þá að láta kosningu fara fram í júlímánuði. Það er nú júlímánuður, og þessvegna er mér ómögulegt að fá það inn í mitt höfuð, að nokkur reynsla sé fengin í þessu efni. Eg hefi, þar sem eg þekki til, alls ekki orðið var við neinn mótþróa móti þessum lögum. Að öðru leyti vil eg athuga það við þetta frumv., sem hér liggur fyrir, að svo gæti farið, að margir menn í sama hreppnum yrði heylitlir að áliti forðagæzlumanns, og getur það þá orðið hættulegt að ákveða, að hreppsnefndin skuli ábyrgjast alt fóður handa þeim mönnum. Annars skal eg ekki fara út í einstök atriði nú, en hræddur eg um, að þetta yrði pappírslög, sem auk þess bera á sér þvingunarmarkið. Og það er ekki gott né heppilegt að ætla sér að lagfæra það, sem aflaga fer, með þvingun. Það er álit margra manna, að bændum lærist, að þeir hafi bezt upp

úr skepnum sínum með því að fara vel með þær. Á það mætti leggja meiri áherzlu, að kenna mönnum að hirða skepnur sínar vel, en leiðin til þess er ekki þvingunarlög ofan í þvingunarlög. Eftir því, sem eg þekki til, held eg, að mér sé óhætt að segja, að hafi menn verið óánægðir með lögin í fyrra, þá mundu menn verða ennþá óánægðari ef þessi viðbót næði fram að ganga. Auk þess er það mjög svo ískyggilegt, að vera altaf að gera breytingar á spánnýjum lögum. Vildi eg helzt óska, að ekki yrði haft svo mikið við þetta frv. að setja það í nefnd, og tel heppilegast að drepa það nú þegar.

Björn Hallsson: Eg bað um orðið til þess að minnast á atriði, sem síðasti ræðumaður drap á o. fl. Þar sem eg er kunnugur hefir það ekki komið fyrir, að hreppsbúar hafi neitað að kjósa forðagæzlumenn, en víða gekk það aftur á móti tregt að fá menn til þess að takast starfann á hendur, því að það er vandasamt og vanþakklátt starf. Auk þess sáu menn líka, að lögin gera ráð fyrir mikið auknum kostnaði á sveitarsjóðunum, enda þótt svo hlægilega sé komist að orði í lögunum, að skoðunarmenn skuli hafa »alt að« 2 kr. starfalaun á dag. Þetta er reyndar í fullu samræmi við það, sem tíðkanlegt er þegar verið er að tiltaka laun handa alþýðumönnum. Þá er sjálfsagt að taka alt af til sem smánarlegast boð.

Eg hefi ekki heyrt þess getið fyrr en áðan hjá háttv. flutningsmanni (E. A.), að það hafi komið fyrir, að hreppsbúar hafi neitað að kjósa forðagæzlumenn. Í sjálfu sér er það þó eðlilegt af þeim mönnum, sem eru alveg fráhverfir forðagæzlulögunum. Eg álít varhugavert að gera gangskör að því, að herða á ákvæðum þeirra sem stendur. Það er rétt að sjá, hvernig gengur að framkvæma þau, áður en farið er lengra út í sakirnar. Eg vil þó ekki beint fara að setja fótinn fyrir þetta frumv., álít rétt, að það fái að komast í nefnd, en ekki lízt mér á það. Eg held til dæmis, að það yrði ekki til að auka vinsæld laganna, ef sýslumenn þyrfti að skipa skoðunarmennina.

Eg verð að geta þess, að eg skil ekki orðalagið sumstaðar í frumv. Eg hefi aldrei heyrt talað um að »leggja af« skepnur. *(Einar Arnórsson:* Það er gamalt og gott mál). Eg hefi ekki heyrt það fyrr, en þar á móti er altítt að tala um að leggja þær »frá«.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Eg get farið stutt yfir sögu, því að þeir, sem talað hafa á móti frumv., hafa flestir sagt hið sama. Þeir hafa talað um, að ekki hafi fengist nein reynsla fyrir því, að hreppsbúar hafi ekki viljað kjósa forðagæzlumenn. Þeir þekkja nú sjálfsagt til í sínum kjördæmum, en naumast annarstaðar. Þessi reynsla er, eins og eg sagði, þegar fengin. Þeir kannast við, að menn sé meira og minna óánægðir með lögin. En fyrst lögin þykja ótæk, því í dauðanum koma þeir þá ekki með tillögu um að nema þau úr gildi, heldur en að láta ónýt pappírslög standa?

Einhver var að tala um, að réttast væri, að stjórnin tæki málið til meðferðar. Það er algengt orðið, að fólkið heldur, að þingið geti alt, og þingið heldur svo, að stjórnin geti alt.

Eg get verið sammála háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) um það, að borgunin, sem forðagæzlumönnum er ætluð, sé of lág. En það kemur þessu frumv. ekki við. Þetta frumvarp á að eins að bæta úr göllum, sem valda því, að lögin geta ekki orðið framkvæmd.

Eg býst nú við, að óánægjan með þessi lög sé ekki eins algeng og þessir

háttv. þingmenn virðast ætla. Eg hefi hér fyrir framan mig sýslufundargjörð úr Árnessýslu, þar sem farið er fram á, að lögunum verði breytt í líka átt og hér er ætlast til með þessu frumvarpi. *(Guðm. Eggerz:* Það er ekki mikið að marka). Það er að minsta kosti eins mikið að marka sýslunefnd Árnesinga og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.).

Það getur verið, að það sé rétt, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði, að lögin geti ekki komið að því gagni, að þau geti afstýrt fjárfelli. En sé þeim framfylgt sæmilega, ætti þau að minsta kosti oft að geta komið í veg fyrir fjárfelli. Og þegar um tvent ilt er að velja, þá taka skynsamir menn venjulega það sem skárra er.

Þá hefir verið sagt, að þetta sé *valdboð*. Það er mikið rétt. Öll lög eru valdboð. Eg þekki að minsta kosti engin lög, sem ekki eru valdboð. Það er t. d. valdboð, að eg megi ekki stela.

Mér er ómögulegt að skilja í því, að menn skuli amast við því ákvæði, að sýslumenn skuli skipa forðagæzlumenn, þegar hreppsbúar gera ekki skyldu sína í því efni. Það er að vísu þrotaráð, en eg sé ekki betur, en að til þess verði að taka, þegar hreppsmenn vilja ekki ráða því sjálfir.

Svo hefir verið talað um, að það sé varhugavert að breyta nýjum lögum. En hvað mega þá lög vera gömul til þess að það megi fara að breyta þeim? Eg vil leyfa mér að skjóta þeirri spurningu til þeirra manna, sem alt af eru að þessu tali um það, að ekki megi breyta nýjum lögum.

Að svo komnu tel eg óþarft að tala meira um þetta. Eg vænti þess, að deildin hafi svo mikið við málið, þótt hún vilji máske ekki hafa svo mikið við flutningsmennina, að hún setji nefnd í það.

Eggert Pálsson: Eg verð að taka í sama strenginn og þeir, sem hafa andmælt þeirri lagabreytingu, sem hér er farið fram á. Mér er kunnugt um, að þessi lög hafa mætt mjög mikilli mótspyrnu, og get eg þannig staðfest þau ummæli, sem hér hafa fallið um það. Það hefir átt sér stað, þar sem eg þekki bezt til, að menn hafa neitað að kjósa forðagæzlumenn einmitt til þess að láta í ljós óánægju sína, fremur en af því, að þeir hafi haldið, að lögin yrði óframkvæmanleg fyrir það. Þeir litu svo á, að þó að þeir kysi ekki, þá yrði stjórnarvöldin að skipa þessa forðagæzlumenn, enda liggur það beint í augum uppi, að svo framarlega, sem lögin eiga að framkvæmast, verða einhverjir forðagæzlumenn, einn eða fleiri, að vera til í hverjum hreppi. Með tilliti til þessa er því þessi 1. gr. frumv. algerlega óþörf. Breyting á lögunum vegna þessa atriðis er því frá mínu sjónarmiði þýðingarlaus. Það sem vakir fyrir mér með því að leggjast á móti þessu frumvarpi er það, að mér er kunnugt um — og svo mun háttv. flutningsmönnum líka vera — að óánægja manna út af þessum lögum, er afarmikil. Mér virðist því, að það sé ekki til annars en að kasta nýju eldsneyti á óánægjuglóðirnar að ætla sér að fara nú að lappa upp á lögin á þennan hátt, sem hér er farið fram á. Eg veit líka, að háttv. fyrra flutningsm. þessa frumv., 1. þm. Árn. (S. S.) hlýtur að vera kunnugt um, að sams konar megn óánægja með lögin eigi sér einnig stað í kjördæmi hans. Þetta virðist og óbeinlínis koma í ljós í afstöðu hans gagnvart frumvarpi þessu. Því að þótt hans nafn standi framar sem flutningsmanns, þá hefir hann ekki tekið að sér að vera formælandi þess hér í deildinni, heldur lætur samþingismann sinn hafa hér alt fyrir.

Þessi verkaskifting milli flutningsmanna, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) verður hér að hafa alt fyrir og vera einn formælandi frumvarpsins, stafar bersýnilega af því, að hann er ókunnari skoðunum manna í kjördæminu í þessu efni. Að öðrum kosti býst eg ekki við, að hann hefði tekið að sér framsöguna, því að ekki býst eg við, að hann sem lögmaður hafi álitið breytinguna, sem 1. gr. frumv. gerir á forðagæzlulögunum, svo nauðsynlega, að hann þess vegna hafi viljað taka að sér það vanþakkláta verk, að gerast formælandi frumvarpsins og forðagæzlulaganna yfir höfuð. Eg trúi því ekki fyrr en eg tek á, að hann áliti þessa lagabreytingu nauðsynlega, vegna þeirra ákvæða, sem 1. gr. frumv. inniheldur, um það, hvernig að skuli fara, ef hreppsbúar vilja ekki neyta kosningarréttar síns. Eg býst við, að hann hljóti að vera mér samdóma í því, að þá sé ekki um annað að gera — þótt þetta frumvarp verði ekki að lögum — en að landsstjórnin verði að skipa forðagæzlumanninn.

Hin breytingin, sem frv. inniheldur, er talsvert veigameiri, það játa eg. En hlýtur líka að hafa í för með sér stórum aukna ábyrgð forðagæzlumannanna. Ef þeir eiga að hafa leyfi til þess að taka fénaðinn af eiganda og koma honum til fóðurs hjá öðrum, þá bera þeir ekki að eins ábyrgð á því, að fénaður sá lifi í fardögum, heldur líka að hann sé afhentur í góðu ástandi. Það nær engri átt, að eigandi þurfi að sætta sig við að fá að eins rytjuna af skepnu sinni, eftir að forðagæzlumaður eða hreppsnefnd hefir tekið hana af honum með valdi til þess að koma henni annarsstaðar fyrir og heimtað af honum fullkomna meðgjöf með henni. Um leið og vald forðagæzlumanna er aukið, hlýtur líka ábyrgð þeirra að aukast, svo framarlega sem nokkurt réttlæti fær að ráða.

Hvað það snertir, sem nokkrir andmælendur frumvarpsins hafa bent á, að réttast myndi að nema sjálfforðagæzlulögin úr gildi, þá skal eg taka það fram, að ekki skal standa á mínu atkvæði til þess. Að eg ekki hefi gerst hvatamaður að því, stafar ekki af því, að eg áliti lögin góð, heldur af hinu, að eg tel tormerki á því að afnám laganna fáist í gegn hér á þinginu að þessu sinni, og því þýðingarlaust að bera fram uppástungu um það. En nái þessar breytingar fram að ganga, þá er eg sannfærður um það, að óánægjuraddirnar í landinu verða svo sterkar, að þingið fær ekki staðið þær af sér til lengdar. —

Og verði þessi breyting, um að auka vald og þá jafnframt ábyrgð — ef ekki lagalega þá samt siðferðilega — forðagæzlumannanna, samþykt, þá er eg hræddur um, að það geti orðið þess valdandi, að síður fáist greindir og samvizkusamir menn til þess að takast þetta vandasama starf á hendur, og afleiðingin verði sú, að starfið lendi að eins í höndum hinna skeytingarlausari og samvizkulítilla manna, svo enn verra verði að búa undir lögunum en ella. Yfir höfuð hygg eg, að alt þetta forðagæzluvafstur verði ekki til þess að auka velgengni eða búskaparáhuga bænda, heldur þvert á móti.

Þegar allri ábyrgð er létt af einstaklingnum og varpað yfir á aðra, þá er hætt við, að það fremur dragi úr en auki atorku og dugnað einstaklingsins. Það er ekkert líklegra, en að menn hugsi sem svo, að minna geri til, þótt þeir sé fyrirhyggjulausir — þeim þýði hvort sem er ekkert að vera að gera ráðstafanir, þar sem forðagæzlumennirnir geti

alt af gripið fram í fyrir þeim og ónýtt þeirra eigin verk og fyrirætlanir.

Guðmundur Hannesson: Eg hefi litla trú á, að lagasetning geti komið að miklum notum í þessu efni. Þetta mál veltur aðallega á menningu og þroska alþýðunnar og án þessa skilyrðis verða öll svona lög áhrifalaus. Það var rætt nokkuð um málið á þingmálafundum í Húnavatnssýslu í vor. Menn vóru óánægðir með lögin — þótti þau pappírslög, því að áminningar forðagæzlumanna kæmi að engum notum. Þar var stungið upp á því, að gera þá breyting á lögunum, að sveitastjórnir gæti hlutast til um að fé yrði bjargað frá horfelli á kostnað eiganda. Eg verð nú að vera sammála háttv. flutningsmönnum um það, að þessar breytingar eru þarfar, ef lögin á annað borð eru ekki numin úr gildi.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Það er að eins stutt athugasemd vegna orða háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.). Eg býst við, að hann geti verið mér sammála um það, að það stendur ekki í lögunum, hver skipa eigi forðagæzlumann, ef hreppsmenn kjósa hann ekki. Hann segir, að þá eigi stjórnin að gera það — en það stendur *hvergi í lögunum*. En sé skýring háttv. þingmanns rétt, þá spillir það ekki til, að skýrt ákvæði um það standi í sjálfum lögunum, eins og ætlast er til með 1. gr. frumv.

Það er aldrei til tjóns, að lagaákvæði sé skýr — og hér er ekki einu sinni venja til þess að byggja á.

Háttv. þingmaður býst við, að þetta frv. muni kyrkja menn og drepa alla ábyrgðartilfinning einstaklinga. En þetta er alveg rangt. Eg býst við, að allir muni hugsa sem svo: fyrst hreppstjóri eða hreppsstjórn með ráði forðagæzlumanna getur tekið af mér fénaðinn, þá verð eg að fara skynsamlega að, svo að eg komist ekki í þær ófærur, að þess verði þörf. Allir betri menn munu hugsa svo, en hinir, sem trassafengnir eru, hafa enga ábyrgðartilfinningu að missa, svo að ekki verður að ræða þar um neina skerðingu á ábyrgðartilfinningu manna.

Þá vildi háttv. þingmaður nota það sem rök gegn frumvarpinu, að háttv. samþingismaður minn, sem er 1. flutningsmaður, er ekki framsögumaður. En eg skal láta hann vita það, að við erum svo góðir samverkamenn, að við skiftum með okkur verkum. Hann bar sinn hluta af byrðinni á fundinum í gær og eins verð eg að gera í dag.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til bjargráðasjóðsnefndarinnar með 17:1 atkv.

Vísað til 2. umr. með 12:1 atkv.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 27. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 42, n. 203).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Í þessu stutta nefndaráliti er gert grein fyrir flestu, sem um þetta frumv. þarf að segja. Frv. er í fullu samræmi við hin upprunalegu forðagæzlulög, en gerir þau að eins veigameiri og tryggir það betur en áður var, að þau komi að tilætluðum notum. Þannig er það með ákvæði 1. gr., um hvernig fara skuli að, ef menn kjósa ekki forðagæzlumenn. Það fyrirkomulag þótti oss hyggilegra og hagkvæmara heldur en sektir einar og kærur.

Það kostar meiri rekistefnu, en tryggir alls ekki að forðagæzlumenn sé til.

Um 2. gr. frumv. er nokkuð öðru máli

að gegna. Ákvæði forðagæzlulaganna gefa mjög litla trygging fyrir því að fénaður falli ekki, þrátt fyrir öll ráð forðagæzlumanns. Slíkt má hafa að engu, og hætt við að svo verði oft og alt komist í óefni. Með frv. er loku skotið fyrir þetta, að svo miklu leyti, sem gert verður með lagabókstaf einum. Líkindi eru til að fé verði, með þessu fyrirkomulagi bjargað frá felli, og lögin komi að tilætluðum notum. Það þótti samt hyggilegra, að hreppstjóri, sem frumv. veitir vald til að taka fé ábúanda og ala það á kostnað hans, gæti haft hreppsnefndaroddvita í ráðum með sér um slíkar ráðstafanir. Að þessu lýtur brtill. nefndarinnar á þskj. 203. Nefndin leit svo á, að ráðstöfunin yrði tryggari með þessu móti og fremur yrði komist hjá innansveitarskærum, sem oft mundi hætt við ella.

Þá þótti nefndinni rétt að fella burtu refsiákvæðin fyrir fóðurskort. Bar það hvorttveggja til þess, að líklegt þótti, að þau mundu lítt til framkvæmda koma, þótt þau stæði í lögunum, og svo hitt, að þau eru harla meiningarlítil ef frumvarpið verður samþykt og hreppstjóra gefið svo ríflegt vald til þess að bæta úr fóðurskorti.

Að endingu skal eg geta þess, að tillögur í sömu átt hafa komið fram á þingmálafundum, bæði sunnan lands og norðan. Vænti eg þess, að hv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á.

Guðmundur Eggerz: Viðvíkjandi 2. gr. skal eg leyfa mér að benda á það, að ekki er þar bætt neitt úr lögunum frá því í fyrra. Þar stendur svo í brtill. nefndarinnar: »Skal hreppstjóri ef unt er, o. s. frv., afla eða láta afla gegn ábyrgð sveitarsjóðs, en á kostnað búanda, fóðurs handa skepnum hans, eða koma þeim í fóður annarstaðar o. s. frv.«.

Hvað oft ætli það komi nú fyrir, að hreppstjóri sjái sér fært að gera þetta? Vitanlega aldrei. Það yrði ekki þægilegt fyrir hreppstjóra, að nota þessi lög í framkvæmdinni. Hugsum oss nú, að fyrst sé skoðað fyrri part vetrar, t. d. í nóvember. Eg geri ráð fyrir, að skoðunarmenn sé gætnir og setji eins vel á og beztu bændur. Ef þetta er nú stór hreppur með 40 bæjum — þetta er nú auðvitað sett af handahófi — og þar eru svo sem 4000 fjár, þá býst eg við, að ekki sé mjög djúpt tekið í árinni, þó að gert sé ráð fyrir því, að skoðunarmenn kæmist að þeirri niðurstöðu, að fækka þyrfti fénu um 500, til þess að tryggilega sé sett á, og eins og beztu bændur mundu gert hafa. Ef nú þetta yrði svona, hlutfallslega, alstaðar eða víðast, hvað á þá að gera við þetta fé? Ekki dugir að reka það í næstu sveit, því að þar er eins ástatt, og þó að það sé rekið til Reykjavíkur, þá hefir bjargráðastjórnin ekki hey, að eins gull eða seðla. Og væri þetta að vorinu, þá rekur alveg að hinu sama. Eini útvegurinn yrði að kaupa útlent fóður.

Þá getur þetta nýja ákvæði, um að fóðurs skuli aflað gegn ábyrgð sveitarsjóðs, orðið hættulegt fyrir sveitarsjóðina, ekki sízt af því, að komi lögin nokkurntíma í framkvæmd, þá kemur þetta ákvæði einmitt slóðunum til gagns, þeim mönnum, sem alt af setja ógætilega á, og ekki taka sér nærri, þó að hreppsfélaginu blæði. En það, sem eg legg mesta áherzlu á, er það, að þetta verða aldrei annað en pappírslög, og af þeirri ástæðu mun eg ekki ljá þeim mitt atkvæði.

Jón Jónsson: Eg býzt við, að eg greiði atkvæði með þessu frumv., þótt

eg sé samdóma háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) um það, að það muni ekki koma að miklu gagni. Eins og tekið hefir verið fram, er hreppstjóra ætlað að afla eða láta afla fóðurs á ábyrgð sveitarsjóðs, og álít eg það ekki heppilegt, að hreppstjóri, sem ekki er í hreppsnefnd, geti bakað sveitarsjóði þá ábyrgð, án samþykkis hreppsnefndar. Það er sagt, að tilætlunin sé sú, að þetta skuli gert með ráði oddvita, en í breyt.till. er þetta ekki fastákveðið, og þess vegna vildi eg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að orða þetta skýrara. Eg hefi minst á þetta við háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og sagði hann mér, að það væri ætlunin, að slíkar ráðstafanir væri gerðar í samráði við hreppsnefndaroddvita.

Einar Arnórsson: Það er rétt, sem háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) segir um þessa tilætlun okkar. Hann talaði við mig um þetta. En eg er ekki viss um, að hann hafi gætt þess, að í breyt.-till. er prentvilla. Þar stendur: »með ráði forðagæzlumanns eða forðagæzlumanns«, í staðinn fyrir »forðagæzlumanna« í síðari staðnum. Og meiningin er, að oddviti sé með í ráðum, auk forðagæzlumanns. En ef þetta þykir svo óskýrt, að það geti valdið misskilningi, þá er nefndin fús á að breyta því. Hún mun taka þetta til íhugunar, og eg vænti þess, að það verði ekki látið verða því til fyrirstöðu, að málið gangi til 3. umr.

Eggert Pálsson: Eg tók það fram þegar við 1. umr., að eg væri á móti þessu frumvarpi. Í fyrsta lagi af því, að 1. gr. þess er í raun og veru óþörf, og bætir ekki úr því ástandi, sem nú er, og í öðru lagi af því, að 2. gr. gengur oflangt inn á rétt einstaklingsins. Það er heimilað að taka frá mönnum og koma fyrir svo og svo mörgu af fé þeirra fyrir svo og svo háa meðgjöf, án þess að nokkur minsta trygging sé fyrir því, að eigandi fái þær aftur sómasamlega útlítandi að vori. Ef það á að vera heimilt, að svifta menn svo umráðum yfir fé sínu, þá ætti að minsta kosti að vera eitthvert ákvæði um, að það baki þeim ekki eignatjón, en það kemur hvergi fram.

Í þriðja lagi er eg mótfallinn frumv. af þeirri einföldu ástæðu, að eg get alls ekki felt mig við þetta forðagæzlugutl, í hverju formi sem það birtist. Það gerir aldrei neitt gagn, en gæti aftur á mót oft, í höndum samvizkulausra manna, gert stórt ógagn.

Þær breytingar, sem háttv. nefnd hefir stungið upp á að gera á frv. þessu, get eg heldur ekki séð að miði neitt til bóta, heldur jafnvel til hins gagnstæða. Í einni af brtill. nefndarinnar er meðal annars kveðið svo að orði, að ef forðagæzlumaður sjái fóðurskort fyrir hjá einhverjum búanda, þá skuli hann láta hreppstjóra vita, og skuli þá hreppstjóri eða hreppsnefnd afla fóðurs eða koma fénaðinum fyrir á kostnað eiganda Hvað sýnir þetta annað, en að þeir háttv. herrar, sem eru við þetta mál að fást, bera ekki hið minsta skynbragð á það mál, sem þeir eru þó að leitast við að setja lög um.

Eg get hugsað mér þessa nefndarmenn stadda einhversstaðar upp í sveitum í hreppsnefndarmannasporum í heyleysinu í vor sem leið. Mér er sem eg sjái þá, þegar hópar af mönnum koma til þeirra sem hreppsnefndarmanna og ekki biðja þá heldur bjóða, samkvæmt þeim lögum, er þeir sjálfir hafa sett, að láta sig hafa nægilegt fóður fyrir fénað sinn. Eg trúi ekki öðru, en að þeim mundi þá finnast nokkuð örðugt að fullnægja þeirri skyldu, sem þeir eru nú að leggja hreppsnefndunum á bak, og

það því fremur, sem þeirra eigin heyfengur — sem vel gæti átt sér stað — væri farinn að minka. — Sannleikurinn er sá í þessu máli, að ef einstaklingurinn getur ekki eða vill ekki sjá fyrir sér sjálfur, þá geta aðrir ekki veitt honum þá forsjá sem dugar.

Eg veit, að það hefir litla þýðingu að tala frekara um þetta, því að líklega verður frv. samþykt, þótt það sé aldrei annað en pappírsgagn og vitleysan einber. Að minsta kosti bendir undanfarandi reynsla í þá átt.

Stefán Stefánsson: Eg efast mjög um það, að breyt.till. nefndarinnar sé til verulegra bóta, og hvað snertir kosningu forðagæzlumanna, þá verð eg að vísu að trúa því, að fyrir hafi komið, að neitað hafi verið að kjósa þá, en eg verð að líta svo á, að í lögunum sé nægilega skýrt ákvæði, hvað kosningu forðagæzlumannanna snertir, því að í 12. gr. segir:

»Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr.«

Eg álít, að kosning forðagæslumanna sé einmitt ein slík fyrirskipun, samkv. þeim lögum, sem 12. gr. talar um. —

Annars vil eg skjóta því til nefndarinnar, henni til athugunar, hvort ekki sé rétt að koma með breytingu við 3. umr. þess efnis, að lögin nái eins til kaupstaða sem hreppa, því að í kaupstöðunum er þó ætið meira eða minna af búpeningi. Að minsta kosti er ekki svo lítið af búpeningi í þeim kaupstöðunum, sem eg þekki bezt. Og því ekki, að sá búpeningur njóti sömu verndar og sá sem er í sveitunum?

Af þessu, að ekki er fóðurbirgðaskoðun í kaupstöðunum, getur það leitt, að góðsamir bændur láti svo mikið af heyi til kaupstaðanna, að þeir komist í þrot, jafnvel þótt þeir sé álitnir birgir við fyrstu skoðun, að haustinu. Mér finst hér vera eyða í lögin, því að það er þó sannarlega meining laganna, ekki einasta að allar skepnur í landinu eigi að njóta sömu verndar, heldur líka að fyrirbyggja það, að einn bóndinn setji annan í fóðurskort fyrir skepnur sínar.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 10:6 atkv.

1. brt. 203 samþ. með 9:6 atkv.

2. brt. 203 — — 8:4 —

2. gr. þannig breytt feld með 8:8 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Björn Hallsson
Einar Arnórsson	Björn Kristjánsson
Hjörtur Snorrason	Guðm. Eggerz
Jón Jónsson	Jón Magnússon
Magnús Kristjánss.	Stefán Stefánsson
Matthías Ólafsson	Þór. Benediktsson
Sigurður Sigurðsson	Þorleifur Jónsson.

Jóhann Eyjólfsson og Sig. Gunnarsson greiddu eigi atkvæði.

Sjö þingmenn voru fjarstaddir.

3. gr. feld með 12:5 atkv. að viðhöfðu nafakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Björn Hallsson
Einar Arnórsson	Guðm. Eggerz
Hjörtur Snorrason	Jón Jónsson
Sig. Sigurðsson	Jón Magnússon
	Matthías Ólafsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson, Magnús Kristjánsson, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hl.

Átta þingmenn fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. *felt* frá 3. umr., með 15:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Björn Hallsson
Hjörtur Snorrason	Björn Kristjánsson
	Guðm. Eggerz
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Matthías Ólafsson
	Stefán Stefánsson
	Þór. Benediktsson.
	Þorleifur Jónsson.

Einar Arnórsson, Magnús Kristjánsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hl.

Sjö þingmenn fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

10. Breytingar á þingsköpum.

Á 7. fundi Nd., fimtud. 9. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp handa Alþingi, nr. 45, 10. nóv. 1905 (þskj. 47).

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Einar Arnórsson): Þetta frv. er framkomið, ekki einungis fyrir atfylgi mitt og þeirra manna, sem á því standa sem flutningsmenn, heldur og margra annarra mætra manna, bæði hér í deildinni og í Ed.

Flestar þær breytingar, sem frv. fer fram á, eru formeðlis, en þó eru nokkrar efnisbreytingar, sérstaklega við 10. gr. Þær hafa komið fram af því, að það hefir þótt nauðsynjamál að breyta ákvæðum þingskapanna hér að lútandi, vegna þess, að ráðsmenska sumra milliþingaforsetanna á seinustu árum hefir ekki þótt sem heppilegust. Kostnaður við útgáfu alþingistíðindanna hefir farið hækkandi ár frá ári, sérstaklega á 2 seinustu þingum, aukaþinginu 1912 og þinginu 1913. 1912 var kostnaðurinn við ritstjórn og prófarkalestur kr. 8,78 á hverja örk, eða 25% hærri heldur en 1909. Og 1913 verður ritstjórnarkostnaðurinn enn hærri, eða kr. 10,70 til uppjafnaðar á örkina, og þannig 22% hærri en 1912. Ef þessu heldur áfram í sama farinu, er ekki gott að vita hve hátt er hægt að komast með tímanum.

Menn skyldu nú ætla, að í útgáfu Alþingistíðindanna hefði verið lögð meiri vinna en áður. En því fer mjög fjarri. Þvert á móti sýnist minni vinna hafa verið lögð í það verk. Eg skal aðeins leyfa mér að benda á, að prófarkir eru miður lesnar en áður. Svo er málum raðað eftir fundum, og hlýtur það að létta »redaktionina« að mun. Auk þess er annar frágangur svo, að illmögulegt má heita að nota alþingistíðindin, m. a. vegna þess, að yfirskrift er engin yfir dálkunum og efnisyfirlit hvergi nærri svo fullkomið sem vera þyrfti. Af þessu er sýnt, að því getur ekki verið til að dreifa, að meiri vinna hafi verið lögð í ritstjórn og prófarkalestur heldur en áður. Svo er þess að gæta, að ýmislegt fleira er athugavert. Það kemur fyrir, að bersýnilegar villur í ræðum þingmanna eru ekki leiðréttar. Þannig er t. d. á dálki 2522 látin óleiðrétt bersýnileg villa, svo að setningin verður meiningarlaus. En vitanlega sér hver maður, sem ræðuna les, hvað ræðumaðurinn hefir meint. Það hefði átt að vera hægt með góðum vilja að leið-

rétta þetta, og líka hefði mátt bera sig saman við ræðumanninn, því að hann á heima hér á staðnum.

Í einu hefti alþingistíðindanna stendur svo, að rökstudd dagskrá, sem þingið samþykti í fyrra, hafi týnst á skrifstofunni. Þetta hefti var reyndar gjört upptækt, síðan endurprentað og þetta leiðrétt. En það vill þó svo til, að eg hefi hér við hendina eitt eintak af þessu »kriminella« hefti. Vitanlega var þessi rökstudda dagskrá bæði samtímis prentuð í skjalaparti þingtíðindanna og innfærð í bréfabók þingsins og gjörðabók, og þar að auki send stjórnarráðinu. — Þetta er augljós vottur um dæmafáa óvandvirkni á útgáfunni, og sýnist því ekki vera ástæðulaust, að reynt sé að ráða bót á slíku framvegis.

Að svo komnu sé eg ekki ástæðu til að ræða þetta meira, en leyfi mér að stinga upp á, að sjö manna nefnd verði sett í málið.

Pétur Jónsson: Eg tel víst, að nefnd verði kosin í þetta mál, og vildi eg leyfa mér að skjóta til nefndarinnar til sérstakrar íhugunar, atriði, sem ekki liggur beint í þessu frumv., nefnilega því, hvernig haga skuli útgáfu alþingistíðindanna framvegis, að því er snertir niðurröðunina. Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú venja, að hafa hvert mál og meðferð þess út af fyrir sig í umræðupörtum þingtíðindanna, og mun það vera ósk margra manna, að sú aðferðin mætti haldast. Hún hafði þann annmarka, að ekki var hægt að byrja á prentun fyrr en öll stærri mál vóru útkljáð á þinginu, en aftur á móti fylgdi henni sá kostur, að aðgengilegra var að lesa þingtíðindin. En nú hefir á seinustu þingum verið snúið að því ráði aftur, að gefa þ u út með gamla hættinum, þannig að hver fundur er út af fyrir sig, og mun það hafa verið gert til þess, að unt yrði að prenta þau jafnóðum, svo þau mætti senda út um land, ekki síðar en um haustnætur. Þessi árangur hefir þó ekki fengist, og síður en svo. Eg þori að fullyrða, að í haust sem leið var ekki helmingur alþingistíðindanna kominn til manna út um land. Eg held, að hyggilegt væri að breyta nú aftur um, því að það er mun þægilegra fyrir lesendur þingtíðindanna, að hvert mál sé haft út af fyrir sig.

Þetta vildi eg óska að hin hv. nefnd tæki til íhugunar og gerði einhverjar tillögur í einhverju formi þessu viðvíkjandi.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

7 manna nefnd samþ. í einu hljóði og í hana kosnir:

Einar Arnórsson
Þorleifur Jónsson
Björn Kristjánsson
Pétur Jónsson
Bjarni Jónsson
Jón Magnússon
Benedikt Sveinsson.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 27. júlí. var frumv. tekið til 2. u m r. (Þskj. 47, 199, n. 200).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg get verið stuttorður um þetta mál, því að nefndin, sem kosin var til að athuga það, hefir orðið öll á einu máli um að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið. Breytingar þær, sem nefndin leggur til, að gerðar sé á frumvarpinu, eru öllum ljósar og er því óþarfi að fara um þær mörgum orðum. Sumar breytingarnar á þingsköpunum leiða beint af hinni væntanlegu stjórn-

arskrárbreytingu. Aðrar eru aðeins gerðar til skýringar, en ekki til að breyta þingsköpunum að efni til; svo er t. d. um 1. breyt.till.

Við 2. gr. frumv. sem fjallar um 10. gr. þingskapanna, hefir nefndin leyft sér að koma fram með breyt.till. um það, að forsetar þingsins hafi leyfi til að annast sjálfir útgáfu þingtíðindanna, því að það virtist öllum nefndarmönnum fullhart að taka þann rétt af þeim, og hefir þetta atriði eigi þótt svo stórvægilegt, að ástæða væri til þess, að nefndin klofnaði um það.

Það varð því ofan á í nefndinni að láta forseta, svo sem áður, hafa á hendi eða sjá um útgáfu þingtíðindanna, ef þeir vildi sjálfir vinna verkið. En nefndinni þótti rétt að setja hámark fyrir því, hve mikið skyldi greiða fyrir hverja prentaða örk í ritstjórn, og er það 8 kr. Hámarkið er sett svo hátt, sérstaklega af því, að nefndarmenn gerðu ráð fyrir því, að útgáfunni yrði framvegis hagað svo, að hvert mál yrði fyrir sig og öll meðferð þess í deildunum, en ekki eins og verið hefir hin síðari þing, að farið sé um efnisröðun aðeins eftir fundum. Hægara þykir að nota þingtíðindin þannig úr garði ger. Svo hefir nefndin og lagt það til, að hámark borgunar fyrir samning og prófarkalestur efnisyfirlits verði lögákveðið 50 kr. á örkina. Hægt að fá nóga hæfa menn fyrir þá borgun.

Þá er 7. breyt.till. nefndarinnar, er fer fram á það, að 1. málsgr. 16. gr. þingskapanna breytist þannig, að við óhlutbundnar nefndarkosningar teljist auður seðill sem greitt atkvæði, ella ekki. Þetta ákvæði er nánast til skýringar. Sú venja, sem um þetta hefir verið undanfarin þing, að auður seðill teldist annars greitt atkvæði, virðist stríða á móti 42. gr. þingskapanna; að minsta kosti er hún gagnstæð hlutarins eðli. Eðlilegast að líta svo á, að sá, er skilar auðum seðli, hafi alls eigi greitt atkvæði, því að hann hefir eigi neytt atkvæðisréttar síns.

Aðrar breyt.till. nefndarinnar eru orðabreytinngar, og þarf eg ekki að gera grein fyrir þeim.

Í nefndarálitinu er nokkuð vikið að útgáfu þingtíðindanna og bóka- og skjalasafni þingsins. Í skjalasafni þingsins er geymd skjöl þingsins, nefndarálit og fleira, málaleitanir til þingsins og erindi og önnur skjöl, er þingið varða. Þetta skjalasafn þarf að vera í góðri röð og reglu, til þess að hægt sé að nota það. Mikið af skjalasafni þingsins er nú komið á landskjalasafnið og er *sá* hlutinn í góðri reglu. Hér eru geymd skjöl þingsins, þau sem 10—12 ára eru og þaðan af yngri. Sumu er þar raðað, sumu ekki. En auðvitað er bráðnauðsynlegt að koma góðu skipulagi á safnið.

Bókasafni þingsins er ætlað að geyma þær bækur, sem þingmönnum er þörf að nota við störf sín á þinginu, aðrar ekki. Mikið af bókasafninu mun vera gjafir einstakra manna, en þó hefir talsvert verið keypt af bókum. Ekki veit eg, hverir hafa á hendi bókakaup fyrir þingið, en kunnugt er mér um það, að milliþingaforsetarnir hafa keypt hitt og þetta, sem alls ekki á heima í safni þingsins, t. d. jafnvel rit fagurfræðilegs efnis, jafnvel skáldsögur; og veit eg, satt að segja, ekki, hvað þingið á við það að gera. Það, sem þingið þarf að eiga af bókakosti, er öll hin helztu rit um íslenzka stjórnfræði, svo sem Lovsamling for Island, Stjórnartíðindi og Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, og þau rit á þingið. En samt brestur mjög á um hirðusemi í samhaldi þeirra íslenzkra rita, er stjórn landsins skifta. T. d. vantar þingið Lögbirtingablaðið. Og verður það væntanlega útvegað

bráðlega, ef hægt er. Bankareikningum og ýmsu slíku smælki, sem þó getur verið nauðsyn á að hafa, og þinginu berst árlega, hefir alls eigi verið haldið saman. Svona má lengi telja. En jafnframt þarf þingið að eiga kost á því að sjá löggjöf annarra þjóða, og þarf því að eiga helztu lögbækur allra landa í Norðurálfu, að minsta kosti allra germanskra þjóða, t. d. borgaralagabálkinn þýzka, helztu lög Austurríkismanna, Þjóðverja og Svissa. Sömuleiðis góð rit um hverja grein þjóðhagsfræðinnar, hagskýrslur annarra landa í öllum greinum, skattskýrslur, tolla, landbúnaðar, verzlunar, sjávarafurða-skýrslur o. s. frv. Ennfremur 2—3 merk alfræðirit, eins og t. d. Encyclopedia Britannica, Handbuch der Staatswissenschaften eða þvílík rit.

Þetta, sem nú var talið, er sagt til leiðbeiningar fyrir þá, sem um safn þingsins sjá framvegis. Það verður ekki gert í stuttu máli að telja upp öll þau rit, sem þingið þarf að eiga, en eftir þessum grundvallarreglum, er nú vóru taldar, á að fara við bókavalið.

Í nefndarálitinu er vikið að því, að prentunarkostnaður á þingtíðindum og þingskjölum hafi verið óhæfilega hár upp á síðkastið. Eg hefi engu hér við að bæta. Núverandi forsetum og skrifstofu til lofs skal eg geta þess, að þessu hefir nú verið komið í lag með því að láta prentsmiðju þá, sem hlut á að máli, gera reikningsskil á hverri viku. Á síðari þingum hafa reikningsskil eigi verið gerð fyrr en seint og síðarmeir, á sumu eftir þing, og hefir þá, sem vonlegt er, oft verið ilt að átta sig á reikningunum, og ómögulegt að ætlast til þess, að rannsakað væri fyrir hvað hver reikningur væri. Þetta lag var og haft á öndverðu þessu þingi, og kendi hins sama, að verð var óhæfilega hátt. T. d. kostaði ein dagskrá í sameinuðu þingi, sem á stóð ein lína: »Prófun fjögurra kjörbréfa«, prentuð í 120 eintökum, *5 kr.*, og geta menn hér séð corpus delicti, þessa dagskrá. Það nær ekki nokkurri átt, að taka 5 kr. fyrir að prenta þenna bleðil. Enn var og, að prenta þurfti upp skjal, með þeirri einu breytingu, að setja X, setja rómverska tíu í það. Það kostaði kr. 2,90. 6 eintök af auglýsingu, 5—6 línur, sem bannar blaðamönnum að vera í hliðarherbergjum deildanna, kostuðu 2 kr. Þingmannaskrá kostaði kr. 18,60, en sögð er hæfileg borgun 10 kr. samkvæmt taxta prentara. Þannig má halda áfram. Það er ekki gott að segja, hve mikið hefir verið ofgoldið fyrir prentun, en það er víst, að það skiftir þúsundum kr. á ári.

Nú er þessu þó kipt í lag, og get eg þess til þess, að allir njóti sannmælis, forsetar, skrifstofa þingsins og prentsmiðjan.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 14 atkv. samhljóða.

1. brt. á þskj. 199 við 2. gr. samþ. með 15. atkv. samhlj.

2. brt. á þskj. 199 við 2. gr. samþ. með 17 atkv. samhlj.

3. brt. á þskj. 199 við 2. gr. samþ. með 18 atkv. samhlj.

4. brt. á þskj. 199 við 2. gr. talin samþ. án atkv.gr.

5. brt. á þskj. 199 við 2. gr. samþ. með 16 : 2.

2. gr. þannig breytt samþ. með 17 atkv. samhlj.

6. brt. á þskj. 199 við 3. gr. samþ. með 18 atkv. samhlj.

7. brt. á þskj. 199 við 3. gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

3. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.shlj.

4. gr. óbreytt samþykt með 17 atkv. samhlj.

8. brt. á þskj. 199 við 5. gr. samþ. með 17 atkv. samhlj.

5. gr. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.

6. gr. óbreytt samþ. með 16 atkv. samhlj.

9. brt á þskj. 199 við 7. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj.

7. gr. frv. þar með fallin.

10. brt. á þskj. 199 við 8. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj.

11. brt. á þskj. 199 við 8. gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

8. gr. þannig breytt samþ. með 18 atkv. samhlj.

9.—11. gr. (óbreyttar) samþ. með 20 samhlj. atkv.

12. brt. á þskj. 199 viðauki við 11. gr. samþ. með 18 atkv. samhlj.

12. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

13. brt. á þskj. 199 við 13. gr. samþ. með 14 atkv. samhlj.

Þrettánda gr. frv. þar með fallin.

14.—15. brt. á þskj. 199 við 14. gr. taldar samþ. án atkv.gr.

14. gr. þannig breytt og 15—16. gr. samþ. með 18 atkv. samhlj.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 atkv. samhlj.

Á 24. fundi Nd., miðvikud. 29. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (Þskj. 250).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

11. Þjóðjarðasala.

A 8. fundi Nd., föstud. 10. júlí, var útbýtt:

frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Núpi í Öxarfirði (þskj. 58).

Á 10. fundi Nd., mánud. 13. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Þetta litla frv. er flutt fyrir tilmæli ábúanda jarðarinnar Núps. Hann hefir búið á jörðinni í mörg ár og vill nú kaupa hana. En sá er hængur á, að sýslunefndin hefir lagt á móti sölu jarðarinnar. Ábúandinn hefir því snúið sér til þingsins og hefir bréf hans hér að lútandi verið lagt fram í lestrarsalnum. Í hreppnum, sem jörðin liggur í, hafa verið haldnir tveir fundir um málið síðastliðið vor, annar fyrir en hinn eftir sýslufund, og var það einróma ósk fundanna, að ábúandinn fengi jörðina keypta. Núpur liggur yzt í Öxarfirði — er ekki mikil jörð, en stendur til bóta, ef komið verður þar upp vatnsveitingum. En ábúandi getur ekki lagt í eins mikinn kostnað til þess meðan hann er leiguliði og hann mundi gera, ef hann væri eigandi jarðarinnar. Til þess að kostir hennar komi að fullum notum þarf hún að komast í sjálfsábúð.

Sveitin, sem jörðin liggur í, hefir í hyggju að koma sér upp heyforðabúri, og hefir það orðið að samningum milli ábúandans og sveitarbænda, að sveitin fengi 50—100 heyhesta ítak í jörðina árlega um aldur og ævi, ef jörðin fengist keypt. Það, sem aftraði því, að málið næði fram að ganga á sýslunefndarfundi, var það, að menn höfðu fyrr meir álitið, að jörðin lægi vel fyrir læknissetur. Þetta var það, sem sýslunefndin bar fyrir sig, þegar hún lagði á móti sölu á jörðinni. Í sýslunefndargerð fundarins, sem haldinn var 16.—17.

maí síðastliðinn segir svo, að héraðsbúar hafi fyrr ætlað jörðina fyrir læknissetur. En þótt þetta hafi verið vilji manna fyrr, þá hefir sá vilji breyzt, því að nú hefir læknissetrið verið sett við Kópasker, og héraðsbúar hafa reist lækni þar timburhús. Þessi ástæða sýslunefndar er því þar með fallin úr sögunni. Jörðin lá að sönnu að sumu leyti vel við sem læknissetur. En þar sem nú lækni hefir verið reist hús að Kópaskeri, og það er eina kauptúnið, sem mestur hluti læknishéraðsins sækir til, og símastöð verður sett þar á næsta ári, þá væri ástæðulaust að fara að breyta til í þessu efni og færa læknissetrið innar í sveitina.

Eg get því ekki annað séð, en ástæða sýslunefndar sé ekki á rökum bygð og hún hefði því með góðri samvizku getað orðið við beiðni ábúandans. Það kemur ekki þessu máli við, hvaða skoðun menn hafa á þjóðjarðasölulögunum yfir höfuð. Eg skal geta þess, að sjálfur er eg þeim andstæður, en fyrst þau gilda á annað borð, þá er það hart, að einstaka maður njóti ekki sama réttar og aðrir. Það er síður en svo, að eg vilji selja þær jarðir, sem svo stendur á um, að salan geti komið í bága við hag almennings. En eins og sést á sveitarfundargerðunum, sem eg nefndi áðan, þá fer því fjarri, að svo sé ástatt hér. Eg vona, að þetta litla frv. fái framgang og skoðun manna á þjóðjarðasölumálinu bitni ekki á því. Vegna þess, að nokkuð mörg fylgiskjöl eru með frv., sem væri æskilegt að menn kynti sér, þá vil eg leggja til að kosin verði 5 manna nefnd í málið.

Pétur Jónsson: Enda þótt eg búist við að þetta frv. verði sett í nefnd, vil eg þó strax við þessa umr. segja fáein orð til þess að benda á, hve óheppileg braut það er, ef alþingi fer að gefa heimild til þess að selja þjóðjarðir til einstaklinga með sérstökum lögum. Tilgangur þjóðjarðasölulaganna er sá, að því að eins skuli þjóðjarðir seldar einstaklingum, að þær lendi í höndum ábúanda, og líkindi sé til þess að sjálfsábúðin haldist til frambúðar. Ef nú þingið fer með sérstökum lögum að hlutast til um sölu jarðanna, þá hlýtur þetta aðalprincip að raskast, og það jafnvel þótt sú sala, sem um er að ræða, sé til ábúandans sjálfs, eins og hér á sér stað, ef það er í trássi við tillögur sýslunefndar. Þá skapast það fordæmi, að þingið taki fram fyrir hendurnar á sýslunefndunum, sem þó hefir verið falið að gæta þess, að lögin nái tilgangi sínum og þeim jörðum sé eigi fargað, sem heppilegar eru eða geta orðið til opinberra nota. Enda er það auðsætt, að alþingi er að þessu leyti mikið verr sett heldur en sýslunefndirnar — það vantar kunnugleika í flestum tilfellum.

Eg ætla ekkert að fara út í það nú, hvort ástæður þær, sem hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kom fram með fyrir því, að alt mælti með því, að þessi jörð yrði seld. Og eg get hugsað, að dómur sýslunefndar hefði orðið annar, ef henni hefði verið kunnugt um sveitafundina, sem hv. þm. gat um. Það er ekki óliklegt, að sýslunefndin verði annarar skoðunar næst, ef þessi gögn verða lögð fyrir hana — og þá er hægt að selja ábúanda jörðina samkvæmt gildandi þjóðjarðasölulögum. Hve mikil sanngirni sé í því, að selja þessum leiguliða jörðina fer eg ekki út í.

Aðalatriðið er það að skapa ekki fordæmi, þannig, að aðaltilgangi laganna verði raskað.

Frams.m. (Benedikt Sveinsson): Háttv. þm. S.Þing. (P. J.) sagði,

að »aðalprincip« þjóðjarðasölulaganna væri það, að jörðin kæmist í hendur ábúenda. Eg get ekki annað séð, en þessu aðal-»principi« sé fullnægt með þessu frumvarpi. Hér er það einmitt ábúandinn, sem fer fram á að fá jörðina keypta. Og ekki get eg skilið það, að háttv. þingm. setji það fyrir sig, að sveitarfélagið á að fá ítak í jörðinni með góðum kjörum. Þetta er fremur útfærsla á »principinu«, en brot á því.

Þá virtist háttvirtur þingmaður vera þeirrar skoðunar, að sýslunefndirnar ætti að ráða öllu í þessum málum. Það getur verið gott og blessað, að leggja þetta undir sýslunefnd og oft koma þar auðvitað fram skynsamlegar athugasemdir, sem skylt er að hlíta. En óneitanlega virðast athugasemdirnar stundum vera svo af handahófi gerðar, að varhugavert er að gera sýslunefndirnar að hæstarétti í þessum málum.

Vér höfum einmitt dæmi þessa úr Norður-Þingeyjarsýslu. Þar hefir sýslunefnd mælt á móti sölu þriggja jarða: Presthóla, Ærlækjar og Núps — alt af þeirri ástæðu, að þær lægi vel sem læknissetur eða skólasetur og væri »vel í sveit komið«. En svo var læknissetrið sett á fjórðu jörðina. Og eina skólahúsið, sem reist hefir verið í þessum sveitum, er einmitt á gamalli þjóðjörð, sem sýslunefndin sá ekkert athugavert við að selja.

Menn sjá á þessum dæmum, hve veigamikil rök þessi muni vera. Það þýðir ekki að skírskota til ástæðna, sem einu sinni h a f a v e r i ð fyrir hendi, þegar þær eru fallnar úr sögunni, nema þingm. vilji geyma þessar jarðir eins og einhvern forngrip, svo sem tíundarlögin, af því að einhverjum hafi fyrr á tímum dottið í hug að nota þær til læknisseturs eða skólajarðar. En skólajörð verður Núpur trauðlega nokkurn tíma, þar sem hann er yzt á sveitarenda.

Háttvirtur þingmaður sagði, að líklegt væri, að úrskurður sýslunefndar hefði orðið annar, ef henni hefði verið kunnugt um sveitarfundinn, sem eg nefndi áðan. En sýslunefndin vissi einmitt vilja sveitarinnar í þessu efni, því að fyrri fundurinn, sem eg gat um, var einmitt haldinn á u n d a n sýslufundi og þar samþykt áskorun til hans um það, að mæla með sölu jarðarinnar. En þessi tregða á því, að fá samþykki sýslunefndar, stafar víst mest frá oddvita hennar, og svo er mér skrifað af skilríkum manni úr þessari sveit, að eini maðurinn af bændum þar, sem andvígur sé sölunni, sé einmitt sýslunefndarmaðurinn þeirra.

Annars skal eg ekki fara um þetta fleiri orðum nú, vegna þess, að eg býst við, að nefnd verði kosin í málið, og gefst mér þá kostur á að skýra það nánara.

Sveinn Björnsson: Eg heyrði það á ræðu háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.), að við erum sammála í þjóðjarðasölumálinu. En í því greinir okkur á, að þegar frumvarp um sölu einhverrar þjóðjarðar liggur fyrir, þá drögum við mismunandi ályktanir af þessari sameiginlegu skoðun. Af því að eg er mótfallinn sölu þjóðjarða, dreg eg þá ályktun, að ekki beri að selja þessa jörð, sem hér er um að ræða, fremur en aðrar. En háttv. þingmaður N.-Þing. (B. Sv.) álítur, að það komi ekki í bága við skoðun hans á þjóðjarðasölumálinu, að hann greiði atkvæði með sölu þessarar jarðar. Aftur á móti lít eg svo á, að fyrst eg er þessarar skoðunar, þá hljóti eg að nota hvert tækifæri, sem mér gefst, til þess að hindra það, að landssjóðsjörð verði seld.

Hér er um eitt tilfelli af þessu tægi að ræða. Ef til vill mætti segja, að það væri ekki hættulegt, að láta það »slarka« í þetta skifti. En háttvirtur þingmaður gaf það í skyn, að búast mætti við fleiru af þessu tagi, og því vildi hann, að nefnd yrði skipuð — »tendensinn« gægist hér fram, en hann er sá, að færa sviðið alt af meir og meir út, auka söluna. Þetta telur hv. þingmaður ekkert hættulegt, og þó er hann á sama máli og eg, að sala þjóðjarða sé skaðleg.

Það gæti auðvitað komið til mála, til þess að hindra þjóðjarðasöluna, að afnema lögin frá 1905, en það álít eg ekki rétt að svo stöddu. Eg er hræddur um, að það mæltist illa fyrir út um land, ef þau yrði nú afnumin, mönnum að óvörum. Annað mál væri það, að vér háttv. þingm. gætum komið oss saman um, að bera fram þingsályktunartillögu, þess efnis, að skora á stjórnina, að takmarka sem mest sölu þjóðjarðanna. Þegar þess er gætt, að lögin frá 1905 eru að eins heimildarlög, sem leggja stjórninni á vald, hvort jarðirnar verða seldar eða ekki, þá hlýtur hún að taka til greina áskorun þingsins um takmörkun á sölu jarðanna.

Eg er á þeirri skoðun, að þessi þjóðjarðasala sé eitt hið hættulegasta fyrir lánstraust landsins. Það var réttilega tekið fram, landinu til ágætis, í einni skýrslu, sem nýlega var prentuð, hvað það ætti mikið af fasteignum. Þær eru, og halda ætíð áfram að vera, hin eina eign þess, sem mölur og ryð fær eigi grandað, ef eg mætti svo að orði kveða. Og eftir því, sem framfarirnar aukast og meira er varið til þess, að bæta hag landsmanna, eftir því vaxa þær meira í verði.

Eg veit, að því hefir verið haldið fram, til meðmæla þjóðjarðasölunni, að æskilegt sé, að bændur eigi jarðir sínar sjálfir, til þess að þeir hafi fulla hvöt til þess að bæta þær, og því hefir jafnvel verið haldið fram, að þetta muni stemma stigu fyrir Vesturheimsferðum. En eg er eigi sannfærður um þetta; eg hygg, að vel mætti takast að fá jarðirnar fullvel setnar og gera menn ánægða að búa á þeim sem leiguliðar, ef breytt væri byggingarkjörunum á landssjóðsjörðum í heppilegra horf. Með því væri hægt að fá líka útkomu og yrði ef þeir ætti jarðirnar sjálfir, hvað bætur á þeim snertir.

Eg skal svo ekki segja meira að sinni, en eg mun nú sem oftar, er eg fæ tækifæri til þess, leggja á móti því, að meira sé gert að þessari stóru útsölu á þjóðjörðum, sem landssjóður byrjaði á 1905, og haldið hefir áfram síðan.

Bjarni Jónsson: Eg vildi aðeins segja örfá orð út af skoðanamuninum milli háttv. 1. þingm. Rvk. (Sv. B.) og háttv. þingm. N. Þing. (B. Sv.) á lögunum og afleiðingum þeirra. Eg get ekki séð, að nokkur réttlátur þingmaður geti neitað þessum manni um það nú, sem áður hefir verið margleyft öðrum eftir sömu lögum. Verð eg því, þótt eg sé annars á móti þjóðjarðasölu, að gera mér það að reglu, að vera með frumvörpum eins og þessu, meðan þjóðjarðasölulögin eru í gildi. Því að hitt nær ekki nokkurri átt, að fara nú alt í einu að meina mönnum sömu hlunnindi og aðrir hafa náð, samkvæmt þessum lögum, og gera þá þannig að hlutræningjum. Á hinn bóginn tel eg það ekki meira en meðal karlmenskuverk, að kippa lögunum um sölu þjóðjarða úr gildi, ef menn vilja ekki selja jarðirnar, og til þess skal mitt atkvæði ætíð vera á reiðum höndum. En hingað til hefi eg ávalt þótzt þess fullviss, að ekki myndi tjá að freista þess, að fá þau úr gildi mumin, og meðan svo stendur hefi

eg ekki viljað ljá liðsinni mitt í þinginu til þess, að reka albogann í þenna og þenna mann, sem ef til vill á tífalt meiri sanngirniskröfu til þess að fá jörð sína keypta, en ýmsir aðrir, sem það hnoss hafa hlotið.

Eg fæ eigi betur séð, en að hér gildi gamla setningin: »aut est, aut non est, tertium non datur«. Annaðhvort vilja menn selja jarðirnar eða ekki. Áskorun til stjórnarinnar tel eg ekki heldur réttu leiðina, en ef háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) vill flytja frumv. þess efnis, að nema þjóðjarðasölulögin úr gildi, þá skal eg vera meðflutningsmaður að því. En þangað til mun eg greiða atkvæði með því, að þessi maður fái jörð sína keypta eins og aðrir, því að eg þekki ekki það réttlæti, að sumir menn eigi að eiga meiri rétt, en aðrir. *(Jón Magnússon:* Er það nú víst?). Já. — Eg kannast að vísu við menn, sem gera kröfu til þess, að eiga meiri rétt en aðrir, en eg er ekki farinn að viðurkenna þá kröfu enn þá.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir nú að mestu tekið af mér ómakið og sýnt fram á það, hvað er aðalatriðið í þessu máli. Eg endurtek það, að það kemur í rauninni ekki þessu máli við, hverja skoðun menn hafa á þjóðjarðasölu alment. Það er ætíð rangt, að beita harðræði við einstaka menn og láta ekki lögin ganga jafnt yfir alla.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að úrskurður sýslunefndar um þetta efni er alls ekki óyggjandi. Í þessari sömu sveit hefir ein jörð, sem um tíma var læknissetur, og nú er eina jörðin, þar sem skólahús stendur, verið seld með samþykki sýslunefndar, athugasemdalaust. Þetta sýnir, hve mikið er að byggja á úrskurði sýslunefndar, þessum hæstaréttardómi, sem ýmsir vilja vera láta.

Eg get tekið í sama streng og háttv. þingm. Dal. (B. J.) um það, að þeir, sem ekki vilja selja þjóðjarðir, ætti að vinna hreinlega að því, að fá þjóðjarðasölulögin numin úr gildi, en ekki að nota sér misklíð manna heima í héruðum til þess að meina einstökum mönnum að njóta ákvæða laganna. Enda er það hér ekki einungis ábúandinn einn, sem óskar þess, að þessi jörð sé seld, heldur heilt sveitarfélag, því að bæði vita sveitarmenn, að jörðin muni þá verða enn betur setin, ef hún er í sjálfsábúð, og svo hafa þeir í annan stað áskilið sér rétt til slægna í landi jarðarinnar, sem þeir fá ekki að öðrum kosti. Menn kynni nú að segja, að þá lægi beinast við að sveitin keypti þá jörðina, en það kæra bændur sig ekki um. Þeim er nóg að fá þetta ítak.

Að fara að skora á stjórnina að takmarka sölu á þjóðjörðum fremur en nú er, hygg eg að myndi leiða til þess, að gerðir hennar í því efni yrði, eða þætti að minsta kosti verða, nokkuð af handahófi. Það er hætt við því, að óvinir hennar myndi halda því fram, að hún yrði ekki fullkomlega réttlát í afskiftum sínum af þeim málum. Að minsta kosti hefir það stundum verið sagt hingað til, að meiri hömlur hafi verið á því fyrir annan stjórnmálaflokkinn, en hinn, að ná kaupum á þjóðjörðum. Og það myndi að líkindum einnig verða svo framvegis, að vinir stjórnarinnar gæti túlkað svo mál sitt, að þeir fengi óskir sínar uppfyltar, en aftur yrði einhverir agnúar á því fyrir andstæðinga hennar, jörðum þeirra væri þá svo »vel í sveit komið« o. s. frv.

Eg vænti nú þess, hverja skoðun sem hver hefir á þjóðjarðasölunni alment, þá amist menn ekki við því, að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Jón Jónsson: Eg skal geta þess fyrir mitt leyti, að eg tel rétt að vera á móti þessu frumvarpi af sömu ástæðu og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það er óviðfeldið, að þingið fari að samþykkja lög um sölu á þjóðjörð, sem hlutaðeigandi sýslunefnd er mótfallin. Hins vegar get eg ekkert haft á móti frumvarpinu af þeirri ástæðu, sem hér hefir komið fram í umræðunum, að það sé skaði fyrir landssjóð, að selja þjóðjarðir. Eg finn ekki ástæðu til þess, að fara mörgum orðum um það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði í því sambandi. Um það atriði eru mjög skiftar skoðanir, hvort heppilegt sé að selja þjóðjarðir, eða ekki. En eins og nú er, eru til heimildarlög um sölu þjóðjarða, og eg teldi það fljótfærni, að fara að rjúka til að afnema þau, meðan ekki er fengin full reynsla á þeim. Það hefir verið talað um það hér í deildinni útaf öðrum lögum, að ekki ætti að raska þeim svo fljótt, og er nokkuð til í því. Eg geri líka ráð fyrir því, að reynslan muni sýna það, að hyggilegt sé að leyfa þessa sölu. Eg legg sem sé mesta áherzluna á það, að jörðunum sé sem mestur sómi sýndur og að þær fái sem bezta ábúð í framtíðinni, miklu meir en hitt, að landssjóður hafi meira lánstraust af því, að hann sé eigandi þeirra. Mér finst það einkennileg skoðun, þetta, að það rýri lánstraust landssjóðs, þótt hann selji landsmönnum jarðirnar. Eg hélt, að ef vér förum hyggilega að ráði voru í fjárstjórninni hér á þingi, þá verði engin hætta á því, að vér fáum ekki lán eftir þörfum. Og það er líka skrítið, að það ætti að vera svo torvelt, að fá lán ef þörf krefur, ef það sýnir sig, að vér tökum framförum bæði til lands og sjávar, jarðirnar hækka í verði og þar fram eftir götunum. Og á því hefi eg fasta trú, að það muni sýna sig, að sala þjóðjarða verði til þess, að búskapur á þeim verði miklu betri en ella.

Björn Hallsson: Eg hefði nú reyndar getað fallið frá orðinu, því að háttv. samþingismaður minn hefir þegar tekið fram mest af því, sem eg ætlaði að segja.

Umræður hafa farið talsvert út fyrir málið, sem er á dagskránni í dag, en það er eðlilegt þar sem þetta mál er um sölu á þjóðjörð, og því náskylt sölu þjóðjarða í heild sinni.

Mér datt í hug, þegar eg heyrði ræður þeirra háttv. þm., sem nú hafa tekið til máls og búsettir eru í Reykjavík, að þar skorti ekki samkomulagið. Þeir tóku allir í sama strenginn, móti þjóðjarðasölunni. Þeir hafa vafalaust talið sér það skylt, og þá er ekki nema eðlilegt þótt eg og aðrir, sem erum gagnstæðir skoðun þeirra, lýsum einnig afstöðu vorri til málsins, og verð eg þá að taka undir með háttv. samþingism. mínum (J. J.) og háttv. þm. S.-Þing (P. J.) Eg álít það mjög varhugavert að gera sýslunefndir ómyndugar í málum eins og þessu. Þetta er ekki svo að skilja, að eg sé á móti sölu þjóðjarða í sjálfu sér. Eg tel rétt að selja allar þjóðjarðir, ef ekkert er, sem sérstaklega mælir á móti, og eg get ekki sannfærst um það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) talaði um, að þetta gæti verið skaðlegt fyrir lánstraust landsins. Það er talað um, að landið bíði eignamissi við þjóðjarðasöluna, en með aukinni ræktun þess fæ eg ekki séð, að sú skoðun hafi við mikil rök að styðjast. Vér, sem erum sveitamenn, þekkjum það, að sjálfseignarjarðir eru sem oftast betur ræktaðar og hýstar en leigujarðir. Það er svo í því sem öðru, að eigin hagsmunir ráða ekki svo litlu. Þá fyrst, er menn eiga landið sjálfir, fá þeir verulega hvöt

til þess að leggja fram alla krafta sína til þess að rækta það sem bezt, en við það eykst einmitt verðgildi landsins í heild sinni, og jafnframt fær landssjóður peninga fyrir jarðirnar, sem seldar eru.

Eg býst nú við því, að nefnd verði sett í málið, og álít það líka rétt, og skal eg því ekki fara nánar út í það, að tala um söluna á þessarri einu jörð. En eins og eg hefi sagt, tel eg athugavert að ganga beint á móti tillögum sýslunefndar, en hinsvegar ekki mikið í húfi fyrir ábúanda, þótt hann verði að bíða eftir umsögn hennar næsta ár, og þá gæti eg ímyndað mér, að breyzt hafi ástæður þær, er hún hefir bygt mótmæli sín á, til þessa.

Sveinn Björnsson: Eg get ekki verið á sömu skoðun og hv. þm. Dal. (B. J.) um það, að af þessarri sameiginlegu skoðun okkar á þjóðjarðasölulögunum, leiði það, að í hvert skifti, sem farið er fram á það, að landssjóður selji einhverja þjóðjörð, þá sé það sjálfsagt af þinginu, að samþykkja það, því að annars sé menn beittir misrétti. Því að eins og eg tók fram áðan, álít eg það skyldu mína, í hvert skifti sem býðst tækifæri til þess að greiða atkvæði á móti því, sem eg tel rangt, þá að gera það. En ef háttv. þm. vill, þá skal eg, hvenær sem er, vera með honum í því að leggja til að þjóðjarðasölulögin sé afnumin.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að það kæmi ekki þessu máli við, hverja skoðun menn hefði á þjóðjarðasölunni yfirleitt. Þessu er þegar svarað. Eg álít þetta alvörumál, og mun reyna að beita mínu atkvæði til þess, að fá þessa sölu takmarkaða svo sem unt er. Sama hv. þm. leizt ekki vel á þá leið, að fela stjórninni með þingsályktunartillögu að takmarka söluna, eða hætta henni. Eg skal nú ekki fara út í það, sem hann sagði um afstöðu stjórnarinnar í því tilliti, en hitt ímynda eg mér, að stjórnin myndi telja sér skylt að taka fult tillit til slíkra tilmæla, ef þau kæmi frá þinginu.

Þá vildi eg svara háttv. þingmönnum N.-Múl. (J. J. og B. H.) nokkrum orðum. Þeir eru á gagnstæðri skoðun mér um þjóðjarðasöluna. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) þótti það fljótfærnislegt, að fara að afnema þessi lög, áður en þau yrði reynd. Þetta er misskilningur á minni skoðun. Eg held því fram, að það hafi verið fljótfærni, að semja þessi lög, en hitt ekki, að afnema þau. Eg legg ekki eins mikið upp úr reynslunni á því, hvernig jarðirnar verða setnar, eftir að þær eru seldar eins og háttv. þm., því að eg byggi skoðun mína á því, að landssjóður eigi að halda í þær án tillits til þess, enda hér um óábyggilega reynslu að ræða. Það hlýtur að vera unt að hugsa sér þau ábúðarkjör, er geri menn svo ánægða, að jarðirnar verði alveg eins vel setnar og ef menn ætti þær sjálfir. Háttv. þm. hélt, að reynslan *myndi* sýna það, að jarðirnar yrði betur setnar eftir að þær hefði verið seldar einstökum mönnum. Eg vil aftur á móti ná því takmarki, að auka ræktun jarðanna, sem eg tel eins nauðsynlegt og hann, með öðru en því, að selja jarðirnar úr hendi landssjóðs. Og nú vil eg leggja eina spurningu fyrir þessa háttv. þm. Þeir leggja mikið upp úr sjálfsábúðinni, en mér er spurn: Hvaða trygging er fyrir því, að þessar seldu þjóðjarðir haldi áfram að vera í sjálfsábúð? Hvenær hafa ábúendur þeirra skuldbundið sig til þess, að búa á þeim alla æfi, og svo erfingjar þeirra eftir þá? Aldrei. Það er engin trygging fyrir því, þótt eg fái keypta landsjóðsjörð í dag, að eg selji hana ekki og gerist leiguliði þegar á morgun.

Þá gætti og misskilnings hjá sömu hv. þm. á því, sem eg sagði um lánstraustið. Eg sagði og segi enn, að ef landssjóður sem slíkur vill og þarf á verulegu lánstrausti að halda, þá á hann að halda í jarðirnar. Auðvitað hjálpar það til að auka lánstraust landsins, ef framfarir eru í landinu, en það út af fyrir sig þarf þó eigi að vera einhlítt. Eini fasti og góði grundvöllurinn, sem landssjóður hefir til þess að byggja á, er fasteignirnar. Hvernig sem alt veltist, jafnvel þótt svo mikið gull fyndist, að það yrði ekki dýrara en járn eða steinar, þá eru þó jarðirnar í sínu gildi, og má jafnvel búast við, að þær hækki í verði. Þess vegna á að leggja sem mesta alúð við þá eign og ekki láta hana af hendi.

Ráðherra (H. H.): Mér virðist svo, sem ýmsir þeirra háttv. þm., sem talað hafa, líti svo á, sem þjóðjarðasalan hafi fyrst hafist 1905, og síðan farið vaxandi. En því fer fjarri. Fyrir þann tíma vóru sífelt seldar fleiri eða færri jarðir á hverju þingi eftir sérstökum lögum, og stundum jafnvel fult eins mikið eins og átt hefir sér stað sum árin síðan 1905. Munurinn er einungis sá, að þá vóru í eitt skifti fyrir öll gefin heimildarlög til sölu á þessum jörðum undir vissum nánar tilteknum kringumstæðum og með ákveðnum skilyrðum til þess að ekki þyrfti að setja lög um heimild til þjóðjarðasölu á hverju einasta þingi. Og ástæðan til þessa var bæði sú, að þinginu þóttu vera mislagðar hendur í því, að ákveða verð jarðanna: þar vildi verða ofmikið ósamræmi og ofhætt við ýmsum misbrestum; og auk þess var þetta alt ofmikill tímaþjófur. Þingið hafði ekki tíma til að rannsaka öll skjöl og skilríki viðvíkjandi öllum þeim jörðum, sem um var beðið í hvert sinn, og sem stundum vóru alt að 30—40 að tölu og mátti ekki missa allan þann mikla tíma, sem gekk í umræður um verðið á hverri einstakri jörð, kostum hennar og kynjum. Í lögunum um sölu þjóðjarða frá 1905 var því um enga stefnubreyting að ræða, heldur aðeins hagkvæmari tilhögun. Það hefir verið og er enn álit margra, og það víst mikils meiri hluta þings, að það sé nauðsynlegt vegna ræktunar landsins, að gefa sem flestum kost á því, að eignast sjálfir ábýlisjörð sína.

En hins vegar get eg lýst yfir því, að eg er samþykkur þeim hv. þingmönnum, er talað hafa á móti þessu frumv., eins og það liggur fyrir. Eg álít, eins og þeir, að það sé óheppilegt, að þingið fari, að lítt könnuðu máli, að grípa fram fyrir hendur sýslunefndanna, sem jafnan hafa verið í ráðum hafðar um sölu þjóðjarða, eins fyrir árið 1905 eins og síðan, því að það eru engar líkur til þess, að þingið sé færara en þær að dæma um það, hvort heppilegt sé að farga einstökum jörðum, sem sýslunefndir auðvitað eru miklu kunnugri, en meginþorri þingsins. Þess vegna er eg á móti þessu frumvarpi, og vona að það verði felt..

Guðmundur Eggerz: Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) heldur því fram, að nauðsynlegt sé að afnema lögin um sölu þjóðjarða frá 1905. Eg verð nú að segja það, eftir þeirri reynslu, sem eg hefi, að stjórnin hefir verið heldur íhaldssöm í því að selja þjóðjarðir, því að hún hefir oft ekki selt jarðir, sem sýslunefndir hafa ekkert haft á móti að selja. Eg sé því enga ástæðu til þess, að lögin megi ekki halda áfram að vera eins og þau eru. Það má vel vera, að landið hefði meira lánstraust, ef það héldi jörðunum í sinni eigu, en það er

hart fyrir menn, sem búið hafa langan aldur á sömu þjóðjörðinni, að fá hana ekki keypta til þess að börn þeirra geti tekið við henni af þeim. Það er rétt, að engin sönnun er fyrir því, að menn haldi áfram að búa á þjóðjörðum þeim, er þeir kaupa, en það dettur heldur engum í hug að reyra menn með neinum hlekkjum fasta við einhverja vissa jörð frekara en þeir vilja. Og eg hugsa, að þegar dregur frá Reykjavík og kaupstöðunum yfirleitt, þá verði sú raunin á oftast, að ábúandinn haldi áfram að sitja á jörð sinni, er hann hefir keypt hana. Það er ekki svo hætt við jarða-»spekulationum«, nema rétt í kringum stærstu þorpin.

Það verður að taka tillit til þess, að það er sárt fyrir mann, sem er búinn að búa í fjölmörg ár á sömu jörðinni, að geta ekki, ef hann hefir efni til þess, trygt hana sínum nánustu.

Út af því sem háttvirtur sessunautur minn sagði, vildi eg mega benda honum á, að jarðir eru áreiðanlega betur setnar, ef sami ábúandi er lengi í einu, heldur en ef þær lenda á flækingi hjá hinum og þessum. Eg skal fúslega ganga inn á það, sem hann sagði, að jarðirnar væri »stabil« eign fyrir *landið*, en fyrst svo er, þá eru þær það ekki síður fyrir ábúandann. Og benda má á það, sem oft hefir áður verið gert, að jarðirnar eru venjulega betur setnar af eiganda en leiguliða.

Björn Hallsson: Það var einungis stutt athugasemd, sem eg vildi gera vegna ræðu háttv. 1. þingm. Rvk. (Sv. B.). Hann beindi þeirri spurningu til mín og samþingismanns míns, hvaða trygging væri fyrir því, að jörð, sem hefði verið seld, héldi áfram að vera í sjálfsábúð um lengri tíma? Eg skal játa það, að fyrir því er engin föst trygging, en reynslan sýnir, að sjálfseignarbændur skifta ekki oft um bústaði, heldur reyna að búa sem bezt um sig á jörðinni sinni, svo að þeim geti liðið þar sem bezt. Flestir bændur eiga líka börn, sem taka við jörðinni eftir þeirra dag. Enda þykir flestum vænst um þann stað, sem þeir eru uppaldir á, og því ekki nema eðlilegt, að börnunum þyki vænt um bústaði foreldra sinna og æskustöðvar sínar og vilji ilengjast þar.

Eg skal ekki deila meira um þetta mál nú, til þess að lengja ekki umræðurnar, sem þegar eru orðnar nógu langar.

Jón Jónsson: Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) hélt því fram, að það væri misskilningur hjá mér, að halda að jarðir væri betur setnar, ef þær væri í sjálfsábúð, heldur en annars. Eg get ekki fallist á að þetta sé rétt. Mér finst reynslan benda á, að minn málstaður sé réttur. Sé svo, að honum finnist reynslan ekki benda á það, eða vilji hann ekki leggja mikið upp úr reynslunni, þá erum við þar á gagnstæðri skoðun, en það er ekki neinn misskilningur frá minni hálfu, sem á sér stað.

Sami háttv. þingmaður sagði, að það væri engin trygging fyrir því, að jarðirnar héldi áfram að vera í sjálfsábúð lengi eftir að þær hefði verið seldar. Mikið rétt, fyrir því er engin föst trygging, en mér finst ekki ástæða til að halda, að hætta sé á, að jarðirnar safnist á einstakra manna hendur, meðan svo stendur á, sem nú hér á landi, að allmargir virðast vera að þreytast á og gefast upp við búskapinn.

Ekki get eg felt mig með nokkru móti við þá skoðun háttv. 1. þingm. Rvk. (Sv. B.), að lánstraust landsins sé undir því komið, að landssjóður eigi sem mest af fasteignum. Eg held, að það hafi minsta þýðingu fyrir lánstraust

landsins, en hitt meiri, að vér höfum orð fyrir að vera skilsöm og áreiðanleg þjóð, og eg trúi því ekki, að ef vér sýnum dugnað, fáum vér ekki lán nema að setja veð, enda hélt eg, að það væri ekki ætlan háttv. 1. þingm. Rvk. (Sv. B.), að landssjóður þyrfti að eiga jarðirnar til tryggingar gegn lánum.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að 5 manna nefnd verði sett í málið að þessari umræðu lokinni.

Sigurður Sigurðsson: Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli, en vegna ýmsra athugasemda og mótmæla gegn skoðunum þeim, er hv. 1. þm. Rvjk (Sv. B.) hefir haldið hér fram — en nú er hann dauður — get eg eigi stilt mig að segja nokkur orð.

Því hefir verið haldið fram, að þjóðjarðir og aðrar leigujarðir væri að jafnaði verr setnar, en þær jarðir, sem eru í sjálfsábúð. Um þetta hafa aldrei verið til neinar skýrslur, svo að alt, sem um þetta er sagt, er út í bláinn. En eg get nefnt eitt dæmi þess, að svo muni þó ekki vera alment. Sá maður, sem mældi jarðabætur í upphluta Árnessýslu í fyrra, tók sér fyrir hendur að rannsaka, hvorir ynni meira að jarðabótum, leiguliðar eða sjálfsábúðarbændur. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að þeir ynni mjög líkt og sýndi með tölum, að dagsverkamunurinn var — ein tvö dagsverk. Eg játa það fúslega, að ekki er mikið á þessu byggjandi fyrir alt landið, en þó hygg eg, að það sé sanni næst, að leiguliðar sitji ekki öllu verr en þeir er búa á sjálfs síns eign. Eg hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að í betri sýslum landsins að minsta kosti, sé leigujarðir ekki að jafnaði verr setnar en hinar.

Þá vildi eg minnast á annað atriði, sem um hefir verið deilt hér í dag. Sumir háttv. þingmenn hafa haldið því fram, að sala þjóðjarðanna sé trygging fyrir því, að þær haldi áfram að vera í sjálfsábúð. Eg held að þetta sé hinn mesti misskilningur. Allur fjöldinn af þeim, sem kaupa jörð, er ekki búinn að eignast hana þegar þeir falla frá. Hver er svo tryggingin fyrir því, að jörðin haldist í sjálfsábúð eða lendi ekki einhversstaðar og einhversstaðar og gangi kaupum og sölum. Og þó að maðurinn, sem keypti, sé búinn að eignast jörðina þegar hann fellur frá, þá er tryggingin samt engin fyrir því, að sjálfsábúðin haldist við í framtíðinni. Getur vel verið, að erfingjarnir komi sér ekki saman um það, hver skuli hreppa jörðina, og margt fleira getur hindrað það, að sjálfsábúð haldi áfram á seldri þjóðjörð til lengdar.

Eg skal nú ekki fjölyrða um þetta frekara en orðið er, en að eins geta þess, að eg mundi styðja það, að lögin um sölu þjóðjarða frá 1905 yrði úr lögum numin.

Eggert Pálsson: Þetta litla frv., sem hér er á dagskrá, hefir orðið til þess, að umræðurnar hafa aðallega snúist að þjóðjarðasölu yfirleitt. Eg skal ekkert um það segja, hvar eg muni koma til að standa í þessu máli, um sölu þeirrar sérstöku jarðar, sem hér er um að ræða, en býst við að hvorirtveggja, þeir sem vilja selja og þeir sem ekki vilja selja, hafi talsverð rök fyrir sínu máli, sem síðar mun gefast tækifæri til að meta hvor sterkari sé. En úr því að hér er rætt um þjóðjarðasölu yfir höfuð, þá vildi eg mega leggja fáein orð í belg, og get þá byrjað með því að lýsa yfir því strax, að eg hefi hingað til fylt og fylli enn flokk þeirra

manna, sem vilja gefa ábúendum kost á þjóðjörðum til kaups fyrir hæfilegt og sanngjarnt verð, en ekki þeirra, sem vilja halda þeim föstum fyrir þeim.

Eins og hæstv. ráðherra (H. H.) tók fram, er það svo sem ekkert nýtt, að þjóðjarðir sé seldar. Því verður engan veginn haldið fram, að sala á þeim hafi fyrst byrjað með þjóðjarðasölulögunum. Á hverju þingi áður en þjóðjarðasölulögin urðu til, var borinn fram aragrúi af frumv. um sölu á einni og einni þjóðjörð, og tók það mjög mikinn tíma fyrir þinginu að fjalla um öll þau mörgu frv. og auk þess, sem tryggingin fyrir því, að salan væri miðuð við hæfilegt verð, var þá miklu minni á meðan þingið var eitt um hituna að selja. Eg verð því að álíta, að með lögunum frá 1905 hafi verið stigið stórt framfaraspor, en ekki afturfararspor í þessu tilliti. Eg verð að álíta, að nú sé miklu meiri trygging fyrir því, að verðið í hverju einstöku tilfelli sé hæfilegt, heldur en á meðan þingið var eitt um að ákveða það.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, vil eg geta þess, að eg álít landssjóði sáralitinn hag að eiga þessar jarðir óseldar. Landsreikningarnir bera það árlega með sér, að tekjurnar af þessum jörðum eru — að kostnaði frá dregnum — sáralitlar. Og eg verð að segja, að mér er það með öllu óskiljanlegt, að lánstraust landssjóðs muni geta beðið nokkurn hnekki af því, þótt jarðir þessar sé seldar.

Eg hygg, að hitt mundi fremur auka lánstraust landsins, ef þjóðjarðasalan gæti orðið til þess, að búnaður í landinu batnaði, og mér dylst það ekki, að það muni fremur en hitt stuðla að því, ef jarðirnar komast fyrir söluna í sjálfsábúð. Auk þess mætti benda á það, að peningarnir, sem inn koma fyrir þjóðjarðirnar, þegar þær eru seldar, eru, sé verðið á annað borð hæfilegt, eins mikils virði í augum útlendinga, sem vildi lána landinu peninga, eins og jarðirnar sjálfar. *(Sveinn Björnsson:* Það er langt frá því). Eg get ekki séð, hversvegna þeir eru það ekki, svo framarlega sem þeir eru ekki gerðir að eyðslufé og vextir þeirra nema jafnmikilli eða meiri upphæð en eftirgjald jarðarinnar er.

Hvað það snertir, að tryggingin sé ekki mikil fyrir því, að jarðirnar haldi áfram að vera í sjálfsábúð, lengi eftir að þær eru seldar, þá vil eg segja, að þótt það sé raunar rétt, að *fyrst* trygging sé ekki fyrir því, þá finst mér næsta ólíklegt, og kemur vafalaust í reyndinni sjaldan fyrir, að nokkur fleygi frá sér jörð, sem hann hefir fengið með jafngóðum skilmálum og þjóðjarðir eru seldar með, þeim skilmálum sem sé, að borga mestan hluta höfuðstóls ásamt vöxtum, með aðeins 6% á 28 árum. En þeim réttindum er vitanlega samkvæmt þjóðjarðasölulögunum fyrirgjört, ef jörðin gengur á þeim tíma úr sjálfsábúð. En takist kaupanda eða ábúanda að hafa eignarhald á jörðinni í 28 ár, eða á meðan hann er að borga hana út, þá eru ekki miklar líkur fyrir, að hann eða erfingjar hans muni kasta jörðinni frá sér með allri þeirri vinnu og umbótum, sem á þeim tíma hefir verið í hana lagt. Því þá kemur ræktin og trygðin til skjalanna. Og flestir eru svo gerðir, sem betur fer, að þeir eru fastheldnir á það, sem forfeðurnir hafa átt eða með erfiðismunum eignast og lagt vinnu sína í og vilja ógjarnan lóga því eða farga.

Eg vil svo að síðustu benda þeim mönnum, sem nú vilja afnema þjóðjarðasölulögin, á það, að þeir taka alls ekki fyrir alla þjóðjarðasölu, þótt þeir fái þeim vilja sínum framgengt, heldur opna þeir aðeins að nýju sama veginn og áður átti sér stað, þann sem sé, að þingið selji jarðirnar með sérstökum

lögum, að því er hverja sérstaka jörð snertir, og getur mér enganveginn virzt að sú breyting mundi horfa til bóta.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta nú, og tel enga þörf að lýsa yfir að svo stöddu afstöðu minni gagnvart því frv., sem nú liggur hér sérstaklega fyrir; til þess gefst, eins og eg tók fram, sennilega bæði tími og tækifæri seinna, með því að gera má að minsta kosti ráð fyrir að málið verði sett í nefnd.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Eg ætla engan þátt að eiga í umræðunum um þjóðjarðasölulögin yfir höfuð, þótt margir háttv. þm. hafi nú heldur en ekki leyst frá skjóðunni um þau. Þær koma ekki vitund þessu máli við. Hér er einungis um það að ræða, hvort þessi lög, sem í gildi eru, skuli ná jafnt til allra eða ekki.

Umræður um »spekulationir« í þessu sambandi, eru svo ástæðulausar, sem mest má verða. Bóndinn sem nú býr á Núpi er enginn flysjungur. Hann og faðir hans hafa búið þar samfleytt í 60 ár, og eg sé enga hættu á að hann fari að hlaupa þaðan burtu þótt hann eignist jörðina. Forfeður hans í karllegg hafa allir búið í þessu bygðarlagi mann fram af manni, alt frá Finnboga lögmanni Jónssyni í Ási, á 15. öld. Það er því ekki um neinn »útlending« eða »aðskotadýr« að ræða, sem sé að krækja í jörðina. Hér virðist mér aðeins um það eitt að ræða, hvort þingið eða sýslunefnd eigi að geta skorið úr til fullnustu, hvort selja megi jörðina.

Eg get ekki betur séð, en að þingið sé skyldugt til að sjá um, að réttur manna sé ekki borinn fyrir borð, og mér finst, að í þessu máli sé mikið takandi til greina, að hér liggur fyrir beiðni frá heilu sveitarfélagi, en ekki einungis einum einstökum bónda. Mér finst að þessi atriði sé þannig löguð, að nefnd sé sjálfsagt að skipa í málið að þessari umræðu lokinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14:4 atkvæðum.

Till. um 5 manna nefnd samþ. í einu hlj. og í hana kosnir:

Benedikt Sveinsson
Sigurður Gunnarsson
Eggert Pálsson
Pétur Jónsson
Jóhann Eyjólfsson

Á 36. fundi Nd., fimtud. 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. (Þskj. 58, n. 348).

Pétur Jónsson: Eg ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Við minni hl. í nefndinni höfum ekki séð neina ástæðu til þess að skrifa sérstakt nefndarálit, og eg ætla aðeins með fáeinum orðum að skýra frá því, hvers vegna við erum á móti frv. Verði sala jarðarinnar ákveðin gegn mótmælum sýslunefndar, þá getur það ekki þýtt annað en það, að atkv. sýslunefnda getur ekki verið því til tryggingar, að jarðir, sem eru heppilegar til þarfa landsins eða sveitafélagsins, væri ekki lógað. Þeirra atkvæði er að vettugi virt. Og til hvers er þá þetta ákvæði í lögunum, að álits sýslunefndar, sem er kunnug, skuli leitað, þegar alþingi, sem er ókunnugt staðháttum, þarf ekki að taka neitt tillit til þess.

Nei, álit og atkvæði sýslunefndar á að vera trygging gegn því, að stjórnin selji þær þjóðeignir einstökum mönnum, sem skaði er að farga úr eign hins opinbera. Sama ætti að gilda gagnvart alþingi sjálfu. Það þekkir ekki til á hverjum stað. Og sé breytt út af þessari reglu, álít eg miklu spilt.

Viðvíkjandi þessari jörð, sem hér er um að ræða, þá skal eg geta þess, að nú eru ekki eftir nema tvær þjóðjarðir í hreppnum, sem ekki er búið að farga, Ærlækur og Núpur, og eg tel það illa farið, ef nú verður farið að selja aðra þeirra.

Eg tel óþarft að ræða meira um þetta — en vænti þess, að frv. verði felt.

Eggert Pálsson: Eg ætla ekki að vera langorður, en vegna þess að frsm. meiri hl, háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) er ekki viðstaddur, skal eg í fáum orðum skýra frá því, hvað fyrir meiri hl. vakti í þessu máli.

Það er tekið fram í nefndaráliti meiri hl., að það, sem á milli ber, er það, hve mikið vald sýslunefnd hefir í þessu efni. Á því veltur alt. Meiri hl. álítur, að það sé ekki ótakmarkað, heldur verði sýslunefnd að gera einhverja skynsamlega grein fyrir því, hversvegna ekki megi selja þjóðjörðina. Það hefir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu ekki gert. Að vísu segir hún, að jörðin sé vel fallin til þess að nota hana sem læknissetur. Þetta væri nú fullkomin afsökun, ef læknisseturs þyrfti með. En nú er það upplýst, að læknissetur er þegar ákveðið í þessu héraði, á Kópaskeri. Og ekki er hætt við, að læknir fari að flytja þaðan, því að bæði hefir verið bygt þar yfir hann, og sömuleiðis er verið að leggja síma þangað. Þessi afsökun sýslunefndar er því aðeins til málamynda.

Ekki kemur heldur til greina, að jörðin verði notuð undir skólahús, þareð hún, eftir því sem upplýst hefir verið, liggur í öðrum enda hreppsins, og er því illa fallin til þeirrar notkunar.

En það sem mælir einna mest með sölu þessarar jarðar er hagnaður sá, er hreppsbúar gæti haft af sölunni. Þeir hafa nfl. í hyggju að koma sér upp heyforðabúri, og gefst þá kostur á slægjum til þess í engjum ábúanda, verði hann eigandi, en hafa hinsvegar enga von til þess að fá þær slægjur, ef jörðin heldur áfram að vera í landsleigu. Þetta hefir ráðið mestu um það, að eg er með frv. og svo mun einnig vera um suma aðra meðnefndarmenn mína. Ennfremur lít eg þannig á spurninguna um sölu þjóðjarða — hvort hún sé heppileg eða ekki — að eg tel það lítið gagn fyrir landssjóð að halda eftir örfáum jörðum, fyrst ekki er hægt með neinu móti að fá allar jarðir í landinu í þjóðareign. Væri nokkur sýnilegur vegur til þess, þá væri öðru máli að gegna. En að halda fast í þessar örfáu jarðir, sem landssjóður á sér til skaða meir en ábata, sé eg ekki til neins, ef sæmilegt verð er á annað borð fáanlegt fyrir þær.

Pétur Jónsson: Eg hefi engu við það að bæta, sem eg sagði áðan. Ástæður mínar haggast í engu við það, þótt ekki þyrfti að nota þessa jörð fyrir læknissetur. En eg skal benda mönnum á, hvers vegna þessi jörð ekki var gerð að læknissetri. Það var vegna þess, að ábúandi fekst ekki til að leyfa það, að læknisbústaður væri reistur á jörðinni, þótt honum hefði verið það meinfangalaust, þar sem bæði var nóg pláss og hann barnlaus maður og kominn á efri ár. Þó að nú sé læknissetur á Kópaskeri og menn hafi unnið það til að reisa þar læknishús, þá er eg helzt á því, ef Núpur losnar úr ábúð, að læknirinn vildi setjast þar að, vegna þess, að hann er þar miklu betur settur en á Kópaskeri, þar sem ekki eru einusinni hagar fyrir hesta, enda væri hann þá nær miðju læknisdæmis. Þetta þyrfti heldur ekki að vera neinum örð-

ugleikum bundið vegna þess, að læknishúsið, sem nú er, stendur á verzlunarstað, og yrði því að líkindum auðselt.

Viðvíkjandi hinni ástæðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) að heppilegt sé að selja jörðina, vegna þess að hreppsmenn þurfi að koma sér upp heyforðabúri og fá slægjur þarna, þá sé eg ekki betur, en að það sé alhægt, þótt jörðin sé landssjóðseign áfram. Slægjurnar eru þarna svo miklar, að ábúandi hefir ekki komist yfir að nota þær til fulls, og hefir venjulega sótt um leyfi hjá mér, sem umboðsmanni, til þess að mega ljá þær út. Og eg er þess fullviss, að honum verður heimilað engu síður að ljá slægjur hreppnum en einstökum mönnum, nema fremur sé, hvort sem eg eða aðrir verða umboðsmenn. Þar að auki væri það stórum betra, að hreppurinn fengi þessi hlunnindi föst til frambúðar og því væri hægt að koma í kring, ef jörðin yrði gerð að læknissetri.

Jóhann Eyjólfsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), ekki vegna þess, að eg hafi mikla kunnugleika á þessum stöðum, heldur vegna hins, að mér finst það ekki geta komið til mála, að þingið geri sig að yfirdómara í svona málum. Sýslunefnd er þessu mikið kunnugri og það er ólíklegt, að málið liggi ekki betur skýrt fyrir henni en alþingi. Auk þess er miklu hægara að koma slíkum málum fram með kappi á alþingi, svo að það kveði upp ranglátan dóm. Sýslunefndum er gefið þetta vald vegna þess, að þær hafa bezt vit á því, hvað er holt og óholt í þessum málum. Og þar sem eg þekki til, hefir sýslunefnd aldrei lagt á móti sölu jarða, nema beinn óhagur gæti verið að því fyrir sýsluna, eða landið. Það er hart, ef alþingi ætlar sér að fara að taka þetta vald af sýslunefndunum og gera sig sjálft að yfirdómara. Hér er um bindandi reglu að ræða, sem ekki má víkja frá.

Frumv. tekið út af dagskrá.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var frumv. aftur tekið til 2. umr. (Þskj. 58 n. 348).

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg býst ekki við að eg þurfi að vera langorður, því að í nefndarálitinu er tekið fram alt, sem eg hefi að segja. Það er áhugamál ábúanda að fá jörðina keypta, því að þá fyrst sæi hann sér fært að kosta til umbóta á henni, sem hann hefir hug á. Eins er það áhugamál sveitarbænda, að jörðin verði seld honum og hafa þeir samþykt áskoranir um það fund eftir fund, fyrst til sýslunefndar og síðan til þingsins. Mér finst því harla ótilhlýðilegt, ef þingið verður ekki við þessarri meinlausu beiðni. Sýslunefndin hefir haft það á móti sölunni, að jörðinni sé svo »vel í sveit komið«, að hún ætti að vera til almenningsnota, og *hafi verið* vilji margra, að hún yrði læknissetur. En þessi ástæða er úrelt eins og áður er skýrt frá, því að nú er læknissetrið reist á öðrum stað, Kópaskeri. Þar er kauptún og þar verður sett símastöð að ári, og engar líkur til þess, að læknissetrið verði flutt þaðan aftur. Ef svo væri ekki, og nokkrar líkur væri til, að þessi jörð yrði læknissetur, þá myndi eg ekki hafa farið fram á að hún yrði seld, svo fremi, að salan kæmi í bága við setu læknisins þar. En eins og nú er komið er engin ástæða til annars en að líta á vilja búandans og sveitarmanna. Þetta

frumvarp hefir þegar verið rætt dálítið, og eg vona að háttv. deild sé það ljóst, að það eigi fram að ganga.

Pétur Jónsson: Eg ætla ekki að fara að halda svo sem neina ræðu, heldur aðeins að minna á það, sem eg sagði í gær við fyrri hluta þessarrar umr. og við 1. umr. um aðalatriði málsins, og endurtaka það, að eg álít óráðlegt að selja jörðina, þar sem ekki eru eftir óseldar nema 2 þjóðjarðir í þessarri sveit, og ekki er ólíklegt, að læknirinn kjósi heldur að sitja þarna, en á Kópaskeri, þegar jörðin losnar.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Mér þykir leiðinlegt að vera að elta ólar við nágranna minn út af þessu. Eg hélt, að hann væri svo kunnugur á þessum stöðum, að hann vissi, að það er engar minstu líkur til að farið verði að flytja læknissetrið upp í sveit, þar sem búið er að byggja hús handa lækninum í kauptúni við símastöð í þéttbýlustu sveit héraðsins. Það hefir aldrei verið gert áður, svo eg viti, að rífa niður læknisbústað í kauptúni og byggja það upp aftur í sveit, og verður víst ekki heldur hér. Hitt er miklu tíðara, að læknasetur sé flutt úr sveitum í kaupstaði. Það kemur ekki til nokkurra mála að læknissetrið verði flutt á þessa jörð.

Jóhann Eyjólfsson: Eg vil endurtaka það sem eg sagði í gær, að eg álít, að það megi ekki koma fyrir, að þingið selji jörð ef sýslunefnd leggur á móti sölunni. Sýslunefndin er kunnugri en þingið, og hún verður því að bera ábyrgð á því, hvort rétt sé að framkvæma söluna eða ekki, og það er vegna þess, að sýslunefndir eru kunnugri ástæðum öllum og atvikum, að þeim er gefið vald til að gera tillögur um þetta. Eg held að hér sé ekki um þá nauðsyn að tala, að ástæða sé til að kippa af sýslunefndinni því valdi, sem hún á að hafa í þessu falli.

ATKV.GR:

Breyt.till., á þskj. 348 sþ. með 12 : 2 atkv.

Frumv. felt með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Benedikt Sveinsson	Björn Hallsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Einar Arnórsson	Hjörtur Snorrason
Guðm. Eggerz	Jóhann Eyjólfsson
Sig. Gunnarsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	MagnúsKristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Sigurðsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Jón Jónsson, Sigurður Eggerz, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Frumv. þar með fallið.

---

12. Friðun á laxi.

Á 21. fundi Nd., laugardaginn 25. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 5 frá 19. febr 1886, um friðun á laxi. (Þskj. n. 201, 227).

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umræðu, en þá tekið út af dagskrá.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frumv. aftur tekið til 1. umr.

Frams.m. (Sigurður Sigurðsson): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu gat meiri hluti nefndarinnar ekki orðið á eitt mál sáttur um frumv. það, sem við þingmenn Árnesinga fluttum um þetta efni á öndverðu þingi, og afleiðingin af því varð sú, að það var tekið aftur. Hins vegar gat meiri hl. fallist á að heimila sýslunefnd Árnesinga að setja reglur um laxveiði í Hvítá og Ölfusá, eftir því sem henni þætti við eiga um þessa 36 klukkustunda friðun á viku. Eg vænti þess, að háttv. deild líti eins á málið og meiri hluti nefndarinnar og vilji leyfa þetta. Vona eg því, að frumv. verði samþykt og fái yfir höfuð að ganga greiðlega í gegnum þingið.

Jóhann Eyjólfsson: Þegar verið er að semja lög um breytingar, sem eiga að fela í sér hagsmunavon fyrir minni eða stærri hluta landsmanna, þá verða menn jafnan að hafa það hugfast, að það sé ekki gert á kostnað annarra. Og ef útlit er fyrir, að eins margir, eða ef til vill fleiri, bíði skaða við breytingarnar, þá verður að standa alveg sérstaklega á, ef rétt er að gera þær.

Þetta frumv., eins og það var fyrst borið fram, á þskj. 54, hafði eflaust í sér fólgna hagsmunavon fyrir þá menn, sem búa við árósa, eða nálægt árósum, en það er víst, að það hefði haft öfug áhrif fyrir alla þá er ofar búa í landinu, og fram til dala við smá-árnar eða við kvíslar þær sem í þær falla.

Frumv. hefir verið breytt, og eins og það er orðað nú, er það náttúrlega miklu aðgengilegra en það var í fyrstu, en samt sem áður álít eg það á ýmsan hátt varhugavert og vil ráðleggja hv. deild að íhuga það sem bezt, áður en gengið er til atkvæða um það.

Eg hafði álitið, að aldrei ætti að slaka til frá ákvæðum laxfriðunarlaganna frá 1886, nema þá með því móti, að það væri þá bætt upp með öðrum friðunarákvæðum. Hér er farið fram á að gefa sýslunefnd Árnesinga alveg sérstakt vald í þessu efni, og með því álít eg að stigið sé hættulegt spor af þinginu, sem ekki er séð út fyrir, hvað langt getur leitt. Ef fleiri sýslur heimta sömu undanþágu, á þingið örðugt með að neita þeim um það, ef það hefir einu sinni gengið út á þessa braut. Eg skal ekki segja, hvað af þessu getur stafað í Árnessýslu, hvað mörgum það getur orðið til óhags þar, því að eg er þar ókunnugur, en það tel eg víst, að mörgum héraðsbúum þætti sér gerður skaði og óréttur með þessarri ráðstöfun. Og jafnvel þó að enginn skaði væri sýnilegur í fljótu bragði, þá gæti það samt sem áður orðið til mikils tjóns í framtíðinni, með því að stöðva framgang laxins og haft þannig ill áhrif á laxveiðina þegar frá liði. Því að það er áreiðanlegt, að hvað svo sem sýslunefndin samþykkir í þessa átt, þá verður það ekki til þess að draga úr laxveiðinni, heldur þvert á móti til þess að auka hana. Það verður þannig veiddur meiri lax, og það verður gert með því að stöðva laxgönguna upp eftir ánum. Er því auðséð, hver hætta getur af þessu stafað.

Þetta friðunarákvæði er engan veginn einstakt. Sýslurnar geta með jafnmiklum rétti farið fram á að mega setja sérstök ákvæði um friðun fugla, bæði æðarfugla o. fl. Sjá allir að það væri varhugavert. Því að það er alveg víst, að ef sýslunefndirnar færi t. d. að breyta ákvæðunum um friðun álftarinnar, þá myndi þær gera það til þess að meiri tekjur fengist af álftaveiði, en ekki til þess að hefta dráp álftarinnar. Hvaða dýr sem í hlut ætti, þá myndi

menn gera slíkar ráðstafanir í hagsmunaskyni, en ekki vegna friðunar dýrsins.

Eg verð þess vegna að ráða hv. deild frá að stíga þetta spor, en tel réttara, að haldið sé fast við þau ákvæði sem áður hafa gilt hér um. Eg álít, að hér megi ekkert slaka til, nema þá að það komi í móti, að friðun laxins verði aukin á öðrum sviðum, t. d. með því að veiðitíminn verði styttur að einhverju leyti.

Sveinn Björnsson: Eg hefi ekki getað séð, hvorki á nefndarálitinu né á framsögunni, hvaða þörf er á að veita þessarri einu sýslu, þetta undanþáguákvæði frá laxfriðunarlögunum. Mér skilst, að það muni koma svo fáum sýslubúum að gagni, en aftur á móti svo mörgum að ógagni, að ekki sé rétt af þinginu að samþykkja þessa breytingu. Það er augljóst, að erfitt verður að framfylgja 36 klukkustunda friðuninni ef þessi undanþága verður veitt. Það ætti þá um leið að gera aðrar breytingar á laxafriðuninni í líka átt og háttv. þm. Mýr. (J. E.) talaði um, með því að auka við friðunartímann, t. d. þannig, að hann væri látinn byrja seinna, en nú á sér stað. Mér skilst, að ef laxinn verður ófriðaður allan veiðitímann, þá verði hægt að nota veiðina svo, að lítið af laxi gangi upp eftir ánum. Og það getur ekki verið rétt af þinginu að stuðla að því, að þeim einum sem búa við árósana, sé heimiluð öll hlunnindin af laxagöngunni í árnar, eða því sem næst.

Eg verð því, að svo komnu, að styðja till. háttv. þm. Mýr. (J. E.) að frumv. verði felt.

Framsögum. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal láta þess getið út af ummælum háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), að laxfriðunarlögin frá 19. febr. 1886 heimila sýslunefndum að ákveða hvenær veiðitíminn skuli byrja, eða hvenær net skuli leggja. Það er aðeins algilt lagaákvæði, að veiðitíminn skuli standa í þrjá mánuði, en að öðru leyti mega sýslunefndirnar ráða því, hvenær net eru lögð í hverri sýslu fyrir sig. Það sem varðar mestu í þessu efni er það, að ekki sé byrjað að leggja netin of snemma. Eg gat þess við 1. umr. frumvarpsins, sem tekið var aftur, að krafa þeirra Árnesinga, sem *kynni* að hafa óhag af þessarri breytingu, myndi vera sú, að netin væri ekki lögð eins snemma í árnar og nú tíðkast. En þessu ráða nú sýslunefndirnar samkvæmt laxfriðunarlögunum. Hér í þessu frumv. er ekki, í raun og veru, verið að leggja sýslunefnd Árnessýslu neitt nýtt vald í hendur. *(Jóhann Eyjólfsson:* Jú). Hún hefir þetta vald, að mega ráða, hvenær þessi ákveðni þriggja mánaða veiðitími byrjar, og þá er það ekki nema í samræmi við það, að hún fái einnig að ráða, hvernig hagað er 36 klukkustunda friðuninni. Hér er ekki sagt, að hún verði afnumin; sýslunefndin getur veitt undanþágu frá henni eða breytt eitthvað til í þessu efni.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) skoraði á deildina að hugsa sig vel um, áður en hún gerði ákvarðanir um þetta mál. Eg get tekið undir það með honum. Það er aldrei nema gott, að menn hugsi sig vel um, áður en þeir framkvæma eitthvað, og eg vil ráðleggja þeim, sem á móti þessu frumv. eru, að hugsa sig alvarlega um, áður en þeir greiða atkvæði, svo að þeir geri ekki neina vitleysu í þessu máli..

Eggert Pálsson: Eins og háttv. deildarmenn að líkindum vita er eg meiri hluta nefndarinnar fylgjandi í þessu máli, þar sem hann leggur til að

sýslunefnd Árnessýslu sé heimilað að setja reglur um laxveiði í Hvítá og Ölfusá, innan þeirra takmarka sem laxfriðunarlögin setja að öðru leyti. Mér virðist þetta ofureinfalt mál, og verð að líta svo á, að þeir sem heimili eiga á hverjum einstökum stað, hljóti að vita bezt hvað þar á við í þessu efni. Eg get skilið, að háttv. þm. Mýr. (J. E.) kunni skýra grein á því, hvaða reglur henta bezt um laxveiði í Hvítá í Borgarfirði. En aftur á móti hygg eg, að bæði honum og mörgum öðrum hér í háttv. deild, sé alls ókunnugt um, hvaða aðferð sé heppilegust, að því er snertir Hvítá hér fyrir austan og Ölfusá. Það sem réð því, að eg léði meiri hluta nefndarinnar fylgi mitt í þessu máli, var það, að eg áleit viðkomandi sýslunefnd bærari að dæma um þetta efni, heldur en þingið. Hvað það snertir, að sýslunefndin geti gengið á rétt fjölda manna í sýslunni einstökum mönnum í hag, þá álít eg, að það geti ekki komið til nokkurra mála. Þessir einstöku menn, sem eg heyri hér álítið, að mestan hagnað muni hljóta af þessarri breytingu, eiga heima í einum tveimur hreppum sýslunnar. Ef allir hinir hrepparnir, og þótt ekki væri nema hrepparnir með Ölfusá og Hvítá að ofanverðu, teldi sér óhag í að heimila einhverja undanþágu eða breytingu á ákvæðum laxfriðunarlaganna, þá má geta nærri, að slík undanþága yrði aldrei veitt af sýslunefndinni. Það er mér með öllu óskiljanlegt, að allir þeir hreppar fórni sér eða sínum hagsmunum fyrir eina tvo hreppa eða hagsmuni þeirra, Ölfus- og Sandvíkurhreppa. Eg sé því ekkert á móti því, að veita sýslunefnd Árnessýslu þessa umbeðnu heimild. Eg er viss um, að hún breytir aldrei ákvæðunum um friðum laxins, ef þeim sem ofarlega búa við árnar, getur orðið nokkurt tjón að breytingunni, því að þeir sem ofarlega búa eru margfalt fleiri en hinir, sem við ósana búa eða nálægt þeim. Þó að afleiðingin af þessu verði sú, að öðrum sýslunefndum verði veitt þessi sama heimild, þá finst mér það ekkert athugavert. Það getur aldrei orðið að neinu tjóni, nema ef svo skyldi vera, að meiri hluti sýslunefndarinnar væri »interesssaður« í einhverri breytingu í þessu efni, sem varla mun koma til. — Eg sé sem sagt ekkert verulegt á móti því að samþykkja þetta frumv. og eg skil ekki, að háttv. deildarmenn greiði atkvæði á móti því, þegar þeir eftir áskorun háttv. þm. Mýr. (J. E.) hafa hugsað sig vel um.

Jóhann Eyjólfsson: Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að sýslunefnd Árnessýslu væri ekki fengið neitt nýtt vald í hendur, þó að henni væri veitt þessi heimild, sem hér er farið fram á. Eg get ekki séð annað, en að svo sé, þar sem hún heldur áfram þeim rétti sem hún hefir haft, að stunda laxveiðina í 3 mánuði, og fær í viðbót rétt til að breyta eða nema burtu ákvæðin um 36 klukkustunda friðunina á viku. Þetta er alveg sérstakt vald, sem sýslunefndinni er fengið í hendur, og það getur hún ekki með öðru móti fengið en með landslögum. Eins og eg tók fram áðan, óttast eg að fleiri sýslur komi á eftir, ef þetta nær fram að ganga, og heimta þetta sama vald. Og þá veit eg ekki, hvernig þingið getur tekið í taumana, ef það vill vera sjálfu sér samkvæmt. Eg veit vitanlega ekki nákvæmlega, hvað við á í Árnessýslu í þessu efni, né við hverra óskum er orðið eða hverra vilji er brotinn á bak aftur með því að samþykkja þetta. Eg legg heldur ekki aðaláherzluna á þetta eina tilfelli. Það, sem eg legg áherzlu

á, er það, að þetta verði ekki innleitt, því að eg óttast, að það geti dregið illan dilk á eftir sér. Eg ímynda mér, að þeir menn, sem óska eftir þessarri heimild hugsi aðeins um stundarhaginn, en íhugi á hinn bóginn ekki, hvaða afleiðingar þetta getur haft fyrir veiðiskapinn í heild sinni í framtíðinni. Ef þetta spor verður stigið er eg hræddur um, að mörg gönusporin fylgi á eftir. Mér er það þess vegna talsvert áhugamál, að sýslunefnd Árnessýslu verði ekki fengið þetta vald í hendur og vil leggja eindregið til að frumv. verði felt.

Benedikt Sveinsson: Eg vakti fyrstur máls á agnúum þeim, sem mér virtist vera á frumvarpi því, er háttv. þingmenn Árnesinga fluttu á öndverðu þingi, þegar það kom til 1. umr. Reyndin hefir nú orðið sú í nefndinni, að meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á frumvarpið og flutningsmenn hafa tekið það aftur. En þetta nýja frumvarp finst mér ekki heldur svo vaxið, að það eigi fram að ganga.

Eg get ekki kannast við, að Árnesingar óski eftir svona lögum, því að samkvæmt því skjali, sem lagt var hér fram í lestrarsalinn, lágu aðeins fyrir óskir um þetta frá fáeinum bændum við Ölfusá. En engir þeirra, sem ofar búa, hafa óskað eftir neinum lögum í þessa átt! En ef taka ætti mark á slíkri ósk, þá yrði hún að koma frá þorra þeirra, sem veiði eiga í ám þeim, sem lax gengur í úr Ölfusá og þeir bændur eru miklu fleiri heldur en hinir, er búa neðst við ána og óska eftir þessu.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) sagði, að engi hætta væri á því, að sýslunefnd breytti veiðiákvæðunum til óhags fjöldanum, og að það væri aðeins menn úr tveim hreppum Árnessýslu, sem óskað hefði breytinganna. Sýslunefndarmenn þessarra tveggja hreppa gæti ekki komið fram breytingunum, ef allir hinir hrepparnir teldi sér það skaða. Gagnvart þessu má benda á, að allmargir hreppar sýslunnar eiga enga veiði í ám þessum og geta því látið sig einu gilda, hvað ofaná verður í sýslunefnd. Skal eg þar til nefna Selvogshrepp, Stokkseyrarhrepp, Eyrarbakkahrepp, Gaulverjabæjarhrepp, Villingaholtshrepp og Þingvallasveit. Ef vinsæll og laginn sýslunefndaroddviti vildi beita sér til þess að fá framgengt breytingum á veiðitíma, í þá átt, sem hér ræðir um, þá þykir mér sennilegt, að honum gæti orðið gott til liðs meðal þessarra fulltrúa, sem sjálfum stendur alveg á sama, hvað ofan á yrði. — Líkt stendur á víðar, svo að alls eigi er víst, að vilji meiri hluta þeirra manna ráði, sem hlut eiga að veiðinni, heldur málafylgi ötulustu mannanna í sýslunefnd, af því að þar eru ýmsir menn, sem í léttu rúmi liggur, hver ákvæði gilda um þetta efni. Tel eg því alls eigi rétt að veita sýslunefndum þessa heimild.

ATKV.GR.:

Frumv. felt frá 2. umr. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Guðm. Hannesson	Björn Hallsson
Bjarni Jónsson	Björn Kristjánsson
Einar Arnórsson	Guðmundur Eggerz
Matthías Ólafsson	Jóhann Eyjólfsson
Sigurður Gunnarson	Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Magnús Kristjánsson
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Jón Magnússon, Sigurður Eggerz og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og

töldust til meiri hlutans. Fimm þm. fjarstaddir.

Frumvarpið þar með fallið.

13. Varnargarður á Siglufjarðareyri.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að láta byggja varnargarð á Siglufjarðareyri (þskj. 311).

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umræðu.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eg býst ekki við, að neinum hv. þingmanni komi það á óvart, að eg skuli nú flytja frumvarp þetta. Frumv. er sams konar sem frumvörp þau um fjárveitingar, sem samþykt vóru í gær. Fjáraukalaganefndin hafði haft þessa fjárveiting til athugunar og var henni meðmælt. Það kann að vera, að mönnum þyki þetta frumv. frábrugðið tillögum nefndarinnar, þar sem hér er ekki ætlast til þess, að sveitarfélagið leggi nokkurt fé fram. En svo stendur á því, að samkvæmt tali við prestinn á Siglufirði, eru litlar líkur til þess, að Siglfirðingar geti lagt nokkurt fé fram til fyrirtækisins. Að vísu er þar nokkurt fé í hafnarsjóði, en sveitin hefir í hyggju að setja upp hafnarbryggju, og mun þá ekki veita af því fé til byggingarinnar. —

Eg legg það á vald deildarinnar, hvort hún vill samþykkja frumv. þrátt fyrir þetta. Verkfræðingur landsins hefir skoðað staðinn samkvæmt óskum Siglfirðinga og að tilhlutun stjórnarráðsins, og segir svo í áliti hans:

»Þar sem nú sjávarbakkinn eyðist með hverju ári og jarðvegur sá, sem við tekur, þá er sjórinn hefir etið sig gegnum hann, er mjög gljúpur og alveg óhæfur til þess að mæta nokkrum sjávargangi, þá er bráðnauðsynlegt að vernda malarkambinn«.

Þetta sýnir ljóslega, hver nauðsyn er á fljótri aðgerð. Kostnaður við verkið er 9700 kr. samkvæmt áliti verkfræðingsins.

Legg eg það á vald deildarinnar, að dæma um, hvort henni sýnist að láta málið liggja alveg aðgerðarlaust, láta þennan afardýra blett, sem er eign landssjóðs, skemmast til mikils skaða fyrir landið, eða veita nú heimild til bráðra aðgerða. Ef aðgerðin verður látin dragast, þá verður bæði kostnaðurinn meiri og tjónið tilfinnanlegra fyrir landssjóð.

Verði þetta frumvarp nú ekki samþykt, þá verður málið að bíða næsta þings og kemst verkið þá ekki til framkvæmda fyrr en sumarið 1916, sem eg tel mjög illa farið.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2 umr. með 14:1 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Hannes Hafstein	Sveinn Björnsson
Jóhann Eyjólfsson	
Magnús Kristjánsson	
Pétur Jónsson	
Stefán Stefánsson	

Eggert Pálsson, Guðm. Hannesson, Björn Hallsson, Einar Arnórsson, Hjörtur Snorrason, Jón Jónsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og vóru því taldir til meiri hlutans.

Frumvarpinu vísað til Þorlákshafnarnefndar með 9:5 atkv.

Á 42. fundi Nd., miðvikudaginn 12. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 311, n. 465).

Frsm. (Einar Arnórss.): Nefndin, sem kosin var til þess að fjalla um þetta mál, komst að þeirri niðurstöðu, að réttast mundi eftir atvikum að beina þessu máli til landsstjórnarinnar, með þeim formála, sem tiltækilegur þætti.

Fjáraukalaganefndin sæla hafði þetta mál til meðferðar og taldi hún þörf á því, að þessi varnargarður yrði lagður. Þessi síðari nefnd hefir bygt á áliti hennar. Enda hefir nefndin heyrt úr annari átt, að þörf væri á þessum varnargarði, það er frá biskupi landsins. Vér heyrðum líka frá biskupi, að ekki væri ómögulegt, að hægt myndi að fá bráðabirgðalán til þessa úr Kirkjusjóði.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en vona að háttv. flutningsmaður taki sitt frumvarp aftur og láti sér nægja góð meðmæli nefndarinnar og deildarinnar.

ATKV.GR.:

Tillaga um að vísa málinu til stjórnarinnar samþykt með 14 samhljóða atkvæðum.

---

14. Kaup á Þorlákshöfn.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst, var útbýtt:

frumvarpi til laga um kaup á Þorlákshöfn í Árnessýslu, um eignarnámsheimild á sömu jörð og mótorbátahöfn sama staðar (þskj. 392, 442).

Á 38. fundi Nd., laugard. 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. með afbrigðum frá þingsköpum.

Matthías Ólafsson: Það er rétt, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) er framsögumaður í þessu máli, en hann hefir leyft mér að segja um það nokkur orð, áður en hann tekur til máls.

Það er nú komið svo, að nefndin hefir komið sér saman um, að 6. mál á dagskrá skuli tekið aftur, og er það þá tekið aftur hér með. Það er í rauninni alveg sama málið og það, sem hér liggur fyrir. Mér var þetta sérstakt áhugamál, og eg skal ekki neita því, að eg hafði betri trú á því, að einstakir menn hefði Þorlákshöfn undir höndum, en stjórnin, og átti því lengi ilt með að taka frumvarpið aftur. Eg hugði sem sé, að umsjón og eftirlit með þessum stað yrði landsstjórninni ef til vill mjög dýrt. Það sem nefndin aðallega óttað ist, var það, að eigendur jarðarinnar kynni að þrengja of mjög kosti þeirra, sem notuðu höfnina, en þá virtist mér að ætíð væri hægur hjá að taka jörðina eignarnámi. En um þetta skal eg nú ekki fara mörgum orðum. Eg hefi fallist á þetta frumv. eins og það nú er, með heimild til kaups og eignarnáms á jörðinni. Gagnsemi hafnarinnar er mér fyrir öllu. Þörfin fyrir hana er auðsæ, eins tjónið af því, ef það dregst að gera hana.

Ef frumvarpið fer til 2. umræðu, þá þyrfti að gera við það breyt.till., meðal annars að fella burt úr því ákvæði um það, hvenær byrjað skuli á verkinu. Eg hafði nú haldið því fram, að það yrði ekki seinna en í júní næstk.

Skal eg svo ekki segja meira um frumvarpið, en að eins mæla hið bezta með því.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg hefi í þessu máli svo sem engu við það að bæta, sem stendur um það á þskj. 343 og það, sem háttv. þm.

V.-Ísf. (M. Ó.) sagði við 1. umr. annars máls, sem er heimildarlög fyrir stjórnina til að veita styrk og lán til þessa sama fyrirtækis. Þar lýsti hann þörfinni, sem á því er, að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, og eg ætla, að hv. þingmönnum sé það alt ljóst.

Það hagar svo til, að á Eyrarbakka og Stokkseyri er mótorbátaútvegur, en þar ill höfn. En í Þorlákshöfn geta mótorbátar alls eigi lent, svo að sá útvegur er þar útilokaður sem stendur. Og þegar svo er ilt í sjó, að mótorbátar geta ekki lent á Eyrarbakka og Stokkseyri vegna brima, þá geta þeir ekki heldur farið til Þorlákshafnar meðan svona er, þótt hins vegar opnir bátar leiti þangað mjög oft hafnar í neyð. Háttv. þingmaður V.-Ísf. skýrði það einnig, hvers virði það væri fyrir mótorbátaútveginn, að eiga höfn þarna, og svo hitt, að fá þann útveg í Þorlákshöfn.

Það getur verið, að eitthvað sé athugavert í þessu frumvarpi í einstökum atriðum, enda er það skjótlega til orðið. En þó vildi eg biðja háttv. þingmenn að leyfa því til 2. umr. og gera þær athugasemdir þá, en fella það ekki við þessa umr. af þessum sökum.

Guðmundur Hannesson: Þegar þessu máli var hreyft hér fyrst í deildinni, þá virtist mér það gott mál og þess vert að styðja það. En af því að eg er ókunnugur þar eystra, þá leitaði eg mér upplýsinga, og þó að þær sé að vísu ófullkomnar, þá horfir málið nú verr við frá mínu sjónarmiði, heldur en eftir frásögn framsögumannsins. Eg hafði í fyrstunni að eins nefndarálitið og framsöguna að styðjast við og samkvæmt þeim upplýsingum átti að vera hægt að koma upp höfn undir 40 báta fyrir 50—60 þúsund krónur, en fyrir 75 þúsundir átti að vera hægt að koma upp höfn handa 50 bátum. Ef svo væri, þá væri hér um álitlegan hlut að ræða. Eg hefi talað við landsverkfræðinginn og eg held mér sé óhætt að hafa það eftir honum, að hann hafi ekki sagt annað, en að garður sá, sem hér er um að ræða, mundi kosta um 75 þús. kr. Garðurinn á að liggja út í sker skamt frá landi, og það hagar svo til, að um stórstraumsfjöru er *garðurinn allur á þurru landi*. Sú höfn sem með þessu fengist, er ekki nema ofurlítill pollur og inn í hann liggur sund sem er 25 metra breitt.

Hér er í raun og veru ekki nema um örlitla holu að ræðu, en það er til þess ætlast að sprengja þar upp klöpp og gera bátauppsátur, svo að þarna verður ekki eiginleg leguhöfn. Sanna höfn væri þó mögulegt að búa til með því að gera þennan garð miklu lengri, en sú lenging mundi hafa þann kostnað í för með sér, sem færi langt fram úr þessari áætlun.

Þegar eg spurði landsverkfræðinginn hvaða gagn gæti nú orðið að þessum garði, þá var það hans álit, að litlar sem engar horfur væri á, að þetta gæti orðið til þess, að þar risi upp verulegur fiskibær. Höfnin rúmar lítið og er ófullkomin, en ef meira ætti að gera, þá yrði fyrirtækið stórmikið. Nú er á það að líta, að flestir sem þarna róa, eru sveitamenn, sem ekki stunda sjó nema lítinn tíma ársins. Enn fremur er á það að líta, að fleiri eru ókostir við jörð þessa heldur en höfnin. Jörðin stendur þarna á hreinni og beinni eyðimörku. Vér sjáum það á korti landmælingamannanna, að graslendi er ekki annað en túnið, sem grætt hefir verið út, að líkindum. Umhverfis er sandur og hraun og virðist mjög langt í haga og harla óvistlegt á alla vegu, svo að ekki er líklegt að framtíðarhorfur geti verið þar glæsilegar.

Af þessu, er eg í meiri vafa en áður, hvernig taka á í þetta mál. Það er ekki nægilega undirbúið, og landsverkfræðingurinn hefir ekki gengið frá áætlunum sínum um garðinn að öðru leyti en því, að hann muni kosta um 75 þús. kr. út í skerið. Mér virðist nú svo komið, að fylsta ástæða sé til að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá og leita fullkomnari npplýsinga um málið, áður en farið er lengra út í það. Eg veit ekki hvort öðrum virðist eins og mér, — mínar athuganir hafa verið gerðar á stuttum tíma. En eg vil ráða öðrum til þess að kynna sér málið betur, bæði hjá landsverkfræðingnum og af uppdráttum mælingamannanna, sem eru mjög glöggvir. Það getur verið að jörðin kunni að bera sig, þó að dýrkeypt sé, en það má ganga að því vísu, að einstaklingar vilji selja dýrt og eg tel óvíst um tekjur landssjóðs, ef samningar við útræðismenn eiga að vera sanngjarnir. Eg er ekki á móti því, að málið gangi til 2. umr., svo að fleiri fái að átta sig á því. En samt verð eg að telja vafasamt, að rétt sé að halda lengra út í það á þessu þingi.

Pétur Jónsson: Eg ætlaði að fara í sama farið og háttv. 1. þm. Hún. (G. H.). Eg get ekki séð, að bráðliggi á að koma fram þessu frv. endilega á þessu þingi, því að mörg önnur svipuð nauðsynjaverk liggja fyrir annarsstaðar á landinu, og eg skil ekki, að það sé forsvaranlegt, að hrinda því fram í þinglok með engum fyrirvara, og það þótt að undirbúningurinn væri betri en hann er á málinu. En mér er ómögulegt að telja málið vel undirbúið. T. d. er hér um alveg nýja hugsun að ræða, — að taka Þorlákshöfn lögnámi og kaupa jörðina til handa landssjóði. Hvernig fæst fé til þess? Geta menn nú á þessu aukaþingi sett sig inn í fjárhagshorfurnar eða gert sér grein fyrir, hvað þessi kvöð, þessi stóru fjárútlát, hindra mörg önnur nauðsynjafyrirtæki, kanske fult eins góð eða betri? Samanburð á því vantar, og hann fæst ekki nema á reglulegu þingi. Það getur verið, að þá komi í ljós, að annarsstaðar sé enn meiri þörf á samskonar umbótum. Getur verið, að fjárhagur standi þó svo, að nýmælum verði ómögulegt að sinna. — Nú er ekki hægt nema á fjárlagaþingi að gera sér grein fyrir fjárhagnum. Mér finst það því hreint og beint glapræði að ráða þessu máli nú til lykta og er algerlega sammála 1. þm. Hún. (G. H.) að vísa því til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, og sé eg þá ekki betur, en að málinu sé fullur sómi sýndur, ef stjórninni er falið að athuga það, án þess að eg vilji hvetja hana til að taka þetta mál fram yfir alt annað.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) telur þetta frv. sérstaklega varhugavert og sér ekki brýna nauðsyn til að koma fram með það nú. Eg veit ekki, hvað hann kallar brýna nauðsyn. En það kalla eg brýna nauðsyn, að stemma stigu fyrir því, að margir menn farist og mikið fé tapist. Ef slíkt blasir við, þá á ekki að fara eftir því, hvort það er aukaþing eða venjulegt þing. Þegar tjónið vofir yfir, þá verðum vér að leggja fram vorn allra síðasta eyri til hjálpar. *(Pétur Jónsson:* Er það svo?). Já, áreiðanlega er það mín skoðun. Sami háttv. þm. talaði um það, að honum fyndist málinu nægilegur sómi sýndur með því að vísa því til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Það álít eg ekki. Þá er miklu betra að fella málið þegar í stað.

Mér kom á óvart ræða háttv. 1. þm. Hún. (G. H.), sérilagi af því, að hann hafði fengið upplýsingar hjá sama manni og eg, og eg trúi ekki öðru, en að eg

hafi tekið eins vel eftir eins og hann. Og það má undarlegt heita, ef landsverkfr. hefir sagt honum alt annað heldur en okkur. Hér á nú ekki að vera um höfn að ræða, heldur aðeins um garð á þurru landi. En ef landsverkfr. er haldinn, þá finst mér ekki minna heimtandi, en að hann skýri rétt frá.

Það er spurt, hvað þetta muni kosta. Eg veit það ekki með vissu, því að landsverkfr. er ekki búinn að gera nákvæma áætlun um það.

Mikið má það vera, ef garður þessi er á þurru landi, og undarlegt, að gagnstæðar skoðanir skuli koma fram um það, hvort verk þetta verði í raun og veru fullkomið eða ófullkomið. Eg þori að bera verkfr. fyrir því, að verk þetta muni kosta um 75 þús. kr., eða að minsta kosti ekki mikið yfir það. Væri það nú sannar upplýsingar, að garður þessi væri uppi á landi, þá væri eg fús á að hverfa frá þessu, en eg veit, að það er ekki rétt, og eg verð að halda því fram, að þeir sem séð hafa þennan stað og þekkja þar til, geti líka haft vit á þessu, þótt ekki sé verkfr. Eg fæ ekki skilið, að ef verkfræðingur er beðinn að gera athuganir um höfn og teikningu af henni, að hann þá geri mælingu á þurrlendi, því það vita verkfræðingar eins vel og aðrir menn, að slíkt kemur engum að gagni.

Ráðherra (S. E.): Eg er máli þessu mjög hlyntur, enda mjög kunnugt um, hvað hafnleysi bagar sýslurnar austanfjalls, en þó lít eg svo á, að ekki sé gjörlegt að veita fé til þessa fyrirtækis, nema nákvæm teikning og áætlun sé áður framlögð.

Mér finst það ætti að vera föst regla hjá alþingi, ekki síst þegar um stórfyrirtæki er að ræða, að leggja ekki fé í þau fyrr en fengin er nokkurnveginn vissa fyrir því, að þau sé þannig í garðinn búin, að fult gagn megi verða af þeim, og svo ljóst, að nokkurnveginn ábyggilegt yfirlit sé gert yfir kostnað við þau. Hér deila menn jafnvel um það, hvað verkfræðingar hafi sagt um málið, svo lítið af gögnum liggur hér frammi. Virðist mér því tiltækilegast, að stjórninni væri falið það, að undirbúa þetta mál rækilega til næsta þings.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil biðja háttv. þm. að athuga, að það er frv. á þskj. 392, sem hér er um að ræða, og í því er ekki farið fram á annað en að semja um kaup á jörðinni. Þó að landsverkfr. hafi ekki lokið við áætlanir eða teikningar af þessu verki, þá mun hann þó verða búinn að því svo snemma, að stjórnin geti framfylgt lögunum þegar þau hafa verið staðfest. Annars er erfitt að fást við þá menn, í þessu máli, sem bæði eru því illviljaðir og ókunnugir. *(Nokkrir þingmenn:* Hverjir?). T. d. 1. þm. Hún. (G. H.). Hann byrjaði eins og hann er vanur: var með því fyrst, en eftir nokkra sólarhringa er það orðið óalandi og óferjandi, og hann vill fyrir hvern mun koma því fyrir kattarnef. Þetta er vanaleg hringferð hans í flestum málum.

Þetta mál virðist eiga hér erfitt uppdráttar, eins og löggilding Þorlákshafnar hér á árunum. Því máli var fyrst hreyft á fyrsta löggjafarþingi voru 1845, af þáverandi þingmanni sýslunnar, Johnsen, assessor í landsyfirréttinum. Það var síðan á döfinni í mörg herrans ár, og náði ekki fram að ganga fyrr en árið 1879.

Nú er sagt, að ekki sé hér þörf á mótorbátahöfn. En þá vil eg spyrja: Hvar er þörf á höfn, ef ekki þar? Hvar er öryggishöfn nauðsynleg, ef ekki fyrir

Suðurlandi? Þar er ekki einn einasti öruggur staður fyrir skip eða báta, ef út af ber með veður eða sjólag. Háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) sagði, að sjór væri ekki stundaður í Þorlákshöfn nema stutt an tíma. Frá ómunatíð hefir verið róið þar um vetrarvertíðina, en hún byrjar á þorra og nær framundir miðjan maí. En komist höfnin á, þá eru líkur til að sjór verði stundaður þar mun lengur, alt vorið og jafnvel fram á slátt, og líka að haustinu, ef fiskur er fyrir.

Eina ástæðan fyrir því, hvað sjór er lítið stundaður í Þorlákshöfn er sú, að þar er *engin* höfn og lending ekki góð, einkum í austan- og sunnanáttum. Og þó er þarna þrautalendingin austan fjalls. Nú er að rísa upp nýr útvegur á Eyrarbakka og Stokkseyri — mótorbátaútvegurinn. En hann er öldungis í dauðanum, ef ekkert er gjört til þess að bæta úr hafnleysinu þar eystra. Örugg höfn í Þorlákshöfn er það eina, sem bjargar. Eins og nú er, er útvegurinn á hverfanda hveli, og er mesta mildi, að enn hefir ekki hlotist stórslys og tjón á þeim stöðvum. Því segi eg það, að *jafnvel hvergi* er meiri þörf á höfn, en *einmitt í Þorlákshöfn.*

Háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) hélt því fram, að þarna mundi ekki geta risið upp stórbær. En það er heldur ekki tilætlun nefndarinnar, síður en svo. Hún vill aðeins tryggja mótorbátaútvegnum og sjávarútvegnum yfir höfuð tilverurétt.

Svo á þetta að vera á eyðimörku! Svona er fákunnátta þeirra, sem þykjast hafa vit á öllu. Eg veit ekki betur en að í Þorlákshöfn hafi verið búið stórbúi í marga mannsaldra. Jón sál. Árnason hafði þar t. d. 3—400 fjár og 8—10 nautgripi og þeim bústofni er þó tæplega hægt að framfleyta á eyðimörku! Það er að vísu satt, að útslægjur eru þar ekki miklar, en beit er þar góð, bæði fjörubeit og hagar, og tún gott.

Annars má geta þess, og það er aðalatriðið í þessu máli, að hvergi fyrir öllu Suðurlandi er álitlegt hafnarstæði, nema aðeins í Þorlákshöfn. Þar mun tiltækilegt að gera höfn, sem ekki kostar offjár. En þetta þekkja þeir ekki, andstæðingar vorir í þessu máli, og því er svo erfitt að eiga orðastað við þá.

Það er satt að segja ergilegt, þegar menn af þekkingarskorti eða öðru lakara gera tilraunir til að villa sjónir og ónýta góð mál, með því að bera á borð blábera vitleysu, sem á sér engan stað.

Einar Jónsson: Eg vil vita með vissu, hvort það er 7. málið á dagskránni, sem er til umræðu. Mér virðist menn blanda saman 6. og 7. málinu og eru þau þó ekki svo samstæð, að það þurfi að ræða þau saman. *(Pétur Jónsson:* 6. málið er tekið aftur). Þá vil eg leyfa mér að spyrja: Hversvegna er verið að setja þetta í tveimur liðum á dagskrána. Ef þinginu virðist rétt að gefa stjórninni heimild til að kaupa Þorlákshöfn, þá var nóg að hafa þetta í einum lið á dagskránni. Það var svo mikið talað við síðustu umræðu um nauðsynina á mótorbátakví í Þorlákshöfn, að það er í rauninni óþarfi að tala meira um þá nauðsyn. Þá var gerð svo glögg grein fyrir þörfinni, að deildarmenn ætti ekki að vera í neinum vandræðnm að skera úr, hvorumegin þeir eigi að vera í þessu máli.

Mér er sama, hvort landið á Þorlákshöfn eða einstakir menn, og eg vil hvort sem er veita styrk til mótorbátahafnar þar.

Þar sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að málið vantaði undirbúning, þá hygg eg, að hann hafi haldið sínum principum fram á sumum sviðum, án

þess að þau »princip« hafi haft betri undirbúning. Það er ákveðið í frv. að stjórnin skuli því að eins festa kaup á jörðinni, að samkomulag náist um sanngjarnt verð. Það er því alveg hættulaust fyrir landið að gefa stjórninni heimild til að kaupa þessa jörð. Eg hygg, að eigendur jarðarinnar vilji fremur eiga jörðina heldur en selja hana, sérstaklega ef höfnin yrði bætt. *(Sveinn Björnsson:* Fyrir hvaða verð má kaupa jörðina?). Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) spyr, fyrir hvaða verð megi kaupa jörðina. Hann þarf ekki annað en að lesa 2. gr. frv. til þess að komast að raun um það. *(Sveinn Björnsson:* Eg sé þar ekki nefnt neitt verð). Það er satt, að þar eru engar ákveðnar tölur tilfærðar, en eg hygg, að svo lögfróður, skynsamur og sanngjarn maður, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.), ætti að geta skilið, að með 2. gr. er fyrirbygt, að jörðin verði seld okurverði. Annars finst mér það vera hálfgerð »partiska« af þm., að setja fram svona spurningu. *(Hannes Hafstein:* Má stjórnin gefa 500. þús. kr. fyrir jörðina?) Nú kemur sú spurning fram, hvort stjórninni sé heimilt að gefa 500 þús. kr. fyrir Þorlákshöfn. Eg hygg, að hinn háttv. spyrjandi hafi ekki lesið 2. gr. fremur en háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.). Þar stendur svo:

»Nú semur eigi um verð eða aðra kaupskilmála á ofangreindri jörð, og er landsstjórninni þá heimilt að taka hana eða það af henni, sem nauðsynlegt er, eignarnámi til fiskibátahafnar«, o. s. frv. *(Hannes Hafstein:* En ekki ef samkomulag fæst um verðið). Það hefir ekki komið á daginn hingað til, að vér hefðum svo vitlausa stjórn, að henni væri trúandi til að gefa 500 þús. kr. fyrir Þorlákshöfn. Og þó að nú sé nýafstaðin stjórnarskifti, þá ber eg það traust til ráðherrans, að hann láti sér ekki til hugar koma að láta svo hátt verð fyrir jörðina. Eg tel engan efa á því, að Þorlákshöfn verði virt sanngjarnlega. Hún er góð eign, sem landinu er engin skömm að eignast. En það er altaf hægt að spyrja svo fávíslega, að erfitt verði að svara. *(Bjarni Jónsson:* Þeir koma þó ekki að tómum kofanum). Eg skal ekki vera að gefa tilefni til hláturs hér í deildinni. En þeir menn sem nú gera spaug að þessu máli ætti að vera sjómenn þarna austurfrá, eða þá að standa í sporum kvenna og barna þeirra manna, sem verða að snúa frá lokuðum sundum. Þá mundu þeir ef til vil láta styrk til bátahafnar á þessum stað sitja í fyrirrúmi fyrir styrk til heimflutnings mynda Einars Jónssonar, til þess að geyma þær hér í óhæfu húsi og láta þær liggja undir skemdum.

Ráðherra (S. E.): Samkvæmt 1. gr. frv. er stjórninni heimilt að festa kaup á jörðinni, en þar er ekkert talað um, fyrir hvað mikið megi kaupa hana. Eg verð að álíta, að það sé mjög óheppilegt, að ekki skuli vera tiltekið neitt hámark. Það hefir verið nefnd hálf miljón, er sýnir, að hér er ekki um smáupphæðir að ræða. Eg þykist viss um, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) þyki þetta alls ekki sem ráðlegast, þegar hann athugar málið, þó eg viti, að hann treysti stjórninni mjög vel.

Samkv. 2. gr. á líka að byggja höfnina án þess að nokkuð sé vitað um kostnaðinn. Það liggja engin skjöl eða skilríki fyrir frá landsverkfræðingnum þar að lútandi. Sumir hafa það eftir honum, að höfnin muni koma til með að kosta 50—60 þús. kr., og aðrir segja enn meira. Þingið getur ekki staðið sig við það, sóma síns vegna, að leggja fé út í aðra eins óvissu og þessa.

Hitt er sjálfsagt, að skora á stjórnina að undirbúa málið til síðari aðgerða og úrslita þingsins.

Eg vona að frv. verði ekki samþ. í þessari mynd.

Jón Jónsson: Eg stend upp til að láta í ljós undrun mína yfir því, að hvaða niðurstöðu nefndin hefir komist. Þegar eg lít á nöfnin, sem undir nefndarálitinu standa, þá sé eg, að tveir af þremur mönnum vóru með í að fella fjáraukalögin, og aðrir tveir vóru í fjárlaganefndinni, báðir sparnaðarmenn, og þyki mér því næsta merkilegt, að þeir koma nú fram sem mjög örir á fé landsins.

Eg efa ekki, að háttv. flutningsmaður fyrra frv. hafi flutt það í beztu meiningu, því að hann er mjög hlyntur sjávarútveginum, en þetta frv. þyki mér ganga lengra en rétt er. Það situr illa á honum að koma nú fram með þetta frv., þar sem hann sagði um daginn, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði felt fjáraukalögin, af því að hann hefði ekki treyst sér til að hafa hemil á sjálfum sér. — Það lítur út fyrir að nefndin hafi gert það af ásettu ráði að búa til þetta nýja frv., þar sem stjórnin er skylduð til að kaupa jörðina, og landið á að bera allan kostnaðinn af byggingu hafnarinnar. Í hinu frv. var ekki farið fram á nema að styrkja höfnina að parti. En ef landið kaupir jörðina, verður það auðvitað að bera allan kostnaðinn. Það hefir verið bent á, að þetta sé alt gert út í bláinn, og það er fyrirsjáanlegt, að jörðin og höfnin verða miklu dýrari heldur en gert hefir verið ráð fyrir.

Eftir því sem haft er eftir landsverkfræðingnum, mun höfnin kosta meira en 75 þús. kr., og finst mér það vera næsta barnalegt af nefndarmönnunum, að ætlast til, að þeir menn, sem vóru með í að fella fjáraukalögin, verði fúsir til að ganga inn á svona frv. En sérstaklega vil eg láta í ljós undrun mína yfir því, að þeir tveir menn í nefndinni, sem vóru með í að fella fjáraukalögin, skuli gerast svo djarfir að koma fram með þetta frv. Það getur verið, að nauðsynin sé mikil, en það má líka gera of mikið úr öllu. Vér vitum, að fyrir þessu þingi lágu beiðnir um fjárveitingar til ýmislegra framkvæmda, gagnlegra og nauðsynlegra, og mér finst, að þetta geti alveg eins beðið næsta þings.

Eg verð að telja það sjálfsagt, að fella þetta mál þegar við þessa umr., því að eg fæ ekki betur séð, en að það sé hreinasta fjarstæða að samþ. það í þessari mynd.

Guðm. Hannesson: Háttv. framsögum. undraðist, að eg hefði fengið aðrar upplýsingar hjá verkfræðingi landsins heldur en hann. Eg gæti ímyndað mér að það sprytti af því, að eg hefi skoðað uppdrátt af hafnarsvæðinu, en það hefir hann líklega ekki gert.

Á uppdrættinum er fjöruborð sýnt með glöggri línu og állinn milli skers og lands er aðeins fáar álnir við stórstraumsfjöru, svo að heita má, að garðurinn sé allur á þurru landi. Hér er því í raun og veru ekki að tala um eiginlega höfn, og þessi blettur, sem á að sprengja, er takmarkað svæði, þar sem meiri og minni sjór gengur yfir eftir sjávarföllum.

Þetta blasir við hverjum manni, sem lítur á uppdráttinn, og auðvitanlega skýrði verkfr. þetta líka á annan hátt, sem uppdrátturinn ber með sér.

Eg held að allir, sem heyrðu mína stuttu ræðu, hljóti að hafa skilið, að eg er þessu fyrirtæki velviljaður. Eg er þó ekki vanur að taka vel í fjárveitingar út í loftið. Lýsingin á ástandinu þar austur er nokkur ástæða til að sinna málinu. Að eg sé því illviljaður,

kemur ekki til tals. Eg skal játa, að eg er ókunnugur á þessum stöðvum, en hitt er þó lakara, þegar menn reka sig á að kunnugir menn gefa rangar upplýsingar hér í deildinni. Menn geta séð það af nefndarálitinu, að landsnytjar eru engar, svo að það stendur óhrakið, sem uppdrátturinn sýnir, að grænn blettur sést þar enginn annar en túnið, og það er klukkutímaferð þangað sem gras tekur við. Þetta skiftir þó nokkru máli, þegar talað er um að gera höfn og hlynna að atvinnu fólks. Það er viðurkent af háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hér sé ekki hugsað til að gera fast aðsetur fyrir útveg, heldur aðeins þann tíma, sem róið er á vertíðunum. Ef hér væri um að ræða eitthvað, sem vöxtur og gróði væri í, þá væri sjálfsagt að veita til þess fé. En umræðurnar hafa sýnt, að mínar upplýsingar eru réttari heldur en upplýsingar háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Það sannar lítið, þó að búið hafi verið þar stórbúi, því að fjörubeit er þarna góð, og það má líklega láta margt fé ganga í hrauninu, en slægjur eru engar. Þessir landkostir geta verið nýtandi fyrir eitt bóndabýli, en fyrir bæ og margmenni eru þeir léttir á metunum. Eða mætti eg spyrja háttv. 1. þm. Árn. (S. S.): Fylgja jörðinni nokkrar slægjur á bak við hraunið? *(Sigurður Sigurðsson:* Nei). Af því, sem eg hefi fræðst um þetta mál af umræðunum, leyfi eg mér að bera fram rökstudda dagskrá þannig hljóðandi:

»Sökum þess, að þingdeildin telur mál þetta ekki nægilega undirbúið, en treystir því, að stjórnin afli fyrir næsta þing nauðsynlegra upplýsinga, og leggi málið, ef tiltækilegt þykir, fyrir þing 1915, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.«

Bjarni Jónsson: Eg ætlaði aðeins að geta þess, að eg hafði hugsað mér að greiða atkvæði með þessu máli til 2. umr., en eigi það að komast lengra, verður að breyta því, ef eg á að ljá því atkvæði. T. d. vil eg ekki skylda stjórnina til að hafa samið um kaup á jörðinni fyrir næsta nýár, og svo vil eg að það sé tiltekið í frv., hverri upphæð mestri stjórnin mætti til þessara jarðakaupa verja.

Í huga mínum er eg mikið fylgjandi þessu fyrirtæki, og vildi eg feginn geta greitt málinu atkvæði út úr deildinni, en til þess þyrfti að gera þessar breytingar, sem eg nefndi, og ef til vill fl. Eg mun fyrst styðja málið til 2. umr., svo að tækifæri gefist til að koma með breytingartill.

Matthías Ólafsson: Mér kom nokkuð á óvart tillaga hæstv. ráðherra í þessu máli. Mér hefir áður heyrst á honum, að hann væri hrifinn af því, að nú væri loks farið að hugsa um Þorlákshöfn, og mér þótti gott til þess að vita, að þetta mál kæmist nú í hendur þess manns, sem lengi hefir haft áhuga á því.

Hæstv. ráðherra tók í sama strenginn og þeir, sem sérstaklega hafa fundið frv. það til foráttu, að í því er ekki tiltekin nein upphæð. Það má nú segja um það, að ein pylsa í sláturtíðinni gerir ekki mikið. Það hafa verið samþ. frv. hér í deildinni, sem kostnað hafa haft í för með sér, og hefir ekkert verið tiltekið, hvað mestu mætti til kosta. T. d. má nefna frv. um heimflutning mynda Einars Jónssonar. Það má leiða að því skýr rök, að af heimflutningi þeirra muni leiða upp undir 100 þús. kr. kostnað.

Háttv. 2. þingm. N.-M. (J. J.) fór að hnippa í mig fyrir það, að eg skyldi bera þetta mál fram, þrátt fyrir það, að eg hefði álasað honum fyrir að fella fjáraukalögin, og þeim öðrum, sem að

því unnu. Eg er hér hvorki að berjast fyrir hégómamáli, né heldur fyrir neinum bitlingi eða fyrir mitt kjördæmi. Þetta er þjóðnauðsynjamál, meira heldur en þau mál, sem hann hefir sjálfur flutt eftir að búið var að loka kjötpottinum, t. d. eins og frv. um heimflutning listaverka Einars Jónssonar. Það er vitaskuld hægt að fá þessa hluti geymda í K-höfn, svo að þeir skemmist ekki og mundi leigan naumast verða mjög há, en eigi að flytja þessi verk heim, þá er enginn efi á því, að yfir þau þarf að byggja hið allra fyrsta, og sú bygging verður dýr, ef hún á ekki að verða oss til vanvirðu. En þessi tvö mál er ekki hægt að bera saman. Annað er til gamans, en hitt til gagns. Því lengur, sem það dregst að koma upp höfninni í Þorlákshöfn, því meiri hætta er á líftjóni og jafnvel tekjutapi.

Eg get ekki mótmælt því, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði. Landsverkfræðingurinn hefir ekki sýnt mér þennan uppdrátt, þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar. Jafnvel þótt eg sé á því, að höfnina bæri að styrkja, þó að hún kostaði miklu meira en 75 þús. kr., þá held eg, að eg verði að segja, að ef garður úr landi kostar svo mikið, þá fari að renna á mig tvær grímur. En eg hefi skilið eigendur jarðarinnar svo, að þessi áætlaða höfn myndi koma að mjög góðu gagni, og geta orðið að skjóli fyrir 50 báta.

Eg get ekki séð, að þessu máli verði betur borgið með því, að afgreiða það með þessari rökstuddu dagskrá. Eg hefði heldur óskað fyrir mitt leyti, að málið yrði felt hér í deildinni, heldur en að hin rökstudda dagskrá næði samþykki.

Pétur Jónsson: Mér finst eg ekki fá miklar upplýsingar hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) annað en það, að þetta væri nauðsynjamál. Það er víst alveg rétt, að þetta er eitt af nauðsynjamálum vorum, en þau eru mörg og víða. Það er annað, sem þarf að fá upplýsingar um og það er, hvort þessi garður, sem á að kosta nál. 75 þús. kr., sé á þurru landi eða í sjó, og eins um það, hvort hann sé nógu langur til þess, að þarna geti orðið viðunanleg höfn. Beztar upplýsingar um þetta mál hafa komið frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) og af þeim komst hann að þeirri niðurstöðu, að bezt mundi að vísa þessu máli á bug. Mér þykir harla undarlegt, að jafngóðir og skynsamir menn og flutningsmenn þessa máls eru, skuli hafa borið þetta mál fram, mér er nær að halda, að þeir hafi gengið í vatnið á því. En þó að þeir hafi gengið í vatnið á því, þá eiga þeir ekki að vera að bregða öðrum um illvilja til þess. Eg tek það að minsta kosti ekki að mér, því eg þykist jafnan hafa sýnt fullkominn góðvilja hverju þarflegu fyrirtæki. Hitt er annað mál, þó að mig héðan af fari að gruna margt, þegar um fyrirtæki í Árnessýslu er að ræða.

Guðmundur Eggerz: Eg stend aðallega upp út af fyrirspurnum þeirra háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, hvort garðurinn sé á þurru landi eða sjó. Þetta er næsta einkennileg spurning og leitt að þurfa að svara henni í alvöru. Höfnin á að vera fyrir báta, en ekki fyrir naut eða fé, svo það er auðvitað, að garðurinn er úti í sjó, hann er til þess að veita bátum skjól.

Í tilefni af árásum þeim, sem nefndin hefir sætt fyrir það, hve ógætilega hún hafi farið að ráði sínu, þá vil eg taka það fram, að eg get ekki séð, að hún hafi farið neitt óvarlega í sakirnar, því að þótt landið verji talsverðu fé til að kaupa þessa jörð, þá er það bundið fé. Jörðin gefur af sér 5680 kr. á ári

Nefndinni hefir og verið legið á hálsi fyrir það, að ekkert verð er tiltekið í frumvarpinu. En þar til er því að svara, að nefndin bar það traust til núverandi stjórnar, að hún semdi ekki um kaup á jörðinni ef verðið næði engri átt. Vér nefndarmennirnir höfum líka slegið varnagla við þessu atriði, þar sem farið er fram á í frumv. að veita landsstjórninni heimild til þess að taka jörðina eignarnámi.

Þá er hitt atriðið, sem um hefir verið talað, að menn viti ekki, hvað höfnin muni kosta. Nefndin bjóst við því, að áður en stjórnin legði út í að láta gera höfnina þá myndi hún fá teikningar hjá landsverkfræðingnum og áætlun um kostnaðinn og álykta af því, hvort ráðast bæri í þetta fyrirtæki. Ef stjórnin sæi, að ekki myndi hyggilegt að láta gera höfnina, eða það yrði dýrara en nú er ætlað, þá myndi hún auðvitað hætta við það. Enginn gæti þá ásakað hana fyrir að láta verkið bíða.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) þótti það undarlegt, að menn, sem teldi sig sparnaðarmenn, skyldi geta verið hlyntir máli þessu. Eg tel mér það til hróss, að hann kallar mig sparnaðarmann, en þótt eg sé sparnaðarmaður, þá er eg ekkert hræddur við að greiða atkvæði með að fé sé lagt í þarfleg fyrirtæki. Eg vil líka benda hv. þm. á, að hann hefir sjálfur gerst flutningsmaður að fjárveitingu til tveggja fyrirtækja, Heilsuhælisins og vitans, sem eg auðvitað ámæli honum fyrir.

Mér finst það hafa komið í ljós við umræðurnar hér í deildinni, að allir álíti þessa höfn nauðsynlega og að það væri skylda að koma henni á á næsta alþingi. En mér er það ekki nóg, mér finst ekki mega láta verkið bíða. Eg álít það vera mikið samvizkuspursmál, að draga það um 1—2 ár, vegna hættu þeirrar, sem sjómönnum stafar af hafnleysinu. Samkvæmt upplýsingum þeim, sem eg hefi fengið, þá róa þarna um 30 bátar á vertíðinni og er eitthvað 10—12 manns á bát, það eru alt róðrarbátar, um mótorbáta er ekki að tala þar, af því höfnin er svo vond. Slys er þar ekki lengi að að bera, og eg gæti trúað því, að sumir þingmenn mundu fá vonda samvizku ef þeir frétti það, að 2—3 skipshafnir hefði farist þarna sakir hafnleysis. Okkur skilur á í því, háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) og mig, að eg álít sjómannslífið meira en 500 kr. virði.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Það hefir verið svarað flestum mótbárum, sem komið hafa fram gegn málinu.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) var að tala um, eftir því sem mér skildist, að ekki mundi hægt að gera þarna höfn. Landsverkfræðingurinn er þó ekki í neinum vafa um það, og það fyrir þetta verð, 75 þús. krónur, fyrir 50 mótorbáta.

Menn hafa talað um það, að ekki mundi rísa upp borg eða bær kring um þessa höfn. En til þess hefir heldur ekki verið ætlast, heldur hins, að mótorbátaútvegurinn frá Eyrarbakka og Stokkseyri flyttist til Þorlákshafnar. Við það mundu mörg mannslíf sparast en fleiri fiskar koma í land. Það hefir og verið fært fram móti þessu máli, að ekkert liggi á. Það er gamla sagan; menn reyna hér á þingi svo oft að friða samvizku sína með því að segja, að ekkert liggi á.

Þá hafa menn og fárast mikið um undirbúningsleysi þessa máls, en hvað sem um það er, þá stendur það þó fast, hvað verkið mundi kosta og hvaða gagn er að því.

Hvort garðurinn sé á þurru landi eða í sjó, skoða eg sem fyndni og lítið annað. Menn eru víst óvanir að byggja hafnir á þurru landi eingöngu.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J) talaði um þetta mál í sambandi við fjáraukalögin sálugu, en það kemur þeim ekkert við. Sjálfur hefir hann gerst flutningsmaður, ýmist einn eða með fleirum að öðrum málum, sem ekki geta kallast betri mál en þetta. Hann ætti því að rétta okkur hendina og bjóða okkur að vera með okkur. Sparnaður í þessu efni er að spara aurana en fórna mannslífinu, og eg get bætt við, að henda krónunni en hirða eyrinn. Því það er enginn vafi á því, að ef höfn yrði gerð í Þorlákshöfn, þá mundi fiskiútvegur aukast mikið austanfjalls, en við það blómgast hagur sýslnanna og þá um leið hagur alls landsins. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði um, að kring um Þorlákshöfn væri tómir sandar, en graslendi lítið. Áður hefir þó verið búið þar stórbúi. Fjörubeit er þar ágæt og líka hraunbeit. Það hagar þar líkt til og í Selvogi, en þar er líka búið stórbúum. Það er satt, að til slægna er nokkuð langt, en þó ekki meira en 1—2 klst. ferð. Honum þótti jörðin lítil og óvistleg. Í nefndarálitinu er skýrt frá því, að ógreidd jarðarafgjöld fyrir síðasta ár sé 500 kr. *(Guðmundur Hannesson:* Ekki ljóst, að það sé aðeins fyrir eitt ár). Jú, eg hélt að háttv. þm. væri svo skynugur maður, að hann vissi, að átt væri við 1 ár aðeins, en ekki 50 eða 100 ár. Það er ekkert smákot, sem gefur af sér 500 kr. í jarðarafgjöld auk alls annars.

Jón Jónsson: Það er ekki rétt hjá háttv. framsögum. (E. A.), að eg geti rétt honum hendina og verið með honum í þessu máli, þótt eg hafi flutt þau tvö frumv. sem hann nefndi. Það var í samráði við hann sjálfan og aðra flokksmenn mína, að eg bar upp fjárveitinguna til vitans og Heilsuhælisins og þegar þau mál voru borin undir flokkinn, þá skoðaði eg það svo, að þau skyldi vera þær einu fjárveitingar, sem fram ætti að ganga á þessu þingi.

Björn Kristjánsson: Eg held engan þurfi að furða, sem til þekkir, þó dálítið sé gert til að hrinda þessu máli áfram. Eg er uppalinn á Eyrarbakka og veit, að enginn fer þar á sjó svo á vetrarvertíð, að hann viti fyrir víst, að hann muni koma að aftur. Það stórbrimar þar svo fljótt, jafnvel í góðu veðri, að róðrarbátar geta ekki náð veiðarfærum sínum svo fljótt — síðan nú síðan farið var að nota net — að þeir geti komist inn sundin á vetrin, er snögglega brimar. Og þá er ekkert annað að gera en að leggja á sundin upp á von eða óvon að komast að landi, eða leggja til hafs. Eg hefi sjálfur horft á það með mínum eigin augum, að menn hafa druknað á sundunum þar í góðu veðri vegna brims.

Eg hefi stutt þetta mál, ekki svo mjög vegna Þorlákshafnar, heldur vegna Eyrarbakka og Stokkseyrar og Árnessýslu yfirhöfuð. Sjómenn þaðan eru altaf í hættu, og það er sjálfsagt að bjarga þeim ef mögulegt er.

Það getur vel verið, að frumv. þetta sé ekki eins vel sniðið og vera ætti. Það getur verið að betra væri að gefa stjórninni aðeins *heimild* til að kaupa jörðina, í staðinn fyrir að uppáleggja henni það, en það mætti laga við 2. umr. Það hefir verið fundið frumv. til foráttu, að ekki sé tekið til neitt verð þar. Vér nefndarmenn berum svo gott traust til stjórnarinnar, að hún gæti þar alls hófs. Það getur verið, að betra sé að setja eitthvert fast verð, t. d. 60 þús. Eg vil ekki byggja verðið á eftirgjöldunum, þau eru of há. Og það var eitt með öðru, sem kom mér til að ljá máli þessu fylgi, að eg vildi losa sjómenn

undan því okurgjaldsuppsátri, sem síðustu árin hefir verið lagt á þá, sem þangað verða að leita.

Hvernig á landssjóður að losa 50 þús. kr. á þessum tíma, munu menn spyrja. Það er auðvelt. Á jörðinni hvíla um 20 þús. kr. með 1. veðrétti til veðdeildar Landsbankans. Þær þarf ekki að borga fyrr en smátt og smátt. Næst á eftir munu hvíla á jörðinni 20 þús. kr. með 4% vöxtum. Lánið er óuppsegjanlegt og veðhafi útlendur. Þá eru eftir 20 þús. kr., sem þarf að reita saman og það er varla ókleift. Hygg eg, að ráðlegast væri, að setja 60 þús. kr. sem hæsta verð. Stjórnin hefir þá líka fyrir sér, það sem hún óskar eftir.

Þótt gert sé ráð fyrir í frumvarpinu, að gera skuli höfn í Þorlákshöfn, þá er ekki þar með sagt, að það skuli gera áður en fé er veitt til þess á fjárlögum. Lög hafa oft ákveðið, að eitthvert verk skyldi framkvæmt, t. d. eru lög um það, að brúa skuli Jökulsá á undan öllum öðrum ám, en það er ekki gert enn og verður ekki gert fyrr en fé til þess er veitt á fjárlögum.

Eg vil leyfa mér að benda þeim á það, sem eru að klifa á því, að eftirgjaldið muni verða svo lítið eftir Þorlákshöfn, að ef t. d. 50 mótorbátar bættist við útveginn austanfjalls vegna hafnarinnar, og hver þeirra aflaði 100 skippund á ári af fiski, þá mundi tollurinn af fiskinum einum saman auka tekjur landsins um 1600 krónur. Það eru því ekki eingöngu jarðarafgjöldin, sem í landssjóð kæmi, heldur líka auknar tekjur af fiskinum.

Enn er það, að Þorlákshöfn liggur á þeim stað, að hætta er á, að hún geti lent í höndum útlendinga og það hefir legið við borð. Það álít eg vera hið mesta skaðræði, og þess vegna á landið að flýta sér að kaupa hana.

Enn vil eg benda á það, að auk Eyrarbakka og Stokkseyrar getur Selvogur notað Þorlákshöfn sem neyðarhöfn.

Guðmundur Hannesson: Út af deilum þeim, sem orðið hafa um þennan margnefnda 75 þús. kr. garð, þá vil eg geta þess, að hann er á þurru landi um fjöru, en í sjó um flóð.

Jörðin er að eins 43,5 hndr. að nýju mati, og getur ekki kallast mjög mikils virði. Fasteignabrask síðari ára hefir hleypt henni upp.

Af því, sem hér hefir verið sagt til meðmæla þessu frumv. þykir mér bezt það, sem háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) hefir talað.

Sigurður Sigurðsson: Út af því, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði um það, að jörðin hefði hækkað í verði á síðari árum, vegna fasteignabrasks, þá vil eg geta þess, að fyrir 20 árum datt þáverandi eiganda jarðarinnar ekki í hug að láta hana innan við 30 þús. kr. Jafnvel þótt jörðin ætti að kosta 50—60 þús. kr., þá er svo langt frá að eg álíti það gífurlegt, heldur finst mér það þvert á móti sanngjarnt, þar sem er að ræða um annan eins framtíðarstað og Þorlákshöfn er, væri henni sómi sýndur.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (þskj. 442) feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Björn Hallsson	Bjarni Jónsson
Hjörtur Snorrason	Björn Kristjánsson
Jón Jónsson	Einar Arnórsson
Pétur Jónsson	Einar Jónsson
Sigurður Eggerz	Guðm. Eggerz
Sigurður Gunnarss.	Hannes Hafstein

Já:	*Nei:*
Skúli Thoroddsen	Jón Magnússon
Sveinn Björnsson	Magnús Kristjánss.
Þórarinn Benediktss.	Matthías Ólafsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson

Jóhann Eyjólfsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Eggert Pálsson var fjarstaddur.

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 14:7 atkvæðum.

Á 39. fundi deildarinnar, mánud. 10. ágúst, var frv. tekið til 2. u m r. (þskj. 392, 411, 457).

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg get verið mjög fáorður. Það hafa komið fram tvær breyt.till. á þskj. 411 og á þskj. 457. Brtill. á þskj. 411 fer fram á það, að hafnarbyggingin hefjist í júnímánuði 1915. Brtill. á þskj. 457 fer fram á það, að í staðinn fyrir upphafið á 1. gr. frv.: »Landstjórnin semji sem fyrst og í síðasta lagi fyrir næsta nýár« o. s. frv. komi: Landstjórninni heimilast að semja sem fyrst o. s. frv. Þessar brtill. eru fram komnar samkvæmt bendingu nokkurra þingmanna við 1. umr. málsins. Eg vona, að mönnum virðist frumvarpið aðgengilegra með þessum breytingum, og vænti eg, að það fái nú að ganga leiðar sinnar.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að þessu máli sé vísað til stjórnarinnar.

Framsm. (Einar Arnórsson): Eg vil lýsa yfir því, fyrir hönd nefndarinnar, að brtill. á þgskj. 411 er tekin aftur.

ATKV.GR.:

Vísað til stjórnarinnar með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Björn Hallsson	Benedikt Sveinsson
Hannes Hafstein	Bjarni Jónsson
Hjörtur Snorrason	Björn Kristjánsson
Jóhann Eyjólfsson	Einar Arnórsson
Jón Jónsson	Einar Jónsson
Pétur Jónsson	Guðm. Eggerz
Sigurður Gunnarsson	Matthías Ólafsson
Skúli Thoroddsen	Sigurður Sigurðsson
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	

Jón Magnússon og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Tveir þingmenn fjarstaddir.

---

15. Botnvörpuveiðar.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (þgskj. 275), eins og það hafði verið samþykt við 3. umr. í Ed.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Matthías Ólafsson: Eg skal ekkert um það segja, hvernig eg hefði greitt atkvæði í þessu máli, ef öðruvís hefði staðið á. Það var sagt fyrir fám dögum hér á þingi, að oss væri það lífsskilyrði, að eiga vingott við Englendinga á þessum tímum. Þetta er alveg satt. Þess vegna finst mér það nú rangt að samþykkja lög eins og þessi, sem hækka sektarákvæði fyrir brot botnvörpunga á landhelgissvæðinu. Þess vegna verð eg að leggja á móti því nú,

að þetta frumvarp verði samþykt, hvernig svo sem eg hefði greitt atkvæði, ef öðruvís hefði á staðið.

Benedikt Sveinsson: Eg hlýt að taka í sama strenginn og háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.). Þótt rétt væri ef til vill að skerpa sektarákvæði botnvörpuveiðalaganna, þá hygg eg, að ekki sé hentugur tími til að gera það nú, þegar vér kunnum að þurfa að halda á tilhliðrun Englendinga í viðskiftum við Ísland, sakir ófriðarins.

Hitt atriði frumvarpsins — að nema úr gildi undanþágu þá, er íslenzk botnvörpuskip hafa haft til þess að fara um landhelgi, án þess að hafa hlerana innbyrðis — tel eg heldur ekki rétt að samþykkja. Þetta er ekki nema eðlileg og sjálfsögð undanþága, vegna þess, að íslenzku skipin eru þau einu skip, sem oft eiga löglegt erindi um landhelgina. Útlendingar eiga það sjaldnast. Það er alvanalegt á sumrin, að íslenzk botnvörpuskip fara út á fiskimið að kveldi og koma inn til hafnar aftur að morgni með afla sinn. Þau eiga því leið um landhelgina tvisvar í sólarhring. Það væri þeim talsverð tímatöf og erfiði að þurfa í hvert sinn að innbyrða hlerana, leysa vörpuna frá og setja hana upp í búlka. Eg verð því að leggjast í móti þessu ákvæði. Til þess að fella það burtu þarf ekki annað, en stryka út tilvitnunina til 9. gr., og mun eg síðar gera brtill. þar að lútandi, ef málið heldur lengra áfram.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) eru báðir sammála um það, að nauðsynlegt sé að eiga frið við Englendinga á þessum tímum. En háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) dregur ekki réttar ályktanir um það, hvað gera eigi, út frá þessari skoðun hans. Hann vill leggjast á móti því, að kippt sé burtu því misrétti, sem um nokkur ár hefir átt sér stað, gagnvart útlendum fiskimönnum í samanburði við íslenzka fiskimenn. Ef vér viljum eiga vingott við Englendinga, þá er einmitt ágætt tækifæri til þess núna að sýna þeim vorn góða hug, með því að nema þetta misrétti í burtu. Það mundi sýna Englendingum, hve réttlát og góðgjörn þjóð vér erum, að vér látum það sama ganga yfir vora fiskimenn og þeirra. Hitt get eg ekki skilið, að þeir leggi nokkuð upp úr því, að vér hækkum dálítið lágmark sekta fyrir ólöglegar veiðar, jafnt þeirra manna og vorra. Þessa gætir ekki mikils vegna þess, að sjálfar sektirnar nema minstum hluta af þeim útgjöldum, sem þeir er brotlegir verða, eru dæmdir í. Eg held því, að það sé vel ráðið, að frv. þetta gangi óáreitt í gegn um þingið, þar sem eg hefi bent á ósamræmið milli ræðu og óskar háttv. þm., sem einmitt mælir með, að þessu atkvæði verði haldið.

Einar Arnórsson: Eg stend aðeins upp til þess að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði sett í þetta mál.

Jón Magnússon: Eg held, að það sé misskilningur hjá háttv. þm. Dal. (B. J.) að erlendir botnvörpungar sé óánægðir yfir því, að íslenzkir botnvörpungar hafi þessa undanþágu. Eg hefi heyrt marga útlendinga, bæði konsúlana hér og aðra, tala um þetta, og virðist það ekki nema sjálfsagt. Eg get vitanlega ekki tekið fyrir það, að einstaka maður kunni að hafa látið í ljós óánægju í þessu efni, en það get eg fullyrt, að sú óánægja er ekki almenn. Eg get fallist á uppástungu háttv. 2. þm.

Árn. (E. A.), að ef ætlast er til að frv. gangi fram, þá sé það fengið nefnd til íhugunar hér í deildinni. Eg held t. d. að rétt sé að taka það til athugunar, hvort ástæða sé til að hækka sektarlágmarkið eins og farið er fram á í 2. gr. frv. Þessi brot eru svo fjarskalega mismunandi, að eg tel rétt að gera mikinn mun hegningarinnar. Það gæti vel komið til mála að hækka hámark sektarinnar, en eg hygg, að ekki eigi að hækka lágmarkið og tel æskilegt að málið verði athugað í nefnd, einnig í þessari deild, og skal eg svo ekki hafa fleiri orð um það, að þessu sinni.

Bjarni Jónsson: Eg stend aðeins upp til þess að sýna, að það sem eg sagði áðan, var af engum misskilningi sprottið. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hefir sagt mér, að yfir 300 útlend botnvörpuskip hafi komið þar inn á höfnina árið sem leið, svo að nokkrum sinnum hafa þau átt erindi yfir landhelgissvæðið. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) sagði, að útlendingar væri ekki óánægðir með þetta ákvæði, get eg látið mér nægja að vitna til yfirlýsingar stjórnarinnar í efri deild um það, að þeir sé sáróánægðir og hafi oft látið það í ljós á margan hátt.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki séð, að það sé á miklum rökum bygt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að við háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) höfum komist í mótsögn við sjálfa okkur. Við hyggjum, að ekki sé heppilegur tími til þess nú, eins og sakir standa, að herða á sektarákvæðum fyrir landhelgisbrot botnvörpunga, og þykir það ekki vel fallið til þess að halda vináttu við Englendinga, sem oss Íslendingum er þó full þörf á um þessar mundir. Íslenzkir botnvörpungar hafa eins og kunnugt er markað fyrir fisk sinn í Englandi. En ef enskir útgerðarmenn þættist vera áreittir með þessu tiltæki, þá væri þeim innanhandar að láta það koma í móti að spilla fiskmarkaði Íslendinga þar í landi. Af þessum ástæðum teljum við óheppilegt að fara nú að hækka sektirnar.

En að kaupa hylli Englendinga með því að nema úr gildi undanþágu, sem íslenzkir botnvörpungar hafa haft í mörg ár, og engar kröfur frá Englendinga hálfu liggja fyrir um að afnema, það er alt annað mál, og með öllu ástæðulaust. Það er alt annað, að *herða á* kröfunum gagnvart Englendingum með laganýmæli, en að láta *standa* gamalt lagaákvæði, sem þeir og aðrir útlendingar eru orðnir vanir við, og dettur ekki í hug að fárast um nú, þó að þeim hafi ef til vill ekki þótt það allskostar gott í fyrstu. Og allra sízt væri nauðsyn á að nema þessa undanþágu Íslendinga úr gildi vegna útlendinga, þar sem þeir hafa ekki borið sig upp undan því. Eg get ekki séð, að það sé ófyrirsynju, að Íslendingum er veitt þessi undanþága, því að það er ómótmælanlegt, að íslenzkir botnvörpungar hafa margfalt oftar löglegt erindi um landhelgissvæðið en erlendu botnvörpungarnir. Tíma úr árinu þurfa íslenzkir botnvörpungar að fara um landhelgina á hverjum einasta degi, eins og eg tók fram áðan. Þeim væri það þessvegna til mikillar fyrirhafnar og óþarfa umstangs, ef þeim væri lagðar þær skyldur á herðar, sem þeir eru nú leystir undan.

Matthías Ólafsson: Þrátt fyrir það, sem hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, get eg ekki verið á annari skoðun, en eg lét áðan í ljós. Hann heldur, að Englendinga muni ekki mikið um það, þó að sektarlágmarkið verði hækkað eins og hér er farið fram á. Það getur vel verið, en það er andi laganna, sem eg legg

mesta áherzluna á, og það er andi laganna, sem mundi verða til þess, að gera Englendinga óánægða með þessar ráðstafanir. Í 7. gr. frv. segir svo:

»Skipstjóra þann, sem gjörir sig sekan í ítrekuðu broti, eða broti, er mjög mikið kveður að, gegn 1. grein þessara laga, má auk hegningar þeirrar sem getur um í 2. gr. dæma í fangelsi«.

Ef þetta er vel fallið til þess að efla vinsamleg viðskifti milli landa, þá er flest fallið til að efla vinsamleg viðskifti. Eg verð enn að halda því fram, að það sé óvarkárt að herða á botnvörpungasektarákvæðunum nú, þegar einmitt sérstök ástæða er til þess, að vér komum oss sem allra bezt við Englendinga. Það veit enginn, hvað úr þessum ófriði kann að verða, og það veit enginn, hvort vér verðum eftir nokkra daga í sambandi við þá þjóð, sem vér erum nú í sambandi við. En hvernig sem alt veltur, þá verður oss ekki happadrýgra að vera í vinfengi við nokkra aðra þjóð en Englendinga. Hitt, að vér förum að nema úr gildi þá undanþágu, sem íslenzkir botnvörpungar hafa haft í mörg ár, er alt öðru máli að gegna.

Það er ekki nema sjálfsagt, og það viðurkenna aðrar þjóðir, að sé eðlilegt, að vér, sem þetta land byggjum, höfum ýms hlunnindi af því, sem vér veitum ekki framandi þjóðum. Englendingar hafa sýnt, að þeir líta þannig á þetta mál, með því að frá þeim hafa engar kvartanir borist í þessu efni. Eg hefði helzt óskað, að þetta frv. væri felt nú þegar, en að öðru leyti get eg sætt mig við, að nefnd verði kosin til að íhuga það, því að eg býst við, að hún komist að líkri niðurstöðu og við, eg og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv.

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt með 17 samhljóða atkv.

Í nefndina vóru kosnir með hlutfallskosningu:

Bjarni Jónsson
Matthías Ólafsson
Guðm. Eggerz
Stefán Stefánsson
Benedikt Sveinsson.

Á 36. fundi Nd., fimtud. 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 275, n. 361 og 369).

Framsm. meirihl. (Matthías Ólafsson): Eins og nefndarálitið ber með sér, þá hefir nefndin ekki getað orðið á eitt mál sátt, því að meiri hl. vill láta fella frv.

Eg vil ekki tefja hv. deild með langri ræðu, en eg get þó ekki komist hjá að minnast á nefndarálit hv. minni hluta, þar sem að sagt er, að eg ráðist á þann garðinn, sem eg ætti að verja, og er þar líklega átt við það, að eg er fiskiveiðaráðunautur, en till. um það að hækka botnvörpusektirnar er komin frá fiskiveiðafélaginu.

Þar til er því að svara, að ef eg hefði einhverja skoðun sem þingmaður, þá mundi eg halda henni fram, jafnvel þótt sjómannastéttin teldi hana óheppilega, því að eg mundi að sjálfsögðu álíta mína skoðun réttari.

Í nefndinni var bent á, að líkindi eru sáralítil, að vér fáum nokkurar tekjur af botnvörpusektum á meðan ófriðurinn stendur yfir. Það eru lítil líkindi til þess, að nokkurir útlendir botnvörpungar verði að veiðum hér við land, og því fáum vér heldur engar tekjur af botn-

vörpusektum á meðan. En þegar ófriðnum léttir af, þá mun ekki lengi þurfa að bíða eftir því, að þing komi saman aftur, og væri þá hægt að samþykkja lög í þessa átt, ef ekkert verður því þá til fyrirstöðu. *(Sigurður Sigurðsson:* Því lá nefndin ekki á frumvarpinu?). Eg tel það ekki vel ráðið, að nefndir taki sér það vald, að drepa frumvörpin upp á eigin spýtur, en vilji deildin ekki fallast á frumvarpið, þá er henni innanhandar að fella það.

Eg sé, að hér er verið að meinbægjast við ísl. botnvörpungunum í frumvarpinu. Meiri hluti nefndarinnar var á þeirri skoðun, að ekki væri rétt að afnema undanþágu þá, er íslenzkir botnvörpungar hafa haft að undanförnu, um meðferð á veiðarfærum innan landhelginnar. Og telur hann slíkt enga ívilnun gagnvart útlendingum, þótt Íslendingum yrði sett jafnerfið skilyrði og þeim, því að útlendingar munu sætta sig allvel við þau ákvæði.

Annars sé eg ekki ástæðu til að halda langa ræðu að sinni og skal því láta úttalað um þetta mál nú.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Eg skal geta þess, að það var ekki í móðgunarskyni við háttv. framsögum., að eg setti það í nefndarálit mitt, að mér fyndist hann höggva þar, er hann skyldi hlífa, heldur var það að eins til þess að minna hann á, að draga ekki ofmikið taum íslenzku botnvörpunganna gegn öðrum fiskimönnum.

Svo stendur á um þetta mál, að sjómenn hafa kvartað undan því, að þessum botnvörpungum sé hjálpað til þess að brjóta landslögin. Þessi umkvörtun hefir komið fram á þingmálafundum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og efast eg ekki um, að hún sé á rökum bygð. Það er því ekkert ranglátt, að menn nemi þessa undanþágu úr gildi.

Í öðru lagi finst mér það sjálfsagt vegna alþjóðaréttar, að íslenzkum botnvörpungum sé í þessu efni ekki gert hærra undir höfði en öllum öðrum.

Það liggur í augum uppi, að því fyrr sem landhelgissjóður vor vex, því fyrr getum vér tekið landvarnirnar í vorar eigin hendur, og því fyrr verða þær að verulegu gagni.

Á því virðist mér engin hætta, að aðrar þjóðir styggist við, að botnvörpungasektirnar verði hækkaðar, því að þær hafa aldrei verið þyrnir í þeirra augum. Hitt vegur líka margfaldlega upp á móti því, að allir eru gerðir jafnir fyrir lögunum.

Þessi undanþága var í upphafi veitt, af því að menn héldu, að botnvörpungar vorir mundu eigi brjóta landslögin; en síðan hefir komið í ljós, að þeir eru ekki hóti betri en aðrir, og er óþarfi að ein lög geri þeim auðveldara að brjóta önnur lög. Það er og ekki einskisvert, að menn megi vera óhultir fyrir yfirgangi.

Þá skal eg taka það fram, að mér virðist þetta frumvarp vera til bóta að því leyti, að yrði það samþykt, yrði lögin á tveim stöðum orðin skýrari en áður var.

Að öllu þessu athuguðu finst mér einsætt, að láta frumvarpið halda áfram gegnum þingið.

Annað mál er hitt, að ef mönnum lízt ekki að taka þessa undanþágu af íslenzkum botnvörpuskipum, þá má koma að brtill. um það við 3. umr. Það er réttara, en að fella frv., því að það felur í sér öll ákvæði, sem til eru um botnvörpuveiðar, en þau eru nú í fernu lagi.

Framsögum. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Oft hefir háttv. þm.

Dal. (B. J.) tekist betur en nú, enda eðlilegt, þar sem hann er ekki kunnugur málinu.

Málið er ekki kappsmál, en nefndin hefir tekið það fram, að hún telur óvænlegt, eins og sakir standa, að herða á sektaákvæðunum, sérstaklega vegna Englendinga, sem hér eiga svo marga botnvörpunga, eins og kunnugt er. Enn fremur telur nefndin, að lítil líkindi sé til, að lögin komi að nokkuru gagni fyrr en á næsta þingi.

Um hitt atriðið, undanþágu íslenzkra botnvörpunga, er það að segja, að það er engum til meins, en mörgum til gagns, því að það er afarmikil vinna og umstang, eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram í nefndinni, sem er því samfara að hafa alla hlera innan borðs. Íslenzkir botnvörpungar eiga öðrum skipum framar erindi um landhelgina og þurfa um hana að fara án þess að hafa sviksamlegan tilgang.

Þegar nú þessa er gætt, að frumv. getur orðið til þess að vekja óhug og óvild annara þjóða til vor, í annan stað, að frumvarpið getur ekki að gagni komið fyrr en á næsta þingi og í þriðja lagi, að frumvarpið er til ógagns fyrir íslenzka botnvörpunga, þá ræður nefndin deildinni til að fella frv.

Í áliti minni hlutans er vikið að því, að mikil vinna hafi verið lögð í frumv. og að henni sé spilt með því að fella frumv. Eg vil benda á það, að vinnan er alls ekki ónýt; athuganir þær, sem nú hafa verið gerðar, eru góðar og gildar á næsta þingi, ef málið verður þá tekið fyrir, sem líklegt er, ef sorti sá, sem nú vofir yfir, er úr lofti liðinn, og mundi eg þá greiða atkvæði með hækkun sektanna, ef eg ætti þá sæti á alþingi.

Sigurður Sigurðsson: Eg er að flestu leyti sammála háttv. þingm. Dal. (B. J.) um, að þetta frumv. sé heldur til bóta, og frá því sjónarmiði sé því ástæða til að samþykkja það.

Eg skil ekki röksemdaleiðslu háttv. framsögum. meiri hl. (M. Ó.). Hann vill láta fella frumv. nú, en gerir hins vegar ráð fyrir, að það verði samþykt á næsta þingi. Hví hefir nefndin þá ekki dregið að koma með álit sitt og tept málið þannig?

Eg held nú, að þetta smávegis »koketteri« í nefndarálitinu við Englendinga fari alveg fyrir ofan garð og neðan. Eg hefði kunnað betur við, að nefndin eða þá stjórnin ekki síður, hefði gert alvarlega gangskör að því, að komast í heppilegt viðskiftasamband við Englendinga. Það er vit í því. Hitt held eg að hafi sára lítið að segja fyrir tilverurétt vorn, hvort vér hækkum botnvörpuveiðasektirnar eða ekki.

Helzt hefði eg kosið, að frumv. væri tekið út af dagskrá, og ekki svo látið fara lengra að þessu sinni.

Framsögum. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Eg vil benda háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.) á, að málið er ekki dautt, þótt tekið væri af dagskrá.

Háttv. þingmaður gerir lítið úr góðvild Englendinga. En svo mikið veit eg, að Englendingar hafa vakandi auga á, hvernig þeim er tekið, jafnvel hjá smáþjóðunum. Væri vel, að vér Íslendingar hefðim eins gát á því, sem oss varðar í löggjöf annarra þjóða. En um frumvarpið er það að segja, að illa fer á því, að mælast til vingunar og velvildar Englendinga með öðru munnvikinu, en vera þó með reiddan hnefann gegn þeim, ef svo má að orði kveða.

ATKV.GR.:

1. gr. frumvarpsins feld með 16:4 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Botnvörpuveiðar.

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Björn Hallsson
Jóhann Eyjólfsson	Guðm. Eggerz
Sigurður Sigurðsson	Hannes Hafstein
	Hjörtur Snorrason
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánss.
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Eggerz
	Sig. Gunnarsson
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson

Einar Arnórsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans

Fimm þingmenn fjarstaddir.

Frumv. þar með fallið.

C.

Frumvörp tekin aftur.

1. Grasbýli.

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um stofnun grasbýla. (Þskj. 24).

Á 6. fundi Nd., mánudaginn 8. júlí, var tekið til 1. umr.

Flutn.m. (Jóhann Eyjólfsson): Ástæðan fyrir því, að eg hefi flutt þetta frumvarp inn í þingið, er, að seinni árum hefir það komið verulega í ljós, að þeir menn, sem hafa eindregið óskað eftir að lifa í sveit, það er að segja að lifa þar sjálfstæðu lífi — ekki vera annarra hjú — hafa hvergi getað komið sér fyrir á þann hátt, þeir hafa hvergi getað fengið sneið af jörð, hvað þá heldur heila jörð; og ef þeir hafa haft fé og fjölskyldu í eftirdragi, þá hafa þeir naumast getað komið sér fyrir í húsmensku nema með sérstökum neyðarkjörum, þessir menn hafa því orðið að flytjast í kaupstaðina, þó þeim væri það leitt, eða þá að fara til Ameríku. Það er bæði ilt og óholt þegar menn af þessum ástæðum eru neyddir til að breyta um stöðu sína, hverfa frá því lífsstarfi, sem þeir hafa alist upp við frá barnæsku, og þeim er ljúfast og kærast og ganga að öðru starfi í annarri stöðu, sem þeim er ókunn og óljúf.

Þetta er óholt fyrir landbúskapinn og þá fyrir landið í heild sinni.

Einhver helzta aðalástæðan fyrir því, að fólkinu fækkar í sveitunum og hér um bil eina ástæðan fyrir því, að búendunum fækkar, er, að ýmsir efnamenn, eða þeir menn, sem hafa mikið undir höndum og vilja búa stórt, hafa lagt og eru að leggja undir sig kot og hjáleigur. Þeim þykir fyrirhafnarminna og ódýrara að auka við sína jörð á þann hátt, og gjöra hana með því góða og stóra bújörð, en að umbæta og auka svo grasræktina á sinni eigin jörð, að hún fyrir það fleyti jafnmiklum búpeningi. Víða er það líka, að þar sem áður var tvíbýli, þar er nú einbýli, sem einnig hefir orsakast af framangreindum ástæðum.

Það er auðvitað ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að svona sé, þvíað á meðan löndin eru óræktuð og ódýr, þá er það meiri hagsvon fyrir þann, sem vill búa stórt, að búa á stóru landi en litlu, og flestum er svo farið, að þeir hugsa mest um sinn hag, meira en um aðra og meira en um þjóðfélagið í heild sinni.

En það mun sannast, að þegar jarðræktin hér á landi er komin í gott horf, þá verður það talin meiri hagsvon að búa aðeins á því landi, sem menn geta ræktað svo, að það gefi sem allra mestan arð. Nú er stefnan sú, að slengja jörðunum saman, því að þeir bændur, sem það geta, vilja hafa yfir sem mestu landi að ráða. Frumvarpið fer í þá átt að bæta úr þessum annmörkum. Ef það nær fram að ganga og verður að lög-

um, er það trú mín og föst sannfæring, að með því sé grundvöllur fenginn undir það, að bændum og búaliði geti fjölgað í landinu og drjúgt spor stigið í þá átt, að auka og flýta fyrir ræktun landsins. Eins og frumv. ber með sér, er ekki ætlast til þess, að stór stökk verði gerð þegar í byrjun. Það er einungis farið fram á, að stofnun 10 grasbýla verði styrkt á ári, en um leið er lögð áherzla á, að stofnun þeirra verði trygð sem allra bezt. Þess vegna er ætlast til að býlin verði sæmilega stór og landið vel fallið til ræktunar. Sömuleiðis er ætlast til að rífleg lán verði veitt til býlanna og að þau verði ekki bygð öreiga mönnum. Það er eins um þetta mál og önnur, að það hefir feikimikil áhrif, hvernig fyrsti grundvöllurinn er lagður. Eg ber það traust til háttv. deildarmanna, að þeir athugi málið með vinsemd og taki því eins og það á skilið. Efast eg ekki um, að úr þessu frumvarpi geta orðið góð lög oss og þjóðinni til heilla og blessunar.

Eg finn enga ástæðu til að tala frekara um málið að sinni, en leyfi mér að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd, að þessarri umræðu lokinni.

Guðm. Hannesson: Mér þykir nokkur ástæða til að tala lítið eitt alment um málið þegar við 1. umr. Um einstök atriði þess mun eg aftur á móti ekki tala nú.

Frumv. sýnist vera sæmilega vel samið og all-álitlegt að því leyti. En það, sem mér finst athugavert, er það, að aðalatriðið eða grundvöllurinn, sem öll hugsjónin byggist á, er því miður veikur. Og er leitt að þurfa að segja þetta.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að íslenzk mold sé svo arðberandi, að tiltölulega mjög lítill blettur gefi það af sér, með sæmilegri hirðingu, sem til þess þarf að framfleyta meðalfjölskyldu. Nú veit eg ekki gerla, hvort það hefir verið hugsun háttv. flutn.m. (J. E.), að þeir menn, er gáfu sig við þessum búskap, ætti að hafa góðan stuðning af því að vinna sem daglaunamenn hjá öðrum bændum. En ef hugsun hans hefir verið sú, þá vil eg benda á, að þó að smærri býli í öðrum löndum hafi byrjað á þann veg, þá hefir leitt að því, að menn vilja, að býlin sé svo stór, sem fjölskyldan annar að hirða um, og að hún geti haft uppeldi af þeirri vinnu einni. Slík býli bæta því ekki beinlínis úr vinnufólksskorti bænda. En auðvitað eykst vinnulýðurinn óbeinlínis, með því að giftu fólki fjölgar í sveitunum. — Í mótsetningu við það sem ytra er, þar sem menn vita nokkurnveginn nákvæmlega hvað mikið land þarf til þess að gefa þær tekjur með sæmilegri hirðingu, sem hæfilegar eru til þess að meðal fjölskylda geti lifað af þeim, þá er alt slíkt órannsakað hér. Ef miðað er við 10 hektara land, þá er stærðin ekki mikil. Í Bandaríkjunum, þar sem margir Íslendingar búa, er stærð jarðanna, sem fjölskyldan annar þó að vinna að, 40—70 hektara. Víða í Evrópu er stærðin einnig rífleg, í Ungverjalandi t. d. 25 hektarar og í Rússlandi 18 hektarar. Eru þetta þó frjósöm lönd í samanburði við Ísland. Það sem alt þetta veltur á er: Fær maðurinn nægilegan áburð undan þeim gripum, sem hann getur veitt sér, til þess að rækta það fóður, sem hann þarf handa þeim? Eða eins og eg hefi orðað það í stuttu máli: Ræktа húsdýrin fóður sitt? Það hefir verið skrifað þó nokkuð um þetta, en það er alt á pappírnum og gefur ekki nándar nærri þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru.

Árið 1884 skrifaði Torfi í Ólafsdal ritgerð í Andvara, þar sem hann kvartar yfir því, að þessi gáta skuli ekki hafa verið leyst og skýrir frá reynslu sinni í þessu efni. En hún var sú, að vel

hirtur áburður undan einni kú nægði til þess að rækta með 24 hesta af töðu. Mér er kunnugt um annan bónda, sem hirti vel áburð sinn og reynsla hans var nákvæmlega hin sama og Torfa, að kýrin ræktaði 24 töðuhesta. Eg skrifaði um þetta efni fyrir nokkrum árum tvær greinar eða svo, og taldi víst, að í ýmsum héruðum væri talsverður halli á þessu. Annars get eg vísað til ritgerðar i Búnaðarritinu eftir Jónas bónda Illugason í Brattahlíð, sem gerði athuganir um þetta í heilum hreppi. Hyggur hann, að hallinn sé ekki meiri en svo, að góð nýting vegi þar upp á móti. Eftir hans upplýsingum horfir málið því vel við. Páll Jónsson og aðrir búfræðingar hafa skrifað um málið í Ársriti Ræktunarfélagsins, Frey og víðar. En þó að þessir menn hefði átt að geta gefið áreiðanlegar skýrslur um efnið, hafa þeir alls ekki gert það. Þetta eru langar ritgerðir um köfnunarefni í heyi, um efnafræðisrannsóknir á mykju o. s. frv., bókvit eitt og annað ekki. Alt er þetta miðað við erlenda reynslu og þá sérstaklega danska reynslu. Aftur á móti er alls ekkert tillit tekið til þess óyggjandi sannleika, að eftir því, sem norðar dregur, þarf jörðin meiri og meiri áburð til þess að gera sama gagn. Feilberg, danskur fræðimaður, sem ferðast hefir hér um, og margir muna eftir, undraðist stórlega, hvílík undur þyrfti hér af áburði, margfalt meira en þyrfti annarstaðar í þeim löndum, er sunnar lægi. Eg hefi spurt mig víða fyrir, og einnig séð það sjálfur, að í mörgum héruðum er hallinn gífurlegur, svo að sumstaðar nægir áburður undan einni kú ekki til þess að rækta $^1/_2$ kýrfóður, jafnvel þó að áburðurinn sé sæmilega hirtur. Auðvitað er þetta mismunandi í hinum ýmsu héruðum, svo að sumstaðar mun hallinn vera nálega enginn. Fer þetta mikið eftir því, hvað jarðvegurinn er góður. En málið horfir þannig við mér, að það sé bæði skömm og svívirða, að þetta skuli ekki hafa verið rannsakað rækilega fyrir löngu, bæði frá fræðimanna sjónarmiði, en þó einkum og sérstaklega út frá reynslunni. Þrátt fyrir það, þó að stórfé hafi verið varið til sveitabúskaparins, til rannsókna á því, sem fyrir honum mætti greiða, og þrátt fyrir alla búfræðingana, er þessu jafn-ósvarað nú eins og 1884, þegar Torfi í Ólafsdal ritaði um málið.

Það, sem þörf er fyrir er ekki það, að samin verði lög um grasbýlabúskap á Íslandi — því miður. En aftur á móti er þörf á því, að Búnaðarfélagið eða Ræktunarfélagið, eða þau félög bæði, gangist fyrir, að framkvæmdar verði á einu, tveimur, þremur eða fleiri býlum tilraunir í þessa átt, og fái til þess góða og þar til hæfa menn. Bæði þessi félög eru svo vel stæð, að þeim er þetta ekki um megn, og svo mundi ekki standa á þinginu að veita fé til þessarra framkvæmda. En hvað lengi, sem skrifað verður um málið, er það einskis virði, meðan alla reynslu vantar. Ef reynslan skyldi nú leiða það í ljós, að með betri búskaparaðferðum væri auðið að búa á tiltölulega litlum jarðarbletti á arðvænlegan hátt, þá er eg sannfærður um, að það á ekki langt í land, að ný og betri öld renni upp yfir landið, og fólkinu fjölgi. Því að það er áreiðanlegt, að menn flýja sveitirnar og margir landið vegna þess, að þeir fá ekki jarðnæði. En meðan þessi sönnun er ekki fengin, er mönnum ekki allskostar láandi, þó að þeir vilji hafa jarðirnar stórar. Það er ómótmælanlegt, að kotabúskapurinn hefir verið illa séður hér á landi frá landnámstíð, og það ekki að öllu leyti að ástæðulausu.

Mér skilst, að fyrst af öllu verði menn að fá gerðar ljósar tilraunir, og ef þær gefast vel, þá er tími til kominn að semja lagafrv. um málið, en fyrr ekki.

Flutn.m. (Jóhann Eyjólfsson): Eg verð að játa, að eg fylgdist ekki vel með þessari löngu efnafræðis og áburðarræðu hv. 1. þm. Húnv. (G. H.). En þó skildist mér hann komast að líkri niðurstöðu og eg, að gera þyrfti tilraunir til þess að vita, hvort sannanir fengist fyrir því, að slíkur búskapur sem þessi geti orðið arðberandi. Það er einmitt hugsun mín með frumv. að fá sönnur fyrir því, hvort ekki sé hægt að framfleyta fjölskyldu á litlum jarðarbletti vel ræktuðum. Það er satt, að eg veit ekki, hvað hægt er að komast af með minstan jarðarblett. Það var einmitt stærðin, sem eg var í mestum vafa um, og get eg vel fallist á, að hún sé tiltekin oflítil. En því er hægt að breyta, og ætti það að vera eitt af aðalverkefnum nefndarinnar að komast þar að fastri niðurstöðu. Mér er sárt um, að frumv. verði drepið, en óska, að háttv. deildarmenn rétti mér hendina til þess að breyta því þannig, að það geti orðið sem bezt úr garði gert. Eins og eg tók fram, er meiningin með frv. ekki önnur en sú, að gerð verði tilraun með grasbýlabúskap hér á landi. Ef sú tilraun gefst illa, er ekki hætt við, að margir hætti sér út á þá hálu braut, að ráðast í slíkan búskap, og er þess vegna ekki mikil hætta á, að lögin gerði mikinn skaða.

Sigurður Sigurðsson: Eg lít svo á, að þetta mál sé all-þýðingarmikið, og vænti þess vegna, að háttv. deildarmenn taki ekki hart á því, þó að eg segi fáein orð um frumv. Málið er ekki eingöngu stórmerkilegt, heldur er það nýmæli hér á þingi. Þetta mál, um grasbýli, nýbýli, eða hvað menn vilja nefna það, er eitt af þeim málum, sem efst er á baugi hjá öllum menningarþjóðum og um þessar mundir hvað mest rætt á Englandi. (*Guðmundur Hannesson:* Við vitum það.) Mér hefir altaf skilist, að þessi háttv. þm., sem nú tók fram í fyrir mér (G. H.), bæri þetta mál mjög fyrir brjósti. (*Guðmundur Hannesson:* Eg geri það líka.) En mér fanst svo köldum anda slá af ræðu hans á málið, að eg hafði sízt búist við því úr því horni. Það er ekki tilgangur minn að fara að svara ræðu háttv. þm. (G. H.), en eg get aðeins um þetta, hvernig orð hans verkuðu á mig.

Það er náttúrlega órannsakað mál, hvað minst land þurfi til þess, að fámenn fjölskylda geti lifað á því. En eg geri ráð fyrir, að það verði aldrei rannsakað til hlítar, fyrr en einstakir menn ráðast í að gera tilraunirnar sjálfir. Fyrir því lít eg svo á þetta frumv., að það geti stutt vel að því, að hvetja einstaka unga og efnilega menn, sem ekki eiga kost á stórum jörðum til ábúðar, að ráðast í að stofna grasbýli eða nýbýli. Og þá um leið fæst reynsla fyrir því, hvað minst land þurfi til þess að fæða lítil heimili.

Það er rétt, sem tekið var fram, að hér má ekki miða við það, sem á sér stað í öðrum löndum. Og eg get bætt því við, að það dugir ekki að miða við það, sem er hugsanlegt í þeim landshlutum eða sýslum, sem bezt eru fallnar til slíks búskapar. Eg er meira að segja ekki bjartsýnni en það, að eg hygg, að þessi smábýlabúskapur hljóti altaf að verða mjög takmarkaður, og geti naumast þrifist annarstaðar en þar, sem land er vel fallið til ræktunar og greitt um allar samgöngur.

Mér dettur í hug ein bygð hér á landi, þar sem í rauninni á sér stað reglulegur grasbýlabúskapur. Það er Þykkvi-

bærinn í Rangárvallasýslu. — Þykkvibærinn er allur 60 hdr. að fornu mati. Þessari jörð er nú skift á milli 30 eða rúmlega 30 búenda og hjá þeim öllum til samans eru um 200 manns.

Annars lít eg svo á, að ef um nýbýli væri að ræða hér á landi, þá þyrfti að sníða þeim sama stakkinn og sniðinn er búskap á stærri jörðum. Smábýlin þurfa ekki eingöngu tún, heldur líka engi, ítök í bithaga og tilkall til afréttar ef landið væri betur lagað fyrir sauðfjárrækt en nautgriparækt. Ef hugsanlegt á að vera, að smábýlabúskapur geti þrifist hér á landi, þá þurfa býlin að eiga tilkall til þeirra landsnytja, sem annars tíðkast. Hitt, að taka aðeins smáblett til ræktunar og ætla heilli fjölskyldu að lifa á honum einum, hygg eg að eigi nokkuð langt í land. Hins vegar er það mín hugsun, að taka beri stórar jarðir, einkum þær sem illa eru setnar, og skifta þeim niður í smábýli, 3—4 eftir því sem á stendur. Á þann hátt mætti auka býlatöluna í landinu mjög mikið, jafnvel þó að þetta væri ekki gert nema í þeim sýslum, sem bezt eru settar.

Það er ekki mín skoðun, að aðalatriðið sé það að útvega bændum vinnukraft. Það var að vísu fyrsta hugsunin með smábýlabúskapnum í Danmörku og Noregi. En eins og háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) mintist á, hefir þeim tilgangi ekki verið náð. Smábýlabændurnir hafa krafist þess, að býlin væri stækkuð svo, að þeir og fjölskylda þeirra gæti lifað á þeim einvörðungu, án þess að leita sér atvinnu hjá öðrum. Sama hygg eg að hér yrði ofan á. En eins og eg tók fram áðan, hefi eg enga trú á að menn geti lifað með sig og sína á litlum jarðarbletti án þess að eiga tilkall til venjulegra landsnytja, engja, bithaga og jafnvel afréttarlands.

Eg vil mæla með því, að málið verði sett í nefnd. Ef frumv. nær því að verða að lögum, hefi eg þá trú, að það nái því takmarki smátt og smátt, sem háttv. flutn.m. (J. E) óskar, sem sé að styðja að því, að býlum fjölgi í landinu og ræktun landsins aukist og margfaldist.

Viðvíkjandi því sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði, að Búnaðarfélagið eða Ræktunarfélagið eða bæði þau sómafélög, tæki að sér að gera tilraunir með hvað meðal fjölskylda gæti lifað af minstu landi, þá álít eg, að sá vegur yrði bæði seinfær og »ópraktiskur«. Sami háttv. þm. (G. H.) gerði lítið úr því, sem ýmsir búfræðingar hefði lagt til málanna um áburðarrannsóknir, og býst eg við, að eftir hans kokkabók yrði það eitthvað svipað ef þessir sömu menn færi að gera tilraunir í þessa átt. Bezta og öruggasta reynslu fær maður með því að styrkja unga og efnilega menn til þess að koma á fót nýbýlum og á reynslu þeirra er síðan hægt að byggja í framtíðinni. Það er vitanlega ekki rétt að fara ört í byrjuninni, en færa sig heldur upp á skaftið eftir því, sem reynsla bendir til og kennir.

Guðmundur Hannesson: Eg held, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S) hafi annaðhvort ekki heyrt ræðu mína eða misskilið hana. Eg skil ekki, að nokkrum manni, sem heyrði mál mitt, hafi getað dulist, að eg álít þetta mjög mikilsvert mál. Eg álít heill landsins, hvað sveitabúskapinn snertir, einmitt undir því komna, að oss takist með aukinni jarðrækt að geta komist af með miklu minni jarðarbletti fyrir hvert heimili en nú gerist. En það er að byrja á öfuga endanum að búa til lagabálk um hlut, sem enginn veit með vissu, hvort er framkvæmanlegur eða ekki.

Eg get ekki annað séð, en að dæmið

um Þykkvabæinn sé blátt áfram villandi. Eg veit ekki betur, en að bændur þar sæki hey sitt aðallega á flæðiengi, svo búskapur þeirra er bygður á alt öðru en túnrækt. (*Sigurður Sigurðsson:* Hann byggist á gras- og garðrækt.) Það eru engar upplýsingar, og eg skil ekki, að árangurinn yrði seinni að sjást, þótt Búnaðarfélagið hefði umsjón með þessum tilraunum. Það sem eg hafði á móti upplýsingum búfræðinganna var ekki það, að þeir hefði ekki oft og tíðum gefið bændum góð ráð og bendingar. En upplýsingar þeirra eru að mestu samtíningur úr dönskum og norskum búnaðarritum, og í þessu efni getum vér naumast miðað við það, sem tíðkast í þeim löndum. Eg hugsa mér, að aðferðin hjá Búnaðarfélaginu við slíkar tilraunir yrði með líku sniði og frv. þetta fer fram á, en eg álít það of snemt að demba svona lögum yfir landið áður en rannsakað er, hversu arðvænleg þessi fyrirtæki geta orðið eða hvernig þeim yrði hentast fyrirkomið.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Eg skal með örfáum orðum leyfa mér að leitast við að skýra þá hugsjón, sem fyrir mér vakti, þegar eg bjó til þetta frumv.

Mér fanst það koma fram í umræðunum, að fjölskyldumaður mundi ekki geta framfleytt lífinu af afurðum 30 dagsláttna grasbýlis, og eg vissi vel, að 30 dagsláttur eru oflítið, en hinsvegar mun þó ekki vera lakara að hafa land, þó ekki væri stærra, nálægt kaupstað, heldur en búa í kaupstaðnum sjálfum og hafa ekki svo mikið sem kálgarðsholu.

Eg leit svo á, að maður, sem hefði 30 dagsláttna land nálægt kaupstað, gæti haft töluverðan stuðning af vinnu í kaupstaðnum. En ef hann ætti að lifa af afurðum landsins eingöngu, mundi naumast veita af 100 dagsláttum, og eg þekki margar jarðir, sem ekki mundu verða mikið verri, þótt teknar væri af þeim 100 dagsláttur.

Tæki maður nú svo stórt land, 100 dagsláttur., og ræktaði helminginn af því, mundi það gefa af sér næga töðu til þess að framfleyta svo mörgum gripum, að fjölskyldu væri fært að lifa af því góðu lífi. Mín hugsun var ekki önnur en sú, að á þessum býlum yrði framleiddur nautpeningur, hænsn og svín, en alls ekki sauðfénaður. Þess vegna er í frumvarpinu lögð áherzla á, að býlin liggi nálægt braut eða kauptúni, til þess að sem hægast verði að koma afurðunum, mjólk, eggjum og öðru á markað.

Mér skildist á ræðu háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.), að hann teldi óumflýjanlegt, að grasbýlin ætti afnot og ítök í aðaljörðinni, svo sem beit, og einnig ásamt henni ítak í afrétti. En það var meining mín að slíkt þyrfti ekki að vera, eg ætlast til, að þau býli sem hafa um 100 dagsláttur, geti orðið sérstæðar og sjálfstæðar jarðir, þar sem fjölskyldur geti lifað af afnotum jarðanna. En á landminni býlunum geri eg ráð fyrir að grasbýlisbóndinn verði að hafa einhverja aðra atvinnu sér til styrktar, svo sem handverk eða eitthvað því um líkt.

Þar sem eg heyrði orðfæri í þá átt, að varhugavert sé að »demba svona lögum yfir landið« alt í einu, þá get eg ekki séð, að slík ummæli sé réttmæt, því að hér er ekki farið fram á neitt meira en það, að veita heimild til að styrkja með landssjóðslánum stofnun 10 grasbýla að eins á ári. Þetta er ekki stórt stökk, en málið er þess vert, að því sé gaumur gefinn og reynt, hvort þessi litla tilraun getur tekist. Færi svo, að tilraunirnar gengi vel, fyrirtækin þrifist, þá mundi tala grasbýlanna fljótlega

aukast — ekki einungis tvöfaldast, heldur þrefaldast, en kæmi hið gagnstæða í ljós, að þessi aðferð reyndist illa, þá er ekki annað en að hætta við hana. Þeir, sem eiga þess kost, að setjast á góðar jarðir, mundu heldur gera það, en hinir, sem ekki eiga um annað að velja en að fara í kaupstaðina, mundu fegnir vilja eiga þess kost, að fá að rækta sér grasbýli.

Það er nú kominn tími til að gera tilraun með þetta, og það ætti ekki að kosta fjarskalega mikið. Hér er ekki talað um annað en heimild til lánveitinga til að gera tilraunir um hlut, sem ætti að geta orðið til sannra þjóðþrifa.

ATKV.GR.:

Tillaga um 5 manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Hjörtur Snorrason
Jóhann Eyjólfsson
Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson
Jón Magnússon

með hlutkesti milli hans og Guðmundar Hannessonar.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 2. u m r. (þskj. 24, n. 270).

Pétur Jónsson: Eg bjóst við því, að þingsályktunartill. á þskj. 270 yrði tekin til umræðu á undan þessu frumv. Hafði nefndin þá ætlað sér að taka frv. aftur, ef till. yrði samþ. Eg vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá að sinni, og taki það ekki fyrr til umræðu, en þingsályktunartillagan hefir verið rædd.

Frv. tekið út af dagskrá.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (þskj. 24, n. 270).

Flutnm. (Jóhann Eyjólfsson): Eg lýsi því hér með yfir, að eg *tek frumvarpið aftur.*

---

2. Ritsími I.

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands nr. 35, 30. okt. 1913 (þskj. 61).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Þótt þetta sé ekki stórvægileg breyting, sem eg fer fram á, að gerð verði á ritsímalögunum, þá er hún þó engu að síður alveg nauðsynleg. Eg býst við, að þetta mál verði sett í nefnd, en vil þó leyfa mér að reifa það lítilsháttar nú.

Samkvæmt lögum um ritsíma og talsíma frá í fyrra, eru að eins taldar í 2. flokki hliðarlínur til þriggja kauptúnanna á leiðinni milli Vopnafjarðar og Húsavíkur, þ. e. til Bakkafjarðar, Þórshafnar og Kópaskers, en fjórða kauptúnið, Raufarhöfn, látið verða útundan.

Þetta kauptún, Raufarhöfn, hefir þó

margt það sér til ágætis, að sjálfsagt hefði verið að leggja ritsímann þangað strax, engu síður en í hin kauptúnin. Þar er hin tryggasta höfn fyrir smærri skip á öllu svæðinu milli Eyjafjarðar og Seyðisfjarðar og liggur ágætlega við fiskveiðum, því að skamt er þaðan til hinna beztu miða. Vélarbátahöfn er þar ein hin bezta á öllu landinu. Þar er síldveiði mikil, svo að slaga mundi nokkuð upp í Siglufjörð, ef símanot hefði komið þar jafnsnemma. Þar er útgerð allmikil, bæði norskra síldveiðimanna og vélarbáta. Útflutningsgjaldið af sjávarafurðum var þar árið 1912 um 10 þús. kr. Af þessu má sjá, hvílíkur hnekkir það er þessu kauptúni, að ekki skuli vera þangað sími. Eg býst við því, að þegar Raufarhöfn er komin í gott símasamband, verði landssjóði það mikill gróði, því að þá mun útgerð þar aukast og fólksfjöldi vaxa. Menn mundu sækja þangað veiðar frá ýmsum stöðum þegar fiskigengd er þar. Mun þetta því verða bæði til hags landssjóði, kauptúninu sjálfu og útgerðarmönnum norðanlands og austan, sem þá gæti stundað þaðan veiðar á hagfeldustu tímum, en nú er varnað þess. Eins og menn vita, er landrými lítið á Siglufirði, og hart um lóðir. Öðru máli er að gegna um Raufarhöfn; þar er nóg landrými. Þegar líður á sumar, er oft langt að sækja síldveiði úr Siglufirði, því að oft verður þá að fara austur um Sléttu og Langanes eftir henni; að þessu leyti liggur Raufarhöfn betur við. En skilyrðið fyrir því, að höfnin komi að slíkum notum, er símalagning, því að fyrr geta menn ekki fengið að vita nægilega fljótt um fiskigöngur.

Eg sé ekki annað, en að alt mæli með því, að þessi kaupstaður, sem af slysni og hlutdrægni var ekki settur í annan flokk á síðasta þingi, sé nú færður til. Býst eg því við góðum undirtektum manna við þessari málaleitan minni.

Benda vil eg enn á það, að ódýrara er landssjóði að leggja þessa álmu *samtímis* því, sem aðrar álmur eru lagðar um þessar slóðir, því að þarmeð færist niður flutningskostnaður áhalda og fargjald verkamanna o. fl.

Eg býst hálfvegis við, að úlfaþytur kunni að verða vakinn út af því, að frv. þetta raski eitthvað við ritsímalögunum, sem sumir telja helgari en Móseslögmál. En eg bið þá, sem fastast halda í »principin« að hugleiða það, að »principi« símalaganna verður betur fullnægt, ef þessi galli er lagfærður. Eg vona því, þótt menn sé »princip«-fastir, þá finni menn ekki samvizku sinni né sannfæringu misboðið með því að taka breyting þessa frumvarps til greina.

Pétur Jónsson: Hér liggja nú fyrir til umræðu 5 frumvörp, sem öll fara fram á breyting á símalögunum. Eg ætla ekki að fara út í það, hvað mælir með eða móti hverju þeirra um sig; eg býst við, að þau verði öll sett í nefnd, og þar rækilega íhuguð.

Eg vil samt gera almenna athugasemd:

Öll þau frv., sem ganga í þá átt að færa símalínur til, úr 3. flokki í 2. fl., eru þýðingarlaus. Símarnir verða ekki lagðir fyrr, nema þá jafnframt þokist aftar þær línur í 3. fl., sem kynni að eiga að standa framar. Með því að auka 2. flokk, yrði afleiðingin aðeins sú, að lánið, sem tekið er til símlagninganna, mundi ekki hrökkva til. Lánið er miðað við línur, sem nú eru í öðrum flokki, og er ekki sýnilegt, að nokkur afgangur verði. Ef menn hugsa sér, að þessar línur verði lagðar á næsta sumri, þá er það ekki hægt, vegna skorts á vinnukrafti.

Viðvíkjandi þessari línu til Raufar-

hafnar, skal eg taka það fram, að skýring háttvirts þm. N.-Þing. (B. Sv.) var villandi. Það var alls ekki fyrir gleymsku, að sú lína var ekki tekin í annan flokk, heldur hitt, að Raufarhöfn liggur svo miklu fjær aðallínunni, en Þórshöfn og Kópasker mjög nærri. Ef Raufarhöfn hefði legið nær, mundi síminn vafalaust hafa verið lagður þangað, þótt þar sé minni verzlun en á Þórshöfn og Kópaskeri.

Bjarni Jónsson: Eg skil það ekki, hví gagnslaust sé að færa síma úr 3. flokki í 2. flokk.

Mér skildist á orðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að ekki væri hægt að leggja fleiri síma vegna skorts á vinnukrafti. Eg hélt, að nægan vinnukraft væri hægt að fá, ef ekki hér á landi, þá frá öðrum löndum.

Önnur ástæða sama háttv. þm. var sú, að lánið mundi ekki hrökkva. En hér er ekki um eitt lán að ræða. Samkvæmt 8. gr. símalaganna er landsstjórninni veitt heimild til að taka mörg lán, og þá heimild getur hún notað smámsaman eftir þörfum.

Eg er meðmæltur því, að öll þessi símafrumv. verði lögð til einnar nefndar, svo að þau verði rannsökuð. Geta menn þá leitt saman hesta sína á eftir.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Tillaga um 7 manna nefnd samþykt í einu hlj.

Kosning hlutu í nefndina:

Benedikt Sveinsson
Pétur Jónsson
Skúli Thoroddsen
Stefán Stefánsson
Bjarni Jónsson
Eggert Pálsson
Björn Hallsson.

Alþ.tíð. B. III. 1914.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 10. ág., var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 61, n. 396).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg get gert stuttan ómagahálsinn á þessu frv., og næstu fimm frv. á dagskránni, því að eg hefi fengið heimild til þess frá öllum flutningsmönnunum, að taka þau aftur með þeim ummælum, að treyst sé á, að það loforð verði haldið, sem gefið er í bréfi símastjórans, að allir þessir símar verði lagðir sumarið 1916, og með skírskotun til annars þess, sem tekið er fram í nefndarálitinu.

Frumvarpið tekið aftur.

---

3. Ritsími II.

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 25, 22. október 1912; (þskj. 65).).

Á 10. fundi Nd., mánud. 13. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Eins og frv. ber með sér, erum vér 3 flutningsmennirnir, og allir að austan. Eg skal játa, að vér hefðum líklega ekki komið fram með þetta frv., ef samsk. frv. hefði ekki þegar verið framkomið og vér vitað til þess, að von var á fleirum. Vér gátum ekki sætt oss við, þar sem sú lína, sem frv. fjallar um, er ákveðin í 4. gr. ritsímalaganna, að bæði þær línur, sem þar eru ákveðnar og ýmsar aðrar línur, væri færðar í 2. fl., án þess að skifta oss af því. Það var aðallega þessvegna, að vér vissum, að slíkar breytingar átti að gera, að vér

komum fram með þetta frv. Annars býst eg við, að það sé ekki ósanngjarnara, að þessi breyting, sem frv. fer fram á, verði gerð, en ýmsar aðrar breytingar, sem fyrr hafa verið gerðar, og nú er farið fram á að gera. Krafan um síma frá Egilsstöðum til Borgarfjarðar hefir við talsverð rök að styðjast. Bæði er það, að Borgarfjörður er talsverð veiðistöð og þó nokkur verzlunarstaður og hefir þessvegna æðimikla þörf fyrir síma. Svo er það einnig, að í Borgarfirði er læknislaust. Borgarfjörður er partur af Hróarstunguhéraði, og er illa settur í þessu tilliti, ekki sízt fyrir það, að lækni vantar í Hróarstunguhérað, svo að læknirinn á Brekku í Fljótsdal verður að þjóna því, ásamt sínu héraði. Er oft ekki hægt að ná í hann, þó að brýna nauðsyn beri til. Eins og gefur að skilja, mundi það bæta mikið úr þessum vandræðum, ef síminn væri lagður alla leið til Borgarfjarðar.

Eg skal svo ekki hafa fleiri orð um málið. Eg geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til nefndar, eins og næsta frv. á undan, og þá til sömu nefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umræðu í einu hlj.

Vísað til símanefndarinnar í einu hlj.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 65, n. 396).

Frv. tekið aftur.

---

4. Ritsími III.

Á 9. fundi, Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 35. 20. okt. 1913. (Þskj. 67).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frumv. tekið til 1. umræðu:

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Það kemur víst engum háttv. þm. á óvart, þó að þetta frumvarp komi fram, ef þeir hafa litið á skýrslu þá, sem landsímastjórinn hefir gefið um rekstur landsímans síðastliðið ár.

Þetta mál var einnig flutt á síðasta þingi og býst eg við að flestum háttv. deildarmönnum sé kunnar umræðurnar, sem þá fóru fram um það.

Nú í vor, á þingmálafundi, sem haldinn var í Siglufirði, var það eindregin ósk manna, að málið væri flutt af nýju á alþingi og þrátt fyrir mótspyrnu síðasta þings, gat eg ekki neitað að flytja svo eðlilega og sjálfsagða kröfu fyrir kjósendur og þetta er. Af skýrslu landsímastjórans fyrir síðastliðið ár, sem öllum þm. hefir verið afhent, sést, að þessi lína hefir gefið af sér í hreinar tekjur 11365 kr. 75 au. Nú var það svo, að þegar þessi lína var lögð fyrir 4 árum, þá var það með mestu erfiðismunum að þingið fékst til að viðurkenna að hún skyldi leggjast. Eg minnist þessa, af því, að eg og háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) áttum talsvert erfitt uppdráttar með málið. Loksins fékst línan viðurkent, þó með því móti, að héraðið legði fram 10 þús. kr. eða fram að $^1/_3$ af kostnaðinum við lagninguna. Línan öll kostaði um 35 þús. kr. Af þessu yfirliti yfir allan rekstur landsímans s. l. ár, sést, að nú hefir ein einasta stöð, símastöðin í Siglufirði greitt til símans í hreinar tekjur, sennilega ekki minni upphæð, þegar teknar eru til greina

tekjurnar yfir öll árin, en sem nemur lagning línunnar. Allar stöðvarnar gefa af sér sem sé rúmar 11 þús. kr., en mestur hlutinn kemur frá Siglufjarðarstöðinni. Hún er þess vegna ekkert óeðlileg þessi endurtekna ósk sveitarfélagsins, að símalínan til Siglufjarðar verði afhent landsímanum og gerð að 1. fl. línu, með öðrum orðum, að krafan um 10 þús. kr. greiðslu frá héruðunum falli niður, sér í lagi þegar á það er litið, að símastöðin á Siglufirði er að nokkru leyti rekin á kostnað sveitarinnar. Það kann að vera að þetta raski einhverjum »principum«. En þegar einhverjar fyrirfram gefnar reglur eða »princip« reynast að koma *í bág við alt réttlæti og sanngirni*, þá er eg þeirrar skoðunar að »principin« eigi og hljóti að víkja.

Því hefir verið haldið fram, að það væri einungis tímaspursmál, hvað þessar miklu tekjur af Siglufjarðarstöðinni héldist lengi, jafnvel þó sú hafi raunin orðið á, að tekjurnar hafa aukist árlega. En þessi mótbára er bygð á því, að það sé einungis tímaspursmál, hvað síldveiðin haldist lengi fyrir Norðurlandi og þegar hún hætti, þá sé úti um símatekjurnar. Þessar getgátur er alveg út í loftið. Það eru engar líkur til þess að síldargöngur haldi ekki áfram fyrir Norðurlandi 2—3 mánuði ársins eins og áður átt sér stað, sennilega um margar aldir. Og þó að svo færi, að forsjóninni þóknaðist að láta alla síldveiði hætta á Siglufirði, þá er sannarlega ekki öll sund lokuð hvað snertir sjávarútveginn þar, því enginn staður á öllu Norðurlandi hefir betri skilyrði til hverskonar veiðiskapar; jafnvel hefi eg heyrt, að komið hafi til tals, að þaðan yrði rekin selveiði í stórum stíl, og kunnugt er mér um það, að nú í vor sóttu þangað vélabátar úr fjarlægum héruðum til þess að stunda þar þorskveiðar. Það er því ekkert útlit fyrir annað, en að framhald verði á þessum miklu símatekjum.

Á þessu stigi málsins ætla eg mér ekki að hafa fleiri orð um það. Eg treysti því, að háttv. deild sýni því þá velvild, að frumvarpið gangi til nefndar. Og leyfi eg mér þess vegna að stinga upp á, að því verði vísað til nefndarinnar, sem áður hefir verið kosin til að íhuga samskonar mál.

Pétur Jónsson: Eg hefði ekki staðið upp ef eitt atriði í skýrslu háttv. flutn.m. (St. St.) um málið hefði ekki verið stórum villandi. Hann skýrði frá því, að það sem mælti með því, að Siglufjarðarstöðin væri gerð að 1. flokks stöð, væri hinar gífurlega háu tekjur af þessum síma í samanburði við aðra. Tekjurnar væri yfir 11. þús. kr. En hann gleymdi að geta þess, að mikill meiri hluti af þessum tekjum gengur út úr landinu til sæsímans. Það er vitanlegt, að Íslandi ber ekki nema $^1/_{10}$ hluti að tekjum sæsímans. Þegar tillit er tekið til þess, þá verða tekjur landsjóðs af þessum síma, netto um 4 þúsund kr. Eg hefi hlýtt landsímstjóranum yfir þetta og spurt hann, hvort þessi sími gæfi meira af sér en aðrir símar í hlutfalli við stofnkostnað og tilkostnaðinn við rekstur hans og alla starfrækslu. Og hann hefir sagt mér, að sér væri óhætt að fullyrða, að ýmsir aðrir símar, svo sem Keflavíkursíminn, Húsavíkursíminn, Patreksfjarðarsíminn og jafnvel fleiri símar, stæði þessum síma fullkomlega jafnfætis, ef ekki framar, hvað tekjurnar snertir, og ætti þær því jafnmiklar kröfur til 1. flokks hlunninda og hann. Eg vil ennfremur benda á, að þessar tekjur koma að langmestu leyti frá útlendingum, sem dvelja á Siglufirði lít-

inn part úr sumri og þess vegna er það ekki tilfinnanlegt fyrir Siglfirðinga, þó að þar sé borguð nokkuð há símagjöld. Loks vil eg minna á, að það er mjög óheppilegt að færa þennan síma og fleiri í 1. flokk nú, þar sem 5 ára samningurinn um þjónustu símans er úti á næsta ári. En þann milliveg mætti fara að auka símaþjónustuna að einhverju leyti eða auka tillag landsjóðs til hennar. Það væri miklu nær en hitt.

Bjarni Jónsson: Eg geri ráð fyrir, að þeir þreyti deiluna um tekjurnar háttv. flutn.m. (St. St.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Eg þori ekki að segja neitt um það, hvor þar hefir réttara fyrir sér. Þá tillögu háttv. flutningsm. (St. St.) vil eg styðja, að frumv. verði vísað til sömu nefndar, sem áður hefir verið kosin til að íhuga samskonar mál. Sömuleiðis vil eg styrkja málstað hv. flutningsmanns um það, að varla sé hætt við að síld þrjóti á Siglufirði í bráð, sérstaklega fyrir þann dugnað sem hann sýndi í því í fyrra að búa henni hreiður í Eyjafirði. Tel eg ólíklegt, að síldin leiti ekki í hreiðrið á meðan það er friðað. — En það skal eg játa, að ef þessi sími og aðrir verða færðir í 1. flokk, þá vil eg gjarnan að fleiri hangi þar aftan í. Eg hefi sem sé aldrei getað skilið, hvers vegna landsjóður leggur síma á sinn kostnað og kostar hann síðan að öllu leyti í sumum héruðum en ekki öðrum. Þau héruð, sem fengu símann fyrst, komast að beztum kjörum. Hin fá að sitja á hakanum þangað til þinginu þóknast annað, og síðan þurfa þau að borga fyrir það að hafa verið látin sitja á hakanum. Það má vera að sannleikurinn í þessu máli liggi svo djúpt, að eg hafi þess vegna ekki getað grafið hann upp. Nefndin kemur honum þá væntanlega upp á yfirborðið. En eg vona, að mér fyrirgefist þó að eg telji þetta þangað til handahófsverk, rangindi og heimsku.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Jafnvel þótt hv. þm. S. Þing. (P. J.) kallaði það villandi, að eg tilnefndi tölur úr skýrslu landssímastjórans, sem sýna, hvað Siglufjarðarsíminn gæfi af sér, þá get eg ekki tekið mér það nærri, þar sem tölurnar liggja fyrir framan hvern hv. þm., svo að hver einstakur getur sjálfur séð þær og athugað. Það er rétt, að allmikið af tekjunum gengur til sæsímans. Því hefi eg alls ekki heldur neitað, en þar gefur hv. þm. allsendis ranga skýrslu, því sé teknar til greina allar stöðvar á línunni, eins og eg gerði, þá verða hreinar tekjur yfir árið um 5 þús. kr. Annars lít eg svo á, að full sanngirni mæli með því, að sæsímagjaldið af stöðinni á Siglufirði sé til greina tekið, henni til meðmæla að þessu leyti, því að það sýnir, hvers má vænta um beinar tekjur að enduðum samningstímanum við það Stóra Norræna.

Þar sem það er talið varhugavert að færa þessa línu í 1. flokk, þá má benda á Vestmannaeyjasímann til samanburðar, sem strax var settur í 1. flokk. Ef nokkurt »princip« er til í þessu máli þá hefir það verið brotið þar. *(Bjarni Jónsson:* Það var gert fyrir Stóra norræna). Mér þykir næsta undarlegt, ef einstakir þingmenn fara að leggjast í móti þessari kröfu, þar sem landssímastjórinn sjálfur hefir fallist á, að hún væri bæði réttmæt og eðlileg. Í nefndarálitinu frá símanefndinni í efri deild í fyrra stendur:

»Í samtali sínu við nefndina lét landssímastjórinn í ljós, að hinar miklu tekjur af Siglufjarðarlínunni mælti í raun og veru með henni, og að hann teldi ekki óréttlátt, að endurborgað yrði meira eða minna af fé því, — 10 þúsund krónum, — er

viðkomandi héruð hefði lagt til sæsímans«.

Eg veit ekki, hvað menn vilja hafa þetta greinilegra, og vilji menn bera fyrir sig álit þessa manns, þá er það þetta, enda er það í fylsta samræmi við það, er hann lét í ljós í samtali við mig á síðasta þingi.

Þó að nú þessi lína verði tekin í 1. flokk, þá er ekki alveg loku skotið fyrir, að sveitin taki einhvern þátt í rekstri stöðvarinnar. *(Pétur Jónsson:* Þá á hún ekki heima í 1. fl.). Það út af fyrir sig gæti verið samningamál. En þar sem símastöðin á Siglufirði hefir ekki einasta greitt stórtekjur til símans, held ur einnig orðið að sjá um rekstur stöðvarinnar árl. að nokkru leyti, þá skil eg ekki, að margir hinna hv. þm. snúist á móti þessari kröfu, þegar þeir hafa áttað sig á málinu.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til símanefndarinnar í einu hlj.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ág., var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 65, n. 396).

Frv. tekið aftur.

---

5. Ritsími IV.

Á 7. fundi Nd., fimtud. 9. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 25. 22. okt. 1912. (Þskj. 51).

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var frv. tekið til 1. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg ætla aðeins að leyfa mér að óska eftir, að þessu máli verði vísað til símanefndarinnar, að þessari umr. lokinni. Svo skal eg ekki frekar tefja tíma þingsins nú, en geymi mér að tala um málið þangaðtil um 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frv. vísað til ritsímanefndar í einu hljóði.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ág., var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 51, n. 396).

Frv. tekið aftur.

---

6. Ritsími V.

Á 9. fundi Nd., laugard. 11. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um breyting á lögum um ritsíma og talsímakerfi Íslands nr. 25, 22. okt. 1912. (Þskj. 71).

Á 10. fundi Nd., mánud. 13. júlí, var frv. tekið 1. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, frv. aftur tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Í frv. sem hér liggur fyrir, ræðir aðeins um það, að flytja símalínu, sem nú er í 3. flokki, upp í annan fl.

Á síðastl. þingi mintist eg, að mig minnir, á nauðsyn þessa, þegar rætt var um það að fá símaleiðina að Látrum í

Aðalvík rannsakaða sem allra fyrst og gæti eg því látið mér nægja að vísa til röksemda minna þá. Meðal annars benti eg þá á það, að úti fyrir Aðalvík eru fiskimið mikil, svo að fiskiveiðafloti vor heldur sig þar löngum, er á líður vorið, og þá eigi síður um skammdegismánuðina, og væri það því mjög hentugt, ef sími lægi að Látrum, sem og að Höfn á Hornströndum, svo að sjómenn gæti brugðið sér þar inn, til að fá fregnir eða koma frá sér símskeytum, enda gæti skip þá og spurst fyrir um, hvort óhætt væri að fara fyrir Horn, vegna ísa, og sparað sér þannig margan óþarfakrókinn.

Loks má benda á, að þar sem héruðin, er hér eiga hlut að máli, eru bæði mjög strjálbygð, og auk þess afskekt, þá er það að sjálfsögðu enn ríkari hvöt, til þess að neita þeim því síður um þessi litlu þægindi, sem síminn getur veitt þeim, enda hjálparskyldan við þau þá og því brýnni.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til ritsímanefndarinnar, sem kosin var hér í deildinni um daginn.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frv. vísað til ritsímanefndarinnar í einu hlj.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ág., var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 71, n.396).

Frv. tekið aftur.

---

7. Ritsími VI.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. nr. 25, 22. okt. 1912. (Þskj. 98).

Á 14. fundi Nd., föstud. 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Þorleifur Jónsson): Eg hafði ekki ætlað mér að fara að grauta í ritsímalögunum frá 1912 á þessu þingi, en þar sem eg sé svo marga aðra fara fram á breytingar á þeim, þá þóttist eg ekki heldur mega sitja hjá aðgjörðalaus, og hefi því leyft mér að koma fram með þetta frv. á þskj. 98.

Það er nú þegar ákveðið í símalögunum, að símalína skuli lögð til Hornafjarðar. Hún er ekki komin ennþá að vísu, en verður lögð að sumri, ásamt öðrum 2. fl. línum. En þá er enn eftir bil, símalaust frá Hornafirði og vestur úr, og hefi eg því farið framá, að þar verði ákveðið að leggja 3. fl. síma, er stundir líða. Þetta verður engin byrði á landssj. að sinni, heldur tekur þá fyrst til þess, er tekjur landsins leyfa það og tækifæri gefst. Því er líkt varið með þenna síma, er eg fer fram á, að lagður verði úr Hornafirði vestur í Öræfi, eins og ýmsa 3. fl. síma, sem standa í símalögunum, t. d. um Barðastrandarsýslu, upp Rangárvallasýslu, og síma frá Vík austur í Vestur-Skaftafellssýslu. Það eru alt sveitasímar og ætti að vera jafnréttháir. Eg hefi líka heyrt, að það vaki fyrir stj., eða landssímastjóra að minsta kosti, að koma á samfeldri símalínu milli Rvíkur og Seyðisfjarðar sunnan um land, til þess að tryggja betur samband Rvíkur við útlönd en nú á sér stað. Símalínan norðanlands er undirorpin miklum bilunum, og svo hefir sú lína svo mikið að gjöra, að

örðugt er um sambönd við Austurland þá leiðina, og er því ekki óeðlilegt að sú hugmynd komi fram, að lína verði lögð alla leið sunnanlands.

Eg skal engu um það spá, hvert fylgi þetta frv. muni hljóta hér í deildinni. Það getur verið, að sumumói við söndunum eystra, og þá einkum Skeiðarársandi. En ef hugmyndin, sem eg gat um áðan, er ofarlega á baugi, þá er að gæta þess, að þessi spotti, sem hér er farið fram á, er partur úr allsherjarlínunni sunnan lands.

Skal eg svo ekki lengja umr. með neinni mælgi um þetta, heldur að eins óska þess, að frv. verði vísað til símanefndar, og vona að hún fari um það móðurhöndum.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til símanefndar með 14 shlj. atkv.

Á 39. fund Nd., mánudaginn 10. ágúst var frumv. tekið til 2. umr. (þskj. 98, n. 396).

Frumvarpið tekið aftur.

---

8. Friðun á laxi.

Á 7. fundi Nd., fimtudaginn 9. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 5, frá 19. febr. 1886, um friðun á laxi (þskj. 54).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutn.m. Einar Arnórsson: Eg get verið fáorður um þetta frv. Það er fram komið fyrir beiðni laxveiðieigenda við Ölfusá og Hvítá og gengur í þá átt, að fella niður síðari málsgrein 1. gr. laga frá 19. febr. 1886 um friðun á laxi.

Eg vænti þess, að deildin taki frumv. vel, og sé ekki ástæðu til að skipuð verði nefnd í það, enda mun nú vera nóg að starfa.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki neitað því, að mér þykir þetta frv. töluvert athugavert. Eg veit að vísu, að þingmenn Árnesinga hafa fengið áskorun um að flytja það frá mönnum, sem búa við ósa Ölfusár. En eg vil spyrja, hvort þeir hafi líka fengið áskorun frá þeim mönnum, sem búa við Stóru-Laxá og Litlu-Laxá og aðrar þær þverár, sem falla í Hvítá? Mér er nær að halda að svo sé ekki.

Eins og menn vita, má setja laxakistur niður í ár, og mega þær altaf vera niðri að undanskildum 36 stundum um helgar þann þriggja mánaða tíma, sem veiðitíminn stendur. Er það gert til að friða laxinn, svo að hann geti einhverntíma gengið óhindrað upp í árnar. Ekki má girða lengra en út í miðja á, en víða hagar svo til, að straumþungi í ánum er meiri annarsvegar, og eru þá girðingarnar settar þeim megin, sem laxinn gengur. Við það heftist gangan, og ef kisturnar eru aldrei teknar upp, getur svo farið, að veiðin ofar í ánum eyðileggist með öllu. Þetta er því allmjög athugavert gagnvart þeim, sem ofar búa við árnar, og finst mér, að þingmenn Árnesinga ætti að athuga það vel, áður en þeir gera þetta að kappsmáli og leggjast á móti, að nefnd verði sett í málið.

Sigurður Sigurðsson: Hún er allrar virðingar verð þessi umhyggja háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fyrir Árnessýslu. Við það könnumst við fúslega

þingmenn sýslunnar. Annars skal eg upplýsa það í þessu sambandi, að þetta mál hefir lengi verið á döfinni í Árnessýslu, og er langt frá, að farið hafi verið á bak við þá, sem búa í efri hluta sýslunnar. Það hefir oft verið borið undir þá, og síðast á þingmálafundunum í vor. En þeir hafa skiljanlega ekki kært sig um, að frá sér kæmi bein áskorun um þessa breytingu. Á hitt leggja þeir meiri áherzlu, að byrjað verði nokkru seinna að leggja netin í ána að vorinu en verið hefir, og hafa sýslunefndir heimild til að ákveða hvenær veiðitíminn byrjar og endar í hverju héraði. Eg ætla ekki að gera þetta að neinu kappsmáli og er ekki mótfallinn því, að nefnd verði sett í málið, þótt eg hinsvegar álíti það óþarft. Eg skal ekki segja, hvort þetta getur komið í bága við aðrar veiðiár, en hygg þó ekki. Sannleikurinn er sá um þessa 36 stunda friðun á viku, að hún hefir ekki þótt bera sýnilega ávexti. Það mætti hugsa hér, að hún hefði einhver áhrif þessi friðun, ef svo hittist á, að samhliða henni ætti sér stað ör laxganga upp eftir ánni, en það er engin trygging fyrir því, að þetta fari saman, þó það geti vitanlega komið fyrir, því að friðunin er bundin við helgar en ekki við göngu laxins. Laxganga fer nokkuð eftir vatnavöxtum, straumum og öðrum atvikum, sem eg hirði ekki að fara út í hér. Sem sagt hefir þessi friðun ekki borið árangur, og auk þess hefir hún ekki verið rækt sem skyldi. Eg vona því að málinu verði leyft að ganga til 2. umr., hvað sem um nefndarsetning er að segja.

Einar Arnórsson: Háttv. samþingismaður minn (S. S.) hefir fært mönnum sanninn um, að þessi beiðni er ekki gerð í trássi við þá, sem ofar búa við árnar, þ. e. a. s. þverár þær, sem falla í Hvítá, svo að væntanlega fellur sú athugasemd háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) niður.

Viðvíkjandi hinu, að hætt sé við, að þetta yrði til að gjördrepa laxinn, eftir því sem mér skildist af ræðu hans, þá get eg ekki séð, að sú mótbára verði þung á metunum. Samkvæmt gömlum reglum eru þvergirðingar í veiðiám með öllu bannaðar. Ákvæði um það eru til frá elztu tímum, eru bæði í Grágás, Járnsíðu og Jónsbók, og hafa líka verið tekin upp í gildandi lög. Er enn bannað að þvergirða, sjá 2. gr. laxveiðalaganna. Þar segir einnig svo, að ef laxveiðatæki eru sett sínum megin hvors lands, þá má bilið ekki minna vera en 30 faðmar. Þó að þetta frv. nái fram að ganga, hindrar það ekki laxgöngur fremur en verið hefir.

Það er fjarri mér að álíta Árnesinga ólöghlýðnari en aðra menn á landinu, en það er ekki gott að gæta þess, að svona lögum sé nákvæmlega fylgt. Eins og menn vita, er erfitt hér á landi, í fámenninu og strjálbygðinni, að koma lögum yfir alla þá, sem lögin brjóta, og nær það ekki síður til veiðilaga en annara laga. Það hagar svo til hér vegna staðháttanna, að það er ekki altaf hægt að ná í lögregluna þegar brot eru framin.

Eg álít, að ákvæði 1. gr. laxveiðilaganna, um 36 klukkutíma friðunina, sé að mestu leyti pappírsgagn, og eg sé ekki, hvaða ástæða getur verið til að halda fast í slík pappírslög, sem hafa aðeins siðspillandi áhrif á landsfólkið og ómögulegt er að halda uppi í framkvæmdinni.

Benedikt Sveinsson: Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafði á móti 36 stunda friðuninni, af því að hún hefði ekki borið sýnilega ávexti. Hvernig átti hún að bera sýnilegan ávöxt? Hefir þm.

skrá yfir, hve margir laxar hafa gengið í árnar fyrr og síðar og hve margir hafa einmitt sloppið á þessum friðunartíma um helgar? Það er ómögulegt að heimta neina »sýnilega ávexti« í þessu efni. Þetta minnir mig á, að sami háttv. þm. vildi í fyrra gera ráðstafanir til að meta líf allra refa á landinu til peninga.

Annars verð eg að benda háttv. þm. á það, að það eru fleiri ár en Ölfusá, sem hér koma til greina, þótt háttv. 1. þm. Árn. sjái ekki annað en Árnessýslu fyrir sér í þessu máli — og er það ekki ný bóla. En líkt stendur á víðar, þar sem stórár renna, sem laxár falla í, svo sem Hvítá í Borgarfirði, eða þar sem margir eiga lönd að sömu ánni, svo sem Haffjarðará, Langá á Mýrum, Víðidalsá í Húnavatnsþingi. Enn má nefna Laxá í Þingeyjarsýslu, þar sem lax gengur langt inn í sveit og fjöldi manna á rétt til veiða.

Eg tók það fram áðan, að lög væri til um það, að ekki mætti girða lengra en út í miðja á, svo að það var óþarfi af háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) að vera að skýra mér frá því. Engu að síður er þessari girðing út í miðja á oft hagað svo, að lítið af laxinum kemst fram hjá henni, því að dýpt, straumur og botnslag ræður því, að mestallur laxinn gengur sumstaðar með öðrum bakkanum, eins og eg tók einnig fram áðan.

Eg skal til stuðnings mínu máli geta þess, að Englendingur nokkur, Mr. Loch, sem nokkuð var kunnugur á Laxamýri í Þingeyjarsýslu fyrir svo sem 40 árum, gizkaði á það í ferðabók sinni, að af 1000 löxum sem færi upp í Laxá, mundi ekki nema einn komast fram hjá laxakistunum frá Laxamýri. Raunar get eg ekki staðhæft að þetta sé allskostar rétt, hann hefir sjálfsagt ekki talið laxana, einsog hálfgert heyrðist á háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að gert hefði verið í Árnessýslu, en þarna talar þó maður, sem séð hefir veiðitækin með eigin augum og nokkurt skyn hefir á málinu. Það virðist því full ástæða, vegna þeirra, sem ofar búa við árnar, að friða laxinn þessar 36 kl.stundir á viku. Líka er það sennilegra, að veiðarfærin verði með tímanum ennþá fullkomnari en nú er — og ennþá færri laxar sleppi fram hjá þeim.

Hitt er satt, sem háttv. þm. hafa sagt, að gildandi lög muni mikið brotin, en þar fyrir er ekki ástæða til að nema þau úr gildi, ef réttmæt eru, heldur ber þá að skerpa refsingar-ákvæðin og auka eftirlitið með sökudólgunum.

Eg geri ekki mikið úr því, þótt ekki hafi verið hreyft miklum mótmælum á þingmálafundinum á Húsatóftum gegn þessari breyting. Getur margt borið til þessa. Ef til vill hefir þeim, sem ofar búa, verið lofað því, að laxveiði skyldi byrjuð seinna, ef menn fengi undanþágu frá því að taka girðingarnar upp um helgar. Allir sjá, að ef laxinn er friðaður 36 kl.stundir á viku, þá komast fleiri laxar upp ána, heldur en ef kisturnar eru altaf niðri. Hitt skiftir og minna og vegur ekki á móti friðuninni um helgar, þótt veiðin byrji t. d. viku seinna en vant er, á þeim tíma, sem laxgangan er e. t. v. varla byrjuð. Um slíka breyting þarf heldur ekki að gera ný lagaákvæði, því að það er einmitt á valdi sýslunefnda eins og nú stendur. Réttur þeirra, sem ofar búa, er skertur með þessari lagabreyting, ef hún kemst fram, og því vildi eg að þetta frumv. yrði felt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 11 : 4 atkv.

Till. um að kjósa fimm manna nefnd

samþ. og í hana kosnir með hlutbundnum kosningum:

Hjörtur Snorrason
Sigurður Sigurðsson
Einar Arnórsson
Jóhann Eyjólfsson
Eggert Pálsson.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (Þskj. 54, n. 201, 227).

Frams.m. (Sigurður Sigurðsson): Eg veit ekki hvort eg skil það rétt, háttv. forseti, að það sé einungis frumv. á þskj. 54, sem hér er til umræðu. *(Forseti:* Jú). Þá hefi eg ekki annað að gera að þessu sinni, en að lýsa yfir því, að *frumvarpið er tekið aftur* af flutningsmönnunum.

---

9. Landsdómur.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um landsdóm. (Þskj. 64).

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Mönnum er það kunnugt, að í þessu landi eru til ráðherra-ábyrgðarlög til tryggingar því, að ekki sé beitt gerræði af hendi stjórnarinnar. Þessi ráðherra-ábyrgðarlög eru mjög ströng, í sumum atriðum jafnvel svo ströng, að ekki veitti af að orða þau öðruvísi í einstaka stað.

En það er ekki nægilegt að til sé lög, það verður líka að vera til dómstóll til þess að dæma eftir lögunum. Það er nú líka til dómstóll til þessa, en hann er þannig tilbúinn, að varla er hugsanlegt, að hægt yrði að sakfella nokkurn ráðherra, hve sekur sem hann væri.

Það er nú öllum mönnum skiljanlegt, að það er nauðsynjamál, að lögin sé þannig úr garði gerð, að í þeim felist trygging fyrir því, að stjórnin misbeiti ekki valdi sínu á einhvern hátt, það er þýðingarlaust að hafa þennan dómstól einungis til skrauts. En eftir núgildandi lögum, er dómstóll þessi frekar til skrauts en tryggingar, því að varla er hugsandi, að nokkur maður yrði sakfeldur fyrir honum.

Nú er þessi dómstóll samsettur af mönnum, sem kosnir eru af héraðastjórnum og bæjarstjórnum út um alt land. Við bæjarstjórnar- og sýslunefndarkosningar, er það aldrei haft hugfast, hvort þeir sem í kjöri eru, muni hæfir til að kjósa menn í landsdóm, og þótt tekið yrði tillit til þess við þær kosningar, mundi það verða mjög til skemda, því þá mundu þessar kosningar verða »pólitiskar«.

Þegar svo hefir verið kosið um alt land með þessum hlægilegu kosningum, þá þarf að fækka þeim kosnu mikið til þess að fá þá tölu, sem á að sitja dóminn. Alt þetta landsdómslagabákn virðist mér vera mjög óhentugt og hlægilegt.

En svo kemur aðalatriðið, og það er það, hve marga skuli þurfa til að sakfella hinn ákærða. Samkvæmt núgildandi landslögum þarf til þess $^4/_5$ af þeim, sem dóminn sitja. Af þessu virðist okkur flutningsmönnum þessa frumvarps, sem það muni nær því óhugsandi, að nokkur verði sakfeldur, því til þess að hann verði sýknaður, þurfa einungis 3 menn að kveða upp sýknudóm.

Við háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) erum flutningsm. þessa frumvarps. Eg kom

að máli við hann og sagði honum að eg teldi sjálfsagt að reyna að fá þessum lögum breytt, og hann hefir svo samið þetta frumvarp. Það, að eg er settur aðalflutningsmaður þessa frumv., er af því, að eg bjóst ekki við að verða í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði, en vildi þó segja þetta til að sýna hvað eg átti við.

Það er nauðsynlegt fyrir frelsi þessarrar þjóðar, að stjórn landsins geti ekki gengið upp í þeirri dulinni, að reka slælega erindi þings og þjóðar, af því að hún hafi engan ótta af neinum lögum. Og fyrst þegar þessum landsdómslögum er breytt, er hægt að halda því fram, að vér höfum fengið þingræði, en fyrr ekki.

Hvort okkur hefir tekist að koma þessum lögum í gott horf með þessu frumvarpi skal eg ekki segja, og mér er ekki kappsmál, að það gangi fram í þessu formi.

Af því að mér finst þetta mjög merkilegt mál, þá tel eg víst, að háttv. deild skipi nefnd í það, því að það er oss öllum áhugamál, að þessi dómur verði þannig skipaður, að hægt sé að fá kveðinn upp áfellisdóm yfir sekum manni.

Eg leyfi mér því að stinga upp á 5 manna nefnd, og að málinu sé síðan vísað til 2. umræðu.

Guðmundur Eggerz: Á þessu stigi málsins skal eg að eins leyfa mér að minnast á eina meginreglu í frumvarpinu, sem eg felli mig ekki við.

Þennan dóm, sem frumv. gerir ráð fyrir, skipa 29 menn, þar af 9 sjálfkjörnir, en 20 kjörnir af alþingi, 13 af neðri deild en 7 af efri deild.

Það, að alþingi kýs þannig mikinn meiri hluta dómendanna, gerir það að verkum, að í raun og veru verða alþingismenn dómararnir, en þeir eru ekki einungis dómarar, heldur líka ákærendur. Frumvarpið ber það sem sagt með sér, að þingið ákærir ráðherra, skipar sóknara og tilgreinir kæruatriðin. Þetta felli eg mig ekki við. Vér skulum hugsa oss, að eitthvert atriði sé, sem alþingi vilji kæra ráðherra fyrir; það mundi vissulega ekki taka aðra menn í dóminn en þá, sem það vissi, að hefði sömu skoðun og það á málinu, menn, sem ef til vill væri gallharðari flokksmenn en alþingismennirnir sem kysi þá. (*Bjarni Jónsson:* Dómendurnir eru kosnir til margra ára). Já, þeir eru kosnir til 6 ára, en sú breyting er alls ekki til batnaðar.

Eg skal leyfa mér að benda á, að í öðrum löndum forðast menn, að ákæruvaldið og dómsvaldið sé í sömu höndum. Í Prússlandi, Hollandi og Belgíu er dómsvaldið hjá hæstarétti. Í Frakklandi og Englandi er ákæruvaldið hjá neðri deild, en sú efri dæmir. Í Noregi dæmir hæstiréttur og lögþingið, en óðalsþingið ákærir. Í Danmörku ákærir Fólksþingið, en hæstiréttur og jafnmargir úr landsþinginu dæma. Í Sviþjóð ákærir þingið, en sjálfkjörnir embættismenn dæma.

Eins og sjá má af þessu, er alstaðar forðast, að ákæru- og dómsvaldið sé í sömu höndum.

Eg get bætt því við, út af því sem háttv. flutningsmaður sagði, að hann áliti óheppilegt, að láta sýslunefndirnar kjósa menn í landsdóminn, að þar erum við á alveg mótsettri skoðun. Eg hefi þá reynslu, að sýslunefndir hafa gert sér far um að kjósa í landsdóm samkvæmt núgildandi lögum gætna og eldri menn.

ATKV.GR:

Frumv. vísað til 2. umr.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Kosning hlutu með hlutfallskosn.:
Einar Arnórsson
Einar Jónsson
Bjarni Jónsson
Þorleifur Jónsson
Jón Magnússon.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj. 64).

Einar Arnórsson: Eg vil aðeins lýsa yfir því, fyrir hönd flutningsmannanna, að þetta *frumv. er tekið aftur.*

---

10. Hafnargerð í Þorlákshöfn.

Á 20. fundi Nd., föstudaginn 24. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um heimild fyrir landstjórnina til að veita 20.000 kr. styrk úr landssjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn og til að veita alt að 40.000 kr. lán af viðlagasjóði til sama fyrirtækis (þskj. 196).

Á 23. fundi Nd., þriðjudaginn 28. júlí, var frumv. tekið til 1. umræðu, en þá tekið út af dagskrá.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var frv. tekið aftur til 1. u m r.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Eg átti hér á dögunum brtill. við fjáraukalögin, er fór fram á sama og þetta frumvarp. Þegar þau lög voru feld hér í deildinni, lofsællar minningar, bjóst eg ekki við, að fram mundi koma á þessu þingi nein lög, er færi fram á útgjöld úr landssjóði. En fáum stundum eftir að lögin voru feld, voru þegar prentuð þrjú frv. til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til að veita fé úr landssjóði. Mér virtist þá, að eg gæti ekki setið hjá og látið þau frv. ganga fram, án þess að gefa þinginu kost á að fjalla um þetta mál, sem eg tel í fremstu röð þeirra mála, sem hér um ræðir.

Eins og flestum er kunnugt, er á svæðinu frá Reykjanesi og austur á Hornafjörð alls engar hafnir, er því nafni geti nefnst og lendingar afarillar. Þó liggur víðast þar að landi einhver fiskisælasti sjór hér við land, að minsta kosti síðari hluta vetrar.

Mér hafði verið þetta um langan tíma kunnugt áður en eg ferðaðist austur um fjall í erindum Fiskifélags Íslands síðastliðinn vetur. En mér varð þá fyrst ljóst, að fiskimenn á Stokkseyri og Eyrarbakka eru nú miklum mun verr staddir en þeir voru fyrir nokkrum árum. Áður gengu þaðan að eins opnir bátar til fiskjar, og þá var Þorlákshöfn þrautalending þeirra, þegar sundin á Stokkseyri og Eyrarbakka voru ófær vegna brims, en nú kemur Þorlákshöfn þeim eigi að líku gagni sem áður, því að vélbátarnir, sem nú eru því nær hinn eini skipakostur þeirra til fiskveiða, eru of þungir og óviðráðanlegir til að lenda þeim, jafnvel þótt með rólegum sjó sé, hvað þá heldur í brimi.

Þeim er því nú enginn annar kostur, en að liggja úti á hafi, hvernig sem veður er, og þegar þess er gætt, að þeir með allri landsunnan og austanátt hafa hina hættulegustu strönd á hléborða, þá ætti öllum að vera það ljóst, að þeir eru að mun hættar staddir nú en áður, og verði eigi ráðin bót á þessu ástandi, getur ekki hjá því farið, að af því leiði stórtjón.

Nú hefir hlutafélag nokkurt keypt Þorlákshöfn og hygst að koma þar upp vélbátahöfn og reka þaðan vélbátaút-

veg. Hefir það nú sent þinginu umsókn um styrk til fyrirtækisins og farið fram á lán til þess. Fór stjórn þessa hlutafélags þess á leit við mig, með því að hún vissi, að eg hafði hug á því, þótt ekki yrði á þessu þingi, að eg flytti frumvarp þessa efnis. Eg var ráðinn í því að hlutast til um, að lagt yrði fyrir þingið 1915 frumvarp í þessa átt, ásamt fleiri frumvörpum um hafnabætur og lendingu, en eg hefi aldrei verið í neinum vafa um, að þarna er þörfin brýnust og má með engu móti dragast, ef ekki á að leiða stórtjón af.

Mér var því einkar ljúft að verða við þeim tilmælum og það því fremur, sem eg þekti suma af forgöngumönnum þessa máls sem sérstaka framkvæmdamenn.

Eg hefi heyrt á ýmsum deildarmönnum, að þeir vilji að vísu styðja málið og álíti það mesta nauðsynjamál, en þeir vilji gera það skilyrði fyrir fylgi sínu við málið, að landsjóður kaupi Þorlákshöfn, annaðhvort taki hana eignarnámi eða kaupi hana á venjulegan hátt.

Ekki er eg því á nokkurn hátt mótfallinn, að landssjóður eignist þessa eign og láti byggja þar höfn á sinn kostnað, en eg óttast fyrir því, að það myndi valda drætti á framkvæmd málsins, og hann tel eg hættulegan. Hefir mér virst svo, sem framkvæmd landssjóðs í hverju landi sem er, sé eigi mun rösklegri en einstakra manna, nema síður sé. Þá hefir því og verið haldið fram, að núverandi eigendur Þorlákshafnar okruðu á henni og tæki óvenjulega hátt gjald fyrir uppsátur, og að það myndi jafnvel geta orðið frágangssök að nota höfnina vegna þess hve dýr hún yrði.

En í fyrsta lagi er það nú fjarri öllum sanni, að eigendur Þorlákshafnar hafi enn sem komið er beitt sjómenn neinum ójöfnuði, og í öðru lagi væri þingi og stjórn ávalt innan handar að taka eign þessa eignarnámi ef almenningsþörf krefði.

Uppsátursgjaldið er nú $^1/_2$ hlutur á hverjum bát og mun það verða sem næst 4—5 af hundraði af afla bátsins, virðist það ekki afarhátt gjald, þegar litið er til þess, að fiskimönnum eru lögð til vergögn og íbúð.

Þá hefir því verið hreyft til andmæla, að málið væri ofilla undirbúið. Þetta gæti verið ástæða, ef hún væri á rökum bygð. Landsverkfræðingurinn hefir látið aðstoðarmann sinn, hr. Jón Ísleifsson, gera athuganir á staðnum og sjálfur hefir hann verið þar í sömu erindum. Að vísu hefir hann ekki getað vegna tímaskorts lagt fram teikningu af höfninni né nákvæma áætlun um kostnaðinn, en hann hefir leyft mér að hafa það eftir sér, að kostnaðurinn mundi verða öðruhvorumegin við 75 þúsund krónur, og ætla eigendurnir að sjálfsögðu að leggja það fé til, sem styrkurinn og lánið hrekkur ekki til, en þeir sjá sér ekki fært, að leggja út í fyrirtækið hjálparlaust.

Mér dettur í hug atburður, sem fór fram fyrir mörgum hundruðum ára á því sama landsvæði, sem hér á hlut að máli, suðurlandsundirlendinu. Þegar mörgum banaspjótum var beint að brjósti eins hins göfgasta og glæsilegasta manns fornaldarinnar, Gunnars á Hlíðarenda, þá bað hann konu sína að snúa sér bogastreng úr hári hennar, en hún spurði þá þessarri kæruleysislegu og kuldalegu spurningu: »Liggur nokkuð við?« »Líf mitt liggur við,« svaraði hann. En kvenflagðið synjaði honum hársins og hann féll fyrir óvinunum, svo sem kunnugt er.

Nú er mörgum banaskeytum beint að brjóstum þeirra manna, er sjó stunda á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þingið á nú ráð á þeim bogastreng, sem eignir og líf þessarra manna er undir komið. Vill

það nú synja um aðstoð sína, eða vill það treysta strenginn, svo að lífi og eignum verði betur borgið? Eg vil vona það.

Annars vegar blasir hér við hætta á tjóni lífs margra efnilegra manna og meiri eða minni eigna, ef framkvæmd þessa máls dregst, en hinsvegar aukið öryggi á lífi og eignum, aukin framleiðsla og meira gjaldþol og beinar tolltekjur í landssjóð, ef fljótt og vel er við brugðið. Ef þingið vísar þessu máli á bug og af því hlýzt tjón, þá vildi eg ekki vera í sporum þeirra manna, er að því væri valdir.

Eg hefi áður tekið það fram, að eg vildi stuðla að því, að vér takmörkuðum sem mest útgjöld vor til þess, er eigi færir beinan arð, en eg er á gagnstæðri skoðun þegar um er að ræða þær framkvæmdir, er auka velmegun og öryggi. Frá mínu sjónarmiði er þetta fyrirtæki beinn búhnykkur fyrir landssjóð.

Eg vil nú eigi lengja umræður um þetta mál við þessa umræðu, en aðeins bæta því við, að eg vona að deildin sýni þessu máli þann sóma að skipa nefnd í það og leyfa því að ganga til 2. umr. Leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Einar Jónsson: Þótt undarlegt sé lítur út fyrir að háttv. deildarmenn láti sig þetta litlu máli skifta, því að það er naumlega helmingur þeirra viðstaddur. Hér er þó um alvarlegt velferðarmál að ræða, og þótt háttv. þm. sé ekki kunnugir staðháttum þarna austur frá, þá vita þeir þó, að það munar töluvert um hverjar þúsund krónurnar, sem veittar eru úr landssjóði. Það eru tvær hliðar á þessu máli, önnur sú, að hér er verið að fara fram á fjárstyrk til arðvænlegs fyrirtækis, og hin hliðin er hættan fyrir mannslífin og eignir manna, sem af því getur stafað, að þessu fyrirtæki sé ekki komið í framkvæmd. Eg hefi verið sjómaður þarna austur frá í 15 ár og þekki vel brimið á Eyrarbakka og erfiðleikana, sem þar er við að stríða fyrir sjómennina. Það hafa stundum orðið slys að því, þegar öll sund hafa verið lokuð og menn hafa orðið að »leggja frá« á opnu bátunum. Þá var það þrautalendingin að hleypa til Þorlákshafnar, þar vóru þá heimamenn stundum lentir og tóku með mannsöfnuði á móti róðrarbátunum í lendingunni. Þetta er ekki hægt að gera nú, síðan mótorbátarnir komu. Það er því enn meiri hætta að fara frá Eyrarbakka á mótorbátum heldur en á opnum bátum, því að í Þorlákshöfn er ekki hægt að taka á móti mótorbátunum nema ef þar kæmi höfn. En það mundi að sjálfsögðu auka að mun mótorbátaútveginn á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Þegar um þessa hafnargerð er að ræða, er vert að gæta þess, hvort kostnaðurinn við byggingu hafnarinnar mundi svara til þess hagnaðar, sem af henni má vænta. Skal eg segja frá litlu dæmi, sem getur gefið hugmynd um það.

Það var í síðastliðnum aprílmánuði, að 9 mótorbátar frá Eyrarbakka og Stokkseyri reru út í svokallaðar »Forir« í 6 daga samfleytt. Alla þessa daga urðu þeir í Þorlákshöfn að sitja heima. En mótorbátarnir fiskuðu að meðaltali 250 fiska á bát á dag eða 1500 fiska á bát alla 6 dagana. Allur aflinn var því 13,500 fiskar á alla bátana, og gerði ca. 9,500 krónur. — Eg hygg, að hér sé um það mál að ræða, sem ekki sé ósanngjarnara að taka til greina, heldur en t. d. brimbrjótinn í Bolungarvík í fyrra. Þó eg hafi minst á þetta litla dæmi, sem gerði Þorlákshöfn þetta mikla aflatjón, þá er það ekki það eina, sem taka verður tillit til, heldur er og á að líta hættuna fyrir mannlífin, sem beinlínis stafar af hafnleysi á þessum stað. Og

ar að því í vor, hvort jörðin væri föl. Hann kvað svo vera. Var honum þá bent á það, að bjóða landinu hana til kaups á næsta þingi, í stað þess að sækja um styrk til hafnargerðar þar.

Hann mun hafa látið í ljós, að hann væri fús til þess. Síðan væri sjálfsagt að gera þar góða höfn. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að vinda þyrfti bráðan bug að þessu fyrirtæki, vegna þess, að nú væri hægt að ná í hafnarverkfræðinga hér á landi til þess að vinna hafnargerðina. Eg get nú ekki betur séð, en að málið megi vegna þessa bíða næsta þings, því að vitanlegt er, að Reykjavíkurhöfn verður ekki búin á næsta ári, svo að ekki þurfi að verða vandkvæði á þessu. Sem sagt er eg málinu hlyntur, en aðeins með þessu skilyrði, sem eg hefi getið um.

Ráðherra (S. E.): Það er víst fáum kunnugra en mér, hver þörf er á, að höfn verði gerð í Þorlaksböfn. En eg get ekki mælt með því, að lagt verði út í þetta mál að svo stöddu, vegna þess, hve undirbúningi öllum er ábótavant. Það hefir t. d. ekkert verið rannsakað enn, hve mikið fyrirtækið muni kosta. Annað hefi eg ekki að segja, en jafnskjótt og málið er fullundirbúið, mun eg gerast stuðningsmaður þess.

Guðmundur Hannesson: Eg stend upp til þess að leiðrétta misskilning eða ranghermi hjá háttv. 1. þm. Rangv.s. (E. J.). Hann sagði, að eg hefði metið mannslífið á 500 kr. Þetta er rangt. Eg sagði um daginn, að jafnvel þótt mannslífið væri ekki metið hærra en 500 kr., þá mundi læknir, sem mikið hefði að starfa, borga sig ágætlega fyrir landið, þar sem hann áreiðanlega bjargaði að minsta kosti 10 mannslífum á ári hverju.

Eg er ekkert hissa á því, að deildin er hér um bil tóm, þegar verið er að ræða um þetta mál. Það er í samræmi við mína reynslu, að fáir hafa áhuga á stjórnmálum en margir á málum, sem snerta einstaklings hag, metnað og valdahag — þegar um slíkt er að ræða, þá er deildin venjulega troðfull.

Þó að eg sé ókunnugur þar eystra, þá dylst mér það ekki, að þetta er mál, sem vert er að athuga vandlega og sýna allan sóma, og vildi eg því leggja til, að nefnd yrði kosin í það. Undirbúninginn er mér ókunnugt um, en væntanlega rannsakar nefndin það atriði sem önnur.

Matthías Ólafsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) var sömu skoðunar og eg um það, að hér væri um nauðsynjamál að ræða. En okkur greinir á um það, að hann vill ekki koma þessu fyrirtæki í framkvæmd fyrr en landssjóður sé orðinn eigandi Þorlákshafnar. Eg get ekki betur séð, en að rétt sé hér sem annarsstaðar setningin: »fljótt hjálpað er tvisvar sinnum hjálpað«. Og þótt höfn sé gerð áður en landssjóður eignast landið, þá útilokar það alls ekki, að landið geti fengið eignina með sömu kjörum og nú, því að við væntanlegt eignarnám mundi auðvitað verða tekinn til greina sá styrkur, er landið hefði veitt til hafnargerðarinnar. En að fara nú að stanza við kaupsamninga á eigninni, mundi taka langan tíma og sá dráttur gæti orðið mörgum manninum að fjörlesti.

Annars álít eg það óþarft að vera að halda hrókaræður um þetta mál. Verkfræðingur landsins hefir skoðað hafnarstæðið, en hann var ekki viðbúinn með teikningar, svo að ekki hefir verið hægt að leggja þær hér fram. Hann kvaðst áætla kostnaðinn við hafnargerðina eitthvað öðru hvoru megin við 75 þús. kr. Þar af er farið fram á, að viðlagasjóður

þó að einum háttv. þm. hafi þóknast að meta mannslífið á 500 kr., þá get eg ekki metið það til peninga. Látum nú vera hvað mannslífið kostar í peningum, hitt mun þó altaf vega meira, sorg og söknuður vinanna sem eftir lifa. Eg þekki dálítið ástandið hjá konum og börnum á Eyrarbakka þegar brimið hefir lokað öllum sundum og ekkert virðist vera eftir fyrir bátunum heldur en að sökkva í sjóinn. Þetta verður líka að taka til athugunar.

Eins og eg sagði í fyrstu, lítur út fyrir, að hv. deildarmenn láti sig þetta mál litlu skifta — deildin stendur því nær tóm — en eg ætla að vona samt sem áður, að hv. deild taki liðlega og vel í málið. Það eru engin ósannindi, þótt eg segi, að hér sé um þarft fyrirtæki að ræða.

Það hefir verið int að því, að heppilegt mundi vera, að landið sjálft eignaðist Þorlákshöfn, og bygði þar höfn á sinn kostnað. Eg er ekki á móti því, því að þetta er arðsöm eign. En þeir, sem nú eiga Þorlákshöfn, ætla að leggja mikið fé til þessarar hafnargerðar, á móti því, sem um er beðið í þessu frv. En ef landið eignaðist Þorlákshöfn og réðist að öllu leyti á eigin kostnað í þetta fyrirtæki, þá þyrfti það að borga bæði það, sem hér er beðið um, lánið og styrkinn, og auk þess það, sem núverandi eigendur ætla að leggja fram.

Óski háttv. þingmenn að fá einhverjar frekari upplýsingar, þá er eg fús á að gefa þær, sem í mínu valdi stendur. Eg hygg, að enginn háttv. þingm. sé kunnugri á þessum slóðum en eg. Eg hefi séð þar svo margt agalegt, séð svo mikið manna- og peningatjón, vegna þess, að bátakví og örugt lægi hefir vantað, að eg tel það hina bráðustu nauðsyn, að sem fyrst verði úr þessu bætt.

Björn Kristjánsson: Það er alveg rétt hjá háttv. framsögumanni, að hafnlaust er alla leið með suðurströnd landsins frá Reykjanesi til Hornafjarðar, og Þorlákshöfn er eina neyðarhöfnin fyrir báta, er sjó sækja frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er líka rétt hjá honum, að menn eru farnir að taka upp mótorbátaútveg á þessum slóðum, og þeir geta enn síður notað þessa neyðarhöfn en opnir bátar. Eg kannast við, að þetta er hið mesta nauðsynjamál, og það er ekki vegna þess, að eg neiti því, að eg legst á móti málinu í þetta sinn. En málið er svo illa undirbúið, að eg er hræddur um, að árangurinn af því mundi ekki ná tilgangi sínum. Það eru sem sé ekki sett nein skilyrði eða takmörk fyrir því, hve mikils eigendur landsins geti krafist í gjald af mönnum þeim, er leyft er að hafa uppsátur þar. Áður fyrr var það altaf svo, að sami ákveðni taxtinn var á ári hverju fyrir uppsátur. En síðan landið lenti í nýjum höndum, þá hefir það hækkað að mun og jafnvel verið heimtaður heill bátshlutur í uppsátursgjald. Að takmörk fyrir þessu vantar alveg, veldur því, að eg í bráðina verð að leggjast á móti málinu, hversu mikið, sem mig langaði til að vera því fylgjandi. Færi frumvarpið fram á það, að landið keypti þessa eign, þá gæti eg verið því fylgjandi. Staður, eins og Þorlákshöfn, á að vera opinber eign, annaðhvort sýslunnar eða landsins. Þegar Jón gamli í Þorlákshöfn seldi jörðina, var gefið fyrir hana 32 þús. krónur — og þótt landið yrði að kaupa eitthvað dýrara en það, áliti eg það ekki frágangssök. Auðvitað væri 70—80 þús. of mikið, en það er beinlínis lífsskilyrði, að þetta verði opinber eign — áður verður ekkert að gert í þessu efni. — Eg lét spyrja aðaleiganda jarðarinn-

láni 40 þúsund kr. og að fyrirtækið sé styrkt með 20 þús. kr. af landsjóði, en að eigendurnir leggi til mismuninn, ca 15 þús. kr. Málið er því ekki eins illa undirbúið og gefið hefir verið í skyn. Og sé viljinn góður hjá háttv. þingm., þá hygg eg, að ekki sé mikið að óttast þá ástæðu. Annars mæli eg með því, að nefnd verði kosin í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd með 16 samhlj. atkv.

Í nefndina vóru kosnir:

Einar Arnórsson
Matthías Ólafsson
Björn Kristjánsson
Sigurður Sigurðsson
Guðm. Eggerz.

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 8. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. u m r. (þgskj. 196, n. 393).

Flutningsmaður (M. Ól.) *tók frumvarpið aftur.*

D.

Frumvörp ekki útrædd.

1. Líftrygging sjómanna.

Á 4. fundi Nd., mánudaginn 6. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um líftrygging sjómanna (þskj. 21).

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Þetta frumv. er ekki nýr gestur. Það hefir legið fyrir þinginu tvisvar sinnum áður. Á þinginu 1912 var það felt, en í fyrra varð það ekki útrætt. Þá var það nokkuð breytt frá því að það kom fyrst fram. En á ferðalögum mínum nú, hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegra muni að hafa það í sínu upprunalega formi. Menn hafa alstaðar, þar sem eg þekki til, látið þá ósk sína í ljós, yfirleitt, að það yrði samþykt. Aðalhugsunin í frumv. er sú, að þeir menn, er stunda sjósókn með minni hættu fyrir líf og heilbrigði, styddi hina, sem í meiri hættu eru. Nú er því svo farið, að þeir, sem sjaldan koma á sjó, eða skemur stunda sjómensku, eru í raun og veru í miklu meiri hættu en hinir, sem svo að segja daglega eru á sjónum. Við það eykst mönnum leikni og hugrekki.

Eg vona, að ef menn athuga þetta frumvarp vel, þá geti þeir ekki orðið því mótdrægir, enda hefir mér virzt málið alt af vera að afla sér fleiri og fleiri vina. Það sést líka á þeim flutningsmönnum, sem ásamt mér hafa borið frumv. fram. Og eg efast ekki um, að eg hefði getað fengið fleiri samflutningsmenn, ef eg hefði reynt til þess. Svo var til ætlast í frumvarpinu, sem lagt var fram í fyrra, að vátryggingin næði yfir skemmri tímabil. En frá þessu höfum við horfið aftur, vegna þess, að vertíðirnar ná ekki alstaðar á landinu yfir sama tíma.

Enn fremur er það tekið fram í þessu frumv., að þeir, sem líftrygðir eru annarsstaðar, skuli vera undanþegnir þessu gjaldi.

Eg sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira að sinni, en vil leyfa mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin í málið.

Guðmundur Eggerz: Eg álít, að nauðsynlegt sé að hreyfa andmælum gegn þessu frumv. þegar við 1. umr. Mér er kunnugt um, að sjómönnum líkar það illa, þrátt fyrir það, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) segði, að það hefði fylgi úti um alt land. Svo mikið er víst, að því er ekki þannig farið á Austfjörðum, þar sem eg þekki til. Enn fremur er mér kunnugt um, að málið hafði ekki fylgi í Snæfellsnessýslu í fyrra. Fylgi þess hér á þinginu var heldur ekki meira en svo, að það var felt í nefnd.

Það er ekki svo að skilja, að eg sé ánægður með lögin frá 1909. Þess vegna var það líka, að við þingmaður Snæfellinga höfðum í fyrra hugsað okkur að bera fram frumv. um breytingu

á lögunum, en sáum okkur það samt ekki fært, vegna þess, að við höfðum ekki tækifæri til að afla okkur upplýsinga um hlutfallið milli iðgjaldanna og vátryggingarupphæðarinnar. Væntanlega hefir háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) athugað þetta, þar sem hann fer fram á það, að vátryggingarupphæðin sé hækkuð upp í 1000 kr. Það er nú gott og blessað, en hann vill líka hækka iðgjöldin, en það hygg eg, að geti verið nokkuð varhugavert. En sem sagt vantar nánari upplýsingar um þetta atriði. Það sem mér ennfremur þykir varhugavert við frumvarpið er, að svo er til ætlast, að landssjóður beri takmarkalausa ábyrgð á gjöldunum. Í gömlu lögunum var hún takmörkuð við 15 þús. krónur.

Eg gæti hugsað, að það kynni að geta haft talsverða þýðingu fyrir lánstraust landssjóðs, ef hann ætti að bera margar slíkar ótakmarkaðar ábyrgðir.

Mér þykir, eins og eg hefi drepið á, það enn fremur athugavert við frumv., að þótt vátryggingarupphæðin sé hækkuð — sem er gott — þá íþyngir það hins vegar sjómannastéttinni tilfinnanlega, hvað gjöld snertir, og þó að tilgangur laganna sé góður, þá verður þó vel að athuga það, hvert bolmagn menn hafa til þess að greiða gjöldin. Mönnum er íþyngt með því, að samkvæmt þessu frumvarpi verða fleiri vátryggingarskyldir, en áður var. Nú eru menn ekki vátryggingarskyldir, nema þeir rói að minsta kosti eina vertíð, og ekki, ef þeir róa á minni bátum en 4 manna fari. —

Að því er Austurland snertir, skal eg benda á það, að þar er mönnum mjög íþyngt með þessu. Þar róa menn mikið á tveggja manna förum, og það er auðvitað, að því minna, sem veiðist á bátinn, því minna er gjaldþol bátsverja. Nú eiga allir þeir, er sjó stunda, að greiða þetta 10 kr. gjald, hvort sem þeir vinna alt árið á botnvörpuskipi eða róa 3 daga á tveggjamannafari, og sjá allir, hve óréttlátt þetta er. Og þótt þetta geti verið gott fyrir sum héruð, þá verður að taka tillit til allra landsfjórðunga.

Þá skal eg víkja að atriði, sem mér er illa við, og það er hin mikla skriffinska, sem gengur eins og rauður þráður í gegn um alt þetta frumv. Framgangsmátinn er ætlast til að verði sá, að á tímabilinu frá 1. jan. til 1. febr. skuli allir sjómenn gefa sig fram hjá hreppstjóra eða sýslumanni. Þetta verður nú ekkert annað en pappírsákvæði, því að alt af geta menn sagt, að þeir viti ekki, hvort þeir ætli að róa eða ekki, og það er hætt við, að þeir verði ekki margir, sem fara til hreppstjórans. Og svo ætti háttv. flutningsmaður, sem hér kemur fram sem talsmaður sjómannastéttarinnar, að vita það, að janúar er einmitt versti tíminn, að sjómenn geta þá ekki borgað þetta 10 kr. iðgjald. Þetta er ekki svo lítið gjald. Ef menn stunda sjó á tveggja manna fari og eru 3 á, þá er það hart, að verða að greiða 30 kr., ekki sízt ef bátnum er ekki haldið úti nema t. d. 2 mánuði af árinu. Sömuleiðis má geta þess, að eftir frumvarpinu fellur það gjald burtu, sem útgerðarmaður áður greiddi. Hann er nú gjaldfrjáls.

Eftir því sem nú er, er mönnum ekki ætlað að borga nema 18 aura um vikuna, fyrir þann tíma, sem þeir eru á skipi, og sjá allir, hversu miklu verra væri að búa við ákvæði þessa frumvarps en það.

Jæja, þegar sjómennirnir eru nú búnir að fara til hreppstjóra og borga þessar 10 kr. og fá skírteini hans fyrir því, þá skyldu menn nú halda að þeir væri þarmeð slopnir, en það er nú öðru nær.

Þeir eiga að fá sér málmplötu (líklega verður hún þó ekki höfð úr gulli!), og þegar þeir hafa þetta hvorttveggja í vasanum, skírteinið og plötuna, þá geta þeir fyrst farið til lögskráningarstjóra. Og ekki varðar það hann nema 1000 kr. sekt, ef honum verður það á, að sleppa þeim út fyrir landssteinana plötulausum.

Þó að sýslumenn og hreppstjórar sé hér á landi alment álitnir ríkir menn, þá mundi þá geta munað um þessa 1000 kr. sekt, ef hún kæmi oft fyrir, og þá einnig formennina, sem eiga að sektast um 200 kr., ef þeir taka við plötulausum háseta.

Með því að platan á að vera skilyrði fyrir því, að vátryggingarféð fáist útborgað, þá langar mig til að spyrja hv. flutningsm. (M. Ó.) að einni spurningu: Ef nú t. d. 4 menn róa á mótorbát og drukkna allir, hvernig á þá að fara að sanna það, að þeir hafi dáið með plötur? Eg er hræddur um, að það mundi reynast erfitt. Eða ef t. d. einhver af bátsverjum verður veikur, og þarf að fá mann í sinn stað, í einn róður, þá er það alveg ómögulegt, svo framarlega sem þetta er spölkorn frá hreppstjóranum. Manninn vantar plötu, og hann má ekki fara.

Enn er að minnast á nýtt atriði. Hér á að stofna nýja stöðu með 1200 kr. árslaunum. Það er nú ekki aðallega þetta, sem eg hefi á móti þessu frv., en hafi alt gengið vel hingað til, með því að borga stjórnarnefndinni 400 kr. á ári, þá finst mér þetta óþörf útgjaldahækkun.

Það er margt fleira en þetta, sem eg hefi við þetta frv. að athuga. Þetta er bara lausleg ádrepa við 1. umr., en seinna mun eg athuga það nánar.

Að endingu vil eg einungis benda á það, að á þingi í fyrra var talað um það, að bezt færi á því að biðja stjórnina að undirbúa þetta mál. Það datt víst engum í hug, að það yrði lagt fyrir þetta aukaþing, heldur næsta reglulegt alþingi. Þá gæti verið fenginn grundvöllurinn, sem eg mintist á, rannsókn á hlutfallinu milli iðgjalda og vátryggingarupphæðar, sem er aðalatriðið.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Eg verð að biðja afsökunar á því, að eg fer að svara þessari plötusláttarræðu hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) fáeinum orðum. Hann hefir altaf frá því fyrsta lagt á móti þessu frv., og notað til þess það, sem hann hefir til brunns að bera af mælsku og þekkingu, og jafnvel efasömum sannleika nú upp á síðkastið.

Út af því, sem hann sagði um Austurland, skal eg geta þess, að honum er ekki kunnugra um það atriði en mér, nú orðið. Hann var þar sjálfur á fundi þar sem tekið var fram, að borga mætti út vátryggingarfé fyrir 4 menn á bát, hverjir svo sem þeir væri, alveg eins þótt einhver annar væri í stað einhvers hásetans.

Yfirleitt vóru flestar mótbárur háttv. þm. gegn frv. á litlum rökum bygðar, og hafa komið fram áður. Hann hefir, mót venju, farið að tala um einstakar greinar í því við þessa umr., svo brátt hefir honum verið orðið, og lái eg honum það reyndar ekki, því að hann er hvatur að eðlisfari og vill láta það koma sem fyrst fram, hve mikla þekkingu hann hafi á þessu máli.

En hann hefir alveg hlaupið yfir það, sem eg álít aðalatriðið og tók fyrst fram, og það er þetta, að þeir sem eru í minni hættu eiga að styðja þá, sem eru í meiri hættu. Hann sagði, að það vantaði »statistik«, og enginn vissi, hvort þetta 10 kr. gjald væri sanngjarnt, en eg hygg, að í þessu frv. sé farið nærri um það, hvað muni hrökkva til.

Til þess að gera frv. tortryggilegt, greip hann jafnvel til þess að gefa í skyn, að það mundi veikja lánstraust landsins, ef landssjóður tæki á sig þessa ábyrgð. Eg vona að guð gefi það, að aldrei verði það tjón, að landssjóður fái ekki risið undir ábyrgðinni, enda stendur altaf sá vegur opinn að hækka iðgjöldin, ef þarf.

Þá benti hv. þm. (G. E.) á það, til dæmis um hve ilt frv. væri, hve hörð sektaskuldin væri í garð sýslumanna. Eg verð nú að segja það, að ef þeir herrar yrði vísvitandi valdir að því, að menn drukknuðu óvátrygðir — eg segi vísvitandi, því að altaf vita þeir, hvort menn geta sýnt skilríkin eða ekki — þá er það ekki ofmikið fyrir jafnherfilegt brot, þótt sektin sé ákveðin alt að 1000 kr. Ef hv. þm. vill koma fram með frv. um verðlaun fyrir afglöp embættismanna, þá er honum það auðvitað velkomið, en eg mundi verða á annari skoðun um það.

Annars býst eg nú við því, eftir brosinu sem eg sé á ýmsum hv. þm., að ræða hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), muni ekki hafa haft sérlega mikil áhrif á þá.

Eg skal svo ekki þrefa um einstök atriði málsins, en aðeins taka það fram, að eg get gengið að því, að 7 manna nefnd verði skipuð.

Guðm. Eggerz: Það er ekki rétt, að talað hafi verið um þetta frv. á fundinum fyrir austan, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á. En hitt er satt, að þar vildu menn að vátryggja mætti vissa tölu manna á bát, og þá breytingu vil eg.

Eg talaði við menn þar eystra um frv. þegar eg kom af þingi, og þótti öllum það mjög varhugavert. Eg skil ekki þetta princip, að þeir sem eru í minni hættu, eigi að borga fyrir hina. *(Matthías Ólafsson:* Hefi aldrei efast um, að þm. (G. E.) skildi ekki frv.). Það var einmitt vegna hv. flutningsm. sjálfs, sem eg vildi ekki minnast á þetta í fyrri ræðu minni, af því að það er fjarstæða. Auðvitað á að miða við gjaldþolið, en ekki við hættuna, og eins og eg tók fram áðan, þola menn, sem róa á smábátum, miklu verr þetta gjald, en þeir er stunda sjó alt vorið á botnvörpungum.

Einnig get eg fullvissað hv. deild um það, að oft hefir verið farið meira út í einstök atriði mála við 1. umr. en eg gerði áðan. Það vóru aðallega meginreglurnar í frv., sem eg talaði um. Og eg get gjarnan bætt einni við enn, sem er alt öðruvís en allar aðrar réttarfarsreglur, sem eg þekki. Hingað til hefir sönnunarskylda um eitthvert atriði ætíð legið á lifandi mönnum, en í einni grein þessa frumvarps er tekið upp á því, að velta henni yfir á dauða menn, og þeirri grein þyrfti þó að minsta kosti að breyta. — Að því, er sektaákvæðið snertir, vil eg biðja háttv. flutningsm. að gæta að því, að hér er ekki eingöngu um sýslumenn að ræða, heldur og hreppstjóra, og það gæti orðið erfitt fyrir yfirvald, sem vill líta eitthvað dálítið á það, sem »praktiskt« er og ekki á tóma skriffinsku, að verða að neita hverjum manni um að róa, sem kynni að hafa gleymt plötunni sinni heima, jafnvel þótt allir vissi, að hann ætti hana.

Eg vona, að allir geti því nærri, að það er sárt að neyða mann til að sitja af sér kanske 40—50 kr. hlut fyrir tóma skriffinsku. Og þegar mótorbátarnir eru að róa í myrkrum á haustin, þá gæti eg hugsað, að sumir formenn þættist hafa annað að hugsa, en að þvæla í vösum manna eftir plötum og skírteinum.

Eg er ekki á móti því, að setja nefnd

í málið. Vonandi yrði það til þess, að það yrði athugað rækilega. En engu skal eg spá um það, hvort það kemst fram óbreytt eða ekki.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 7 manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningum:

Sigurður Gunnarsson
Matthías Ólafsson
Guðm. Eggerz
Þorleifur Jónsson
Sveinn Björnsson
Magnús Kristjánsson
Jóhann Eyjólfsson

með hlutkesti milli hans og Skúla Thoroddsen.

Frumvarpinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarpið kom aldrei frá nefndinni.

---

2. Markalagafrumvarp.

Á 5. fundi Nd., þriðjudaginn 7. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til markalaga (þskj. 25).

Á 17. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jóhann Eyjólfsson: Hugmyndin um, að koma á fastri reglu og föstu skipulagi á sauðfjármörk hér á landi, hefir átt einkennilega örðugt uppdráttar. Meiningin með þessu frumvarpi var sú, að reyna að koma meira skipulagi en áður hefir verið, á sauðfjármörk hér á landi. Margir hafa fundið til þess, að ilt er að koma fé til skila, vegna ruglings, sem er á mörkunum, vegna námarka og vegna sammarka. Það er ekki ávalt gott, að vera fljótur að draga sundur fé í stórri rétt, eins og t. d. Þverárrétt, þar sem fé ægir saman úr Mýra- Borgarfjarðar Snæfellsness- Stranda- og Húnavatnssýslum, og það er ekki einungis í réttum, sem menn þurfa að draga sundur fé, heldur líka á næstum því hverjum einasta bæ á landinu. Væri komið á betra skipulagi um sauðfjármörk, mundi mikill tími sparast og auk þess ekki eins hætt við, að fé færi til óskila; flestir á sveitaheimilum mundu þekkja sýslumarkið og allir hreppsmarkið.

Það vita allir, að mörk eru nú í hinni mestu óreiðu í sýslunum. Enginn veit, hvaða mark tekið er upp í hinum sýslunum. Fjöldi manna eiga sammerkt ef þeir eru sinn í hverri sýslu og jafnvel þótt þeir sé í sömu sýslu, í Strandasýslu eiga 20 menn alveg sammerkt.

Allir vita það, að ekki mun auðvelt að finna bók í stóru bókasafni, ef ekki er til neitt »registur« yfir bækurnar. Alveg sama máli er að gegna með mörkin. Það er ekki gott að átta sig á þeim, ef þau eru öll í ruglingi.

Sá maður, sem á þessa hugmynd, sem eg tek upp í þetta frumv., var Arnbjörn bóndi á Ósi í Húnavatnssýslu. Hann skrifaði, eða lét skrifa, um þetta mál í eitthvert blað, eg man ekki hvert. Þá fóru menn fyrst að veita þessu eftirtekt. Margir sáu, að hér var um verulegar umbætur að ræða.

Sá, sem þar næst tók málið að sér, var Hjálmur alþm. Pétursson á Hamri, hann hafði mikinn áhuga fyrir því. Hann skrifaði ítarlega um það í Þjóðólf og gerði þar að auki mikið til að sýna fram á nytsemi þess, bæði á mannamótum og í heimahúsum við gesti sína. Ekki flutti hann samt málið inn á þing, enda minnir mig fastlega, að hann væri hættur þingstörfum þegar þessi uppgötvun fæddist í höfði hins húnverska

bónda. Síðan hefir verið skrifað margt með því, en eg man ekki eftir neinni grein, sem eg hefi séð á móti þessari hugmynd.

Samt sem áður virðist vera mjög erfitt að sannfæra menn um nytsemi þessarar hugmyndar. En svo er líka um margt nytsamt mál, að það þarf langan tíma og mikla baráttu til þess að koma því í framkvæmd.

Eg hefi átt tal við marga um þetta mál og leitað eftir ástæðum á móti þessu máli, en eg hefi ekki fundið neina, sem mér finst að nokkru nýt. Helzt finst mér, að eg geti tekið tillit til þeirrar ástæðu, að mörgum þyki svo vænt um markið sitt, af því, að það sé erfðamark, eða þeim af einhverjum ástæðum mjög kært, og þeir vilji því ekki skifta á því og öðru marki, þó jafnfallegt sé. Þá er málið orðið að tilfinningamáli; og það er altaf hægt að gera mikið úr tilfinningunum, og við slíkt er altaf erfitt að eiga, því að tilfinningarnar eru vitanlega séreign hvers einstaks manns. Samt hugsa eg, að það sár, sem tilfinningar manna fengi, þótt tekið væri af þeim markið og þeim gefið annað í staðinn, mundi fljótt gróa.

Það getur skeð, að það verði haft á móti frumvarpinu — þótt eg hafi ekki heyrt það áður — að mörkin sé forngripir, sem sé friðhelgir. Mér þætti slæmt, ef sagt væri um mig, að eg leggist á forngripi eins og t. d. fjármörk, fátækratíundarlög o. s. frv., en vona, að deildin lofi þó málinu að komast í nefnd, til þess að það verði rannsakað. Eg hefi talsverða forvitni á að sjá nefndarálit þeirra manna, sem á móti verða. Aftur hefi eg ekki hugsað til, að það verði að lögum nú á þessu þingi, til þess er málið ekki nógu mikið rætt enn. En eg veit, að þetta verður ekki í seinasta sinn, sem málið verður til meðferðar hér á þinginu.

Eg sé nú ekki ástæðu til að taka fleira fram, en leyfi mér að óska eftir, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið að þessari umræðu lokinni.

Þorleifur Jónsson: Eg get ekki séð, að þetta mál kalli svo bráðan að, að þörf sé á margbrotinni lagasetningu um það. Eg held, að flestir mætti verða ánægðir, og það jafnvel háttv. flutningsmaður frumv., þótt það hyrfi nú úr sögunni, því mér heyrðist hann ekki gera sér glæsilegar vonir um að koma því í gegnum þingið nú.

Eg hygg, að enn sem komið er sé þeir mjög fáir, sem óska að lög sé sett um sauðfjármörk, í líkingu við þetta frumvarp, enda hygg eg, að þess sé óvíða þörf. Að minsta kosti veit eg, að þar, sem eg þekki til í Skaftafellssýslu og á Austurlandi, þar er engin þörf á lagasetningu um þetta, og mér er nær að halda, að þess sé hvergi þörf, ekki heldur þar, sem háttv. þm. Mýramanna þekkir til.

Eg veit ekki betur, en þetta mál væri fyrir nokkru borið undir allar sýslunefndir landsins, og mætti þá nærri allsstaðar mótspyrnu, af því að þess væri ekki þörf.

Mér er því ekki ljóst, af hverju þetta mál er komið fram hér í þinginu. Eg veit ekki til að neinn, nema hv. flutningsmaður, óski breytingar á markalögunum. Ekki óska Skaftfellingar þessarra breytinga, og ekki Austfirðingar, og eg veit ekki betur, en að Norðlendingar sé því einnig mótfallnir.

Og eg hefi einnig séð, að á þingmálafundi í kjördæmi sjálfs flutningsmanns, hv. þm. Mýr. (J. E.), hafa komið eindregin mótmæli fram móti þessu markamáli hans.

Þetta mál er eitt af þeim málum, sem mér finst rangt af löggjöfinni að skifta sér af. Mér finst það vera að sletta sér

fram í réttindi einstaklinganna, að banna þeim að nota það mark, sem þeir vilja. Það hefir verið réttur hvers einstaklings, frá alda öðli, að mega eiga sitt mark, og sá eignarréttur er friðhelgur eins og hver annar eignarréttur.

Með þessu frv. er mönnum bannað að nota sín gömlu löghelguðu erfðamörk, og ekki nóg með það, menn hafa ekki lengur nema annað eyrað til umráða, hitt eyrað á sýslan og hreppurinn. Mér finst það með öllu óþarft, að að fara að innleiða þessi sýslumörk og sé ekki, hversvegna ekki er nóg að hafa gamla lagið, og hornamerkja eða brennimerkja fé, með sýslu- og hreppsbrennimarki. Í Suður-Múlasýslu er t. d. brennimerkt með SM., og svo hreppatalan 1, 2, 3 o. s. frv. Þetta finst mér vera hið eina rétta, og alveg eins ljóst, eins og að fara að marka fé á eyrum með sýslu- og hreppsmörkum.

Mér finst ekki rétt að taka af mönnum þeirra gömlu mörk. Sauðfjármörkin eiga sína sögu, og mörgum þykir vænt um þau. Mörgum finst markið sitt vera sem helgur dómur, og því finst mér varhugavert, að löggjöfin fari til, svona upp úr þurru, að fyrirskipa aðrar reglur um það, en verið hefir.

Eg býst við, að margt sé fleira að athuga við þetta frv. heldur en það, sem eg hefi tekið fram. Eg sé, að það er gert ráð fyrir því, að málmplata í eyra á kind, helgi eignarréttinn á kindinni, framyfir eyrnamark, hornamark og brennimark. Þetta getur verið dálítið athugavert ákvæði. Það hefði ekki verið ónýtt fyrir Fjalla-Eyvind að eiga dálítið af þessum málmplötum.

Yfirhöfuð finst mér ekki rétt að málið fari í gegnum þingið. Eg er því ekki mótfallinn, að sett verði nefnd í það, og vil gjarna gera hv. flutningsm. það til geðs, að vera meðmæltur henni, svo að þjóðin fái verulega vitneskju um, hvað hér er um að vera.

Guðm. Hannesson: Það er ekki nema eðlilegt, að frv. í þessa átt komi fram hér á þinginu, því að mál þetta hefir verið rætt í mörg ár.

Eg vil þó ekki, að málið sé afgreitt á þessu þingi, og það af góðri og gildri ástæðu.

Þessi ástæða er sú, að eg hygg, að almenningur í landinu sé þessarri breytingu mótfallinn. Eg átti tal um þetta við nokkra menn fyrir norðan, og vóru flestir því mótfallnir.

Að öðru leyti hefir verið bent á það af síra Árnóri Árnasyni í »Frey«, ef eg man rétt, að markbreytingin væri talsverðum erfiðleikum bundin, meðan hún væri að komast á. Nú er allur fénaður markaður á báðum eyrum, svo að ilt er við að eiga, meðan það fé er ekki fallið úr sögunni.

Það getur verið gott að setja nefnd í málið, svo að almenningur fái að vita, að málinu er nú hreyft í alvöru. En að svo stöddu tel eg rangt að frv. gangi í gegn, enda vakti það ekki fyrir háttv. flutningsm., eftir því sem mér skildust orð hans.

Einar Jónsson: Með allri virðingu fyrir mínum hv. sessunaut, flutningsm. þessa frv. (Jóh. Eyj.), verð eg að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þetta frv. hans á ekki einusinni svo mikið skilið að komast í nefnd. Eg er yfirleitt mótfallinn frv. frá upphafi til enda, og álít það til einskis annars vera, en að tefja þingið.

Eg tek undir það með hv. þm. A.-Skaft. (Þorl. J.), að mönnum mun vera þetta talsvert tilfinningamál. Mönnum eru mörk sín svo kær, að þeir munu ekki vilja missa þau, sízt fyrir þvílíkt

krull, sem koma á í staðinn, samkv. þessu frv. Mér finst þetta mál alls ekki eiga að koma til þingsins kasta. Ef sýsluféfögin óska breytinga í þessu efni, þá geta sýslunefndirnar tekið það fyrir, án þess að til þingsins þurfi að koma. Þar til má nefna það atriði, hve markafjöldinn er mikill, sumstaðar 10—20 mörk á heimili, þar sem eitt mark gæti nægt. Þetta má lagfæra án laga.

Eg get ímyndað mér það, að ýmsir gamlir bændur reki upp stór augu, ef þeim verður skipað að leggja niður mark sitt 1916.

Hvorki mér né hv. flutningsmanni er kunnugt um óskir þjóðarinnar í þessu efni. Meðan svo er, getur þingið látið sér nægja að sjá þenna snepil, frv. En nefnd, og frekari umræður, álít eg alveg óþarfar.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Hér sannast hið fornkveðna:

Vont er að róa einni ár,
út á sjóinn kalda.

Þeir eru ekki margir, sem liðsyrði ljá þessu frv. Allir, sem tekið hafa til máls, hafa andmælt því, og þó enginn komið með aðra ástæðu en þá, sem eg hafði bent á sjálfur, nfl. að málið væri tilfinningamál.

Hv. þm. A.-Skaft. (Þorl. J.) spurði, fyrir hverja eg flytti þetta frv., — eg mundi ekki flytja það samkv. óskum kjósenda minna.

Þessu svara eg svo, að þetta frv. flyt eg fyrir hönd landsins og framtíðarinnar. Það munum við báðir komast á snoðir um, hv. þm. A.-Skaft. (Þ. J.) og eg, að honum mun verða gefið hornauga, en mér gott auga í framtíðinni, fyrir afskifti okkar í þessu máli.

Það, sem sami hv. þm. sagði um brennimörk eystra, sannar einmitt ágæti þessarar stefnu, sem í frv. felst. Því að brennimörkin sýna í hvaða sýslu og hrepp að kindin á að fara, en þau koma ekki nema að hálfum notum, því að ómögulegt er að brennimerkja kollótt fé, og ekki lömbin, en á þeim eru vanalega mest óskilin, og svo verða brennimörkin því miður oft óskýr.

Mér þótti gaman að hlusta á sessunaut minn, hv. 1. þm. Rang. (E. J.). Honum fór líkt og átti sér stað oft á fyrri öldum: Hann vildi láta kveða upp dauðadóm, áður en málið væri prófað. Annars heyrði eg hann ekki segja neitt það, sem vert er að kalla ástæður, og því engin þörf á að hafa mikið fyrir að svara honum.

Eg get ekki séð, að hver sýsla geti ráðið ein um mörk sín; það gæti komið í bága við mörk næstu sýslna. Eg hygg, að það sé lítt framkvæmanlegt að taka upp sýslumörk, nema að það sé gjört á öllu landinu í einu.

Að öðru leyti hafa engar ástæður komið fram gegn þessu frv., enda var ekki við þeim að búast, því að þær eru ekki til.

Guðmundur Hannesson: Eg kann því illa, að háttv. flutningsmaður fullyrðir hvað eftir annað, að engar ástæður hafi fram komið gegn frumv. Þetta er ekki rétt. Eg benti á tvö atriði. Í fyrsta lagi eru menn alment á móti breytingum í þessu efni, hvort sem mönnum er það tilfinningamál eða ekki. Í öðru lagi benti eg á það, að erfitt mundi að koma þessari breytingu á, meðan það fé er uppi, sem nú er til í landinu. Auk þessara ástæðna heyrði eg aðra þingmenn koma fram með aðrar ástæður, svo að háttv. flutningsmaður getur ekki með sönnu sagt, að engar ástæður sé fluttar fram af andstæðingum frumv.

Einar Jónsson: Eg ætlaðist

til, að háttv. þm. Mýr. (J. E.) hefði gott af því, að fá leiðrétta ósamkvæmni sína. Hann hefir gott af því sem óvanur maður að átta sig. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) benti honum á, að fleiri ástæður sé móti þessu frumvarpi hans, en sú, að hér er um tilfinningamál að ræða. Það er nú svo gott að vita, að þessa ástæðu, sem hann segir vera þá einu móti frumvarpinu, fekk hann hjá mér í gærkveldi.

Eg vona nú, að hann taki einnig til greina hinar ástæðurnar, og komist svo langt á leið, að hann falli frá frumvarpinu, svo sannsýnn maður, sem hann er.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Eg hefi litlu við að bæta. Þær ástæður, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagðist hafa komið fram með, hafði eg aldrei heyrt. En það er sama. Eg kalla þessar ástæður hans ekki ástæður móti málinu, heldur móti framkvæmd málsins, og er það sitt hvað.

Háttvirtur þingmaður hyggur, að það muni verða erfitt, að koma á markabreytingunni í byrjun. En það sýnir, að hann hefir ekki lesið frumvarpið nægilega vel, því að þar er greinilega sýnt fram á, hvernig það eigi að gerast. — Málið mun sigra á sínum tíma, þótt framkvæmd þess sé örðug nú í bili. —

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 : 1 atkv.

Samþykt með 12 shlj. atkv. að setja 5 manna nefnd í málið.

Kosning hlutu í nefndina:

Hjörtur Snorrason
Jóhann Eyjólfsson
Jón Jónsson
Þorleifur Jónsson
Eggert Pálsson.

Frumvarpið kom aldrei síðan til umræðu, en nefndarálit er á þskj. 470.

---

3. Löggiltir endurskoðendur.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um löggilta endurskoðendur (þskj. 41).

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Það stendur alveg eins á með þetta mál, eins og það, sem var til umræðu næst á undan. Eg bar það fram hér á þinginu í fyrra og gekk það þá fram hér í þessari deild, en dagaði uppi í efri deild.

Eg hefi nú tekið það upp aftur með þeim breytingum, sem nefndin, sem fjallaði um málið í fyrra, gerði á frumvarpinu.

Af því að skoðanir manna á því, hve þarft þetta mál sé, eru tvískiftar, vil eg leggja til, að skipuð sé nefnd í það.

Eg vil biðja hina háttvirtu deild að kjósa 5 manna nefnd í málið, og lofa því svo að fara til 2. umræðu, eg vona að þá verði tækifæri til að tala nánar um það, og læt því úttalað um það í þetta skifti.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar og næsta mál á undan. Þessi mál fylgdust að í fyrra í nefnd og eru skild.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Vísað til nefndarinnar í málinu um dómtúlka og skjalþýðendur í e. hlj.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (þskj. 41, n. 101).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Það er sama nefndin, sem hefir haft þetta mál til meðferðar og hið næsta á undan, og hún er á því, að það eigi einnig fram að ganga. Hún leit svo á, eins og eg hefi gert frá upphafi, að það sé nokkur trygging fyrir almenning, að unt sé að snúa sér til þessarra endurskoðenda, þegar endurskoða þarf reikninga stofnana, hlutafélaga o. fl., sem nauðsynlegt þykir að vita vissu sína um. —

Því hefir verið hreyft hér, mest í viðtali utan funda, að annmarkar geti orðið á því, að finna hæfa menn til þessa. Það getur verið fyrst í stað, en eg hygg, að hér muni fara sem oftar, að tækifærið muni skapa mennina, þegar lögin eru komin á, og þeir sækjast eftir þessu starfi. Að minsta kosti kemst það inn í meðvitund manna, að þessir menn eigi að vera til, og þá verða einhverjir til þess.

Eg var svo heppinn, að nefndin var öll á einu máli, og þarf því eigi að þreyta menn með langri ræðu. Það eru sérstaklega 2 breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar sé á frumv., báðar sams konar og áður eru gerðar í næsta máli á undan, sem sé, að endurskoðendur verði látnir vinna drengskaparheit, og svo refsiákvæði. Þetta er svo einfalt mál, að eg held, að eg þurfi ekki að skýra það frekara, en vona, að það gangi fram mótmælalaust.

ATKV.GR.:

1. brtill. 101, sþ. með 14 shlj. atkv.

2. a.-b. brtill. 101, samþykt án atkvæðagreiðslu.

2. gr. þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

3. brtill. 101 samþ. án atkv.gr.

4. gr. þannig breytt samþykt með 13 shlj. atkv.

4. brtill. 101, sþ. án atkv.gr.

5. gr. þannig breytt, samþykt með 13 shlj. atkv.

5. brtill. 101, samþ. með 17 samhlj. atkv.

6. gr. frv. (sem verður 8. gr.), samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 16. fundi Nd., mánudaginn 20. júlí, var frv, tekið til 3. u m r. (þskj. 133).

Frumv. samþykt með 14 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

---

4. Dalavegur.

Á 7. fundi Nd, fimtudaginn 9. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 (þskj. 49).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 1. umræðu, en tekið út af dagskrá.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Þetta litla frumv. er nokkuð svipað að efni til og það frumv., er nú var síðast rætt, þótt ekki sé það alveg samskonar. — Eg vil leyfa mér að segja örfá orð til þess að láta háttv. deild vita, hvað það er, sem hér er um að ræða.

Það er áhugamál Dalamanna, að fá

gerða flutningabraut frá Búðardal til Borðeyrar og er ástæðan til þess sú, að þeir hyggja, að þegar Eimskipafélag Íslands hefir tekið að sér strandferðirnar, eins og væntanlega verður, þá muni það ekki verða talið borga sig, að strandferðabátarnir sigli inn á hverja vík og inn í botn á Breiðafirði, heldur muni það verða látið nægja, að þeir hafi einn eða tvo viðkomustaði við flóann og verði þá þeir Dalamenn neyddir til þess, að útvega sér bát, sem sé nógu stór til þess, að þeir geti flutt á honum vörur sínar héðan úr Reykjavík.

En um leið mundi það reynast mikill hagnaður fyrir ferðamenn að nota þá leið, sem náttúran hefir búið til og fara sjóleið til Hvammsfjarðarbotns, og fara svo þaðan landveg til Borðeyrar. Þetta mundi spara hverjum ferðamanni 3—5 daga og sumir halda því fram, að tíminn sé peningar. Fyrir utan það, að þetta sparar tíma, þá sparar það líka peninga fyrir fæði og fargjald.

Þeir sem um þetta hafa hugsað, hugsa sér þennan veg í sambandi við bát á Húnaflóa og Breiðafirði og yrði þá haft svipað fyrirkomulag og víða er í Noregi, að menn fara með bátum yfir firðina en nota svo umrenningaflutninga yfir hálsana. En til þess að þetta kæmi að haldi, þyrfti að vera fastar umrenningaferðir milli Búðardals og Borðeyrar.

Eg skal taka það fram að þetta mál er Dalamönnum mjög mikið áhugamál.

Eg vildi aðeins taka þetta fram nú, en vona að deildin leyfi þessu máli að fara til sömu nefndar, sem málið hér næst á undan.

Annað atriði, sem er í þessu frumv. mínu, er um það, að breyta stefnu þjóðvegarins um Dalina. Þessi þjóðvegur liggur nú um Hjarðarholt í Laxárdal, en þingmálafundirnir í Dalasýslu vildu endilega, að þeirri stefnu yrði breytt þannig, að vegurinn lægi um Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, milli Saura og Sauðhúsa, um Búðardal og þaðan inn svonefnt Land fyrir neðan túnið í Ljárskógum að Fáskrúð. Það er ekki nema á þessum litla kafla, sem menn hugsa sér að fá stefnu vegarins breytt. Landssjóður tæki með þessu móti að sér að setja brú á Laxá, en með þessu móti næði vegurinn til kauptúns; og auðvitað mundi sýslusjóður kosta viðhald hans.

Nú er þegar lagður vegarspottinn frá Hjarðarholti til Ljárskóga, hann yrði, ef þessi breyting nær fram að ganga, ónýtur. Það er auðvitað óhagur fyrir landssjóð að eyðileggja nýjan og vel gerðan veg, en kunnugir menn, sem eru á móti þessu máli, segja að ekki muni nema meira en hérumbil 420 föðmum sem lengra verði að gera veginn frá Búðardal á vegarspottann, sem þegar er gerður. En um þetta atriði get eg enga áreiðanlega skýrslu gefið. Ef landsverkfræðingurinn Jón Þorláksson hefir ekki nú sent skýrslu sína um þetta mál til stjórnarráðsins, þá skal eg tala við hann og biðja hann um að flýta henni sem mest. Þetta mál þarf að ganga sem fyrst fram, því að nú er beðið með brúna á »Ljá« þangað til fæst vitneskja um, hvort þingið vill breyta þessu eða ekki.

Eg skal nú ekki orðlengja þetta meira, en vona að deildin leyfi þessu máli að fara til veganefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. vísað til veganefndarinnar í einu hlj.

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (Þskj. 49, n. 217 og 246, 223).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Nú sé eg, að eg hefi ráð þessarra vitru manna í hendi mér. Þeir neyttu síns afls með því að skera niður umræðurnar rétt áðan og meinuðu þingmönnum, sem höfðu beðið sér hljóðs, að taka til máls, meðal annars háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem líklega hefir ætlað að svara hnútum frá mér. *(Pétur Jónsson:* Nei, eg ætlaði ekki að svara þingmanninum). Jæja, þá hefir hann ætlað að segja eitthvað annað. En nú hefi eg þeirra ráð í hendi minni, því að nú gæti eg staðið hér og talað til kvölds. Til þess hefi eg nógu lipurt tungutak og væri rétt að sýna fram á, hvaða meðul er hægt að nota við þetta þing, sem misbeitir svo valdi sínu, en í þetta skifti ætla eg ekki að nota þetta meðal. *(Einar Arnórsson:* Meiri hluti þingsins gerir alt rétt). Eg hefi sagt, að meiri hluti þingsins hafi jafnan á réttu að standa, en það hefi eg aldrei sagt um meiri hluta neðri deildar. Eg vil engar rökvillur hafa hér eða útúrsnúninga á orðum mínum.

Af einskærri miskunn minni skal eg nú leyfa mönnum að ganga til atkvæða án þess að segja meira.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Benedikt Sveinsson	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Guðm. Eggerz
Einar Arnórsson	Hannes Hafstein
Einar Jónsson	Hjörtur Snorrason
Sigurður Gunnarson	Jón Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen.	Magnús Kristjánsson
	Matthías Ólafsson
	Pétur Jónsson
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Jóhann Eyjólfsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Björn Hallsson og Sigurður Eggerz vóru fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (Þskj. 310, 313).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Þessarri breytingartillögu, sem menn finna ekki, stendur svo á, að hún var feld hér áður um daginn, með frumvörpunum, sem féllu þá. Nefndin hefir komið fram með bréf landsverkfræðingsins Jóns Þorlákssonar um þetta mál, og leyfi eg mér að vísa til þess. Úr því að eg stóð upp skal eg leyfa mér að lýsa yfir því, að nefndin telur það loforð þingsins, að póstafgreiðslan í Hjarðarholti haldist.

Einar Jónsson: Það stendur svo einkennilega á, að eg, sem átti sæti í nefndinni, og var þá þessu máli hlynntur, er nú kominn á þá skoðun, að eg get ekki greitt því atkvæði mitt, af ástæðum þeim sem eg skal nú skýra frá.

Þegar nefndin sat á rökstólunum, þá var mér sagt, að þessi vegur mundi kosta lítið fé — væri aðeins smábreyting á vegastefnu, en í Dalasýslu er eg ókunnugur — hefi aldrei stigið þangað fæti, og treysti því sögusögn kunnugra manna. Eg gekk þá að því, að vera þessu frumvarpi samþykkur. En nú, fyrir nokkrum dögum, kom háttv. flutn-

ingsmaður þessa frumvarps hér að borðinu til mín og skaut því að mér, að vegur þessi mundi kosta 70,000 kr. Þetta álít eg góða og gilda ástæðu til þess, að vera á móti frumvarpinu. Eg álít það algerlega rangt, að skýra ókunnugum mönnum svona rangt frá, og get því breytt skoðun minni með góðri samvizku, ekki síst fyrir það, að velferðarnefndin, sem eg heyri kallaða svo, hefir helzt fundið það ráð, að stryka út fjárveitingarnar í 13. gr. síðustu fjárlaga. Auk þess vóru hér í deildinni um daginn feld öll vegalögin, sem þá vóru á ferðinni, en sanngjarnast, að þau fái öll sömu endalok. Að öllu þessu athuguðu, þá er eg einráðinn í því, að greiða atkvæði móti þessu máli.

Frams.m. (B. J.): Eg lýsi það ósatt, að eg hafi nokkrar upplýsingar gefið um það, hver kostnaðurinn yrði við breyting þessa vegar. En þótt eg kunni að gamni mínu að hafa látið einhver orð falla í eyru háttv. 1. þm. Rang. (E. J.), til þess að draga hann á eyrunum, þá er ekki farandi eftir því og óþinglegt að draga slíkt inn í umræður.

Einar Jónsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) ætti að vera jafnvandur á öll sín orð inni í þingsalnum, hvort sem þau falla í beinum umræðum eða ekki. En ef hann heldur sig vera kominn á þing til þess að segja ósatt og draga menn á eyrunum, þá er það misskilningur hjá honum á verkahring þingmanna; þá væri honum nær að sitja heima.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þskj. 313 talin samþykt án atkv.gr.

2. brtill. á þskj. 313 samþykt með 23 atkv.

3. brtill. á þskj. 313 samþ. með 23 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Magnús Kristjánss.	
Sigurður Eggerz	
Sig. Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Þór. Benediktsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Guðm. Hannesson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Jón Jónsson, Matthías Ólafsson, Stefán Stefánsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og vóru því taldir til meiri hlutans.

Frumv. visað til 3. umr. að viðhöfðu nafnakalli með 19:4 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson
Einar Arnórsson	Jón Magnússon
Guðm. Eggerz	Matthías Ólafsson.
Hannes Hafstein	
Magnús Kristjánss.	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Sigurður Eggerz og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði og því taldir til meiri hlutans.

Frumv. síðan afgreitt til efri deildar.

5. Skipun prestakalla I.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla, nr. 45, 16. nóv. 1907 (þskj. 72).

Á 10. fundi Nd., mánudaginn 13. júlí, var frumv. tekið til 1. umr., en þá tekið út af dagskrá.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var frumv. aftur tekið til 1. umr.:

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Að því, er frumv. þetta snertir, skal eg geta þess, að það er flutt samkvæmt áskorun, er kom fram á þingmálafundinum í kjördæmi mínu. — Söknin, sem hér um ræðir, hefir að undanförnu um langan aldur verið partur af Eyrarprestakalli í Skutulsfirði, eða af Ísafjarðarprestakalli, sem það nú og er nefnt orðið. — En erfitt er það prestinum á Ísafirði, að þjóna og Hólssókn í Bolungarvík, enda hafa menn, sem heima eiga í Hólssókn, þegar fundið svo ríkt til örðugleikanna, að þeir hafa um nokkur síðustu árin haft sérstakan prest, — hafa sjálfir verið sér í útvegum um hann, enda þótt presturinn á Ísafirði sé enn rétti sóknarpresturinn þeirra, og því er það nú ósk þeirra, að Hólssókn verði gerð að sérstöku prestakalli.

Geta má þess og, að eg hefi átt tal um mál þetta við biskupinn, og hefir hann tjáð sig því mjög meðmæltan.

Auðvitað er þó, að þótt þessu fengist framgengt á þinginu, sem nú stendur yfir, þá kæmist breyting þessi þó ekki á, fyrr en presturinn á Ísafirði deyr, eða lætur af prestskap, svo að ekki eykur frumvarpið því útgjöld landssjóðs um einn eyri í bráð.

Eg vona, að mál þetta fái góðar undirtektir, og leyfi mér að stinga upp á, að því verði nú þegar vísað til 5 manna nefndar, að umræðu þessari lokinni, og fái að ganga til 2. umr., og gefst þá síðar færi á, að gera nánar grein fyrir öllu, er að því lýtur, og tryggja ætti framgang þess.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd í einu hljóði og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen
Sigurður Sigurðsson
Sigurður Gunnarsson
Jóhann Eyjólfsson
Eggert Pálsson.

Frumv. kom aldrei frá nefndinni.

---

6. Skipun prestakalla II.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þskj. 99).

Á 15. fundi Nd., laugardaginn 18. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Sigurður Gunnarsson: Þetta frumv. er gamall gestur, og skal eg ekki þreyta háttv. þm. með neinum umræðum um það. Eg vænti þess, að því verði vísað til prestakallanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan með 16 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Frumvarpið kom aldrei frá nefndinni. —

7. Eignarnámsheimild Hólshrepps.

Á 12. fundi Nd., miðvikudaginn 15. júlí, var útbýtt:

frumvarpi til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefndina í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, að því er snertir jörðina Ytribúðir í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem og fleiri jarðir þar. (Þskj. 91).

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eins og háttv. þingdeild mun kunnugt, er lögð fram á lestrarsalinn málaleitun frá íbúum í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem fer í sömu átt, sem frv. þetta.

Ástæðan er sú, að í Bolungarvíkurverzlunarstað, sem er ein af helztu verstöðvum landsins, hvort er litið er á útveginn þar, eða á fiskisældina eða á fólksfjölda er þar býr og þangað sækir, hagar svo til, að lóðin er öll eign einstakra manna, þ. e. Ásgeirs verzlunar á Ísafirði, sem á alt löggilta verzlunarsvæðið þar m. m. og tekur hálfa vertolla af »Mölunum«, sem svo eru nefndar, móts við Vatnsfjarðarklerkinn, er hinn helmingurinn rennur til.

Samkvæmt skýrslum, er mér hafa borist frá hreppsnefndinni í Bolungarvík, eru nú — ár frá ári — farin að verða æ meiri og meiri brögð að því, að mjög miklir örðugleikar eru á því, að fá sér útmældar lóðir, sérstaklega við sjóinn, þar sem verbúðirnar hafa staðið frá gamalli tíð.

Það hefir — að því er hreppsnefndinni segist frá — mætt all-mikilli mótspyrnu frá eigandans hálfu, að láta menn fá lóðir, þar sem hægast er, en í þess stað hefir mönnum verið vísað á lóðir, sem liggja ofar, þ. e. fjær sjónum, og þar sem örðugra er um aðdrætti, og atvinnurekstur allur að mun óhagkvæmari, og þá eigi hvað sízt þeim, sem sjávarútveg stunda.

Nú er og á það að líta, að farið er nýskeð að byggja þar »brimbrjót«, sem landssjóður hefir sem kunnugt er kostað töluverðu fé til, og sem lendingarsjóður Bolungarvíkur er allur látinn ganga til, því að svo mjög er héraðsbúum það áhugamál, að þeir hafa jafn vel eigi horft í, að leggja á sig all tilfinnanleg útgjöld, þ. e. 2 kr. í hlut, til þess að koma fyrirtækinu sem fyrst eitthvað áleiðis, þar sem engum fær blandast hugur um það, til hve ómetanlegs gagns það má verða fyrir alla, sem hlut eiga að máli.

En til »brimbrjóts« þessa hefir eigandi landsins enn ekkert fé viljað fram leggja, en á hinn bóginn gert sér alt far um að svæla undir sig lóðirnar er þar liggja næst, og leiðir af því, að almenningur hefir þá »brimbrjótsins« að mun minni notin en ella.

Það er og síður en ekki þægilegt, eða fýsilegt, fyrir almenning, að ráðast í arðsöm fyrirtæki, þegar það er áskilið af landeiganda, að ekki megi stunda aðra atvinnu á lóðinni en sjósókn, — megi t. d. hvorki reka þar iðnað né verzlun, og varði jafnvel missi lóðarréttarins, ef út af er brugðið.

Þá er það og aðgætandi, að þörfin á reglulegum götum um kauptúnið er þegar orðin mjög tilfinnanleg, en í því efni verður ekkert gert, meðan alt landið er í höndum einstaks manns.

Sama er og að segja um girðingar, er setja þyrfti, o. fl. o. fl. Allar framkvæmdir heptast, eða verða örðugri, og nær ókleifar, meðan svo stendur, sem

nú er, auk þess er mönnum eru og fyrirmunuð svæði, sem þeir þurfa nauðsynlega til fiskverkunar og fleira.

Annars má segja, að á því velti ekki einungis framtíð Bolungarvíkur, að á þessu fáist breyting, heldur og framtíð alls héraðsins umhverfis Ísafjarðardjúpið.

Jafnvel alt landið nýtur og góðs af því, sem er Bolungarvík í hag, því að auk þess er þangað sækja menn úr mörgum öðrum héruðum landsins, bæði úr Barðastrandar -,Dala-, Húnavatns-, og jafnvel úr Skagafjarðarsýslu, auk manna úr Ísafjarðarkaupstað og Vestur-Ísafjarðarsýslu, þá nema toll- og útflutningsgjöldin þaðan sízt litlu, og verða æ því meiri og meiri, er hagur héraðsins blómgast meira.

Að lokum skal eg geta þess, að eg veit það vel, að það er einatt leiðinlegt að þurfa að taka eignir manna eignarnámi, enda ekki leyfilegt, samkvæmt stjórnarskránni, nema fult gjald komi fyrir. Hér veltur alt á því, að matið sé svo sanngjarnt, sem frekast er unt, — litið á alt sem í eigninni felst, og sá, er eignarnáminu er beittur, *sízt* látinn bíða fjárhagslegan hnekki, og þetta er það þá, sem dómkvöddu matsmennirnir verða þá og að sjálfsögðu, að hafa sem ríkast í huga.

Að svo mæltu vona eg, að deildin taki málinu vel, og lofi því helzt að ganga nefndarlaust gegnum deildina.

Matthías Ólafsson: Mér er það fyllilega kunnugt, að nokkrar ástæður eru til þess, að þetta mál er komið hér inn á þingið. Eg veit til þess, að í Bolungarvík er oft erfitt að fá stað til þess að verka fisk á, vegna þess, að ein verzlun á Ísafirði á allan kaupstaðinn.

Eg gæti því greitt þessu frumvarpi atkvæði mitt, ef mér fyndist það ekki vera óaðgengilegt, einsog það liggur hér fyrir. En bæði er, að eg tel það ganga of langt, þar sem ætlast er til að svo margar jarðir sé teknar eignarnámi, og í öðru lagi tel eg vafa á, að hægt sé að taka eignarnámi, nema skýrt sé tekið fram í lögunum um það, til hvers þetta sé gert, en í frumv. er ekki minst á þetta einu orði. Eg sé því ekki, að mögulegt sé að komast hjá því að setja nefnd í málið.

Háttv. flutningsmaður (Sk. Th.) tók það fram, að það mundi verða mjög vinsælt í Bolungarvík ef þetta fengist gert, en hann tók ekki fram, að það mundi verða mjög óvinsælt annarsstaðar við djúpið.

Mér finst, að ekki liggi á þessarri eignarnámsheimild fyrr en Bolungarvík er orðin sérstakur kaupstaður, sem varla getur dregist lengi úr þessu.

Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að málinu sé vísað til 5 manna nefndar.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að málinu sé vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Mótbárurnar frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fundust mér koma úr allra hörðustu áttinni, og átti eg þeirra því allra sízt von þaðan, þar sem hann er ráðunautur Fiskifélagsins. Eg bjóst við, að sem slíkur mundi hann telja sér það skylt að styðja að öllu, sem miðar að því, að efla sjávarútveginn; en mér virtist öll ræða hans fara alveg í öfugu áttina.

Hann gat þess, að frv. mundi, hvað sem Bolvíkingum liði, vekja mótspyrnu eða valda óvinsældum, annarsstaðar við Djúpið, en gleymdi að færa nokkur rök að því, enda hagur Bolvíkinga vitanlega í fylsta skilningi hagur manna

annarsstaðar við Djúpið, þar sem þeir reka þaðan atvinnu æ öðrum þræði.

Tillaga háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), er fer í þá átt, að vísa málinu til þjóðjarðasölunefndarinnar, finst mér, að ekki geti komið til nokkurra mála. Þetta mál er verkefni hennar alveg óskylt.

Það getur verið, að svo megi til haga, að ekki verði nauðsynlegt að láta eignarnámsheimildina ná til allra jarðanna. En eg býst við, að eigendunum sé gerður lítill greiði með því, að skilja nokkuð eftir, sé alt tekið, sem næst er sjónum. —

Eg lít svo á, sem ekki sé veruleg ástæða til að setja nefnd í málið, en set mig þó ekki móti því, ef það er vilji deildarinnar.

Matthías Ólafsson: Það virðist vera talsvert erfitt verk, að gera háttv. sessunaut mínum (Sk. Th.) til hæfis.

Eg set mig ekki á móti því, að það af þessum jörðum, sem nauðsynlegt er að taka vegna fiskþurkunar, verði tekið, en eg sé enga ástæðu til að leyfa heilum hrepp að taka sig allan eignarnámi.

Eg held, að háttv. flutningsmaður hljóti að sjá það, ef hann hugsar vel um það, að það er alveg nauðsynlegt að taka það fram í frv. sjálfu, í hvaða tilgangi eignarnámsheimildin sé veitt.

Eg sé ekki, að það sé á nokkurn hátt nauðsynlegt fyrir sjávarútveginn, að allar þessar jarðir sé teknar eignarnámi. Hitt getur verið, að það sé nauðsynlegt að taka malirnar, en jarðirnar þurfa ekki að ónýtast fyrir því, og víst munu þær ekki verða einskisvirði þegar miljónir manna lifa í Bolungarvík, eins og háttv. flutningsmaður gaf í skyn, að gæti átt sér stað í framtíðinni.

Það sem eg hefi á móti þessu frumv. er ekki það, að eg vilji gera sjómannastéttinni óhagræði, heldur vil eg ekki, að tekið sé öðrum í óhag til að hlaða undir þá, og svo finst mér það líta nokkuð stórkostlega út, að taka svo margar jarðir eignarnámi í einu.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Eg verð að játa, að eg skil ekki vel ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), þar sem öll ræða mín fór einmitt í þá áttina, að sýna, að hér væri um fylstu almenningsheill að ræða.

En það er alls ekki nauðsynlegt, að það sé tekið fram í eignarnámsheimildarlögum, í hverju almenningsheillin, sem lögin byggjast á, sé fólgin. Það var að vísu eigi óvanalegt. í tíð einvaldskonunganna, að tilskipanirnar byrjuðu með »forsendum«, þar sem gerð var grein fyrir rökunum, er því væri valdandi, að tilskipunin væri gefin, en síðan löggjafarvaldið komst í hendur löggjafarþinganna, hefir þetta aldrei átt sér stað.

Háttv. þingmaður Vestur-Ísf. gerir og miklu meira úr en er, þegar hann talar um það, að hér ætli heill hreppur að taka sjálfan sig allan eignarnámi. Slíkt er að eins sagt út í bláinn, þar sem hér er ekki um annað að ræða, en eina stóra jörð (þ. e. Meirihlíð), og þrjú smákot (þ. e. Grundarhól, Ytribúðir og Árbæ). —

Að lokum skal eg taka það fram, að eg er — eftir atvikum — ekki á móti nefnd, þótt eg að vísu álíti hana óþarfa, en eg treysti því þá, að hún geri alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða fyrir málinu, svo að það nái fram að ganga á þinginu.

Ráðherra (H. H.): Eg skal játa það, að eg er ekki fyllilega kunnugur öllum kringumstæðum í þessu máli, en eftir því, sem eg veit frekast, hefir aldrei neitt verið því til fyrirstöðu, að

menn fengi að byggja verbúðir í Bolungarvík og komast þar að til veiðiskapar.

Eg álít mjög vafasamt, að það sé nokkur knýjandi almenn nauðsyn til að taka þessar jarðir eignarnámi. Hitt get eg skilið, að það sé mikil gróðavon fyrir sveitarsjóð Hólshrepps og aðra, er standa bak við þessa málaleitan, að leggja þessar jarðir undir sig. En naumast mundu vertollarnir lækka við slík skifti.

Eg verð að vefengja, að stjórnarskráin heimili slíkt eignarnám, sem hér er farið fram á. Setjum svo, að bæjarstjórn Reykjavíkur færi fram á að fá Skildinganes alt tekið eignarnámi bæjarsjóði til handa, af því að þar er nú verið að byggja hafnarbryggju, sem getur orðið til óhagræðis fyrir bæinn með samkepni við höfnina, til beins gróða fyrir bæinn. Eg býst við, að hv. deild þætti sú málaleitun í meira lagi frekjuleg, og skal eg ekki lá henni það.

Eg álít alveg nauðsynlegt, að málið sé sett í nefnd, ef það er ekki felt strax, og þá þarf í þeirri nefnd að vera maður eða menn, með sérstakri lögfræðisþekkingu, auk háttv. flutningsmanns.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Ef eg hefði eigi verið kunnugur ástæðunnm, þ. e. hefði eg eigi þekt þá, er mál þetta varðar mestu, auk Bolvíkinga, þá hefði mig furðað á ræðu hæstv. ráðherra; en af því að eg þekti til, meðan hæstv. ráðherra var heimilisfastur fyrir vestan, þá furðaði mig ekki eins mikið á ræðu hans, sem ella mundi. Hér eigast nefnilega við: voldug og rík verzlun annars vegar, þ. e. Ásgeirsverzlunin á Ísafirði, en hins vegar fátæklingarnir í Bolungarvík, og eg vissi vel, hverja hæstv. ráðherra studdi, þ. e. hvar hugur hans var, meðan er hann var fyrir vestan.

Eg held annars, að öllum hefði verið það ljóst, af fyrri ræðum mínum, að hér er um almenningsheill að ræða, þar sem það, að eigi að eins Bolungarvíkurmalir, þar sem verbúðirnar eru, heldur og alt löggilta verzlunarsvæðið, er einstakra manna eign, bakar almenningi jafnmikið óhagræði á ýmsar lundir eins og eg hefi sýnt fram á.

Að líkja frumv. við það, ef Rvík vildi fá eignarnámsheimild fyrir Skildinganesi, er ekki rétt, þar sem þar ræddi þá alls ekki um alheill, en um ágengni — ágengni eða yfirgang, sem Reykjavík annars hefir sýnt eigendum Skildinganessins í margföldum mæli, og alls ekkert endurgjald látið þar þó á móti koma, sem boðið er á hinn bóginn af Bolvíkingum í fullum mæli, eins og ákvæði stjórnarskrárinnar gera og alveg er sjálfsagt.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkvæði að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Hannes Hafstein
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
MagnúsKristjánsson	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sig. Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	

Já: *Nei:*
Þórarinn Benediktss.
Þorleifur Jónsson.

Eggert Pálsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Sigurður Eggerz var fjarverandi.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með 19 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen
Matthías Ólafsson
Bjarni Jónsson
Þórarinn Benediktsson
Eggert Pálsson.

Frumv. kom aldrei frá nefndinni.

---

8. Kirkjugarðurinn í Reykjavík.

Á 14. fundi Nd., föstud. 17. júlí, var útbýtt:

frv. til laga um afhendingu á landi til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík (þskj. 120).

Á 16. fundi Nd., mánud. 20. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Jón Magnússon): Þetta frv. er svo til komið, að á safnaðarfundi, sem haldinn var hér í Rvík 23. f. m., var samþykt svo hljóðandi tillaga:

»Þareð núverandi kirkjugarður dómkirkjusafnaðarins er að verða of lítill, skorar safnaðarfundurinn á landsstjórnina að sjá söfnuðinum sem allra fyrst fyrir nýjum grafreit, eða stækkun núverandi kirkjugarðs«.

Þessi málaleitun barst svo seint til stjórnarinnar, að hún gat ekki komið fram með frv. Þingmenn kjördæmisins hafa því tekið að sér að flytja frv. Á fjárlögunum 1903 vóru veittar 6800 kr. til þess að stækka kirkjugarðinn. En nú er svo komið, að sá hluti, sem þá var bætt við, er að mestu leyti útgrafinn. Að svo ber bráðan að nú, stafar af því, að manndauði hér í bæ hefir verið svo mikill á seinustu árum, að slíks eru ekki dæmi, jafnvel ekki þegar landfarsóttir hafa gengið. Umsjónarm. kirkjugarðsins býst við, að garðurinn verði útgrafinn i september eða októbermánuði í haust.

Samkv. lögum 8. nóv. 1901, 1. gr. hvílir sú skylda á landssjóði, að sjá Reykjavíkursöfnuði fyrir grafreitum, — enda er það viðurkent af þinginu með fjárveitingunni 1903.

Að hér er farið fram á eignarnám, stafar af því, að sú eina stækkun, sem hugsanleg er á kirkjugarðinum, er að fá viðbót af Nýjatúni, vestur eftir. Það hefir verið leitað samninga við eigendur Nýjatúns, en ekki hefir getað orðið af samkomulagi. Það stafar ekki af því, að ósanngjarnt verð hafi verið heimtað, heldur af hinu, að eigendurnir eru margir, og þeir hafa ekki getað komið sér saman sín á milli, enda einn þeirra ekki hér á landi sem stendur. Eina ráðið, sem er fyrir hendi, er því að fá heimild hjá þinginu til eignarnáms.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Hér er um beina skyldu að ræða, sem verður að uppfylla nú. En vegna þess að veitingu þarf í fjáraukalögum, þá leyfi eg mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið.

Einar Arnórsson: Eg er samdóma hv. flutningsm. (J. M.) um það, að skylda hvíli á landssjóði til þess, að sjá þjóðkirkjusöfnuði Reykjavíkur fyrir

kirkjugarðsstæði. Það eru aðeins nokkur orð, sem eg ætla að segja væntanlegri nefnd til athugunar.

Sem kunnugt er, þá eru hér fleiri söfnuðir en þjóðkirkjusöfnuðurinn, sem sjálfsagt munu nota kirkjugarðinn. Þar sem nú landssjóði ber aðeins skylda til að sjá þjóðkirkjusöfnuðinum fyrir kirkjugarðsstæði, þá virðist mér það ósanngjarnt, að landssjóður einn eigi að bera allan þann kostnað, sem af stækkun kirkjugarðsins leiðir. Í lögum um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4, 9. febr. 1886, 15. grein, segir:

»Rétt er utanþjóðkirkjumönnum þeim er prest hafa, eða forstöðumanni þeim, sem konunglega staðfestingu hefir fengið eftir 13. gr., að nota grafreiti þá, er þjóðkirkjan hefir gjöra látið, ef þeir gjalda legkaup og taka þátt í kostnaði til viðhalds eða stækkunar grafreitanna«.

Eg vildi því aðeins skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mætti skylda aðra söfnuði til þess að taka hlutfallslegan þátt í kostnaðinum.

Matthías Ólafsson: Það, sem eg ætlaði að segja, er sömuleiðis til athugunar fyrir væntanlega nefnd.

Það er efalaust, að sú skylda hvílir á landssjóði að sjá þjóðkirkjusöfnuðinum hér í bæ fyrir kirkjugarðsstæði.

Eg vildi aðeins skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mætti kaupa lóð fyrir kirkjugarð einhversstaðar annarsstaðar en á Nýjatúni, þar sem líkur eru til, að afarhátt verð verði heimtað. Það er ekkert einsdæmi í bæjum, að margir kirkjugarðar sé í sama bæ — og fáist gott svæði fyrir viðunanlegt og lægra verð, þá álít eg sjálfsagt að kaupa það.

Þetta vona eg, að hv. nefnd athugi. Eg er alveg samdóma hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að rétt sé að utanþjóðkirkjusöfnuðir beri sinn hluta af kostnaðinum.

Annað var það ekki, sem eg ætlaði að taka fram.

Benedikt Sveinsson: Eg er samdóma hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að rétt sé að athuga, hvort ekki sé tiltækilegt að fá ódýrara land en það, er frv. getur um fyrir kirkjugarðssvæði. Þessi spilda, sem hér um ræðir, er afardýr — eg er sannfærður um, að feralin fæst ekki fyrir minna en eina kr. Þess ber líka að gæta, að tilætlunin er, að taka ekki nema lítinn blett í þetta skifti, sem hætt er við að verði fljótt fullgrafinn. Þá þarf nýja heimild, og þá er hætt við að landið verði orðið ennþá dýrara. Eg sé enga nauðsyn á því, að hafa garðinn á sama stað og nú, enda gæti verið óhollusta að því, þar sem íbúðarhús eru, eða verða, alt í kring.

Jafnvel þótt lög standi til þess, þá álít eg það mjög ósanngjarnt, að vera að íþyngja utanþjóðkirkjusöfnuðum með því, að skylda þá til að gjalda legkaup, þar sem þjóðkirkjumenn fá land fyrir grafreiti sína ókeypis — enda vafasamt, hvort slíkt kemur ekki í bága við 47. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir, að enginn megi neins í missa af borgaralegum réttindum sakir trúarbragða sinna. Þetta gjald gæti orðið fríkirkjusöfnuðunum talsvert tilfinnanlegt, og eg vænti þess, að það verði ekki á þá lagt.

Eg býst við því, að nefnd verði kosin í málið og býst við, að hún athugi, hvort ekki væri tiltök að fá einhvern stað ódýran, utan bæjarins til grafreits. Verði haldið áfram að taka það land, sem liggur að garðinum, þar sem hann er nú, þá getur það kostað landssjóð marga tugi þúsunda króna.

Árið 1903 var keypt land undir grafreitinn fyrir 6800 kr. Nú er það að þrotum komið, og verðið hlýtur að fara

hækkandi ár frá ári á því landi, sem um er að gera til aukningar þessum grafreit.

Flutningsm. [Jón Magnússon]: Það er rétt hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það er sjálfsagt hægt að krefjast þess af utanþjóðkirkjusöfnuðum, að þeir taki þátt í þessum kostnaði. En þingið hefir altaf tekið svo vel í þeirra mál, og ekki viljað íþyngja þessum söfnuðum, og svo vona eg að verði ennþá. Hitt gæti komið til tals fyrir nefndina, hvort ekki væri rétt að láta þá gjalda legkaup, þótt þjóðkirkjumenn geri það ekki nú. En mér þætti ilt, ef farið væri að íþyngja fríkirkjumönnum með því, að skylda þá til að taka beinan þátt í kostnaðinum við kirkjugarðsstækkunina.

Þá hefir það verið orðað af hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hvort ekki mætti kaupa kirkjugarðslóð annarsstaðar og ódýrara. En eg tel það mjög vafasamt, að hægt sé að fá lóð nálægt bænum ódýrara en á 1 kr. alinina. Það yrði þá að velja landið svo langt frá bænum, að menn gæti varla fylgt vinum og vandamönnum til grafar gangandi. Og það tel eg vafasamt, hvort rétt sé að hafa kirkjugarð svo langt burtu. Annars sé eg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

Einar Arnórsson: Eg stend að eins upp til þess, að leiðrétta þann misskilning háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að það sé brot á 47. gr. stjórnarskrárinnar, að skylda utanþjóðkirkjumenn til þess, að taka þátt í kostnaðinum við stækkun kirkjugarðsins. Það væri ótvírætt brot á 47. gr., sem segir, að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum sakir trúarbragða sinna, ef farið væri fram á það, að banna utanþjóðkirkjumönnum að jarða meðlimi sína. En þótt sett sé skilyrði fyrir því, að þeir megi það — og þar á meðal að þeir beri nokkurn hluta af kostnaðinum við kaup landsins fyrir kirkjugarðinn — er fullkomlega lögum samkvæmt.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) var að tala um, að hér væri verið að íþyngja þessum mönnum. Hvað sem um það er, þá er skýr heimild þessa í 15. gr. laganna frá 1886 og er ekki annað en annarsstaðar tíðkast, og safnaðarkirkjur verða líka að búa við. En hér stendur nú svo óheppilega á, að dómkirkjan hér í Reykjavík er landssjóðskirkja, og eg get ekki séð, að það eigi að losa þessa menn á nokkurn hátt undan lögmætum gjöldum. Annars er óþarft að fara í nokkrar kappræður um þetta mál.

Jón Jónsson: Eg vildi skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi rétt að búa til ný lög, sem skylduðu Reykjavíkurbúa til þess, að borga legkaup. Það lítur út fyrir, að þetta ætli að verða talsverður baggi á landssjóð, og væri ekki ósanngjarnt, að eitthvað kæmi í staðinn. Líka ber að athuga það, ef garðurinn verður hafður langt frá bænum, þá verður bæjarmönnum mikið dýrara að grafa. Gæti þá komið til álita, hvort ekki væri réttara, að hafa garðinn nálægt eða í bænum, en skylda alla til þess, að greiða legkaup.

Benedikt Sveinsson: Það getur verið, að það sé ekki beint brot á orðum stjórnarskrárinnar, að fríkirkjumenn borgi hærra legkaup en þjóðkirkjumenn. En megnasta ranglæti er það, að þeir skuli fyrst þurfa að leggja til jörðina eins og hinir, og borga svo að auki. En jörðina leggja allir borgarar þjóðfélagsins jafnt til, þegar um þjóðjörð er að gera eða landssjóður kaupir grafreitinn, fríkirkjumenn, utankirkjumenn engu

síður en þjóðkirkjumenn, og eiga því alveg sama tilkall til grafreitsins. Það kemur því að minsta kosti í bága við anda stjórnarskrárinnar, að þeir sé látnir bera þessa tvennskonar byrði. Það er ekki vanþörf á því, að nefnd athugi þetta, og þar sem ekki eru nógu skýr rök um það, þá verð eg að þessu leyti að taka í strenginn með háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.).

Hjörtur Snorrason: Það var aðeins örstutt athugasemd, sem eg vildi gera. — Úr því, að það liggur nú fyrir, að fara að leggja fram tugi þúsunda króna til þess, að stækka kirkjugarðinn hér í Reykjavík, þá vildi eg skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort hún vildi ekki athuga það, hve mikið það kostaði, að hafa hér fullkominn útbúnað til líkbrenslu. Mér finst vert að athuga það, hvort ekki er kominn tími til að breyta um þessa útfararsiði, sem tíðkast hafa svo lengi, bæði með oss og öðrum þjóðum.

Jón Magnússon: Þetta er alt athugavert, og eg býst við, að skipuð verði nefnd í málið, sem getur tekið það til íhugunar meðal annars, hvort ekki gæti verið skynsamlegt að koma hér á líkbrenslu. Mér finst ekki ástæða til að deila um málið að svo komnu, en skyldan til þess, að ráða fram úr þessu máli, er auðsæ, og þingið verður að gera það. Eg fyrir mitt leyti legg enga áherzlu á það, að garðurinn sé stækkaður þarna, en hins vegar býst eg ekki við miklum sparnaði af því, þótt farið yrði að hafa hann annarsstaðar. Vandræðin eru þau, hve langur tími líður frá því, að grafið er í einum hluta garðsins og þangað til fara má að grafa í þeim sama hluta hans aftur. Sá tími virðist vera margfalt lengri hér, en víða annarsstaðar gerist. Þetta gæti orðið til þess, að líkbrensla kæmist hér fljótar á en annarsstaðar, og það álít eg heppilegt.

Eg vona, að málinu verði vísað til 2. umr., og að í það verði skipuð 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með 16 samhlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson
Pétur Jónsson
Sveinn Björnsson
Sigurður Sigurðsson
Jón Magnússon.

Á 33. fundi Nd., mánud. 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (Þskj. 120, n. 278).

Frams.m. (Sveinn Björnsson): Það var þegar tekið fram við 1. umr. þessa máls, að ástæðan til þess, að frv. þetta er fram komið er sú, að kirkjugarðurinn hér í Reykjavík er að verða altof lítill. Það er ekki eftir meira svæði af honum, sem ógrafið er í, en svo, að ef sama graftrarþörf helzt framvegis, þá endist það í lengsta lagi eitthvað fram á haustið, eða í hæsta lagi til nýárs. Nefndin hefir sjálf gengið á staðinn og athugað þetta, og átt tal um það við umsjónarmann garðsins, Bjarna Matthiesen hringjara.

Hér þarf bráðra aðgerða við, einmitt meðan þetta þing situr.

Sú spurning var vakin í nefndinni, hvort landsstj. þyrfti að kosta þetta, en eins og sjá má á málinu, er endinn vafi á því, að hann er sem kirkjugarðseigandi skyldur til að sjá um stækkun

kirkjugarðsins. Það er til autt svæði fyrir vestan garðinn, svo kallað Nýjatún, og eftir því, sem nefndin frekast veit, eftir skoðun á staðnum, og upplýsingum, sem hún hefir fengið um það, hvernig grafreitur þetta muni vera, þá má fá skák af túninu, sem heppileg sé fyrir grafreit, en ekki er víst að góður grafreitur sé í suðurhlutanum. Og þegar lengra dregur vestur á við, er sagt að klöpp sé undir, svo að þar sé ótækt að grafa. Það var ekki tími til að rannsaka þetta með borum, eða þá hreint og beint með grefti til reynslu.

Þegar tekið er tillit til þessa og hins, að þörfin eykst stöðugt, þá gæti orðið spurning um það, hvort ekki gæti komið til mála að fá annan kirkjugarð annarsstaðar, t. d. í Austurbænum. Þéttbýlið eykst þar óðum, svo að ástæða gæti verið til þess, að hafa garðinn þar. En til að rannsaka þetta var ekki heldur tími. Jafnframt kom fram í nefndinni sú skoðun, að mjög æskilegt væri, að hér yrði stofnað til líkbrenslu, sem allra fyrst, og var öll nefndin á því, að það væri bæði mjög heilsusamleg og heppileg meðferð á líkum, enda er hún altaf að ryðja sér meira og meira til rúms í útlöndum.

Þessvegna fann nefndin ástæðu til þess, þótt hún væri eigi skipuð beint í því skyni, að rannsaka þetta atriði, og spurðist því fyrir hjá þeim, sem þegar hafa komið brenslunni á fót í Danmörku, um það, hvað slík stofnun mundi kosta í bæ eins og Reykjavík. Nefndin fekk það svar, að slíkar stofnanir væri ódýrastar í Þýzkalandi, og mundi oss nægja stofnun, sem kostaði 30 þús. kr., þar af 10 þús. fyrir ofninn sjálfan. En þótt nefndin hafi þannig fengið upplýsingar um það, að oss væri þetta fyrirkomulag alls eigi ókleift, og þótt hún sé á einu máli um það, að það sé æskilegast, þá er það mál ekki svo undirbúið enn, að hún sjái sér fært að ráða þinginu til að ráðast í það í þetta sinn. Til þess þarf bæði sérstök lög um líkbrenslu og svo fjárveitingu.

Að öllu athuguðu er þá þetta niðurstaða nefndarinnar:

Í 1. lagi að hún veit ekki, hvort alt svæðið, sem bæta mætti við garðinn, er hæft til greftrunar.

Í 2. lagi, að til mála gæti komið, að gjöra nýjan garð á öðrum stað, eða að koma á líkbrenslu.

Leggur hún þar af leiðandi til, að heimildin, sem stjórninni er gefin, sé takmörkuð við 2 dagsláttur. Það ætti að nægja bænum í ein 8—9 ár, þótt engin breyting verði frá því, sem nú er.

Sumum nefndarmönnum sveið það í augum, að landsstjórnin skyldi hvað eftir annað þurfa að leggja fé til stækkunar garðsins.

Útgjöldin fara hækkandi í hvert sinn, því að landið hækkar í verði hér í Rvík á hverju ári, og ilt þótti mönnum að fá ekkert í aðra hönd. Þessvegna leggur meiri hl. nefndarinnar það til, að hér verði aftur innleitt legkaup, 2 kr. fyrir börn, yngri en eins árs og 4 kr. fyrir aðra, og afnumin ákvæði sóknargjaldalaganna frá 1909.

Eg hefi nú þá athugasemd við það að gjöra frá mínu brjósti, að ef legkaup verður aftur leitt í lög, þá væri eðlilegast að halda gömlu reglunni um það, að ekkert sé goldið fyrir sveitarómaga, en ekki hefi eg komið fram með brt. um það. Það mætti ef til vill við 3. umr.

Af því að nefndin telur líkbrenslu svo æskilega, hefir hún leyft sér að koma með þessa ályktunartill., en lengra vill hún ekki ganga í því máli að sinni.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 22:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Einar Jónsson	
Guðmundur Eggerz	
Hannes Hafstein	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss	
Þorleifur Jónsson.	

Þeir Hjörtur Snorrason, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hl.

Tveir þm. fjarstaddir.

1. brt. á þskj. 278 sþ. með 15 samhlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.

2. brt. á þskj. 278 sþ. með 15 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 5. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., og þá tekið út af dagskrá.

Á 37. fundi Nd., föstud. 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (Þskj. 345, 401).

Frams.m. (Sveinn Björnsson): Eg stend aðeins upp til að lýsa yfir því, að brt. nefndarinnar, á þskj. 401, er tekin aftur.

Guðm. Hannesson: Eg hafði ekki við fyrri umr. þessa máls athugað málið neitt verulega, en treysti því, að nefndin hefði gert það. Síðan hefi eg virt málið fyrir mér, og vildi gera nokkrar athugasemdir við það, áður en deildin afgreiddi málið, og finst mér ástæða til að halda, að ef hv. deild vill hlusta á mig, þá geti hún með góðri samvizku felt þetta frv.

Aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi var sú, að nefndin hélt því fram, að kirkjugarðurinn hér í bænum væri of lítill. En sannleikurinn er sá, að *kirkjugarðurinn er nógu stór.* Stærð kirkjugarðsins, eftir því sem séð verður á uppdrætti Reykjavíkur, er 16 þús. □ metra. Sé gert ráð fyrir, að grafið sé aftur á sama stað með því millibili, sem talið er nægja í öðrum löndum, sem eru 25 ár, þá koma 240 □ metrar á hvert ár. Geri maður ráð fyrir þessu, og að íbúar bæjarins fjölgi ekki mikið, þá er þetta nægilegt, þótt ætlast væri til þess, að sæmilegar götur lægi um allan garðinn, hvað þá heldur ef grafin er gröf við gröf, eins og hér tíðkast.

Því er haldið fram, að þörf sé á frumvarpinu, vegna þess, að kirkjugarðurinn sé því nær uppgrafinn. En hví þarf hér stöðugt að grafa í nýja jörð? Það er föst regla í bæjum erlendis, að nota kirkjugarðana sem bezt; í sveitum er það síður, þar sem oftast er nóg land.

Eg hefi skrifað upp til athugunar, hvað tíðkast í þessum efnum víða annarstaðar. Skemstur tími þangað til grafið er aftur í grafir, er 7 ár. Auðvitað veltur á ýmsu hjá ýmsum þjóðum; í heitari löndunum rotna líkin fyrr og því má fyrr grafa aftur þar. Víða eru og ofnar í líkhúsum kirkjugarðanna og þar

jafnan brendur gröftur. Í Englandi er grafið aftur í gröf, þegar 14 ár eru liðin frá því að hún var tekin, í Saxlandi 20, Baden 21, en þar sem allra lengst er látið líða á milli, er tíminn 40 ár og styðst sá tími fremur við það, að það er landsvenja, en að það sé nauðsynlegt. Þessi kirkjugarður hér er um 70 ára gamall, og er þá um tvöfalt lengri tími látinn líða hér fram yfir það, sem allralengst þykir þurfa annarstaðar.

Nú má spyrja, hvernig fara eigi um minnismerki á gröfum dáinna. Ytra er borgað legkaup og girt um gröfina þangað til aftur er leyfilegt að grafa í hana og er það þá gert eða bletturinn keyptur aftur.

Mér sýnist nú, sem svo mikið land sé enn ógrafið í kirkjugarðinum, að þetta mál þoli bið, auk þess sem nóg svæði er, sem grafa má í aftur.

Mér er sagt, að lík rotni hér seint; eg veit ekki, við hvað það styðst, engi sönnun liggur fyrir um það.

Það er annars undarlegt, að kirkjan hér og kirkjugarðurinn skuli þurfa að vera ómagar landssjóðsins fremur öðrum kirkjum á landinu. Það er ekkert smáræði, sem þingið hefir veitt til kirkjunnar hér, nú um undanfarin ár. 1904 eru veittar 7 þúsund kr., 1905 5 þús. kr., 1913 20 þús. kr. lánveiting og nú liggur fyrir brtill., sem raunar er tekin aftur, um að veita 46 þús. kr. til stækkunar kirkjugarðinum hér.

Það er vert að hugleiða það, að á dagskrá þessa þings er stjórnarskrárbreyting, sem líklega verður samþykt, þar sem heimilað er með einföldum lögum að aðskilja ríki frá kirkju. Nú er næsta undarlegt að fara að veita stórfé úr landssjóði til jarðeignakaupa handa kirkjum, þegar einmitt búast má við, að ekki líði langt áður ríkið verður losað við kirkjuna.

Að öðru leyti vil eg ekki lengja framar umræðurnar um þetta, en benda vil eg á það, að mér þykir undarlegt það ákvæði frumvarpsins, að legkaup fyrir fullorðna menn skuli vera að eins 4 kr., en bletturinn, sem fer í fullorðins manns gröf, sem er 4 fermetrar, kostar landið 9 kr., ef alinin kostar 1 kr.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Háttv. þm. Húnv. (G. H.) segir, að kirkjugarðurinn hér í Reykjavík sé nægilega stór enn. Eg vil geta þess, að nefndin hafði sínar upplýsingar frá stjórnarráðinu og sóknarnefndinni hér, sem ætla má, að kunnugust sé þessu máli. Enn fremur hafði nefndin tal af manni þeim, er hefir á hendi daglega umsjón með kirkjugarðinum, og skal eg leyfa mér að endurtaka þau orð hans, að með sama manndauða, sem verið hefir að undanförnu, mundi garðurinn endast fram á haust, eða í hæsta lagi fram undir nýár. Þessi umsjónarmaður garðsins fer um hann daglega og hefir eftirtekt með gröfunum, og vil eg byggja talsvert á ummælum hans fyrir mitt leyti.

Mér skildist svo á háttv. þm. Húnv. (G. H.), sem hann héldi, að aldrei væri hér grafið ofan í sömu gröf. Þetta er misskilningur hjá háttv. þingmanni. Það hefir verið gert, og hefir það komið í ljós, að lík rotna hér mjög seint, t. d. var fyrir nokkrum árum grafið ofan í fyrstu gröfina, sem tekin var hér í kirkjugarðinum, og var þá kistan enn ófúin og silfurskjöldurinn á henni óskaddaður.

Það getur vel verið, að í öðrum löndum megi grafa fyrr aftur í grafir, en hér er víst, að lík rotna mjög seint; má vel vera, að það stafi af jarðveginum að einhverju leyti, svo að þess vegna fúni hér kistur síður en í öðrum löndum;

kemur þá hér einn örðugleiki, sem hv. þm. Húnv. (G. H.) gat ekki um í upplestri sínum áðan.

Eg fyrir mitt leyti trúi stjórnarráðinu, sóknarnefndinni og umsjónarmanni kirkjugarðsins í þessu máli. En eg vil benda háttv. 1. þingm. Húnv. á það, að hér er að eins um heimildarlög að ræða. Eg efast ekki um, að ef háttv. þingm. getur sannað stjórninni, að nóg land sé enn í kirkjugarðinum, þá mun stjórnin ekki nota þessa heimild. En eg verð að halda því fram, að sönnunarbyrðin hvíli enn á háttv. þm. Húnv.

Það getur verið, að kirkjan hér og kirkjugarðurinn hafi verið ómagar landssjóðs, en svo er um fleiri kirkjur hér á landi. Að því leyti vil eg taka það fram, að nefndin hefir viljað fara mjög varlega og ekki viljað ráða til að kaupa stórt landflæmi, enda haft á bak við eyrað, að komið yrði upp líkbrenslu hér, eins og stjórninni hefir þegar verið falið að athuga.

Guðmundur Hannesson: Ef röksemdir mínar eru kallaðar staðhæfingar, má kalla alt staðhæfingar. Það þarf ekki annað, en að líta upp í kirkjugarð, til þess að sjá, að ríflegir blettir eru þó eftir, sem ekki hefir verið greftr að í.

Hinu atriðinu í ræðu háttv. frams.m. (Sv. B.), að kistur fúni hér seint, er fljótsvarað: Ráðið er að brenna kistuleifunum eins og annarsstaðar er gert.

Annars er ólíklegt, að minsta kosti að kistur frá síðari tímum fúni ekki, því að viðurinn í þeim er ekki svo góður. En ef bíða skal eftir því, að *silfurskildir* fúni, eins og háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) virðist ætlast til, þá má áreiðanlega bíða til eilífðar. Annars ætti rotnun að vera lík hér og í Englandi, en þar er þó sumstaðar lang-skemstur tími ætlaður þangað til aftur er grafið í grafir.

Ekki get eg gert mikið úr umsögn umsjónarmanns kirkjugarðsins hér; hann mun ekki þekkja aðra kirkjugarða en hérlenda, enda má sjá þess vott á kirkjugarðinum hér, sem er svo vanræktur, að oss er til stór-skammar.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Aðeins stutt athugasemd.

Eg hafði aldrei sagt, að silfurskildir gæti fúnað, en þeir geta skaddast og slitnað.

Þetta mál er ekki eins einfalt og hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hyggur. Það er ekki nóg að taka blýant og pappír og reikna og reikna. Mörg minnismerki eru í kirkjugarðinum, sem ekki má hrófla við. En umsjónarmaður kirkjugarðsins hefir tekið það fram, að þegar hafi verið grafið aftur og aftur í þær grafir, sem ekki standi svo sérstaklega á um, að ekki má grafa í þær.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 401 tekin aftur.

Frumv. samþ. með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Guðm. Hannesson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Hallsson	Matthías Ólafsson
Björn Kristjánsson	Stefán Stefánsson
Einar Arnórsson	Þórarinn Benediktss.
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Sigurðsson	
Sveinn Björnsson	

Jóhann Eyjólfsson, Sigurður Gunnarsson og Þorleifur Jón greiddu ekki atkv. og vóru taldir með meiri hlutanum.

Fjórir þm. fjarstaddir.

Frumv. afgreitt til Ed.

E.

Þingsàlyktanir.

I.

Samþyktar og afgreiddar til ráðherra.

1. Birting fyrirhugaðra löggjafarmála.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um birtingu fyrirhugaðra löggjafarmála. (Þskj. 44).

Á 7. fundi Nd., fimtudaginn 9. júlí, bar forseti upp, hversu ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 11. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Flutn.m. (Guðmundur Hannesson): Þetta er meinlítil tillaga. Hún er framkomin fyrir tilmæli kjósenda minna og er sprottin af gamalli óánægju meðal almennings, út af því, að menn fá ekki að vita yfirleitt, hvað til stendur í löggjafarmálum, og geta lög verið sþ. svo á þingi, að almenningur viti ekki um þau í hinum fjarlægari héruðum. — Eg get hugsað mér það, að þessi tilmæli kjósenda minna standi í sambandi við hallærisvarnafrumvarpið, sem talsvert var deilt um norður þar. -- Hér hefir áður, með réttu verið kvartað yfir því, að menn fengi ekki að vita, hvað stjórnin hefði í hyggju fyrr en á þing væri komið. — Eg álít þó minni hættu stafa af stjórnarfrumvörpum en af frv. þingmanna, því að stjórnin mun venjulega leita álits sýslunefnda og sveitarstjórna í málum sem almenning varða; en því er ekki að heilsa um frv. einstakra þingmanna. Það mundi oft heppilegt, að þingmannafrumvörp næði ekki fram að ganga á fyrsta þingi, en við slíkt verður ekki ráðið.

Þessi tillaga er engum til meins, en getur verið til bóta, ef stjórnin tekur hana til greina, sem eg vona. Það er viðbúið, að á næstu þingum verði tekin fyrir skattamál landsins og önnur mál, sem almenning varða. Stjórnin ætti þá að láta almenning vita, hvað fyrir henni vaki og hverra breytinga sé að vænta; þetta gæti verið gott fyrir stjórnina sjálfa, því að þar með gæti hún fengið margar viturlegar bendingar.

Vona eg því, að menn fallist á þessa tillögu. Ef stjórn vor tekur hana til greina, ætti hún að koma að nokkrum notum.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. með 13 atkv. samhlj. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild Alþingis.*

2. Fækkun sýslumannsembætta.

Á 6. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um fækkun sýslumannsembætta. (Þskj. 43).

Á 7. fundi Nd., fimtudaginn 9. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþ. í einu hlj.

Á 14. fundi Nd., föstudaginn 17. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Framsögum. [Guðm. Hannesson]: Það er algeng þjóðlygi, að hér sé svo mikill urmull af embættismönnum, að ekki sé dæmi til þvílíks annarstaðar, og að byrði sú, sem af þeim stafar sé miklu þyngri hér en annarstaðar, hvort heldur sem miðað er við mannfjölda eða efni og ástæður. Þótt eg komi nú með þessa tillögu, vil eg ekki, að menn ætli, að eg sé þessarrar skoðunar. En hvað sem því líður, þá er það víst, að öllum þjóðfélögum er það holt að hafa ekki fleiri starfsmenn í sinni þjónustu en nauðsynlegt er.

Nú hefir mér komið til hugar, að sum sýslumannsembættin gæti fallið niður, án þess að veruleg eftirsjá væri að, en af því að eg er ekki nógu fróður um þessi efni, þá hefi eg að eins viljað benda stjórninni á þetta til athugunar og því komið fram með þessa tillögu. Sérstaklega skal eg geta þess, að mér hefir virzt, sem Dalasýsla mundi geta sameinast Strandasýslu eða Snæfellsness- og Hnappadals sýslum. Þegar litið er á fólksfjölda, vegalengd og verzlun, virðist þetta ekki fráfælandi. Ef Dalasýsla væri sameinuð Strandasýslu, mundi fólksfjöldinn ekki vera nema um 4 þús. manna. Ef Dalasýsla væri sameinuð Snæfellsnessýslu, mundi yfirferðin vera nokkru minni, en fólksfjöldinn meiri, en þó ekki meiri en í sumum öðrum sýslum. Sömuleiðis mætti benda á, hvort ekki væri vegur að sameina Árness og Rangárvalla sýslur. Eg lít á þetta blátt áfram, og tek það fram, að eg fullyrði ekkert um, hvort þetta er hagkvæmt. Til þess er eg ekki nógu fróður. En þessi tillaga hefir við það að styðjast, að þótt fólksfjöldi sé mikill í þessum tveim sýslum, þá eru þessi héruð mjög góð yfirferðar og þar eru ekki nema tvö kauptún, að því er mér er frekast kunnugt.

Það kynni að mega koma með eina ástæðu móti fækkun sýslumannsembætta, sem sé þá, að nú höfum vér sett upp lögfræðingaskóla, og að það væri að narra þá menn, sem út í þann lærdóm leggja, að láta þá ekki fá embætti að loknu námi. En það er þó svikamylna, að setja fyrst upp lögfræðingaskóla, vegna þess að hér eru nokkur embætti fyrir lögfræðinga og halda síðan óþörfum embættum við, af því að hér sé lögfræðingaskóli.

Annað atriði, sem eg ætlast til, að stjórnin taki til íhugunar í þessu sambandi, er aðgreining umboðsstarfa frá dómarastörfum. Þetta atriði hefir oft verið drepið á í riti. Eg er ekki svo kunnugur, að eg geti sagt um, hvort hægt sé að fá menn til að gegna umboðsstörfunum fyrir minna verð en sýslumenn fá nú fyrir þau störf, og þótt svo væri, mundi það ef til vill vera hæpinn sparnaður. Eg býst nú samt við, að sú verði niðurstaðan, að hægt mundi vera að fækka þessum embættismönnum, en vafasamt, hvort það borgaði sig, að aðgreina umboðsvald og dómsvald. Eg hefi spurt ýmsa alþýðumenn um skoðun þeirra á þessu máli, en venjulega hafa þeir sagt, að þeir héldi ekki, að breyting í þessum efnum mundi vera til batnaðar.

Ef það er rétt álitið, að hér sé óþarfir

starfsmenn, þá er sjálfsagt að kippa þeim burtu, sem ekki væri beint til gróða og gagns þjóðfélaginu, nema almenningur krefjist annars. Svo er um læknana. Læknar sjálfir hafa þótst sjá, að með þeim launakjörum, sem læknar hafa, muni enginn sækja um sum læknishéruðin. En þar sem almenningsvilji heimtar þessi læknishéruð og alþingi hefir fallist á þann vilja, þá er ekkert við þessu að segja.

Bjarni Jónsson: Eg held, að hv. flutningsm. (G. H.) hefði ekki þurft að flytja þessa tillögu, úr því að hann vill að eins láta sameina Dala og Stranda sýslur og Árness og Rangárvalla sýslur. Nema hann sé ef til vill fús til að láta líka sameina t. d. Húnavatns og Skagafjarðar sýslur. Það er sennilegt, að sýslumaður í þessum sameinuðu sýslum geti komist yfir sýslurnar, þótt víðlendar sé, en hitt er vafasamt, hvort hann mundi geta gegnt störfum sínum. Að minsta kosti get eg hugsað mér, að þeir þyrfti þá meira skrifstofufé en nú.

Þvílíkt kák sem þetta, tel eg með öllu einskis vert. Þvílíkar tillögur eru að eins til þess, að tefja tíma þingsins og auka landssjóði kostnað með óþarfa skriftum á ræðum og prentun þeirra.

Ef farið væri að breyta til í þessum efnum, þá væri það ærið skynsamlegra að taka til íhuganar, hvort ekki væri gerlegt að aðgreina umboðsstörfin frá dómarastörfum, þannig, að sýslumenn hefði að eins dómarastörfin á hendi. Með þeim hætti mætti fækka sýslumönnum, svo að þeir yrði að eins 4—6 á öllu landinu, og yrði þessir dómarar lægsti dómstóll.

Eg lít ekki á þetta frá fjárgróða sjónarmiði, heldur lít eg á hitt, að með þessu lagi yrði þeir betri dómarar, óháðari og sjálfstæðari en áður, meðan þeir höfðu á hendi tollheimtu og önnur störf, sem leiddi þá út í of náin viðskifti við almenning. Fjarri fer þó því, að eg með þessu segi, að dómar sýslumanna nú sé ranglátir, eða eg vilji ráðast á sýslumenn á nokkurn hátt. En við það, að sýslumenn væri leystir frá þeim störfum, sem óskyld eru dómarastörfum, mundu þeir standa betur að vígi, ef þeir væri lausir við afskifti þeirra, enda var svo litið á á síðasta þingi, að dómarar ætti ekki að vafsast í öðrum störfum; þótt sumir vildi ekki beint banna það lögum, töldu þó allir æskilegt, að svo væri.

Þetta held eg að væri ávinningur. Mig brestur kunnugleika til að segja nokkuð af eða á um það, hvernig þessi aðgreining mætti fram fara, enda þyrfti þetta fyrirkomulag nákvæmrar íhugunar. Innheimta hjá sýslumönnum má heita alltrygg, svo lítið hefir út af borið hingað til. Eg efast um, að eins trygt væri, að taka aðra til innheimtu; engan veginn mundi það verða tryggara, en ódýrara kann það að verða

Þetta atriði þarf vendilega að rannsaka, því að það er mikils vert; en ef tillaga þessi, sem nú liggur fyrir, felur ekki þetta í sér, þá tel eg hana með öllu ónauðsynlega. Það eitt, að steypa saman sýslum, sem um langan aldur hafa verið sér, tel eg ótækt, enda mundi verða skoðanamunur um það, með hverjum hætti og hvar sú samsteypa ætti að vera. Ef á að sameina Dala og Stranda sýslur, má þá ekki eins sameina Reykjavík og Gullbringusýslu, eða Húnavatns, Skagafjarðar og Eyjafjarðar sýslur? Vegalengdin þar er ekki meiri en svo, að vel má á góðum hesti komast yfir sýsluna á 2 dögum.

Einar Arnórsson: Háttv. þm. Húnv. (G. H.) mintist á sameining Árness- og Rangárvallasýslna og Dala- og Strandasýslna. Háttv. þm. Dal. (B. J.)

hefir nú þakkað honum góð boð fyrir hönd Dalamanna, og tel eg mér einnig skylt að þakka fyrir hönd Árnesinga. Eg efast nú annars um, að Árnesingar muni verða honum þakklátir fyrir þessa tillögu.

En svo að eg víki að tillögu þessari nánara, þá hefir mér virzt svo, að þegar ræða er um fækkun embætta, t. d. sameining prestakalla, þá sé það almennings vilji, að fækka þeim, en hvernig fer svo, þegar á að fara að framkvæma það? Það er t. d. víst, að Húnvetningar vilja láta fækka embættum alment á landinu, en með engu móti vilja þeir fækka þeim hjá sér. Þannig var um prestakalla-samsteypuna. Allir vildu fækka prestum. En í þeim prestaköllum, sem mistu prestana, kvað við hinn mesti harmagrátur. Nú á síðari árum hefir læknum verið fjölgað til muna, og tel eg þá fjölgun eðlilega. Menn vilja ekki, að þeim sé gert óbærilegt eða of erfitt fyrir að ná til þess embættis- eða sýslunarmanns, sem þeir þurfa að brúka. Nú er þess að geta um sýslumenn, að þar sem þeir njóta trausts almennings, mega þeir teljast nokkurskonar lögfræðilegir ráðunautar; íbúarnir leita til þeirra í vandamálum sínum. Þetta er mér kunnugt um, þótt aldrei hafi eg sýslumaður verið. Get eg og skírskotað til þeirra háttv. þingmanna hér í deildinni, sem sýslumenn eru eða hafa verið.

Eg er samþykkur háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að þessi tillaga háttv. þm. Húnv. (G. H.) sé kák eitt. Ef tillagan hefði farið fram á það, að athuga embættaskipun landsins í heild sinni og þar með eftirlaunamálið, þá hefði hún mátt teljast vel til fallin. En það verður ekki talið heppilegt, að taka þannig eina embættisstétt út úr. Sýslumenn, að meðtöldum bæjarfógetanum í Reykjavík, eru nú 19 á landi hér. Eg þykist mega fullyrða, að engin sýsla mundi sætta sig við það, að sýslumaður hennar væri frá henni tekinn. Menn eru að tala um þjóðarviljann í þessu sambandi. Það getur vel verið, að t. d. Húnvetningar vilji láta sameina Dala- og Strandasýslur eða Árness- og Rangárvallasýslur, en vilji Húnvetninga hér um getur ekki metist framar en vilji þeirra manna, er þar búa, sem til er ætlast, að samsteypan fari fram. Mönnum gæti alveg eins komið til hugar, að sameina Strandasýslu og Húnavatnssýslu. En hvað mundu Húnvetningar segja við því?

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) mintist á lögfræðingaskólann í þessu sambandi. Það er alveg rétt hjá honum, að óviðurkvæmilegt er að halda uppi embættum skólans vegna. En eg vil benda honum á það, að fleira er fyrir lögfræðinga að gera, en að taka við embættum landsins. Lögfræðingar eru öðrum framar vel fallnir til ýmsra starfa. Það er alveg víst, að maður með lögfræðaþekkingu stendur að öðru jöfnu betur að vígi en aðrir.

Það kemur enn fram í þessu máli sem oftar, að svo er sem menn haldi, að stjórnin geti gert alt, sé almáttug. Eg býst við því, að nóg megi fá til þess, að dengja á stjórnina, en ekki sé jafn auðvelt að fá þann mann í stjórnarsess, er alt fái gert. Menn eins og Napoleon og Julius Cæsar fæðast ekki oftar en svo sem tíundu hverja öld.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) virðist vilja nema alt það burt, sem ekki er gróði að. Ef háttv. þm. á við fjárgróða aðeins, þá mundi það verða ærið margt, er kippa þyrfti burt. Þá mætti víst kippa burt læknastéttinni; ekki sést á landsreikningunum, að landið hafi neinn gróða af læknum. Sama er að segja um sýslumenn og háskólann. Þar á meðal embætti það, er háttv. þm. skipar. En eg býst nú ekki við, að háttv.

þingm. hafi haft orðið gróði í svo þröngri merkingu. Hann mun einnig hafa átt við andlegan gróða. En sá gróði getur oft verið álitamál; engar áreiðanlegar metaskálar eru til þess að vega hann á. Eftir þeirra manna skoðun, sem mestmegnis líta á fjárgróða, væri ekki vert að hlynna að skáldskap og fögrum listum, því að beinn fjárhagslegur arður sést sjaldan af þeim greinum fyrir löndin í heild sinni. Á þetta mega menn aldrei líta einsýnt. Menn verða að hugsa jafnt um bæði fjárhagslegan gróða og andlegan. Andleg störf og verkleg eru jafnnauðsynleg hverju þjóðfélagi, sem þykist vera siðað þjóðfélag.

Viðvíkjandi lagakenslunni, svo að eg víki aftur að henni, þá verð eg að telja hana mjög nauðsynlega, eins og yfirleitt kenslu í hverri þeirri grein, sem við getum veitt kenslu í, en þó einkum og sérstaklega í þjóðlegum greinum. Hvaða samræmi er í því, að þykjast vilja efla sjálfstæði landsins, en ráðast um leið á flest það, sem er undirrót virkilegs sjálfstæðis — sem er andlega hliðin á málinu?

Ef háttv. flutn.m. (G. H.) hefði komið fram með þingsályktunartillögu um það, að láta rannsaka alt embættislaunamálið og embættisskipunarmálið, þá mundi eg hafa getað fylgt honum þar að málum, því að eg tel það mikið rannsóknarefni, sérstaklega eftirlaunin, ekki eingöngu hvað *dýrast* er í því efni, heldur einnig hvað *hagkvæmast* er, þegar alt er sanngjarnlega metið og af nægilegri þekkingu.

Viðvíkjandi tillögunni sjálfri, skal eg játa það, að eg er ekki nægilega kunnugur störfum sýslumanna til þess, að geta fullkomlega dæmt um þau. En það þarf ekki annað, en að líta í nokkra árganga af Stjórnartíðindunum til þess að sjá, að sýslumannsembættin eru ruslakistur, sem öllu er dembt í, bæði nýju og gömlu. Áður en talað er um að fækka sýslumönnunum, ætti menn fyrst að hafa yfirlit yfir, hvaða störf þeir hafa á hendi, og hversu mörg og margbrotin þau störf eru.

Flutn.m. (Guðmundur Hannesson): Mér kom það ekki alveg á óvart, þó að mótbárur heyrðist á móti þessari tillögu minni, að minsta kosti úr tveimur áttum (Dalasýslu og Árnessýslu). Eg hefi ekki vitað svo ómerkilegt prestakall, að þeir menn, sem hlut eiga að máli, hafi ekki orðið æfir ef það hefir átt að sameina öðru prestakalli. Menn taka líka tillit til kjósenda sinna, sem ekki er alls kostar láandi, og efast eg ekki um það, að þingmenn Dalasýslu og Árnessýslu gera það í þessu máli.

Eg kannast við, að tillaga mín eyðir meiri tíma en eg ætlaðist til. Eg hélt svo stutta og óbrotna ræðu, að hún gaf naumast tilefni til langra ræðuhalda.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) tók það fram, að minst væri vert um fjárgróðann, sem af þessu gæti fengist og ef nokkur breyting væri gerð á sýslumannaembættunum, þá vildi hann að hún miðaði til þess eins að gera dómarastéttina óháðari og um leið óhlutdrægari. Eg verð nú að játa, að eg er ekki svo hátt upp hafinn, að eg tek mikið tillit til fjárgróða, og eg tel það blátt áfram skyldu þingsins, að afnema hvert það embætti sem óþarft er. Viðbót embættismanna er hvort sem er altaf viss; hjá henni verður ekki komist.

Hvað hitt snertir, að óhugsandi sé, að einn maður geti annað sýslumannsstörfum í Strandasýslu og Dalasýslu, skal eg geta þess, að eg hefi leitað álits lögfræðings, sem nauðakunnugur er í Strandasýslu og sæmilega kunnugur í Dalasýslu um þetta efni. Eg fékk hiklaust það svar hjá honum, að ekkert væri að athuga við sameininguna frá hans sjónarmiði. Af því að þessi maður var með

öllu óhlutdrægur, leit eg svo á, að ekki væri lítið gerandi úr því, sem hann legði til málsins.

Hvað það snertir að gera aðrar frekari breytingar á sýslumannsembættunum, setja t. d. fjórðungsdómara og aðgreina umboðsstörfin frá dómarastörfunum, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði sérstaklega um, þá er þess að geta, að um þetta hefir verið rætt í mörg ár, en ekkert orðið úr framkvæmdum í þessa átt. Eg hefi átt tal við ýmsa leikmenn um þetta og virðast þeir telja öll vandkvæði á því. Slík embættasamsteypa mundi illa séð af þeim, sem hlut eiga að máli og erfitt að koma henni í framkvæmd. Erfitt getur orðið að ná í dómarana ef þeir verða einir fjórir. En þar sem ekki er útlit fyrir, að nein stórfeldari breyting í þessu efni verði gerð fyrst um sinn, þá er aldrei nema eðlilegt, að mönnum detti í hug, að minni endurbætur mætti gera.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kom með undarlega rökfærslu í þessu sambandi. Hann sagði, að ekki mætti ætlast til að neinn Cæsar eða Napoleon væri í landstjórninni, rétt eins og þörf væri slíkra manna til þess að athuga þetta einfalda mál. En í sömu andránni segir sami háttv. þm. (E. A.), að hann mundi hafa fallist á till. ef hún hefði farið í þá átt að fela stjórninni að athuga alla embættisskipunina, embættislaunin og eftirlaunin, rétt eins og það væri miklu hægara verk. Eg vildi ekki vera svo stórtækur, hélt sem sé, að enginn Cæsar né heldur Napoleon væri í landstjórninni. Stórfeldari breytingar hygg eg að verði að bíða síns tíma, hversu æskilegar sem þær eru. En ef hægt væri þangað til að gera einhverjar einfaldari breytingar, sem gæti orðið til fjársparnaðar, þá er það alls ekki fyrirlitningarvert.

Eg get ekki skilið, að till. mín eigi neitt skylt við kák. Annað sem um hefir verið talað verður ekki framkvæmt fyrst um sinn, enda mundi það verða mönnum viðkvæmt, ef til vill enn viðkvæmara en þó að fleiri eða færri embættum væri smátt og smátt steypt saman. Þó að tölu sýslumannaembætta væri fækkað, þá er það í fullu samræmi við fækkun brauðanna. Vera má, að ofmikið hafi verið gert að henni sumstaðar, en jafnvíst er, að það hefir verið keiprétt sumstaðar.

Eggert Pálsson: Eg skal ekki verða langorður. Það er þegar orðið fáment á bekkjunum, og þeir orðnir órólegir, sem eftir eru.

Mér þykir það engin furða, þó að þessi till. sé fram komin. Fyrir nokkru síðan var grein um þetta mál í merku mánaðarriti, Eimreiðinni, og auk þess hefir ekki svo lítið verið um það talað úti á meðal þjóðarinnar. Eg álít því, að það sé til góðs, að málið sé einnig rætt hér og að stjórninni gefist kostur á að athuga það. — En hinsvegar verð eg að líta svo á, að ef árangurinn verður ekki meiri en háttv. flutn.m. (G. H.) virtist gera ráð fyrir, að embætti væri sameinuð aðeins á tveim stöðum, þá getur ekki verið um mikinn fjársparnað að ræða, auk þess sem mér er það ljóst, að á þessum tveimur svæðum, sem nefnd hafa verið, hlýtur það að valda ekki svo litlum óþægindum fyrir þá, sem hlut eiga að máli. En jafnframt og það veldur óþægindum fyrir hlutaðeigandi héraðsbúa, hlýtur það einnig að skapa óþægindi fyrir veitingarvaldið, sem vart getur talist ómaksins vert, sé ekki nema um samsteypu tveggja sýslumannsembætta að ræða. Því til þess að koma samsteypunni á, verður veitingarvaldið að veita sýslumanninum, er leng-

ur lífir í hvorum hinna tveggja sýslna, hvort sem það telur hann til þess hæfan eða ekki, hið sameinaða embætti, sem vitanlega yrði þá jafnframt ein bezt launuðu sýslumannsembætti, því að ekki býst eg við, að það geti verið meiningin, að gefa út lög um að sameina tvær sýslur í eitt, án þess að sá maður, sem tekur embættið að sér, fái hækkuð laun fyrir stækkaðan verkahring, enda liggur það í augum uppi, að sá sýslumaðurinn í þessum tveimur sýslum, sem lengur lifði, mundi ekki vilja taka að sér báðar sýslurnar, án þess að laun hans væri hækkuð, og að neyða hann til þess vitum vér, að ekki getur komið til mála. Með þessari aðferð, sem háttv. flutn.m. (G. H.) benti á, er það því sýnilegt, að aldrei getur orðið um mikinn sparnað að ræða. Hitt er miklu fremur takandi til greina, að gera stærra stökkið, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) mintist á, og aðskilja umboðsvald og dómsvald og hafa þá dómarana ekki fleiri en svo sem 4—6. Þó að mér dyljist ekki, að þetta mundi valda allmiklum óþægindum, þá yrði dó vinningurinn miklu meiri með þessu móti.

Eg skal svo ekki orðlengja frekar um málið. Eg hefi ekkert á móti því, að till. gangi fram og málinu verði beint til stjórnarinnar; eg geri að minsta kosti ekki ráð fyrir, að það geti orðið til nokkurs skaða.

Umræðunni frestað.

Á 16. fundi Nd. mánudaginn 20. júlí, var frumvarpið tekið til framhalds einnar umræðu. (Þskj. 43, 136).

Sigurður Sigurðsson: Þegar þingsályktunartill. á þskj. 43 var hér til umræðu í deildinni síðast á föstudaginn var, þá kom það í ljós hjá sumum hv. þm., sem þá töluðu, að þeim þótti hún ekki nógu ítarleg eða ekki ganga nógu langt. Eftir því sem flutn.m., hv. 1. þm. Húnv. (G. H.), skýrði hana, þá skildist mér svo, sem það eitt vekti fyrir honum, að sameina örfáar sýslur, er þær losnuðu, og nefndi hann þá til dæmis Stranda- og Dalasýsla og svo Árnes- og Rangárvallasýslu. Þar sem till. á nú ekki að ganga út á annað en þetta, þá býst eg við, að margir líti svo á, sem hún sé næsta þýðingarlítil í sjálfri sér. Þess vegna hefi eg nú, ásamt háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) leyft mér að koma fram með breyt.till. á þskj. 136. Hún fer í þá átt, að skora á stjórnina að athuga rækilega, hvort ekki sé tiltækilegt, að aðskilja umboðsvaldið og dómsvaldið og fækka sýslumönnum að mun, og ef svo virðist, að það yrði ódýrara, þá að leggja frumv. í þá átt fyrir næsta þing.

Því hefir nú verið kastað fram hér áður, að það hefði litla þýðingu, að skora á stjórnina. Hún gerði ekkert í málinu, svo að því væri ekki borgnara eftir en áður. Eg á nú bágt með að trúa þessu, og að minsta kosti er það alveg órannsakað mál, hvað slík rannsókn kynni að geta leitt í ljós. Það gæti farið eins og sumir óttast, að þessi leið yrði ekki fær, og að þetta fyrirkomulag yrði ekki kostnaðarminna, en það sem nú er, en um það er ekki hægt að segja og þetta þarf að rannsaka.

Og úr því þessi till. var á ferðinni á annað borð, þá álítum við að rétt væri, að stíga sporið til fulls, eins og oft hefir áður verið talað um að þyrfti að gjöra. Það er kunnugt, að það er vilji alþýðu að fá embættum fækkað, ef þess er kostur. Og þeim, sem um það hafa hugsað, hefir sumum dottið í hug, að fyrst ætti að bera niður á sýslumönnunum og

reyna, ef hægt væri, að koma störfum þeirra fyrir á hagkvæmari hátt. Það hefir verið sagt í sambandi við þetta, að erfitt gæti orðið að reka mál sín, ef ekki væri nema einn dómari í hverjum landsfjórðungi. En þá er það um leið hugsanlegt, að auka mætti verksvið sáttanefnda, og gæti það orðið til þess, að koma í veg fyrir það á ýmsan hátt, að málin færi lengra en til þeirra. — Við segjum ekkert um það, hvort þetta muni reynast tiltækilegt, en við viljum að það sé rannsakað, og ef svo fer, að þessi leið verði farin, og hægt verður að leggja niður sýslumannsembættin flest eða öll, þá álít eg það vel farið, og að það muni verða landssjóði mikill sparnaður.

Það má nú búast við því, að ýmsir lögfræðingar verði mótfallnir þessari tillögu. (*Bjarni Jónsson:* Er þm. að sneyða samþingismann sinn?). Nei, hann er nú kominn á þá grænu grein. En það eru til aðrir lögfræðingar, líklega yfir 20, sem bíða eftir því, ef eitthvert embætti losnar, og það er skiljanlegt, að þeim mundi ekki líka það vel, ef niðurstaðan yrði sú, að auðið væri að fækka sýslumannaembættum.

En hvað, sem um það er, þá vona eg nú að till. okkar fái góðan byr. Hitt álít eg einskis vert, að miða við það eitt, þó að hægt væri að sameina svo sem tvær sýslur, og allra sízt getur verið um það að tala, að sameina Árness- og Rangárvallasýslur. Það kynni þá heldur að vera Dalasýsla og Strandasýsla, og svo ef til vill Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur.

Úr því að þessu máli er hreyft, þá verður að taka það fyrir frá rótum. Og eg fyrir mitt leyti treysti stjórninni til hins bezta í þessu efni.

Guðm. Eggerz: Eg ætla fyrst að leyfa mér að minnast á aðaltillöguna frá hv. 1. þm. Hún. (G. H.). Það hefir komið í ljós, að hann hefir ekki hugsað sér aðra breytingu, en að sameina Stranda- og Dalasýslu, og í öðru lagi Árness- og Rangárvallasýslu. Eg er nú þeirrar skoðunar, að þetta mætti ef til vill gjöra, og að þessar samsteypusýslur yrði ekki stærri en sumar hinna. En eg hygg, að sparnaðurinn yrði lítill, svo að ekki sé rétt að gjöra þetta móti vilja hlutaðeigandi héraða, enda eru Árness- og Rangárvallasýslur einmitt þéttbygðustu héruðin. Eg lít því svo á, að þetta sé veigalítil till., en það verður ekki sagt um brt. þeirra hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og 2. þm. N.-Múl. (J. J.). Því þar er þýðingarmiklu atriði hreyft, aðskilnaði umboðs- og dómsvaldsins.

Eg hefi orðið þess var, að margir halda, að lögfræðingar — sérstaklega sýslumenn — sé aðskilnaðinum mótfallnir. En eg ætla, að hver lögfræðingur muni kannast við, að ákjósanlegast væri, að greina umboðsvaldið frá dómsvaldinu. Kunnugt er og má benda á, að þessi skoðun ríkir í öðrum menningarlöndum. Það má vera öllum augljóst, að dómarastéttin í landi hverju á að vera, eftir því sem unt er, óháð umboðsvaldinu, en eins og kunnugt er, þá eru aðalstörf dómaranna hér á landi umboðsstarf, og þar af leiðir, að þeir eru í þessum störfum ekki óháðir stjórninni.

Þess vegna álít eg fulla ástæðu til að athuga þetta, en hins vegar er það svo mikið og stórt mál, að eg get aðeins drepið stuttlega á einstöku aðalatriði.

Eg vil þegar benda á, að svo umsvifamikið er málið, að varla má ætlast til meira af stjórninni, en að hún verði fyrir næsta þing búin að átta sig á því, hvaða leið ætti að fara í rann-

sókninni, því að þar er um tvent að velja. Í fyrsta lagi að skipa milliþinganefnd, og í öðru lagi að veita stjórninni sérstaklega fé til rannsóknarinnar. —

Að öðru leyti skal tekið fram, að eg hefi orðið þess var, að þeir sem í sjálfu sér vilja þenna skilnað, láta það oftast fylgja með, að þeir vilji það því aðeins, að það fyrirkomulag verði ekki dýrara en það sem nú er, eða jafnvel ódýrara, og svo halda margir að verði.

Þó að eg hafi nú ekki myndað mér ákveðna skoðun um kostnaðinn við hið nýja fyrirkomulag, þá held eg, að eg þori að fullyrða það, að það nái ekki nokkurri átt, að þetta breytta fyrirkomulag yrði ódýrara, en það sem nú er. En þar með er ekki sagt, að endilega eigi að hætta við það. Það kemur undir því, hve mikið menn vilja leggja upp úr því, að fá dómsvaldið skilið frá umboðsvaldinu. Eg held, að enginn fari fram á það, að hafa dómara færri en 4, fjórðungsdómara, og er þá fyrst að athuga, hvaða mál þeim væri ætlað að fást við. Það mundu verða sakamál, einkamál, fógetagjörðir, og svo, að eg hygg, skifti á búum, þótt sumir vilji, að þeim sé ætlaður staður annarsstaðar.

Þó að eg nefni 4 dómara, þá vil eg biðja hv. deild, að líta ekki svo á, sem eg persónulega sé sannfærður um, að oss nægi fjórðungsdómararnir. Eg hefi bent á 4 dómara og ekki fleiri fyrir þá sök, að þegar þetta mál hefir komið til umræðu í ræðum og ritum, munu allir á einu máli um það, að ekki geti þeir færri verið. Og eg vil að það sjáist á ræðu minni, að mér sé umhugað um, að skýra hlutdrægnislaust frá málavöxtum og gera ekki um of úr erfiðleikunum við breytta fyrirkomulagið.

Svo eg víki aftur að fjórðungsdómurunum þá yrði mönnum — það liggur í augum uppi — töluvert erfiðara og dýrara en nú að leita réttar síns, því að dómararnir mundu eiga setu í Reykjavík, Stykkishólmi, Akureyri og Seyðisfirði.

Í fljótu bragði eru það tveir örðugleikar, sem eg þegar sé, örðugleikar, sem snerta fógetagerðir og botnvörpungabrot. Mönnum er oftast áríðandi, að því er fógetagjörðir snertir, að fá þær framkvæmdar með stuttum fyrirvara. Það getur oft oltið á mörg þús. kr. fyrir gerðarbeiðanda. Sama er að segja um botnvörpungabrot. Meðferð þeirra mála má ekki bíða.

Eg hefi bent á þetta til athugunar, af því mér datt það í hug í svipinn.

Svo eg víki að kostnaðaráætluninni, dómurunum viðvíkjandi, skal tekið fram, að eg geri ráð fyrir, að þeir fái í laun kr. 5.000, eða allir fjórir kr. 20.000, og eg hugsa, að ekki fari minna í ferðakostnað fyrir hvern en 2 þús. kr. Mundu þá þessir fjórðungsdómarar kosta landið kr. 28 þús., en föstu launin allra sýslumanna og bæjarfógeta landsins nema um 62 þús. kr.

Eg hefi talið nauðsynlegt að launa dómarana með 5 þús. kr. Þeir verða að vera öllum með öllu óháðir fjármunalega, og sældarstöður verða þetta ekki að minni skoðun, því að dómararnir hljóta að verða mjög oft á ferðalagi.

Áður en eg sný máli mínu frá þessu fyrsta atriði, dómurunum, vil eg benda á, að eftir breytta fyrirkomulaginu mundu þeir ekki hafa með höndum annað en dómsmál í þeirri merkingu, sem eg áður hefi talið upp, en þar af leiðir aftur að sjálfsögðu, að þeir mundu verða færari dómarar en þeir, er aðeins hafa dómarastörfin sem aukastarf. Þetta væri auðvitað kostur, og hann mikill, við breytta fyrirkomulagið.

Eins og kunnugt er, þá eru umboðs-

störfin aðalstörf sýslumannanna. Þó vil eg taka fram, að bæði á Akureyri og í Reykjavík, hljóta dómarastörfin að vera umfangsmikil, og auðvitað getur það einnig komið fyrir í öllum héruðum landsins, að sýslumenn tefjist nokkuð við dómarastörf, en þó þori eg að fullyrða, að þegar dómarastörfin hafa verið tekin af sýslumönnunum, hafi aðeins aukastörfum verið létt af þeim.

Eg segi þetta ekki af því, að eg sé hlyntur núverandi fyrirkomulagi, en eg ætla mér ekki að fara með annað en það sem rétt er, og eg vona að háttv. deild verði mér samdóma um það, að dómarastörfin eru ekki nema aukastörf.

Þá er eftir að gjöra sér grein fyrir því, hvernig fara eigi með umboðsstörfin. En fyrst verður þá að líta á, hver þau eru. Það er ekki tími til að telja þau öll upp, en skifta má þeim í þrjá aðalflokka.

1. Gjaldheimta.
2. Héraðsmál og
3. flokkinn vil eg leyfa mér að nefna ruslakistu.

Fyrst skal eg víkja nokkrum orðum að gjaldheimtunni.

Í sjálfu sér sýnist það ekki vera miklum vandkvæðum bundið að koma henni fyrir. Gjöldin, sem á að heimta, eru aðallega tollar (vörutollur o. fl.), og útflutningsgjald.

Innheimtulaunin eru nú í stærstu sýslunum hérumbil 1900 kr. Eg geri ráð fyrir, að enginn maður fengist til að taka þessa innheimtu að sér fyrir minna en 1500 kr., og eru þá sparaðar 400 kr. frá því sem nú er. Ef þessi gjaldheimta yrði fengin í hendur einum manni, yrði hann að sjálfsögðu að setja tryggingu, á líkan hátt og vér sýslumenn verðum nú að gera, og sú trygging yrði alls ekki minni en 5 þús. kr.

En nú yrði þessi maður líka að fá sér hjálp við innheimtuna því nær á hverjum firði, og yrði því innheimtan talsvert dýrari heldur en sýslumönnum verður hún, því þeim eru hreppstjórar oftast hjálplegir, án þess að taka einn eyri fyrir það sérstaklega. Fyrir þessa hjálp er varla of mikið í lagt, þótt áætlað sé, að þeir yrði að borga fyrir hana 300 kr. á ári. Og þá eru ekki eftir nema 1200 kr. handa þeim sjálfum.

Manntalsbókargjöldin yrði ekki vandræði að innheimta, það gæti hreppstjórarnir gert — en þá yrði að auka laun þeirra í hverjum hreppi. Því að þau eru nú, þegar tekið er tillit til, hve hreppstjórar eru hlaðnir störfum, svo lúsarleg, að undrun sætir, að hæfir menn skuli fást í þá stöðu.

Þá er margt annað, sem mér er ekki ljóst, hvernig ætti að fá gert, sem sýslumenn hafa enn með höndum. T. d. skal eg nefna veðbókarvottorð. Einhver verður þó að gefa þau út. Hver á að sjá um þinglýsingar o. fl. o. fl. Ef þessu yrði skift milli margra, þá mundi það gera mikinn glundroða. Einhver þyrfti sömuleiðis að innheimta afgreiðslu- og vitagjald, gefa út leyfisbréf o. fl., en eg vík að því seinna, þegar eg kem að ruslakistunni.

Þá er að líta á það, að gjaldheimtan yrði að minsta kosti ekki tryggari, þegar búið væri að taka hana af sýslumönnum og fá hana í hendur mörgum, og skifta henni á milli margra. Mér er sagt, að af landsfé, sem sýslumenn hafa innheimt, svo tugum miljóna skiftir síðan 1874, þegar sýslumannaembættin vóru stofnuð, hafi ekki tapast annað en það, sem tapaðist hjá Fensmark sýslumanni hér um árið, og má það heita mjög lítið, og eg verð að segja, að verði það ekki meira næstu 40 ár, þá hafa menn ekki ástæðu til að vera óánægðir.

Þá kem eg að öðrum kaflanum, sem eru héraðsmálin.

Sýslumenn eru nú oddvitar sýslunefnd-

anna. Þótt þetta sé ef til vill ekki mikil vinna fyrir þá, taka þó öll þessi störf nokkurn tíma. Safnast þegar saman kemur. Það er engum vandkvæðum bundið að losa sýslumennina við oddvitastörf sýslunefndar. En ef sýslumannaembættin falla úr sögunni, verður bæði að breyta fátækralöggjöfinni — þeir hafa þar á meðal annars úrskurðarvald — og sveitarstjórnarlögunum. Þetta þarf auðvitað ekki að hindra aðskilnaðinn frá dómsvaldinu. Eg bendi einungis á þetta til þess að gera mönnum ljóst, að hér er yfirleitt um umfangsmikið mál að ræða.

Þá kem eg loks að ruslakistunni.

Það má heita svo, að nálega öll lög leggi einhver störf á sýslumennina. Eg var að reikna þessi störf saman í morgun, en vitanlega hefi eg slept mörgum úr. —

Fyrst skal eg nefna landshagsskýrslurnar, sem sýslumenn senda stjórnarráðinu. Þær eru eitthvað um 30, og sumar þeirra er áríðandi, að sé komnar til stjórnarráðsins á réttum tíma.

Það má segja, að það mætti haga því svo, að hreppstjórarnir sendi stjórnarráðinu þær beint. Eg hygg, að svo gæti farið, að stjórnarráðinu fyndist erfitt að eiga að heimta þær inn hjá öllum hreppstjórum á landinu, þeir eru ekki svo fáir, þegar millilíðurinn — sýslumennirnir — væri farnir.

Þá er næst að geta um, að einhver þarf að annast um skrásetningu og mælingu skipa. Ef það er gert eins og lögin nú ákveða, þá er það mikil vinna. Mér hefir talist svo til, að þegar skip er skrásett að fullu, hafi málsskjölin farið 48 ferðir á milli ýmsra skrifstofa.

Þá þarf einhver að halda afsals og veðmálabækurnar og gefa veðbókarvottorð, eins og sýslumennirnir gera nú. Ef til vill gæti hreppstjórarnir gert þetta, en samt hygg eg, að einhverjum þætti örðugra að sækja þetta til þeirra í hvern hrepp í stað eins í sýslunni.

Einhver þyrfti og að útnefna virðingarmenn, hreppstjóra, yfirsetukonur, sáttasemjara o. .fl. Ef þessu eða öðru yrði bætt við stjórnarráðið, þá þyrfti að auka við skrifstofufé þess.

Einhver þyrfti að hafa umsjón með ómyndugra fé, og semja þær skýrslur.

Einhver verður að halda firmaskrár.

Og einhver verður að innheimta vátryggingarfé sjómanna.

Það, sem eg á örðugast með að koma fyrir mig, er það, hvaða leið á að velja til þess, að umboðsstörfin fari ekki í meiri glundroða en áður, þegar þau eru tekin af sýslumönnunum. Það mál er enn mjög lítið hugsað frá minni hlið. Ef til vill mætti setja upp skrifstofu, líkt og amtmennirnir höfðu áður, eða þá setja á stofn nýja skrifstofu í stjórnarráðinu.

Enn er eitt, sem mér hefir dottið í hug í sambandi við þetta mál, og það er, að ef ætlast væri til þess, að hreppstjórar tæki að sér þessi störf, þá þyrfti þeir nauðsynlega að fá einhverja þekkingu í lögum. Mér er kunnugt, að í líku augnamiði og þessu eru skólar settir á stofn í Svíþjóð, og eitthvað líkt í Frakklandi, þar sem menn læra í 2 ár. Af þessu leiðir auðvitað, að það þyrfti að auka laun hreppstjóranna, því að störfin yrði svo margbrotin.

Eg hefi nú tekið fram þá agnúa, sem eg sé á því, að leggja niður sýslumannaembættin, en það er ekki fyrir þá sök, að eg sé mótfallinn aðskilnaði dómsvaldsins og umboðsvaldsins. Eins og eg hefi drepið á, tel eg jafnnauðsynlegt, bæði fyrir almenning og sýslumannastéttina, að þetta stórmál verði tekið til ítarlegrar íhugunar, og embættin niðurlögð, ef önnur haganlegri leið finst.

Umræðunni var enn frestað, og tók forseti málið út af dagskrá.

Á 17. fundi Nd., þriðjudaginn 21. júli, var tillagan enn tekin til framhalds einnar umr. (þskj. 43, 136).

Einar Arnórsson: Þó að umræðurnar um þetta mál sé nú orðnar alllangar, þar sem umræðum hefir verið frestað tvisvar sinnum, vildi eg samt segja nokkur orð. Eg get byrjað á því, að þakka háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) fyrir það, sem hann sagði, því að ræða hans í gær var óvenju skynsemdarleg og bar engan keim af kjósendaræðu, heldur talaði hann um málið sjálft, og það með góðri greinagerð. Hann hefir tekið af mér ómakið að segja margt, sem eg hefði viljað segja í þessu máli.

Eg skal þá fyrst drepa á eitt atriði í ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Hann hefir misskilið mig viljandi eða óviljandi. Eg hafði sagt í sambandi við þá stefnu þingsins, að vilja dengja öllu á stjórnina, að vér gætum ekki búist við að fá neinn Cæsar eða Napoleon í valdasessinn. Meining min með þessu var ekki sú, að eg áliti, að þessi káktillaga háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) væri nokkrum manni ofurefli að athuga. Eg átti aðeins við þessa skoðun þingsins, að stjórnin gæti gert alla skapaða hluti.

Þá kem eg að tillögu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) og brtill. þeirri, sem háttv. samþingismaður minn (S. S.) og háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hafa borið fram við hana. Eins og eg sagði áðan, var tillagan, eins og hún kom upphaflega fram, kák eitt, en þessi brtill. hefir bætt úr henni, svo að nú er meiri mergur í henni. Nú felur hún í sér mikilsvert og vandasamt þjóðfélagsmál. Þessi brtill. fer í þá átt, að skipa stjórninni að rannsaka, hvort unt sé að aðskilja umboðsvald og dómsvald. Eins og eg hefi áður sagt, hefi eg ekkert á móti tillögunni eins og hún er í sjálfu sér, nema að því leyti, að eg hygg, að það beri engan árangur að vísa svona stórfeldu máli til stjórnarinnar. Það getur varla þýtt annað, en æfinlegan svefn málsins, ef því verður vísað til aðgerða stjórnarinnar. Þinginu fer líkt í þessu efni og sumum skáldunum. Þegar þau eru komin í vandræði með persónur sínar, gera þau sér stundum hægt um vik og drepa þær. Það er svo sem ekki leiðum að líkjast, og líklega er það Henrik Ibsen, sem þingið tekur sér hér til fyrirmyndar. Þegar þingið treystir sér ekki til að ráða fram úr málunum, þá er því næst fyrir hendi að vísa þeim frá sér til stjórnarinnar og drepa þau eða svæfa á þann hátt.

Eg skal nú gera grein fyrir, hvaða störf þingið ætlast til að stjórnin inni af hendi í næstu framtíð.

Í fyrsta lagi hefir verið samþykt hér í deildinni að skora á stjórnina að taka til athugunar og setja reglur um hlutafélög og jafnframt að taka til yfirskoðunar einn allra vandasamasta kafla hegningarlaganna, 26. kapitulann um svik o. fl. Í öðru lagi er á leiðinni í efri deild, að eg ætla, þingsályktunartillaga um, að skora á stjórnina að rannsaka grandgæfilega eftirlaunaspursmálið. Þá er hið þriðja, áskorun um rannsókn á notkun útlendinga á landhelgi landsins. Hið fjórða er símalögin, því að eg ætla, að nefndin muni vísa því máli til stjórnarinnar og ætla henni að undirbúa það til næsta þings. Þá er grasbýlamálið hið fimta. Ætli það verði ekki látið lenda í sömu höfn? *(Sigurður Sigurðsson:* Líftrygging sjómanna). Já, þá er það. Svo er ótalið hið síðasta, hin mikla þingsályktunartillaga, sem hér liggur fyrir í dag. Ef stjórn-

inni er ætlað að gera þetta vel, þá verður hún að láta hendur standa fram úr ermum. Ekki veit eg, hvort til þess er ætlast, að stjórnin ljúki öllum þessum störfum fyrir næsta alþingi. Svo má loks geta þess, að það eru mörg mál, sem stjórnin þarf að taka til athugunar, enda þótt þingið skori ekki á hana. Eg býst við, að það þurfi nú að rannsaka tollalöggjöf landsins, vörutollslögin þarf að framlengja, eða gera aðrar ráðstafanir um skatta- og tollmál landsins á næsta þingi, og getur undirbúningur þess máls orðið mjög mikið starf. Þegar um slíka tillögu er að ræða sem þá, er hér liggur fyrir, þá getur víst engum blandast hugur um, að það er ekki verk stjórnarinnar að undirbúa slík stórmál í hendur þingsins. Annarsstaðar eru settar nefndir færustu manna með fullkomna sérþekkingu til að rannsaka og undirbúa slík mál sem þetta. T. d. hafa nefndir starfað í Danmörku mörg ár að rannsókn og undirbúningi réttarfarslaga og dómaskipunar þar í landi, til undirbúnings nýrra refsilaga, sjólaga, viðskiftalaga, kirkjulaga o. s. frv. Árangurinn af starfi réttarfarslaganefndarinnar er sá, að nú hefir verið settur mikill lagabálkur um það mál alt, sem að vísu er þó ekki nema á pappírnum ennþá, því að hann hafði í för með sér aukna fjárveitingu, sem eg veit ekki, hvort er fengin ennþá.

Í Þýzkalandi hefir það gengið eins; þar hafa verið settar nefndir beztu manna, sem hafa starfað árum saman að undirbúningi borgaralegra laga (Das bürgerliche Gesetzbuch), réttarfarslaga (Prozesordnung), víxillaga, refsilaga o. s. frv. Og svona gæti eg lengi rakið.

Eins og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) benti á, mundi afleiðingin af því, að vísa þessu máli til stjórnarinnar, ekki verða önnur en sú, að stjórnin benti þinginu á, hvaða leið það skyldi fara. En þingið ætti ekki að vera svo skyni skroppið, að þurfa að láta stjórnina vísa sér leið. Eg fyrir mitt leyti þekki alls enga aðra leið en þá, sem aðrar mentaþjóðir fara í svona efnum.

Þá skal eg koma að nokkrum atriðum í ræðum þeirra manna, sem hafa talað.

Háttv. samþingismaður minn (S. S.) sagði, að það væri alþjóðarvilji, að embættismönnum yrði fækkað. Þetta er rétt að sumu leyti, en að sumu leyti rangt. Menn vilja yfirleitt fækka embættismönnum — nema hjá sjálfum sér. Þar geta þeir ekki án þeirra verið. Hann virtist þeirrar skoðunar, að þjóðarviljinn hefði aðallega lagst á sýslumennina. En sé varhugavert að fækka nokkrum embættismönnum, eins og skipulagið á umboðsstjórninni nú er, þá eru það sýslumennirnir. Eg þori að fullyrða það, að næst læknum getum vér langsízt án þeirra verið, eins og nú hagar til. Þeir innheimta hér um bil allar tekjur landssjóðs, með tiltölulega litlum kostnaði. Það, sem þeir innheimta, mun nú nema hér um bil 1,700,000 kr. árlega. Kostnaðurinn við þá innheimtu er í flestum tilfellum 2%, nokkrum 3% og í einstaka tilfelli hærra. Aftur á móti eru innheimtulaunin stundum engin, svo sem um ábúðar- og lausafjárskatt og húsaskatt. Þótt innheimtulaunin sé reiknuð að meðaltali 2%, þá mun það vera hinn lægsti innheimtukostnaður í víðri veröld. Eg hefi lesið það í fræðibókum, að þessi kostnaður nemi í öðrum löndum ca. 10% og sumstaðar talsvert meira. Háttv. 1. þingm. Húnv. (G. H.) talaði í fyrri ræðu sinni um þjóðlygar. Ein af þessum þjóðlygum er sú, að embættisgjöld og sýslana sé yfirleitt að tiltölu hærri hér á landi en erlendis. Þetta er hin mesta fjarstæða. Hér koma 6—7 kr. af embætt-

islaunum á hvert höfuð, í Danmörku eru það yfir 20 kr., og þar sem herkostnaður er mestur, mun það vera miklu hærra.

Þá skal eg víkja að aðalefninu. Eg ætla að skýra, hvað felst í breytingatillögu hinna róttæku eða »radicölu« manna, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.). Það er enginn vafi á því, að það er samkvæmt anda stjórnarskrárinnar, að dómsvaldið og umboðsvaldið sé hvort öðru sem óháðast. Og frá því sjónarmiði er þessi tillaga til bóta, en þó því aðeins, að hægt sé að koma henni í framkvæmd án mikilla óþæginda. Það leikur heldur ekki vafi á því, að með þessu móti væri hægt að skipa dómaraembættin hæfari mönnum. Það mætti gera harðari kröfur til þeirra, og þeir mundu rækja dómarastörfin betur en nú, þegar þau verða að sitja á hakanum vegna argsamra og umsvifamikilla umboðsstarfa. Dómararnir yrði lausir við arg og þvarg það, sem sýslumenn verða nú að hafa. Það er ekki gott að gera sér nákvæma grein fyrir því, hvort þessi aðgreining umboðsvalds og dómsvalds hafi aukinn eða minkaðan kostnað í för með sér. Eg býst ekki við, að komist verði af með færri en 4 héraðsdómara, sæmilega launaða. Kaup þeirra mætti ekki vera minna en 4000 kr. og 1—2000 kr. í ferðakostnað. Þessi breyting hlyti óhjákvæmilega að hafa í för með sér algerða breyting á réttarfarslöggjöf vorri. Því hefir líka verið hreyft, að rétt væri að breyta meðferð sakamála og koma á munnlegum málflutningi. Þessum breytingum býst eg við að yrði að koma á í sambandi við þetta. Munnlegur málflutningur mundi gera það að verkum, að málin drægist minna en nú á sér stað, og frestir yrði allir styttri en títt er nú.

Verði umboðsstörfin tekin af sýslumönnum, verður þeim trauðla komið fyrir á annan hátt en þann, að setja nýja menn á afmörkuðum sviðum *til* þess að hafa þau með höndum, einskonar »Centralumboðsmann«. Þessir menn þyrfti líklega ekki að vera eins margir og sýslumenn eru nú, en eg býst þó ekki við, að komist verði af með færri en 14—15. Laun þeirra þyrfti ef til vill ekki að vera eins há og laun sýslumanna, en þar verður þó mjótt á mununum. Menn geta af þessum orðum mínum séð, að þessi breyting verður ekki til sparnaðarauka — eg er hræddur um, að þetta nýja fyrirkomulag verði heldur dýrara. Hver sýsla hefir nú aðskilinn fjárhag og er því þörf á aðalumboðsmönnum þar. Þar með er ekki sagt, að ekki megi sameina tvö sýslufélög undir einum manni, einsog líka nú á sér stað, t. d. með Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Ísafjörð, Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Líka er þess að gæta hér, að í Ed. er komið fram frumv. um afnám eftirlauna. Það ætti heima í sama »númeri« og þessi tillaga og ætti þau að fylgjast að. Skal eg svo ekki orðlengja þetta meira. Eg get gjarnan gert flutningsmönnum breyt.till. þann greiða, að greiða atkvæði með henni, en eg álít gagnslausa þá leið, sem fara á, að vísa málinu til stjórnarinnar, því að stjórnin getur ekkert gert að marki í þessu máli.

Jón Jónsson: Umræður hafa nú orðið talsvert langar og hafa aðallega snúist um tillögu okkar. Það hefir komið fram í umræðunum, að talsverðir erfiðleikar muni vera á að koma því í framkvæmd, sem við leggjum til í tillögu okkar. En það, sem aðallega kom okkur til að flytja hana, var sú hugsun, að þetta fyrirkomulag gæti ef *til vill*

haft aukinn sparnað í för með sér. Sama hygg eg, að fyrir landsmönnum hafi vakað. Ýmsir ræðumenn hafa nú vakið athygli á mörgum atriðum stjórninni til leiðbeiningar og kann eg þeim þakkir fyrir það. Annars held eg, að það hafi verið misráðið að setja þetta mál ekki í nefnd. Hún hefði getað komið með ábyggilegar upplýsingar stjórninni til stuðnings, því að þótt það sé auðvitað mikils um vert að heyra athugasemdir háttv. þm., þá geta þær vitanlega aldrei haft það heildarsnið, að það komi að eins miklu gagni og skýrt nefndarálit. En héðan af býst eg nú ekki við, að málið geti komist til nefndar.

Eg skal játa, að eg er ekki því vaxinn að stinga upp á öllum þeim breytingum, sem þyrfti og að haldi gæti komið. Þó vildi eg drepa á einstök atriði, sem eg held að gæti skýrt málið. Mér hafði dottið hið sama í hug og hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að það mætti fela einum manni í hverri sýslu, helztu umboðsstörfin, að heimta inn tolla, bæði beina og óbeina. Það yrði erfitt að fá marga menn í hverri sýslu til þessa, þannig að eftirlitið yrði traust og ábyggilegt. Eg hafði haldið, að það mundi nægja að launa hann með þeim procentum, sem sýslumenn fá nú fyrir innheimtu sína. Það er allmikil upphæð og virðist vera sómasamleg borgun.

Viðvíkjandi sveitastjórninni hafði mér dottið í hug, að sýslunefnd kysi sjálf oddvita sinn, er hefði reikningshald sýslunnar á hendi og tæki á móti venjulegum skýrslum og skjölum frá hreppsnefndaroddvitum. Mætti launa honum úr sýslusjóði á sama átt og bæjarsjóður launar oddvita sinn.

Hvað málaflutning snertir, þá held eg, að tiltækilegt væri að veita sáttanefnd meira úrskurðarvald en nú á sér stað. Auðvitað mætti skjóta úrskurðum hennar til fjórðungsdómara, en vald hennar mætti vera fyllra. Eftir núgildandi lögum frá 11. júlí 1911 hefir sáttanefnd því aðeins úrskurðarvald, að um skuldakröfu sé að ræða, sem nemi ekki meira en 50 krónum og að varnaraðili játi að krafan sé rétt.

Líka mætti auka valdsvið hreppstjóra, þannig að þeir héldi öll uppboð, gæti annast yfirfjárráðamensku og skift dánarbúum. Eg býst við, að skiftin mundi ganga greiðara en nú á sér oft stað. Það kemur æði oft fyrir, að skiftin dragast svo lengi, að hreint úr hófi keyrir, enda er við því að búast, þar sem sýslumenn hafa í svo mörgu öðru að snúast.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði mjög skýrt um þetta mál og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri aðeins til málamynda að vísa því til stjórnarinnar — hún hefði engin tök á að ráða fram úr því upp á eigin spýtur. Það er nú kannske hætt við, að stjórnin geti þetta ekki til fulls, en þó er eg hræddur um, að háttv. þm. hafi gert nokkuð mikið úr torfærunum í þessu efni.

Eg játa það, að það getur verið nokkuð fyrirhafnarmikið að koma þessu fyrirkomulagi á, en þó held eg, að það geti gengið, ef hyggilega er að farið og þá býst eg við, að það verði bæði til peningasparnaðar og til þess, að oss verði betur stjórnað eftir en áður. Auðvitað skiftir það miklu máli, að góðir og ábyggilegir menn veljist til þessara umboðsstarfa, en því held eg, að stjórninni ætti ekki að verða skotaskuld úr. Eg þekki marga leikmenn, sem eg er fullviss að mundu vera færir að gegna sýslumannsstörfum í þessu efni og fyrst þeir eru til í sumum héruðum, því skyldi þeir þá ekki vera það í öðrum?

Það gleður mig, að ræðumenn hafa engir haft á móti því, að þessi breyt.till. nái fram að ganga. Og verði hún samþykt, þá gerir hún það að verkum, að

það kemur í ljós, hvort vegur er til þess að koma þessari breytingu á, eða ekki. Sinni stjórnin ekki tillögunni, eða verði ráðið til þess að hreyfa málinu ekki að sinni, þá vekur það ekki deilur í héruðum í bráð. Menn sjá þá, að það er ekki tímabært.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Eg get ekki stilt mig um, þó umræður sé orðnar lengri en eg bjóst við, að minnast á aðra þjóðlygi, en hún er sú, að þeir einir sé framleiðendur, sem rækta jörðina eða róa á sjóinn, en embættismenn lifi aftur af annara afla og sveita, en framleiði ekkert sjálfir. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gaf mér tilefni til þessa og átti eg sízt von á því úr þeirri átt.

Orð hans féllu á þann veg, að ef miða skyldi við fjármunalegan en ekki óbeinan andlegan gróða, þá mætti sjálfsagt kippa flestum embættismönnum burtu, t. d. læknastéttinni og Háskólanum. Ekki hefir mér komið til hugar að meta einkis óbeinan andlegan hagnað, en hér er beinlínis oft að tala um ríflegan fjárgróða. *Þjóðin heldur embættismenn í þeim einum tilgangi að græða á þeim*, fyrst og fremst fé, oft líka annan andlegan hagnað (t. d presta). Ef þjóðinni er ekki beinlínis gróði að því að hafa einhvern starfsmann, á hann engan tilverurétt. Starf hans á þá þjóðin að leggja niður.

Það er ekki undarlegt þótt alþýðu manna sé þetta ekki ljóst, ekki sízt þegar embættismenn eru sífelt ófrægðir og taldir ómagar þjóðfélagsins. Mentaðir menn ætti að vita þetta.

Það ætti að vera öllum ljóst, t. d. að vér stofnuðum landsverkfræðingsembætti, til þess að græða meira en launum hans nemur, vér gerum það til þess að fá hentuga vandaða vegi, traustar steinbrýr eða járnbrýr í stað trébrúa, sem fúna og eyðast á fám árum, sem ósérfróður maður mundi láta sér nægja með. Auðvitanlega af því að hann vissi ekki betur. Eg þekki starf læknanna og eg veit, að hver dugandi læknir, sem mikið hefir að starfa, bjargar að meðaltali rúmlega 10 mönnum á hverju ári — menn, sem án læknishjálpar hlyti að hafa dáið, en verða albata og fá aftur fulla heilsu. Eg hefi haft gát á þessu ár eftir ár og ekki talið aðra sjúklinga en þá, sem eg hefði getað sannað fyrir hverjum alþýðumanni, að svo hefði verið ástatt um, sem eg hefi sagt. Ef mannslífið er metið 500 kr., sem auðvitanlega er hlægilega lágt, þá er á þessu ári komnar 5000 kr., sem mun vera drjúgum meir en læknislaun eru að meðaltali.

Eg tel ekki vafa á því, að góður læknir sé framleiðandi, því að fyrir hans starf bætist þjóðfélaginu árlega álitlegur hópur manna, sem rær og slær, og það er beinlínis framleiðsla, sem er lækninum einum að þakka.

Eg skal rétt í örfáum orðum drepa á það, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði. Eg held, að misskilningurinn hafi ekki verið mikill hjá mér á Cæsar og Napóleon, sem hann setti í samband við till., en annars skal eg ekki gera það að deilumáli. — Það er talað um, að ekki megi hrúga slíkum stórmálum á stjórnina. Eg veit ekki, á hverju stjórnin ætti að hafa vit, ef ekki einmitt þessu. Í stjórnarráðinu sitja þó margir lögfræðingar og sumir af þeim gamlir og reyndir sýslumenn, og ætti þeim ekki að vera ókleift að sjá, hvað þessi breyting hefði í för með sér.

Það gladdi mig, að þessi háttv. þm. studdi mitt mál, þar sem hann sagði, að embættismen væri ekki fleiri né dýrari hér, en í öðrum löndum. En þar sem hann telur kostnaðinn hér 7 á móti 20

í Danmörku, þá hlýtur hann að hafa tekið herinn þar með í reikninginn. En það má óhætt fullyrða, að með því að telja eins hér og þar, þá verða embættislaunin hálfu meiri þar en hér og eftirlaunin þreföld. Blöð vor sýna það, að alþýðan hér fer vill vegar í þessu, en hér í deildinni ætti menn að vita betur. Nú í endalok vertíðar ætla eg að segja það, að eg gleðst af því, að þessar löngu umræður hafa sýnt og sannað það eitt, að tillaga mín sé mjög góð. Væri hún samþykt má reiðanlega fækka að minsta kosti 2 embættum og spara um 5000 kr.

Um breyt.till. er það að segja, að eg hefi í sjálfu sér ekkert á móti henni, en tel hana verri og vafasamt, að komi að nokkru gagni. Satt að segja datt mér einmitt hún fyrst í hug, og hún hefir ýmsar góðar hliðar. Hv. ráðh. hefir sýnt það, er hann tók við völdum 1903, að hann er þeirri skoðun hlyntur, sem í henni felst. En þótt hann hafi nú setið tvisvar í ráðh.sessi eftir 1903, þá hefir hann ekki hreyft því máli, og sýnir það, að honum hefir fundist það erfitt viðfangs.

Dr. Valtýr Guðmundsson hefir einnig hreyft þessu oftar en einusinni, en aldrei hefir þó neitt orðið úr því. Margoft hefir verið á þetta minst, bæði í blöðum og á þingi. Eg hefi líka reynt að velta því fyrir mér, og þótt eg sé því ef til vill ekki vel vaxinn að dæma um það, þá verð eg að taka undir það, sem hv. 1. þm. S-Múl. sagði í sinni löngu ræðu um erfiðleika á þeirri tilhögun og tvísýnan sparnað. Eg legg þessvegna ekki mikið upp úr þessari rannsókn að svo stöddu, og þá er ekki annað eftir, en að minsta kosti sé tvö sýslumannsembætti óþörf. Því hefir ekki verið mótmælt með rökum, að þau sé óþörf, og það er heimska af hverju þjóðfélagi að hafa fleiri starfsmenn en nauðsyn krefur. Það er þessvegna rétt og óhjákvæmilegt, hvað sem frekari breytingum líður, að athuga hvaða embætti má afnema að skaðlausu.

Eina mótbáran móti þessu, sem nokkurs er virði, þótt lítið sé, er sú, að sparnaðurinn verði svo lítill, að það borgi sig ekki að eiga við þetta. Þótt ekki væri unnið við samsteypuna nema svo sem 4500—5000 kr. á ári, þá sýndi það þegar, að tillagan væri réttmæt.

Laun fastra starfsmanna má skoða sem vexti af höfuðstól, og þá svöruðu þessir vextir til 100 þús. kr. höfuðstóls, eða því sem næst. Eg skil ekki í öðru, en að hv. deild kannist við það, að þetta er ekki einskis virði, og þegar vér þurfum sí og æ að vera að bæta við oss nýjum starfsmönnum, þá er full þörf að kippa burtu þeim af hinum gömlu, sem missast mega.

Eg sé, að hér eru nú svo fáir inni í deildinni, að atkv.gr. hefir ekki fulla þýðingu. En eg hefi þá skoðun enn, að ef mín tillaga verður samþykt, þá verði góður árangur af því, og þótt eg sé ekki á móti því, að hin till. verði sþ., þá efast eg um, að hún komi að nokkru gagni.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi í sjálfu sér fáu eða engu að svara. Hinsvegar er eg þakklátur þeim hv. þm., sem lagt hafa gott til málsins og stutt brt. okkar.

Það er enginn vafi á því, að hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), og hv. samþingism. minn (E. A.) hafa lagt mestan skerf til þess, að upplýsa málið hér í deildinni, enda eru þeir báðir svo settir, að þeim ætti að vera manna bezt trúandi til þess.

Eg hafði sagt í inngangsræðu minni, að það væri almenn ósk manna hér á landi, að embættismönnum yrði fækkað. Við það gjörði hv. samþingismaður minn þá athugasemd, að þótt menn vildi það, þá vildi þó ekkert hérað missa sína

embættismenn. Það er nokkuð til í þessu. En þessar óskir klingja þó allsstaðar, og áskoranir hafa jafnvel borist til þingsins frá mörgum þingmálafundum, um, að það gjöri eitthvað í þessu máli. Tillögur í þessa átt, sem breytingartillagan stefnir að, hafa ekki verið samþyktar hér í þingi áður. En hitt er satt, að einn og annar hefir minst á það hér áður, að ef ætti að fækka embættismönnum, þá mundi ráðlegast að fækka sýslumönnum á þann hátt, að aðskilja dómsvaldið frá umboðsvaldinu. Ef það reynist nú ókleift, og það kemur í ljós, að það verður kostnaðarmeira, þá vandast málið. Hvað á þá að gera? Sumir segja: fækka prestunum. Eg held að það verði erfitt. Þeim var nú nokkuð fækkað með prestakallalögunum frá 1907. En hvað skeður? Síðan hafa komið á hverju þingi áskoranir um það, að fá þau prestaköll upp aftur, sem þá voru lögð niður. Eg held, að það sé ekki til neins að eiga við prestana.

Það eina skynsamlega, sem vér gætum gjört í því tilliti, væri það, að skilja ríki og kirkju, þegar stjórnarskrárbreytingin er gengin í gildi. Þá er hver sjálfráður, hve mikið hann vill leggja á sig í þarfir kirkju og kristindóms.

Það er nú eins og komið sé við hjartað í mönnum, ef minst er á læknana. Á hverju þingi er beðið um að stofna ný læknishéruð. Hv. 1. þm. Hún. (G. H.) hélt hagfræðislegan fyrirlestur um það, að þeir væri framleiðendur, af því að þeir héldi lífinu í mönnum. *(Einar Arnórsson:* En hvað drepa þeir marga?). Það er nú stundum, en ekki alténd, að það er hagfræði, að halda lífinu í mönnum. Það fer eftir því, hvað nýtir menn það eru í þjóðfélaginu. Annars munu læknar vera framleiðendur eins og aðrir embættismenn að því leyti, að þeir geta börn, en að öðru leyti ekki. Þeir styðja aðeins að framleiðslunni óbeinlínis, ef þeir hjálpa til þess, að einhverjir, sem fatlast eða veiklast, geti farið að vinna aftur. En ef ekki má fækka læknum, prestum né sýslumönnum, hvað á þá að gjöra? *(Einar Arnórsson:* Þá eru ráðunautarnir!). Eg gæti spurt vin minn og samþingismann, hvort ekki mundi þá vera eins rétt að bera niður hjá honum við háskólann og reyna að fækka eitthvað prófessorum og dócentum við þá stofnun.

Yfirleitt held eg að eini færi vegurinn væri sá, að fækka einhverju af þessum ómyndarskólum, sem hanga á horriminni og gjöra ekki hálft það gagn, sem þeir ætti að gjöra og er ætlað að gjöra.

Þá gjörði hv. samþingism. minn þá athugasemd, að þetta væri svo stórt mál, að stj. væri það ekki ætlandi. Það getur nú verið, og ef til vill hefði það verið nærgætnara af okkur, að ætla henni að koma ekki fram með frv. um þetta þegar á næsta þingi, heldur síðar. Það þarf nú ekki að taka það tímatakmark svo bókstaflega, en aðeins vil eg spyrja: Hver á að gjöra þetta, ef ekki stjórnin? *(Rödd:* Milliþinganefnd!). Já, vér þekkjum nú þessar milliþinganefndir, og síðast fánanefndina. Hver er svo árangurinn af þessum milliþinganefndum? Sáralítill, nema kostnaður fyrir landssjóð.

Líka má hugsa sér að setja fasta nefnd. Það getur verið, að það væri ekki lakara, ef menn setti henni þá stólinn fyrir dyrnar, þannig, að henni væri ekki reiknað kaup fyrir aðra tíma en þá, sem hún verði til að starfa að þessu máli. En eins og kunnugt er, hafa milliþinganefndir oft reiknað sér kaup fyrir allan tímann, sem þær hafa setið, hvort sem þær hafa unnið eða tekið sér frí. En væri líka ekki hugsanlegt, að stjórnin gæti leitað til einstakra manna, og falið þeim að gjöra

tillögur um málið? Vér höfum menn við háskólann, sem hafa hæfileika til að gegna meiri störfum, en þarf að vinna, eins og t. d. hv. samþingismaður minn, og enda hv. 1. þm. Hún. (G. H.) líka. Eg hefi eins mikla trú á því að leita til þeirra, eins og að kasta út 10 til 20 þús. kr. til nefndar, sem lítið eða ekkert liggur eftir að gagni.

Auðvitað ætlast eg ekki til þess, að þeir gerði þetta fyrir ekki neitt, þótt eg viti, að þeir eru óeigingjarnir menn, en dálítið ódýrara ætti það þó að verða. Stjórninni er innanhandar að leita til einstakra manna, ef hún vill og getur ekki annast málið sjálf, og þess vegna sé eg ekkert á móti því, meðal annars af þessum ástæðum, að samþykkja br.-tillöguna.

Eg skal svo ekki segja meira. Eg vænti þess, eftir undirtektunum, að brt. verði samþ.

Eg skal ekki fara hér út í hagfræðishugleiðingar hv. 1. þm. Hún. (G. H.) um það, hverjir vinni mest að framleiðslunni hér í landinu. En það skilst mér, að það verði þeir, sem sjálfir leggja hönd á plóginn, bændur, sjómenn og aðrir verkamenn.

ATKV.GR.:

Brt. á þskj. 136 samþ. með 20 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	
Benedikt Sveinsson	
Björn Hallsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jón Jónsson	
Magnús Kristjánsson	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir greiddu eigi atkvæði: Guðm. Hannesson, Einar Jónsson, Jóhann Eyjólfsson og Matthías Ólafsson, og töldust því til meiri hl.

Fimm þingmenn fjarstaddir.

Aðaltillaga á þskj. 43 þar með fallin.

Tillagan afgreidd til stjórnarinnar, sem *þingsályktan Nd. alþingis.*

---

3. Hlutafélög.

Á 8. fundi Nd., föstudaginn 10. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um hlutafélög og endurskoðun á 26. kafla hinna almennu hegningarlaga (þskj. 59).

Á 11. fundi Nd., þriðjudaginn 14. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 15. fundi Nd., laugardaginn 18. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Flutningsm. (Sv. B.): Eins og kunnugt er, hefir hlutafélögum farið talsvert fjölgandi hér á landi á síðustu árum.

Eg vona, að öllum sé ljóst, hvað átt er við með hlutafélögum. Það eru samlagsfélög, þar sem félagarnir leggja fram ákveðna fjárupphæð hver í því skyni, að koma á fót framkvæmdafyrirtækjum í fjáraflaskyni. Þannig er um þetta búið, að félagarnir bera ekki

ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru af eigum sínum en því einu, er þeir hafa í félagið lagt.

Þetta fyrirkomulag er ekki nýtt, þótt það hafi aðallega hlotið vöxt og viðgang á hinum síðari árum, bæði hér á landi og annarsstaðar. Sögur fara af því þegar frá 14. öld, og hófst það fyrst í borginni Genua á Ítalíu. Sú borg átti verzlun mikla við Miðjarðarhaf og vóru það í fyrstu bankar og aðrar lánstofnanir, er stofnað var til á þenna hátt, til þess að hjálpa mönnum til að standast viðskiftaframkvæmdirnar. Í Danmörku var þetta fyrst tekið upp árið 1616, er þar var stofnað dansk-austur-indverska félagið. Í Englandi var sjálfur Englandsbanki einna fyrsta stofnunin með þessu sniði, stofnaður 1694, og tóku hlutafélög eftir það að fara mikið í vöxt í Englandi og Frakklandi.

Þegar í byrjun varð þess vart, að þetta fyrirkomulag var notað mikið til svika, og þeirra jafnvel ennþá glæfralegri, en þekst höfðu áður í viðskiftum einstakra manna. Þannig komu upp hjá einu félagi á Englandi, Suðurhafsfélaginu, einhver mögnuðustu svik, sem heimurinn hefir þekt, árið 1720. Vóru þá í lög leidd sérstök ákvæði, til þess að reyna að hindra slíkt, og var það hinn frægi »Bubbleact«. Hann var mjög harður, og lá við, að hann kvæði niður þetta form viðskiftafélagsskaparins. Aftur var hann upphafinn 1825 og frjálslegra fyrirkomulag í lög leitt, en þá tók þegar aftur að brydda á svikum, og var enn hert á löggjöfinni 1844 og var þá sérstaklega ákveðið, að leyfi krúnunnar þyrfti til alls bankareksturs. Síðan hafa þar í landi verið gefin þrenn lög um þetta efni, 1862, 1867 og síðast 1879, lög sem enn eru í gildi að mestu leyti.

Í Þýzkalandi hefir verið allstrangt eftirlit með hlutafélögum, og mun hafa þurft ríkisleyfi til að stofna þau fram að 1870, en núgildandi hlutafélagalög þar eru frá 1884. — Frakkland fékk sín lög 1867 og ríkisleyfi þurfti þar til hlutafélagsreksturs fram að 1863. Síðan hefir verið mikið um það hugsað á Norðurlöndum, að marka hlutafélögum bás með löggjöfinni, og eftir miklar umþenkingar um það efni, settu Svíar lög um það hjá sér 1895, en Norðmenn 1910. Danir hafa ekki fengið slík almenn lög enn, þó að þeir hafi gefið lög um fáeinar tegundir slíkra félaga, en mikið hefir verið átt við lagasmíð þar um hlutafélög, og hefir setið nefnd á rökstólum í því skyni síðan árið 1900 og hafa frumvörp þessa efnis verið lögð fyrir þingið víst þrisvar sinnum. Hið síðasta var á ferðinni í febrúar í vetur, en ekki hefir enn hepnast að koma fram lögunum.

Markmið löggjafarinnnar í þessum efnum er það tvent, að gefa þeim mönnum, sem eitthvert fé leggja í slík fyrirtæki, sem bezta tryggingu fyrir því, að vel og samvizkusamlega verði með það farið, og svo hitt, að þeim, sem skifta við slík félög, sé óhætt að eiga skifti við þau, lána þeim, án þess að til þess þurfi að koma, að ekki sé að nógu eða jafnvel neinu að ganga til skuldagreiðslu sökum hinnar takmörkuðu ábyrgðar. Þessu takmarki hafa menn reynt að ná með ýmsu móti. Til dæmis hefir verið reynt að verða við kröfunni um tryggingu með því, að láta hvert félag verða að hafa sérstakt leyfi, konunglega Concession, til þess að starfa í landinu. En það, sem ofan á hefir þó orðið í heiminum, er þó einkum brezka stefnan, er kalla mætti opinberleikakerfið, og einkum er í því fólgið, að skylda félögin til þess, að gera almenningi opinbert alt, sem snertir hag þeirra. Þess er krafist, að tilhögun hvers félags skuli skrásett á opinbera skrá, sem almenningur hefir

aðgang að. Ekkert félag með takmarkaðri ábyrgð má starfa, nema það geti þess fyrirkomulags í sjálfu nafni sínu með orðinu Limited á firmaskrám, starfshúsum og í öllum skrifum. Hlutaútboð eiga að vera undirskrifuð af ákveðinni tölu hluthafa, 7 mönnum. Hlutaútboð og lög eiga að vera skrásett og bæði þetta og árlegir reikningar félagsins að leggjast fram opinberlega. Getur minni hluti félagsmanna krafist þess, að fjármálaskrifstofa Breta láti eftirlitsmenn rannsaka haginn. Aðalfundur skal haldinn að minsta kosti einu sinni á ári og skyldir eru hluthafar að greiða inn í félagið alt það hlutafé, er þeir hafa lofað, og hvílir sú skylda jafnvel á þeim í eitt ár, eftir að þeir eru hættir að vera hluthafar. Sérstakar reglur eru um Liquidation, gjaldþrot og skifti, ábyrgð stjórnarinnar o. fl. o. fl. Þetta er nú brezka löggjöfin. Í Danmörku hafa menn hugsað sér að fara að mestu í þessa átt, en jafnframt reyna að taka meira tillit til þess, að félögin verði ekki um of hindruð í því, að ákveða innra fyrirkomulag sitt, unna þeim dálítið meira frjálsræðis en Bretar.

Hér á landi eru hlutafélög ekki jafn gömul og ytra. Hið elzta mun vera Gránufélagið, er stofnað var um 1870. Síðan hafa ýms hlutafélög verið stofnuð hér og sérstaklega hefir þeim fjölgað eftir aldamótin síðustu. Einkum hafa í Reykjavík risið upp hlutafélög til iðnreksturs og verzlunar, og á seinustu árum ekki hvað sízt til fiskveiða, er aðallega hafa verið rekin með útlendu fé. Ýms félög hafa og verið mynduð í Danmörku og jafnvel í Englandi, í þeim tilgangi, að reka atvinnu og verzlun í sambandi við Ísland. Félög þessi hafa flest tekist miður en skyldi, þau hafa farið á höfuðið og jafnvel bakað oss talsvert óorð út á við. En annars held eg megi segja, að víðar sé pottur brotinn en hjá þessum erlendu félögum, sem hér hafa starfað. Hér eru gerðar litlar kröfur til tryggingar hluthöfum og viðskiftamönnum félaganna, og ákvæði vantar í lögin um stofnun slíkra fyrirtækja. Stór hlutafélög hafa verið mynduð af mönnum, sem ekki hafa haft nægilegt vit á þeim málum, og er vandséð hverjar afleiðingar slíkt getur haft. Þess verður að gæta, að hlutafélög eru nú orðin allmörg hér og reynslan er sú hér og annarsstaðar, að nauðsyn er á að setja þeim fastar reglur, til þess að viðskiftalíf landanna geti starfað á tryggilegan hátt.

Eg hygg, að það verði að teljast viðurkent, að hér sé því þörf fyrir löggjöf um þetta efni, og sú þörf verði æ brýnni með hverjum deginum sem líður. Þess vegna hefi eg leyft mér að koma fram með uppástungu í þá átt, að farið verði að hreyfa þessu hér eins og annarsstaðar. Eg sting upp á því, að háttvirt deild skori á landsstjórnina að undirbúa frumv. til laga um hlutafélög og sé þar hnýtt aftan við jafnframt endurskoðun á 26. kap. hegningarlaganna. Ástæða til þessa er sú, að um leið og slík lög yrði gefin út, yrði auðvitað að setja viðurlög fyrir brot á þeim. Og þau fyrirmæli eru þess eðlis, að nauðsynlegt er að beita allharðri hegningu við brotum. Slík brot nálgast sem sé oftast það, sem í daglegu tali er kallað svik.

Því verður ekki neitað við nánari umhugsun, að sá kafli hegningarlaganna, er hér um ræðir, svikakaflinn, er orðinn allúreltur, eftir það er viðskiftalífið tók að þroskast hér og taka breytingum. Hegningarlög vor eru frá 1869, en eru ekki annað en endurtekning af dönsku hegningarlögunum frá 1866. Þau lög eru nú í mörgu orðin á eftir tímanum, og ekki sízt í þessu. Er þá eðli-

legast að taka allan þenna kafla í einu til rækilegrar íhugunar, því að bæði vantar tilfinnanlega í hann ýms ákvæði og svo er hann ekki glögt orðaður. Nágrannaþjóðirnar eru flestar farnar fram úr oss í þessu efni. T. d. eiga Norðmenn lög frá 1902, sem eru miklu betri og í þeim ítarlegri refsiákvæði fyrir ýmislegt það, sem í daglegu tali er kallað »Svindel«, en sem hegningarlög vor ná ekki yfir. Þar er einnig sérstakur kafli um traustrof, sem hér vantar tilfinnanlega. Skal eg aðeins nefna 275. gr. í norsku hegningarlögunum, sem er þannig, að sá, sem til þess að útvega sér eða öðrum óréttmætan hagnað, eða öðrum til skaða vanrækir hagsmuni annars manns, er hann á að gæta, eða vinnur honum í óhag að þessu leyti, sætir fyrir það sektum eða fangelsi alt að þriggja ára.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar nú, vænti og að þetta nægi til þess, að sýna háttv. deild, að tillaga þessi er ekki fram komin að ástæðulausu, og vona eg að hún verði samþ.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 17 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem þingsályktun frá neðri deild Alþingis.

4. Landhelgisnot útlendinga.

Á 9. fundi Nd., laugardaginn 11. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir gegn útlendingum út af notum þeirra á íslenzkri landhelgi og höfnum hér á landi, við ýms verkunarstörf á fiskifangi (síld). (Þskj. 68).

Á 13. fundi Nd., fimtudaginn 16. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 15. fundi Nd., laugardaginn 18. júlí, var tillagan tekin til einnar umr. (Þskj. 68, 134).

Forseti (Ó. Br.): Eg skal geta þess, að breyt.till. á þskj. 134 er svo seint fram komin, að leita verður afbrigða frá þingsköpum, að hún geti komið hér til umræðu.

Ráðherra og deildin leyfði afbrigðin.

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Tillögu þessa hefi eg leyft mér að koma hér fram með samkvæmt ályktun frá þingmálafundi, sem haldinn var á Siglufirði nú í vor sem leið. Það hefir viðgengist nú um nokkur undanfarin ár, að útlend skip hafa komið á Siglufjörð þegar í byrjun veiðitímans og legið þar síðan allan síldveiðitímann sem fljótandi stöðvar á höfninni og tekið þar á móti síld úr fleiri eða færri veiðiskipum. Í þessum stöðvarskipum er svo síldin söltuð; hvort þar fer fram kaup eða sala á aflanum, eða allur sá skipastóll, ásamt stöðvarskipinu, er eign eins og sama manns eða útgerðarfélags, er mér ekki ljóst. En hvort heldur sem er, þá er það í mesta máta undarlegt, þar sem öll síldin er verkuð »um borð«, að þeir menn, sem þennan útveg reka, skuli hvorki þurfa að vera búsettir hér eða hafa leyst borgarabréf. Að þeim skuli leyfast að hafast slíkt að á höfninni, án þess að hafa uppfylt þau skilyrði, sem virðast nauðsynleg til slíks atvinnureksturs. Að vísu munu útgerðarmenn þessara skipa oftast greiða toll af síldinni og sömuleiðis áritunar og vitagjald, en önnur gjöld til opinberra þarfa, svo sem

sveitargjöld, alls ekki. Auk þess er ekkert eftirlit með því, hve mikil síld flyzt héðan til útlanda á þennan hátt, heldur er þar aðeins farið eftir þeirra eigin sögusögn, því að þegar skipin eru hlaðin fara þau til útlanda með síldina, án nokkurs frekara umtals eða eftirlits.

Ennfremur á það sér stað um fjölda skipa, er stunda síldveiðar fyrir Norðurlandi, og hafa bækistöð sína á Siglufirði, að þau ýmist salta aflann þar sem þau veiða á leiðinni í land, eða á höfninni í sjálf veiðiskipin, en flytja ekkert af síldinni í land til verkunar. Og þessi skip greiða alls engan toll af veiðinni, ekki einusinni af því, sem þau verka í landhelgi eða inni á höfn og þá auðvitað ekki heldur sveitarútsvar, en áskriftar- og vitagjald munu þau borga.

Á þessu álíta Siglfirðingar sérstaklega nauðsynlegt að bót sé ráðin. Þeir æskja þess, að lög sé sett um það, að stöðvarskipunum sé ekki heimilt að verka síldina »um borð« á höfninni, án þess þeir sé hér búsettir eða hafi borgarabréf. Sérstök umkvörtun um þetta, eða fyrirspurn til stjórnarráðsins hefir verið send af þeim útlendu útvegsmönnum, sem búsettir eru þar í landi og bygt hafa þar mannvirki, bæði hús og bryggjur, með ærnum kostnaði. Stöðvarskip þessi keppa einmitt við þá og því hafa þeir gert fyrirspurnina til stjórnarinnar um það, hvort það geti verið leyfilegur atvinnurekstur, án þess að krafist sé, að útvegseigandi hafi búsetu í landi og leyst borgarabréf.

Þessari fyrirspurn hefir stjórnin engu svarað, og er það óneitanlega dálítið undarlegt; en hvað sem um það er að segja, þá virðist svo sem hér sé full nauðsyn á, að skýrt sé kveðið á um það í lögum, að skip eða útvegsmenn, sem allan veiðitímann liggja inni á höfnum, taka þar á móti síld úr fleiri eða færri veiðiskipum og verka hana að öllu leyti til útflutnings, sé skyldaðir til að hafa hér búsetu.

Eg hefi, eins og áður er sagt, flutt þessa tillögu samkvæmt ósk kjósanda minna og af því, að eitthvað þarf að gera til þess í fyrsta lagi að koma í veg fyrir það, að menn geti jafnvel keypt og verkað síld á höfnum inni án þess að hafa búsetu í landi og borgarabréf, og í öðru lagi til þess að útlendum veiðimönnum haldist það ekki uppi, að greiða engan toll af þeirri síld er þeir salta í landhelgi og flytja burt af höfnum til útlanda. Ennfremur virðist það liggja í augum uppi, að þessum mönnum ætti að bera bein skylda til þess að greiða sveitarútsvar.

Skal eg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vona að háttv. deild samþ. að fela stjórninni að koma fram með einhver skýrari ákvæði um þetta á næsta þingi.

Magnús Kristjánsson: Eg skal ekki tefja tímann lengi, ætla aðeins að geta þess, að á þinginu 1905 flutti eg frumv. sama efnis og þessi þingsályktunartillaga. Málið var þá tekið til rækilegrar íhugunar, en þingið komst þá að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að girða fyrir það, að útlendingar, sem verkuðu fisk sinn á leið til hafnar eða jafnvel að einhverju leyti inni á höfnum hér við land, færi ekki með aflann án þess að gjalda af honum útflutningsgjald. Eg verð að segja, að mér féll þetta mjög illa þá, og átti mjög örðugt með að átta mig á því, að þingið ekki gæti gert neitt til að koma í veg fyrir þetta; en við því varð ekki gert, úr því meiri hluti þingsins leit svona á málið.

Það hefir viðgengist hér um langan aldur, að Frakkar, sem fiska hér við land, leggja skipum sínum inni á höfnum og afferma í önnur skip, sem svo

fara með hann út, án þess að greiða einn eyri í útflutningsgjald.

Þetta sýnist vera æði hart, að útlendingar skuli verða betur úti, en þeir innlendir menn, sem stunda sömu atvinnu. Mér þykir því vænt um, að þessi tillaga er framkomin, ef ske kynni, að þingið sæi sér fremur nú en 1905 fært að ráða einhverja bót á þessu.

Hitt atriðið er um það, hvort útlendingar skuli geta rekið hér atvinnu með þeirri aðferð, sem um er getið í tillögunni, án þess að vera skyldir til að greiða útsvar eða önnur opinber gjöld, og án þess að hafa nokkurt verzlunarleyfi. Það virðist nokkuð hart, en þó held eg, að ekki muni vera hægt að gera þeim þetta að skyldu, ef þeir dvelja ekki 4 mánaða tíma, nema talsverðar breytingar verði gerðar á sveitarstjórnarlögunum.

Eg get um þessa tilraun mína 1905, aðeins til þess, að menn geri sér ekki altof miklar vonir um mikinn árangur af þessari tillögu. Annars lofaði eg að tala stutt, skal aðeins geta þess að sjávarútvegsnefndin ræddi þetta mál rækilega á síðasta þingi, en fann þá enga færa leið út úr þessu.

Sveinn Björnsson: Eg skal ekki tala um sjálfa tillöguna, en aðeins geta þess út af ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.) að mér virðist það vera eðlilegt, að útlendingar, sem reka sömu verzlun inni á höfnum, sem innlendir menn reka í landi, greiði sama gjald og aðrir og trúi því tæplega, að ókleift verði að koma því svo fyrir.

Ástæðan til þessarrar viðaukatillögu á þskj. 134 er sú, að bæði mér og öðrum hefir sárnað að sjá það þegar útlendingar, sérstaklega Frakkar, sem veiða hér allan fiskveiðitíma ársins, frá því í febrúar og til sumarloka, fá til sín skip, um fiskveiðitímann, sem flytja þeim salt og aðrar nauðsynjar þeirra, en taka aftur við fiskinum, sem þeir hafa veitt hér og flytja hann út til Frakklands, og þetta alt án þess að greiða einn eyri í innflutningsgjald eða útflutningsgjald. En ef vér Íslendingar rekum þessa atvinnu, þá verðum vér að gera svo vel að borga mikið fé í tolla.

Þetta er gert meðal annars til þess að geta saltað fiskinn með frönsku salti, þá fá útgerðarmennirnir 36 franka fyrir hverja smálest af fiski, sem franska ríkið borgar þeim í »præmie«, til þess að standa betur að vígi í samkepninni við oss um fisk sem fiskast hér við land. Eg get ekki furðað mig á því, að Íslendingum svíði það í augum, að þeir þurfa að borga þung gjöld fyrir að reka fiskveiðar sem atvinnu, en ef útlendingar reka sömu atvinnu, þá losna þeir við öll gjöld.

Mér hefir verið sagt, að ekki væri hægt með nokkuru móti að koma því þannig fyrir, að vér legðum gjöld á þessa útlendinga, því að það væri á móti alþjóðareglum. Eg veit, að þetta er ekki algild regla, og eg hefi ekki fundið neitt, sem er því til fyrirstöðu, að vér getum þetta.

Mér hefir ennfremur verið sagt, að á landshöfðingjaárunum hafi farið fram bréfaskriftir um þetta milli landshöfðingjans og Nellemanns og svo utanríkisráðuneytisins, og hafi utanríkisráðuneytið ekki séð sér fært að heimta þessi gjöld, en aftur hefi eg aldrei heyrt, að þessu máli hafi nokkuru sinni verið hreyft síðan stjórnin fluttist inn í landið.

Eg vona, að viðaukatill. mín geri ekki neitt mein, en vildi með henni skora á stjórnina að taka þetta mál til rækilegrar íhugunar, og rannsaka þetta mál ennþá ítarlegar en áður hefir verið gert.

Matthías Ólafsson: Eg gæti sparað mér að standa upp, því að hv. 1. þm. Rvíkur (Sv. B.) hefir tekið flest fram af því, sem eg ætlaði mér að drepa á.

Hv. þm. Akureyrar tók það fram, að sjávarútvegsnefndin í fyrra hefði haft þetta mál til meðferðar, og var þá spurst fyrir um þetta til stjórnarinnar, og kom þá það svar, að þessu væri ekki hægt að breyta.

Það er ekki einungis, að nú megi flytja héðan fisk, án þess að greiða nokkur gjöld af þeirri atvinnu, heldur má líka beinlínis selja fisk hér við land, án þess að greiða neitt fyrir þá verzlun. Það væri ekki svo lítið unnið, ef hægt væri að kippa þessu í gott lag, og auðvitað munu Frakkar vera tregir til samninga, og Danir smáir til að vernda rétt vorn út á við, en þó er það ekki alveg útilokað, að hægt verði að ráða bót á þessu ástandi, sem nú er.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þskj. 134 var samþykt með 17 samhlj. atkv.

Tillagan þannig breytt samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem þingsályktun frá *Neðri deild alþingis.*

---

5. Útibú Landsbankans á Austurlandi.

Á 13. fundi Nd., fimtud. 16. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar, um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi. (Þskj. 106).

Á 16. fundi Nd., mánudaginn 20. júlí, bar forseti upp, *hvernig ræða skyldi* tillöguna.

Tillaga forseta, um eina umræðu, samþykt í einu hljóði.

Á 17. fundi Nd., þriðjud. 21. júlí, var tillagan tekin til e i n n a r u m r.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Þessi tillaga er framkomin af því, að enn er ekki farið að stofna útibú það frá Landsbankanum á Austurlandi, sem ráð var gjört fyrir í bankalögunum frá 1885. Menn eru nú farnir að verða langleitir eftir þessu útibúi, og sætta sig ekki við að fá það ekki, eins og hinir fjórðungarnir, þar sem Austurland á jafnt tilkall til þess og þeir.

Þörfin er mikil hjá oss fyrir peningastofnun. Að vísu er á Seyðisfirði útibú frá Íslandsbanka, en það er allskostar ónóg.

Það er kunnugt, að á Austurlandi er mikil framleiðsla, þar sem búskapur er þar kominn á góðan rekspöl, einkum að því er snertir sauðfjárrækt, auk þess sem sjór er þar stundaður mikið við sjávarsíðuna og verzlun allmikil. Það gefur því að skilja, að þar sem svo mikið verkefni er, þar hlýtur banki að eiga stórt verksvið, og það hefir oft komið sér bagalega, að geta ekki fengið lánsfé eftir þörfum. Einu úrræðin hafa verið þau, að fá peninga hjá verzlununum, þegar ekki næst til bankanna. En það vita allir, hve óeðlilegt það er, að þær haldi enn áfram að vera lánsstofnanir. Það er eins og sýnishorn af gamla fyrirkomulaginu, meðan einokunin var.

Verzlanirnar binda þá við sig með lánum, sem þær þora að lána; hinir fá ekkert, sem ekki þykja líklegir viðskiftamenn, eða lítið eiga undir sér. Og fái menn ekki peninga þar, þá fá þeir þá hvergi, og það horfir ekki til þjóð-

þrifa, því að peninga þurfum vér að hafa, ef nokkrar athafnir eða framkvæmdir eiga að vera í landinu.

Eg hefi heyrt sagt, að því hafi verið fleygt hér í Rvík, þar sem bankarnir eru, að það sé ekki gott að lána Austfirðingum peninga, af því að þeim sé ekki trúandi fyrir þeim. Eg veit ekki, hvað hæft er í því, en sé slíkt á orði, þá hefir það ekki við annað en skrök að styðjast, og eg hygg, að þar hafi ekki verið frekar pottur brotinn að þessu leyti, en annarsstaðar á landinu. Að minsta kosti er reynsla útibús Ísl.-banka þar sú, eftir því sem mér er kunnugt. Því mun nú reyndar vera mjög vel stjórnað, en það er þó ekki eingöngu því að þakka, að vel hefir gengið, heldur líka skilvísi viðskiftamanna þess og gjaldþoli.

Það virðist í alla staði vera sanngjarnt, að farið er fram á þessa beiðni við stjórnina, því að bankinn getur ekki gjört þetta nema með hennar leyfi. — Vona eg svo, að hv. deild taki málinu vel, því að það miðar til verulegra framfara fyrir Austfirðingafjórðung, og um leið landið alt.

Matthías Ólafsson: Á ferð minni um Austfirði í vor sem leið, varð eg þess var, að margir útvegsmenn þar eystra vóru óhæfilega bundnir kaupmönnum, og að það stóð útvegi þeirra mjög fyrir þrifum, hve ósjálfstæðir þeir vóru fjárhagslega.

Mér kom þetta mjög á óvart, því að eg vissi, að talsverður afli var þar, og fór því að leita fyrir mér með það, hvernig á þessu gæti staðið, og sú niðurstaða, sem eg komst að, var sú, að þetta komi alt til af því, að menn gæti ekki fengið lán annarsstaðar en hjá kaupmönnum. Allir, sem eg mintist á þetta við, sögðu, að þeim fyndist bráðnauðsynlegt að fá bankaútibú frá Landsbankanum.

Eg hygg, að það hafi staðið framkvæmdum þessa máls fyrir þrifum, hve Austfirðingar eru sjálfir sundurlyndir í þessu efni. Sumir vilja óðir hafa útibúið á Seyðisfirði, aðrir vilja hvergi hafa það nema á Eskifirði.

Ef eg mætti eitthvað leggja til þeirra mála, þá held eg, að heppilegast væri að hafa það á Seyðisfirði, svo að útibúin sé þar hvort við hliðina á öðru og gæti starfað hvort í sambandi við annað.

En hvað sem öðru líður, þá mega ekki framkvæmdir þessa máls dragast lengur, því að hér er sérstök brýn nauðsyn á að fá bankaútibú.

Eg sé, að hv. þm. S.-Múl. biður um orðið, — líklega til þess að halda fram útibúi á Eskifirði. Vonandi rætist þó sú spá mín ekki, því að slíkt mundi verða málinu til tjóns. Eg vona að hann fallist á það með mér, að heppilegra muni að hafa útibúið á Seyðisfirði.

Eg mun greiða atkvæði með þessari till., og hefði gert það hvenær sem hún hefði komið fram, og því ekki síður nú, er eg sé að sérstök nauðsyn er til að flýta þessu máli.

Guðm. Eggerz: Eg vil leyfa mér að styðja þessa tillögu. Mér er kunnugt um, að mönnum fyrir austan er það sérstaklega mikið áhugamál, að þessu útibúi verði komið á fót.

Háttv. framsögum. hefir nú tekið margt fram til stuðnings sínu máli, og er eg honum sammála, en vil þó bæta því við það, sem hann sagði, að Suður-Múlasýsla er miklu verr sett en Norður-Múlasýsla í þessum efnum. Eins og réttilega hefir verið tekið fram um hana, er þar hvergi hægt að fá peninga, nema

hjá verzlununum, og það kemur mjög oft fyrir, þegar langt líður milli ferða, að þá eru þær líka blankar.

Það má benda á það, að Múlsýslingar kaupa oft mikinn fisk af trollurum og línuveiðurum, og þykir vera góður verzlunarvegur, en þessari verzlun stendur það mjög fyrir þrifum að hafa engan banka. Á Seyðisfirði er ólíkt hægara að verzla við útlendinga, því að þar hafa þeir banka, en Sunnmýlingar hafa engan, en til þess að geta verzlað á þennan hátt, er alveg nauðsynlegt að hafa peningastofnun sem næst sér.

Það er langt frá því, að eg geri það að kappsmáli hvar útibúið verður sett í Suður-Múlasýslu, hvort heldur að það verður sett á Norðfirði, Eskifirði eða Búðum, en hitt geri eg að kappsmáli, að það verði sett í Suður-Múlasýslu einhversstaðar. Mér sýnist það vera mjög ósanngjarnt að stofna tvö útibú á Seyðisfirði, en hafa ekkert í Suður-Múlasýslu.

Mér finst það satt að segja ekki ná nokkurri átt, sem mér heyrðist háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) halda fram, að oss mætti standa á sama, hvar útibúið væri. Oss er lífsspursmál að hafa það einhversstaðar í sýslunni, en miklu hægara fyrir oss að ná t. d. til Norðfjarðar heldur en til Seyðisfjarðar. Ef háttv. þingmaðurinn þyrfti að ná í peninga í flýti, væri honum víst ekki alveg sama, hvort hann gæti fengið þá hér á staðnum eða þyrfti að fara norður á Akureyri til þess. Satt að segja get eg ekki álitið, að hægt sé að kalla það hreppapólitík, þótt vér förum þess á leit, að útibúið sé sett í Suður-Múlasýslu, þegar í Norður-Múlasýslu er annað útibú. En vitanlega verður það alveg á valdi bankastjórnar Landsbankans, hvar hún setur útibúið, það er ekki til neins að gera neina ályktun um það hér í deildinni, svo að í raun og veru er þýðingarlaust að vera að deila um þetta nú. En eg ber það traust til bankastjórnarinnar, að hún sjái, að það er sanngjarnt að setja útibúið í Suður-Múlasýslu en ekki í Norður-Múlasýslu.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók það fram, að útvegurinn væri nú mikið í höndum kaupmanna. Þetta er rétt. Menn alment sjá sér ekki fært að útvega sér mótorbáta nema með því, að snúa sér til verzlananna, því að hvergi er annarstaðar peninga að fá, en verzlanirnar vilja auðvitað hafa eitthvað fyrir snúð sinn og snældu, og því tekur það oft langan tíma, að báturinn borgi sig.

Ef nú bankaútibú væri í sýslunni og hægt væri að fá þar peninga, þá þyrfti ágóðinn ekki að renna í vasa verzlananna, en gæti runnið í vasa eigendanna sjálfra.

Eg skal taka það fram, að eg er mjög þakklátur háttv. þingm. V.-Ísf. fyrir að hann hafði bent á þetta.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 12 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem þingsályktun frá neðri deild Alþingis.

---

6. Skoðun á útfluttri ull.

Á 18. fundi Nd., miðvikudaginn 22. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um lögskipaða skoðun á útfluttri ull (þskj. 167).

Á 20. fundi Nd., föstudaginn 24. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþ. í einu hljóði.

Á 21. fundi Nd., laugardaginn 25. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.:

Frams.m. (Pétur Jónsson): Vér erum taldir þrír flutningsmenn þessarar tillögu, en í raun réttri er hún flutt fyrir hönd Bændaflokksins eða að hans tilstuðlun. — Þetta mál, ullarskoðunin, hefir verið á döfinni fyrr en nú og nokkur undirbúningur átt sér stað undir það, að fá umbætur á ullarverkuninni, meðal annars í þá átt, að mat á henni kæmist á. Málið hefir oftar en einu sinni komið til kasta Búnaðarfélagsins og verið rætt á búnaðarþingum, en hingað til hafa menn ekki þorað að leggja út í almenna skoðun á ull. Menn hafa bæði óttast kostnaðinn, sem þetta hefði í för með sér, og svo hefir þótt ófrjálslegt að hafa skylduskoðun. En eftir að hr. Sigurgeir Einarsson hefir unnið að þessu máli og rannsakað svo árum skiftir, þá hefir hann komist að þeirri niðurstöðu, að óhætt sé að koma henni á nú innan skamms, og álítur nauðsynlegt, að það verði gert.

Eins og allir vita, er það gott að gera skoðun á ull, eins og öllum öðrum vörum, en hitt er ef til vill eigi öllum jafnljóst, að til þess, að hún komi að gagni, þá þarf hún að vera skylduskoðun, sem gengur jafnt yfir alla. Það hefir sýnt sig, að kaupfélög og kaupmenn, sem hafa viljað vanda ullina, hafa skoðað hana og kastað vondri ull frá í lægra flokk, að þeir hafa tapað af ullarkaupum og mist viðskiftamenn sína yfir til keppinauta, sem ekki vóru jafnvöruvandir. Þetta hefir varnað því, að ullarmat gæti komist á, nema á stöku stað. — Kaupfélag Þingeyinga hefir nú stritt við þetta í 30 ár, og það sem hefir hjálpað því til þess að gera umbætur á ullarverkuninni, er það, að verzlunin, sem það aðallega átti að keppa við, hefir að nokkru leyti haft sömu aðferðina og ekki látið bjóða sér úrkast. En t. d. á Akureyri hefir þetta aftur á móti gengið öfugt. Þar hafa altaf verið nógir keppinautar, sem hafa tekið vonda ull og tekist að koma henni á markaðinn undir nafninu »Norðlenzk ull«. Þetta heldur jafnaðarverði ullarinnar niðri og það er örðugt mjög að toga upp fyrir jafnaðarverðið lítinn hluta af ullinni, t. d. frá einni verzlun eða félagi. Að reisa við ullarverðið á meðan svo stendur, verður því aðeins gert, að mikill hluti hennar sé góð og tryggileg vara og aðeins minni hlutinn illa verkaður, og þá verður fyrst og fremst að greina ullina sundur í flokka eftir mismunandi verkun og tegundum.

Eg veit, að sumir ætla, að þetta verði mjög kostnaðarsamt. Hér er nú gert ráð fyrir 3—4 yfirskoðunarmönnum, sem ekki mundu hafa kaup nema svo sem 2 mánuði ársins og svo ferðakostnað samtals líklega um 600 kr. á ári hver, og það er ekki mikið. Það yrði alls eitthvað 2000—2400, eða rúmlega það í hæsta lagi. Þetta gæti auðvitað skakkað einhverju, en ekki svo, að landssjóð dragi neitt um það. Undirmatsmenn er ætlast til að verzlanirnar kosti sjálfar, og það er ekki tilfinnanlegt. Aðalatriðið er að fá góða menn. Sá maður, sem kaupfélag Þingeyinga hefir haft til þess konar starfa, hefir getað unnið félaginu að nokkru leyti verk, sem það hefði orðið að verja manni til eins fyrir því, þó að engin ullarskoðun hefði verið höfð. Hann hefir getað vegið ull og haldið allar skýrslur. Að vísu er þetta ekki alveg kostnaðarlaust, en ekki er það svo tilfinnanlegt, að það ætti að geta aftrað framkvæmdum á þessu máli eða bakað nokkrum ósanngjarnan kostnað.

Eg hefi talað við einstöku kaupmenn um þetta og Sigurgeir Einarsson hefir talað um það við marga, sem yrði því fegnir, ef þetta kæmist fram. Því fer betur, að það eru margir kaupmenn,

sem þykir það skemtilegra, að varan, sem þeir flytja út, sé þeim og landinu frekar til sóma en minkunar, og þegar svo er ástatt, veit eg, að lögin verða ekki óvinsæl svo að það komi þeim að sök.

Eg skal að endingu geta þess, að vér flutningsm. höfum viljað benda á aðalefnið í lögum þeim, sem till. ætlast til að stjórnin leggi fyrir næsta þing. En þetta er aðeins lausleg bending. Það er gert ráð fyrir því, að stjórnin hafi sér til aðstoðar í þessu þann mann, sem fengið hefir þóknun af opinberu fé til þess að sinna málinu, og að hann muni, ásamt stjórninni, gæta þess, sem nauðsynlegt er og ekki er víst að hér sé fram tekið.

Björn Hallsson: Eg bað um orðið af því, að eg hefi, eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), skift mér dálítið af þessu máli á þinginu, eða þó öllu heldur utan þingsins. Vér flutningsmenn flytjum málið að nokkru leyti fyrir Bændaflokkinn.

Á þingmálafundi, sem við þingmenn N.-Múl. héldum þar í vetur, kom í ljós eindregin ósk kjósenda í þessu efni, þannig, að skorað var á okkur, sem þá vórum í kjöri, að flytja á þessu þingi frumvarp, þess efnis, að lögbjóða mat á ull. Mönnum var það ljóst, að eitthvað verulegt þyrfti að gera til þess að vanda ullarverkunina á líkan hátt og átt hefir sér stað með fiskinn. En um hitt höfðu menn ekki myndað sér fasta skoðun, hvernig matinu yrði haganlegast fyrir komið. Um það vóru skiftar skoðanir. — Eg hreyfði svo málinu í Bændaflokknum, og var það rætt þar, og var Sigurgeir Einarsson þar viðstaddur eftir ósk okkar til samtals og upplýsinga um málið. Niðurstaðan varð sú, að vér vórum kosnir í nefnd, — sem flytjum nú þessa þingsályktunartillögu og einn maður að auk, sem sæti á í efri deild, til þess að athuga málið. Álit vort er nú komið hér fram á þskj. 167, og er þingsályktunartillagan, með athugasemdum, eins og vér höfum hugsað oss að slíku máli yrði bezt fyrir komið, en fer ekki fram á það, að þetta þing semji nú þegar reglulegt ullarmat. Oss nefndarmönnum fanst enn ekki vera komin nógu föst hugsun í málið og að almenningur mundi hafa gott af því, að kynnast því og ræða á milli þinga. Hins vegar þótti oss réttara, að málið gengi fram á þessu þingi með þeim undirbúningi, að menn geti tekið afstöðu til þess, áður en næsta þing kemur saman, og verði það þá að lögum. Mér virðist það líka betra, ef hægt væri að vanda svo til laganna, að ekki þyrfti að fara að breyta þeim þegar á næsta þingi, eins og er ofarlega á baugi með ýms lög nú. Eg skal játa það, að með þessu er málinu enn ekki komið í það horf, sem óskað var eftir fyrir austan, því að þar vildu menn helzt hafa lögin samþykt þegar frá þessu þingi. Þetta er ekki af því, að ull sé verr verkuð þar en annarsstaðar, heldur má segja þvert á móti, að Austfirsk ull sé einmitt í allmiklu áliti. En misjöfn er hún samt sem áður, og menn finna til þess, að ýmsu er ábótavant í þessu efni. Verzlunarsamkepnin kemur því til leiðar, að það kemur ekki greinilega í ljós, hve miklu meira virði góð ull er, en hin, sem illa er verkuð. Verðið kemur oft og einatt meira undir því, hver á mesta ull, þannig, að maður sem á mikla ull, en vonda, fær sama verð fyrir hana einsog fátæklingurinn, sem hefir vandað lagðinn sinn eftir föngum. Þetta hefir bæði oss flutningsmönnum þessarar tillögu, og mörgum öðrum þótt alveg ófært, og álítum vér að hér þurfi að komast fast skipulag á, og sameiginlegt merki fyrir land alt, á ull sem er í hverjum flokki

fyrir sig, en svo hefir auðvitað hver útflutningsstaður undirmerki. Eg sé ekki betur, en að þetta sé heppilegasta leiðin og kostnaðurinn virðist ekki svo tilfinnanlegur, að ástæða sé til að fælast hann, svo mikilla bóta sem af þessu ætti að mega vænta.

Bjarni Jónsson: Á undanförnum þingum hefir lýst sér allmikill áhugi á því, að bæta verzlun landsins, bæði í þessu efni og öðru. Má í því sambandi meðal annars minna á fjárveitinguna, sem ætluð var einum manni til þess að kynna sér verkun á ull og markað fyrir hana. Eg veit, að þingmenn vilja gjarna fá ullarmetsmenn, enda hafa menn reynsluna fyrir sér, þar sem fiskimetsmennirnir eru, og alt það dæmalausa gagn, sem þeir hafa unnið landinu. Mér er sagt, að í Miðjarðarhafslöndunum væri sú vara algerlega óseljanleg, ef ekki kæmi til álit metsmanna, svo mikla trygging gefur það fyrir hærra og vissara verði. Sama yrði sjálfsagt ofan á með ullarmetið, þegar það hefði staðið nokkur ár. Markaðurinn yrði vissari og betri. Eg vil því lýsa ánægju minni yfir því, að þessi till. er hér fram komin.

Það getur vel verið, að það nægi, að semja og samþykkja þessa till., og að ekki sé rétt að setja lögin nú þegar. Hefði eg þó frekar búist við því, þar sem hr. Sigurgeir Einarsson hafði gefið háttv. tillögumönnum bendingar og samið uppkast að lagafrumv., en í því þýðir ekkert að rekast, hvort þessi þarfa réttarbót dregst um eitt ár, eða ekki. Eg tel það gott, að ýta undir stjórnina með það, að láta semja slíkt frumvarp sem þetta. Eg held, að hún iðrist aldrei eftir því, þótt hún kosti einhverju til þess, að bæta verzlun landsins og atvinnuvegi. Eg held, að menn hafi hingað til reiknað of smátt í því efni, — verið hræddir við það, að leggja tuginn í sölurnar til þess að græða þúsundirnar. Þeir hafa ekki skilið það fyrri en fiskimetsmennirnir komu til sögunnar, hverja þýðing það hefir að eiga metsmenn, eða aðra slíka erindreka fyrir landsins hönd. Fjárveitingar allar til slíkra hluta hafa ætíð verið taldar eftir, hversu lúsarlegar sem þær hafa verið, — og það hafa þær allar verið — líka sú stærsta. En það er ekki talið, sem kemur í staðinn, og er það þó vanalega þúsundfalt, þótt ekki sé hægt að sýna það reikningslega.

Þessar almennu athugasemdir vildi eg láta fylgja tillögunni. Að sjálfsögðu fylgi eg henni, og vona, að hún verði til þess, að ullarmet komist á sem fyrst.

Einar Jónsson: Eg bjóst við því, að ýmsir þm. léti sig þetta mál miklu skifta, og eg áleit ekki óeðlilegt, þótt einnig þeir tæki til máls, sem ekki verzla með þá vöru, sem hér er um að ræða.

Þegar það var tekið til bragðs hér um árið til þess að bæta ullarmarkaðinn, að styrkja þennan eina mann, hr. Sigurgeir Einarsson, til utanfarar, þá hugðu margir, að það eitt mundi nægja til fulls. Það áleit eg aldrei, og eg vil segja, að það hafi verið fullvel ráðið, þótt ekki væri að treysta því, að það eitt yrði nóg til þess að koma ullarverzluninni í það horf, sem hún þyrfti að komast. Það er mjög gagnlegt, að menn eigi kost á leiðbeiningu í ullarþvotti og þess háttar, ef þeir kunna að færa sér það í nyt, en eg þori ekki að ábyrgjast að það komi að tilætluðum notum, nema þetta fylgi með, sem hér er farið fram á í þessari tillögu.

Kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist nokkuð á, vona eg að blæði engum í augu.

Þó að hann yrði um eða yfir 2000 kr. á ári, þá er það ekki stór fúlga fyrir landssjóð, en hins vegar stórgagn í aðra hönd. Fyrst og fremst er það landinu sómi, að varan sé sem vönduðust. Í öðru lagi verður þá vöruverðið jafnara meðal einstakra manna, og í þriðja lagi verður verðið fastara og hærra á heimsmarkaðinum. Eftir því, sem vér höfum átt kost á að kynna oss málið, er alt þetta óyggjandi, og þá er æði mikið unnið, þótt ekki væri nema það, að þá fengi hinn fátæki sama verð og hinn ríki, ef báðir hefði vandað jafnt verkunina. Eg sé ekki betur, en að vörunni mundi fara stórkostlega fram, ef matið yrði innleitt, og hagnaðurinn nema miklu meira en því, sem hér er farið fram á, að greitt verði úr landssjóði.

Vér höfum nú farið þessa leið, að fela stjórninni málið með þingsályktunartill., þar sem teknir eru fram aðal punktarnir í því, sem vér ætlumst til. Vona eg, að stjórnin láti sér það vel líka og að háttv. deild leyfi till. fram að ganga, hvað sem á eftir fer.

Eg vona, að deildin lofi þessu máli að minsta kosti að halda áfram til stjórnarinnar. Ef henni lýst illa á málið, þá er líka þar með búið og ekkert við því að segja.

Eg er þakklátur háttv. þm. Dal. (B. J.) fyrir það, hve hlýlega hann talaði í garð tillögunnar, en þar sem hann var að snupra oss fyrir að hafa ekki komið með málið hér inn á þing í frumvarpsformi, þá er því til að svara, að vér álítum málið ekki nægilega undirbúið til þess. Skal líka geta þess, að vér höfðum herra Sigurgeir Einarsson í ráðum með oss um meðferð þessa máls. Vér vildum líka láta bændur út um land kynna sér málið og þingmálafundi ræða það við tækifæri, þótt vér reyndar getum gengið að því sem vísu, að þeir verði oss sammála um þetta.

Það er eðlilegt, að ekki sé allir spentir fyrir, að þetta mál gangi fram, en vona þó, að deildin samþykki tillöguna.

Sigurður Gunnarsson: Eg er fyllilega samþykkur þessari þingsályktunartillögu. Hún er eðlilegt áframhald af þeim tilraunum, sem um langan tíma hafa verið gerðar til að bæta markað fyrir þessa vöru, sérstaklega af hálfu kaupfélaga fyrir norðan, og eins af hálfu alþingis 1909, er það kostaði erindreka til að kynna sér helztu ullarmarkaði fyrir íslenzka ull, og til að komast eftir því, hvernig kaupendur íslenzku ullarinnar vildi helzt hafa ullina verkaða. Við kostnaðinn er eg ekki svo hræddur, því að eg tel algerlega víst, að hann margborgi sig, ef ullarmatið, einsog gera má að sjálfsögðu ráð fyrir, hefir bætta verkun ullar í för með sér.

Ef ein miljón punda af ull er flutt út árlega, þá er auðsætt, að ekki þarf mikla verðhækkun á hverju pundi til þess, að það verði allálitleg upphæð, og allur kostnaður við matið marg-borgi sig.

Fleira hafði eg ekki að taka fram, eg stóð upp aðeins til þess að láta hv. flutningsmenn tillögunnar og hv. deildarmenn heyra þegar, hvoru megin eg væri í þessu máli.

Björn Hallsson: Það var aðeins örstutt athugasemd. Háttvirtur þingm. Dal. (B. J.) skaut því til vor flutn.m., því vér hefðum ekki borið þetta mál fram hér á þingi í frumvarpsformi. Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.), svaraði þessu að nokkru en ekki öllu leyti. Auk þess, sem vér vildum heldur láta bændur út um land kynna sér málið fyrst, þá áleit herra Sigurgeir Einarsson, að réttara væri, að bændur lærði að hagnýta sér þvottaefni þau, sem hann hefir nú útvegað til ullarþvotta. Honum

þótti því réttara að láta það dragast eitt ár eða svo ennþá, þar sem væntа mætti, að ullarverkunin yrði auðveldari, þegar búið væri að útbreiða notkun þessara þvottaefna og þá ætti að koma ullarmatinu á.

Bjarni Jónsson: Eg hafði ekki neitt atyrt háttv. flutningsm. tillögunnar, en vildi aðeins, að Sigurgeir Einarsson hefði undirbúið málið svo, að það hefði getað komið fram í frumvarpsformi á þessu þingi. Eg get vel fallist á þá ástæðu, sem sagt var frá, að aftrað hefði því að þessu sinni.

ATKV.GR.:

Tillagan var samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild Alþingis.*

---

7. Syðra-Skógarnes-höfn.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 29. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um mælingu á skipaleið inn á Syðra-Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu. (Þskj. 258).

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþ. í einu hljóði.

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, var tillagan tekin til einnar umr., en þá tekin út af dagskrá.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var tillagan aftur tekin til einnar umræðu.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg er aðeins meðflutningsmaður þessarar tillögu; aðalflutningsmaðurinn er hv. þm. Snæf. (S. G.). Eg hefi lofað að gera grein fyrir þessari tillögu í hans stað, af því að honum er þungt um mál, eins og allir vita.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að samgöngur á sjó eru lífsnauðsyn þeim héruðum, sem hafa litla og vonda landvegi. Hér stendur svo á, að frá Borgarnesi og vestur að Búðum er enginn nýtilegur verzlunarstaður löggiltur, nema Syðra-Skógarnes í Hnappadalssýslu, en þessum stað er mjög vel í sveit komið, því að, að honum liggja grösugar víðlendar sveitir, og skal eg einkum nefna til þess Kolbeinsstaðahrepp, Eyjahrepp, Miklaholtshrepp og syðri hluta Staðarsveitar, og er Skógarnes hérumbil í miðju þessara sveita. Þessi héruð eru glæsileg að mörgu leyti og gott er þar víða undir bú, enda eiga þar heima í kringum 800 manna. Skógarnes var löggiltur verzlunarstaður árið 1905. Þar er dágóð höfn þegar inn er komið, en leiðin inn á höfnina er vandrötuð, meðan innsiglingin er ekki mæld. Hefir þetta dregið mjög úr skipakomum þangað, því að einsog kunnugt er, er ekki hægt að fá skipin til að koma við á þeim höfnum, sem hafa ómælda innsiglingu. Þetta hefir gert það að verkum, að nú er Skógarnes alveg lokað fyrir viðkomum strandferðaskipanna, sem ella mundu koma þar oft, því að lykkjan er svo sem engin. Á það skal einnig bent, að samgöngumálaráðunauturinn leggur það til í ferðaáætlunum sínum, að strandferðaskipin komi hvergi þar, sem skipaleið til hafnar er eigi mæld.

Þetta kemur illa og ómaklega niður á svo framfaravænlegum héruðum, sem hér eiga hlut að máli, þar sem hafnleysur eru á báðar hendur við Skógarnes, en hár fjallgarður að norðan, en langt til Búða og aðflutningar allir afar-

erfiðir og dýrir. — Þessi tillaga fer fram á það, að stjórnin hlutist til um, að gerð sé áætlun um það, hvað mikið kosti að mæla þessa skipaleið og láti síðan mæla hana. Það er ekki í fyrsta sinn nú, sem þessi málaleitun kemur fram. Hver þingmálafundur vestra þar hefir í seinni tíð haft þetta mælingarmál, sem vonlegt er, með fremstu málum á dagskrá. Þess var áður leitað hjá stjórninni, að hún hlutaðist til um, að þessi mæling yrði framkvæmd, og var þá ráðgert, að hún skyldi fram fara um leið og mælingin á Gilsfirði. En svo er að sjá, sem þetta hafi gleymst, því að nú er mælingunni á Gilsfirði lokið, en Skógarnesleiðin ómæld enn sem komið er. Þegar nú undanfarandi stjórn hefir sama sem lofað að láta þessa mæling fara fram, en hefir samt ekki gert það, verður að skoða það sem gleymsku, en þeirrar gleymsku eiga þeir, sem í þessum héruðum búa, ekki að gjalda.

Það er fullerfitt fyrir þá um alla aðflutninga þótt þetta sé gert. Leiðir inn á hafnir eru sama sem þjóðvegir á landi, nema að miklu meira er áríðandi, að skipaleiðirnar sé nákvæmlega mældar, því að menn drukna þó ekki á landi, þótt þeir lendi í ófærum, en allir vita, að hættulegt er að sigla um sjóinn þegar menn þekkja ekki, hvar sker og slíkar torfærur eru.

Eg vona nú fyrir hönd aðalflutningsmanns þessarrar tillögu og fyrir hönd héraðsins og mína eigin, að háttv. deild lofi þessu máli nú að ganga sína leið til stjórnarinnar.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 16 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild Alþingis.*

8. Líkbrensla.

Á 25. fundi Nd., fimtudaginn 30. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um líkbrenslu í Reykjavík (þskj. 279).

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, bar forseti upp hversu ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu var samþ. í einu hljóði.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Frams.m. (Sveinn Björnsson): Eg skal vera mjög stuttorður.

Hér lá fyrir til umræðu í gær nefndarálit frá nefndinni, sem þessi háttv. deild kaus til að athuga málið um stækkun kirkjugarðsins í Reykjavík. Eg fékk þá ástæðu til að tala um þetta mál í sambandi við kirkjugarðsstækkunina, því að þau snerta hvort annað.

Þessi tillaga fer í þá átt, að skora á stjórnina að afla sér upplýsinga um það, hvað kosta mundi að koma á líkbrenslu hér í bænum og leggja svo fyrir alþingi næsta frumv. til laga um það mál.

Nefndin var öll á einu máli um það, að hér væri um nauðsynjamál að ræða og að auk þess, sem það hefði aukinn þrifnað í för með sér, þá gæti þetta orðið til mikils sparnaðar fyrir landið, því að það kostar ekki svo lítið fyrir landið að verða að leggja til land undir kirkjugarðinn í hvert sinn, sem þarf að stækka hann.

Eg vænti því þess fastlega, að háttv. deild verði sammála nefndinni um þetta mál og samþykki tillöguna.

Guðmundur Hannesson: Eg vil að vísu ekki leggja stein í götu þessarar tillögu, en mér finst hún þó samt óþörf. Ef menn vilja leita sér upplýsinga um þetta mál, þá þurfa

menn ekki annað en að ganga hér upp á landsbókasafnið, því að þar er hægt að fá að sjá ótal ritgerðir um þetta mál og skrá yfir allan kostnað og áhöld, sem nauðsynleg eru.

Allur almenningur trúir því, að gera megi svona bálfarir eða líkbrenslur ódýrari en greftrunina. Það tel eg mjög hæpið. Það sem eyðist af koks við hverja líkbrenslu, eru um 300 kgr., en þetta er minstur hluti kostnaðarins. Í Lübeck er líkbrenslufélag. Þar er kostnaðurinn 50 kr. fyrir félagsmenn en 60 kr. fyrir utanfélagsmenn. Eg býst við, að kostnaðurinn verði nokkuð líkur því, sem nú er við greftrunina með kistu og öllu saman. Sennilega þó heldur dýrara að brenna þegar öllu er á botninn hvolft.

Önnur ástæða til þess, að menn vilja heldur fá líkbrenslu, er sú, að greftruninni fylgi sýkingarhætta, sem geti orsakast af líkum þeim, sem dáið hafa úr næmum sjúkdómum, t. d. taugaveiki. Eg held, að óhætt sé að fullyrða, að engu slíku sé til að dreifa.

Þetta mál hefir verið rannsakað nákvæmlega af Kock og Petri, og þeir gera ekkert úr hættunni.

Nýjustu handbækur í heilbrigðisfræði segja, að í heilbrigðislegu tilliti sé enginn munur á jarðarförum og líkbrenslu.

Eg sé að vísu ekkert á móti því, að stjórnin sé beðin að afla upplýsinga um málið, en eg tel það óþarft, því að hver sem vill getur aflað sér þeirra af eigin rammleik, ef hann vill ómaka sig upp á landsbókasafn og biðja um bækur þar.

Annars skal eg taka það fram, að eg skil ekki, hversvegna þessi kirkja þarf að vera ómagi landssjóðs fremur en aðrar kirkjur á landinu, og hér á að styrkja Reykvíkinga til að koma líkum sínum í jörðina.

Frams.m. (Sveinn Björnsson): Eg bjóst ekki við, að þessi tillaga yrði að deilumáli, enda skildist mér raunar á háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að hann væri ekki beint á móti tillögunni. En út af því, sem hann sagði, er eg neyddur til að segja nokkur orð.

Háttv. þm. sagði, að hver maður, sem vildi, gæti sjálfur aflað sér upplýsinga um málið, þyrfti ekki annað en að fara upp á landsbókasafn og líta í bækur þar. Það er nú svo. Eg efast um, að hægt sé að nota skýrslur, sem finnast þar, svona alveg ómeltar. Mér þykir líklegt, að sníða þurfi málið eftir vorum högum.

Hann hélt því fram, að líkbrensluaðferðin mundi ekki verða ódýrari en jarðarfarir. Eg skal ekki um það segja, en það er kunnugt, að landlæknirinn, sem manna mest hefir rannsakað þetta mál, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að líkbrensla verði ódýrari.

Eg skal ekki stæla við háttv. þingm. um málið frá heilbrigðislegu sjónarmiði, en víst er það, að ýmsir vísindamenn líta svo á, að líkbrensla sé hættuminni en greftranir. Auk þess eru margir fylgjandi því, að afnema þenna greftrunarmáta, sem nú tíðkast, af því, hversu óviðkunnanlegur hann er og ýfir átakanlega harma þeirra manna, er að hinum látna standa.

Um það atriði, sem háttv. þm. tók fram, að undarlegt væri, að landssjóður stæði straum af kirkjugarði Reykvíkinga, skal honum bent á það, að landssjóður er eigandi kirkjunnar og verður því lögum samkvæmt að kosta kirkjugarðinn. Þess vegna lá fyrir og var samþykt í gær frumv. til laga um stækkun á kirkjugarðinum, þar sem lagt er fyrir stjórnina að kaupa land til greftrunar hér.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 13 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem þingsályktun frá neðri deild Alþingis.

---

9. Baðefni.

Á 33. fundi Nd., mánudaginn 3. ágúst, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um baðefni (þskj. 312).

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Flutn.m. (Jón Jónsson): Vér flutningsmenn þessarar tillögu höfum komið með hana af því, að Coopersbaðefnin hafa ekki enn verið löggilt af landsstjórninni sem nothæf baðlyf hér á landi. Verið getur, að það sé ætlun stjórnarinnar að löggilda þessi baðefni. Það var af tilviljun, að umsókn barst ekki stjórnarráðinu fyrr en rétt nýlega.

Svarið var ekki komið í gær, og til þess að fá frekari fullvissu um, að stjórnin sinti málinu, þá þótti oss flutningsmönnum ástæða til að reyna að fá samþykki háttv. deildar til þess að skora á stjórnina að löggilda þessi baðefni. Það liggja hér fyrir áskoranir frá ýmsum mönnum um, að það leyfist að nota þau. Þau hafa reynst svo vel, að margir vilja með engu móti missa þau, og sýnir það, að lítil ástæða var til að synja mönnum um þau. Til enn frekari sönnunar því, að ekkert er á móti baði þessu að hafa, er það, að það er ódýrara en þau baðlyf, sem nú eru löggilt. Coopersbaðlyf kostar 2,50 kr. í 100 fjár, en hin 4,39, og er það talsverður munur, þótt það sé nú í rauninni ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er auðvitað, að baðlyfið sé gott og heppilegt til að þrifa féð, og jafnvel að það dugi til útrýmingar kláða, og það veit eg, að álitið er víða um land um Coopersbaðlyf, einkum duftið. Það er því engin ástæða til að útiloka það, og því óskum vér flutningsm., að háttv. deild samþykki þessa þingsályktunartillögu.

Pétur Jónsson: Eg get ekki almennilega séð, hvað háttv. tillögumenn hafa meint með þessari tillögu sinni, annað en það, að vekja athygli stjórnarinnar á því, að til eru baðlyf, sem kend eru við Cooper.

Mér skildist svo á háttv. flutningsm., sem hér væri aðeins um eina tegund baðlyfja að ræða, og tillagan bar sama vott, en þær eru bæði margar og misjafnar, sem kendar eru við Cooper. Að minsta kosti þekki eg tvær. Annað er duft, sem í er töluvert eitur (arsenik), og mun vera alt annars eðlis, en þau böð, sem fita og bæta ullina. Það hefir að vísu reynzt vel í Þingeyjarsýslu, en þó ekki þótt örgrant um, að það vildi grysja ull, enda er í því eitur, eins og áður er sagt, og því ekki allskostar hættulaust með það að fara. Einn kostur þess er sá, að það fælir flugur og aðra óværu frá skepnum. Og hinn annar, að það er örugt að drepa lús. Önnur baðlyfstegund, sem kend er við Cooper, er hinn svonefndi Albinlögur, og veit eg, að það hefir reynzt mjög lélegt og svikult, og ætti ekki að hvetja stjórnina til að taka það í tölu þeirra

baðefna, sem mælt er með sem óyggjandi. Sannleikurinn er þessi: Það eru til afarmargar Coopersbaðlyfjategundir af ýmsu tægi. Sumar eru storknar, sumar fljótandi og sumar duft, sumar fitandi og aðrar ekki, en firma það í Englandi, sem selur þessi baðlyf víða um heim, kennir þau öll við sama nafnið, til merkis um það eitt, að þau sé frá því fengin.

Þá veit eg ekki heldur, hvort þessi tillaga á að miða í þá átt, að stjórnin eigi að leyfa eða löggilda þetta baðefni, hvort sem dýralæknir er því meðmæltur eða eigi. — Það stendur nú ekki beinlínis í lögunum, að þær einar baðlyfjategundir megi nota, sem dýralæknir mælir með, þótt gjört sé ráð fyrir, að stjórnin velji það með ráði hans, en það liggur í hlutarins eðli, að eftir þeim ráðum verður hún að fara, og svo kanske efnarannsóknarstofunnar. Hvort þessi tillaga á að koma í veg fyrir það, að stjórnin geti valið frjálst um baðlyf með ráði dýralæknis, veit eg ekki, en hitt þykir mér líklegt, að sum af Coopersböðum mætti hún vel leyfa, t. d. duftið, en önnur alls ekki.

Stefán Stefánsson: Eg hefi gjörst meðflutningsm. að þessari till. af því, að mér þótti mega ráða það af líkum, að það mundi vekja talsverða óánægju, ef þessi baðlyf kæmist ekki að og yrði ekki löggilt. Mér er kunnugt um það, að í Eyjafirði hafa þessar baðtegundir einmitt verið notaðar mest af öllum, og það er einróma álit manna þar, að enginn lyf sé jafngóð sem þau, eða betri. Eg verð því að játa, að mér kom það á óvart, þegar eg sá ekki þessi baðlyf meðal hinna lögboðnu baðlyfja. Eg hugði, að það mundi koma af því, að enginn hefði komið með tilboð um það til stj.-ráðsins nógu snemma. En nú hefi eg hér bréf til stjórnarráðsins, dags. 16. des. f. á., sem samstundis hafði verið því sent, og skal eg með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa kafla úr því:

»Þeir herrar, W. Cooper & Nephews, hafa óskað þess, að vér færum þess á leit við hið háa stjórnarráð, að það gæfi firmanu kost á að keppa um sölu á baðlyfjum þeim, er keypt kunna að verða til landsins«.

Eg veit nú ekki, hvernig á að skilja þetta öðruvís en sem fullkomið tilboð og ósk um það, að þetta baðlyf komist að, meðal hinna lögskipuðu baðlyfja. Að minsta kosti hefði stjórnin verið í sínum fulla rétti, þótt hún hefði leyft það, sem eitt af þeim lyfjum, sem baða má úr. Það getur verið, að efnarannsóknir á Coopersböðum hafi þá ekki verið fyrir hendi, en þá hefði stjórnin átt, að því er mér virðist, að gjöra einhverjar ráðstafanir til þess að þær yrði fengnar.

Til sönnunar því, að almenningur óski þess að mega nota þessi baðlyf, skal eg geta þess, að á sýslufundi, þar sem hæstv. ráðh. var oddviti, hefir verið óskað eftir þeim, að þær yrði heimilaðar, enda er fjöldi manna víðsvegar um land, sem óskar að þær sé seldar eða lögboðnar.

Eg skal benda á einn bónda, sem er alkunnur að því, að vanda meðferð á fé sínu meira en alment gjörist, og það er búhöldurinn Magnús Sigurðsson á Grund. Hann hefir skrifað hr. Garðari Gíslasyni stórkaupm. allrækilegt bréf um þessi baðlyf og farið um þau mjög lofsamlegum orðum. Hann tilgreinir þar, að hann hafi nú baðað fé sitt árl. í 30 ár, og reynt mörg baðlyf, en ekkert betra, en hin svo nefndu Coopersbaðlyf.

Eg álít það því mjög æskilegt, ef stjórnin sæi sér fært að heimila Coopers baðlyf. Eg veit ekki, hvort svo er, en tillagan fer ekki fram á annað, en

að hún gjöri það, ef hún sér sér það fært.

Eg sé ekki, að þeim, sem nú selja þessar tegundir, sem leyft er að nota, sé nokkur óréttur gjör með því, þótt heimilað sé að selja og nota einnig þessa líka.

Það má búast við, að margir fjáreigendur eigi nokkuð af þessum baðlyfjum afgangs frá fyrra ári, og er hart, ef ekki mætti nota þau, en það er vafasamt, ef þau eru ekki í tölu hinna lögleyfðu lyfja.

Eg vildi óska, að stjórnin tæki vel í þetta, og gerði það sem hún sæi sér fært til þess að verða við þessu, án þess að hún á hinn bóginn sé skylduð til þess, ef það getur ekki orðið með góðu móti.

Þorleifur Jónsson: Eg þarf ekki að vera langorður, því að það er þegar búið að taka fram margt af því, sem eg ætlaði að segja, einkum af hv. 1. þm. Eyf.

Þessi tillaga er framkomin vegna þess, að víðsvegar út um land höfðu menn talið það sjálfsagt, að menn gæti fengið Coopersbaðlyf héðan af eins og hingað til.

En svo þegar auglýsing stjórnarráðsins kom, og þau vóru ekki leyfð, þá tókum vér þetta ráð, ekki sízt vegna þess, að þessi baðlyf eru nú hér til í verzlunum víða, og er hart að mega ekki nota þau nú, einkum þar sem auglýsingin kom svo seint, að erfitt verður að útvega önnur lögleyfð baðlyf víða hvar.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þótti tillagan óljós, af því að um margar tegundir af Coopersbaðlyfjum er að ræða. Eg hefi nú orðið var við þrenskonar Coopers baðlyf. Eitt er duft, annað er lögur og hið þriðja er í stykkjum, sápukent efni.

Það er nú víst, að duftið hefir reynzt vel að því leyti, að það hefir varið óværð, og er að því leyti gott þrifabað. En því er ekki að neita, sem hv. þm. tók fram, að sumir álíta, eða eru hræddir um, að það grysji ullina, og því hafa ýmsir tekið það ráð, að blanda saman duftinu og sápunni, og veit eg til að mönnum hefir reynzt það ágætlega, og hefi ekki orðið þess var, að þá beri á ullarlosi, og virðist yfir höfuð hafa þá jafngóð áhrif á uilina, eins og t. d. kreólín og önnur þau baðefni, sem nú eru leyfð.

Þá talaði sami hv. þm. um það, hvort það væri tilætlunin, að stjórnin ætti að taka þessi lyf, þótt það væri á móti dýralæknisráði.

Það getur nú verið, að vér tillögumenn höfum ekki hugsað svo langt, en eg get varla ímyndað mér, að til þess komi, að dýralæknir hafi á móti því, þar sem það er svo þrautreynt að góðu áður, og þar sem það er bæði óskaðnæmt og eitt af hinum ódýrustu baðlyfjum. *(Sig. Sigurðsson:* En hví tók dýralæknir það ekki strax?). Eg veit það sannarlega ekki. Eg veit ekki heldur, hvort það hefir verið rannsakað, hve gott þetta kreólín er, sem hér er leyft.

Það hefir verið reynt hér margskonar kreólín, og reynzt misjafnlega. Beztu tegundir af kreólíni eru náttúrlega ágætt baðlyf, en þær eru vanalegast alldýrar.

Þessi tillaga ætti að vera öllum meinfangalaus, nema svo sé, að hér sé einhverjir að beita verzlunarbrögðum til þess að útiloka eitt sérstakt verzlunarhús. Eg vona nú, að svo sé ekki, heldur hafi þeim, sem hlut áttu að máli, ekki verið kunnar óskir manna í þessu efni, þegar valdar vóru þessar tegundir. Eg sé enga hættu á því, hvorki fyrir stjórnina né þingið, þótt tillagan verði samþykt.

Ráðherra (S. E.): Það er aðeins örstutt athugasemd. — Eg skal játa það, að mér er ókunnug um, hvað gjört hefir verið í þessu máli af stjórnarinnar hálfu, áður en eg tók við. En mér skilst, að það sé athugavert fyrir þingið, sem ekki hefir kost á að rannsaka gæði baðlyfjanna, að taka ákvörðun um, hvaða baðlyf skuli brúka.

Eg hygg, að það hafi verið meiningin með lögunum frá því í fyrra, að fela stjórninni að velja baðlyfin af því, að hún hefði betri tök á að kynna sér kosti þeirra en aðrir, þar sem hún gæti notið aðstoðar dýralæknis o. s. frv.

Eg vildi nú skjóta því til hv. deildar, hvort ekki mundi nægja að fela stjórninni að láta athuga þessi baðlyf, og hvort hún muni eigi taka gilda yfirlýsingu mína um það, að þessi baðlyf skuli leyfð, ef þau reynast góð.

Það skiftir auðvitað mestu að notuð sé þau ein lyf, sem trygging er fengin um, að sé góð, en sú trygging fæst með því, að láta sérfróða menn skera úr því.

Pétur Jónsson: Ræður þær, sem hér hafa verið haldnar, hafa nú skýrt málið svo, að eg vil, eftir undirtektir hæstv. ráðherra, leggja það til, að till. sé ekki beint samþ., heldur sé málinu vísað til stjórnarinnar á þann hátt, sem viðgengist hefir, þannig, að hún taki það til athugunar, sem í till. felst. Að Coopersbaðlyf verði tekin til athugunar, eins og hin, en ekki gengið framhjá þeim. Þó að eg álíti sumar aðrar tegundir betri, þá vil eg ekki fara svo strangt út í það. Það væri ekki gott heldur, að eitt einstakt firma hefði einkasölu á baðlyfjum, heldur væri bezt að tegundirnar væri margar, sem um mætti velja, ef hægt væri.

Jón Jónsson: Eg veit ekki betur, en að nú sé þegar búið að samþykkja samskonar tillögu í hv. Ed., og þá virðist mér að eins megi gjöra hér. Hæstv. ráðh. tók vel í málið, og eg veit, að hann vill fyrir sitt leyti verða við óskum þingsins í þessu efni.

Því hefir verið skotið fram, hvort ekki sé óviðfeldið, að þingið samþ. þessa tillögu, án þess að rannsóknir hafi verið gjörðar.

Eg álít, að þetta þurfi ekki að bera undir dýralækni. Þessi lyf eru svo margreynd. *(Pétur Jónsson:* Albínlögur hefir reynzt verst í Þingeyjarsýslu). Annað segir Magnús á Grund. Eins og hv. 2. þm. Eyf. tók fram, hafa bæði duftið og lögurinn reynzt vel í Eyjafirði. Eg veit ekki, hvort dýralæknir hefir rannsakað þau baðefni, sem þegar eru leyfð, en hafi hann ekki gjört það, heldur upp úr þurru verið með þessu, en móti hinu, þá álít eg lítið á því að byggja.

Ef það á að vera regla að fara eftir ráðum dýralæknis í þessu, þá á hann að byggja á rannsóknum, en ekki geðþótta sínum, því að þá væri hægt að segja, að hann væri hlyntari einum en öðrum.

Það er enginn vandi fyrir þingið að samþykkja þetta, því að reynslan er þegar fengin fyrir því, að þessi baðlyf eru góð.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðherra sagði, þá álít eg það alls ekki nauðsynlegt að binda sig við álit dýralæknis. Það getur verið gott að fá það til leiðbeiningar, en annars á stjórnin eftir sem áður að ráða valinu og löggilda baðefnin.

Guðm. Hannesson: Það getur skift nokkuð miklu máli, hver baðlyf

stjórnin leyfir almenningi að nota, og eins og eðlilegt er, leitar hún um það mál álits dýralæknis. Hann er illa settur í því efni. Hann getur að vísu farið eftir bókum, en þeim er eigi ætíð að treysta. Aftur á móti hafa bændur freistingu til þess, að segja þau lyf góð, sem ódýr eru. Þetta veltur á ekki svo litlum peningum.

Eg verð nú að treysta því, að stjórnin velti þessu rækilega fyrir sér. Ef bændur hafa rétt fyrir sér, þá er sjálfsagt að þeir fái þetta lyf. En hvort sem dýralæknir eða aðrir eiga að rannsaka þetta, þá þykist eg vita, að efnarannsókn út af fyrir sig dugir ekki. — Auk efnarannsóknar þarf að gjöra rækilegar tilraunir með hverja lyfjategund.

Ráðherra (S. E.): Eftir því, hvernig síðustu umræður hafa fallið, skilst mér hér aðeins vera að ræða um bending til stjórnarinnar um að taka málið til athugunar. Eg lít svo á, að sjálfsagt sé að halda fast við ákvæði laga 20. okt. 1913, um, að stjórnin ákveði baðlyfin, á meðan að þeim lögum er ekki breytt.

Eg geng út frá því, að þingið vilji með þessu aðeins láta í ljós, að það vilji gjarnan hafa Coopersbaðlyf, og eg vil lýsa yfir því, að eg hefi fullan skilning á því, hve mikla þýðingu það hefir fyrir þjóðina, að baðlyf sé vel valin. Eg skal taka það fram, að svo framarlega, sem það kemur í ljós við rannsókn, að þessi baðlyf sé skaðleg, þá getur stjórnin að sjálfsögðu ekki mælt með þeim.

Sem sagt skoða eg þessa tillögu sem bendingu til stjórnarinnar, um, að taka þessi baðlyf með, svo framarlega, sem þau reynast ekki óhæf.

Stefán Stefánsson: Þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra álít eg að komi heim við það, sem eg sagði áðan, að tillagan ætti ekki að skylda stjórnina til neins, heldur aðeins að heimila henni að löggilda þessi baðlyf, og því einu treystum vér flutningsmenn tillögunnar, sjái hún sér það fært.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 9:1 atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

---

10. Endurskoðun vegalaganna.

Á 33. fundi Nd., mánud. 3. ágúst, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum (þskj. 320).

Á 34. fundi, þriðjud. 4. ágúst, bar forseti upp *hvernig ræða skyldi* tillöguna.

Tillaga forseta um e i n a u m r. sþ. í einu hljóði.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 5. ágúst, var tillagan tekin til e i n n a r u m r.

Pétur Jónsson: Eg er ekki samþykkur fyrra lið tillögunnar, að breyta vegalögunum. Síðara liðinn, sem sé að athuga, hvort unt sé að útvega sýslunum nýjan tekjustofn, get eg vel fallist á.

Sigurður Sigurðsson: Það er illa farið, að hv. frams.m. (B. J.) skuli ekki vera viðstaddur. En út af ummælum hv. þm. S.-Þing. (P. J.) vil eg beiðast þess, að hvor liðurinn verði borinn upp út af fyrir sig. — Nú sé eg, að háttv. frams.m. er kominn, og getur hann þá gert grein fyrir tillögunni.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Tillagan er fram komin að vilja allrar nefndarinnar, og skil eg ekki, að neinn sé henni andvigur, að minsta kosti ekki síðari lið hennar, að útvega sýslunum nýjan tekjustofn.

ATKV.GR.:

Fyrri liður till. samþ. með 12:6 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Hallsson
Guðm. Hannesson	Guðmundur Eggerz
Bjarni Jónsson	Hannes Hafstein
Einar Arnórsson	Jón Jónsson
Jóhann Eyjólfsson	Pétur Jónsson
Sig. Gunnarsson	Stefán Stefánsson
Sigurður Sigurðsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir þingmenn greiddu ekki atkv., og vóru því taldir til meiri hlutans: Hjörtur Snorrason, Sigurður Eggerz og Þórarinn Benediktsson.

Sjö þingmenn fjarstaddir.

Síðari liður tillögunnar samþ. með 17:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Guðm. Hannesson	
Bjarni Jónsson	
Björn Hallsson	
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Hjörtur Snorrason	
Jóhann Eyjólfsson	
Jón Jónsson	
Pétur Jónsson	
Sigurður Eggerz	
Sig. Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þór. Benediktsson	
Þorleifur Jónsson.	

Sjö þingmenn fjarstaddir.

Till. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

---

11. Grasbýli.

A 24. fundi Nd., miðvikud. 29. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um grasbýli (þskj. 270).

Á 34. fundi Nd., þriðjud. 4. ágúst, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umr. sþ. í einu hljóði.

Á 35. fundi Nd., miðvikud. 5. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg vil biðja hv. deild að athuga það, að á 1. bls. nefndarálitsins í grasbýlamálinu, í neðstu línu, hafa fallið úr 4 orð, og fleiri smávillur hefi eg fundið.

Það er óþarfi fyrir mig að ræða mikið um þetta mál, því að nefndin í grasbýlamálinu leggur fram álit sitt í rækilegu nefndaráliti, og eg hefi litlu við það að bæta.

Nefndarálitið ber það með sér, að þótt nefndin hafi ekki getað fallist á, að grasbýlafrumvarpið gengi fram á þessu þingi, þá er það ekki af því, að nefndin sé ekki grasbýlamálinu hlynt. Nefndin er öll á einu máli um það, að grasbýlamálið sé eitt hið þýðingarmesta

mál, sem sjálfsagt er að gefa rækilega gaum. Vér höfum því lagt áherzlu á, að glöggva hugmyndir manna á grasbýlum sem bezt, og á málinu yfir höfuð.

Nefndin væntir þess, að þingsályktunartillagan verði samþykt, og stjórnin taki hana til alvarlegrar meðferðar. Ef hún verður samþykt, sem eg býst við, þá hefir flutningsm. (J. E.) lýst yfir því, að hann mundi taka frumv. aftur.

Eg skal aðeins geta þess, að þar sem stjórninni er í tillögunni ætlað að afla nákvæmra skýrslna um grasbýli, þá mun henni ekki veita það svo örðugt; til þess getur stjórnin haft aðstoð hagstofunnar, búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna, sem eg tel víst, að verði fús til að veita liðsinni. Eg býst við, að hverri hreppsnefnd muni verða sendar fyrirspurnir, og ber það traust til hreppsnefndanna, að þær svari vel og greiðlega, að minsta kosti þar sem mörg grasbýli eru, því að þar mun málið þykja mest um vert.

Að svo mæltu vænti eg þess, að tillagan gangi fram.

Jóhann Eyjólfsson: Eg vil nota tækifærið til að þakka nefndinni fyrir vingjarnlegar undirtektir undir frumvarpið, og vona eg, að háttvirt deild samþykki tillöguna, sem nú liggur fyrir. Að vísu hefði eg helzt kosið, að frv. sjálft hefði orðið að lögum með þeim breytingum og viðaukum, sem hollar og nauðsynlegar hefði þótt, en þorði þó ekki að halda því fram, fyrir því, að það kynni þá að sæta lakari meðferð. Vænti eg, að unnið verði að málinu af dugnaði og í alvöru, og treysti hæstv. ráðh. til þess. Dettur mér í hug, að með engu framar en einmitt þessu, geti hann framfylgt því fagra heiti, sem hann gaf hér í deildinni í gær, þegar hann ávarpaði þingið, er hann kvaðst vilja vinna að því af öllum mætti, að grænu blettunum fjölgaði í landinu, og eg vona og treysti því, að hann sanni þessa hugsjón sína einmitt með því, að hann beiti sér með alvöru og dugnaði fyrir grasbýlismálinu, því að þá sannaðist það, að þessi fallegu orð eru annað og meira en rúsína, sem rétt er að barni, og að það er annað en mas í skálaræðu.

Ráðherra (S. E.): Eg lýsi því yfir, að eg mun fylgja þessu máli með áhuga, og eg vil mælast til þess, að tillagan verði samþykt hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 17 atkv. samhljóða og afgreitt til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

---

12. Afnám eftirlauna.

Á 24. fundi Nd., miðvikudaginn 29. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um afnám eftirlauna (þskj. 264), eins og hún hafði verið samþykt í efri deild.

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr., en þá tekin út af dagskrá.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var tillagan aftur tekin til einnar umr., og enn tekin út af dagskrá.

Á 37. fundi Nd., föstudaginn 7. ágúst,

var tillagan enn tekin til einnar umr. (þskj. 264, 317, 367).

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með br.till. á þskj. 317 við þingsályktunartillöguna eins og hún kom frá efri deild. Þingsályktunartillaga efri deildar fer því fram, að skipuð verði 5 manna milliþinganefnd til þess að íhuga óskir þjóðarinnar um afnám eftirlauna, en *jafnframt* á hún að rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna þjóðarinnar og koma fram með tillögur þar að lútandi. Og þær tillögur miða vitanlega að því að hækka launin. Það stendur reyndar ekki í þingsályktunartillögunni, en því bæti eg við. Aftur á móti fer breyt.till. mín fram á, að fela stjórninni að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna og leggja fyrir Alþingi frumv. um það. Af þessu sjá menn, að það er töluverður munur á minni tillögu og aðaltillögunni. Hún felur í sér áskorun um milliþinganefnd, sem altaf hlýtur að kosta meira eða minna, til þess, að rannsaka launakjör embættismanna, jafna þau og hækka. En mín tillaga fer aðeins fram á að fela stjórninni að undirbúa frv. um *afnám eftirlauna*.

Á síðasta þingi kom fram frumvarp um að hækka laun embættismanna, sem að vísu féll þá, en þess var þá getið af hálfu stjórnarinnar, að von væri á frumv. til gagngerðrar endurskoðunar á launalögunum. Eftir þeim ummælum stjórnarinnar skildi eg það svo, að hún áliti sér fært að taka þetta mál til athugunar án milliþinganefndar.

Þegar um það er að ræða, að jafna laun embættismanna, þá leiðir það til þess, eins og eg sagði áðan, að þau verða hækkuð alment. En þegar talað er um að hækka launin, er altaf vitnað í það, að nú sé miklu dýrara að lifa heldur en þegar launin vóru ákveðin. Þetta er mikið rétt, en þessi aukni kostnaður við að framfleyta lífinu, kemur niður á fleiri mönnum heldur en hinum launuðu embættismönnum. Þess ber einnig að gæta, að þegar hækkuð eru laun embættismanna, þá er reglan sú, að það kemur strax í framkvæmd. En þó að eftirlaun yrði afnumin, þá kemur það ekki til framkvæmda fyrr en um leið og þeir embættismenn deyja, sem hafa eftirlaunarétt þegar lögin komast á. Ef þingsályktunartillaga þessi nær fram að ganga, verður því fyrst um sinn um aukinn kostnað að ræða, en ekki sparnað.

Það hefir altaf verið sagt, að ef hrófla að yrði við eftirlaunaspursmálinu þannig, að þau yrði afnumin, þá hlyti að leiða af því samtímis hækkun á launum embættismanna. Með öðrum orðum aukin útgjöld fyrir landssjóðinn. En óskir þjóðarinnar hafa ekki beinzt í þessa átt. Þjóðin hefir aðeins æskt þess, að eftirlaunin yrði afnumin, eða öðru skipulagi komið á þau, en ekki að launin yrði hækkuð. Þessar óskir hafa stafað af óánægju manna yfir því, að sérstakri stétt í landinu væri með eftirlaunaákvæðunum veitt löghelguð sérréttindi fram yfir aðrar stéttir, og við það hefir skapast misrétti, sem menn una illa við og vilja því að eftirlaunin verði afnumin. Það óskar enginn þess, að embættismennirnir fari á vonarvöl, og því hafa ýmsar raddir heyrst í þá átt, að eftirlaunaskipulaginu væri breytt til þess að tryggja það, að til þess kæmi ekki. Eg tek undir það, því að eg óska þess, að hvorki embættismenn eða aðrir þurfi að líða nauð í ellinni, enda er sú stefna nú uppi bæði hér á landi og víða annarsstaðar í heiminum, að allir menn tryggi sér einhvern lífeyri í elli sinni. Það hefir verið stofnaður almennur ellistyrktarsjóður, sem er fögur hug-

sjón, og eru slíkir sjóðir að ryðja sér meir og meir til rúms.

Embættismennirnir verða sjálfir að tryggja sér lífeyri, en auðvitað er ekkert á móti því, að landssjóður hlaupi að einhverju leyti undir bagga með þeim, líkt og á sér stað með alþýðuellistyrktarsjóðina. En núverandi lögskipuð eftirlaun embættismanna, eða fyrirkomulag þeirra, er ranglátt og því þarf að breyta. En til þess að breyta því og laga það, get eg ekki séð, að þörf sé á milliþinganefnd. Stjórninni ætti ekki að vera það ofvaxið, að undirbúa málið, ef ekki fyrir næsta þing, þá fyrir þingið 1917.

Eftirlaunin eru nú miðuð við embættisþjónustuár annarsvegar, og hinsvegar við launaupphæð embættisins. Þetta er bæði ranglátt gagnvart þjóðinni og embættismönnunum sjálfum. Það er eðlilegast, að upphæðin sé miðuð aðeins við þjónustuárin en ekki við launin. Allir vita það, að lægra launuð embættin eru oft jafnerfið og erfiðari en hin. Það er því afarranglátt, að þeir menn, sem sitja á þeirri grænu grein í lífinu — hafa lítið að starfa en há laun, njóti hærri eftirlauna en hinir, sem meira hafa að gera og lakara eru launaðir.

Eins og eg hefi tekið fram, álít eg milliþinganefnd óþarfa. Það hafa engar óskir komið fram um það frá þjóðinni, að endurskoða launakjör embættismanna. Og sé því spursmáli haldið utan við málið, þá sé eg enga þörf á milliþinganefnd. Ennfremur mundi það auka útgjöld landssjóðs eigi alllítið. Eg get ekki nefnt tölur. En svo mikið er víst, að hinar seinni milliþinganefndir, er skipaðar hafa verið, hafa kostað mikið. Eg hefi ekki haft tækifæri til þess að kynna mér, hvað þær hafa kostað. Eg skrifaði til stjórnarráðsins og bað það um upplýsingar í þessu efni, en hefi ekkert svar fengið. Ber þó stjórninni að sjálfsögðu sú skylda, að gefa þinginu og einstökum þingmönnum þær upplýsingar, er óskað er eftir. Annars veit eg ekki, hvort þetta stafar af hreinni og beinni ókurteisi gagnvart mér, eða að þarna liggur einhver fiskur undir steini, eitthvað sem ekki má vitnast. Nú hefir háttv. samþingismaður minn (E. A.) borið fram fyrirspurn til ráðherra um kostnaðinn við fánanefndina, og verður fróðlegt að heyra um hann.

Eg vænti nú þess, að br.till. mín á þskj. 317 verði samþykt. Hún fer ekki fram á annað en það, að athugað sé eftirlaunamálið án þess að nokkur milliþinganefnd sé sett. Það er eins og eg hefi margtekið fram, alveg óþarft, enda hætt við, að hún yrði ef til vill skipuð þeim mönnum, sem mesta hagsmuni hafa af því, að laun embættismanna verði hækkuð.

Að endingu vil eg biðja háttv. þm. að athuga það, að verði br.till. á þskj. 317 feld, þá er varatill. á þskj. 367, þar sem stungið er upp á, að tala nefndarmanna sé 3 í stað 5. Eg vænti þess, að aðaltill. verði samþykt, en að öðrum kosti varatillagan, því að betri er hálfur skaði en allur.

Ráðherra (S. E.): Eg ætla í fáum orðum að lýsa afstöðu minni til þessa máls. Eg er hlyntur því og tel rétt, að kröfur þjóðarinnar um afnám eftirlauna sé teknar til greina. En eg verð að halda því fram, að um leið verði að rannsaka launakjör embættismanna yfirleitt; athuga hvort ástæða gæti verið til að hækka jafnframt laun sumra embættismanna og lækka þá annarra. Í þessu máli verður að gæta fullrar sanngirni. Og eg trúi því ekki, að það sé gagnstætt vilja þjóðarinnar, að embættismenn hennar sé sæmilega launaðir. Eg álít það óholt, að starfsmenn þjóðfélagsins þurfi að lifa við

sultarkjör. Það er nauðsynlegt, að þetta verði ítarlega rannsakað, og eg álít, að það sé ekki rétt að leggja þetta alt í hendur stjórnarinnar. Þjóðin gerir kröfu til, að fleiri en embættismenn rannsaki málið, en í stjórnarráðinu er ekki öðrum en embættismönnum á að skipa. Rannsóknin gæti því orðið of einhliða, auk þess, sem í stjórnarráðinu mundi lítill tími vinnast til slíkra rannsókna. Eg verð því að mæla með því, að milliþinganefnd verði skipuð.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) kvartaði yfir því, að hann hefði ekki fengið svar frá stjórnarráðinu viðvíkjandi fyrirspurn um það, hve mikið ýmsar milliþinganefndir hefði kostað. Eg skil ekki, hvernig á því getur staðið, en eg þori að fullyrða það, að ástæðan er ekki sú, að það hafi ekki viljað svara spurningunni, heldur hlýtur hún að vera sú, að óvenjulega mikið hefir verið að gera þar síðustu dagana. Annars hefði þingmaðurinn ekki þurft annað en að snúa sér beint til mín um þetta efni. Sjálfsagt að veita slíkar upplýsingar.

Eg álít ekki rétt að taka til greina varatillögu háttv. þingm. um það, að nefndarmenn verði 3 í staðinn fyrir 5. Meiri trygging að öðru jöfnu að 5 manna nefnd athugi málið ítarlega frá öllum hliðum, en úr því á annað borð er farið að hreyfa málinu, þá virðist æskilegt, að nefnd sú, sem um það fjallar, gæti haft fult traust landsmanna og færi vel, ef hún gæti eytt þeim kala, sem jafnan hefir staðið af þessum launamálum.

Eg vil loks taka það fram, sem eg vék að í byrjun máls míns, að eg held, að það hefni sín fyrir hverja þjóð að launa starfsmönnum sínum svo illa, að þeir hafi ekki ráð á að gegna starfi sínu, eins og eg held líka, að hitt hefni sín, að hafa starfsmennina fleiri en nauðsyn krefur.

Sveinn Björnsson: Eftir því sem mér skildist á ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þá vóru ástæður hans á móti kosningu milliþinganefndar tvær. Í fyrra lagi sú, að nefndin mundi komast að þeirri niðurstöðu, að hækka bæri laun embættismanna. Hin ástæðan var það, að milliþinganefndin mundi kosta peninga. Eg held, að því er fyrra atriðið snertir, að háttv. þm. (S. S.) hafi tekið sér ofmikið gefið. En færi svo, að nefnd, kosin af þinginu, kæmist að þeirri niðurstöðu, að hækka beri laun embættismanna, þá skil eg ekki annað en það mætti tala um það. Hin ástæðan, að nefndin mundi kosta peninga, er auðvitað rétt. En ef málið er svo mikilsvert, sem margir álíta, þá má hún gjarnan kosta peninga. Það borgar sig betur að fá málið rækilega rannsakað og til lykta leitt, en að eyða mörgum árum í langar umræður, sem líka kosta peninga. Að vilja spara þessa upphæð finst mér ekki ólíkt því að spara eyrinn og láta krónuna fjúka. En háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hugsar svo mikið um þessar sparnaðargælur sínar, að oft verður úr því hreinasta sóun.

En nú er spurningin sú, hvort hér sé um svo mikið mál að ræða, að milliþinganefnd þurfi. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að engar óskir hefði verið látnar í ljós um það, að endurskoðuð yrði launakjör embættismanna. Eg vil í þessu efni benda honum á það, að fjölmennur flokkur í landinu, Sjálfstæðisflokkurinn, tók það fram í ávarpi sínu til þjóðarinnar fyrir kosningar, að hann vildi láta endurskoða launalöggjöfina. Eg veit ekki betur en það hafi fengið góðar undirtektir í landinu og jafnvel hjá flokksbræðrum 1. þm. Árn. (S. S.). Mér er kunnugt um það, að háar raddir hafa heyrst í þá átt, að afnema beri öll eftirlaun, og það er svo komið, að

í stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem nú liggur fyrir þinginu, er breytt því ákvæði gömlu stjórnarskrárinnar, að stjórnarskrárbreytingu þurfi til þess að afnema eftirlaun. Það má gera með sérstökum lögum. En móti þessum kröfum, sem eg gat um áðan, kemur krafan um launahækkun. Hún kom fram í frumv. frá stjórninni á seinasta þingi. Því lauk svo, að frumvarpið var felt — ekki þó vegna þess, að menn álíti alt ósanngjarnt, sem þar var farið fram á, heldur vegna hins, að málið þótti illa undirbúið. Stjórnin hafði tekið það óráð, að stinga upp á launahækkun þeim til handa, sem bezt vóru launaðir undir og alls óþarft var að hækka við. En þingið viðurkendi sumar af uppástungunum með því að veita viðkomandi mönnum persónulega launaviðbót á fjárlögum.

Það getur vel komið í ljós, að niðurstaðan verði sú, að ekki þurfi að hækka þá peningafúlgu, sem rennur til embættismanna, þótt laun þeirra yrði hækkuð. Það gæti vel komið til greina að emb. yrði fækkað. Jafnframt byggist eg við, að tillaga kæmi um það að skylda embættismenn til þess að tryggja sér ellistyrk.

Það er enginn vafi á því, að öll sanngirni mælir með því, og það hefir einnig verið viðurkent af þinginu, að alt launamálið þurfi að athuga og rannsaka ítarlega. Og er þá ekki offrandi nokkrum þúsundum króna, einu sinni fyrir alt til þess að fá málið rannsakað sem bezt og á enda kljáð? Eg veit, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sér, hvað hér er um mikilsvert mál að ræða, og hann hlýtur að skilja, að það er örðugt fyrir stjórnina að gera því svo góð skil, sem hann og allir aðrir hljóta að óska eftir, ekki hvað sízt fyrir það, að svo mörgum og mikilsverðum málum hefir verið dengt á stjórnina nú á þessu þingi. Það eru engir smámunir, og til ofmikils ætlast, ef búist er við, að stjórnin rannsaki það alt til hlítar, hvað þá ef jafnmiklu og erfiðu máli er bætt ofan á. Eg vænti þess, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sannfærist svo, af þeim umræðum, sem hér fara væntanlega fram, að hann kippi aftur breyt.till. á þskj. 317, enda skildist mér á honum, að hann gerði ákveðið ráð fyrir því, að hún félli. Og þess vegna hefir hann vitanlega komið fram með varatillögu, sem prentuð er á þskj. 367, *(Sigurður Sigurðsson:* Það skaðar ekki að búast við því versta) að hann hefir leitað fyrir sér um undirtektir manna, og þær ekki verið sem beztar.

Það getur náttúrlega verið álitamál, hvort þriggja manna nefnd vinnur betur eða verr en fimm manna nefnd. En þó lít eg svo á, að hægara verði að fá nefndina vel setta saman, að fá í hana fulltrúa allra hagsmuna og allra stefna í þessu máli, ef ekki verða færri menn í henni en fimm. En kostnaðarmunurinn er alls ekki svo mikill, að í hann sé horfandi. Eg held, að þessi andróður háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) stafi af misskilningi og þröngsýni. Þó að það sé góðra gjalda vert, að fara sparlega með fé landsjóðs, þá er engan veginn víst, að það sé búmannlegast í öllum tilfellum að horfa í hvern eyri. Menn geta stundum verið of níðskir, því að það getur í ýmsum tilfellum kostað meira fé, heldur en að gera það, sem gera þarf í gefnu augnabliki, þó að það hafi dálítil útgjöld í för með sér í svipinn.

Guðmundur Hannesson: Eg kann ekki við, að sá misskilningur eða hleypidómur, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sé látinn alveg mótmælalaus hér í deildinni.

Hann taldi eftirlaun embættismanna forréttindi, sem þeir hefði fram yfir aðra

menn í landinu, og með þeim forréttindum væri skapað misrétti á milli manna. En það ætti allir að vita, og ekki sízt þingmenn, að eftirlaunin eru ekki annað, en það sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) býst við að verði, og telur rétt, að embættismönnum verði gert að skyldu að kaupa sér ellistyrk. Í öllum löndum, öðrum en þessu landi, vita menn vel, að þeir menn, sem ráðnir eru í embætti með eftirlaunarétti, hafa í rauninni hærra kaup en það, sem þeir fá útborgað, þeim mun hærra, sem þurfa mundi til þess að kaupa ellistyrk jafn háan eftirlaununum. Þess vegna er það svo í öllum löndum, að þegar ákveða á laun starfsmanna, þá gera menn sér ljóst, hvort þeir eiga að hafa eftirlaun eða ekki, og eftir því fer upphæð launanna.

Nú hefir því verið troðið inn í höfuð manna hér á landi, að embættismönnunum sé gefin eftirlaunin, þeir hafi fyrst fullkomið kaup fyrir vinnu sína og fái síðan eftirlaunin í ofanálag. Vegna þessa misskilnings, sem troðið hefir verið í höfuðið á öllum almenningi, og vegna þeirrar óánægju, sem af þeim misskilningi hefir sprottið, væri æskilegt, að laun embættismanna, eins og þau eru í raun og veru, væri ákveðin með tölum og þeim síðan gert að skyldu að kaupa sér ákveðinn ellistyrk.

Eg vil ekki neinu um það spá, en mér segir þó svo hugur um, að landslýður græði ekki fé á endurskoðuninni. Það væri náttúrlega gott ef fé sparaðist, og það væri þá helzt á þá leið, að kippa mætti burtu ónauðsynlegum starfsmönnum, en verði það ekki með því móti, þá er eg vantrúaður á sparnaðinn.

Hvað nefndarskipunina snertir, þá er hún algerlega nauðsynleg, ef málinu er hreyft á annað borð, því að þótt stjórnin, með þeirri tilhjálp, sem fáanleg er í stjórnarráðinu, gæti int þetta starf af hendi og gerði það samvizkusamlega, þá væri verk hennar unnið fyrir gíg. Hvers vegna? Vegna þess, að öll alþýða mundi ekki hafa trú á því verki, sem unnið er af embættismönnum einum, ef það leiddi í ljós, að enginn sparnaður yrði að því að afnema eftirlaunin, eða ef þeir kæmist að þeirri sömu niðurstöðu, sem menn hafa komist að í flestum löndum, að heppilegast væri að halda eftirlaununum eins og þau eru. Það er ekki hægt að vinna tiltrú manna í öllum bygðum landsins á þann hátt.

Eg tel sjálfsagt, ef nefnd verður skipuð, að í henni verði fimm menn en ekki þrír. Hvers vegna? Vegna þess, að það er líklega sjálfsagt, að meiri hluti nefndarinnar verði skipaður mönnum, sem hafa sömu skoðun á eftirlaununum sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Eg tel þetta nokkurn veginn sjálfsagt, jafnvel þó að eg viti, að sú alþýðuskoðun er vitleysa, sem barin hefir verið inn í höfuð manna með kosningadeilum og blaðaskömmum. Alþýðan verður að vita, að meiri hluti nefndarinnar sé áreiðanlega hennar menn. Þá mundi niðurstaða nefndarinnar hafa einhverja þýðingu. Ef slík nefnd skrifaði undir, að rétt væri að hækka laun embættismannanna, jafnframt því sem eftirlaunin væri afnumin, eða þá annars kostar að halda eftirlaununum eins og þau eru, þá mundi alþýðan samt sem áður taka mark á því, en annars ekki, ef nefndin væri á annan veg skipuð. Í nefndinni þyrfti síðan að vera 1—2 embættismenn. Það væri tæplega nóg að hafa einn, veitti ekki af tveimur. Og ef meiri hl. ætti að vera úr öðrum stéttum, þá er fimm manna nefndin komin. Auk þess væri heppilegt, að eitthvert tillit væri hægt að taka til stjórnmálaflokkanna í landinu.

Eg hygg, að ekki geti annað komið til tals en bæði nefndarskipun og fimm manna nefnd, ef málinu verður hreyft á annað borð. Hagnaðurinn yrði fyrst og fremst sá, að væntanlega yrði hægt að útrýma þeirri röngu skoðun, sem alþýða manna hefir á eftirlaununum, og annar hagnaður gæti fengist, ef hægt væri að spara óþarfa starfsmenn.

Jóhann Eyjólfsson: Eg get kannast við, að eg er að miklu leyti á sama máli og hv. 1. þm. Árn. (S. S.), eg álít sem sé nefndarskipun í þetta mál með öllu óþarfa, en eg tel líka óþarft að gera þá kröfu til stjórnarinnar, að hún rannsaki þetta mál. Eg hefi alls ekki heyrt þær raddir þjóðarinnar, sem hér er svo mikið talað um, að hún krefjist þess, að launaspursmálið sé rannsakað. Mér er ekki kunnugt um, að alþýða manna krefjist, að laun embættismanna sé rýrð, og alls ekki heldur, að þau sé hækkuð.

Hv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, að þetta mál hefði verið eitt af þeim málum, sem sett hefði verið á stefnuskrá Sjálfstæðismanna, og getur það verið satt. En eg hygg, að einstakir menn hafi samið þá stefnuskrá, en ekki þjóðin í heild sinni.

Það er vitanlega satt, að margar raddir hafa heyrzt um það að afnema eftirlaunin, en á bak við þær raddir mun liggja, að launin standi kyrr eftir sem áður.

Eg hygg, að ef þeir tveir kostir væri fyrir hendi, fyrst það, að alt launafyrirkomulagið væri með kyrrum kjörum og hinsvegar það, að eftirlaunin væri afnumin, en föstu launin jafnframt hækkuð, þá mundi þjóðin kjósa fyrri kostinn.

Eg er einn af þeim mönnum, sem ekki vilja gera neina breytingu á því launafyrirkomulagi sem er. Eg vil ekki afnema eftirlaunin. Það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að eg vil ekki þau skifti, að eftirlaunin verði afnumin og föstu launin hækkuð að sama skapi. Eg álít sem sé, að það geti ekki verið sanngjarnt að kippa eftirlaununum í burtu, án þess að nokkuð komi í staðinn.

Önnur ástæðan til þess, að eg vil ekki afnema eftirlaun — og það er aðalástæðan — er sú, að eg er hræddur um, að margur embættismaðurinn, jafnvel þótt hann hefði haft góð laun, væri illa staddur á elliárunum, og ætti þá ekki lífeyri fyrir sig og sína. Og þá er eg hræddur um, að margur mundi verða svo bríóstgóður, að hann gæti ekki fengið af sér að fleygja embættismanninum út á klakann. Honum mundi margt verða talið til gildis, eins og má í langflestum tilfellum, og þá gæti farið svo, að hann fengi eftirlaun, ekki lægri en þó að þau væri lögboðin. Þetta mundi ekki verða einsdæmi, heldur jafnvel að ofmikilli reglu, því að flestum má telja margt til gildis þegar svo ber undir. Eins er hætt við, að landssjóðsstyrkur til uppgjafaembættismanna yrði oft gerður að flokksmáli og yrði að reglulegum bitlingi — og það er það versta.

Nei, eg álít ekki, að mikið græðist á því að afnema eftirlaunin. Eg hygg betra að láta alt sitja kyrt eins og það er. Meðan kröfur þjóðarinnar í þessu máli láta ekki meira á sér bera, hygg eg bezt að hreyfa því ekki, og að hvorki verði kosin nefnd til að íhuga það, né að stjórninni verði falið að gera neitt í því.

Einar Arnórsson: Eg skal reyna að lengja ekki mikið umræðurnar.

Þegar nánar er athugað, sýnist vera mjótt á milli skoðana hv. samþingism. míns (S. S.) og hv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.)

á þessu máli. Í þingsályktunartillögu á þskj. 193 frá Ed., sem hv. 1. þm. Rvk. felst á, er skorað á landsstjórnina að skipa *5 manna milliþinganefnd* til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám eftirlauna, og launamálið yfirleitt. Hv. samþingismaður minn (S. S.) hefir í sjálfu sér ekkert á móti þessari rannsókn. Hann fer aðeins fram á, með brt. sinni, að *stjórninni* verði falið að framkvæma hana.

Það var tekið fram í umræðunum um annað mál, þingsályktunartillögu á þskj. 136, að svo mörgum og stórum málum hefði verið dembt á stjórnina, að henni væri fullkomin ofætlun að gera þeim öllum góð skil. Get eg látið mér nægja að minna á aðgreiningu umboðsvalds og dómsvalds, sem stjórninni hefir verið fengið til íhugunar. Ef svo jafnalvarlegu og erfiðu máli og þessu væri bætt ofan á það, sem stjórninni hefir verið fengið í hendur til rannsóknar, þá hygg eg, að enginn, sem nokkra þekkingu hefir til að bera á þessum málum, treystist til að mótmæla því, að stjórninni er alt þetta óframkvæmanlegt.

Í nefndaráliti Ed. um þetta mál er ætlast til, að þessi nefnd taki einnig til íhugunar málið um aðgreiningu umboðsvalds og dómsvalds. Ef svo verður, þá er svo langt frá því, að það sé lítið, sem nefndin á að hafa að gera, að það mun einmitt vera töluvert meira en allar þær milliþinganefndir, sem hingað til hafa verið skipaðar á þessu landi, hafa þurft að inna af hendi.

Eg held, ef þessi þingsályktunartillaga verður samþykt, að stjórninni sé heimilt að fela nefndinni þetta starf, enda býst eg við, að hagkvæmara væri að sama nefndin hefði hvorttveggja með höndum.

Um þingsályktunartill. og brt. við hana ætla eg ekki að tala frekar. Aðeins vil eg árétta það, að stjórninni er það fullkomin ofætlun að rannsaka þetta mál eins ítarlega og þörf er á. Jafnvel í löndum þar sem eru 8, 10 eða 12 ráðherrar, dettur engum lifandi manni í hug, að hlutaðeigandi ráðuneyti inni annað eins starf af hendi og þetta. Eg skal benda á það til dæmis, að í Danmörku, þar sem er sérstakt ráðuneyti fyrir kirkju og kenslumál, var skipuð nefnd til þess að íhuga og koma fram með tillögur um, hvernig þeim málum yrði bezt fyrir komið. Hvorki þingi né stjórn datt í hug, að kirkju- og kenslumálaráðuneytið gæti annað því starfi. Ef einhver hefði komið upp með það, mundi það hafa þótt hin mesta fjarstæða.

Fyrir skömmu var einnig í Danmörku gerð breyting á skipun embættismanna og launum þeirra, og eg veit ekki betur, en að það hafi einnig verið árangur af nefndarstarfi. Hér á landi þarf einn og sami maðurinn að sinna öllum málum landsins, og þó að þau sé ef til vill ekki umfangsmikil, þá er sízt fyrir það að synja, að þau eru ósamkynja, og einmitt þessvegna þarf meira þrek og betri heila til þess að rækja þau vel, heldur en flestir munu hafa, og hvað þá ef hann á jafnframt að sinna öðrum eins störfum og hér er um að ræða.

Eg skil hv. samþingismann minn (S. S.) svo, að hann hafi borið fram brt. sína fyrir það, að hann vilji, að ekkert sé gjört í málinu, því að eg get ekki trúað því, að hann sé svo skyni skroppinn, að hann haldi, að stjórnin geti framkvæmt þetta svo í nokkru lagi sé.

Annaðhvort er að gera, að hreyfa málinu alls ekki, eða þá að samþykkja tillöguna, eins og hún var samþykt í Ed.

Hv. samþingism. minn (S. S.) er sjálfsagt á móti 2. lið till. fyrir þá sök, að

hann þykist viss um, að ef nefndin tekur launamálið alt til íhugunar, þá hljóti hún að komast að þeirri niðurstöðu, að laun embættismanna þurfi að hækka. Eg skal ekki spá neinu um, hver niðurstaða nefndarinnar verður, en eg tel þó ekki ólíklegt, að hún kynni að leggja til, að laun sumra starfsmanna landsins verði hækkuð að einhverju leyti. Býst eg við, að hv. samþingism. minn (S. S.) telji það ekki með öllu ósanngjarnt, því að eg veit ekki betur, en að hann hafi verið því samþykkur á þinginu í fyrra, að hækka laun sumra starfsmanna, eða að minsta kosti mun hann ekki hafa gert það að ágreiningi í fjárlaganefndinni. *(Pétur Jónsson:* Jú, það gerði hann). Ekki er það að sjá á opinberum skjölum, og eftir öðru get eg ekki farið.

En það er ekki svo að skilja, að eg sé að ámæla hv. þm. (S. S.) fyrir þetta. Það er langur vegur frá því. Sem sagt, eg spái engu um það, hver niðurstaða nefndarinnar verður, en hitt er aðalatriðið fyrir mér, að einhverntíma fáist botn í þetta deilumál, svo að ekki þurfi ár eftir ár að vera að þvæla um það af litlu viti og engri þekkingu.

Eg skal játa, að það er í rauninni eðlilegt, að menn sé hálft í hvoru myrkfælnir við milliþinganefndir, því að ef satt skal segja, þá hefir árangurinn af þeim oft verið lítill. En eg verð jafnframt að bæta því við, að störf þeirra sumra hafa verið mjög mikil. Get eg tekið »kolanefndina« 1911—1912 til dæmis, því að þótt hennar tillögur næði ekki fram að ganga, þá var það mikið verk, sem hún leysti af hendi.

Loks skal eg geta þess, að eg álít, að þetta ætti ekki að vera flokkamál í þinginu og ekki stéttamál í landinu. Hér er um hagsmuni allra landsmanna að tefla og málið ætti að leiðast þannig til lykta, að allir gæti orðið ánægðir með það. Það hefir sýnt sig, að menn eru óánægðir með fyrirkomulagið eins og það er nú. Almenningur lítur illu auga til eftirlaunannna, og margir embættismenn eru óánægðir með launakjörin. Það er efasamt, eins og háttv. samþingismaður minn (S. S.) tók fram, að rétt sé að miða eftirlaunin við upphæð föstu launanna og embættistímann. Að minsta kosti er fyrra atriðið efasamt, þó að síðara atriðið virðist í fljótu bragði hafa meiri rétt á sér.

Sigurður Sigurðsson: Það má æra óstöðugan, að svara öllum þeim andmælum, sem fram hafa komið gegn br.till. minni. Það ætla eg heldur ekki að gera. En þó get eg ekki leitt hjá mér að svara nokkrum atriðum.

Háttv. samþingism. minn (E. A.) — svo að eg byrji þar sem hann endaði — áminti menn um, að þetta ætti ekki að gera að flokkamáli í þinginu og ekki stéttamáli í landinu. Eg get vel skilið, að embættismennirnir hérna í deildinni kæri sig ekki um, að það verði gert að *stéttamáli*, og þarf eg ekki að eyða orðum að því frekar.

Hæstv. ráðherra (S. E.) hóf fyrstur andmælin. Eg hefi ekki miklu að svara honum. Eg skal aðeins víkja að því, að hann taldi réttlátt, að laun embættismannanna væri endurskoðuð, og jafnvel, að laun sumra þeirra væri hækkuð. En hins vegar gerði hann sér von um, að eitthvað mætti spara með því að fækka embættismönnum, eða að minsta kosti ætti ekki að fjölga þeim. Þetta má segja. En hvað skeður? Fyrir fáum augnablikum var samþykt hér í deildinni með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, að stofna *nýtt embætti*. Þarna er samkvæmnin. Eg er ekki að ámæla hæstv. ráðherra (S. E.) sérstaklega, en eg nota aðeins tækifærið, til þess að benda á ósamkvæmnina. Dæmið lá svo

nærri. Eg þykist vita, að þetta embætti, sem verið var að samþykkja, verði stofnað áður en þessu þingi lýkur.

Eg gat þess áðan, að þegar launamálið var hér á döfinni, þá var þess getið af hálfu stjórnarinnar, að nauðsynlegt væri, og jafnframt að von væri á því, að launakjör starfsmanna landsins væri endurskoðuð. Þá var engri milliþinganefnd til að dreifa. Stjórnin ætlaði að gera þetta sjálf. Og eg hygg, þegar öllu er á botninn hvolft, að henni væri margt óljúfara að gera en þetta. Það nær ekki nokkurri átt, að hæstv. ráðherra, og þeim góðu mönnum, sem honum eru til aðstoðar, sé ekki trúandi til að leysa þetta starf sæmilega af hendi. Mér er spurn, til hvers er þeim góðu mönnum þá trúandi? Til hvers höfum vér sett á stofn dýrar stjórnarskrifstofur, ef þeim er ekki trúandi til neins?

Háttv. 1. þm. Rvk. (Sv. B.) sagði, að krafa um hækkun á launum, hefði komið fram í stefnuskrárskjali sjálfstæðisflokksins. Það getur vel verið, að eitthvað sé um launahækkun í þessarri alkunnu stefnuskrá. En hverir hafa skrifað þá stefnuskrá? Eru það ekki mestmegnis embættismenn?

Eg hefi aldrei sagt, að það væri ósanngjarnt í sjálfu sér að hækka laun þeirra manna, sem verst er launaðir, en hinu held eg enn fast fram, að ef farið væri að endurskoða launakjör embættismannanna, þá mundu útgjöld landssjóðs hækka. Og það mun sjást á sínum tíma, að eg hefi haft rétt fyrir mér. Eg er ekki spámannlega vaxinn, en þessu þori eg þó að halda fram.

Háttv. samþingismaður minn (E. A.) sagði, að eg hefði í fjárlaganefndinni í fyrra viljað hækka laun embættismanna. Hann veit ekki skapaðan hlut um það, hver afstaða mín var til þess máls í fjárlaganefndinni. En það get eg sagt honum, að þegar það var orðið ofan á í nefndinni að hækka laun mentaskólakennaranna, þá hélt eg því fram, að ekki væri minni ástæða til að hækka laun hinna lægst launuðu embættismanna, eins og t. d. kennaraskólakennaranna. Þeir hafa frá upphafi haft miklu lægri laun en mentaskólakennararnir.

Það kom fram í launahækkunarfrumvörpum stjórnarinnar í fyrra, að byrjað var að auka laun þeirra hæst launuðu, og það hefir venjulega verið regla, að byrjað væri að ofan, en ekki neðan. Færi betur, að hæstv. núverandi ráðh. (S. E.) fylgdi ekki sömu reglu.

Allir spádómar, sem komið hafa fram um það, hvernig þessi milliþinganefnd verði skipuð, eru spádómar alveg út í loftið. Það er engin trygging fyrir því, að hún verði svo skipuð, að hún fallist á að lækka laun embættismannanna, eins og háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) vildi halda fram. Og það er engin trygging fyrir því, að hún verði svo skipuð, að hún geti rannsakað, hvort aðskilja beri umboðsvaldið og dómsvaldið. Til þess þarf sérstaka menn og sérfróða. *(Sveinn Björnsson:* Það kostar peninga). Það er alt annað að borga einum eða tveimur duglegum mönnum, en heilum hóp, sem slæpist og gerir ekki neitt.

Eg held því fram, að stjórnarráðinu sé ekki ofætlun að rannsaka þetta mál, um launakjör embættismanna. Hún þarf ef til vill að reikna nokkur einföld dæmi. Vér eigum marga færa reikningsmenn, aðra en þingmenn, sem gæti reiknað dæmi, t d. viðvíkjandi ellistyrk embættismanna. Eg er t. d. viss um, að Ólafur Dan. yrði ekki lengi að því. *(Sveinn Björnsson:* Það mundi kosta peninga). Það er alt af hægt að segja það, og það kostar einnig peninga að vera einlægt að taka fram í. Annars er því svo varið, að þeir sem eru nirflar á sitt

eigið fé, geta oft verið mestu bruðlunarseggir, þegar um landssjóðsfé er að ræða.

Að lyktum skal eg geta þess, að fari svo ólíklega, að breyt.till. mín á þskj. 317 verði feld, þá vænti eg þó þess, að hin br.till. mín á þskj. 367 verði samþykt. Því að ef þessi milliþinganefnd verður skipuð, þá sé eg enga ástæðu til að fleiri menn sé í henni en þrír. Og betri er hálfur skaði en allur. Mér hefir einnig verið sagt það, að því fleiri sem sé í einhverri nefnd, því verr gangi venjulega starfið.

Verði hvorug tillaga mín samþykt, greiði eg hiklaust atkvæði á móti skipun þessarrar nefndar. Eg hefi enga von um, að hún leysi það verk viðunanlega af hendi, sem henni er ætlað, og allra sízt svo, að þjóðinni verði það til hagsbóta.

Ráðherra (S. E.): Eg gat þess áðan, að það væri ekki heppilegt, að embættismenn landsins hefði of lítil laun. Þetta stend eg fast við. Mér finst það óheppilegur sparnaður, sem gengur í þá átt að gera launin svo lítil, að embættismennirnir geti ekki notað krafta sína í þarfir þjóðfélagsins.

Eg ætla ekki að fara að tala um embættisstofnun þá, sem talað var um hér nýlega; eg skal lýsa yfir því, að eg er hlyntur háskóla Íslands og vil gera veg hans sem mestan. Fyrir mér er þetta þjóðarmetnaður.

Það er leiðinlegt um jafnstiltan mann og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), hvað honum hættir við að verða æstum, þegar minst er á embættisbræður hans í þessu landi. Hann hefir ekki tekið eftir því, að þessar skammir hans til embættismannanna bergmála ekki hjá þjóðinni. Þjóðin hefir fullan skilning á því, að hún geti ekki fremur en aðrar þjóðir verið án embættismanna og því engin ástæða að hafa þá stétt fremur en aðrar að skotskífu; hitt er annað mál, að sjálfsagt er að láta þá embætttismenn sæta aðfinslum, sem aðfinslur eiga skilið. Eg vil benda háttv. þm. á, að það er óhæfileg stefna að reyna að koma inn kala milli stéttanna í landinu, milli embættismannanna og alþýðunnar. Bótin er, að þeir sem gala hæst um þetta vinna ekkert á.

Eg stend fast við það, að það er ekki heppilegt að láta stjórnina rannsaka þetta launamál. Stjórnarráðið er eingöngu skipað embættismönnum og þess vegna hætt við, að rannsóknin verði nokkuð einhliða. Eg fyrir mitt leyti lít svo á, að heppilegast væri, að meiri hluti nefndarinnar, sem skipuð verður til þess að rannsaka þetta mál, verði bændur. Það sjá líka allir, að stjórnarráðið hefir engan tíma til að rannsaka jafnumfangsmikið mál eins og þetta.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hélt því fram, að þetta mundi leiða til þess, að útgjöld landssjóðs hækkuðu. Það getur verið, en er ekki víst. Það getur verið, að laun sumra embættismanna yrði lækkuð, en hækkað yrði aftur hjá öðrum. Eg vil benda á, að læknar í afskektum héruðum ætti að hafa hærri laun en læknar í góðum héröðum, annars afleiðingin sú, að læknar í útkjálkahéröðunum verða oft af verri endanum, en það tel eg mjög óheppilegt.

Mér fanst háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) líta svo á, að milliþinganefndir væri vanar að slæpast og gera ekki neitt. Eg skil ekki, á hverju hann byggir það álit sitt.

Eg treysti því fastlega, að þessi hv. deild samþykki ekki breytingartillögur háttv. 1. þm. Árn., því að það gæti orðið til þess, að koma í veg fyrir, að eftirlaun embættismanna verði afnumin.

Að vísu álít eg tillögu þingm. um, að 3 menn skipi nefndina, ekki jafnathuga-

verða, en held þó, að betra væri að skipa 5 manna nefnd.

Sigurður Sigurðsson: Eg skal ekki tala um sjálft málið, sem hér liggur fyrir. En eg get ekki látið vera að mótmæla þeirri aðdróttun, sem mér fanst liggja í orðum hæstv. ráðherra (S. E.), að eg væri að ala á ríg milli embættismannanna og alþýðunnar. Eg kannast ekki við, að eg geri þetta. Mér er meinlítið við flesta embættismennina, og tel þá upp og ofan, suma góða og duglega, suma miður en skyldi. En það vil eg segja, að þótt skaðlegt kunni að vera að ala á slíkum ríg, þá er þó *þúsund sinnum skaðlegra* að fá alþýðuna til þess að trúa því, að embættismennirnir sé einhverjir guðir, sem alt geti gert og aldrei geti skjátlast.

ATKV.GR.:

Br.till. á þskj. 317 var feld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Guðm. Hannesson
Magnús Kristjánss.	Benedikt Sveinsson
Sigurður Sigurðsson	Bjarni Jónsson
Stefán Stefánsson	Björn Hallsson
Þorleifur Jónsson.	Björn Kristjánsson
	Einar Arnórsson
	Guðm. Eggerz
	Hannes Hafstein
	Hjörtur Snorrason
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Pétur Jónsson
	Sigurður Eggerz
	Sigurður Gunnarsson
	Skúli Thoroddsen
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Br.till. á þskj. 367 var feld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jóhann Eyjólfsson	Guðm. Hannesson
Magnús Kristjánsson	Benedikt Sveinsson
Pétur Jónsson	Bjarni Jónsson
Sigurður Sigurðsson	Björn Hallsson
Stefán Stefánsson	Björn Kristjánsson
	Einar Arnórsson
	Einar Jónsson
	Guðm. Eggerz
	Hannes Hafstein
	Hjörtur Snorrason
	Jón Jónsson
	Jón Magnússon
	Sigurður Eggerz
	Sig. Gunnarssson
	Skúli Thoroddsen
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.

Matthías Ólafsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Tillagan sjálf óbreytt var samþykt með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Jóhann Eyólfsson
Björn Hallsson	MagnúsKristjánsson
Björn Kristjánsson	Sigurður Sigurðsson
Einar Arnórsson	Stefán Stefánsson
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Jón Jónsson	
Jón Magnússon	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	

Guðm. Hannesson, Hjörtur Snorrason, Matthías Ólafsson, Pétur Jónsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og vóru því taldir til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild* Alþingis.

13. Strandferðir.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um strandferðir (þskj. 363)

Á 38. fundi Nd., laugardaginn 8. ágúst, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um einaumr. samþ. í einu hljóði.

Á 39. fundi Nd., mánudaginn 10. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Frams.m. (Sv. B.): Eins og kunnugt er, vóru kosnar nefndir í báðum þingdeildum eftir tillögu ráðherra, til þess að athuga þetta mál og koma fram með till. um það. Eins og sjá má af nefndarálitinu, hafa þessar tvær nefndir altaf starfað saman, en aldrei haldið fundi hvor í sínu lagi, og það er ekki sízt þess vegna, að tekist hefir að afgreiða málið svo, að þótt það kæmi seint fyrir þingið, má þó vænta þess, að það nái fram að ganga.

Eg skal leyfa mér að vekja fyrst athygli háttv. deildar á því, að prentvilla er í áætlun III. á bls. 3 í töflunni, í dálkinum um tekjuhalla. Þar stendur 216 þús. o. s. frv., í staðinn fyrir 116 þús. o. s. frv. Sömuleiðis er prentvilla á 4. bls., 5. línu að ofan, fylgiskj. IX., á að vera fylgiskj. VIII., og í 2. setningu á sömu síðu á að vera fylgiskj. VII., en ekki VIII.

Það liggur nú fyrir að binda viðunanlegan enda á þetta mikla vandræðamál, sem þingið hefir fengist við um svo langan tíma. Það vaknaði þegar á 1. löggjafarþinginu árið 1875, og kom þá þegar fram sú hugmynd, að landið ætti sjálft að taka að sér samgöngur á á sjó, en til þess treystust menn þá ekki sökum fátæktar.

Fór það svo á endanum, að styrkur var veittur úr landssjóði til þess að koma á strandferðum. En lítilfjörlegar vóru þær fyrst, ekki nema 2 ferðir á ári og 6 viðkomustaðir. Árið 1885 komust á samningar, sem héldust til 1896, en á þeim tíma var þó enn óánægja með afgreiðslu og ferðir litlar. Þess vegna var þá ráðist í það, sem komið hafði til orða áður, að landið annaðist sjálft sérstakar ferðir, og var þá stofnað til Vestu-útgerðarinnar. Hún stóð ekki nema í 2 ár, því að hún mishepnaðist, svo að hætta varð við hana. Þá var næst samið við Sameinaða félagið um bátana Hóla og Skálholt til strandferðanna, og hófust þá fyrst reglulegar strandferðir, með fleiri viðkomustöðum en áður, og án þess að skipin færi jafnframt til útlanda. Þetta fyrirkomulag hélzt þangað til árið 1910, er samningur var gjörður við Thore-félagið. — Með honum var litlu breytt — aðeins var nú bætt við einum bát, sem einkum átti að annast samgöngur við suðurströnd landsins.

Þegar svo Thore kiknaði á samningunum 1912 og gat ekki haldið þá samninga, var að nýju gjörður samningur við Samein. fél. Óánægjan með þá samninga var almenn og framkoma félagsins að öðru leyti þannig, að þing, eða stjórnina, fýsti eigi að semja frekar við það félag. Var svo gerður samn-

ingur í fyrra við nýtt félag — Björgvinjarfélagið, auk þess sem vöruskip Tuliniusar ganga hér kringum landið. Það verður því ekki annað sagt, en að vér höfum reynt sitt af hverju í þessu efni.

Vér höfum reynt þrenskonar strandferða-fyrirkomulag. Hið fyrsta er það, að skip, sem koma frá útlöndum, hafa farið á hafnir á svo og svo löngum kafla af strandlengjunni, og endað svo í Rvík. Þetta fyrirkomulag hefst 1875 og helzt óbreytt til 1898. Þá kemur annað, sem sé það, að 2 skip, því nær jafnstór, annist strandferðirnar, og ganga bæði milli Rvíkur og Akureyrar, annað að vestan, en hitt að austan, án þess að fara til útlanda á milli.

Þetta hefir að mestu haldist þangað til nú í ár, að reynt hefir verið 3. fyrirkomulagið, sem er samsett af ferðum frá útlöndum með ströndum fram og öðrum, sem eingöngu eru strandferðir. Á þingi í fyrra stakk svo landsstjórnin upp á einu fyrirkomulaginu enn, sem sé því, að skip færi kringum land í ferðum til og frá útlöndum, eins og fyrst var, og hefði fáa viðkomustaði, en svo væri litlir bátar (mótorbátar) látnir annast samgöngurnar við smærri hafnirnar.

Nefndir íhuguðu þetta í fyrra í báðum deildum, en þeim gazt eigi að því.

Yfirleitt má segja, að strandferðamálið hafi verið athugað allrækilega nú á tveim síðustu þingum, og þó einkum í fyrra. 1912 urðu hálfgerð vandræði, er Thorefélagið gafst upp, því að þá var hitt félagið, sem áður hafði haft strandferðirnar, allstirt við að eiga til allra samninga. Þá kom enn fram á þingi sú tillaga, og fekk talsverðan byr, að landið tæki að sér ferðirnar. Og 1912 hafði komið fram frumv. um að landið keypti Austra og Vestra, en það var drepið hér í deildinni. Nú kom enn fram nýtt frumv. um það, að heimila stjórninni að taka fyrir landssjóðs hönd hluti í innlendu eimskipafélagi, og komst það í gegnum neðri deild, en var svæft í háttv. Ed. Þessi hugmynd, að landið annist sjálft strandferðirnar, hefir þannig, að því er mér er frekast kunnugt, komið fram á 4 þingum: 1875, 1895, 1909 og 1912 — auk þingsins í fyrra. Nefndir þær, sem unnu að málinu á þingi í fyrra, tóku líka þetta til athugunar, en niðurstaðan varð sú, sem venjulega hefir orðið, að heldur hefir verið kosið, að landsstjórnin léti aðra annast ferðirnar, og veitti þeim styrk til þess. En um leið slógu nefndirnar í fyrra því föstu, að ófært væri að byggja framvegis á samningum við erlend eimskipafélög. — Vér þurfum að fá alt innlent: fé, skip og menn.

Það varð þá ofan á, að heppilegast mundi vera, að Eimskipafélag Íslands, sem þá var að stofnast, tæki ferðirnar að sér, og þessvegna vóru lögin í fyrra orðuð svo, að stjórninni var heimilað að taka hluti í því félagi fyrir landssjóðs hönd. En ef ekki gengi saman milli hennar og þess, þá fyrst skyldi það koma til greina, að landið sjálft tæki að sér rekstur strandferða.

Nefndirnar á þinginu 1912 komust ennfremur að fastri niðurstöðu um tvö atriði:

1. Að eins og strandferðum hefir verið hagað hingaðtil, hafi viðkomustaðirnir verið of margir. Fyrir kröfur einstakra héraða hafa þeir orðið smámsaman fleiri en nokkur þörf er á, svo að upplýst er, að sumstaðar hafa skipin ekkert að gjöra.

2. Að það sé mjög óheppilegt, að strandferðaskip, flóabátar og millilandaskip sé að elta hvert annað sama daginn á sömu hafnirnar, en að svo liði

stundum margar vikur á milli ferða. Þetta er vitanlega aðeins óþarfi og engum hagræði að því.

Frá því á þingi 1912 til 1913 gjörðist nú sá undirbúningur í þessu máli, að Eimskipafél. Íslands komst að nokkru leyti á laggirnar. Meðal orsakanna, sem knúðu það fram vóru þær, hve afarerfitt Sameinaða félagið reyndist, þegar stjórnin neyddist til að semja við það 1912. Það hefir þröngvað svo kosti landsmanna, að þeim þykir það óbærilegt. Auk þess hefir það orðið mönnum til hvatningar, að þingið 1912 heimilaði stjórninni hlutakaupin. Á síðasta þingi gátu nefndarmenn haft bráðabirgðarstjórn þess félags til viðtals, og árangurinn af því varð sá, að samþykt vóru lög um að kaupa hluti í því fyrir 400,000 kr., en síðar skyldi semja um strandferðirnar, þegar hægt væri að vita um stærð skipanna, svo og ferðaáætlun og taxta.

Ef þeir samningar tækist ekki, átti landssjóður sjálfur að taka að sér strandferðirnar.

Þegar nú Eimskipafélag Íslands var stofnað til fulls í vetur, þá var það eitt af fyrstu verkum félagsstjórnarinnar að semja við landsstjórnina, en í þeim samningum, sem þá vóru gjörðir, treystist hún ekki til þess að ákveða endanlega um stærð skipanna o. fl., með því að landsstjórnin leit svo á, að heimild hennar væri svo óákveðin, að ekki væri rétt, að hún gjörði út um þetta á sitt eindæmi, enda kemur ekki til þess, að þetta félag taki að sér strandferðirnar fyrri en 1916, en innan þess tíma átti að halda þetta þing, og því tækifæri til þess að leita álits þingsins. Og nú er það því aðallega þetta, sem hér liggur fyrir þinginu. Tillaga á þskj. 363 gengur í þá átt, að gefa stjórninni í hendur það, sem hún þarf til þess, að geta gengið endanlega frá þessum samningum við Eimskipafélag Íslands.

Þingið 1913 veitti sérstakt fé til samgöngumálaráðunauts, og í febrúarmán. síðastliðnum var maður skipaður í þá stöðu, og skyldi hann einkum kynna sér strandferðamálið. Hann hefir nú ferðast kringum landið og komið á flestar hafnir, kynt sér óskir manna og myndað sér skoðanir um það, hvernig ferðum verði bezt fyrir komið. Hann hefir í síðastliðnum mánuði afhent stjórninni 3 uppástungur að ferðaáætlunum, sem prentaðar eru hér með nefndarálitinu, sem fylgiskjal I.—III. En þótt uppástungurnar sé þrjár, þá er þó vert að geta þess, að ráðunauturinn hefir bezt álit á uppástungu nr. 2, og hafa nefndirnar hallast að því.

Eg hygg nú, að hv. þm. hafi kynt sér þessi gögn, og skal eg í þessu sambandi leyfa mér að vekja eftirtekt þeirra á bréfi frá ráðunautnum til nefndanna, sem prentað er hér sem fylgiskjal V. Áður en eg fer út í einstök atriði í nefndarálitinu, skal eg enn rifja upp nokkur aðalatriði til glöggvunar.

Á þingina 1912 varð niðurstaðan þessi: *að* heppilegast mundi vera að hafa til strandferðanna 2 skip, bæði útbúin til fólks- og vöruflutninga, og bæði sem líkust að stærð, gerð og hraða; — *að* fækka nokkuð viðkomustöðunum og *að* breyta fyrirkomulagi ferðanna svo, að komið verði í veg fyrir það, að millilandaskip, flóabátar og strandferðaskip elti hvert annað. Eftir því sem bezt verður séð á nefndarálitinu í Nd. það ár, hefir sú nefnd litið svo á, að skip eins og Austri og Vestri mundu vera heppileg til strandferðanna, hvað stærðina snerti.

Eg skal líka geta þess, að af því þrennskonar fyrirkomulagi, sem eg nefndi áðan og vér höfum átt við að búa, virð-

ist þetta með tveim bátum vera langeðlilegast. Niðurstaða nefndanna á þessu þingi hefir nú líka gengið í þessa átt, og á sömu skoðun er samgöngumálaráðunauturinn. Skal eg nú reyna að skýra fyrir hv. deild ástæðurnar fyrir þessu.

Ef litið er á fylgiskjal I., þá er þar gengið út frá því, að annað skipið, A, hafi líkt fyrirkomulag og gjört er ráð fyrir um bæði skipin í áætlun nr. 2. Sé bæði hraðskreytt og hafi allmikið lestarúm og farþegarúm.

Hitt skipið, B, á að hafa minna farþegarúm, þótt það hafi að öðru leyti líkt fyrirkomulag.

Nefndarmönnum þótti þetta ekki eins heppilegt, því að hvort skipið um sig ætti að geta tekið við af hinu, ef það fatlast eitthvað, og meðal annars þess vegna þurfa þau að vera sem líkust. Þá þóttu þeim og samsettar ferðir heppilegri eftir áætlun nr. 2, en ferðir yfirleitt dýrari eftir nr. 1.

Aftur á móti þótti þeim það að nr. 3, að ferðir til útlanda væri of margar og sumar óþarfar. En sérstaklega sáu þeir þó í þann mikla kostnaðarauka, sem þetta fyrirkomulag hefði í för með sér, þar sem það yrði um 30 þús. kr. dýrara á ári, en eftir því sem nefndirnar leggja til.

Austri og Vestri þóttu góðir að mörgu leyti, þótt bæði farþega- og flutningsrúm væri heldur lítið til millilandaferða. Nú hefir ráðunauturinn gjört ráð fyrir því, að þessi skip, sem gjört er ráð fyrir í áætlun nr. 2, verði 400 smálestir nettó, þótt þessa sé ekki getið í tillögu á þskj. 363.

Þegar skip eru mæld, þá er ákveðin »netto« smálestatala, en ekki rúmmál þeirra í teningsfetum. Þetta er óheppilegur mælikvarði, þegar um er að ræða að ákveða farmrúm skipa, því að menn reyna að koma netto-smálestatölunni niður svo sem hægt er, til þess að spara hafnargjöld. Hið eina, sem er ábyggilegt í þessu efni, er teningsmál skipanna. Það er hér ákveðið h. u. b. 30000 teningsfet. Það á að svara hér um bil til þess, sem samgöngumálaráðunauturinn hefir hugsað sér með 400 tonna skip. Til þess að sýna hvað »netto« smálestatala skipanna er óábyggileg, skal eg taka til dæmis Austra og Vestra, sem eru 281 smálest »netto«, en 22,000 teningsfet. Mjölnir er 329 smál. »netto«, en 32,000 teningsfet. Sterling er 635 smál., en jafnmörg teningsfet að rúmmáli sem Mjölnir. Perwie er 238 smál. en 26,000 teningsfet.

Þá skal eg minnast ofurlítið á fyrirkomulag ferðanna. Það er, eftir því sem samgöngumálaráðunauturinn hefir gert ráð fyrir í strandferðaáætlun sinni nr. 2, búist við, að farin verði ein ferð í marzmánuði. En eins og menn sjá, þá hefði það orðið miklu kostnaðarsamara. Nefndinni kom saman um, að ekki væri nauðsynlegt að fara strandferð svo snemma.

Fyrirkomulag það, sem nú er bygt á, er það, að hvort skip fer alla leið í kringum land í hverri ferð, í staðinn fyrir, að Hólar og Skálholt fóru aðeins til Akureyrar, en sneru þar við aftur; og eins var fyrirkomulagið þegar Austri og Vestri vóru notaðir. Afleiðingin af þessu verður sú, að menn eiga hægara með að ferðast milli hafna en áður var. Eg skal taka sem dæmi, að ef maður þarf að fara frá Reykjavík norður á Blönduós, þá getur hann farið með »A« skipinu frá Reykjavík 10. apríl og kemur þá til Blönduóss 19. apríl, og fær ferð þaðan aftur 25. s. m. Annað dæmi get eg tekið. Ef maður þarf að fara frá Reykjavík til Húsavíkur, þá getur hann farið með »B«-skipinu frá Reykjavík 7.

apríl. Kemur hann þá til Húsavíkur 17. apríl, og getur fengið þaðan ferð aftur eftir 6 daga dvöl, 23., notar því ekki meira en 3 vikur í ferðina. Fari hann með hraðferð, þá er hann aðeins 12 daga í burtu. Þessar hraðferðir, sem getið var um, er það sama sem Thorefélagið tók upp og reyndust þá vel.

Nefndin hefir lagt til, að hvort skipið um sig sé látið fara einu sinni til útlanda á hverju sumri. Og er þetta gert til þess, að hægt sé að smala saman ull á höfnunum og ekki þurfi að umhlaða henni úr einu skipinu í annað.

Viðkomustaðir þeir, sem nefndin gerir ráð fyrir, eru alls 87. En um 25 þeirra er svo ákveðið, að þar sé aðeins komið við, ef talsverður flutningur er. Þessir staðir eru í strandferðaáætluninni merktir með stjörnu. Á þennan hátt má fá mjög margar hafnarviðkomur, en þó eigi að nauðsynjalausu, og sparast við það óþarfa ferðir á staði, þar sem lítið eða ekkert er að gera, og kostnaður sá, sem af því leiðir. Sömuleiðis er með þessu fyrirkomulagi hægt að spara töluvert af fjárveitingum til flóabáta, 20,000 kr. að minsta kosti, samkvæmt skýrslu samgöngumálaráðunautsins.

Eg skal vekja athygli á því, að samkvæmt þessari áætlun nefndarinnar, hefir norð-austur kjálki landsins fengið betri ferðir, en hann hefir nokkurntíma áður haft.

Á fylgiskjali nr. 8 við þskj. 364 er prentaður samanburður á viðkomum á öllum stöðum á landinu, eins og þær verða samkvæmt tillögum samgöngumálaráðunautsins, við það sem áður hefir verið, og sýnt á sama fylgiskjali, hvernig strandferðirnar verða samkv. br.till. nefndarinnar. Þetta er gert til þess, að hver þingm. geti hæglega séð, hvernig hafnirnar í hans kjördæmi verða úti.

Yfirlitið á fígskj. 7 sýnir, hve góðar strandferðirnar verða, í samanburði við það sem áður hefir verið. Á því sést, að ferðirnar verða 10 hægar ferðir, með 50 viðkomustöðum að jafnaði og 8 ferðir hraðar með 20 viðkomustöðum að jafnaði, og auk þess 2 ferðir milli Akureyrar Reykjavíkur, önnur hæg, með 28 viðkomustöðum, en hin hröð, með 10 viðkomustöðum. Þetta fyrirkomulag er betra en nokkurn tíma hefir áður verið, að undanteknu því, að Suðurlandsundirlendið hefir ef til vill haft betri ferðir meðan Perwie gekk þar milli hafna. Það er ekki svo að skilja, að eg haldi því fram, að nefndinni hafi tekist að semja alfullkomna ferðaáætlun. Nefndinni var ekki fremur en öðrum hægt að gera svo öllum líki. En sú leið stendur öllum þingmönnum opin að athuga ferðaáætlanir nefndarinnar og koma með sínar athugasemdir og breytingatillögur til stjórnarráðsins, ef þeir vilja einhverju breyta.

Samgöngumálaráðunauturinn hefir samið kostnaðaráætlun um þessar ferðir og borið þær undir útgerðarstjóra Eimskipafélags Íslands, og hefir hann fallist á þær með örlitlum breytingum.

Hvað snertir sjálfa útgerðina, skal eg snúa mér að fylgiskjali 6 b við þskj. 364. Strandferðanefndin á þinginu 1913 gerði slíka kostnaðaráætlun, og komst að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn yrði á mánuði 9,413 kr. við hvert skip. En samkvæmt því, sem sagt er á fylgiskjali 6 b, er kostnaðurinn áætlaður 12,830 kr., eða talsvert meira en áætlað var í fyrra. Þessi hækkun stafar sumpart af því, að nú er gert ráð fyrir stærri skipum, sem því meðal annars eyða meiri kolum; það munar um 800 kr., sem útgjöldin hækka frá því, sem áætlað var í fyrra. Svo hafði líka í fyrra gleymst að gera ráð fyrir fyrningu á skipunum og hlutdeild í stjórnarkostnaði; það nemur um 1000 kr. á mánuði hvorttveggja. Ennfremur verða

skipin dýrari og vextir af fé því, sem í þeim er bundið, því hærri. Tekjur af skipunum eru nú áætlaðar 104,000 kr.; Þær vóru 85,000 kr. af Austra og Vestra. Samkvæmt þessari kostnaðar- og tekjuáætlun er nú gert ráð fyrir, að tekjuhallinn við útgerð skipanna verði 77,300 kr. Eg lít svo á, að áætlanir nefndarinnar sé mjög gætilega samdar, og tel víst, að ekki muni skeika miklu frá því, sem þar er gert ráð fyrir. Eg álít rétt að fara gætilega í þessu tilfelli við samning áætlananna og rétt væri að tylla eigi alt of tæpt; hér er verið að semja við félag, sem landsstjórnin hefir greiðan aðgang að, þar sem hún hefir einn mann í stjórn þess og kýs þar að auki endurskoðendur og getur því á hvaða tíma sem er, séð hvernig reikningar félagsins standa.

Nefndirnar hafa ekki séð sér fært að breyta verulega frá því sem nú er um far- og farmgjöld. Það hefir verið rætt um það í nefndinni, hvort ekki mætti miða far- og farmgjöldin nákvæmar við vegalengdir, heldur en gert er. Nefndin hefir eigi treyst sér að leggja neitt ákveðið til um þetta, það mun vera mörgum og miklum vandkvæðum bundið og ekki gert ráð fyrir því við samning kostnaðaráætlana um útgerð skipanna. Nefndin hefir aðeins viljað beina þessu til stjórnarinnar, til þess að hún athugi það. Það hefir líka verið talað um það, hvort landssjóður ætti að borga þann kostnað, sem það hefir í för með sér að umhlaða vörum. Sá kostnaður mundi nema um 20,000 kr. Nefndin sá sér ekki fært að leggja þetta til. Þetta umhleðslugjald er eigi svo tilfinnanlega mikið fyrir hvern einstakan vörumóttakanda, og menn á afskektum stöðum verða að þola að bera þann kostnað, sem af því getur leitt í þessu efni.

Þá var talað um það í nefndinni, hvort menn þeir, sem ferðast á 1. og 2. farrými skyldi vera lausir við að kaupa fæði. Nefndin kom sér saman um, að menn skyldi ekki vera lausir við það á 1. farrými. Á Austra og Vestra vóru menn ekki skyldaðir til að kaupa kost á hvorugu farrýminu. Þetta hafði talsverð vandkvæði í för með sér. Brytarnir birgðu sig upp með matvæli, margt fólk var með skipinu, skipið fekk ilt veður, fólkið var veikt og borðaði ekkert, og matvælin skemdust. Í næsta skifti birgðu brytarnir sig ekki eins vel upp; skipið fekk gott veður, fólkið var ekki sjóveikt, allir vildu borða, en maturinn entist ekki. Nefndin áleit, að rétt væri að hafa skyldukost á 1. farrými, en þótti 4 kr. ofhátt verð á fæðinu. Hún leggur því til, að það sé fært niður og ekki haft meira en 3 kr.

Eg held eg hafi nú gert grein fyrir öllu, sem þarf að taka fram, þó skal eg bæta því við, að tilrætt var um það í nefndinni, hvað ætti að gera til þess, að samgöngur yrði betri við Borgarnes, heldur en þær eru nú. Þetta kauptún hefir aukist mikið nú á síðustu árum að fólksfjölda og vöruútflutningi, þar hafa komið upp stofnanir, sem gera það að verkum, að stöðugur útflutningur er þaðan á íslenzkum vörum. Vil eg nefna sem dæmi slátrunarhúsið og ullarþvottahúsið, sem nú er nýkomið þar á stofn. Það hefir komið í ljós, að Faxaflóabáturinn Ingólfur er altof lítill til þess að hafa á hendi útflutninga þaðan, en ekki er hægt að fá millilandaskipin til að koma þar við, vegna þess, að fjörðurinn er svo grunnur, og engin innsiglingarmerki. Nefndin hefir hugsað sér, að úr þessu yrði bætt með því að setja merki og ljós við innsiglinguna, þannig, að millilandaskipin geti komið þar við, eins og þau koma í Hafnarfjörð og Akranes, ef fjörðurinn reynist nógu djúpur til þess.

Það er annars hörmulegt, hvernig

samgöngurnar eru milli Borgarnesshafnar og Reykjavíkur. Nú geta liðið svo vikur, að báturinn geti ekki farið inn í Borgarnes, ef dimmviðri er um lengri tíma. Og þó á báturinn að flytja póst milli þessara hafna. Þess vegna vill nefndin leyfa sér að skjóta því til stjórnarinnar, að hún taki til nákvæmrar íhugunar, hvað það muni kosta að mæla upp Borgarfjörð, og setja þar siglingarmerki og ljós, svo að skipagöngur þurfi ekki að teppast þar, þó að eitthvað sé að veðri.

Þá á eg aðeins eftir að minnast á eitt atriði. Skipin, sem gert er ráð fyrir nú, eru bæði stærri og betri en þau, sem gert var ráð fyrir í fyrra, þegar þingið var að gera sínar ráðstafanir fyrir strandferðum þá. Reynslan hefir sýnt, að ekki er hægt að fá nægilegt lán út á skipin og því kemur Eimskipafélagið til að vanta fé til skipakaupanna. Nefndin leggur því til, að landssjóður auki hlutafé sitt í félaginu um 100,000 kr.

ATKV.GR.:

Tillagan á þskj. 363 var samþ. með 18 samhlj. atkv. og *afgreidd til Ed.*

14. Hallæri.

Á 42. fundi Nd., miðvikudaginn 12. ágúst, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um lán til að bæta úr afleiðingum af hallæri (þskj. 495).

Á 43. fundi Nd., sama dag, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 44. fundi Nd., sama dag, var tillagan tekin til einnar umr. með afbrigðum frá þingsköpum.

Flutn.m. (Björn Kristjánsson): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því að tillagan felur sjálf í sér það, sem hægt er um hana að segja.

Það er alkunna, að síðasti vetur var mjög harður, og eru því margir hreppar á landinu illa staddir, þar sem fjöldi bænda hefir mist nær allan bústofn sinn.

Tillaga þessi, sem hér liggur fyrir, reisir svo sem hægt er skorður við því, að menn þurfi að eyðileggja í haust það af bústofninum, sem eftir er eftir þennan harða vetur.

Eg veit að vísu, að stjórnin hefir nú á tímum ekki úr miklu fé að spila, svo að hún getur sennilega ekki orðið við þessari áskorun, en fyrir gæti það komið, að stjórnin gæti fengið fé, og því viljum vér flutningsm. tillögunnar láta liggja fyrir heimild til að veita þeim mönnum lán, sem verst eru staddir.

Eg vona, að háttv. deild lofi þessari tillögu að sigla sinn sjó í gegnum deildina, svo að landsstjórnin hafi þó heimild til að lána, ef landssjóður getur.

Skúli Thoroddsen: Eg vil styðja tillögu þessa, en get þó ekki varist þess, að benda á, hvort hér er eigi í raun og veru verið að bjóða steina fyrir brauð.

Tillagan fer fram á það, að heimila stjórninni að verja til lánveitinga, til að bæta úr harðindunum á nýliðnu vori, 50 þús. kr. af $^1/_2$ milj. kr. láninu, sem henni var heimilað að taka, sbr. lögin frá 1. ágúst þ. á. En fari nú svo, að stjórnin fái ekkert lán, þá verður tillagan aðeins til þess, að vekja hjá mönnum vonir — vonir, sem ekki geta rætzt.

Annars vil eg í þessu sambandi benda á, að mér finst þingið ætla að skilja

mjög illa við. Það er ekki ólíklegt, að svo geti farið, að í október eða nóvember þ. á. verði svo komið, að stjórnin standi uppi ráðalaus með tvær hendur tómar, geti jafnvel ekki greitt embættismönnum laun þeirra, þar sem *tekjulindir landssjóðsins hljóta að teppast að mun*, vegna ófriðarins — aðflutningur og útflutningur að minka, ef eigi alveg hverfa.

Að vísu má svara mér því, að nýskeð hafi nú verið kosin nefnd, sem panti vörur handa landsmönnum, og að af þeim komi þó tekjur í landssjóðinn. En aðgætandi er, að landið verður sjálft að borga tollinn fyrst í stað, og ekki víst, að kaupmenn fáist til þess að kaupa vörurnar af landsstjórninni, eða sjái sér hag í því, þar sem þær hljóta — vegna ófriðarins o. fl, — að verða mjög dýrar, og almenningur mun og skirrast við að kaupa þær í lengstu lög.

Það sem *þurft* hefði að gera, í stað þess er háttv. efri deild feldi lögin um seðlaaukning fyrir Íslandsbanka, *var það, að gefa bæði Landsbankanum og Íslandsbanka rétt til, að gefa út 1—2 milj. kr. í seðlum*, til þess að bæta úr peningavandræðunum í landinu meðan norðurálfuófriðurinn stendur yfir. —

Mér sýnist annars alt stefna að því, að hér fari alt í vitleysu, og þingmenn hlaupi hver heim til sín, látandi alt reka á reiðanum.

Eg öfunda *ekki* stjórnina af að standa í þeim sporum, sem allar líkur eru til að hún verði að standa í, eins og viðskilnaður þingsins virðist ætla að verða, og ætti hún því að nota þingið sem bezt þessa síðustu dagana og lengja það fremur, sem þörf gerist. —

Hannes Hafstein: Eg er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) samdóma um það, að stjórnin geti ekki fengið lán í útlöndum um þessar mundir, en þar á móti geti hún fengið lán hjá bönkunum hér, og ef á þarf að halda 400—500 þús. kr. af gullforða Íslandsbanka, samkvæmt lögunum í sumar. *(Skúli Thoroddsen:* Því fé verður að skila um miðjan oktober.) Já, en stjórnin getur altaf gefið út bráðabirgðalög um framlengingu á þeim lögum. *(Skúli Thoroddsen:* Ef þá næst til konungsins.) Eg býst við því, að landsstjórnin verði að halda því fé, sem hún getur fengið, handbæru til að kaupa korn og aðrar nauðsynjavörur fyrir, en megi ekki binda það í útlánum. Korn og nauðsynjavörur verða því væntanlega hið eina, sem stjórnin getur lánað út. Mér finst, að þessa heimild, sem hér er um að ræða megi skilja svo, að stjórnin geti lánað af matvörubirgðum, er hún kaupir, þeim sveitafélögum, sem verst hafa orðið úti í vor, og að ekki þyrfti að greiða andvirði þeirrar matvöru á annan hátt en venjuleg landssjóðslán. Eg álít, að hreppunum geti orðið þetta að góðu gagni og hagræði, en það má ekki vekja neinar vonir um, að þeir fái peningalán úr landssjóði, allra sízt eftir aðfarir efri deildar í bankamálinu í gær.

Sigurður Sigurðsson: Það var nokkuð snemma á þessu þingi, að nokkrir þingmenn komu sér saman um það, að ræða um það sín á milli, hvort þingið gæti ekki að einhverju leyti bætt úr stórhnekki þeim, sem ýmsar sýslur og hreppar hafa orðið fyrir í harðindunum í vor. Þessi nefnd, eða sjálfboðaliðar, héldu nokkuð marga fundi, en stóðu þó töluvert ráðalausir og vóru í vafa um, hvaða leið skyldi fara, eða hvort nokkur leið væri fær. Nefndin talaði við bankastjóra Landsbankans og fór þess á leit við hann, að bankinn yrði eftirgefanlegur við þá menn og sveitir, sem harðast urðu úti í vor, bæði með afborg-

anir og víxla. Get eg lýst yfir því með mestu ánægju, að hann tók því mjög vel, sem hans var von og vísa, og kvað hann bankann mundu fara svo vægilega í sakirnar, sem mögulega væri unt.

Þessi tillaga er annars árangurinn af samtali þessarra manna, og þó að hún nái skamt og þó að ekki sé með henni bætt að fullu úr hinni miklu þörf, þá ætti þó eitthvað gott að geta af henni leitt. Eg undirskrifa það algerlega, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði. Eg get felt mig við þann skilning hans á tillögunni, að hér geti ekki verið að ræða um peningalán, heldur lán á korn- og matvöru. En eg get ekki betur séð, en að það komi að sama haldi, því að þá geta menn notað það fé, sem menn fá fyrir kindur sínar í haust, til þess að borga skuldir sínar, víxla og önnur útgjöld.

Það, sem er sérstaklega einna tilfinnanlegast hjá sumum þeim, sem urðu fyrir fjármissi í vor, er það, að þeir höfðu keypt mikinn fóðurbæti handa skepnum sínum, og skulda nú fyrir hann. Það er ef til vill þetta ástand, sem er eitthvert hið versta, þar sem menn hafa annarsvegar stofnað sér í skuldir til að bjarga við fénaðinum, en hinsvegar mist fénað sinn.

En hvað sem öðru líður, þá vona eg, að tillögunni verði vel tekið og hún samþ.

Bjarni Jónsson: Snemma á þingi buðust menn til þess úr Sjálfstæðisflokknum og bændaflokknum að athuga, hvað gera mætti þeim til hjálpar, sem orðið hafa fyrir mestum skaða í harðindunum í vor. Það er þessi nefnd, eða sjálfboðaliðar, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var að tala um. Eg mun greiða atkv. með tillögu þeirra, þó að vafasamt sé, að hverjum notum hún getur komið. Því að þeir viðburðir geta orðið í heiminum, að hún komi ekki að haldi, og nær það þá ekki legra. Annars er það gott að stjórnin hafi þessa heimild, ef ástæður leyfa, að hún hlaupi undir bagga.

Eggert Pálsson: Eg tek undir það, að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Öllum er kunnugt, hvílíkan stórhnekki bændur á Suðurlandsundirlendinu hafa beðið í ár, og má búast við, að enn meira tjón standi fyrir dyrum, af afleiðingum Norðurálfuófriðarins. Það er rétt og skylt að reyna að bæta sem bezt úr þessu, en mér virðist þó mjög erfitt til verulegra framkvæmda, og það því fremur, sem þetta mál kemur fram á allra síðustu stundu. Þó að þetta aukaþing hafi setið lengi, 6 vikur fullar, þá hefir það þó leyst tiltölulega lítið af höndum, — að minsta kosti framan af, — unz það nú flaustrar af mörgum málum í hálfgerðri vitleysu og athugaleysi. Þessi till. hefði gjarnan mátt koma fram fyrr.

Eg verð að taka í sama streng og hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að hér eru nú alls ekki góðar horfur. Margt þrengir að í senn, og svo er þingið til neytt að hlaupa frá öllu saman.

Eg get ekki séð, hvernig stjórnin fer að ráða fram úr þeim peningavandræðum, sem nú eru fyrir dyrum. Henni er falið að taka hálfrar milj. kr. lán, en það fæst vitanlega ekki frá útlöndum, og heimafyrir verður því erfiðara að fá það, sem frv. um aukna seðlaútgáfu Íslandsbanka var felt í Ed. í gær. Stjórnin hefir því sýnilega ekkert til að grípa nema gullforða Íslandsbanka. Eg tel það samt ekki viðeigandi að greiða atkvæði á móti tillögunni, ef hægt yrði með einhverju móti að fá fé. Mér lízt því bezt á þau úrræði, sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) stakk upp á, að lána sveitunum matarforða af kornforða þeim, sem til stendur að stjórnin fái frá Ame-

riku, sem svarar þessari upphæð, því að slíkur styrkur hlýtur undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að koma að jafngóðum notum sem beint peningalán.

Einar Jónsson: Eg býst alls ekki við, að menn hafi gert sér grein fyrir þeim voðaafleiðingum, sem harðindin höfðu í vor. En ef menn hafa gert það, þá hljóta þeir að vera till. hlyntir. Þegar þess er gætt, hvað óþurkarnir vóru miklir í fyrra, en vorið hart nú, þá held eg, að hér sé farið fram á alt of litla upphæð, þó að eg voni, að mitt kjördæmi þurfi ekki á einum eyri að halda. Eg veit, að önnur kjördæmi þurfa á mikilli hjálp og aðhlynningu að halda, og það er sjálfsagt að styrkja þau. Eg býst við, að það verði ekki nema fá kjördæmi, sem leita þessa styrks, því að horfurnar eru nú altaf að batna vegna tíðarfarsins, — en það er reyndar ekki nóg fyrir þá sem hafa mist fénað sinn, og standa nú uppi móðlausir og farlama. Það eru þessir menn, sem þarf að styrkja, og bjarga þeim frá að missa móðinn, þegar þeir standa uppi með tvær hendur tómar og svangar konur og börn. Hér er um styrk að ræða, en alls ekki gjöf eða hallærislán. Mér finst aðeins upphæðin heldur lítil, og væri því samþykkur að færa hana upp um helming, en játa þó, að þetta er spor í rétta átt.

Ráðherra (S. E.): Eg mun fyrir mitt leyti greiða atkvæði með tillögunni. Eg get ekki verið því samþykkur, að stjórnin hafi ekki nægilegt fé, en þó að svo væri, þá sé eg ekki, hvernig hv. þm. ætla að fá meira fé, þó að þingtíminn yrði lengdur um fáeina daga. Þetta er aðeins spurning, sem eg vildi beina til þeirra.

Eggert Pálsson: Út af spurningu hæstv. ráðherra (S. E.) um það, hvort eg héldi að bæta mætti fjárhaginn með því að þingtíminn yrði framlengdur, þá skal eg taka það fram, að ummæli mín gáfu enga ástæðu til, að þau yrði skilin svo. Slíka spurningu má því miklu fremur, að því er mín ummæli snertir, skoða sem útúrsnúning. Eg vildi aðeins víta það, að þingið hefir setið yfir ómerkum málum í fullar sex vikur, en afgreiðir svo öll stórmálin í flaustri og með afbrigðum frá þingsköpum — á síðustu stundu. Það er aðferð, sem ekki ætti að eiga sér stað. Það hlýtur bæði hæstv. ráðherra og aðrir að játa.

Sigurður Sigurðsson: Ástæðan til þess, að tillaga þessi er svo seint fram komin, er sú, að nefndin varð að leita sér upplýsinga út um land um ástandið. En að þeim fengnum kom fréttin um ófriðinn, sem alt setti á annan endann. Þetta olli töfum, og málið dróst svona koll af kolli. En þó kom oss saman um að gera þetta heldur en ekki neitt, því að það gæti þó orðið einstaka hrepp og einstaka manni að gagni.

Hér er ekki um alment hallærislán að ræða, heldur er hér verið að rétta hjálparhönd, þeim sem mestan skaða hafa beðið. Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) hélt, að Rangæingar mundu ekki þurfa að nota þessa hjálp og gleður það mig mikið. Eg vona, að sem fæstir þurfi á henni að halda og það mun reynast, einkannlega ef heyskapur verður góður í sumar, verðlag gott á fé í haust, og bankarnir liðlegir við skiftavini sína.

Eg vona, að mönnum sé það nú ljóst, hvers vegna tillagan er ekki fyrr fram komin en þetta.

Skúli Thoroddsen: A ræðu hv. ráðherra virtist mega skilja, að hann væri *ekki* trúaður á það, að úr neinu yrði bætt, þó að þingið yrði framlengt.

Svo færi og, að það yrði til lítils, *ef — viljann vantaði.*

Á hinn bóginn hefi eg, bæði í ræðu minni í dag, og þó enn frekar á flokksfundum, bent á *eigi* fátt, sem gera *ætti* og sem að vísu er *al-óverjandi*, ef ógert er látið.

En til þess, að eitthvað verði gert, þurfa menn að *vilja* hugsa málin og *þora* það, og gefa sér þá og eigi síður nægan tíma til þess.

Eg benti og t. d. á það, að til þess að *bæta úr peningavandræðunum* mætti gefa út lög, sem heimiluðu að gefa út 1—2 milj. kr. í seðlum, og þó að það riði í bág við einkarétt Íslandsbanka, þá ímynda eg mér, að hann yrði fljótt fáanlegur til þess, eða vildi vinna það til seðla-aukningar, að samþykkja, að Landsbankanum o. fl. væri hjálpað.

Geta má þess og, að lögin um gullforða Íslandsbanka, eiga ekki að gilda nema til 14. okt. þ. á. og þá verður landið að skila gullforðanum aftur, eins og menn geta þá og komið með seðla sína, og heimtað þeim skift í gull og sparisjóðsinnieigendur tæmt sparisjóðsbækur sínar. En dettur nokkrum í hug, að norðurálfuófriðurinn verði þá um garð genginn? Hér eru því *fyrirsjáanleg vandræði* fyrir dyrum, og alóvíst, á hverri stundu eigi næst til konungsvaldsins.

Eg vona því, að ráðherra og aðrir, sjái, að *fylsta* ástæða er til þess, að *íhuga sem rækilegast*, áður en þingmenn skilja, hvílíkir *alvörutímar* nú eru, og sjái og, að ekkert má vanrækjast, er gjört gæti orðið.

Þá vil eg og benda á atriði, sem eg hefi vakið máls á við þingmenn í flokkinum, er eg telst til, þ. e. hvort eigi muni — eftir atvikum — rétt að lögleiða hér »moratorium«, þ. e. skuldgreiðslufrest, annaðhvort fyrir alla eða þá fyrir einstakar stéttir.

Vextir eru nú þegar orðnir hér 7—8% í bönkunum, og hver veit, hve hátt þeir geta enn stigið? — Nauðsynjar verður almenningur og að kaupa ef til vill tvöföldu verði, og ýms fyrirtæki hafa nú þegar verið stöðvuð, t. d. sum botnvörpuveiðaskipin hætt, og líkt getur um ýms önnur atvinnufyrirtæki orðið, svo að atvinnuskorturinn bætist þá ofan á, en vorharðindin gengin á undan í sveitunum.

Eg álít, að þingið verði því að taka mál þetta til sem allra rækilegastrar íhugunar, svo að ekki reki ef til vill að því, að fjöldi manna verði gjaldþrota, og neyddir til að selja eignir sínar fyrir hálfvirði.

Þá er og enn eitt *mjög þýðingarmikið* atriði, sem eg hefi eigi síður vikið að á fundum innan flokksins, sem eg telst til, en lagt að mun meiri áherzlu á, sem og í tali við ýmsa þingmenn, en það er það, hvernig fari og hver ráð eigi að taka, ef hlutleysi Dana verður virt að vettugi.

Vér höfum nú séð, hvað hlutleysið hefir stoðað Luxemburg og Belgíu, eða hitt þó heldur, og alveg eins getur farið um hlutleysi Danmerkur.

En verði hún *hertekin* — gerð að þýzkum, brezkum eða rússneskum landshluta, *hvað yrði þá um Ísland?* Ætlast þingið til þess, að það fylgi þá örlögum Danmerkur?

Yfirleitt virðast mér nú þeir *alvörutímar*, að þinginu megi *alls eigi* slíta fyrr en gerðar hafa verið *svo ítarlegar* ráðstafanir um öll þessi efni, *sem frekast eru tök á.*

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

15. Fyrirvarinn.

Á 39. fundi Nd., mánud. 10. ág., var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um uppburð sérmála Islands fyrir konungi í ríkisráði Dana (þskj. 438, 447, 455).

Á 40. fundi Nd., þriðjd. 11. ág., bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umr. samþykt með 22 samhlj. atkvæðum.

Á 41. fundi Nd., sama dag, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti óskaði afbrigða frá þingsköpunum, svo að þetta mál mætti takast til umræðu á þessum fundi.

Ráðherra leyfði afbrigðin, og deildin samþykti þau með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hjörtur Snorrason
Guðm. Hannesson	Jón Jónsson
Björn Hallsson	Skúli Thoroddsen
Einar Jónsson	
Guðm. Eggerz	
Hannes Hafstein	
Jón Magnússon	
Magnús Kristjánsson	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss	
Þorleifur Jónsson.	

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hl..

Sjö þingmenn fjarstaddir.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg er formaður stjórnarskrárnefndarinnar, skal eg láta þess getið, út af ávítum hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í garð nefndarinnar, fyrir það, hve seint hún hafi lokið störfum sínum, að nefndin verður *eigi réttilega* sökuð um dráttinn, því að eins og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og öðrum, er til sama flokks teljast, sem vér, er kunnugt um, varð það að *samkomulagi* í flokknum, *að fresta öllum aðgerðum nefndarinnar í málinu, unz ráðherrann kæmi heim aftur* úr förinni á konungsfund. Þetta var þá og gert, því að nefndin vildi, ef unt væri, fá vitneskju um, hvers vænta mætti af konungsvaldinu, að því er til staðfestingar stjórnarskrárfrumvarpsins kemur, ef samþykt væri mótmæli gegn opna bréfinu frá 20. okt. síðastl., sem og gegn ýmsu, er gerðist á ríkisráðsfundinum téðan dag. —

Geta má þess og ennfremur, að meðan að ráðherrann var erlendis, eða um það leyti, er hann lagði af stað þaðan hingað heimleiðis, *barst sjálfstæðisflokknum símskeyti frá ráðherranum, þar sem þess var og óskað, að frestað væri aðgjörðum öllum, unz hann kæmi heim,* og eftir hljóðan þess taldi flokkurinn og meiri hluti nefndarinnar, sér þá og enn skyldara en ella, að eiga alls ekkert við málið fyrr en ráðherrann kæmi. —

Þegar ráðherrann var heim kominn, gaf hann flokknum síðan skýrslu um för sína á konungsfund, og að því loknu gat nefndin þá fyrst verulega farið að sinna málinu.

Að lokum, þ. e. þegar svo langt var komið, að ekki vissu vér nefndarmennirnir betur, en að vér gætum allir, sem í nefndinni erum, orðið nokkurnveginn sammála, án tillits til flokka, fór svo á síðustu stundu, að svo gat þó *ekki* orðið. Olli það þá enn tveggja til þriggja daga töf.

Þetta eru þá ástæðurnar til þess, að málið varð eigi fyrr útkljáð í nefndinni en raun er á orðin.

Að því er snertir þingsályktunartill., sem borin er fram af meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar, og hér er til umræðu, þá mun eg á sínum tíma greiða henni atkvæði mitt, þó að eg að vísu sé henni *ekki* fyllilega samþykkur.

Byrjun tillögunnar er *ekki eins ákveðin* að orðalagi, eins og eg hefði viljað vera láta. En það var skoðun manna í nefndinni, að það væri »diplomatiskara« eða vænlegra til sigurs, að hafa orðalagið eins og gert er, enda skiftir það *mestu, ef ekki öllu*, í þessu máli, hvernig hæstv. ráðherra ber málið upp fyrir konungi og gengur frá því þar.

Fyrir mitt leyti hefði eg talið bezt, *að konungur gæfi út nýtt, opið bréf, er úr gildi næmi opna bréfið frá 20. okt. 1913*, eða það væri þá upphafið með konungsúrskurðinum, sem gert er ráð fyrir að fylgi staðfestingu stjórnarskrárinnar, *og ætti þá og jafnframt að skírskota til þingsályktunartillögunnar, sem nú verður væntanlega samþykt.*

En þó að eg líti nú þannig á málið, að *ekki* sé eins tryggilega frá öllu gengið — orðalagið í byrjuninni eigi svo ákveðið — eins og æskilegt hefði verið, *þá tel eg rétti landsins þó hinsvegar vel borgið*, og hann á engan hátt skertan, ef samþykt er tillaga meiri hl. nefndarinnar, og svo hagað til, sem eg hefi nú bent á.

Ennfremur hefði eg og talið *heppilegast*, að í væntanlegum konungsúrskurði væri sögð saga málsins: *að* skýrt væri frá, hvað vakað hefði fyrir alþingi þegar það tók »ríkisráðsákvæðið« út úr stjórnarskránni, þ. e., að þingið hefði á þann hátt *viljað slá því föstu*, eða leggja áherzlu á það, að *um sérmál Íslands væri dönsku ráðherrunum ekkert atkvæði ætlað, né áhrif á þau að hafa*, og þyrfti þau *eigi* fremur að berast upp fyrir konunginum í ríkisráðinu en einhversstaðar annarsstaðar, og síðast en ekki sízt, *að* tekið væri fram, að *Zahle* forsætisráðherra Dana, *hefði og kannast við þetta* á ríkisráðsfundinum, *lýst því yfir þar, að hann skildi, að þetta vekti fyrir alþingi, og hefði hann þá og lofað að þess skyldi gætt.*

Ef saga málsins væri *þannig* tekin upp í væntanlegan konungsúrskurð, svo að það kæmi *skýrt* fram, að *þessi* hefði skilningur alþingis verið á málinu, og að á *þenna* skilning hefði forsætisráðherra Dana fallist, og að *þess vegna* skifti það Íslendinga þá vitaskuld ekki neinu, hvar uppburður sérmálanna færi fram — það atriði þá og alíslenzkt sérmál, sem verið hefir — þá *væri konungsúrskurðurinn þýðingarmikið pólitiskt skjal, er einatt mætti þá síðan vitna í.*

Eg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, en eftir því, sem það liggur fyrir, tel eg réttast, að hallast að tillögu meiri hl. stjórnarskrárnefndarinnar, og vænti þess og, að meiri hl. hv. deildar geri það *í trausti til þess, að hæstv. ráðherra geri sér síðan alt far um, að ganga sem bezt frá málinu*, er á konungsfund kemur.

Jón Jónsson: Eg hélt, að háttv. skrifari nefndarinnar (E. A.) mundi taka til máls á undan mér, og var eg að bíða eftir því. En úr því, að hann kýs að bíða, þá er mér sama þó að eg taki þegar til máls.

Eins og menn sjá, hefi eg leyft mér að bera fram br.till. við tillögu meiri hluta nefndarinnar á þskj. 438. Eg hefi leyft mér að koma fram með hana af því, að mér geðjaðist ekki allskostar vel að innihaldi aðaltillögunnar, og var í miklum vafa um, að hún kæmi að tilætluðum notum.

Eins og menn vita, hefir talsvert verið rætt um þetta mál í sambandi við gerðir ríkisráðsfundarins 20. okt. s. l. og opna bréfið frá sama degi. Mikill

fjöldi manna út um land áleit það hvorttveggja mjög hættulegt, svo hættulegt, að ekki væri unt að sætta sig við það. Menn töldu sem sé, að dönskum stjórnarvöldum væri gefið vald til þess að ráða því, hve lengi íslenzk sérmál skyldi borin upp í ríkisráðinu. Um þetta er ekki mikill ágreiningur. Það, sem menn deilir aðallega eða aðeins á um, er það, hvaða aðferð sé tryggilegust til þess, að sjá um, að uppburður sérmálanna sé íslenzkt sérmál eftir sem áður.

Þegar litið er á tillögur meiri og minni hluta nefndarinnar, þá eru þær dálítið ólíkar, en þó er hvorug að mínu áliti góð. Minni hlutinn virðist álíta, að á ríkisráðsfundinum nefndan dag hafi ekki verið hallað rétti vorum. Hann heldur því fram, að hér sé um íslenzkt sérmál að ræða eftir sem áður. Meiri hlutinn er aftur á móti hræddur um, að rétti vorum hafi verið hallað, og orðar tillöguna þannig, að hún á að hans dómi að tryggja rétt vorn í þessu efni. Þetta er munurinn á tillögum meiri og minni hluta nefndarinnar. Þá er að líta á, hvernig meiri hlutinn ætlar að tryggja oss réttinn.

Eins og menn vita gerðist það í ríkisráðinu, að ráðherra Íslands, sem þá var, skrifaði undir opið bréf, þar sem tekið var fram, að konungur mundi staðfesta stjórnarskrána, en þess var getið jafnframt, að það væri því skilyrði bundið, að sérmál Íslands yrði eftirleiðis, eins og áður, borin upp í ríkisráðinu, og á því yrði engin breyting gerð nema staðfest yrði ný lög um samband Íslands og Danmerkur. Einnig lét konungur þess getið í ræðu sinni á ríkisráðsfundinum, að hann ætlaði að birta auglýsingu um þetta í Danmörku. Nú lítur fjöldi manna svo á, að með þessu hafi íslenzki ráðherrann, fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar, gert bindandi samning um þetta mál milli beggja þjóðanna. Ef svo er litið á málið af réttarfræðingum, þá fæ eg ekki séð, að tillögur meiri og minni hluta nefndarinnar, eins og þær eru orðaðar, sé nægilegar. Ef hér er um samning að ræða, þá sé eg ekki annað, en að það hljóti að vera nauðsynlegt, að konungur breyti þeirri ákvörðun, sem hann tók í ríkisráðinu þenna dag, ef réttur vor á að vera trygður. Mér er það með öllu óskiljanlegt, að samning megi upphefja með mótmælum einum frá öðrum málsaðilanum.

Nú eru mjög skiftar skoðanir um það, hvort fyrrv. ráðherra hafi haft leyfi til að koma eins fram á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913, og hann gerði.

Honum hafði auðvitað ekki verið gefið neitt erindisbréf í þessu máli, heldur varð hann að gera það, sem honum sýndist réttast, og eg efast ekki um, að hann hafi gert alt eftir sinni beztu sannfæringu. Hitt er annað mál, að honum getur náttúrlega skjátlast eins og öðrum.

Þá er á það að líta, hvort þessi gerð ráðherrans hafi nokkra bindandi skyldu fyrir oss í för með sér.

Meðan opna bréfið stendur óhaggað, þá er eg hræddur um, að svo verði litið á í Danmörku, að konungur geti ekki breytt ríkisráðsuppburði málanna nema að bera það undir dönsku ráðherrana og ríkisþingið. Ef hann þó vildi gera það án þess, að sambandslög kæmist á, þá mundu Danir vitna í ríkisráðsfundinn og mótmæla.

Það er ýmsum getum að því leitt, hversvegna fyrrv. ráðherra hafi gengið inn á það, sem gerðist á ríkisráðsfundinum. Eg skal ekki geta neins til um það, hversvegna hann hafi gert það, en hitt getur mér ekki dulist, að hann framkvæmdi ekki vilja þingsins 1913 með þeirri framkomu, sem hann hafði þá, og eg álít það ekki rétt af honum.

Vér vitum það allir, að Danir og

danska stjórnin vilja endilega leiða til lykta þrætur þær, sem nú eru búnar að vera um langan aldur milli vor og þeirra; þeir vilja leiða þessar þrætur til lykta með því að fá oss til þess að samþykkja einhver sambandslög. Það var því ekki nema eðlilegt, að konungur vildi haga því svona og tæki það fram við Íslandsráðherrann. Vér vitum það, að Danir eru oss erfiðir í öllum samningum og vilja láta oss hafa sem minstan rétt að mögulegt er. Þeir vilja fá sambandslög, ekki til að láta oss hafa aukin réttindi, heldur til að tryggja sambandið milli ríkjanna og fyrirbyggja það, að vér höfum nokkur ærsl í frammi framvegis. Vér vitum það líka, að fyrrv. ráðherra hefir viljað semja við Dani, hann hefir lýst yfir því, að það væri það mál, sem hann vildi leiða til lykta áður en að hann færi frá völdum. Það er því ekki fremur óeðlilegt með hann enn konunginn, að hann vildi binda þann enda á málið, sem hann vann að á ríkisráðsfundinum.

Eg álít, að vér eigum að ganga þannig frá hnútunum, að vér getum, réttarlega séð, sagt skilið við Dani hvenær sem vera skal.

Háttv. fyrrv. ráðherra (H. H.) talaði um það áðan, að hér væri um tvær ráðstafanir að ræða, íslenzka og danska, og að vér gætum haft hönd í bagga með þeirri íslenzku en ekki þeirri dönsku.

Þetta er alveg rétt, en eg er hræddur um, að Íslandsráðherra hafi ekki beitt sér fyrir því svo sem hann gat, að ekki væri hallað rétti Íslendinga í þessu efni, og var það þó skylda hans að fylgja fram vilja þingsins í þessu efni.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat um það, að sér fyndist rétt að samþykkja fyrirvara meiri hlutans, en sagði þó jafnframt, að hann væri ekki allskostar ánægður með hann, en vildi ekki gera ágreining í nefndinni og kaus heldur að fylgja meiri hlutanum. Sannleikurinn er sá, að fyrirvari háttv. meiri hluta er alls ekki öruggur til að fyrirbyggja allar síðari þrætur um þetta efni. Hið eina, sem dugar, er að krefjast þess, að Íslandsráðherra skrifi ekki undir konunðsúrskurð um það, að sérmál Íslands skuli borin upp í ríkisráðinu, nema burt sé numið skilyrðið um, að ekki sé hægt að breyta þessu nema staðfest sé um leið lög um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.

Þetta er það, sem felst í tillögu minni, og því finst mér vera sjálfsagt að samþykkja hana. Þó að eitthvað sé auglýst í Danmörku um þetta efni, þá getur það ekki sakað oss á neinn hátt. — Hið eina, sem þýðingu hefir fyrir oss í þessu efni, er gerð vor sjálfra.

Eitt er það sem er vert að minnast á í sambandi við þetta mál, og það er það, hve Danir álíta, að vér séum lítilmótlegir, það sýnir gangur málsins frá því árið 1908 og alt þar til vér fengum desembertilboðið, sem kallað hefir verið grúturinn. Þeir álíta, að alt sé fullgott handa oss, og líta á sjálfstæðisbaráttu vora eins og eitthvert sjálfstæðisbrölt, sem ekki beri að taka tillit til. Vér ættum nú að fara að reyna að koma þeirri skoðun inn hjá Dönum, að slík tilboð eins og þau, sem vér höfum fengið frá þeim, sé ekki heppileg til samkomulags. Það, sem eg fer fram á í tillögu minni, er ekki annað en það, að vér segjum Dönum, að vér viljum ekki láta binda oss á höndum og fótum og eg skil ekki, hví háttv. þingm. vilja ekki láta þennan vilja sinn í ljós með sem skýrustum orðum.

Í nefndaráliti meiri hlutans í stjórnarskrármálinu, er þess getið, að æskilegt væri, að vitnað væri til frekari tryggingar í fyrirvara þingsins í væntanlegum konungsúrskurði um málið. Mikil bót væri það. En þó að slík ósk

komi fram í nefndaráliti frá nokkrum þingmönnum, er ráðherra alls ekki bundinn við það. Þessi orð í nefndarálitinu sýna greinilega, að háttv. meiri hluti sjálfur er ekki viss í sinni sök, er í vafa um, að þingsályktunartillaga hans tryggi að fullu rétt vorn.

Bjarni Jónsson: Það eru aðeins fjögur atriði, sem eg ætlaði að minnast á.

Að mínu viti var það alveg ótvírætt, hvað seinasta þing vildi, þegar það samþykti stjórnarskrána með því orðalagi, sem kunnugt er. Það ætlaði að fá það ótvíræðlega viðurkent, að það heyrði undir valdsvið Íslendinga, hvar málin yrði borin upp, og taldi það gert með því, að konungur úrskurðaði það. Þetta var öllum vitanlegt, sem á þinginu vóru í fyrra, enda mintist eg á það í minni hluta nefndaráliti mínu og var vitnað til þeirra orða minna í upphafi þessa þings, en þá farið rangt með. Orð mín vóru þau, að það væri allra hluta sjálfsagðast, að konungur gerði þetta á ábyrgð Íslandsráðherra eins. Í þessu og í almennum skilningi á eðli þingbundinnar konungsstjórnar, er það fólgið, að ekkert skilyrði mátti setja um uppburð þessara mála fyrir konungi, er íslenzk stjórnarvöld hefði eigi i hendi sér að breyta.

Það gat aldrei verið samkvæmt vilja þingsins 1913, að nokkurt það skilyrði væri sett, sem ekki væri algerlega á valdi Íslandsráðherra og Íslandskonungs. Það datt engum í hug, að nokkur færi fram á að setja slíkt, þar sem vilji þingsins var svo ótvíræður. Því var það, að þegar eg vissi um opna bréfið frá 20. okt. 1913, þá varð eg reiður, af því að mér þótti brotinn vilji alþingis. Eg skrifaði þá 21. nóv. í »Ingólf« harðorða grein og eg sé ekki ástæðu til að taka neitt af henni aftur nú. Annars er ekki ætlun mín að fara að halda ásökunarræðu yfir þeim manni, sem þá fór með völdin. Eg áleit þá og álít enn, að ríkisráði Dana hafi verið óheimilt að gera þessi fyrirmæli og ráðherra Islands *óheimilt* að skrifa undir opna bréfið. Þessu hélt eg þá fram, og síðan skrifaði annar maður, sem hefir miklu meira álit í landinu en eg, fyrir mitt tilstilli um þetta efni. Hann setti fram sitt álit í Ingólfi og Ísafold, og var skoðun hans samkvæm minni. Um þessa skoðun var svo kosið og kosningin sýndi, að þjóðin vildi ekki að vilji alþingis 1913 væri fyrir borð borinnn.

Af því að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kastaði hnútum að mér í ræðu sinni, fyrir að eg hefði breytt skoðun á þessu máli síðan í haust, þá skal eg benda honum á, að þessi grein mín stendur í hans eigin blaði og eg veit ekki betur en hún standi þar með hans fulla samþykki.

Í þessari grein er sagt, að það sem gerðist á ríkisráðsfundinum væri þannig vaxið, að telja mætti það sem gildandi samning, ef alþingi bygði samþykki sitt á því. Það er nefnilega til alþjóðareglur um það, hvenær þögnin sé talin skuldbindandi fyrir eitthvert ríki. Ef einhverju ríki er tilkynt formlega breyting, sem gerð hefir verið á réttarstöðu þess, þá er þögnin skoðuð sem samþykki. Undir þessa reglu færði eg málið og hélt því fram með réttu, að úr þessu yrði bindandi samningur, ef vér mótmæltum eigi. Samkvæmt þessari skoðun minni ritaði eg greinina í »Ingólf« 21. nóv. 1913.

Þar er því haldið fram, að þingið 1914 eigi að sjálfsögðu að lýsa yfir því:

1) Að hér sé um engan samning að ræða, hverja meðferð sem konungur hefir á málinu,

2) að úrskurði hans um þetta efni megi breyta svo oft sem þörf krefur,

3) að Danir eða ráðgjafar Danakon-

ungs hafi hvorki réttarkröfu né sanngirniskröfu til nokkurs eftirlits með íslenzkri löggjöf,

4) að milli þessa stjórnarskrárákvæðis og sambandssamninga við Dani, sé eigi né skuli vera minsta samband.

Þetta er nú atriðin, og eg vil benda háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) á, að mótmælin frá meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar, inniheldur öll þessi atriði. Þess vegna er það, að eg er því fylgjandi, að sá fyrirvari sé samþ. Þar stendur, að ef svo yrði álitið, að með því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. oktbr. 1913, hafi uppburður sérmála Íslands fyrir konungi verið lagður undir valdssvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, þá viðurkenni ekki alþingi slíka ráðstöfun skuldbindandi fyrir Ísland.

Í þessu og í síðari málsgrein mótmælanna, eru öll atriðin fólgin, sem eg hélt fram í Ingólfsgrein minni.

Eg skal játa það, að það sem stendur í Ingólfsgreininni, að átelja beri ráðherra Dana fyrir afskiftasemi, þá er það ekki gert í mótmælunum. Það er nóg, að átelja í þingræðu, og það geri eg hérmeð hjartanlega. Eg tel það ósvífni af þeim gagnvart alþingi og íslenzku löggjafarvaldi, að þeir sé að skifta sér af þessu máli, sem er algerlega íslenzkt löggjafarmál og heyrir eingöngu undir alþingi og Íslandskonung. Eg vona nú, að hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og aðrir sjái, að eg hefi ekki linast upp að neinu leyti í þessu máli og ekki breytt skoðun minni í neinu. Því að eg álít þessi mótmæli, sem felast í fyrirvaranum, nægilega sterk til þess að vernda rétt Íslands í þessu máli. Það liggur hverjum manni í augum uppi, þegar alþingi lýsir yfir því, að slíkan samning vilji það ekki gera, þá geti ekki um neinn samning verið að ræða. Það er alveg eins og ef maður ætlaði að byggja fyrir mig hús og hefði gert uppkast að samningi við mig um það efni, ef eg neitaði að skrifa undir þetta uppkast, þá væri ekki lengur um neinn samning að ræða. Eg tel því mótmælin nægileg til þess að varðveita réttmæti þeirrar kröfu, að þetta mál sé íslenzkt löggjafarmál og enginn hafi leyfi til að setja nein skilyrði, sem heyri undir aðra en alþingi og þann konung, sem Íslandi stýrir.

Þá kem eg að 4. atriðinu. Ef konungur nú þrátt fyrir mótmæli staðfestir stjórnarskrána, þá hefir hann þar með tekið aftur sitt o. b. 20. okt. 1913 og ákvæði ríkisráðsfundarins, því að þegar H. h. konunginum hefir verið skýrt frá skoðun alþingis í þessu máli, þá væri það að draga Íslendinga á tálar, ef hann samþykti frumvarpið með öðrum skilningi, en Íslendingar leggja í það. En það óttast enginn, að konungur vilji draga Íslendinga á tálar. Eg geri honum að minsta kosti ekki þær getsakir. En ef hann staðfesti frv. með öðrum skilningi, en Íslendingar leggja í það, þá væri hans skilningur markleysa. Enginn lögfræðingur gæti litið öðruvís á það og enginn dómstóll dæmt öðruvís. Eg ætla það nóg mótmæli, að samþykkja fyrirvara meiri hl. nefndarinnar, þó að stjórnarskrárfrumvarpið verði samþykt óbreytt. Með því, að eg hefi nú skýrt þessi 4 atriði, ætla eg að lofa háttv. framsögumanni að standa í stríðinu að öðru leyti. Eg hefi reynt að vera friðsamur og mun ekki taka til máls aftur, þó að eg vilji geyma rétt minn til þess ef á mig verður hallað.

Ráðherra (S. E.): Það virðist augljóst, að opna bréfið 20. okt. 1913, hefir ennþá ekki haft neinn réttindamissi í för með sér fyrir oss. Um slíkt getur þá fyrst verið að ræða þegar fyrirhugaður úrskurður verður gefinn út, samfara staðfestingu stjórnarskrárfrumvarps-

ins. Ef fyrirvarinn á þskj. 438 verður samþyktur, þá sé eg ekki betur, en að alþingi hafi slegið því föstu undir hvaða skilyrðum ráðherra megi undirrita úrskurð þann, sem ætlast er til, að gefinn verði út samfara staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins. Og eg fæ þá jafnframt ekki séð, að úrskurður, sem gefinn er út í framhaldi af þessum fyrirvara, geti bundið landið út fyrir skilyrði fyrirvarans. Þar sem því er slegið föstu í fyrirvaranum, að uppburður sérmála vorra sé sérmál, sem konungur og vér ráðum einir yfir, þá er mér óskiljanlegt annað, en landsréttindum vorum sé borgið með þessum fyrirvara. Jafnframt því og eg held þessu fram, læt eg þess getið, að eg geng út frá því, að í úrskurðinum standi eigi annað, en að málin skuli borin upp í ríkisráði.

Öðru máli væri að gegna ef í væntanlegum úrskurði ætti að standa yfirlýsing um, að engin breyting gæti orðið á þessu fyrirkomulagi fyrr en sambandslög yrði sett milli landanna; þá álít eg, að fyrirvarinn þýddi ekki neitt, því að þá andmælti alþingi því í einu orðinu, sem það fæli ráðherra sínum að undirrita í hinu. En eg lýsi yfir því, að eg undirrita ekki úrskurð með slíku skilyrði, og eg treysti því, að hv. alþingi trúi mér til að efna það.

Viðvíkjandi breytingartill. á þskj. 455 skal eg geta þess, að sá fyrirvari, sem þar er, er nægilega tryggur, og með honum væri landsréttindum vorum að fullu borgið, — en hinsvegar má ganga að því vísu, að frumvarpið verður ekki staðfest með þeim fyrirvara, og mun eg því óhikað greiða atkvæði á móti honum. Þar með vil eg þó ekki segja, að eg vilji fullyrða, að stjórnarskrárfrumvarpið verði staðfest með hinum fyrirvaranum á þskj. 438, og get eg í því efni vísað til ummæla minna í sameinuðu alþingi 3. þ. m. Eins og eg sagði þá, þá hefir Hans hátign konungurinn ekki gefið mér neitt loforð um að staðfesta stjórnarskrárfrumvarpið, en kvaðst ekki geta sagt neitt um það, fyrri en hann sæi orðalag fyrirvarans.

Eftir að eg hefi skýrt hinu háa alþingi frá þessu, má því vera ljóst, undir hvaða horfum það samþykkir stjórnarskrárfrumvarpið, og hlýtur það því að bera sinn hluta af ábyrgð þeirri, sem leiða kynni af því, ef stjórnarskrárfrumvarpinu, vegna fyrirvarans, yrði synjað um staðfestingu.

Út af athugasemd í nefndaráliti meiri hl. í þá átt, að nefndin gangi út frá því, að eg skýri konungi frá fyrirvaranum, lýsi eg yfir því, að eg mun að sjálfsögðu skýra konungi eins ljóst og eg get frá skilningi og vilja alþingis í þessu máli.

Loks leyfi eg mér að mæla með því, að fyrirvarinn á þskj. 438 verði samþyktur, því að eg tel hann tryggan vörð um landsréttindi vor.

Framsögum. (Einar Arnórsson): Eg býst við, að menn hafi þegar gert sér ákveðnar skoðanir um þetta mál, og að langar umræður sé þess vegna þýðingarlausar. En eg ætla að eins fyrir mína hönd og meiri hl. að lýsa afstöðu minni í þessu máli.

Eg ætla þegar að taka það fram, að ef sá skilningur er lagður í opna bréfið frá 20. okt. 1913, að í konungsúrskurð þann, sem þar er boðaður, verði tekið upp ákvæði um, að honum megi ekki breyta, fyrr en sambandslög milli landanna sé samþykt af alþingi og ríkisþingi og staðfest af konungi, þá álít eg ekki nægilegt að setja slíkan fyrirvara, sem hér er gert. Eg teldi hann þá alveg þýðingarlausan. En bæði hefir hæstv. fyrrv. ráðherra (H. H.) lýst yfir

því, að það væri ekki tilætlunin, að setja annað í hinn væntanlega konungsúrskurð, en það eitt, að málin verði borin upp fyrir konungi í ríkisráði, og á hinn bóginn hefir hv. ráðh. (S. E.) skýrt þinginu frá því, að hann muni ekki ganga að því, að neitt slíkt skilyrði verði sett í konungsúrskurðinn. Eg treysti því, að það sé alveg hárrétt, að það sé satt, sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir lýst yfir við 1. umr. þessa máls, þó að því hafi verið alment haldið fram áður, og opna bréfið frá 20. okt. 1913, ásamt umræðunum í ríkisráðinu s. d. hafi svo alment verið skildar hér á landi. En eg játa, að skýringin getur verið rétt, vegna orðalags bréfsins, sú, að margnefnt skilyrði verði ekki tekið upp í konungsúrskurðinn. Það, sem nefndin, eða að minsta kosti meiri hl. hennar, leggur til í málinu, byggist því á því, að í konungsúrskurðinum verði ekkert skilyrði sett um það, að eigi megi breyta honum, eins og hverjum öðrum íslenzkum konungsúrskurði.

Eins og kunnugt er, var ákvæðið um uppburð sérmálanna í ríkisráðinu tekið upp í stjórnarskrána með stjórnskipul. 3. okt. 1903. Að vísu var þá hreyfing uppi um það, að þetta væri hættulegt ákvæði. En þá var það tekið fram á þinginu 1903, að frv. væri samþykt á þeim grundvelli, að hér væri um sérmál að ræða, og að þingið hefði rétt til að taka ríkisráðsákvæðið úr stjórnarskránni, þegar það vildi.

Eg vil nota tækifærið til þess að lýsa yfir því, að með orðinu »sérmál« á eg aðeins við þau mál, sem stjórnskipunarlög landsins taka yfir. Og það er þessi merking, sem er í orðinu á þskj. 438. Óánægjan með ríkisráðsákvæðið magnaðist þegar frá leið, og árið 1911 var samþ. breyting á stjórnarskránni, þar sem orðin »*í ríkisráði*« vóru niður feld, án þess að nokkuð væri sett í þeirra stað. En við því komu þau svör frá konungsvaldinu, að breyting þessi yrði ekki staðfest, nema lög um samband landanna yrði sett um sama leyti. — Þingið 1913 tekur að vísu út þetta ákvæði, ríkisráðsákvæðið, en segir jafnframt, að málin skuli borin upp fyrir konungi »*þar sem hann ákveður*«. Þetta var einskonar millivegur, og svo var það skilið 1913. Eg vil fullyrða, að það hafi verið fjarri þinginu 1913 að breyta því, að stjórnarskrár-löggjafarvald landsins gæti ráðið því, hvar málin væri borin upp. Að vísu bjuggust menn við því, að konungur mundi gefa út úrskurð um, að framvegis yrði málin borin upp fyrir honum í ríkisráði Dana. En menn bjuggust ekki við því, að því mundi fylgja neitt skilyrði, er fyrirbygði, að sérmála-löggjafarvaldið íslenzka réði því eitt eftir sem áður.

Eins og kunnugt er, eru skiftar skoðanir um opna bréfið frá 20. okt. 1913 og það, sem fram fór í ríkisráðinu þann sama dag. Hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) álítur, að þar hafi verið gerðar 2 stjórnarráðstafanir, önnur íslenzk og hin dönsk. Íslenzka ráðstöfunin sé um uppburð málanna.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að þessi ráðstöfun opna bréfsins er að forminu til íslenzk, því að konungur gaf hana út með undirskrift og á ábyrgð Íslandsráðherra. Hitt segir hann að sé dönsk ráðstöfun, að skipulaginu verði ekki breytt fyrri en sambandslög eru sett milli landanna og svo auglýsing hennar í Danmörku. En af því að þessi ráðstöfun er tekin upp í opna bréfið, þá er hún einnig íslenzk og á ábyrgð Íslandsráðherra. En eg verð að halda því fram, að dönsk stjórnarvöld hafi ekki átt rétt á að hlutast til um þetta mál, og að Íslandsráðherra hafi ekki átt að láta þau afskifti ómótmælt.

Það hefir verið litið svo á, að hlutdeild danska forsætisráðherrans og konungs og þögn Íslandsráðherra yrði að skiljast sem einskonar samkomulag um, að þessi mál skyldi borin upp í ríkisráðinu, þar til sambandslög yrði samþykt. Með öðrum orðum, að uppburðurinn sé bundinn skilyrði, sem Íslendingar ráði ekki einir yfir, heldur Danir líka. Eg verð að halda því fram, að þetta sé rétt skoðun hjá mér, en eg áfellist ekki hina, sem líta á þetta öðrum augum. Eg er sannfærður um, að hér hefir verið gengið lengra en til var ætlast af alþingi, og því er sjálfsagt, að það verður að taka afstöðu í málinu og afgreiða það með fyrirvara um, að hér sé ekki verið að binda landið neinum þeim böndum, sem ekki hafa verið áður á því að réttum stjórnskipunarlögum. Hafi verið farið lengra 20. október 1913 í opna bréfinu og í samkomulaginu í ríkisráði en heimild þingsins 1913 náði til, þá getur það ekki orðið bindandi fyrir landið, nema vér samþykkjum það nú eða síðar. En þess eru engar vonir, að það verði gert. — Það er nægilegt, að þingið tjái landið óbundið af skilyrðum þeim, sem sett eða samþykt hafa verið andstætt vilja þingsins 1913, um uppburð sérmála vorra í ríkisráði.

Staðfesti konungur stjórnarskrána ekki ef fyrirvarinn á þskj. 438 er samþyktur, þá sýnir það, að vér höfum haft rétt fyrir oss, og þá er eigi heldur nein skerðing gerð á réttindum vorum. Samþykki konungur stjórnarskrána andmælalaust, þá þýðir það ekki annað en það, að þá verður að líta svo á, að hann gangi að skoðun vorri eða kröfum í þessu efni. Og ef konungur setur ný skilyrði, eða Danir, þá er auðvitað að ráðherra vor má alls eigi ganga að þeim, ef nokkur hætta er á því, að réttindi landsins stjórnskipulega skerðist á nokkurn hátt við þau.

Þá skal eg snúa mér að tillögum þeim, sem fram hafa komið um fyrirvarann. Þær eru þrjár. Skal eg fyrst víkja að tillögu vorri, meiri hl. nefndarinnar, á þskj. 438.

Mér er kunnugt um það, að ýmsir hv. þm. telja till. ekki heppilega orðaða. Hv. þm. Dal. (B. J.) hefir nú að mestu tekið af mér það ómak, að svara hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Það er þetta »ef« í tillögunni, sem hv. þm. helzt hengja hatt sinn á. En tillagan er svo orðuð, til þess að gera hana sem aðgengilegasta fyrir konungsvaldið og til þess að reyna að fá samkomulag um hana í þinginu. Þýðing tillögunnar er sú, að í engu sé landsréttindi vor skert, hvernig sem menn annars líta á opna bréfið 20. okt. 1913, og ríkisráðsumræðurnar s. d. Hún er mótmæli vor gegn því. Þótt einhver kunni að segja, að vér séum bundnir við úrskurðinn 20. okt. 1913, þá liggur þar til það svar, að svo sé ekki fyrr en þingið hefir gengist undir hann, en þessi tillaga aftrar því.

Brt. á þskj. 455 er að sumu leyti að efni samskonar till. á þskj. 438. En í brt. á þskj. 455 er það beint sett að skilyrði fyrir stjórnarskrárstaðfestingu, að konungur *afturkalli* úrskurð sinn frá 20. okt. 1913.

Það leiðir af því, sem áður hefir verið tekið fram, að engin nauð rekur til að krefjast þess, því að ef vér samþykkjum tillöguna á þskj. 438, þá höfum vér þar með lýst afstöðu vorri, og getur þá opna bréfið 20. okt. 1913 eigi talist bindandi fyrir oss. Því er eg á móti tillögunni á þskj. 455, enda er og mjög líklegt, að hún mundi, ef samþykt yrði, leiða til þess, að stjórnarskráin nái ekki staðfestingu konungs. Því að ekki er

ólíklegt, að konungur mundi ófús á beinlínis að afturkalla opna bréfið frá 20. okt. 1913, enda má oss á sama standa, þar sem klausa þess um breytanleik úrskurðarins, uppburð sérmálanna, er alls eigi stjórnskipulega bindandi fyrir oss. Og konungur veit, að hverju hann gengur, þegar hann staðfestir, eða ef hann staðfestir stjórnarskrárfrumvarpið.

Tillaga minni hlutans á þskj. 447 er mjög lík till. á þskj. 438. Það, sem skilur, er aðallega það, að í stað þess, sem í till. á þskj. 438 er skírskotað til þingsins 1913, er í þessari tillögu höfð óákveðnari orð: »nú sem fyrr«, sem auðvitað grípur líka yfir þingið 1913, þótt ekki sé það undirstrykað eins og í till. á þskj. 438.

Hins vegar eru ekki meiri líkur til að ná staðfestingu á stjórnarskránni með því að samþykkja till. á þskj. 447 en till. á þskj. 438, því að aðalatriðið í þeim báðum er það, að taka það skýrt fram, að uppburður mála vorra í ríkisráðinu sé sérmál. Að því leyti hafa báðir stjórnmálaflokkar þingsins mætzt, og er það ánægjulegt, að ekki hefir orðið meiri ágreiningur í nefndinni en raun er á orðin, þótt forsendur sé að nokkuru ólíkar. Sambandsmenn vilja eigi samþykkjast þeirri skoðan, að ráðherra hafi farið út fyrir heimild þingsins 1913, en vér höldum því fram, að svo hafi verið. Þeir telja það, er gerðist 20. okt. 1913 alveg hættulaust, en vér teljum það hættulegt, nema vér mótmælum því. Báðir flokkarnir vilja þá sýna þá varúð að setja fyrirvara um uppburðinn og hvorugur vill gera neitt, sem skert geti rétt landsins.

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Eg get í rauninni látið mér nægja að vísa til nefndarálitsins. Það sýnir, að samkomulag hefir orðið í nefndinni bæði um stjórnarskrána og aðalefni fyrirvarans. Þessvegna er ekki ástæða til að eyða löngum tíma í deilur um tillögurnar.

Það er rétt hjá háttv. framsm. meiri hl. (E. A.), að munurinn á tillögunum er meira fólginn í orðalagi en efni. Sá munur, sem er, kemur til af því, að minni hluti nefndarinnar kannast ekki við, að skilningur meira hlutans á því, sem gerðist í ríkisráðinu 20. okt. 1913, sé réttur. Minni hlutinn getur ekki séð annað, en að þar hafi farið fram alíslenzk ráðstöfun, því að þótt konungur knýti þar við skilyrði, getur samt ekki verið um danska ráðstöfun að ræða og engan samning frá vorri hálfu.

Það hefir verið talað um, að munurinn á tillögum meira og minna hlutans sé aðeins sá, að í tillögu minna hl. sé ekki nefnt þingið 1913. Það er rétt, að minni hlutinn kannast ekki við, að þingið 1913 hafi sett nokkur skilyrði fyrir því, hvernig uppburði sérmála vorra í ríkisráðinu skyldi vera hagað. Þetta kom aldrei fram í þinginu, svo að eg viti.

Annars var það samkomulag í nefndinni nú, að leggja engin ámælisorð til fyrrverandi ráðherra í umræðunum um fyrirvarann. Þetta samkomulag þykir mér háttv. þm. Dal. (B. J.) ekki hafa haldið, eins og eg mun síðar víkja að. Eg get ekki séð, að fyrrverandi ráðh. sé nokkurra ámæla verður. Eg skil svo það, sem gerðist í ríkisráðinu 20. okt. 1913, að konungur lýsi yfir þeim vilja sínum, að hann vilji ekki taka sérmál vor út úr ríkisráðinu, fyrr en samningar hafi orðið um samband landanna. En niðurlag konungsbréfsins er að skilja svo, að konungur vilji ekki breyta frá því, sem hann hefir áður tilkynt þinginu.

Hitt, að þessi ráðstöfun sé auglýst í

Danmörku, fáum vér ekki ráðið við. Það er algerlega dönsk ráðstöfun, sem vér erum ekki bundnir við.

Á þinginu 1913 var ekki minzt á skilyrði fyrir uppburði sérmála vorra í ríkisráðinu, og í stjórnarskrárnefndinni þá, sem eg átti sæti í, var ekkert að því vikið, nema hvað ráð var fyrir gert, að úrskurðurinn um það færi fram með undirskrift konungs og Íslandsráðherra eins.

Það mætti nú spyrja að því, hvort nokkur þörf væri á því að samþykkja nokkurn fyrirvara nú, þar sem ekkert hefir fram farið á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913, er oss geti gert skaða. En það, að vér, minni hluti nefndarinnar, höfum samt komið fram með tillögu til fyrirvara, stafar af því fyrst og fremst, að því hefir verið haldið fram af mörgum, að vér höfum beðið skaða af téðu bréfi, og kynni þá til þess að verða vitnað af miður vönduðum dönskum stjórnmálamönnum. Í annan stað hefir þingið jafnan notað hvert tækifæri til að lýsa yfir því, að uppburður sérmála vorra fyrir konungi væri sérmál, er breyta mætti með stjórnarskrárbreytingu, og kemur það heim við fyrirvara þingsins 1903.

Það er rétt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að þingið 1913 ætlaðist til þess, að uppburður sérmálanna væri sérmál. En á því er og engin breyting gerð með hinu opna bréfi. Það er íslenzk stjórnarráðstöfun, sem nema má úr gildi á sama hátt og auðvitað líka með stjórnarskrárbreytingu.

Eg sagði áðan, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði ámælt fyrrverandi ráðherra. Því neitar háttv. þm. Eg veit ekki, hvað háttv. þm. Dal. (B. J.) kallar ámæli, ef ekki það, að það hafi verið óleyfilegt að gefa úr áðurnefnt opið bréf og ráðherra óleyfilegt að undirskrifa það og að ráðherra hafi þar traðkað vilja alþingis. Eg held, að þetta sé ámæli, sem ekki var til ætlast af nefndinni. Eg skildi ekki þjóðréttarkenningar háttv. þm. Dal. (B. J.) um tilkynningar ríkja á milli. Þessa auglýsing í Danmörku á því, sem gerðist á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913, gátum vér ekki ráðið við. Eg sá ekki hvað vantar á ámæli háttv. þm. Dal. (B. J.), annað en uppástungu um vantraustsyfirlýsing til fyrrverandi ráðherra.

Hæstv. ráðherra (S. E.) hefir, að mér skilst, tekið að sér ábyrgð á því, að stjórnarskráin verði staðfest, þrátt fyrir það þótt fyrirvari meira hluta nefndarinnar verði samþyktur. Eg undirstryka þau orð hans. Hæstv. ráðherra (S. E.) getur ekki aðhylzt fyrirvarann nema því aðeins, að hann sé viss, að með honum sé ekki hindruð staðfesting stjórnarskrárfrumv. Ella væri betra að samþykkja alls ekki stjórnarskrárfrumvarpið nú, eða láta það óútrætt, eins og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hélt fram.

Að svo stöddu finn eg ekki ástæðu til að tala fleira, sérstaklega eftir ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans (E. A.). Hann hefir skýrt rétt frá því, að ágreiningurinn var ekki um aðalatriðið, heldur um skilninginn á því, sem gerðist í ríkisráðinu 20. okt. 1913. Eg held, að skilningur minni hlutans sé réttur. Og eg hygg, að tillaga minni hlutans sé skýrari en tillaga meiri hlutans, að eg ekki tali um tillögu háttv. þm. N.-Múl. (J. J.). Ef sú tillaga verður sþ., skilst mér blátt áfram vera beðið um synjun á stjórnarskránni. Þá væri miklu hreinlegra að láta stjórnarskrárfrumvarpið bíða.

Ráðherra (S. E.): Eg stend upp út af orðum háttv. 2. þm. Rvk (J. M.). Mér skildist svo, sem hann teldi mig einan bera ábyrgðina á því, ef stjórnarskrárfrumvarpið yrði ekki staðfest með þeim

fyrirvara, sem þingið kann að samþykkja. Eg hefi lýst því yfir, að eg hefði þá von, að H. h. konungurinn mundi staðfesta frumvarpið með hyggnum fyrirvara, eftir þeim hlýja hug, sem hann ber til Íslands. Víst hefi eg aldrei talið það. Og eftir svo ótvíræða yfirlýsing álít eg, að þingið beri líka með mér ábyrgð á fyrirvaranum og afdrifum stjórnarskrárfrv.

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Það er dálítill skoðanamunur milli mín og hæstv. ráðherra (S. E.).

Eg álít það skyldu hvers ráðherra að segja af eða á um það, hvort eitt tiltekið atriði í löggjöf þingsins megi ganga fram eða muni ná staðfestingu eða ekki. Og svo er hvarvetna í öðrum löndum, og svo á það að vera. Það kann að vera dálítið örðugra hér en annarstaðar, en þingið verður þó að geta krafist þess af ráðherra, að hann geti gefið yfirlýsing um slík atriði.

Ráðherra (S. E.): Það er ómögulegt annað, en háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) skilji þá yfirlýsing, sem eg hefi flutt frá H. h. konunginum, sem sé þá, að hann, ɔ: konungur, vilji ekki segja neitt um staðfesting stjórnarskráinnar fyrr en hann hefir séð fyrirvarann.

Auðvitað ber eg þá ábyrgð á fyrirvaranum, að eg stend og fell með honum.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi getið þess við 2. umræðu stjórnarskrármálsins í dag, hvern skilning meiri hluti alþingis 1903 lagði í ríkisráðsákvæðið þá. Þar með þóttist meiri hlutinn þá hafa *tekið ákvæðið undir íslenzkt löggjafarsvið* og hélt því fram, að ef menn hefði á móti ákvæðinu, mætti altaf kippa því út úr stjórnarskránni með stjórnarskrárbreytingu.

Þetta hefir nú reynzt annan veg en meiri hluti þingsins 1903 hélt fram. Það kom í ljós þegar þingið vildi kippa burt ríkisráðsákvæðinu. Konungur vildi ekki fallast á þá breytingu. Þá tók þingið 1913 þann milliveg, að konungur skyldi ákveða, auðvitað með ráðherra Íslands einum, hvar mál Íslands skyldi borin upp, en það var vitanlega alls ekki tilgangur nokkurs manns að gera þetta mál þar með að »sameiginlegu« máli. *Enginn maður á síðasta þingi vildi draga málið undan valdsviði þingsins undir »sammálin«, en það er þó einmitt það, sem gert er með úrskurðinum 20. okt. 1913.*

Annað mál er það, að þingið 1913 á þó sjálft nokkra sök í þessu efni. Það sýndi ekki nóga varfærni í fyrra, þegar það gaf málið í vald konungs, því að þar með var altof mikið vald lagt í hendur stjórnarinnar, en það er óvarlegt að eiga svo mikið undir ráðherra sem reynzt getur misjafnlega, eins og fram kom 20. okt. í fyrra.

Mig undrar það, að í nefndarálitinu skuli að mestu dregin fjöður yfir það, sem þá fór fram í ríkisráði, og að sú ráðstöfun var gerð í óþökk þingsins og *gagnstætt vilja þess*, eins og sumum stjórnmálagörpunum hafa þó farist orð um það mál fyrir kosningarnar. Meðferð fyrrv. ráðherra á þessu máli í ríkisráðinu 20. okt. er skylt að mótmæla eindregið og víta sem harðast. En nú heyri eg, að það hefir orðið að samkomulagi, að múlbinda háttv. nefnd, og verður að segja það minni hlutanum til hróss, að hann hefir sýnt töluverða lagni í því, að taka fyrir munninn á meiri hlutanum, sjálfsagt með því að ginna hann með fögrum loforðum um að fylgja fyrirvara hans, en svo þegar til kemur, þá kemur minni hlutinn með nýjan fyrirvara, sem er allur annar, en lofað hafði verið.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði í dag, að það sem fram fór í ríkisráðinu þ. 20. okt. í fyrra hefði eiginlega verið *tvennar ráðstafanir*, önnur íslenzk og önnur dönsk. Það getur nú verið, að konungsbréfið, sem ráðherra Íslands skrifaði undir með konungi, megi kalla íslenzka stjórnarráðstöfun, en hitt danska ráðstöfun, sem forsætisráðherra Dana skrifaði undir og birt var í Danmörku. En *þetta* er ekki *aðalatriði* málsins, *hvernig birt var* það, sem um hafði samist, *heldur hitt, að þarna varð samkomulag milli þriggja aðilja*, Íslandsráðherra, forsætisráðherra Dana og hans hátignar konungsins, *um það, að ákveðið skuli í eitt skifti fyrir öll að íslenzk mál skuli borin upp í ríkisráði Dana og að þessu fyrirkomulagi skuli ekki breytt, nema til komi ný sambandslög, er ríkisþing Dana og alþingi samþykkir en konungur staðfestir*, þar sem gerð sé á þessu önnur skipan. — Þessi *gerningur* er *sameiginlegt verk* allra þessara þriggja aðilja, og eg get ekki skilið það, að konungur og Íslandsráðherra *geti* breytt þessu, án þess að til komi samþykki þriðja aðiljans.

Með þessum gerningi er stofnað til þess, að gera uppburð íslenzkra mála, sem hingað til hefir verið kallað íslenzkt sérmál, að sameiginlegu máli, sem Íslendingar geta ekki breytt með konungi sínum einum. Þeir verða að fá dönsk löggjafarvöld til að gera aðra skipun á málinu, ef því á að fást breytt.

Þá vil eg minnast nokkrum orðum á þessar þrjár tillögur um *fyrirvara*, sem fyrir liggja, tillögu meiri hlutans á þskj. 438, breytingartillögu minni hlutans á þskj. 447 og svo tillögu háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) á þskj. 455. Eg skal byrja á hinni síðast nefndu.

Mér virðist þessi tillaga vera í beztu samræmi við þær skoðanir, sem flokkur Sjálfstæðismanna hélt fram fyrir kosningarnar og leiddu hann til sigurs. Þar eru tekin ljóslega fram þau atriði, sem fundin hafa verið til foráttu því, sem gert var í ríkisráðinu 20. okt. í fyrra.

Fyrst og fremst er það tekið fram, að svo verði að líta á, sem það hafi verið *vilji alþingis í fyrra*, að hinn væntanlegi konungsúrskurður um uppburð sérmálanna *yrði engum skilyrðum bundinn*. Að því höfðu allir gengið vísu, engum komið annað til hugar, og er því nauðsyn, að þingið gefi skýra yfirlýsingu um þetta. Að vísu er drepið á þetta í hinum tillögunum líka, en aðeins lauslega.

Í öðru lagi er í þessari tillögu *lýst mótmælum* gegn *gjörninginum í ríkisráðinu* og konungsúrskurðinum, og sé eg ekki betur, eftir umræðunum sem orðið hafa um þetta mál síðan í haust, en að þessa þurfi fyllilega við. Það er ekki nóg að lýsa yfir skilningi sínum á því, sem þar gerðist, — það getur hver haft sinn »skilning« á því — heldur verður að mótmæla öllu því, sem þá var gert gagnstætt tilætlun og vilja alþingis, og það var fleira en eitt. — Eg vil t. d. benda á það, er Íslandsráðherra sagði þar í fyrstu ræðu sinni, að sú væri tilætlunin, að það yrði forréttindi konungs, fráskilin ákvörðunum alþingis, að ákveða stað fyrir uppburð sérmálanna. Þetta er ekki rétt, heldur var tilætlunin, að þetta hyrfi fyrst og fremst undir fulltrúa alþingis, þ. e. Íslandsráðherra, ásamt konungi. Það var ekki tilætlunin, að fara nú að gera málið »fráskilið ákvörðunum alþingis«, þvert á móti skilningi þingsins 1903, heldur var hitt einmitt tilætlunin, að sýna það í verkinu, að þingið 1903 hefði haft rétt fyrir sér í því, að hér væri um sérmál að ræða, sem þingið gæti því hagað eftir vild sinni með samkomulagi ráðherrans fyrir þess hönd við konung einan. Og það

er næsta einkennilegt, að sami ráðherra skuli nú hafa haldið þessu afsali fram í ríkisráðinu, sem sjálfur sagði 1903, að alþingi væri þá að gera ríkisráðsákvæðið að »sérmála-atriði«. — Í annan stað er nauðsynlegt að mótmæla þessu »samkomulagi«, sem Íslandsráðherra gekst undir við forsætisráðherra Dana, eftir það er hann, forsætisráðherrann, hafði átt frumkvæði að skilyrðum þeim, sem sett vóru af danskri hálfu fyrir stjórnarskrárstaðfestingunni. Því að þess verða menn að gæta, að það er hann, sem ræður konungi til þess að samþykkja ekki stjórnarskrárbreytinguna, nema konungur neyti um leið valds þess, sem honum er gefið með henni, til þess að ákveða, að engu verði breytt um uppburð sérmálanna í ríkisráðinu, nema með samþykki Dana á nýjum sambandslögum. Þar sem þetta var gagnstætt því, sem til var ætlast, er auðvitað óhjákvæmileg nauðsyn á að mótmæla því.

Í þriðja lagi er í þessari þingsályktun ráðherra falið að skrifa ekki undir konungsúrskurð um uppburð sérmálanna, nema nýr úrskurður fáist, er eigi sé skilorðsbundinn. — Þetta eru skýr og ákveðin orð, og hér duga ekki tóm hálfyrði, sem ekki verður tekið mark á og konungur gæti gengið að, þótt hann héldi óbreyttri skoðun sinni frá því í fyrra og þeirri framkvæmd, sem þar er ráð fyrir gert. Skilyrðið fyrir því, að þjóðin vilji, að stjórnarskráin sé staðfest, er það, að fallið verði frá því, sem gert var í ríkisráðinu 20. okt. 1913. Það er því nauðsynlegt, að konungur breyti vilja sínum í þessu, en geti það ekki orðið, og eigi stjórnarskráin sökum þess að falla, þá kýs eg það langtum heldur, en að réttur vor sé skertur að nokkru eða tefit í nokkra tvísýni. Því að þótt þjóðin óski þess, að stjórnarskrármálið nái nú fram að ganga, ef þess verður auðið afarkostalaust, þá vill hún þó ekki kaupa smáréttarbætur fyrir stórt réttindaafsal, allra sízt þær, sem hún á þá einnig undir sjálfri sér að taka hvenær sem er.

Á breytingartillögu minni hlutans er harla lítið að græða, eins og ræðu háttv. 2. þm. Rvk. Hann hafði lag á því, að flækja svo málið og flétta í ræðu sinni, að ekkert ákveðið varð úr. Hann var að hæla háttv. fyrrv. ráðherra, var þó ekki frá því, að rétt væri að samþykkja einhvern fyrirvara, en alt var óákveðið. Þeir eru fastlega á því, þessir menn, að uppburður sérmálanna sé »sérmál«, og neita því, að nokkur breyting hafi orðið á því með því sem gerðist í ríkisráði í fyrra. En hvernig geta þessir góðu menn þrætt þvert ofan í skýlausar og skjallegar yfirlýsingar í opinberum ritum um það sem fram hefir farið? Er það tóm markleysa, sem forsætisráðherra Dana bar fram, konungur og ráðherra Íslands féllust á og samþyktu um þetta efni á ríkisráðsfundinum 20. okt. s. l.?

Eg held að það sé ekki til neins að berja höfðinu við steininn, og að ekki verði slegið stryki yfir það, sem þeir háu herrar gerðu þar, nema það fáist hreint og beint aftur tekið. Þeir neita því, þessir háttv. þm., að nokkur breyting hafi verið gerð með opna bréfinu um kosningar til alþingis og segja, að það hafi verið íslenzk stjórnarráðstöfun o. s. frv. Þetta er ekkert annað en máttlaus fullyrðing út í loftið, sem allir sjá og vita, að kemur í beinan bága við sannleikann. — Þá staðhæfa tillögumenn, að þessi margnefndi úrskurður geti ekki skoðast »öðru vísi en önnur íslenzk stjórnaráðstöfun, er að sjálfsögðu má breyta á sama hátt, sem hún er gerð«, af konungi með

undirskrift Íslandsráðherra eins. Eg skil ekki, hvernig konungur og Íslandsráðherra eiga einir að fara að breyta því, sem þeir hafa gengið að, heitið og staðfest fyrir forsætisráðherra Dana og öllum dönsku ráðherrunum, og birt hefir verið báðum þjóðunum, Dönum og Íslendingum, að alls ekki skuli mega breyta, nema ríkisþing og alþingi hafi gert þar á aðra skipan í sambandslögum, er konungur hefir staðfest. Það er engu líkara en menn eigi hér tal við smábörn, og sætir slíkt furðu um fullveðja og mentaða menn. Og er það ekki að lítilsvirða orð konungs á einfeldnislegan hátt, að þrír eða fjórir menn hér á þingi skuli halda því fram, að þeirra »skoðun« ein geti gert að engu þær ákvarðanir, sem hann hefir gert með ráðherrum sínum á ríkisráðsfundi? — Enn þá marklausari verður slík fullyrðing, þar sem þessir menn ætla þó að samþykkja stjórnarskrána óbreytta, því að það hlýtur konungur að skoða sem samþykt í verki á fyrirfram aug lýstri ráðstöfun sinni, ef ekki er öðruvís um hnútana búið.

Tillaga meira hlutans var lengst í smíðum í nefndinni, en þó ber hún ekki mikið af tillögu minna hlutans. Hún er jafnvel að sumu leyti enn þá óákveðnari og ruglingslegri. Eitt ákveðið og ærlegt orð finst þó í henni og hefir hún það fram yfir till. minna hlutans: það er orðið »áskilur«. En því miður hverfur það innan um allan óskýrleikann og þokuna, sem tillagan er sveipuð.

Fyrsta atriðisorðið, sem fyrir verður í tillögunni er þetta: »að ef svo yrði litið á, að með því sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913« o. s. frv. Hér er um vitanlegan, skýlausan, opinberan og augljósan viðburð að ræða, sem enginn vafi er á, að hefir átt sér stað, alveg eins og hver annar sögulega sannanlegur og vitaður atburður. — Það er ofur afkáralegt að taka svo til orða um hluti, sem eru jafnljósir sem þessir. Það mætti alveg eins segja núna: »ef svo yrði litið á, að einhversstaðar sé nú stríð í heiminum«, eða »ef svo yrði litið á, að til væri fornkvæði, er kallað væri Völuspá«, o. s. frv.

Vér höfum fyrir oss ræðurnar, sem haldnar voru í ríkisráðinu 20. október í fyrra, og opna bréfið um konungsúrskurðinn, þar sem sagt er berum og skýlausum orðum, að svona verði til hagað, ef stjórnarskráin verði samþykt óbreytt.

Hitt er líka tvírætt, að vera að tala um, hvort málið hafi verið lagt undir valdsvið dansks löggjafarvalds með því sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913. Frá sjónarmiði Dana er það ekki lagt undir valdsvið þeirra þá, því að þeir halda því fram, að það hafi verið gert löngu áður, en frá sjónarmiði Íslendinga er öðru máli að gegna. Danir geta vel gengið að því, að hér sé ekki um neitt nýmæli að ræða, heldur sé með þessu einungis slegið föstu því, sem altaf átti að vera frá þeirra sjónarmiði.

Þá er það nokkuð skrítið orðalag, að þingið áskilji það, að eitthvað sé »skoðað« svo eða svo. Skoðað svo af hverjum? Þinginu, konungi eða Dönum? Um það er ekki getið. Þingið getur áskilið, að eitthvað skuli vera svo eða svo, en ekki hitt, hverja skoðun einhverjir menn hafi. Er þingið að skuldbinda sjálft sig með þessu til þess, að hafa einhverja skoðun á málinu, eða þá Dani eða konunginn? — Það væri nú ekki nema gott, ef þingið gæti skuldbundið sjálft sig til þess, að hafa sömu skoðun á máli, þótt ekki væri nema svo sem árlangt, því að þá yrði ekki hringlandinn jafn-gengdarlaus.

Mér finst alveg óverjandi, að alþingi láti sjást frá sér nokkurt »documentum historiæ« með svona orðalagi. Það er lítil einurð í þessu, eftir alt það, sem meiri hlutinn hefir sagt og skráð um málið, og verður því varla neitað með rökum, að þingið sýni það, ef það samþykkir slíkar till., að það sé ófært til að fara með mikilvæg mál, og er hart að láta slíka réttarspilling eftir sig liggja.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta mikið héðan af, enda hefi eg talað um málið nokkuð áður, en þar sem nú er hér hver höndin upp á móti annari í þinginu um skýringar þessa máls og bornir fram sundurleitir fyrirvarar, þá hygg eg, að oss væri sæmilegast að fara að dæmi Dana, og fresta stjórnarskrármáli voru á þessum hættutímum. Réttur vor versnar ekki, þótt það sé gert, en það getur hann gert, ef farið er að samþ. eitthvað, sem engum kemur saman um, hvernig beri á að líta, þrátt fyrir alt, sem talað er um samkomulag. Eg skil það vel, að sumir kunna að vera ánægðir með það, sem valdið gæti staðfestingarsynjun, en eg hefi ekkert gaman af því. Eg kýs heldur, að Íslendingar felli sjálfir ráðherra sinn af stóli, ef þeim sýnist svo og nauðsyn ber til. Úr því að þingið var ekki nógu gætið í upphafi, er það fól málið í hönd konungi, og úr því fyrrv. ráðherra brást tilætlan þess og trausti, þá er að taka afleiðingunum af því, og það strax. Eg hygg, að vér munum hafa nóg að deila um við Dani á næstu árum, þótt vér stofnum eigi til fjandskapar út af þessu máli nú.

Annaðhvort er, að Danir taka eitthvert mark á þessum fyrirvara, þótt óljós sé, og þá verður stjórnarskránni synjað staðfestingar, eða alls ekkert, og þá fær hún staðfestingu, með þeim hætti, sem konungur, forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands gerðu með sér 20. okt. 1913, en uppburði mála vorra fæst samkvæmt því að engu breytt nema með nýjum sambandslögum, sem ríkisþing Dana felst á. — Og meðan mestöll Norðurálfan er í blóði sínu að berjast fyrir fjörvi og frelsi, þá væri það hart ef vér með léttúð færum að stofna frelsi voru í nokkurn voða ótilneyddir og að ástæðulausu.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Eg ætla mér ekki að svara hinni löngu og stórorðu ræðu hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) orði til orðs, því að það er alger óþarfi, heldur aðeins drepa á nokkur atriði.

Hann ber það á meiri hl., að hann vildi draga fjöður yfir það í nefndarálitinu, hver verið hefði vilji þingsins 1913 í þessu máli. Um þetta vil eg leyfa mér að skírskota til nefndarálits vors á 3. bls., þar sem það er tekið skýrt fram í fjórum atriðum, hver meiri hlutinn telur að hafi verið tilætlun þingsins 1913, og fellur þá þessi ásökun hv. þm. gegn meiri hlutanum. Hann hefir auðsjáanlega ekki kynt sér nefndarálitið, og hefði það þó verið viðkunnanlegra úr því að hann leyfir sér að ráðast á meiri hlutann með illyrðum.

Þá hefir verið sagt, að eg og háttv. þm. Dal. (B. J.) höfum brugðist fyrri skoðunum okkar, með því að við hefðum ekki talið þennan fyrirvara nægan áður.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) er varla ókunnugt um það, að allir hér skildu svo opna bréfið 20. okt. 1913 og ríkisráðsumræðurnar, að klausan um það, að úrskurðinum um málauppburðinn í ríkisráðinu yrði eigi breytt fyrr en sambandslög milli landanna yrði sett í úrskurðinn væntanlega. Ef við gengjum að því, þá hefi eg alt af talið fyrirvara ónægan og geri enn, enda lýsti

eg yfir því í upphafi fyrri ræðu minnar. Nú verður oftnefnt skilyrði ekki sett í úrskurðinn, og því er þetta nægur fyrirvari gagnvart því, sem gerðist í ríkisráðinu 20. okt. 1913 og opna bréfinu. Að minsta kosti er eg fyrir mitt leyti ekki í nokkrum vafa um það, að ekkert af því verður réttilega bindandi fyrir oss með þeirri afstöðu, sem tillaga meiri hlutans skapar, ef hún verður samþykt. — Annars var það mjög leitt, að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) skyldi ekki koma fyrr með þessa »kritik« sína á fyrirvara vorum, svo að unt hefði verið að taka orð hans til athugunar. *(Benedikt Sveinsson:* Það hefi eg margoft gert á flokksfundum). Eg kannast við það, að þessi háttv. þm. hefir að vísu lýst einhverri óánægju, en aldrei komið fram með breytingartillögur við uppástungu vora. Og alls eigi hefir hann lýst yfir því, að hann mundi eigi fylgja oss að málum að lokum. Eg hefi ástæðu til að halda, að hann hafi nú á síðustu stundu fengið að þessa »æðri og betri þekkingu« sína á málinu.

Vera má, að hann hafi verið eitthvað stórorðari en aðrir um málið, enda hefir hann, að mér skilst, það helzt við till. á þskj. 438 að athuga, að hún er eigi *stórorð*. Svona ramt hefir hann ekki að orði kveðið fyrri. Við höfum þegar áður, háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg, skýrt það, hvers vegna þetta »ef« stendur í upphafi tillögunni. Það kemur ekki til af neinum vafa hjá okkur um það, hvernig líta beri á málið, heldur er þessi varnagli sleginn fyrir þá, sem líta öðruvís á það, en við gerum. Við sáum ekki ástæðu til að kveða frekar að orði, því að það eru ekki stóryrðin, sem gagna hér, heldur hitt, að það skiljist, við hvað er átt.

Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fann að því, að svo stæði í fyrirvaranum, að alþingi *óskildi* að konungsúrskurðurinn 20 okt. 1913 yrði skoðaður sem hver annar íslenzkur konungsúrskurður, og spurði svo, hver ætti að skoða hann svo. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að það er vitanlega konungsvaldið. Ef konungur staðfestir stjórnarskrána, þá er þar með fengin viðurkenning hans um það, að hann líti einmitt svo á.

Sami hv. þm. talaði um það í öðru orðinu, að ráðherra yrði með þessu settur í voða, en í hinu lét hann í veðri vaka, að fyrirv. væri alveg gagnslaus.

Ef fyrirvarinn er gagnslaus, þá mun konungur ekki synja stjórnarskránni staðfestingar vegna hans. Og þá lendir ráðherra í engum voða. Ef stjórnarskráin nær eigi staðfestingu, þá er sýnt, að fyrirvarinn er nægilegur, en þá er ráðherra settur í þann »voða«, að verða að beiðast lausnar. Get eg ekki séð, að það sé neinn »voði« fyrir ráðherra persónulega.

Nú hefir ráðh. lýst yfir því, að hann hafi von um, að stjórnarskráin nái staðfestingu, enda þótt fyrirvarinn á þskj. 438 verði samþyktur. Eg skal ítreka það, að eg sé ekki, að það geri nokkurn mun í því efni, hvort tillagan á þskj. 447 eða fyrirvarinn á þskj. 438 verður samþyktur. Eg hygg, að það skifti engu máli.

Sami hv. þm. (B. Sv.) talaði um, að hann vildi láta það standa svo í fyrirvaranum, að vér lýstum mótmælum. Eg get ekki séð, að á því sé nokkur efnismunur, hvort sem sagt er, að vér getum ekki viðurkent, eða að vér mótmælum. Þetta, »að geta ekki viðurkent« og »að mótmæla« er annað orðalag, en auðvitað er meiningin sú sama. Og nóg þótti Jóni Sigurðssyni í mótmælum þingsins gegn stöðulögunum 1871 að hafa orðin: »þingið getur ekki viðurkent« stöðulögin. Þessi hv. þm. heldur auð-

sjáanlega, að stóryrði verki bezt. En það er hreinn misskilningur.

Ráðherra (S. E.): Eg skal játa, að eg hafði búist við, að hugur minn og hugur hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) stæði fastara saman um sjálfstæðismál þjóðarinnar en nú er raun á orðin. Eg gat ekki skilið orð hans öðruvís en svo, að hér væri verið að stofna sjálfstæði landsins í hættu með því að samþykkja þennan fyrirvara. Hann sagði, að orðalag fyrirvarans væri loðið og óábyggilegt. Eg get alls ekki séð, að svo sé, og verð eg að taka í sama strenginn og háttv. framsögum., því að það eru ekki stóryrðin, sem leysa vandamál þjóðanna. Lipurð og gætni fær þar meira til vegar komið.

Eg þarf svo ekki að fara lengra út í að svara þessu, því að hv. framsögum. (E. A.) gerði það svo rækilega. En það var annað, sem eg hjó eftir í ræðu hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann sagði, að vér hefðum nóg til að deila um við Dani, þótt vér færum ekki að deila um þetta. Það er rétt eins og stjórnarskrárfrumvarpið sé eitthvert smámál. Það er svo fyrir mér, að það sé eitt af stórmálum vorum, eitt af þeim málum, sem feli í sér margar af kærustu óskum þjóðarinnar. Einmitt þessvegna vil eg leggja áherzlu á að koma málinu áfram. Og eg, sem að öðru leyti tel þá pólitík hyggilegasta að forðast ágreiningsmálin við Dani, sé ekki annað, en nauðsynin knýi oss til að halda þessu máli áfram vegna hinna miklu réttarbóta, sem í því felast, þó fyrirvarinn, sem að sjálfsögðu vegna landsréttinda vorra verður að fylgja því, kunni að fela í sér ásteytingarsteina út á við.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) var að tala um, að þetta gæti orðið hættulegt fyrir ráðherrann, — en þá er að taka því, og sjálfsagt er að fara úr stólnum þegar erindinu er lokið.

Bjarni Jónsson: Það er eiginlega ekkert stóratriði, sem eg þurfti að tala um. Eg nefndi í morgun aðalatriðin. En eg ætlaði aðeins að afsaka mig fyrir tveimur hv. þm., sem réðust á mig. Það var hv. 2. þm. Rvk. (J.M.), sem sagði að eg hefði brugðist einhverju, sem eg talaði um í stjórnarskrárnefndinni. Eg sagðist þar ekki vilja ráðast á fráfarinn ráðherra, til þess drægi mig ekkert, og mun eg enn svo með fara. En hitt vildi eg ekki, að svo liti út, sem horfinn væri sá skoðanamunur, sem verið hefir milli mín og hans, og kom í ljós við 1. umr. stjórnarskrárinnar. Hann er enn sá sami.

Þá var og annað atriði, sem sami hv. hv. þm. (J. M.) sagðist ekki hafa skilið hjá mér, hvernig eg vildi heimfæra þetta undir þá alþjóðareglu, sem eg nefndi. En þetta er alveg augljóst. Ef réttarbreyting, hér samningsuppkast Íslandsráðherra við Dani 20. okt. 1913, er auglýst tveimur þjóðum, þá geta báðar þjóðirnar játað eða þagað, og verður þá samningur úr, eða önnur þagað, en hin játað, og fer þá á sömu leið.

Ef á hinn bóginn önnurhvor þjóðin neitar, þá getur ekkert orðið af samningum. Þetta er nú að fara fram hér. Hér er önnur þjóðin að neita að ganga undir samningsuppkastið, eða samþykkja það, svo að dæmið er full-ljóst.

Hinn þm., sem á mig réð í ræðu sinni, var hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Eg skal fúslega játa, að mér kom það mjög óvænt, að fá úr þeirri átt svo vingjarnleg orð. Eg vil ekki fara að þreyta kapp við hann, og ekki vera að skemta skrattanum með því, að við förum að rífast hér að ástæðulausu. Eg skal benda honum á það, sem eg sagði í fyrri ræðu

minni, að þegar er símskeyti barst í fyrrahaust um þessa atburði, skrifaði eg grein í Ingólf og færði þar heim sanninn um, að eg vildi láta samþykkja nauðsynleg mótmæli, sem hér er um að ræða, og því verður eigi neitað, að öll þau atriði, sem eg tók þar fram, felast í þessum mótmælum. Eg hefi því hvorki þagað yfir minni skoðun né hvarflað frá henni. Eg fekk og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) til að skrifa sína grein í þetta blað, en hafi ritstjórinn sjálfur ritað greinar með grundvallaðri skoðun á þessu, þá er mér ekki skylt að uppfylla þeirra kröfur, heldur honum sjálfum.

Eg stend við alt, sem eg hefi sagt, og eg hefi fullkomlega haldið alt, sem eg hefi skrifað og látið skrifa.

Einar Jónson: Eg hafði ætlað mér að falla frá orðinu, ef aðrir hefði gert hið sama, og umræðurnar hefði þar með hætt. Þær eru orðnar sæmilega langar, og skal eg ekki tefja tímann lengi.

Mér dettur í hug að spyrja, hversvegna hinn nývaldi ráðherra var ekki látinn hafa einhvern fyrirvara í höndum þegar hann fór á konungsfund, til þess að hann hefði getað frætt oss eitthvað þegar hann kom aftur. Hér er verið að þræta um fyrirvarann, og vér vöðum í villu og svíma um það, hvernig eigi að semja hann, til þess að hann verði ekki stjórnarskrármálinu að falli. Mér datt í hug, að sá flokkur, sem valdi hinn nýkosna ráðherra, hefði ætlað honum að leita undirtekta konungs, ekki einungis um einhvern fyrirvara, heldur og um fánamálið og ef til vill fleira, til þess að, vita hvað þingið mætti bjóða sér í þessum málum. En hvert var erindi ráðherrans til konungs? Var það nauðsynlegt fyrir hann að fara á konungsfund til þess að fá undirskrifaða útnefningu sína? Mátti ekki segja konungi, að hann færi ekki? Það hefir áður átt sér stað, að ráðherra hefir verið útnefndur gegnum síma á konungsábyrgð.

Eg álít eins og fleiri, að fyrirvarinn á þskj. 455 sé svo hættulegur fyrir framgang málsins, að það sé ekkert viðlit að samþykkja hann. Um hinar tillögurnar finst mér standa á sama, hver verði samþykt, því að þær eru sama efnis, þótt orðalagið sé annað. Mér er það kunnugt, að úti um land hafa ýmsir þingmenn, sem hér eiga sæti nú, heitið kjósendum sínum að vera hlyntir einhverjum fyrirvara, en mér er það líka kunnugt, að sumir hafa ekki álitið þess neina þörf. Það er ekki nema eðlilegt að þeir menn, sem hafa lofað kjósendum sínum að samþykkja ekki stjórnarskrána án fyrirvara, og þá einkannlega þeir, sem hafa skrifað strangar greinar í blöðin um það, að fyrirvari yrði gerður, vilji nú samþykkja einhvern fyrirvara.

Eg býst varla við að fá svör við spurningum mínum, en eg hefi þó viljað setja þær fram. Utanför ráðherra var þannig úr garði gerð, að hún sýnist ekki hafa orðið til neins gagns. Hann hrósaði konungi fyrir vinsamleg ummæli í garð þjóðarinnar, en sagði, að konungur gæti ekkert sagt um fyrirvarann fyrr en hann sæi, hvernig hann yrði. Eg get þakkað hæstv. ráðherra fyrir ummæli hans um stjórnarskrármálið, að hann vill leggja því máli lið sitt og leggja kapp á að fá það staðfest og standa eða falla með því.

Eg skal svo ekki segja meira, því að fundurinn er þegar orðinn langur, og það er leiðinlegt að hlusta á langar ræður, jafnvel þó að ræður þeirra, sem lengst tala, kunni að vera skynsamlegri heldur en ræður hinna, sem tala styttra.

Benedikt Sveinsson: Það vill

svo vel til, að eg þarf ekki að vera langorður. Það sem eg sagði í fyrri ræðu minni, stend eg við, því að eg get ekki fundið, að það hafi verið hrakið.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að fárast yfir því, að eg hefði kveðið harðan dóm yfir þessari smið nefndarinnar og brá mér um, að eg hefði ekki látið þessar skoðanir uppi fyrr. En eins og eg tók fram í fyrir honum, þá hefir þetta mál legið fyrir flokksfundum í alt sumar, og dró eg aldrei neina dul á það, að eg væri annarar skoðunar um þetta efni en lögfræðingarnir í flokknum og að eg áliti fyrirvarann algerlega ótækan, nema hann yrði lagaður. Þetta tók eg fram síðast fyrir tveim, þrem dögum á flokksfundi og krafði fyrirvarann þá til mergjar — álíka og eg hefi gjört í dag, og greiddi atkvæði móti honum, er hann var borinn þar undir atkvæði.

Sami hv. þm. sagði, að þeir hefði komið sér saman um að hafa orðalagið slíkt sem það er, til þess að það spilti ekki staðfestingu konungs á stjórnarskránni, og að fyrirvari hv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hefði ekki nema stóryrði fram yfir fyrirvara meiri hl. Þetta er ranghermi. Fyrirvari hv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir alls engin stóryrði og eg hefi aldrei haldið því fram að setja þyrfti nein stóryrði í fyrirvarann, eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og hæstv. ráðherra vóru að fárast um. Þeir kalla það *stóryrði*, ef sannleikurinn er sagður svo, að hann verði ekki misskilinn. Það er *þetta*, sem eg hefi lagt áherzlu á, og þess vegna get eg felt mig við fyrirvara hv. þm. N.-Múl. (J. J.), því að hann einn segir afdráttarlaust, það sem þarf að segja. — Og eg get ómögulega séð, að það sé neitt hættulegt. Ef sannleikurinn er sagður blátt áfram og undirhyggjulaust, þá metur hver greindur og gegn maður það betur, heldur en ef hann sér, að verið er að fara með málstaðinn í felur, hann sé fólginn í einhverjum flóka, svo að leita þurfi að meiningunni með loganda ljósi.

Hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að fyrirvari meiri hl. væri nógu eindreginn og »hefði í sér fólgin« öll þau ákvæði, sem taka þyrfti fram. Þetta orðatiltæki á hér vel heima, því að þeir hafa »falið« efnið svo vel, að erfitt verður að finna það. En ekki skil eg, að konungsvaldinu verði neitt geðþekkara, að vilji þingsins sé svo einurðarlaust látinn í ljós, að lengi þurfi að leita þess, sem hv. bragðarefum kynni að hafa þóknast að setja innan í þennan flóka, — heldur en að þingviljinn komi fram skýrt og orðskviðalaust.

Eg get heldur ekki séð, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafi hrakið það, sem eg sagði um óljóst orðalag á fyrirvaranum.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að eg hefði fundið að því, að í fyrirvara meiri hlutans stæði, að alþingi *óskildi*, að konungsúrskurðurinn yrði skoðaður sem hver annar konungsúrskurður, en þetta er alveg rangt hjá hinum háttv. þm., því að eg tók það einmitt berum orðum fram, að orðið »*óskilur*« væri ærlegasta orðið í fyrirvara meiri hlutans og hefði hann það fram yfir minni hl.

Það er engin mótsögn í því, er eg sagði, að ráðherra gæti verið stefnt í vanda eða voða að óþörfu með þessari fyrirvaraaðferð, og hinu, að fyrirvarinn væri gagnslaus — Eg þóttist taka það fullskýrt fram í fyrri ræðu minni, að fyrirvarinn gæti ekki gert hvorttveggja: bjargað staðfesting stjórnarskrárinnar og um leið bjargað rétti vorum, því að *ef* konungur tæki mark á fyrirvaranum, þannig, að hann hygðist ekki geta fullnægt honum með öðru en því, að hverfa frá því, sem boðað var í ríkisráði 20. okt. í fyrra, *þá* mundi hann *ekki* staðfesta stjórnarskrána. En ef konungur þykist þar á móti geta virt fyrirvarann

að vettugi, þá stendur auðvitað ekki á staðfestingu upp á þær spýtur, sem boðað var í fyrra.

Að þessu leyti er ráðherra hér stefnt í vanda að gagnslausu, sem eg efa ekki, að minni hlutanum sé ósárt um, eins og eg drap á áðan, og fyrirvarinn er þá líka gagnslaus, því að hann orkar ekki þess, að stjórnarskráin nái staðfestingu með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru frá Íslands hálfu, en án þeirra óskar þjóðin ekki staðfestingar.

Hæstv. ráðherra (S. E.) lýsti yfir því, að sér þætti leitt, að vegir okkar hefði skilið svo fljótt í sjálfstæðismálinu. Okkur greinir nú ekki á nema um þetta eina atriði, en eg skal játa, að það er mikilsvert atriði, og verða vegir okkar að skilja um það, svo langt sem það nær, því að mér dettur ekki í hug að fylgja þessari stjórn né annari að málum, ef það kemur í bág við sannfæring mína — Það er satt, að þjóðin hefir óskað eftir stjórnarskrárbreytingu, en hún vill ekki stjórnarskrárbreytingu í skiftum fyrir neitt réttindaafsal.

Eg ber ekki vantraust til hæstv. ráðherra í því efni, að hann segi konungi greinilega frá, hvað hér hefir farið fram. En það er eftir að vita, hvernig konungur tekur í það. Það hefði verið betra fyrir hæstv. ráðherra að hafa í höndum einhvern ákveðinn fyrirvara, þegar hann fór á konungsfund, en það var ekki hægt. Þingmenn eru meira að segja ekki enn á einu máli um það, hvernig fyrirvarinn eigi að vera, eftir alt það þref, sem um það efni hefir verið í sumar, innan þings og utan.

Eg verð því að halda því eindregið fram, að réttast sé að fella stjórnarskrána, úr því að í þetta óefni er komið, heldur en að stofna réttindum landsins í hættu eða lenda í erjum við útlent vald á slíkum viðsjártímum, sem nú eru. — En ef samþyktur er nokkur fyrirvari, þá er einsætt að samþykkja þann einn, sem tvímælalaust tekur fram, það sem þarf að segja.

Ráðherra (S. E.): Út af ummælum háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) vil eg geta þess, að það var enginn sérstakur flokkur, hvorki Sjálfstæðisflokkurinn eða annar, sem réð því, að eg fór á konungsfund, heldur var það Hans hátign konungurinn, sem boðaði mig utan, og til þess hafði hann vitanlega fullan rétt.

Sami háttv. þingm. fann mér það og til foráttu, að eg hefði ekki lagt fyrirvarann í stjórnarskrármálinu fyrir konung, en það gat eg ekki, eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir þegar skýrt frá, vegna þess, að hann hafði ekki verið saminn þegar eg fór héðan. Eg gat aðeins skýrt konungi frá, eins og eg líka gerði, hver mundi verða þungamiðja fyrirvarans.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að fyrirvari meiri hlutans væri flókinn og óskýr, þá skil eg ekki, hvernig nokkrum skynsömum manni fer að finnast það. Því að kjarninn í fyrirvaranum er einmitt sá, að úrskurðinum megi breyta eins og hverjum öðrum konungsúrskurði með undirskrift Íslandráðherra eins, sbr.: »Ennfremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur, að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrrnefndu opnu bréfi, verði skoðaður sem hver annar íslenzkur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda«. Eg skil ekki hvað það er, sem háttv. þingm. N.-Þing. getur fundist tvírætt í þessu og hvað honum getur fundist flókið. — Útaf því, sem háttv. sami þm. sagði um það, að hann mundi ekki fylgja stjórninni framar en sannfæring hans byði,

þá vil eg lýsa yfir því, að eg ætla hvorki að biðja hann né aðra að styðja mig gegn sannfæringu sinni.

Jón Jónsson: Áður en gengið er til atkvæða, ætla eg að gera nokkrar athugasemdir út af ræðum nokkurra háttv. þingmanna.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hélt því fram, að hér væri ekki um samning að ræða. Það gæti ekki orðið samningur þegar vér mótmæltum konungsúrskurðinum. En hér veltur alt á því, hvort ráðherra hafði heimild til að reka erindi vort eins og hann gerði, og hvort það sé ekki bindandi, þó að því sé mótmælt eftir á. Þegar einhver maður hefir umboð til að semja við einhvern eða ákveða eitthvað fyrir hönd annars manns eða flokk manna, þá hlýtur það, sem hann gerir, að vera gott og gilt gagnvart þeim, sem honum gaf umboðið. Ef vér samþykkjum stjórnarskrána nú óbreytta og mótmælum því, sem gerðist á nefndum ríkisráðsfundi, án þess, að nokkur breyting verði gerð á ákvörðunum fundarins, óttast eg, að svo kunni að mega líta á í framtíðinni, að uppburður sérmála Íslands í ríkisráði Dana sé stjórnskipulega lagður undir valdsvið danskra stjórnarvalda.

Hæstv. ráðherra (S. E.) sagði nýlega, að ekki væri gengið á rétt vorn með opna bréfinu. Það er alveg satt, og um það eru engar deilur. Opna bréfið er ekki gildandi ef stjórnarskráin er feld, það gildir fyrst þegar stjórnarskráin er samþykt. Það sem ágreiningurinn er um er það, hvort fyrirvari meiri hlutans sé nægilega tryggur til þess að hnekkja því, sem gerðist á ríkisráðsfundinum og til þess að landsréttindum vorum sé borgið. Hæstv. ráðherra hélt því fram, að með fyrirvara meiri hlutans væri landsréttindunum borgið, en þess vegna ber eg fram minn fyrirvara, að mér þótti þeim ekki borgið. Hæstv. ráðherra hélt því og fram, að konungur mundi ekki staðfesta stjórnarskrána ef minn fyrirvari væri samþyktur, og það segja margir, að hann muni verða stjórnarskránni að bana, og er það líklega þá af því, að hann þyki of skýr til þess, að konungur geti gengið að honum. En úr því að ekki liggur fyrir ákveðið svar frá konungi í þessu máli, þá verð eg að halda því fram, að slíkt sé nokkuð í óvissu sagt. Eg man eftir því, að það var sagt um stjórnarskrárbreytinguna 1911, að hún gæti ekki náð staðfestingu. Þetta var ekki sagt hér fyrr en dönsk blöð fóru að halda því að Dönum. Áður höfðu allir verið sammála um, að ríkisráðsákvæðinu mætti kippa burtu, en þegar hið gagnstæða kom fram frá Dönum, þá var ekki lengur dáð til þess í þinginu að halda við fyrri skoðun. Einstakir menn halda því fram nú, að það sé landráð að tefla þessu máli í tvísýnu, og að það sé gert með því að samþykkja minn fyrirvara. Það má vitaskuld altaf segja, en því er haldið fram út í bláinn.

Háttv. 2. þm. Arn. (E. A.) fór lítið út í andmæli gegn fyrirvara mínum. Hann sagði, að hann hefði ekki álitið sinn fyrirvara nægilegan ef tekið yrði upp í úrskurðinn um uppburð sérmálanna, að á þessu yrði engin breyting gerð fyrr en sambandslög yrði sett milli landanna. Það vissi eg áður. Og eg trúi því ósköp vel, að háttv. 2. þm. (E. A.) búist við því, að úrskurður sá, sem í ráði er að gefa út, verði alveg skilyrðislaus. En þrátt fyrir það er eg ekki viss um, að fyrirvari meiri hlutans sé nægilegur, og tel því réttast að samþykkja mína tillögu, hún tekur af skarið.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) hélt því fram, að opna bréfið væri einungis íslenzk ráðstöfun. En þó að það sé ís-

lenzk ráðstöfun, þá er það ráðstöfun, sem var gerð á þann hátt, að áður var komið á samkomulag milli konungs, forsætisráðherra Dana og Íslandsráðherra um að haga uppburði málanna svo, sem segir í opna bréfinu. Ráðherra vor félst á það og með því hefir vilji Dana orðið ofan á. Þá skilur háttv. sami þm. það ekki, að eg beri fram mína tillögu í alvöru, þar sem stjórnarskrárfrumv. sé vís staðfestingarsynjun ef hún yrði samþykt. Eg veit ekkert um það, hvort minn fyrirvari verður til þess, en mér hefir altaf þótt leiðinlegt að heyra það klingja í ágreiningsmálum milli Dana og Íslendinga, að vér megum ekki halda skoðunum vorum fram í alvöru, heldur sé sjálfsagt að fallast á alt, sem Danir vilja. Eg skal játa, að eg hefi aldrei lagt með því. — En hitt get eg fullvissað háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) um, að mér er bláföst alvara. Mér hefir verið og er það alvörumál að vernda landsréttindi Íslands, og það ætti að vera alvörumál hvers einasta Íslendings.

Eins og áður get eg ekki séð, hvað konungi getur gengið til að halda fast við það, að enga breyting megi gjöra fyrr en sambandslög sé settt. Málin verða hvort sem er borin upp í ríkisráðinu, svo að mér að finst ofmikil grýla gerð úr þessu atriði. Eg endurtek það, að orsökin til þess, að eg kom fram með minn fyrirvara, var sú, að eg var í vafa um, að tillaga meiri hlutans væri nógu ákveðin, en sé svo, að konungur muni álíta tillögu meiri hlutans of nærgöngula við sig og að hún brjóti í bág við það, sem áður hefir gerst í málinu, þá sé eg ekki að mín tillaga sé verri, því að hún tekur af allan vafa um það, hver sé vilji Íslendinga í þessu efni. Hæstv. ráðherra lýsti yfir því, að hann byggist við, að konungur staðfesti stjórnarskrárfrumv. með fyrirvara meiri hlutans, en það væri þó aðeins von hans, en engin vissa, því að hann hefði ekkert loforð frá konungi um það. Og sé eg þá ekki betur, en að alt sé í óvissu um þetta mál, hvor fyrirvarinn sem verður samþyktur.

Það er mjög áríðandi, eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að hafa það orðalag á fyrirvaranum, sem ekki geti misskilist, og það verður að taka það skýrt fram, að uppburður sérmálanna verði hér eftir sem hingað til sérmál, sem stjórn vor ein geti ráðið yfir.

Mér finst vera töluverður munur á fyrirvara meiri og minni hlutans, þó að lítið sé gert úr því. Minni hluti neitar því, að nokkur skerðing á sérmálunum felist í því, sem gerðist á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913. Meiri hl. er aftur á móti á því, að það hafi verið gert. Víðar er um mun að ræða, eins og sést á orðum fyrirvara meiri hlutans: »Ennfremur ályktar alþingi að lýsa yfir því, að það *dskilur* að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrrnefndu opnu bréfi verði skoðaður sem hver annar íslenzkur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins«. Einmitt út af þessu er það, að nefndin hefir ekki getað komið sér saman. En þótt eg bendi á, að það er verulegur munur á fyrirvörum meiri og minni hlutans, þá tek eg fram, að minn er allra tryggilegastur.

Að lokum vil eg taka það fram, að eg hefi ekki borið fram minn fyrirvara af græsku, heldur er það gert af hjartans einlægni, af því eg vildi gera það, sem eg áliti sannast og réttast. En ef mér hefir skjátlast, þá verð eg að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því. Eins og stendur er þetta mjög óþægilegt mál fyrir meiri hlutann, þar sem það snertir ráðherra

vorn, því að hann hlýtur að segja af sér, ef stjórnarskráin er ekki staðfest og er þá kominn í deilu við konungsvaldið, þótt hann hafi meiri hluta þings að baki sér. Samt verður að leggja út í þá hættu, þar sem málið skiftir svo miklu.

Framsögum. meiri hl. (Einar Arnórsson): Það eru aðeins örfá orð, sem eg vildi segja. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) mintist ekki í seinni ræðu sinni á ásakanir til meiri hluta nefndarinnar og legg eg það svo út, að hann hafi fallið frá því, að meiri hlutinn hafi látið minni hlutann múlbinda sig, ásamt fleiri virðulegum og þinglegum orðum, er hann notaði. *(Benedikt Sveinsson:* Það er viðurkent af háttv. 2. þm. Rv. (J. M.) og háttv. þm. Dal. (B. J.)). Það er ekki viðurkent. Eg benti háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) á það, sem segir á 3. bls. í nefndarálitinu og það stendur óhrakið. Annars er mér óljúft að eiga í orðakasti við þennan háttv. þm., enda mun það koma fyrir ekki, þar sem hvor heldur sjálfsagt við sína skoðun.

Háttv. 2. þm. N. Múl. (J. J.) áleit, að umboðsmaður gæti skuldbundið umbjóðanda sinn, jafnvel þó að hann gerði annað en það, sem honum var heimilað að gera. En eg veit ekki til, að svo sé. Ef umboðsmaður fer út fyrir umboðið, þá er sá, sem honum bauð um ekki bundinn, nema hann samþykki gerðir umboðsmannsins á eftir. *(Jón Jónsson:* En ef umboðið er ótakmarkað?). Þó að umboðið sé kallað ótakmarkað, þá liggur það í hlutarins eðli, að það getur ekki verið það. Og hér er því ekki til að dreifa, því að umboð ráðherra takmarkast af vilja þingsins. Og sá, er semur við umboðsmanninn, verður að sanna víðtæki umboðsins.

Þetta er aðalatriðið í málinu, hvað ráðherra hafi verið *heimilt* að gera. Og þar sem eigi var heimilt að gera neina ráðstöfun, er takmarkaði sérmálavald vort, þá er nóg til vara að mótmæla, eins og hér er farið fram á.

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Eg sé ekki, að grætt verði á að lengja umræðurnar. Það er rangt hjá hv. þm. N.Þing. (B. Sv.) að meiri hl. nefndarinnar hafi látið minni hl. ginna sig. Nefndin öll vann að málinu og var ekki ósamdóma um aðalatriðið, en hvor hlutinn bygði á sínum forsendum og þær eru ólíkar.

Eg vona, að feldur verði fyrirvari á þskj. 455, en ef tillaga minni hl. nær ekki fram að ganga, þá mun minni hlutinn yfirleitt líklega hvorki greiða atkvæði með eða móti fyrirvara meiri hlutans.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 455 feld með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Hjörtur Snorrason	Guðm. Hannesson
Jón Jónsson	Björn Hallsson
	Björn Kristjánsson
	Einar Arnórsson
	Einar Jónsson
	Guðm. Eggerz
	Hannes Hafstein
	Jóhann Eyjólfsson
	Jón Magnússon
	Magnús Kristjánsson
	Pétur Jónsson
	Sigurður Eggerz
	Sig. Gunnarsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Bjarni Jónsson, Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þskj. 447 feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðm. Hannesson
Einar Jónsson	Benedikt Sveinsson
Hannes Hafstein	Bjarni Jónsson
Jóhann Eyjólfsson	Björn Hallsson
Jón Magnússon	Björn Kristjánsson
Magnús Kristjánss.	Einar Arnórsson
Matthías Ólafsson	Guðm. Eggerz
Pétur Jónsson	Hjörtur Snorrason
Sigurður Sigurðsson	Jón Jónsson
Stefán Stefánsson	Sigurður Eggerz
	Sigurður Gunnarsson
	Skúli Thoroddsen
	Sveinn Björnsson
	Þórarinn Benediktss.
	Þorleifur Jónsson.

Þingsál.till. á þskj. 438 sþ. með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Bjarni Jónsson	Hannes Hafstein
Björn Hallsson	Hjörtur Snorrason
Björn Kristjánsson	Matthías Ólafsson.
Einar Arnórsson	
Guðm. Eggerz	
Sigurður Eggerz	
Sigurður Gunnarsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þórarinn Benediktss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Jóhann Eyjólfsson, Jón Jónsson, Jón Magnússon, Magnús Kristjánsson, Pétur Jónsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Tillagan afgreidd til Ed.

II.

Samþyktar en ekki afgreiddar til ráðherra.

---

1. Fáninn.

Á 2. fundi Nd., föstudaginn 3. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um íslenzka fánann. (Þskj. 16).

Á 3. fundi Nd., laugardaginn 4. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 5. fundi Nd., þriðjudaginn 7. júlí, var tillagan tekin til einnar umræðu;

Flutn.m. (Skúli Thoroddsen): Eg skal geta þess, að tilefnið til þessarar þingsályktunartillögu er það, að þegar hv. ráðherra (H. H.) skoraði á forseta sameinaðs þings, að hlutast til um að haldinn yrði prívatfundur þingmanna til þess að ræða um gerð íslenzka fánans, þá fanst mér, og oss flutningsmönnum, rétt, að koma þegar í stað með till. sem gæfi það í skyn, að fánamálið væri íslenzkt löggjafarmál, sem þingið sem slíkt ætti að fjalla um. Oss þótti það óeðlilegt, og óviðeigandi, að máli þessu

yrði ráðið til lykta fyrir lokuðum dyrum. Tillagan fer því í þá átt, að kosin verði 7 manna nefnd til þess að íhuga málið.

Oss þótti þetta og því fremur viðeigandi, þar sem hvorki þingið, né þjóðin, hafði vænst þess, að höfð yrði sú aðferð í fánamálinu, af hendi hv. ráðh. (H. H.) sem raun er á orðin.

Það er kunnugt, að á alþingi 1913 urðu lyktir fánamálsins á þá leið, að frumv. um sérstakan íslenzkan fána var samþykt í neðri deild, en í efri deild látið falla úr sögunni, en samþykt í þess stað rökstudd dagskrá, þar sem skorað var á ráðherrann, að hlutast til um, að frumvarp um íslenzkan fána yrði lagt fyrir næsta alþingi, þ. e. þingið í ár, eða þá að ári.

En í stað þess að verða við þessum tilmælum, sem telja má, að verið hafi þá sameiginleg ósk þings og þjóðar, kemur konungsúrskurðurinn frá 22. nóv. síðastl., þar sem löggiltur er að vísu sérstakur fáni fyrir Ísland, en þó svo, að eigi má nota hann utan landhelginnar, og öllum jafnframt í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja heldur nota hann, eða danska fánann, sem löggiltur er hér á landi samhliða og ennfremur beint ákveðið um, að hann blakta skuli jafnan á stjórnarráðshúsinu, á ekki minni né óveglegri stað en íslenzki fáninn o. s. frv., eins og úrskurðurinn kveður nánar á um.

En þar sem það hefir orðið að samkomulagi í þeim flokki, sem eg heyri til, að geyma umræður um málið, þangað til væntanleg nefnd hefir komið fram með tillögur sínar um það, þá skal eg ekki orðlengja þetta frekar, en aðeins mæla með því, að nefnd verði skipuð, eins og farið er fram á í tillögunni.

Ráðherra (H. H.): Mér kemur þessi tillaga dálítið undarlega fyrir, þar sem eg hefi þegar lagt fánamálið fyrir sameinað alþingi til athugunar. Eg tel bezt við eigandi, að þingið í heild sinni fjalli um málið, enda er það vafalaust lang heppilegast fyrir allan gang málsins og úrslit þess. Eins og allir háttv. þm. vita, beindi eg þeirri ósk til forseta sameinaðs þings, að hann kallaði saman sameiginlegan fund þingmanna fyrir lokuðum dyrum. Nú er svo ákveðið, að þessi fundur verði haldinn á morgun kl. 5 e. h. Eg fæ ekki skilið, að rétt sé að draga málið úr höndum sameinaðs þings og eg fæ heldur ekki skilið, að svo mikið liggi á að kjósa þessa nefnd, að það megi ekki dragast þangað til eftir fundinn á morgun. — Ástæðan til þess, að eg mæltist til, að málið yrði rætt á privatfundi þingmanna, var sú, að margt kann að koma fyrir í umræðum um þetta mál, sem ekki er heppilegt, að birt sé í þingtíðindum né blöðum og sumt er það, sem eg gæti skýrt háttv. þingmönnum frá trúnaðarlega, en ekki mun ræða á opinberum fundi hér í þingsalnum. Það væri heppilegt fyrir háttv. deildarmenn, og ekki sízt fyrir ráðherraefnið, sem er einn af flutningsmönnum þessarrar tillögu, að kynna sér ýmislegt, er að málinu lýtur, áður en þeir greiða atkvæði um þessa tillögu. Heppilegast væri, að tillagan væri tekin aftur, en ef það verður ekki, þá vona eg, að hún verði feld.

Flutn.m. (Skúli Thoroddsen): Hv. ráðherra (H. H.) þykir það óeðlilegt, að þingsál.till. þessi skuli vera fram komin. Mér, og oss flutningsmönnunum, þykir það aftur á móti eðlilegt, og í rauninni alveg sjálfsagt.

Eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, viljum vér ekki sætta oss við það, að fánamálið, eða sú hlið þess, sem fjallar um gerð fánans, sé dregin úr höndum þingsins, og lögð í hendur þing-

manna, sem »privat«-manna. Málið er löggjafarmál, og þess vegna lang eðlilegast, að þingið fjalli um það sem löggjafarþing.

Nefndarskipunin, sem hér ræðir um, getur og á engan hátt komið í bága við »privat«-þingmannafundinn, sem haldinn verður á morgun, til þess að hlýða á skýrslu ráðherra, og rabba fram og aftur um gerð fánans, fyrir luktum dyrum. Hitt, — að þar verði nokkur ályktun gerð, getur á hinn bóginn eigi komið til neinna mála, en sjálfsagt, að menn skírskoti aðeins til nefndarinnar, sem þá hefir þegar verið skipuð.

Meiningamunurinn milli vor flutningsmannanna, og hv. ráðherra (H. H.) er þessi, að hann vill leiða málið til lykta, og samþykkja gerð fánans með atkvæðagreiðslu á »privatfundi« fyrir luktum dyrum, en vér viljum ekki, að annarri aðferð verði beitt við málið, en við önnur löggjafarmál.

Ráðherra (H. H.): Hv. þm. (Sk. Th.) skýrði ekki rétt frá skoðanamuninum milli mín og flutningsmanna tillögunnar. Það sem eg vil er það, að þingið í heild sinni ákveði, hvaða aðferð verður höfð við málið. Ef þessi tillaga nær fram að ganga grípur neðri deild fram fyrir hendurnar á efri deild og tekur sér ein vald til að segja, að þetta skuli vera deildarmál. Þetta tel eg ekki rétta aðferð, en vil, að allir þingmenn sameiginlega fjalli um það og ráði því, hvernig haga skuli afskiftum þingsins af framkomnum nefndartillögum um gerð fánans, sem ákveðin verður með konungsúrskurði.

En ef önnurhvor deildin ætti að taka þetta mál fyrir, þá væri miklu eðlilegra, að það væri efri deild, því að hún hefir frv. til meðferðar, sem er mjög skylt þessu máli, það er frv. um breyting á lögum um skrásetning skipa, að leyft skuli vera að nota í landhelgi Íslands íslenzkan þjóðernisfána á íslenzkum skipum, í stað danska fánans, sem nú er lögboðinn þar.

Það var ekki allskostar rétt, sem hv. þm. (Sk. Th.) sagði, að gerð fánans væri sjálfsagt löggjafarmál. Það er miklu fremur umboðslegs eðlis. Svo er það að minsta kosti í flestum öðrum löndum, að fánagerðin er ákveðin úrskurðarleiðina; núgildandi fánalög í Noregi eru undantekning. Áður, alt til þess er þau komu út, var fánagerðin einnig þar ákveðin með konungsúrskurði. En er Norðmenn fengu núverandi fána sinn (hreina flaggið), synjaði konungur, og urðu þeir því að grípa til þess, að gagnvart lagaboðum hefir konungur þeirra aðeins frestandi synjunarvald, og þegar stórþingið hafði samþykt fánalög sín þrisvar, urðu þau að gildandi lögum eftir stjórnarskrá þeirra — þrátt fyrir synjun konungs.

Vér höfum ekkert slíkt að bera fyrir oss.

Eg verð að taka það fram enn og aftur, að eg hlýt að halda fast við það, að þingið alt eigi að ráða því, hvernig það vill haga afskiftum sínum af þessu máli, og legg því eindregið til, að tillagan verði feld.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg vil geta þess, að það er hvorttveggja, að hér ræðir eigi um það, að bera málið upp í sameinuðu alþingi, heldur um hitt, að ræða það á »prívat«-fundi allra þingmanna, enda yfirleitt ekki vana-aðferðin, að málin sé fyrst borin upp í sameinuðu þingi, heldur er því ætlað að skera úr, ef ágreiningur verður milli deildanna. Mér getur því ekki annað fundist, en að það sé einkennileg aðferð, sem hv. ráðherra (H. H.) hefir hugsað sér.

Geta má þess og, að þó að Nd. kjósi

þessa nefnd, er réttur Ed. á engan hátt skertur með því. Tillögur væntanlegrar nefndar koma til hennar kasta á eftir, og þá getur hún gert það við málið, sem henni sýnist.

Hvað það snertir, að gerðir fána í öðrum löndum hafi verið ákveðnar með konungsúrskurði, þá má vel vera, að svo sé. En hvað sem því líður. verður því eigi neitað, að það sé þó í eðli sínu löggjafaratriði, og því eðlilegast, að það gangi sömu leið, sem önnur löggjafarmál.

En nú vill svo vel til, að einmitt í þessari sömu andránni, þá er verið að bera um fundarboð hér í deildinni, þar sem skorað er á þm. að mæta á privatfundi, á miðvikudag kl. 5, til þess að ræða um fánamálið. En eg get ekki séð, að málið sé lagt fyrir sameinað þing, eins og hæstv. ráðherra gaf þó í skyn í ræðu sinni æ annað veifið, þótt þm. sé boðaðir á »privat«fund.

Ráðherra (H. H.): Eg hefi lagt málið fram í sameinuðu þingi á fyrsta fundi þess, og þar er það til meðferðar, sem stendur. Það vita allir þingmenn. Eg hefi aldrei sagt, að privatfundurinn á morgun sé sameinað þing. Þar verður ekki um annað að tala, en undirbúning frekari gjörða í málinu, og þá meðal annars leitað samkomulags um, hvort því skyldi haldið áfram í sameinuðu þingi, eða rætt í deildunum. Þetta virðist full-ljóst.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartill. samþ. með 16:9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Hannes Hafstein
Björn Kristjánsson	Jóhann Eyjólfsson
Einar Arnórsson	Jón Magnússon
Guðm. Eggerz	Magnús Kristjánss.
Hjörtur Snorrason	Matthías Ólafsson
Jón Jónsson	Pétur Jónsson
Sigurður Eggerz	Sigurður Sigurðsson
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Stefán Stefánsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

Kosnir í nefndina samkv. tillögunni, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Sigurður Gunnarsson
Pétur Jónsson
Skúli Thoroddsen
Einar Jónsson
Bjarni Jónsson
Magnús Kristjánsson
Guðmundur Hannesson,

með hlutkesti milli hans og Bjarnar Hallssonar.

Álit þeirrar nefndar er á þskj. 440.

2. Strandferðanefnd.

Á 12. fundi Nd., miðvikud. 15. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar til að athuga strandferðafyrirkomulagið (þskj. 96).

Á 13. fundi Nd., fimtudagin 16. júlí, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umr. sþ. í einu hljóði.

Á 14. fundi Nd., föstud. 17. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Ráðherra (H. H.): Samkvæmt heimild í lögum síðasta alþingis, er stað-

fest vóru af konungi þann 10. nóvbr. 1913, gerði landsstjórnin 4. febr. þ. á. bráðabirgðarsamning við stjórn Eimskipafélags Íslands. Vóru þá, samkvæmt nefndri heimild, keyptir fyrir hönd landssjóðs, hlutir í félaginu fyrir 400 þús. kr., með því skilorði, að Eimskipafél.taki frá apríl 1916 að sér strandferðir með tveim skipum eða fleiri, og sé ferðirnar ekki lakari að skipakosti né óhentugri en strandferðir þær, er verið hafa að undanförnu, síðan 1911. En um stærð skipanna, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta, og jafnframt um styrkinn úr landssjóði á hverjum tíma sem er, fer eftir síðari samningum milli landssjóðs og félagsins. Þessir samningar verða að vera gerðir fyrir 1. febrúar 1915.

Af hlutafjárhæðinni hefir landssjóður þegar greitt 100 þús. kr. Hinn hluti upphæðarinnar, 300 þús. kr., á að greiðast 1. febrúar 1915, og um leið verður þá samið um, hvernig skipin eigi að vera o. s. frv.

Til þess að slíkir samningar verði gerðir, þarf landstjórnin að vita, hvað þingið vill greiða fyrir strandferðirnar. Það gjald fer auðvitað eftir því, hve miklar kröfur verða gerðar til strandferðanna. Stjórnin hefir reynt að undirbúa málið. Hinn nýskipaði samgöngumálaráðunautur hefir ferðast um landið og kynt sér viðkomustaði og annað, sem nauðsynlegt er að fá að vita í þessu sambandi. Hann hefir nú sent stjórninni 3 áætlanir með nákvæmum lýsingum. En þessu starfi hans var ekki lokið fyrr en í gær, svo að stjórnarráðið hefir ekki getað tekið endanlega afstöðu til tillagna hans.

— Samgöngumálaráðunauturinn lýsir þrennskonar fyrirkomulagi á strandferðunum.

Í fyrsta lagi, að höfð verði til strandferðanna tvö ný skip, annað aðallega til farþegaflutnings, er sé um 350 smálestir, hitt 450 smálestir, aðallega til farmflutnings. Hinu síðara sé ætlað að fara á smáhafnir, en hinu fyrrnefnda aðallega á stærri hafnir landsins. Hann ætlast til, að farþegaskipið geti haft 50 manns á 1. plássi, 50 á öðru og 100 á 3. En stærra skipið ætlast hann til að geti rúmað 20 á 1. plássi, 40 á 2. og 140 á 3. Auk strandferða fari það við og við til útlanda.

Önnur tillaga frá samgöngumálaráðunautnum er sú, að 2 ný skip verði höfð til strandferðanna, er sé jafnstór, um 400 smálestir að stærð, líkt og Hólar og Skálholt, og sé ferðum þeirra hagað svipað og ferðum þessara skipa, en ferðir þeirra þó tíðari, enda ljúki skipin jafnan heilli hringferð hvort, og fari til útlanda við og við.

Þriðja tillagan fer fram á það, að höfð verði þrjú skip til strandferða, þ. e. tvö ný, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni og með samskonar ferðum, en eitt skip að auki, sem ekki þarf að vera nýtt, og sé minna, 225—250 smálestir. Þessu skipi er ætlað að vera í ferðum árið í kring, einkum milli Reykjavíkur, Austfjarða og Vestfjarða, og fara 2—3 hringferðir á ári á hina stærri viðkomustaði.

Eg þarf ekki að orðlengja um þessa tillögu. Eg vona, að 7 manna nefnd verði valin til að athuga málið. Samskonar tillögu ber eg upp í efri deild í dag, og er farið fram á, að þar verði sett 5 manna nefnd í málið. Það er tilætlun mín, að þessar nefndir báðar vinni saman, líkt og strandferðanefndir beggja deilda í fyrra. Það er þá hlutverk nefndanna ekki aðeins að komast að niðurstöðu um það, hvert fyrirkomulag skuli hafa á strandferðunum, heldur og hvað greiða skuli fyrir strandferðirnar, svo að um þetta verði gerðir samningar fyrir 1. febr. 1915. Stjórn

eimskipafélagsins hefir ekki hingað til getað komið með nein ákveðin tilboð um þetta vegna þess, að forstjóri fé lagsins, Nielsen skipstjóri á Sterling, hefir ekki verið hér. En nú er hann kominn hingað, og ætti þá ekkert að vera að vanbúnaði til þess, að samninga væri farið að leita.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. með 20 shlj. atkv. og samkvæmt henni kosin 7 manna nefnd og hlutu kosningu:

Sveinn Björnsson
Þorleifur Jónsson
Björn Kristjánsson
Matthías Ólafsson
Magnús Kristjánsson
Hjörtur Snorrason
Stefán Stefánsson.

Álit nefndarinnar er á þskj. 364.

III.

Feld.

Langárbrú.

Á 20. fundi Nd., föstudaginn 24. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um að heimilt sé að verja til brúargerðar á Langá í Mýrasýslu af fjárveitingu til Stykkishólmsvegar, sem er í núgildandi fjárlögum (þskj. 192).

Á 21. fundi Nd., laugardaginn 25. júlí, bar forseti upp hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþ. í einu hljóði.

Á 22. fundi Nd., mánudaginn 27. júlí, var tillagan tekin til einnar umr., en þá tekin út af dagskrá.

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, var tillagan aftur tekin til einnar umr. og enn tekin út af dagskrá.

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, var till. tekin til einnar umr. (þskj. 192, 242).

Flutn.m. (Jóhann Eyjólfsson): Þessi tillaga á þskj. 192 fer fram á, að landsjóður leggi fé til brúargerðar á Langá á Mýrum gegn því, að sýslusjóður Mýrasýslu leggi fram $^1/_3$ af kostnaðinum við það. Er gert ráð fyrir því, að landsjóðsfé verði tekið af upphæð þeirri, sem á gildandi fjárlögum er veitt til vegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms. Þessi ráðstöfun er gerð í samráði við landsverkfræðinginn Jón Þorláksson og eftir tillögu hans. Brú þessi var gerð 1897, og lagði landsjóður til hennar 1000 krónur en Mýrasýsla það sem á vantaði, og er óhætt að segja, að hún gerði það af fátækt sinni. Brúin var því af vanefnum gerð, og af þeirri ástæðu ekki eins traustlega og þurft hefði, og þar af leiðandi ekki orðið eins endingargóð og annars hefði orðið. Nú er brúin orðin fúin og hrörleg, og háskagripur fyrir menn og skepnur, og er því óumflýjanlegt, að við hana verði gert hið bráðasta. Vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms er lagður á landsjóðskostnað en viðhaldið hvílir á sýslunni. Þar sem Langárbrúin er

einn hluti af þessum vegi, hefði hún í öndverðu átt að byggjast að öllu leyti á landsjóðs kostnað, en eins og eg tók fram áðan, var lagður fram hluti af byggingarkostnaðinum úr sýslusjóði. Það hefði því ekki verið nema réttlátt, að landsjóður kostaði nú brúargerðina að fullu, eins og aðrar brýr á þessum vegi og á öðrum flutningabrautum, sem hann leggur, en eg vildi samt sem áður ekki koma fram með þá kröfu, þó að réttlát væri. Eg vildi ekki tefla taflinu í þá hættu, að tillagan yrði feld af þeirri ástæðu. Þetta er ekki fjárlagaþing og það hefir komið í ljós, að þingmenn eru því mjög mótstæðir að fé sé eytt úr landsjóði. Eg hefi því lagt til, að tekið sé af því fé, sem þegar hefir verið veitt til Stykkishólmsvegarins og brúin gerð fyrir það, jafnframt því, sem eg ætlast til, að krafist verði $^1/_3$ af kostnaðinum úr sýslusjóði Mýrasýslu. Eg taldi betra, að sýslusjóðnum blæddi of mikið í bráðina, heldur en að málinu væri teflt í óefni með ofháum kröfum.

Sú tillaga, sem fram er komin frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) á þskj. 242, að þó að fé verði veitt til brúargerðarinnar, þá verði samt sem áður ekki dregið af fénu, sem lagt hefir verið til Stykkishólmsvegarins, kom mér mjög á óvart, því að hún verður annaðhvort til þess að fella fjárveitinguna til brúarinnar, eða að nýja fjárveitingu verður að leggja til vegarins. Það sjá allir, að enginn kafli á þessum vegi, sem er ein heild, er eins nauðsynlegur og sjálfsagður og þessi brú. Vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms er ekki síður fyrir Snæfellinga en Mýramenn og engu síður umfarinn af þeim. Þó að víða sé vondur vegur á þessari leið, þá er þó enginn kafli á honum svo, að mannhætta stafi af honum, nema þessi brú, eins og hún er nú. Mér er það öldungis óskiljanlegt, ef allir, sem um veginn fara, óska ekki eftir brúnni fyrst og fremst, því að bráð aðgerð á henni er svo nauðsynleg, að hún stendur framar öllu öðru og er langsjálfsögðust. Eg hygg, að hér hafi ofmikil hreppapólitík komist að, og getur það þó naumast kallast því nafni, því að það er auðsýnilegt hverjum manni, sem þessu máli er kunnugur, að bæði sýslufélögin, sem hér eiga hlut að, mundu hafa sameiginlegt gagn af þessari ráðstöfun. Hér hefði því átt að vera unnið að í sameiningu af okkur þingmönnum beggja sýslnanna, svo að það yrði ekki dregið út úr höndunum á okkur, að þessi brúargerð kæmist í framkvæmd.

Jón Jónsson: Eg býst við, að sú fjárveiting, sem þessi tillaga fer fram á, sé sanngjörn, eins og fleiri útgjöld sem fram á er farið á þessu þingi, en ekki ná fram að ganga. Eg skal ekki segja, hvað rétt hefði verið að gera í þessu efni, ef þessi ráðstöfun hefði getað talist sanngjörn gagnvart Stykkishólmsveginum. En eg verð að álíta, að það sé nokkuð djarft að taka af fé því, sem þingið hefir áður veitt annarri sýslu og byggja fyrir það þessa brú. Það held eg, að geti alls ekki komið til mála. Enda hefir nú háttv. þm. Snæf. (S. G.) komið fram með tillögu um, að þó að fé verði veitt til brúarinnar, þá verði fjárveitingin til Stykkishólmsvegarins látin óskert. Þetta verð eg að telja sjálfsagt, en jafnframt verð eg að leggja til, að tillaga háttv. þm. Mýr. (J. E.) verði feld. Eg vona, að hann virði mér þessar undirtektir til betri vegar, því að fyrir mér vakir ekkert annað en sparnaðurinn; að öðru leyti játa eg, að tillaga hans hefir mikið til síns máls.

Guðmundur Eggerz: Eg vil

leyfa mér að reyna að sýna fram á, að tillaga háttv. þm. Mýr. (J. E.) er töluvert ósanngjörn, og ekki viðeigandi af þinginu að samþykkja hana nema því aðeins, að viðaukatillaga háttv. þingm. Snæf. (S. G.) verði samþykt um leið.

Eg vil leyfa mér að benda á, að þessi vegur, sem brúin er einn hluti af, er þjóðvegur, sem sýslunni ber skylda til að kosta viðhaldið á. Spurningin, sem hér liggur fyrir, er því sú, hvort létta eigi viðhaldsskyldunni af Mýrasýslu að því er brúna snertir. Hér er ekki um annað að tala. Háttv. þingm. Mýr. (J. E.) virðist ganga út frá því, að landsjóði beri skylda til að annast viðhald brúarinnar, og skil eg ekki, hvernig hann fer að álíta það. Annað mál væri það, ef brúin hefði ekki upphaflega verið gerð á landsjóðs kostnað. *(Jóhann Eyjólfsson:* Það var hún einmitt ekki.) Jú, eftir bréfi, sem eg hefi hér í höndunum, lagði landsjóður 1000 kr. til brúargerðarinnar, en sýslusjóður Mýrasýslu aðeins kr. 457,88. Verður því ekki með sanni sagt, að brúin hafi verið gerð á kostnað sýslunnar. En hvað sem því líður, þá verður það ekki talið annað en ósanngjarnt, og eg skil ekki að margir verði til þess að ljá því atkvæði sitt, að leggja þessa brú fyrir það fé, sem þingið í fyrra veitti til þess að halda áfram veginum frá Borgarnesi til Stykkishólms. Það vita allir, sem sátu hér á þinginu í fyrra, og allir, sem þingtíðindin hafa lesið, að féð var veitt eingöngu í því augnamiði að halda þessum þjóðvegi áfram, en ekki til þess að Mýrasýsla fengi það til að gera við þessa brú, sem hún sjálf er skyldug til að halda við.

Því fremur er þetta ósanngjarnt, þar sem einnig er byrjað á þessum vegi frá Stykkishólmi, og Snæfellsnessýsla hefir lagt til hans yfir 2500 krónur. Og þetta hefir hún gert til þess, að vegurinn kæmist sem fyrst alla leið. Nú er vegur kominn frá Stykkishólmi og upp undir fjall, eða lengra. *(Sigurður Gunnarsson:* Upp að Sikjum). Og því síður er ástæða til að breyta þessari fjárveitingu, þar sem full ástæða er til að ætla, að Mýrasýsla hafi ekki haldið veginum frá Borgarnesi eins vel við og skyldi. Mér er kunnugt, að þegar eg var fyrir vestan, þá vórum vér lengi að þvæla um það við Mýrasýslu, að hún málaði brú, sem var á takmörkum sýslnanna, en þess var enginn kostur að fá hana til þess. Lyktaði því máli svo, að vér urðum sjálfir að mála brúna upp á eigin kostnað.

Eg get hugsað mér, að líkt hafi farið um Langárbrúna.

Eg vil leggja áherzlu á það, að þingið hefir ekki heimild til að taka það fé aftur, sem það hefir einusinni veitt á fjárlögunum. Eg vil benda hv. deild á, að Stykkishólmsvegurinn er nú kominn yfir Haffjarðará, en þar fyrir vestan taka við ófær fen og flóar, og upphæðin, sem til vegarins var veitt í fyrra, var einmitt miðuð við það, að koma vegi yfir þessar ófærur. *(Sigurður Gunnarsson:* Þetta sést líka í þingtíðindunum). Eg endurtek það enn einusinni, að eg tel það alveg ófært að taka þetta fé og leggja það til Mýrasýslu; það mætti alveg eins leggja það til Húnavatnssýslu, eins og hv. þm. Snæf. (S. G.) skaut að mér.

Eggert Pálsson: Vitanlega færi bezt á því og væri eðlilegast, að hv. þm. Mýr. (J. Eyj.) og hv. þm. Snæf. (S. G.) bitust á um þessar tillögur, sem hér liggja fyrir. En eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, er hv. þm Snæf. (S. G.) að miklu leyti hamlað máls, og getur hann því ekki fyllilega borið hönd fyrir höfuð sér og sínu kjördæmi, og því er það, að eg leyfi mér að leggja hér lítil orð í belg.

Eftir að hafa lesið málskjölin, dylst mér ekki, að Langárbrúin þarf bráðra endurbóta við. Það er enginn vafi á því, að hún er illa komin, eins og hv. þm. Mýr. (J. Eyj.) skýrir frá. Og þar sem hún liggur yfir stórt og hættulegt vatnsfall, er viðbúið, að af geti hlotizt tjón, og jafnvel líftjón, ef ekki verður neitt aðhafst, til þess að koma í veg fyrir það. En hinsvegar get eg ekki annað en kannast við, að ef réttlæti á að gilda í þessu máli, þá á brúin ekki að byggjast á kostnað Snæfellsnessýslu. Það er ekkert réttlæti fólgið í því, að úr því að fé hefir verið veitt á reglulegum fjárlögum, til framhalds Stykkishólmsveginum, þá sé það nú tekið aftur og því varið til annars fyrirtækis og meira að segja í annari sýslu.

Eg hygg, að það sé varhugavert að innleiða þá reglu, að aukaþing kippi aftur þeim fjárveitingum, sem reglulegt alþingi hefir veitt. Þrátt fyrir það, þó að eg geti ekki annað en talið það nauðsynlegt að þessi brú verði gerð hið bráðasta, þá hygg eg samt sem áður ógerlegt fyrir þingið að koma því í framkvæmd með því móti sem till. hv. þm. Mýr. (J. Eyj.) fer fram á.

En af hverju stafa nú þessi vandræði, sem bæði eg og aðrir eru í, að því er þetta mál snertir? Það stafar af þeirri glópsku, sem þessa hv. deild henti hér á dögunum, er hún feldi fjáraukalagafrumvarpið. Þessu hefði verið auðvelt að koma í kring á sómasamlegan hátt fyrir þingið, ef fjáraukalögin hefði fengið að ganga fram, því þá var svo ofureinfalt að veita þeim þá litlu en nauðsynlegu upphæð, sem þurfti til þess að endurbæta þessa brú. Eg hygg, að þeir hv. deildarmenn, er hér áttu hlut að máli, hljóti nú að finna til glópsku sinnar, er þeir reka þannig svo að segja nefin í hana. Hér eru bæði eg og aðrir komnir í þann skyldubága, sem ekki er auðvelt að greiða úr. Á aðra hliðina viljum vér láta endurbæta Langárbrúna, svo að ekki hljótist slys af vanrækslunni, en hinsvegar viljum vér heldur ekki láta ganga á augljósan rétt Snæfellsnessýslu. En úr því að svo er ástatt, verður þó að skera úr, og sýnist mér þá ekki um annað að gera, en að fella þessa tillögu hv. þm. Mýr. (J. Eyj.), því að af tvennu illu er það þó verra, að þingið fari að gera sjálft sig ómerkt, með því að taka það aftur, sem það hefir einusinni veitt.

Bjarni Jónsson: Eg vil halda, að ekki sé hægt að breyta fjárlögum með þingsályktunartillögu, og þar sem einusinni hefir verið veitt fé á fjárlögum til framhalds veginum frá Borgarnesi til Stykkishólms, þá hygg, eg að ekki geti komið til mála að taka það fé aftur og byggja fyrir það þessa brú.

Mýrasýsla mun vera skyldug til að halda við þeirri brú sem er, svo að umferð um veginn teppist ekki vegna skemda á henni.

Hinsvegar tel eg rétt, að ef hér verður gerð steinsteypubrú, þá verði þess ekki krafist af sýslunni, að hún geri hana upp á eigin spýtur, heldur leggi hún aðeins til $^1/_3$ af kostnaðinum, en landssjóður hitt. Þetta er í samræmi við vilja og tillögur landsverkfræðingsins, og þannig var þessu tilhagað, eftir hans ráðstöfun, þegar brúin var lögð yfir Steinslæk á Holtaveginum. En þar stóð eins á og hér. Mér skilst, að þingið nú þurfi ekki að veita neina fjárveitingu í þessu skyni, því að landsverkfræðingurinn hefir, ef eg veit rétt, ráð á einhverju fé til vegagerðar, sem hann hefir heimild til að nota, ef tengja þarf saman vegarspotta, til þess að gera þá nothæfa, eða ef eitthvað annað smá-

vegis þarf að gera við vegi, og vinda þarf bráðan bug að. Eins getur stjórn veitt fé til þessa fyrirtækis upp á væntanlegt samþykki alþingis. Þannig var farið að í fyrra, þegar brúnni á Steinslæk var breytt í steinsteypubrú.

Eg get ekki séð neitt á móti því að samþykkja tillögu hv. þm. Snæf. (S. G.) og hygg eg, að það sé misskilningur hjá hv. þm. Mýr. (J. Eyj.) að hún spilli fyrir máli hans. Honum getur ekki verið annað kappsmál, en að fá fé til brúargerðarinnar á Langá. Í hinu er honum vitanlega engin þægð, að féð sé tekið frá Stykkishólmsveginum.

Eg mun greiða atkvæði með aðaltillögunni, ef viðaukatillaga hv. þm. Snæf. (S. G.) verður samþykt, en falli hún, þá verð eg að greiða atkvæði á móti brúnni.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Hv. síðasti ræðum. (B. J.) tók dálítið vingjarnlegar í þetta mál, en aðrir, sem talað hafa, og er eg honum þakklátur fyrir það.

Hv. þm. S.-Múl. (G. E.) vildi eg svara örfáum orðum. Hann hélt því fram, að það væri sama að taka fé frá Stykkishólmsveginum og leggja það til þessarar brúargerðar, eins og að leggja það til einhvers fyrirtækis norður í landi. Hér er þó ólíku saman að jafna.

Það vakir hið sama fyrir mér og verkfræðingnum, að þessi vegur frá Borgarnesi til Stykkishólms sé ein heild, enda er hann líka kallaður einu nafni Stykkishólmsvegur. Það hefir verið byrjað á veginum frá tveimur endum, bæði að sunnan og vestan, og það hefir verið gert fyrir það, að bæði sýslufélögin, sem hér eiga hlut að máli, hafa litið svo á, að vegurinn væri þeim báðum jafn-nauðsynlegur, og þess vegna mætti á sama standa, hvar byrjað væri og hvar unnið væri að honum. Það varðar vitanlega mestu, að þeim köflum vegarins, sem hættulegastir eru yfirferðar, sé fyrst af lokið, hvar svo sem þeir eru á veginum. Og eins og eg hefi tekið fram, er enginn kaflinn nándar nærri eins hættulegur og þessi brú, eins og hún er nú komin. Mér þykir það harla einkennilegt, að hv. þm. Snæf. (S. G.) skuli ekki finna, að þessi endurbót er ekki síður í þágu Snæfellinga en Mýramanna. Honum hlýtur þó að vera kunnugt, að mikill fjöldi þeirra sækir kaupstað í Borgarnes, og er auðséð, hver nauðsyn þeim er á því, að við brúna verði gert. Eg játa það, að eg vildi gjarna að hægt væri að koma upp brúnni, án þess að taka þyrfti af fé því, sem veitt hefir verið til Stykkishólmsvegarins, en eg treystist ekki til að vera svo kröfuharður, úr því að verkfræðingurinn vildi ekki leggja það til. —

Hv. þm. S.-Múl. (G. E.) var að bregða Mýramönnum um, að þeir stæði illa í stykkinu með að halda við vegum sínum. Eg ætla ekki að standa hér sem vörður fyrir því, hvernig þeir leysa viðhaldið af hendi, en það hygg eg þó að eg megi fullyrða, að þeir geri það ekki verr, en víða annarsstaðar á sér stað. En það er svo á Mýrunum eins og víðar, að það er erfitt fyrir fátækt sýslufélag að halda þeim vegum vel við, sem illa hafa verið gerðir í upphafi, miklu erfiðara en að hreyta úr sér ónotum, sem á litlum rökum eru bygð.

Hvað það snertir, að Mýrasýslu beri að halda við þessari brú, þá er það mjög hæpið, því að landssjóður hefir aldrei bygt annað af henni en stöplana eina. Nú er farið fram á, að hann geri það sem á vantað, og þegar það hefir verið gert, þá fyrst er sjálfsagt að sýslan geri sitt ítrasta til að halda henni við.

Eg skil ekki í öðru en að hv. þm.

sjái, að hér er ekki farið fram á annað en það, sem er sanngjarnt og réttmætt, og eg trúi því ekki fyrr en eg tek á, sem eg hefi þó heyrt, að þetta eigi að gera að flokksmáli. Eg vona að menn skilji, að hér er um nauðsyn að tefla, ef til vill um lífsnauðsyn. Og ef slys bæri að höndum, vegna þess að brúin kæmist ekki á, þá vildi eg ekki standa í flokki þeirra manna, sem gæti kent sér um það.

Guðmundur Eggerz: Eg hefi veitt því eftirtekt, að ekki er öllum þingm. ljóst, að þessu máli er þannig varið, að það er sýslan, sem hefir viðhaldsskylduna á hendi. Háttv. flutnm. (J. E.) heldur því fram, að svo sé ekki, en eg skal þá, til að leiða hann í allan sannleika, lofa honum að heyra kafla í bréfi landsverkfræðingsins um þetta efni. Þar segir svo: »Með því, að nú var brú á Langá þegar komið var með veginn að henni, þá var vitanlega ekkert átt þar við brúargerð, en brúin þó síðan skoðuð sem einn hluti af þjóðvegi þessum, *sem Mýrasýslu bæri skylda til að halda við*«. Eg vona að háttv. flutningsmanni tillögunnar, verði héðan af ljóst, að þetta er rétt, sem eg segi, að sýslan á að viðhalda vegi þessum.

Hitt er auðvitað alt annað mál, að sé ætlast til, að bygð verði járnbent steinsteypubrú yfir ána, þá er ómögulegt að heimta það af sýslunni, að hún greiði þann kostnað að öllu leyti. Þetta er auðskilið, af því að sýslunni ber engin skylda til að viðhalda vegi í öðru formi, heldur en hann var upphaflega gerður. Mér finst það alveg eðlilegt, að þar sem steinsteypubrú er mikið dýrarari en trébrú, þá borgi landssjóður þann mismun. En hitt held eg, að ekki geti komið til nokkurra mála, að taka af því fé, sem búið er að veita til vegargerðarinnar og leggja það til brúargerðarinnar, sem sýslan er skyld til að kosta. Mér finst þessi tillaga vera hreinasta ósanngirni, sem ekki nær nokkurri átt. Ef að þessi tillaga yrði samþykt, þá gæti allar sýslur komið á eftir og heimtað fé úr landsjóði til að halda við öllum þjóðvegum.

Háttv. flutningsm. (J. E.) játaði í öðru orðinu, að brúin þessi væri grautfúin og því nær ónýt, en í hinu orðinu hældi hann Mýramönnum fyrir það, hve vel þeir héldi við sínum vegum. Eg get ekki séð, að nokkurt vit geti verið í að halda þessu tvennu fram í einu. Háttv. flutn.m. (J. E.) sagðist ekki vilja vera í sporum þeirra manna, sem nú legðist á móti þessari brúargerð, þegar slys hlytist af því, hvað brúin væri ónýt. Það getur vel verið, að þessi brú sé svo ónýt, að slys geti hlotist af að fara hana, en það verður þá ekki þinginu að kenna, heldur Mýramönnum, því að þeir eiga að sjá um, að brúnni sé haldið við.

Í fám orðum sagt; mér finst þessi tillaga vera í fylsta máta ósanngjörn, og vona, að deildin taki hana ekki til greina.

Flutn.m. (Jóhann Eyjólfsson): Eg skal ekki vera langorður. Eg get hvort sem er ekki búist við að sækja mikinn rétt í hendur manna, sem hugsa líkt og þessi háttv. síðasti ræðumaður. Það sem hann sagði nú síðast, var að mestu leyti rangfærslur á því, sem eg hafði áður sagt. Hann sagði, að eg hefði hrósað Mýramönnum fyrir það, hve vel þeir héldi við sínum vegum. Þetta er rangt. Eg sagði einmitt, að eg ætlaði ekki að standa á verði fyrir Mýramenn um það. En eg sagðist líka búast við því, að það væri nokkuð líkt sem þeir héldi við sínum vegum og aðrar sýslur, sem fátækar væri og litlar, en það er víst, að Mýrasýsla var svo óheppin, að þessi vegur var framúrskarandi illa gerður í fyrstu, og vegna þess er viðhaldið bæði dýrt og erfitt.

Það getur verið rétt, að sýslan sé lagalega skyld til að viðhalda þessari brú, en hún hefir að minsta kosti ekki siðferðislega skyldu til þess.

Sú stefna virðist hafa verið tekin hér á þinginu áður, að sjálfsagt væri að landssjóður legði $^2/_3$ fram til brúarbygginga. Þessi regla finst mér, að eigi að ráða jafnt í þessu sem öðru.

Meira hefi eg ekki um málið að segja, enda býst eg við, að allir þingmenn sé búnir að ákveða, hvernig þeir greiði atkvæði í þessu máli. En ekki vildi eg eiga að bera ábyrgð á atkvæði þeirra, sem vilja þessu máli ógagn.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal aðeins lýsa yfir því, að verði tillaga mín samþykt, þá mun eg heldur ekki greiða atkvæði á móti þessu máli. En verði viðaukatillagan ekki samþykt, þá get eg ekki greitt því mitt atkvæði.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þskj. 242 var sþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Björn Hallsson
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Skúli Thoroddsen
Björn Kristjánsson	Stefán Stefánsson
Einar Arnórsson	Þórarinn Benediktss.
Guðmundur Eggerz	
Jón Magnússon	
Sigurður Eggerz	
Sig. Gunnarsson	
Sveinn Björnsson	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Hjörtur Snorrason, Jóhann Eyjólfsson, Jón Jónsson, Matth. Ólafsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Þrír þingmenn vóru fjarstaddir.

Tillagan á þskj. 192 feld með 8 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Hannesson	Benedikt Sveinsson
Bjarni Jónsson	Björn Hallsson
Björn Kristjánsson	Einar Jónsson
Hannes Hafstein	Guðmundur Eggerz
Jóhann Eyjólfsson	Hjörtur Snorrason
Jón Magnússon	Jón Jónsson
Matthías Ólafsson	Sigurður Eggerz
Skúli Thoroddsen.	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Þórarinn Benediktsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði. Þrír þingm. vóru fjarstaddir.

Tillagan þar með fallin.

IV.

Ekki útrædd.

Sambandsmálið.

Á 29. fundi Nd., föstudaginn 31. júlí, var útbýtt:

tillögu til þingsályktunar um sambandsmálið o. fl. (Þskj. 282).

Á 34. fundi Nd., þriðjudaginn 4. ágúst, bar forseti upp, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Tillaga forseta um eina umræðu samþykt í einu hljóði.

Á 35. fundi Nd., miðvikudaginn 5. ágúst, var tillagan tekin til einnar umræðu, en þá tekin út af dagskrá, og kom síðan eigi til umræðu.

F.

Fyrirspurn til ráðherra.

Kostnaður við fánanefndina.

Á 37. fundi Nd. föstudaginn 7. ágúst, var útbýtt:

fyrirspurn til ráðherra. (Þskj. 408).

Á 38. fundi Nd, laugardaginn 8. ágúst, bar forseti upp, hvort leyfa skyldi fyrirspurnina og var hún leyfð með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi Nd., miðvikudaginn 12. ágúst, skyldi ráðherra svara fyrirspurninni, samkvæmt dagskránni, en þá var málið tekið út af dagskrá.

Á 44. fundi Nd., sama dag, svaraði ráðherra fyrirspurninni.

Fyrirspyrjandi (Einar Arnórsson): Eg skal reyna að vera stuttorður, enda er fyrirspurnin ekki borin upp í því skyni að halda uppi skemtun fyrir fólkið.

Þegar einhver vandasöm atriði eða störf ber að höndum, sem lúta að lög gjöf þjóðanna, þá er það altítt, þegar landstjórnin treystir sér ekki til að ráða fram úr málunum á eigin spýtur, að leitað er til manns eða manna, sem taldir er bera bezt skyn á málin. Þessi aðferð hefir verið höfð hér sem annarsstaðar í siðuðum löndum.

Eg hefi kynt mér, hversu margar milliþinganefndir hafi verið skipaðar hér, síðan vér fengum fjárforræði. Það getur verið, að þær hafi verið fleiri, en mér hefir talist, en eg hefi getað fundið, að þær hafa verið tíu samtals, og er þá þó meðtalin landbúnaðarnefnd sú, sem skipuð var 1870, en eigi lauk störfum sínum fyrr en eftir að vér fengum fjárforræði.

Nefndirnar eru, auk núnefndrar landbúnaðarnefndar, skattanefnd, skipuð með konungsúrskurði 29. okt. 1875. Eftir aldamóti 1900 hefi eg fundið 8 milliþinganefndir.

1. Nefnd í þurfamannamálum skipuð með konungsúrskurði 13. nóv. 1901. Í henni sátu 3 menn. Kostnaður við hana varð kr. 4476,57.

2. Landbúnaðarnefnd var skipuð 2. marz 1904. Áttu og 3 menn sæti í henni. Kostnaður við hana varð kr. 2953,75.

3. Kirkjumálanefnd, skipuð sama dag (2. marz 1904). Kostnaður varð kr. 2989,12.

4. Skattanefnd, skipuð 2. des. 1907. Áttu 5 menn sæti í henni. Kostnaður varð kr. 5927,00.

5. Peningamálanefnd, skipuð með ráðherrabréfi 28. marz 1911. Í henni sátu 5 menn. Kostnaður kr. 9212,81.

6. Millilandanefndin verður ef til vill eigi talin til venjulegra milliþinganefnda. Hún er skipuð með konungsúrskurði 30. júlí 1907. Sátu í henni 7 menn. Sú nefnd varð eðlilega miklu dýrari en hinar, bæði vegna ferðakostnaðar og dýrs

uppihalds í Kaupmannahöfn. Mér er sagt, að kostnaður við hana hafi numið kr. 24.334,50.

7. Fjármálanefnd sat á rökstólum haustið 1910. Í henni sátu 5 menn, en þeir unnu alveg kauplaust.

8. og síðasta nefndin er þá nefnd sú, sem skipuð var af ráðherra 30. desbr. 1913 til að koma fram með tillögur til stjórnarinnar um gerð íslenzka fánans. Í henni sátu 5 menn.

Þetta yfirlit um nefndirnar hefir mér þótt rétt að gefa samkvæmt upplýsingum þeim, er eg hefi náð til.

En þá er að gera grein fyrir því, hversvegna eg hefi borið upp þessa fyrirspurn.

Þessi nefnd, fánanefndin, sat á rökstólum frá því um nýár og fram í júní, um $5^1/_2$ mánuð. Skýrsla hennar kom út 17. júní, að mig minnir.

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn minni var sú, að ýmsir höfðu talið þessa nefnd ónauðsynlega og borið brigður á, að hún hefði þurft að sitja svo lengi. Síðasta þing hafði og eigi lagt svo fyrir, að þessa nefnd skyldi skipa. Þá höfðu og ýmsar hviksögur borist út um kostnaðinn við nefndina. Þess var jafnvel getið í blöðunum, að greitt hafi verið til hennar 6000 kr. og eftir væri ógreiddar 2000 kr. Þetta þótti mönnum of mikill kostnaður.

Þess vegna var það, að eg beindi þeirri spurningu til umboðsmanns ráðherra við 1. umræðu fjáraukalaganna, hver kostnaðurinn hefði orðið og hvers vegna hann hefði ekki verið tekinn upp í fjáraukalögin. Umboðsmaður ráðherra nefndi eigi upphæðina, en gaf fullnægjandi svar við því, hversvegna upphæðin var eigi tilgreind í fjáraukalögunum. Auðvitað var fyrirspurn mín eigi orðuð svo þá, að honum væri samkvæmt þingsköpunum skylt að svara henni.

Mér er og kunnugt um, að einn þingmaður hefir sent stjórnarráðinu fyrirspurn um kostnaðinn við þessa nefnd, en ekkert svar fengið.

Af þessum ástæðum hefi eg borið upp þessa fyrirspurn. Þar með er hægt að koma í veg fyrir ýkjur og ranghermi um málið, en þing og þjóð fær ábyggilegar upplýsingar, sem það hefir fullan rétt til að heimta.

Ráðherra (S. E.): Því atriði, hvort nauðsynlegt hafi verið að skipa fánanefndina, tel eg mér eigi skylt að svara, með því að nefndin var eigi skipuð á mína ábyrgð, en að öðru leyti skal eg leyfa mér að svara fyrirspurninni á þessa leið:

Kostnaður við fánanefndina hefir orðið þessi:

Bækur, pappír og ritföng	kr.	144,63
Símskeyti og burðargjald	—	83,05
Auglýsingar	—	34,91
Þýðingar og ritstörf	—	135,00
Prentun og hefting á skýrslunni	—	1445,45
Ræsting	—	2,00
Dagpeningar nefndarmanna	—	4256,00

Þar að auki hefir verið ávísað Agli Jacobsen kr. 33,22 fyrir fánadúka og saum á fánum. Ennfremur er óborgað til þýzkrar verksmiðju einnar um 30 kr. Samtals nemur þá kostnaðurinn 6164 kr. 26 aurum.

Benedikt Sveinsson: Úr því að farið er að minnast hér á fánanefndina, þá vil eg láta í ljós þá skoðun mína, að sú nefnd hefði aldrei átt að vera skipuð.

Eins og menn muna, urðu þær lyktir á fánamálinu á síðasta þingi, að efri deild samþykti rökstudda dagskrá, þar sem skorað var á ráðherra að leggja fyrir næsta reglulegt þing frumvarp til laga um íslenzkan fána.

Ráðherra varð ekki við þessari áskorun, heldur tók málið undan afskiftum löggjafarvaldsins og lagði það í hendur konungs. Eg skal ekki fara út í málið nánara nú, en vil þó benda á, að þótt ekki væri farin sú leið, sem þingið 1913 ætlaðist til, sem sé að ráðherra legði frumvarp um fánann fyrir alþingi, þá var þó engan veginn nauðsynlegt að skipa þessa nefnd.

Í úrskurði sínum um fánann 22. nóv. 1913 segist konungur munu ákveða gerð fánans eftir að ráðherra hefir kynt sér óskir þjóðarinnar í því efni.

Til þess að fá að vita óskir þjóðarinnar um þetta efni, var gagnslaust að skipa þessa nefnd. Beinast lá við að bera gerð fánans undir þingmálafundi eða alþjóðar-atkvæði. Ályktanir þeirra mátti vel skoða sem óskir þjóðarinnar. Eg verð því að álíta, að stjórnin hafi farið í gagnstæða átt við það, sem konungur ætlaðist til, því að nefndin hefir í rauninni girt fyrir það, að óskir gæti komið fram frá þjóðinni um gerð fánans. Álit nefndarinnar kom svo seint fram, að þjóðin gat enga afstöðu tekið til þess fyrir þing.

Eg sé því ekki annað, en að nefndin hafi orðið til að aftra því, að óskir gæti komið fram um málið frá þjóðinni, og því einmitt komið í veg fyrir það, sem konungur hafði óskað eftir. Tel eg því, að nefndarskipunin hafi ekki eingöngu verið ástæðulaus, heldur og gagnslaus og meira að segja skaðleg fyrir málið.

Hannes Hafstein: Mér er kunnugt um það, að fyrrv. stjórn var þeirrar skoðunar, að heppilegasti vegurinn til þess að fá að vita óskir þjóðarinnar um gerð fánans væri sá, að skipa nefnd í málið, er í skyldi eiga sæti menn úr öllum stjórnmálaflokkum.

Þótt engin fjárveiting væri fyrir hendi frá þinginu, þá taldi fyrrv. ráðherra víst, að þingið mundi eigi vera svo sýtingssamt, að horfa í fáein þúsund króna, er um slíkt væri að ræða, sem sátt og samkomulag um gerðina á framtíðarfána landsins, sem þegar má nota sem siglingafána á landhelgissvæðinu.

Ef nú þingið skyldi reynast svo skapi farið, eins og einn háttv. þm. virðist vera, að telja eftir þenna kostnað við nefndina, þá er það víst, að kostur er að fella fjárgreiðsluna á væntanlegum fjáraukalögum og, ef þingið vill, höfða mál fyrir landsdómi gegn þáverandi ráðherra fyrir frammistöðuna. En óhræddur mun hann bíða þess dóms.

Það mun vera rétt hjá háttv. fyrirspyrjanda, að milliþinganefnd hér á landi hafi eigi áður verið skipuð án einhvers tilefnis frá þinginu. En annarsstaðar í nágrannalöndum vorum hefir þetta átt sér stað. Stjórn Dana hefir skipað milliþinganefndir án heimildar þingsins og fengið greiddan kostnaðinn í aukafjárlögum, eins og til er ætlast hér. Svo var t. d. haustið 1907. Þá skipaði þáverandi forsætisráðherra Dana, J. C. Christensen, sérstaka nefnd — það var líka einmitt fánanefnd, til að semja lagafrumvarp um gerð og notkun Dannebrogsfánans, og hefði það frumvarp ef til vill eitthvað getað varðað einnig oss. Álitsskjal og frumvarp þeirrar nefndar er til prentað, en hefir ekki verið gjört uppskátt. Eg hefi fengið það í trúnaði og sýnt það fánanefnd vorri og fáeinum þingmönnum, einnig í fullum trúnaði; þeir geta borið um, að eg segi rétt frá. Og að fjárveiting hafi ekki verið til fyrir þeirri nefnd, geta menn gengið úr skugga um með því að fletta upp Lovtidende fyrir 1908, þar sem tekinn er upp í aukafjárlög kostnaðurinn við hina dönsku fánanefnd.

Eg álít, að peningunum, sem gengið

hafa til þessarrar nefndar, hafi verið vel varið, og að ekki megi skoða þá sem eytt fé. Nefndin hefir int af hendi gott starf og mikið, og vænti eg góðs árangurs af því. Ekki er ástæða til að sjá eftir kostnaðinum við útgáfu álitsskjalsins, þótt hann yrði nokkru meiri en við var búist. Bæði koma nokkrar tekjur aftur af sölu bókarinnar, sem margir hafa miklar mætur á og talsverð eftirspurn er eftir, sem stöðugt vex, og auk þess gjörir bókin mikið gagn með þeim mikla fróðleik, sem þar er saman safnað, sumpart úr beztu ritum ýmsra landa um þessi efni. Fyrir utan það, sem skýrslan hefir að geyma um fánana og leiðréttingar á ýmiskonar misskilningi, sem hér hefir ríkt, hefir skýrslan að geyma margvíslegan nýjan fróðleik um hagi lands vors og þjóðar, og eru allar þær skýrslur skilmerkilegar og vel fallnar til að styrkja traust Íslendinga á landi sínu og framtíð sinni.

Eg er alls ekkert hræddur um, að þingið veiti ekki kostnaðinn við nefndina með ánægju þegar til kemur.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þingm. Eyf. (H. H.) var að gefa skýrslu, og drap meðal annars á hótanir Dana um það, að semja sjálfir lög um íslenzkan fána. *(Hannes Hafstein:* Engar hótanir.) Hann nefndi það að vísu ekki svo, en hótanir eru það nú engu að síður. En þetta kemur ekkert málinu við, og tel eg það því ekki svara vert.

Eg skal ekki lasta þær fróðlegu ritgjörðir, sem fánanefndin hefir samið, en hins vegar get eg ekki játað því, að þær hafi leiðrétt eldri misskilning á málinu, því að hann var ekki til. Vér vissum, að það var ekkert nema hégómi, sem sagt var um þessa fána, sem áttu að vera líkir vorum. Það var bara eitt, sem nefndin gjörði þarft verk í, og það var þegar hún skrifaði utanríkisráðherra Grikkja og fékk þaðan réttar upplýsingar. Þar sparaði hún mér ómak, því að eg hafði ætlað mér að gjöra þetta sjálfur, en þá hafði nefndin orðið fyrri til. Eg skal ekki heldur víta hv. fyrrv. stjórn fyrir það, þótt hún teldi það beztu aðferðina að skipa þessa nefnd, þrátt fyrir það, þótt svo væri ekki. Henni var það vorkunn, þótt hún vildi láta fleiri menn hjálpa sér til að bera ábyrgðina, en hins vegar hefir þetta ekki gefist vel, því að það er rétt hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að nefndin hefir gleymt því, til hvers hún var skipuð. Það var til þess, að vita vilja íslenzku þjóðarinnar um gerð fánans, áður en feldur yrði síðari konungsúrskurðurinn í þessu máli, en nú hefir nefndin varið miklu meiri fyrirhöfn til þess að vita vilja konungs um þetta, og var það aldrei hlutverk hennar. Það var ráðherra, sem átti að fara á konungsfund með það, sem þjóðin vildi vera láta. Annars var enginn vafi á því, hvaða gerð þjóðin vildi, því að auk þess sem bláhvíti krossfáninn hefir fyrir löngu hlotið alþýðuhylli hér á landi, þá hefir alþingi þegar samþykt þá gerð tvisvar. Það var því ekki vandasöm leit þetta fyrir nefndina, og það varð að hafa það, ef konungur vildi ekki samþykkja þessa gerð þrátt fyrir yfirlýsingu gríska utanríkisráðherrans. *(Hannes Hafstein:* Þetta kemur nú ekki kostnaðinum við.) Þetta eru atriði, sem bæði háttv. 1. þingm. Eyf. og aðrir hafa talað hér um, og »hvað höfðingjarnir hafast að«—. Annars kemur það líka kostnaðinum við, því að með því að nefndin tók ekki þá stefnu, sem vera átti, enda alt fyrir fram vitað, þá var öllum kostnaði til hennar á glæ kastað.

Hins vegar er mér það ánægja, að einn úr nefndinni, sem er fornvinur minn, er nú kominn á skoðun land-

varnarmanna á málinu, og að því leyti var það vel fallið, að nefndin var sett.

Guðmundur Hannesson: Þegar eg heyrði, að það stæði til að skipa þessa nefnd, þá þótti mér það hyggilega gjört, og eg hefði gjört hið sama í sporum háttv. ráðherra. Eg sé ekki, að það hefði verið framkvæmanlegt að leita álits þingmálafunda um málið eða þjóðarinnar í heild. Hins vegar varð að taka tillit til margra upplýsinga, sem ekki varð aflað á annan hátt, og er því stjórnin ekki ámælisverð fyrir þetta. En annað er lakara, og það var, hve seint nefndin lauk starfi sínu. Æskilegast hefði verið, að það hefði getað orðið svo snemma, að auðvelt hefði verið að tala um málið eftir það út um alt land, og kjósendur þannig fengið tíma til að átta sig á því heima hjá sér. Nú kom skýrsla nefndarinnar svo seint, að fáir höfðu tök á því fyrir þing úti um landið að átta sig neitt nánar á henni, svo að heitið gæti. Eg er ekki að telja eftir það fé, sem til hennar hefir gengið, þó að ýmislegt hefði mátt fara æskilegar en orðið er, og erindisbréf hennar tel eg vera í góðu lagi, en hitt er satt, að hún hefir starfað allmikið fyrir utan sitt eiginlega verksvið. Það er margt í skýrslunni, sem er lítið annað en uppprentun á því, sem þegar var áður skrifað, og sennilega hefði mátt stytta hana um helming án þess að nokkuð verulegt tapaðist við það, enda vóru margir forviða, er þeir sáu þessa stóru bók. Auðvitað er það, að þegar stjórnin skipaði nefndina, þá hefir hún ekki séð það fyrir, hvernig skýrsla hennar mundi verða eða hve lengi mundi standa á henni, svo að um það er ekki að deila við stjórnina. Ef nefndin hefði lokið störfum sínum svo snemma, að tími hefði unnist til að ræða málið á þingmálafundum, þá hefði eg talið það vel undirbúið, en það þykir mér á bresta, er það varð eigi.

Benedikt Sveinsson: Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að eg væri að telja eftir kostnaðinn til nefndarinnar í sjálfu sér, því að eg tel það aukaatriði, hvort goldið er krónunni meira eða minna, ef þá horfir til meiri fremdar þessu máli en áður. En eg hélt hinu fram, að það væri síður en svo, að gagn hefði verið að þessari nefnd, eða þörf á henni. Það var tilætlun konungs að vita vilja þjóðarinnar um fánagerðina, en með þessari nefndarskipun er þjóðinni einmitt bægt frá því að lýsa vilja sínum í því efni. Nefndin bað einmitt alþýðu að leggja nú ekkert til málsins um gerð fánans fyrri en hún lyki starfi sínu, en svo gerir hún það ekki fyrri en svo seint, að enginn gat dæmt um gjörðir hennar fyrir þing, nema ef til vill Reykvíkingar, og þó í flaustri. — Fyrirspurnir nefndarinnar til manna um tillögur til nýrrar fánagerðar, eru alt annars eðlis, og enganveginn gerðar til þess að kynna sér vilja *þjóðarinnar*, heldur til þess að fá sem flestar tillögur, er hafa mætti til hliðsjónar, ef breyta þyrfti gerð fánans. Þessar tillögur komu og ekki nema frá örfáum einataklingum, enda hafði verið varað við því af fánavinum, að menn skyldi ekki hlaupa upp til handa og fóta til þess að gera glundroða í málið. Af þessum fáu tillögum má þó sjá, að langflestir eru með íslenzka fánanum óbreyttum, þótt vitanlegt sé, að allur þorri fánavina lét nefndinni engar tillögur í té.

Það má vel vera að þessar heimshagskýrslur þyki fróðlegar, en til þess að safna þeim þurfti ekki milliþinganefnd. Til þess þurfti aðeins nokkra

elju, og hefði hagstofan sjálfsagt vel mátt anna því.

Ekkert kemur það þessu máli við, þótt skipuð hafi verið fánanefnd í Danmörku, því að hún er sett í alt öðru skyni en þessi. Hún á að taka málið frá rótum og koma með nýjar tillögur á öðrum grundvelli.

Eg ætla annars ekki að fara að finna að gjörðum nefndarinnar hér, nema að því leyti sem hún fór að makka við konung um málið. Það er algjörlega ótilhlýðilegt, að slík nefnd fari þannig að grípa fram fyrir hendur stjórnarinnar og fréttast fyrir um álit konungs, þar sem hann situr ráðherralaus, og flagga svo með »privat«-neitun hans frammi fyrir þjóðinni.

Hannes Hafstein: Hv. þm. N.-Þing- (B. Sv.) endurtók það, að nefndin hefði ekkert gjört til þess að kynna sér óskir almennings um fánagerðina. Þetta er alls ekki rétt. Hún skrifaði í allar áttir, gaf þegar út auglýsingar, þar sem hún óskaði þess, að sem allra flestir léti hana vita tillögur sínar og óskir um það efni. Og henni barst líka aragrúi af slíkum tillögum úr öllum áttum.

Að fara að leggja spurningar eða tillögur um þetta fyrir þingmálafundi — hefði verið alveg árangurslaust. Það er alveg óhugsandi, að slík aðferð hefði skýrt hugmyndirnar, eða greitt fyrir samkomulagi, einkum þar sem svo stóð á, að gerð sú, sem í seinni tíð hefir verið notuð á svo nefndum íslenzkum fána, gat ekki komið til greina, án þess tök væri á að gera fulla grein fyrir ástæðunum til þess á hverjum þingmálafundi.

Úr því, að eg mintist á þessa gömlu gerð, þá vil eg geta þess, að það er alls ekki rétt hjá hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að þjóðkunnugt sé, að hún sé sú gerð, sem meginþorri manna hér á landi óski eftir. Fyrir því er engin sönnun. *(B. Sv.:* Hvað segja þingnefndirnar?) Eg álít, að það sem í nefndarálitunum er og tillögunum til þingsályktana er sagt um það atriði, sé rangt, og talað »út í bláinn«, og einmitt þess vegna get og hvorugri tillögunni greitt atkvæði mitt.

Eftir því, sem eg hefi kynst vilja manna um þetta, bæði af bréfum og viðtali, þá álít eg alveg eins líklegt, að fleiri yrði móti þeirri gerð en með, ef atkvæði væri greidd um það um land alt og það af ýmsum ástæðum.

Einar Arnórsson: Eg stend einkum upp til þess að þakka hv. ráðherra fyrir það, að hann hefir svarað fyrir spurninni, og það svo skýrt og glögt, sem eg þóttist eiga heimting á. Eg ætlaði ekki að fara að deila við neinn um þetta mál, heldur einungis fá að vita það, hvort sögur þær, sem um það gengi, væri á rökum bygðar, enda er eg ekki sú smásál, að eg sjái eftir fé því, sem varið er, ef það hefir verið nauðsynlegt. Eg er samdóma hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um það, að sjálfsagt sé þegar stjórnin þarf að ráða fram úr einhverju máli og hefir ekki tök á að gjöra það sjálf, að hún þá leiti sér aðstoðar hæfra manna, og hygg að sú aðferð borgi sig vel. Hinsvegar getur hver haft sína skoðun um það, hvort nefndin sé of dýr eða ekki, en rétt er að geta þess, sem þegar hefir verið tekið fram í þessu sambandi, að þar sem talsvert mun seljast af riti nefndarinnar, þá lækkar það auðvitað kostnaðarupphæðina að sama skapi.

Ekki skal eg heldur fara mikið út í störf nefndarinnar, en þó dettur mér það í hug, að þegar hún var skipuð, þá hafi að einu leyti verið brugðið frá rangri venju, sem átt hefir sér stað

um milliþinganefndir, að minsta kosti tvisvar áður. Eg á hér við það, að í þessa nefnd var enginn maður skipaður úr stjórnarráðinu.

Eg álít sem sé, að það eigi ekki við nema brýna nauðsyn beri til, því að að þegar slíkar nefndir hafa gefið skýrslu sína, þá kemur einmitt til kasta stjórnarinnar að dæma um gerðir þeirra. Nú hefir landritari verið látinn vera sjálfsagður formaður tveggja slíkra nefnda, og það tel eg ekki heppilegt, ekki af því, að eg treysti honum ekki til gagnlegra starfa og óhlutdrægni, heldur af því, að það er óviðkunnanlegt, að maður, sem setið hefir í nefnd, eigi að gagnrýna það sem frá henni kemur, ásamt ráðherra, því að vitanlega getur nefndum skjátlast, eins og hverjum öðrum dauðlegum mönnum.

Það sýnist nú svo, eftir skýrslu fánanefndarinnar, sem tveir af nefndarmönnum hafi einkum unnið það, sem unnið var í henni, sem sé formaður hennar og svo Þórarinn Þorlákssson málari, þótt auðvitað sé ekki gott að segja, hvaða starf liggur á bak við hvað eina. Eg tel það ekki lítils virði, að eiga þarna uppdrætti að svo mörgum fánum, sem sjálfsagt eru allir rétt gerðir, og eins er mikill fróðleikur saman kominn í einum stað í hinni löngu ritgerð formanns nefndarinnar. Einnig er þarna ein ritgerð vel samin eftir Jón docent Jónsson, sem ágætt hefði verið af fá í safni til sögu Íslands, því að þar er því safnað saman, sem áður hefir verið ritað á víð dreif um málið. Síðasta greinin um þvott á fánum o. s. frv. er í sjálfu sér ekki mjög nauðsynleg, en það er svo lítið atriði, að ekki tekur því, að tala um það. Eg ætlaði mér ekki hvort sem var að hleypa hér af stað neinum hildarleik um það, hvernig nefndin hefir leyst starf sitt af hendi. Um það geta orðið umræður þegar fjárveitingin kemur til umræðu á næsta fjárlagaþingi, og ef til vill seinna í dag.

G.

Nokkur aukamál.

Lenging þingtímans.

A 40. fundi Nd., þriðjudaginn 11. ágúst, bar forseti fram þá ósk til ráðherra, að þingið yrði framlengt til 13. ágúst að þeim degi meðtöldum.

Ráðherra lýsti yfir því, í umboði Hans hátignar konungsins, að þingtíminn yrði lengdur til fimtudags 13. ágúst, að þeim degi meðtöldum.

Deildarlok.

Á 46. fundi Nd., fimtudaginn 13. ágúst, á síðasta fundi deildarinnar, að loknum öllum störfum hennar, stóð **forseti (Ólafur Briem)** upp og ávarpaði deildina á þessa leið:

Nú þegar dagskrá þessa síðasta fundar hér í deildinni er lokið, finn eg mér skylt að þakka háttv. þingmönnum fyrir umburðarlyndi við mig og góða samvinnu og skrifurum deildarinnar sérstaklega fyrir alla aðstoð. Um störf þessa þings verða að sjálfsögðu misjafnir dómar. En þrátt fyrir allan skoðanamismun og þar af leiðandi sundurlyndi, hefir sú orðið raunin á, að hugir allra hafa á þessu þingi sameinast í einlægum vilja að vernda ættjörðina fyrir yfirvofandi hættu. Og þess vil eg óska, að störf þingsins megi bera þann árangur, sem til er ætlast, til heilla og hamingju fyrir land og lýð.

Benedikt Sveinsson þakkaði forseta fyrir hlutdrægnislaust starf og góða stjórn.

Tóku allir deildarmenn undir það með því að standa upp.

Forseti (Ó. Br.): Eg þakka háttv. þingmönnum þessa virðing og góðvild og segi hérmeð

fundi slitið.

Leiðrétting.

Af vangá hefir fallið niður í 140. dálki aftan við *Kosningar til alþingis:*

Á 46. fundi Nd. fimtudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til e i n n a r u m r æ ð u, er það hafði verið samþykt með breyting í Ed. (Þskj. 508, n. 512).

Fram.sm. (Einar Arnórsson): Nefndin hefir athugað þetta frumv. og breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir á því gert. Flestar er þær smávægilegar orðabreytingar og leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Viðauki.

Konungsfulltrúar, landshöfðingjar og ráðherrar 1845—1914.

Alþingismannatal eftir tímaröð og í stafrófsröð 1845—1914.

Embættismenn Alþingis 1845—1914.

Skrifstofustjórar Alþingis 1875—1914.

Reykjavík — 1914 — Ísafoldarprentsmiðja.

Alþingi hið forna, Öxarárþing (Lögþingið, Landsþingið), hefir að fróðra manna tali verið sennilega háð sem næst því í 870 ár, eða frá 930 til 1800, er það var niður lagt með tilskipun 11. júlí s. á. um hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt. En Kristján konungur hinn áttundi endurreisti Alþingi með tilskipun 8. marz 1843, eins og kunnugt er. Og samkvæmt því kom Alþingi saman **í fyrsta sinni** í Reykjavík *þriðjudaginn 1. júlí 1845.*

1. júlí 1915 eru því liðin rétt 70 ár síðan Alþingi var í framkvæmdinni endurreist, og á þessum 70 árum hefir Alþingi verið háð *fjörutíu sinnum*, 15 sinnum sem ráðgefandi þing, 1845—1873, þegar Þjóðfundurinn 1851 er talinn með, *og tuttugu og fimm sinnum með löggjafarvaldi*, 1875—1914. — Eins og allir vita, var Alþingi veitt löggjafarvald með stjórnarskránni 5. jan. 1874, og eru því nú 40 ár síðan það varð löggefandi. Það mætti því með fullum rétti halda fernskonar minningu Alþingis nú um þessar mundir.

Það mætti minnast þess, að senn eru liðin 70 ár síðan það hóf starf sitt. Þá mætti og minnast þess, að það hefir verið háð 40 sinnum. Enn fremur mætti minnast þess, að nú eru liðin 40 ár síðan það fekk löggjafarvald. Og loks mætti minnast þess, að það hefir verið háð 25 sinnum með löggjafarvaldi, eins og á var minst.

Reglulegt Alþingi hefir verið háð 35 sinnum á þessum 70 árum, að Þjóðfundinum meðtöldum, og 5 hafa aukaþingin verið háð, 1886, 1894, 1902, 1912 og 1914.

Eins og skráin **D** hér að aftan (Alþingismannatal í stafrófsröð 1845—1914) ber með sér, hafa á þessum 40 þingum, að Þjóðfundinum meðtöldum, **254** menn, þjóðkjörnir og konungkjörnir, átt sæti. Konungkjörnir þingmenn hafa alls verið **42** (6 þeirra hafa mætt á þingi með nokkru millibili og eru því tvítaldir í skránni **B**), og **18** þeirra hafa *einnig* átt sæti á þingi sem þjóðkjörnir. Þeir, sem að eins hafa verið þjóðkjörnir, eru **212** að tölu. Þannig hafa 212+18 alls **230** þjóðkjörnir þingmenn átt sæti á Alþingi og 42 konungkjörnir, og kemur það þá í ljós, að **272** *þingmenn*, konungkjörnir og þjóðkjörnir, hafa setið á þingi 1845—1914. Þetta á að sjást með samanburði á skránum **B**, **C** og **D**.

Að engu leyti er til þess stofnað, að rekja hér á nokkurn verulegan hátt sögu Alþingis síðan það var endurreist, en hlýða þykir, að birta nú í viðauka við þingtíðindin það, sem hér fer á eftir, svo sem til nokkurrar minningar um þá þingæfi, sem liðin er síðan 1845.

A.

Konungsfulltrúar, landshöfðingjar og ráðherrar 1845—1914.

I. Konungsfulltrúar.

1.	*Bardenfleth, C. E.*, stiftamtmaður í Danmörku (f. 9. maí 1807, d. 3. sept. 1857)	1845—1847[1])
2.	*Páll Melsted*, amtmaður (f. 31. marz 1791, d. 9. maí 1861)	1849 og 1853—1859[2])
3.	*Trampe, J. D.*, stiftamtmaður, síðar amtmaður í Danmörku (f. 7. maí 1807, d. 5. marz 1868)	1851
4.	*Þórður Jónasson*, háyfirdómari (f. 26. febr. 1800, d. 25. ágúst 1880)	1861—1865[3])
5.	Sören *Hilmar* Steindór *Finsen*, síðar landshöfðingi (f. 28. jan. 1824, d. 15. jan. 1886)	1867—1873[4])

II. Landshöfðingjar.

1.	*Hilmar Finsen* (A. I, 5)	1875—1881
2.	*Bergur Thorberg* (f. 23. jan. 1829, d. 21. jan. 1886 . .	1883—1885
3.	*Magnús Stephensen* (f. 18. okt. 1836)	1886—1903

[1]) Aðstoðarmenn hans á þingi voru:
1. *Páll Melsted* . . . . . (A. I. 2) 1845.
2. *Kristján Christiansson* . . . . . (B. 9) 1847

[2]) Þótt tilgangurinn væri sá, að hafa skrá þessa beinlínis eftir tímaröð, þá er vikið frá því hér, því annars hefði orðið að endurtaka nafn Páls Melsteds við árið 1853.
Skrifarar hans á þingi voru:
1. *Páll Melsted* sagnfr. (C. XIV. 2) 1849 og 1853.
2. *Sigurður Melsted* . . . . (B. 24) 1855—1859.

[3]) Skrifarar hans á þingi voru:
1. *Pétur Guðjónsson* . . . (C. X. 2) 1861—1863.
2. *Páll* Jakob *Blöndal*, síðar læknir (f. 27 des. 1840, d. 16. jan. 1903) . . . . . 1865.

[4]) Aðstoðarmenn hans á þingi voru:
1. *Þórður Jónasson* . . . . . (A. I. 4) 1867.
2. *Magnús Stephensen* . . (A. II. 3) 1871—1873.

III. Ráðherrar.[1])

1. *Hannes* Þórður *Hafstein* (f. 4. des. 1861). . . 1905—1909 og 1912—1914[2])
2. *Björn Jónsson* (f. 8. okt. 1846, d. 24. nóv. 1912). . . . . 1909—1911
3. *Kristján Jónsson* (f. 4. marz 1852). . . . . 1911—1912
4. *Sigurður Eggerz* (f. 28. febr. 1875) 1914

B.

Konungkjörnir alþingismenn eftir tímaröð 1845—1914.[3])

1. *Bjarni Thorsteinsson*, amtmaður (f. 31. marz 1781, d. 3. nóv. 1876) 1845
2. *Þórður Sveinbjörnsson*, háyfirdómari (f. 4. sept. 1786, d. 20. febr. 1856). . . . . 1845—1855
3. *Þórður Jónasson*, (A. I. 4) . . . . . 1845—1859
4. *Helgi G. Thordersen*, biskup (f. 8. apr. 1794, d. 4. des. 1867) . 1845—1865
5. *Björn A. Blöndal*, sýslumaður í Húnavatnssýslu (f. 1. nóv. 1787, d. 23. júní 1846) 1845
6. *Halldór Jónsson*, prófastur í Glaumbæ, síðar prófastur á Hofi í Vopnafirði (f. 25. febr. 1810, d. 17. júlí 1881) . . . . . 1845—1851
7. *Jón Thorstensen*, landlæknir (f. 7. júní 1794, d. 15. febr. 1855) 1847—1849
8. *Páll Melsted* (A. I. 2) 1847
9. *Kristján Christiansson*, land- og bæjarfógeti, síðar amtmaður (f. 21. sept. 1806, d. 13. maí 1882) 1849
10. *Pétur Pétursson*, lektor prestaskólans, síðar biskup (f. 3. okt. 1808, d. 15. maí 1891). . . . . 1849—1885
11. *Þórður Guðmundsson*, sýslumaður, síðar í Árnessýslu (f. 11. apr. 1811, d. 19. ág. 1892) 1849
12. *Páll Melsted* (8) 1851
13. *Jörgen Peter Havsteen*, amtmaður (f. 16. febr. 1812, d. 24. júní 1875) 1853
14. *Vilhjálmur* Ludvig *Finsen*, land- og bæjarfógeti, síðar dómari í hæstarétti, dr. juris (f. 1. apr. 1823, d. 23. júní 1892) . . . 1853—1859

---

[1]) Samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 á landritari sæti á Alþingi í forföllum ráðherra, og hefir

Klemens Jónsson landritari (C. XXIV, 11)

mætt nokkura stund á þingunum 1907, 1909, 1913 og 1914 sem umboðsmaður ráðherra.

[2]) Hér er fylgt sömu reglu og við I. 2. hér að framan. Annars hefði orðið að endurtaka nafnið við 1912.

[3]) Hér verða að eins þeir konungkjörnir alþingismenn taldir, sem sæti hafa átt á Alþingi, en þeirra ekki getið, er að eins hafa verið kjörnir, en ekki hafa mætt á þingi.

15. *Þórður Guðmundsson* (11) . . . . . 1855—1859
16. *Bjarni Johnson*, rektor lærða skólans (f. 12. ág. 1809, d. 21. sept. 1868) 1857
17. *Jón Pétursson*, yfirdómari og síðar háyfirdómari (f. 16. jan. 1812, d. 16. jan. 1896) . . . . . 1859—1886
18. *Jón Hjaltalín*, landlæknir (f. 27. apr. 1807, d. 8. júní 1882) . . 1859—1879
19. *Benedikt Sveinsson*, yfirdómari, síðar sýslumaður í Þingeyjarsýslu (f. 20. jan. 1826, d. 2. ágúst 1899)[1] . . . . . *1861—1863
20. *Bergur Thorberg* (A. II. 2) . . . . . 1865—1883
21. *Halldór Kristján Friðriksson*, skólakennari, síðar yfirkennari lærða skólans (f. 19. nóv. 1819, d. 23. marz 1902) . . . . 1865—1867
22. *Ólafur Pálsson*, dómkirkjuprestur og prófastur, síðar prófastur á Melstað (f. 7. ág. 1814, d. 4. sept. 1876)[2] . . . . . 1867—1875
23. *Þórður Jónasson* (3) . . . . . 1869—1875
24. *Sigurður Melsted*, lektor prestaskólans (f. 12. des. 1819, d. 20. maí 1895) 1873
25. *Magnús Stephensen* (A. II. 3) . . . . . 1877—1886
26. *Arni Thorsteinsson*, landfógeti (f. 5. apr. 1828, d. 29. nóv. 1907) 1877—1903
27. *Sigurður Melsted* (24) . . . . . 1881—1883
28. *Lárus Edvard Sveinbjörnsson*, yfirdómari, síðar háyfirdómari (f. 30. ágúst 1834, d. 7. jan. 1910) . . . . . 1885—1897
29. *Hallgrímur Sveinsson*, dómkirkjuprestur, síðar biskup (f. 5. apr. 1841, d. 16. des. 1909) . . . . . 1885—1886
30. *Arnljótur Ólafsson*, prestur á Sauðanesi (f. 21. nóv. 1823, d. 29. okt. 1904) . . . . . 1886—1891
31. Jóhannes *Júlíus Havsteen*, amtmaður (f. 13. ágúst 1839) . . . 1887—1891
32. *Eggert Theodór Jónassen*, amtmaður (f. 9. ág. 1838, d. 29. sept. 1891) . . . . . 1887—1891
33. *Jón A. Hjaltalín*, skólastjóri gagnfræðaskólans á Möðruvöllum (f. 21. marz 1840, d. 15. okt. 1908) . . . . . 1887—1897
34. *Kristján Jónsson* (A. III. 3) . . . . . 1893—1903
35. *Hallgrímur Sveinsson* (29) . . . . . 1893—1903
36. *Þorkell Bjarnason*, prestur á Reynivöllum (f. 18. júlí 1839, d. 25. júlí 1902) . . . . . 1893—1899
37. *Júlíus Havsteen* (31) . . . . . 1899—1914
38. *Jónas Jónassen*, landlæknir (f. 18. okt. 1840, d. 22. nóv. 1910) . 1899—1903
39. *Eiríkur Briem*, prestaskólakennari, prófessor (f. 17. júlí 1846) . 1901—1914
40. *Björn M. Ólsen*, dr. phil., prófessor (f. 14. júlí 1850) . . . . . 1905—1907
41. *Jón Ólafsson*, ritstjóri og rithöfundur (f. 20. marz 1850) . . . 1905
42. *Ágúst* Theodór *Flygenring*, kaupmaður í Hafnarfirði (f. 17. apr. 1865) 1905—1912
43. *Þórarinn Jónsson*, bóndi á Hjaltabakka (f. 6. febr. 1870) . . . 1905—1907
44. *Steingrímur Jónsson*, sýslumaður í Þingeyjarsýslu (f. 27. des. 1867) 1907—1914

---

[1]) Varaþingmenn eru merktir með stjörnu (*) við þingsetuár þeirra.
[2]) Varaþingmaður 1867, og sat eigi á þingi 1873.

45. *Lárus* Kristján Ingvaldur *H*(ákonarson) *Bjarnason*, prófessor í Reykjavík (f. 27. marz 1866) . . . . . 1909—1911
46. *Stefán* Jóhann *Stefánsson*, skólameistari á Akureyri (f. 1. ág. 1863) 1909—1914
47. *Björn Þorláksson*, prestur á Dvergasteini (f. 15. apr. 1851) . . 1912—1914
48. *Guðmundur Björnsson*, landlæknir (f. 12. okt. 1864) . . . . . 1913—1914

C.

Þjóðkjörnir alþingismenn eftir tímaröð 1845—1914.[1]

Kjördæmaskifting.

Með tilskipun 8. marz 1843, um endurreisn Alþingis, var landinu skift í 20 kjördæmi, er hvert skyldi kjósa einn þingmann. Kjördæmin voru þessi:

1. Norður-Múlasýsla,
2. Suður-Múlasýsla,
3. Skaftafellssýsla,
4. Vestmannaeyjasýsla,
5. Rangárvallasýsla,
6. Árnessýsla,
7. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
8. Reykjavík,
9. Borgarfjarðarsýsla,
10. Mýrasýsla (og Hnappadalssýsla, til þess er hún var 4. marz 1871 lögð til Snæfellsnessýslu),
11. Snæfellsnessýsla,
12. Dalasýsla,
13. Barðastrandarsýsla,
14. Ísafjarðarsýsla,
15. Strandasýsla,
16. Húnavatnssýsla,
17. Skagafjarðarsýsla,
18. Eyjafjarðarsýsla,
19. Suður-Þingeyjarsýsla,
20. Norður-Þingeyjarsýsla.

En fjórtán árum síðar var breyting ger á þessari kjördæmaskipun, því að með tilskipun 6. jan. 1857, var Skaftafellssýslu skift í tvö kjördæmi, Austur Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og voru þá kjördæmin 21 og þjóðkjörnir þingmenn jafnmargir.

---

[1]) Hér er að eins þeirra þjóðkjörinna þingmanna getið, sem sæti hafa átt á Alþingi; hinna látið ógetið, er aldrei mættu á þingi, þótt kosnir væri.

Við þessa kjördæmaskipun og þingmannatölu stóð nú næstu seytján árin. En með stjórnarskránni 5. jan. 1874 var sú breyting á þessu ger, að tala þjóðkjörinna þingmanna var ákveðin 30, og var í »Ákvæðum um stundarsakir« svo fyrir mælt, að Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Ísafjarðarsýsla (með Ísafjarðarkaupstað), Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla (með Akureyrarkaupstað) og Þingeyjarsýsla skyldi, hver um sig, kjósa 2 þingmenn. Og í lögum 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis, var bygt á þessari kjördæmaskipun, að öðru leyti en því, að lögin mæltu svo fyrir, að Skaftafellssýslu og Þingeyjarsýslu skyldi skift í 2 kjördæmi hvorri, eins og áður hafði verið.

Við þessa kjördæmaskipun var nú látið sitja næstu 25 árin. En með lögum 6. nóv. 1902 var Ísafjarðarsýslu skift í 2 kjördæmi, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður Ísafjarðarsýslu.

Með stjórnarskipunarlögunum 3. okt. 1903 var sú skipun á þessu efni ger, sem enn er í lögum. Þá var þjóðkjörnum þingmönnum fjölgað um fjóra (úr 30 upp í 34) og þrjú ný kjördæmi tekin í lög, Ísafjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður og Seyðisfjarðarkaupstaður. Skyldi hvert þessara nýju kjördæma kjósa einn þingmann, og einum þingmanni var bætt við Reykjavík. —

Þess má geta, að þjóðkjörnu fulltrúar Þjóðfundarins 1851, sem vitanlega er talinn hér sem Alþingi það ár, voru ekki kosnir samkvæmt Alþingistilskipuninni 8. marz 1843. Friðrik Danakonungur hinn sjöundi gaf 28. sept. 1849 »lög um kosningar til þjóðfundar þess á Íslandi, sem heitið er í konungsbréfi 23. sept. 1848«. Í 1. gr. þessara laga er svo fyrir mælt, að Þjóðfundurinn skuli skipaður 46 fulltrúum, 6 konungkjörnum og 40 þjóðkjörnum. Og í 2. gr. segir svo fyrir um kosningar til fundarins:

»*Hvert lögsagnarumdæmi, með þeim ummerkjum, sem það nú hefir, skal vera kjördæmi sér, og kjósa tvo fulltrúa til þjóðfundar þess, sem um er getið í fyrstu grein. Þó skal Skaftafellssýslu skift í tvo kjörhluta sem hingað til*«.

Alþingismannatal það, sem nú fer hér eftir, sýnir, hverjir fulltrúar mættu á Þjóðfundinum og úr hvaða kjördæmum þeir voru.

1. Norður-Múlasýsla.

1. *Þorsteinn Gunnarsson*, bóndi á Hreimsstöðum (f. 1800, d. 2. júní 1859) 1845
2. *Guttormur Vigfússon*, bóndi á Arnheiðarstöðum (f. 17. nóv. 1804, d. 12. sept. 1856)[1]). . . . . *1847—1849
   2. þjfm. 1851
3. *Sigurður Gunnarsson*, prestur á Desjarmýri, síðar prófastur á Hallormsstað (f. 10. okt. 1812, d. 22. nóv. 1878) . . . . . 1. þjfm. 1851
4. Erlendur *Vilhjálmur* Björn *Oddsen*, bóndi á Teigi í Vopnafirði, síðast á Hellisfjörubökkum (f. 27. júlí 1826, d. 17. marz 1896) *1857
5. *Halldór Jónsson*, prófastur (B. 6) . . . . . 1859, 1863—1865
6. *Páll Ólafsson*, skáld og umboðsmaður á Hallfreðarstöðum (f. 8. marz 1827, d. 23. des. 1905) *1867
7. *Halldór Jónsson* (5). 1869

[1]) Varaþingmenn eru merktir með stjörnu (*) við þingsetuár þeirra.

8.	*Páll Olafsson* (6)	*1873
		1. þm. 1875
9.	*Eggert Gunnarsson*, umboðsmaður og síðar kaupfélagsstjóri (f. 26. júlí 1840).	2. þm. 1875—1879
10.	*Arnljótur Ólafsson*, prestur (B. 30)	1. þm. 1877—1879
11.	*Þorvarður Kjerúlf*, læknir (f. 1. apr. 1848, d. 26. júlí 1893)[1]	1. þm. 1881—1885
		2. þm. 1886—1891
12.	*Benedikt Sveinsson*, sýslumaður (B. 19)	2. þm. 1881—1885
13.	*Einar Thorlacius*, sýslumaður (f. 18. nóv. 1851)[2]. . .	1. þm. 1885—1887
14.	*Jón Jónsson*, bóndi í Bakkagerði og síðar á Sleðbrjót, fór 1903 til Ameríku (f. 2. nóv. 1852)[3]	1. þm. 1889—1891
		2. þm. 1893—1899
15.	*Einar Jónsson*, prestur í Kirkjubæ, síðar prófastur á Hofi í Vopnafirði (f. 7. des. 1853)	1. þm. 1893—1901
16.	*Jóhannes Jóhannesson*, sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði (f. 17. jan. 1866)	2. þm. 1901
17.	*Ólafur Friðrik Davíðsson*, verzlunarstjóri á Vopnafirði, síðar á Ísafirði (f. 25. marz 1858)	1. þm. 1902
18.	*Jón Jónsson* (14).	2. þm 1902
19.	*Jóhannes Jóhannesson* (16).	1. þm. 1903—1907
		2. þm. 1909—1911
		1. þm. 1912—1913
20.	*Jón Jónsson*, bóndi á Hvanná (f. 19. jan. 1870) . . .	1. þm. 1909—1911
21.	*Einar Jónsson*, prófastur (15)	2. þm. 1912—1913
22.	*Björn Hallsson*, bóndi á Rangá (f. 21. nóv. 1874) . . .	1. þm. 1914
23.	*Jón Jónsson* (20)	2. þm. 1914

II. Seyðisfjarðarkaupstaður.

1.	*Jón Jónsson* frá Múla, umboðsmaður kaupfélaga (f. 23. apr. 1855, d. 5. okt. 1912)	1905—1907
2.	*Björn Þorláksson*, prestur (B. 47)	1909—1911
3.	*Valtýr Guðmundsson*, dr. phil., háskólakennari í Kaupmannahöfn (f. 11. marz 1860)	1912—1913
4.	*Karl Finnbogason*, kennari á Seyðisfirði (f. 29. des. 1875)	1914

III. Suður-Múlasýsla.

1.	*Sveinn Sveinsson*, bóndi í Vestdal (f. 23. des. 1798, d. 3. febr. 1867)	*1845—1847

---

[1]) Sat eigi á þingi 1883.
[2]) Sat eigi á þingi 1887.
[3]) Svo segir hann sjálfur (Alman. Ól. Thorg. 1914, bls. 107).

2. *Sigurður Brynjólfsson*, bóndi í Múla í Álftafirði (f. 10. júní 1793, d. 2. júní 1872) 1849
3. *Hallgrímur Jónsson*, prófastur á Hólmum (f. 16. ág. 1811, d. 5. jan. 1881) . . . . . þjfm. 1851
4. *Jón Hávarðsson*, prestur á Skorrastað og síðar í Heydölum (f. 10. ág. 1800, d. 5. marz 1881) . . . . . 1855—1857
5. *Björn Pétursson*, bóndi á Gíslastöðum, fór síðar til Ameríku (f. 2. ág. 1826, d. 25. sept. 1893) . . . . . 1861—1867
6. *Sigurður Gunnarsson* (C. I. 3) . . . . . 1869—1871
7. *Björn Pétursson* (5) *1873
8. Gunnlaugur *Tryggvi Gunnarsson*, kaupstjóri, síðar bankastjóri (f. 18. okt. 1835) . . . . . 1. þm. 1875—1885
9. *Einar Gíslason*, bóndi á Höskuldsstöðum (f. 9. des. 1838, d. 8. júlí 1887) . . . . . 2. þm. 1875—1877
10. *Jón Ólafsson* (B. 41) . . . . . 2. þm. 1881—1885
    1. þm. 1886—1889
11. *Lárus* Halldór *Halldórsson*, fríkirkjuprestur, síðar í Reykjavík (f. 10. jan. 1851, d. 24. júní 1908) . . . . . 2. þm. 1886—1891[1])
12. *Sigurður Gunnarsson*, prestur á Hallormsstað og síðar prófastur í Stykkishólmi (f. 25. maí[2]) 1848) . . . . 1. þm. 1891—1899
13. *Guttormur Vigfússon*, síðar bóndi í Geitagerði (f. 8. ág. 1850) . . . . . 2. þm. 1893—1901
    1. þm. 1902
    2. þm. 1903—1907
14. *Axel* Valdemar *Tulinius*, sýslumaður í Suður Múlasýslu (f. 6. júní 1865) . . . . . 1. þm. 1901
15. *Ari Brynjólfsson*, bóndi á Þverhamri (f. 3. febr. 1849) . 2. þm. 1902
16. *Ólafur* Jón *Thorlacius*, læknir í Búlandsnesi (f. 11. marz 1869) . . . . . 1. þm. 1903—1907
17. *Jón Jónsson* (C. II. 1) . . . . . 1. þm. 1909—1912
18. *Jón Ólafsson* (10). . . . . 2. þm. 1909—1912
    1. þm. 1913
19. *Guðmundur Eggerz*, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (f. 30. sept. 1873) . . . . . 2. þm. 1913—1914
20. *Þórarinn Benediktsson*, bóndi í Gilsárteigi (f. 3. apr. 1871) 1. þm. 1914

IV. Skaftafellssýsla.

1. *Jón Guðmundsson*, umboðsmaður, síðar ritstjóri og málaflutningsmaður í Reykjavík (f. 10. des. 1807, d. 31. maí 1875) . . . . . 1845—1849
    1. þjfm. 1851
    1853—1857
2. *Páll Pálsson*, prófastur í Hörgsdal (f. 17. maí 1797, d. 1. nóv. 1861) . . . . . 2. þjfm. 1851

[1]) Sat eigi á þingi 1889.
[2]) Svo segir hann sjálfur (í manntali 1910).

3.	*Páll Pálsson*, prestur, síðar í Þingmúla (f. 4. okt. 1836, d. 4. okt. 1890)	1. þm. 1875—1879
4.	*Stefán Eiríksson*, bóndi í Árnanesi (f. 17. maí 1817, d. 12. sept. 1884)	2. þm. 1875—1879

V. Austur-Skaftafellssýsla.

1.	*Stefán Eiríksson* (C. IV. 4)	1859—1873 1881—1883
2.	*Jón Jónsson*, prófastur í Bjarnanesi, síðar í Stafafelli (f. 12. ágúst 1849)	1885
3.	*Sveinn Eiríksson*, prestur á Kálfafellsstað, síðar í Ásum (f. 4. ág. 1844, d. 19. júní 1907)	1886—1891
4.	*Jón Jónsson* (2)	1893—1899
5.	*Ólafur Olafsson*, prestur í Arnarbæli, síðar fríkirkjuprestur í Reykjavík (f. 24. sept. 1855)	1901
6.	*Þorgrímur Þórðarson*, læknir, síðar í Keflavík (f. 17. des. 1859)	1902—1907
7.	*Þorleifur Jónsson*, bóndi í Hólum (f. 21. ág. 1864) . .	1909—1914

VI. Vestur-Skaftafellssýsla.

1.	*Jón Guðmundsson* (C. IV. 1)	1859—1867
2.	*Páll Pálsson* (C. IV. 3)	1869—1871
3.	*Jón Jónsson*, umboðsmaður í Vík (f. 30. júlí 1830, d. 28. apríl 1878)	*1873
4.	*Olafur Pálsson*, umboðsmaður á Höfðabrekku (f. 13. febr. 1830, d. 15. jan. 1894)	1881—1891
5.	*Guðlaugur Guðmundsson*, sýslumaður, síðar sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri (f. 8. des. 1856, d. 5. ágúst 1913)	1893—1907
6.	*Gunnar Ólafsson*, verzlunarstjóri í Vík, síðar kaupmaður í Vestmannaeyjum (f. 18. febr. 1864)	1909—1911
7.	*Sigurður Eggerz*, sýslumaður, síðar ráðherra (A. III. 4).	1912—1914

VII. Vestmannaeyjasýsla.[1])

1.	*Magnús Austmann*, stúdent, bóndi á Nýjabæ (f. 12. apr. 1814, d. 15. maí 1859	þjfm. 1851
2.	*Brynjólfur Jónsson*, prestur í Vestmannaeyjum (f. 8. sept. 1826, d. 19. nóv. 1884)	1859

[1]) Vestmannaeyjar voru þegar í öndverðu gerðar að sérstöku kjördæmi, en vegna þess, að kosningarrétturinn var mjög takmarkaður, gat engin kosning farið þar fram, nema til Þjóðfundarins, þar til að kosningarrétturinn var nokkuð rýmkaður með konungsúrskurði 6. janúar 1857.

3. *Árni Einarsson*, bóndi á Vilborgarstöðum (f. 12. júní 1824, d. 19. febr. 1899) *1861
4. *Brynjólfur Jónsson* (2) 1863
5. *Stefán Thordersen*, prestur í Kálfholti, síðar í Vestmannaeyjum (f. 5. júní 1829, d. 3. apr. 1889) . . . . . 1865—1867
6. *Helgi Hálfdanarson*, prestaskólakennari, síðar lektor prestaskólans (f. 19. ág. 1826, d. 2. jan. 1894) . . . 1869—1873
7. *Þorsteinn Jónsson*, bóndi í Nýjabæ (f. 11. maí 1840, d. 28. ág. 1886) . . . . . 1875—1886
8. *Þorsteinn Jónsson*, læknir í Vestmannaeyjum (f. 17. nóv. 1840, d. 13. ág. 1908) . . . . . 1887—1889
9. *Indriði Einarsson*, endurskoðari landsreikninganna, síðar skrifstofustjóri (f. 30. apríl 1851) 1891
10. *Sigfús Árnason*, bóndi frá Löndum, í Vestmannaeyjum (f. 10. sept. 1856) 1893
11. *Valtýr Guðmundsson* (C. II. 3) . . . . . 1894—1901
12. *Jón Magnússon*, landritari, síðar bæjarfógeti í Reykjavík (f. 16. jan. 1859) . . . . . 1902—1913
13. *Karl* Júlíus *Einarsson*, sýslumaður í Vestmannaeyjasýslu (f. 18. jan. 1872) 1914

VIII. Rangárvallasýsla.

1. *Skúli Thorarensen*, læknir á Móeiðarhvoli (f. 28. marz 1805, d. 1. apríl 1872) 1845
2. *Jón Þórðarson*, bóndi í Eyvindarmúla (f. 12. febr. 1813, d. 10. júní 1903) . . . . . *1847—1849
3. *Páll Sigurðsson*, bóndi í Árkvörn (f. 17. okt. 1808, d. 18. ág. 1873) . . . . . 1. þjfm. 1851
   1853—1863
4. *Magnús Stephensen*, sýslumaður í Rangárvallasýslu (f. 13. jan. 1797, d. 15. apr. 1866) . . . . . 2. þjfm. 1851
5. *Sighvatur Árnason*, bóndi í Eyvindarholti (f. 29. nóv. 1823, d. 20. júlí 1911) . . . . . 1865—1867
6. *Grímur Thomsen*, dr. phil., bóndi á Bessastöðum (f. 15. maí 1820, d. 27. nóv. 1896) . . . . . 1869—1873
7. *Sighvatur Árnason* (5) . . . . . 1. þm. 1875—1891
   2. þm. 1893
   1. þm. 1894—1899
8. *Ísleifur Gíslason*, prestur í Keldnaþingum, síðar í Arnarbæli (f. 12. maí 1841, d. 21. okt. 1892) . . . . . 2. þm. 1875—1879
9. *Skúli Þorvarðsson*, síðast bóndi í Austurey (f. 31. okt. 1831, d. 3. júlí 1909) . . . . . 2. þm. 1881—1885
10. *Þorvaldur Björnsson*, bóndi í Núpakoti (Þorvaldseyri) (f. 18. okt. 1833) . . . . . 2. þm. 1886—1889
11. *Ólafur Ólafsson* (C. V. 5) . . . . . 2. þm. 1891

12. *Þórður Guðmundsson*, bóndi í Hala (f. 27. okt. 1844). . 1. þm. 1893
2. þm. 1894—1899
1. þm. 1901
13. Hans *Magnús Torfason*, sýslumaður, síðar sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði (f. 12. maí 1868) 2. þm. 1901
14. *Eggert Pálsson*, prestur á Breiðabólsstað (f. 6. okt. 1864) 1. þm. 1902—1911
2. þm. 1912—1914
15. *Sighvatur Arnason*, (5, 7) . . . . . 2. þm. 1902
16. *Magnús Stephensen*, (A. II, 3) . . . . . 2. þm. 1903—1907
17. *Einar Jónsson*, bóndi á Vestari-Geldingalæk (f. 18. nóv. 1868) . . . . . 2. þm. 1909—1911
1. þm. 1912—1914

IX. Arnessýsla.

1. *Jón Johnsen*, yfirdómari, síðar bæjarfógeti í Álaborg (f. 24. febr. 1806, d. 7. júlí 1881) . . . . . 1845—1849
2. *Jóhann* Kristján *Briem*, prófastur í Hruna (f. 7. ág. 1818, d. 18. apríl 1894). . . . . 1. þjfm. 1851
3. *Gísli Magnússon*, kennari við lærða skólann í Reykjavík (f. 15. júlí 1816, d. 24. ág. 1878) . . . . . 2. þjfm. 1851
4. *Magnús Andrésson*, bóndi á Syðra-Langholti (f. 10. nóv. 1790, d. 30. júní 1869) . . . . . 1853—1863
5. *Benedikt Sveinsson* (B. 19) . . . . . 1865—1873
1. þm. 1875—1879
6. *Þorlákur Guðmundsson*, bóndi á Miðfelli, síðar í Eskihlíð (f. 22. des. 1834, d. 7. júní 1906) . . . . . 2. þm. 1875—1879
1. þm. 1881—1893
2. þm. 1894—1899
7. *Magnús Andrésson*, prestur og síðar prófastur á Gilsbakka (f. 30. júní 1845). . . . . 2. þm. 1881—1885
8. *Skúli Þorvarðsson*, (C. VIII. 9) . . . . . 2. þm. 1886—1891
9. *Bogi Th*(orarensen) *Melsted*, mag. í Kaupmannahöfn (f. 4. maí 1860) . . . . . 2. þm. 1893
10. *Tryggvi Gunnarsson* (C. III. 8) . . . . . 1. þm. 1894—1899
11. *Hannes Þorsteinsson*, ritstjóri, síðar skjalavörður í Reykjavík (f. 30. ág. 1860) . . . . . 1. þm. 1901—1911
12. *Sigurður Sigurðsson*, búnaðarfélagsráðunautur í Reykjavík (f. 4. okt. 1864) . . . . . 2. þm. 1901
13. *Eggert Benediktsson*, bóndi í Laugardælum (f. 29. ágúst 1861) . . . . . 2. þm. 1902
14. *Ólafur Olafsson* (C. V. 5) . . . . . 2. þm. 1903—1907
15. *Sigurður Sigurðsson* (12) . . . . . 2. þm. 1909—1911
1. þm. 1912—1914
16. *Jón Jónatansson*, ritstjóri og bóndi á Ásgautsstöðum (f. 14. maí 1874) . . . . . 2. þm. 1912—1913

17. *Einar Arnórsson*, prófessor í Reykjavík (f. 24. febrúar 1880) . . . . . 2. þm. 1914

X. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. *Þorgrímur Tómasson*, skólaráðsmaður og bóndi á Bessastöðum (f. 9. febr. 1782, d. 26. júní 1849) . . . . . 1845—1847
2. *Guðmundur Brandsson*, bóndi í Landakoti (f. 26. sept. 1814, d. 11. okt. 1861) *1849
3. *Jens Sigurðsson*, kennari lærða skólans, síðar rektor (f. 6. júlí 1813, d. 2. nóv. 1872) . . . . . 1. þjfm. 1851
4. *Guðmundur Brandsson* (2) . . . . . 2. þjfm. 1851
   1853—1861
5. *Helgi Hálfdanarson* (C. VII. 6) *1863
6. *Pétur Guðjohnsen*, söngkennari og organleikari í Reykjavík (f. 29. nóv. 1812, d. 25. ág. 1877) . . . . . 1865—1867
7. *Þórarinn Böðvarsson*, prestur og síðar prófastur í Görðum (f. 3. maí 1825, d. 7. maí 1895) . . . . . 1869—1873
   2. þm. 1875—1879
   1. þm. 1881—1894
8. *Grímur Thomsen* (C. VIII. 6) . . . . . 1. þm. 1875—1879
9. *Þorkell Bjarnason* (B. 36) . . . . . 2. þm. 1881—1885
10. *Jón Þórarinsson*, skólastjóri Flensborgarskólans, síðar umsjónarmaður fræðslumála (f. 24. febr. 1854) . . . 2. þm. 1886—1899
11. *Þórður Jónas Thoroddsen*, læknir í Keflavík, síðar í Reykjavík (f. 14. nóv. 1856) . . . . . 1. þm. 1895—1901
    2. þm. 1902
12. *Björn Kristjánsson*, kaupmaður, síðar bankastjóri (f. 26. febr. 1858) . . . . . 2. þm. 1901
    1. þm. 1902—1914
13. *Valtýr Guðmundsson* (C. II. 3) . . . . . 2. þm. 1903—1907
14. *Jens* Ólafur Páll *Pálsson*, prófastur í Görðum (f. 1. apr. 1851, d. 28. nóv. 1912) . . . . . 2. þm. 1909—1912
15. *Kristinn Daníelsson*, prestur og síðar prófastur á Útskálum (f. 18. febr. 1861) . . . . . 2. þm. 1913—1914

XI. Reykjavík

1. *Árni Helgason*, stiftprófastur í Görðum (f. 27. okt. 1777, d. 14. des. 1869) . . . . . *1845—1849
2. *Kristján Christiansson* (B. 9) . . . . . 1. þjfm. 1851
3. *Jakob Guðmundsson*, prestur á Kálfatjörn, síðar á Kvennabrekku (f. 10. júní 1817, d. 7. maí 1890) . . . . . 2. þjfm. 1851
4. *Jón Thorstensen* (B. 7) 1853
5. *Halldór Kr. Friðriksson* (B. 21)[1] . . . . . 1855—1863

[1]) Varaþingmaður 1855—1857.

6.	*Magnús Jónsson*, bóndi í Bráðræði og síðar kaupmaður (f. 2. ág. 1807, d. 28. maí 1889)		*1865—1867
7.	*Halldór Kr. Friðriksson* (5)		1869—1885
8.	*Jónas Jónassen* (B. 38)		1886—1891
9.	*Halldór Kr. Friðriksson* (5, 7)		1893
10.	*Jón Jensson*, yfirdómari (f. 23. nóv. 1855).		1894—1899
11.	*Tryggvi Gunnarsson* (C. III. 8)		1901—1903
		1. þm.	1905—1907
12.	*Guðmundur Björnsson* (B. 48)	2. þm.	1905—1907
13.	*Jón Þorkelsson*, dr. phil., landsskjalavörður (f. 16. apríl 1859)	1. þm.	1909—1911
14.	*Magnús Th.* (Þorlákur) *S*(igfússon) *Blöndahl*, trésmíðameistari, síðar umboðssali í Reykjavík (f. 10. sept. 1861)	2. þm.	1909—1911
15.	*Lárus H. Bjarnason* (B. 45)	1. þm.	1912—1913
16.	*Jón Jónsson*, háskólakennari í Reykjavík (f. 25. apríl 1869)	2. þm.	1912—1913
17.	*Sveinn Björnsson*, yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík (f. 27. jan. 1881)	1. þm.	1914
18.	*Jón Magnússon* (C. VII. 12)	2. þm.	1914

XII. Borgarfjarðarsýsla.

1.	*Hannes Stephensen*, prófastur á Ytra-Hólmi (f. 12. okt. 1799, d. 29. sept. 1856)		1845—1849
		1. þjfm.	1851
			1853—1855
2.	*Sveinbjörn Hallgrímsson*, ritstjóri, síðar prestur í Glæsibæ (f. 25. sept. 1815, d. 1. jan. 1863)	2. þjfm.	1851
3.	*Kolbeinn Arnason*, bóndi á Hofstöðum í Hálsasveit (f. 25. nóv. 1806, d. 2. maí 1862		*1857
4.	*Arnljótur Ólafsson* (B. 30)		1859—1867
5.	*Hallgrímur Jónsson*, bóndi á Miðteigi (Guðrúnarkoti) (f. 19. nóv. 1826, d. 18. jan. 1906)		1869—1873
6.	*Guðmundur Ólafsson*, bóndi á Fitjum (f. 3. apr. 1825, d. 11. nóv. 1889)		1875—1879
7.	*Grímur Thomsen* (C. VIII. 6)		1881—1891
8.	*Björn Bjarnarson*, bóndi á Reykjahvoli, síðar á Grafarholti (f. 14. ág. 1856)		1893
9.	*Þórhallur Bjarnarson*, lektor prestaskólans, síðar biskup (f. 2. des. 1855)		1894—1899
10.	*Björn Bjarnarson* (8)		1901
11.	*Þórhallur Bjarnarson* (9)		1902—1907
12.	*Kristján Jónsson* (A. III. 3)		1909—1913
13.	*Hjörtur Snorrason*, bóndi á Skeljabrekku (f. 29. sept. 1859)		1914

XIII. Mýrasýsla.

1.	*Helgi Helgason*, bóndi í Vogi (f. 9. júlí 1783, d. 15. des. 1851)	1845—1849
2.	*Jón Sigurðsson*, bóndi í Tandraseli, síðar á Haugum (f. 21. nóv. 1808, d. 9. apríl 1861)	1. þjfm. 1851 1853—1861
3.	*Magnús Gíslason*, umboðsmaður, síðar bóndi á Hrafnabjörgum ytri (f. 9. júní 1814, d. 5. júní 1867) . . .	2. þjfm. 1851
4.	*Hjálmur Pétursson*, bóndi í Norðtungu, síðar á Syðsta-Vatni (f. 23. des. 1828, d. 5. maí 1898)	1865—1879
5.	*Egill Egilson*, verzlunarstjóri í Stykkishólmi, síðar í Reykjavík (f. 8. júlí 1829, d. 14. jan. 1896)	1881—1885
6.	*Árni Jónsson*, prestur á Borg, síðar á Hólmum (f. 9. júlí 1849)	1886—1891
7.	*Benedikt Kristjánsson*, fyr prófastur í Múla (f. 16. marz 1824, d. 6. des. 1903)	1893
8.	*Halldór Daníelsson*, bóndi í Langholti, fór 1900 til Ameríku (f. 6. júlí 1853)	1894—1899
9.	*Magnús Andrésson* (C. IX. 7)	1901—1907
10.	*Jón Sigurðsson*, bóndi á Haukagili (f. 13. des. 1871) . .	1909—1911
11.	*Magnús Andrésson* (9)	1912—1913
12.	*Jóhann Eyjólfsson*, bóndi í Sveinatungu (f. 13. jan. 1862)	1914

XIV. Snæfellsnessýsla.

1.	*Kristján Magnusen*, sýslumaður í Dalasýslu (f. 5. des. 1801, d. 3. júlí 1871)	*1845, 1849
2.	*Páll Melsted*, settur sýslumaður, síðar málaflutningsmaður og kennari (f. 13. nóv. 1812, d. 9. febr. 1910) . .	1. þjfm. 1851
3.	*Árni Böðvarsson*, prestur í Nesþingum, síðar prófastur á Eyri í Skutulsfirði (f. 24. okt. 1818, d. 25. apr. 1889)	2. þjfm. 1851
4.	*Hirikur Kúld*, prestur á Helgafelli, síðar prófastur í Stykkishólmi (f. 12. júní 1822, d. 19. júlí 1893) . . .	*1853—1857
5.	*Páll Melsted* (2)	1859—1863
6.	*Sveinn Nielsson*, prestur og síðar prófastur á Staðastað, síðar prestur á Hallormsstað (f. 14. ág. 1801, d. 17. jan. 1881)	1865—1867
7.	Ólafur *Daníel* Theodór *Thorlacius*, kaupmaður í Stykkishólmi, síðar í Reykjavík (f. 8. maí 1828, d. 31. ágúst 1904)	*1869
8.	*Egill Egilsen* (C. XIII. 5)	1871—1873
9.	*Þórður Þórðarson*, bóndi á Rauðkollsstöðum (f. 8. jan. 1828, d. 7. maí 1899)	1875—1879
10.	*Holger* Peter *Clausen*, kaupmaður í Stykkishólmi, síðar í Reykjavík (f. 1. ág. 1831, d. 29. maí 1901) . . .	1881—1885

11. *Sigurður Jónsson*, sýslumaður í Snæfellsnessýslu (f. 13. okt. 1851, d. 15. nóv. 1893) 1886
12. *Páll* Jakob *Briem*, málaflutningsmaður, síðar amtmaður (f. 19. okt. 1856, d. 17. des. 1904) . . . . . 1887—1891
13. *Jón Þorkelsson* (C. XI. 13) 1893
14. *Eiríkur Gíslason*, prestur á Staðastað, síðar prófastur á Stað (f. 14. marz 1857) . . . . . 1894—1899
15. *Lárus H. Bjarnason* (B. 45) . . . . . 1901—1907
16. *Sigurður Gunnarsson* (C. III. 12) . . . . . 1909—1911
17. *Halldór Steinsson*, læknir í Ólafsvík (f. 31. ág. 1873) . 1912—1913
18. *Sigurður Gunnarsson* (16) 1914

XV. Dalasýsla.

1. *Þorvaldur Sivertsen*, umboðsmaður í Hrappsey (f. 29. marz 1798, d. 30. apr. 1863) . . . . . 1845—1849
   2. þjfm. 1851
2. *Guðmundur Einarsson*, prestur á Kvennabrekku, síðar á Breiðabólsstað (f. 25. marz 1816, d. 31. okt. 1882) . . 1. þjfm. 1851
   1853—1857
3. *Indriði Gíslason*, bóndi á Hvoli (f. 14. jan. 1822, d. 10. maí 1898) . . . . . *1859—1863
4. *Jón Bjarnason*, bóndi í Ólafsdal, síðar á Óspakseyri (f. 4. jan. 1807, d. 1. marz 1892) . . . . . 1865—1867
5. *Guðmundur Einarsson* (2) . . . . . 1869—1881
6. *Jakob Guðmundsson*, (C. XI. 3) . . . . . 1883—1889
7. *Jens Pálsson* (C. X. 14) . . . . . 1891—1899
8. *Björn Bjarnarson*, sýslumaður í Dalasýslu (f. 23. des. 1853) . . . . . 1901—1907
9. *Bjarni Jónsson* frá Vogi, mag. í Reykjavík (f. 13. okt. 1863) . . . . . 1909—1914

XVI. Barðastrandarsýsla.

1. *Eyjólfur Einarsson*, bóndi í Svefneyjum (f. 1784, d. 26. okt. 1865) . . . . . 1845—1849
2. *Brynjólfur Benedictsen*, bóndi í Flatey (f. 30. des. 1807, d. 24. jan. 1870) . . . . . 1. þjfm. 1851
3. *Ólafur E. Johnsen*, prestur, síðar prófastur á Stað (f. 8. jan. 1809, d. 17. apr. 1885) . . . . . 2. þjfm. 1851
4. *Ólafur Sivertsen*, prófastur í Flatey (f. 24. maí 1790, d. 27. maí 1860) . . . . . 1853—1857
5. *Benedikt Þórðarson*, prestur á Brjánslæk, síðar í Selárdal (f. 30. júlí 1800, d. 9. des. 1882) . . . . . *1859—1863
6. *Eiríkur Kúld* (C. XIV. 4)[1] . . . . . 1865—1885

[1]) Varaþingmaður 1865—1867.

7.	*Sigurður Jensson*, prófastur í Flatey (f. 15. júní 1853) .	1886—1907
8.	*Björn Jónsson*, ritstjóri, síðar ráðherra (A. III. 2) . . .	1909—1912
9.	*Hákon* Jóhannes *Kristófersson*, bóndi í Haga (f. 20. apríl 1877)	1913—1914

XVII. Ísafjarðarsýsla.

1.	*Jón Sigurðsson*, skjalavörður í Kaupmannahöfn (f. 17. júní 1811, d. 7. des. 1879)[1]	1845—1849
		1. þjfm. 1851
		1853—1873
		1. þm. 1875—1879
2.	*Lárus* Michael *Johnsen*, prófastur í Holti, síðar prestur í Skarðsþingum (f. 10. okt. 1819, d. 12. jan. 1859) . .	2. þjfm. 1851
3.	*Stefán P. Stephensen*, prófastur í Holti, síðar prestur í Vatnsfirði (f. 24. jan. 1829, d. 14. maí 1900)	2. þm. 1875—1879
4.	*Þorsteinn Thorsteinsson*, kaupmaður og bakari á Ísafirði (f. 9. jan. 1835, d. 1888)	1. þm. 1881—1885
5.	*Þórður Magnússon*, bóndi í Hattardal, fór 1893 til Ameríku (f. 26. sept. 1829, d. 7. apr. 1896)	2. þm. 1881—1885
6.	*Sigurður Stefánsson*, prestur í Ögurþingum (f. 30. ágúst 1854)	1. þm. 1886—1891
		2. þm. 1893
		1. þm. 1894—1899
7.	*Gunnar Halldórsson*, bóndi í Skálavík (f. 8. okt. 1837, d. 12. júní 1894)	2. þm. 1886—1891
8.	*Skúli Thoroddsen*, sýslumaður, síðar ritstjóri í Reykjavík (f. 6. jan. 1859)	1. þm. 1893
		2. þm. 1894—1899
		1. þm. 1901—1902
9.	*Hannes Hafstein*, sýslumaður og bæjarfógeti, síðar ráðherra (A. III. 1)	2. þm. 1901
10.	*Sigurður Stefánsson* (6)	2. þm. 1902

XVIII. Vestur-Ísafjarðarsýsla.

1.	*Jóhannes Ólafsson*, trésmiður á Þingeyri, síðar póstafgreiðslumaður þar (f. 22. júlí 1859)	1903—1907
2.	*Kristinn Danielsson* (C. X. 15)	1909—1911
3.	*Matthías Olafsson*, kaupmaður á Þingeyri, síðar ráðunautur í Reykjavík (f. 25. júní 1857)	1912—1914

XIX. Ísafjarðarkaupstaður.

1.	*Sigurður Stefánsson* (C. XVII. 6)	1905—1914

[1]) Sat eigi á þingi 1855, 1861, 1863 og 1879.

XX. Norður-Ísafjarðarsýsla.

1.	*Skúli Thoroddsen* (C. XVII. 8)	1903—1914

XXI. Strandasýsla.

1.	*Ásgeir Einarsson*, bóndi í Kollafjarðarnesi, síðar á Þingeyrum (f. 23. júní 1809, d. 15. nóv. 1885)	1845—1849 1. þjfm. 1851 1853
2.	*Þórarinn Kristjánsson*, prófastur á Prestbakka, síðar prestur í Vatnsfirði (f. 8. nóv. 1816, d. 10. sept. 1883)	2. þjfm. 1851
3.	*Jón Pétursson* (B. 17)	*1855
4.	*Ásgeir Einarsson* (1)	1857—1863 *1865
5.	*Torfi Einarsson*, bóndi á Kleifum (f. 25. des. 1812, d. 21. des. 1877)	1867—1877
6.	*Björn Jónsson* (A. III. 2).	1879
7.	*Ásgeir Einarsson* (1, 4)	1881—1885
8.	*Páll Ólafsson*, prófastur á Prestbakka, síðar prófastur í Vatnsfirði (f. 20. júní 1850)	1886—1891
9.	*Guðjón Guðlaugsson*, bóndi á Ljúfustöðum, síðar kaupfélagsstjóri á Hólmavík (f. 13. des. 1857)	1893—1907
10.	*Ari Jónsson*, ritstjóri og síðar sýslumaður í Húnavatnssýslu (f. 7. júní 1872)	1909—1911
11.	*Guðjón Guðlaugsson* (9)	1912—1913
12.	*Magnús Pétursson*, læknir á Hólmavík (f. 16. maí 1881)	1914

XXII. Húnavatnssýsla.

1.	*Runólfur Magnús Ólsen*, umboðsmaður á Þingeyrum (f. 30. des. 1810, d. 13. maí 1860)	1845
2.	*Guðmundur Arnljótsson*, bóndi á Guðlaugsstöðum (f. 13. maí 1802, d. 2. febr. 1875)	*1847
3.	*Runólfur Magnús Ólsen* (1)	1849
4.	*Jósef Skaftason*, læknir á Hnausum (f. 28. maí 1802, d. 30. júní 1875)	1. þjfm. 1851
5.	*Sveinn Nielsson* (C. XIV. 6)	2. þjfm. 1851
6.	*Runólfur Magnús Ólsen* (1, 3)	1853, 1857
7.	*Ólafur Jónsson*, bóndi á Sveinsstöðum (f. 5. okt. 1811, d. 20. okt. 1873)	1859—1861
8.	*Jón Pálmason*, bóndi á Sólheimum, síðar í Stóradal (f. 11. júlí 1826, d. 9. okt. 1886)	*1863—1865
9.	*Páll J. Vidalín*, stúdent, bóndi í Víðidalstungu (f. 3. marz 1827, d. 20. okt. 1873)	1867—1869

10.	*Jón Kristjánsson*, prestur á Breiðabólstað (f. 17. maí 1812, d. 14. apr. 1887)	*1871
11.	*Páll J. Vidalín* (9)	1873
12.	*Ásgeir Einarsson* (C. XXI. 1)	1. þm. 1875—1879
13.	*Páll Pálsson*, bóndi í Dæli (f. 3. sept. 1832, d. 13. maí 1894)	2. þm. 1875—1879
14.	*Lárus* Þórarinn *Blöndal*, sýslumaður í Húnavatnssýslu (f. 16. nóv. 1836, d. 12. maí 1894)	1. þm. 1881—1885
15.	*Eiríkur Briem* (B. 39)	2. þm. 1881—1885 1. þm. 1886—1891
16.	*Þorleifur Jónsson*, ritstjóri, síðar póstafgreiðslumaður í Reykjavík (f. 26. apr. 1855)	2. þm. 1886—1891 1. þm. 1893 2. þm. 1894—1899
17.	*Björn Sigfússon*, bóndi í Grímstungum, síðar umboðsmaður á Kornsá (f. 22. júní 1849)	2. þm. 1893 1. þm. 1894—1899
18.	*Hermann Jónasson*, bóndi á Þingeyrum, síðar spítalaráðsmaður í Laugarnesi (f. 22. okt. 1858)	1. þm. 1901—1907
19.	*Jósafat Jónatansson*, bóndi á Holtastöðum (f. 18. ág. 1844, d. 19. okt. 1905)	2. þm. 1901—1902
20.	*Jón Jakobsson*, bókavörður, síðar landsbókavörður (f. 6. des. 1860)	2. þm. 1903—1907
21.	*Hálfdan Guðjónsson*, prófastur á Breiðabólsstað, síðar prestur á Sauðárkróki (f. 23. maí 1863)	1. þm. 1909—1911
22.	*Björn Sigfússon* (17)	2. þm. 1909—1911
23.	*Þórarinn Jónsson* (B. 43)	1. þm. 1912—1913
24.	*Tryggvi Bjarnason*, bóndi í Kothvammi (f. 19. júní 1869)	2. þm. 1912—1913
25.	*Guðmundur Hannesson*, prófessor í Reykjavík (f. 9. sept. 1865)	1. þm. 1914
26.	*Guðmundur Ólafsson*, bóndi í Ási (f. 13. okt. 1867)	2. þm. 1914

XXIII. Skagafjarðarsýsla.

1.	*Jón Samsonarson*, bóndi í Keldudal (f. 1. sept. 1794, d. 7. des. 1859)	1845—1849
2.	*Stefán Jónsson*, umboðsmaður á Syðri-Reistará, síðar á Steinsstöðum (f. 24. sept. 1802, d. 11. okt. 1890)	þjfm. 1851
3.	*Jón Samsonarson* (1)	1853—1857
4.	*Gísli Brynjólfsson*, síðar háskólakennari í Kaupmannahöfn (f. 3. sept. 1827, d. 29. maí 1888)	1859—1863
5.	*Ólafur Sigurðsson*, bóndi og síðar umboðsmaður í Ási (f. 19. sept. 1822, d. 11. júlí 1908)	1865—1867
6.	*Davíð Guðmundsson*, prestur á Felli, síðar prófastur á Möðruvallaklaustri (f. 15. júní 1834, d. 27. sept. 1905)	1869—1873

7.	*Jón* Auðun *Blöndal*, kaupstjóri á Grafarósi (f. 7. nóv. 1825, d. 3. júní 1878)[1]	1. þm.	1875—1877
8.	*Einar* Baldvin *Guðmundsson*, bóndi á Hraunum, síðar í Haganesvík (f. 4. sept. 1841, d. 29. jan. 1910)	2. þm.	1875—1877
9.	*Friðrik* Sigurður *Stefánsson*, bóndi, síðar í Málmey (f. 30. ág. 1840)	1. þm.	1879—1885
		2. þm.	1886—1891
10.	*Jón Jónsson*, landritari í Reykjavík (f. 23. apr. 1841, d. 4. jan. 1883)	2. þm.	1879—1881
11.	*Gunnlaugur Briem*, verzlunarstjóri í Hafnarfirði (f. 18. ág. 1847, d. 24. ág. 1897)	2. þm.	1883—1885
12.	*Ólafur Briem*, bóndi á Álfgeirsvöllum, síðar umboðsmaður (f. 28. jan. 1851)	1. þm.	1886—1914
13.	*Jón Jakobsson* (C. XXII. 20)	2. þm.	1893—1899
14.	*Stefán Stefánsson* (B. 46)	2. þm.	1901—1907
15.	*Jósef* Jón *Björnsson*, kennari, bóndi á Vatnsleysu (f. 26. nóv. 1859)	2. þm.	1909—1914

XXIV. Eyjafjarðarsýsla.

1.	*Stefán Jónsson* (C. XXIII. 2)		1845—1849
2.	*Eggert* Ólafur *Briem*, sýslumaður, síðar í Skagafjarðarsýslu (f. 15. okt. 1811, d. 11. marz 1894)	1. þjfm.	1851
3.	*Ólafur Briem*, bóndi á Grund (f. 29 nóv. 1808, d. 15. jan. 1859)	2. þjfm.	1851
4.	*Stefán Jónsson* (1)		1853—1873
5.	*Einar Ásmundsson*, bóndi og umboðsmaður í Nesi (f. 20. júní 1828, d. 19. okt. 1893)	1. þm.	1875—1879
		2. þm.	1881—1885
6.	*Snorri Pálsson*, verzlunarstjóri á Siglufirði (f. 4. febr. 1840, d. 13. febr. 1883)	2. þm.	1875—1879
7.	*Arnljótur Ólafsson* (B. 30)	1. þm.	1881—1885
8.	*Jón Sigurðsson*, bóndi og umboðsmaður á Gautlöndum (f. 11. mai 1828, d. 26. júní 1889)	1. þm.	1886—1887
9.	*Benedikt Sveinsson* (B. 19)	2. þm.	1886—1891
10.	*Skúli Thoroddsen* (C. XVII. 8)	1. þm.	1891
11.	*Klemens Jónsson*, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri, síðar landritari (f. 27. ág. 1862)[2]	1. þm.	1893—1903
12.	*Jón Jónsson*, frá Múla (C. II. 1)	2. þm.	1893—1899
13.	*Stefán* Baldvin *Stefánsson*, bóndi í Fagraskógi (f. 29. júní 1863)	2. þm.	1901—1902

[1]) Sat eigi á þingi 1875.
[2]) Sat eigi á þingi 1894.

14.	*Hannes Hafstein* (A. III. 1)	2. þm. 1903
		1. þm. 1905—1911
		2. þm. 1912—1913
		1. þm 1914
15.	*Stefán Stefánsson* (13)	2. þm. 1905—1911
		1. þm. 1912—1313
		2. þm. 1914

XXV. Akureyrarkaupstaður.

1.	*Magnús* Júlíus *Kristjánsson*, kaupmaður á Akureyri (f. 18. apr. 1862).	1905—1907
2.	*Sigurður* Jón *Hjörleifsson*, ritstjóri, síðar læknir á Eskifirði (f. 13. júní 1862)	1909—1911
3.	*Guðlaugur Guðmundsson* (C. VI. 5)	1912
4.	*Magnús Kristjánsson* (1)	1913—1914

XXVI. Þingeyjarsýsla.

1.	*Benedikt Kristjánsson* (C. XIII. 7)	1. þm. 1875—1879
2.	*Jón Sigurðsson* (C. XXIV. 8)	2. þm 1875—1879

XXVII. Suður-Þingeyjarsýsla.

1.	*Þorsteinn Pálsson*, prestur á Hálsi (f. 28. maí 1806, d. 27. júní 1873)	1845—1847
2.	*Jón Jónsson*, bóndi á Múnkaþverá, síðar umboðsmaður á Árbakka (f. 13. marz 1804, d. 22. jan. 1859) . . .	1849
		1. þjfm. 1851
3.	*Jón Jónsson*, bóndi á Grænavatni, síðar á Lundarbrekku (f. 4. marz 1816, d. 22. maí 1866)	2. þjfm. 1851
4.	*Jón Kristjánsson* (C. XXII. 10)	1853—1857
5.	*Jón Sigurðsson* (C. XXIV. 8).	1859—1873
		1881—1885
6.	*Benedikt Kristjánsson* (C. XIII. 7).	1886—1891
7.	*Einar Ásmundsson* (C. XXIV. 5)	1893
8.	*Pétur Jónsson*, bóndi og síðar umboðsmaður á Gautlöndum (f. 28. ág. 1858)	1894—1914

XXVIII. Norður-Þingeyjarsýsla.

1.	*Jakob Pétursson*, bóndi og umboðsmaður á Breiðumýri (f. 1790, d. 17. júní 1885).	1845—1849
2.	*Björn Jónsson*, síðar ritstjóri á Akureyri (f. 14. maí 1802, d. 20. júní 1886)	1. þjfm. 1851

3.	*Björn Halldórsson*, cand. theol., síðar prestur og prófastur í Laufási (f. 4. nóv. 1823, d. 19. des. 1882) . . .	2. þjfm. 1851
4.	*Jón Jónsson* (C. XXVII. 2)	1853—1855
5.	*Sveinn Skúlason*, ritstjóri á Akureyri, síðar prestur á Kirkjubæ (f. 12. júní 1824, d. 21. maí 1888)	1859—1867
6.	*Tryggvi Gunnarsson* (C. III. 8)	1869
7.	*Erlendur Gottskálksson*, bóndi á Ási í Kelduhverfi, síðar í Garði (f. 24. júlí 1818, d. 19. júní 1894)	*1871—1873
8.	*Benedikt Kristjánsson* (C. XIII. 7).	1881—1885
9.	*Jón Jónsson* frá Múla (C. II. 1)	1886—1891
10.	*Benedikt Sveinsson* (B. 19)[1]	1893—1899
11.	*Árni Jónsson* (C XIII. 6)	1902—1907
12.	*Benedikt Sveinsson*, ritstjóri í Reykjavík (f. 2. des. 1877)	1909—1914

D.

Alþingismannatal í stafrófsröð 1845—1914.

Með tilvitnunum í A, B og C hér að framan og E og F hér að aftan.

Ágúst Flygenring, kaupmaður í Hafnarfirði, B. 42.

Ari Brynjólfsson, bóndi á Þverhamri, C: III. 15.

Ari Jónsson, sýslumaður í Húnavatnssýslu, C: XXI. 10.

Árni Böðvarsson, prófastur á Eyri í Skutulsfirði, C: XIV. 3; E: II. 9.

Árni Einarsson, bóndi á Vilborgarstöðum, C: VII. 3.

Árni Helgason, stiftprófastur í Görðum, C: XI. 1.

Árni Jónsson, prestur á Hólmum, C: XIII. 6, XXVIII. 11; E: VIII. 14.

Árni Thorsteinsson, landfógeti í Reykjavík, B: 26; E: III. 5, V. 3.

Arnljótur Ólafsson, prestur á Sauðanesi, B: 30; C: I. 10, XII. 4, XXIV. 7.

Ásgeir Einarsson, bóndi á Þingeyrum, C: XXI. 1. 4. 7, XXII. 12.

Axel V. Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, C: III. 14.

Benedikt Kristjánsson, prófastur í Múla, C: XIII. 7, XXVI. 1, XXVII. 6, XXVIII. 8; E: III. 7, V. 4, VI. 4.

Benedikt Sveinsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, B. 19; C: I. 12, IX. 5, XXIV. 9, XXVIII. 10; E: III. 6, VII. 4.

Benedikt Sveinsson, ritstjóri í Reykjavík, C: XXVIII. 12.

Benedikt Þórðarson, prestur í Selárdal, C: XVI. 5; E. II. 15.

Bergur Thorberg, landshöfðingi, A. II. 2; B. 20; E: II. 3, V. 2, VI. 2.

Bjarni Johnson, rektor í Reykjavík, B. 16.

[1]) Arnljótur Ólafsson (B. 30) var kosinn þingmaður 1900, en mætti eigi á þingi 1901.

Bjarni Jónsson frá Vogi, mag. í Reykjavík, C: XV. 9; E: VIII. 17.
Bjarni Thorsteinsson, amtmaður, B. 1; E: I. 1.
Björn Bjarnarson, sýslumaður í Dalasýslu, C: XV. 8.
Björn Bjarnarson, bóndi í Grafarholti, C: XII. 8. 10.
Björn Blöndal, sýslum. í Húnavatnssýslu, B. 5.
Björn Halldórsson, prófastur í Laufási, C: XXVIII. 3; E: II. 6.
Björn Hallsson, bóndi á Rangá, C: I. 22.
Björn Jónsson, ritstjóri á Akureyri, C: XXVIII. 2.
Björn Jónsson, f. ráðherra, A. III. 2; C: XVI. 8, XXI. 6; E: III. 11, VIII. 4.
Björn Kristjánsson, bankastjóri í Reykjavík, C: X. 12.
Björn M. Ólsen, dr. phil., prófessor í Reykjavík, B. 40; E: VI. 16.
Björn Pétursson, bóndi frá Gíslastöðum, C: III. 5. 7.
Björn Sigfússon, umboðsmaður á Kornsá, C: XXII. 17. 22.
Björn Þorláksson, prestur á Dvergasteini, B. 47; C: II. 2; E: VI. 19, VIII. 19.
Bogi Th. Melsted, mag. í Kaupmannahöfn, C: IX. 9.
Brynjólfur Benedictsen, bóndi í Flatey, C: XVI. 2.
Brynjólfur Jónsson, prestur í Vestmannaeyjum, C: VII. 2. 4; E: II. 13.
Daníel Thorlacius, kaupmaður í Stykkishólmi, C: XIV. 7.
Davíð Guðmundsson, prófastur á Hofi, C: XXIII 6.
Eggert Benediktsson, bóndi í Laugardælum, C: IX. 13.
Eggert Briem, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, C: XXIV. 2.
Eggert Gunnarsson, umboðsmaður, C: I. 9.
Eggert Pálsson, prestur á Breiðabólstað, C: VIII. 14; E: IV. 14, VI. 15, VIII. 18.
Eggert Th. Jónassen, amtmaður, B. 32.
Egill Egilson, kaupmaður í Reykjavík, C: XIII. 5, XIV 8.
Einar Arnórsson, prófessor í Reykjavík, C: IX. 17; E: IV. 17.
Einar Ásmundsson, umboðsmaður í Nesi, C: XXIV. 5, XXVII. 7.
Einar Gíslason, bóndi á Höskuldsstöðum, C: III. 9.
Einar B. Guðmundsson, bóndi á Hraunum, C: XXIII. 8.
Einar Jónsson, prófastur á Hofi, C: I. 15. 21; E: VIII. 12.
Einar Jónsson, bóndi á Geldingalæk, C: VIII. 17.
Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, C: I. 13.
Einar Þórðarson, prestur á Desjarmýri, C: I.[1])
Eiríkur Briem, prófessor, B. 39; C: XXII. 15; E: III. 8, IV. 4, VIII. 5.
Eiríkur Gíslason, prófastur á Stað, C: XIV. 14.
Eiríkur Kúld, prófastur í Stykkishólmi, C: XIV. 4, XVI. 6; E: II. 12, IV. 2. VI. 5, VIII. 7.
Erlendur Gottskálksson, bóndi í Ási, C: XXVIII. 7.
Eyjólfur Einarsson, bóndi í Svefneyjum, C: XVI. 1.
Friðrik Stefánsson, bóndi í Málmey, C: XXIII. 9.
Gísli Brynjólfsson, háskólakennari í Kaupmannahöfn, C: XXIII. 4.
Gísli Magnússon, kennari í Reykjavík, C: IX. 3
Grímur Thomsen, dr. phil., bóndi á Bessastöðum, C: VIII. 6, X. 8, XII. 7; E: VII. 3.
Guðjón Guðlaugsson, kaupfélagsstjóri á Hólmavík, C: XXI. 9. 11.
Guðlaugur Guðmundsson, sýslumaður á Akureyri, C: VI. 5, XXV. 3; E: IV. 8, VIII. 13.
Guðmundur Arnljótsson, bóndi á Guðlaugsstöðum, C: XXII. 2.
Guðmundur Björnsson, landlæknir, B. 48; C: XI. 12; E: IV. 13.
Guðmundur Brandsson, bóndi í Landakoti, C: X. 2. 4.
Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, C: III. 19.
Guðmundur Einarsson, prestur á Breiðabólstað, C: XV. 2. 5; E: II. 10, VIII. 2.
Guðmundur Hannesson, prófessor í Reykjavík, C: XXII. 25; E: VIII. 21.
Guðmundur Ólafsson, bóndi á Fitjum, C: XII. 6.
Guðmundur Ólafsson, bóndi í Ási, C: XXII. 26.
Gunnar Halldórsson, bóndi í Skálavík, C: XVII. 7.
Gunnar Ólafsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, C: VI. 6.

[1]) Sjá leiðréttingar að aftan (bls. 32).

Gunnlaugur Briem, verzlunarstjóri í Hafnarfirði, C: XXIII. 11.
Guttormur Vigfússon, bóndi á Arnheiðarstöðum, C: I. 2.
Guttormur Vigfússon, bóndi í Geitagerði, C: III. 13.
Hákon Kristófersson, bóndi í Haga, C: XVI. 9.
Hálfdan Guðjónsson, prestur á Sauðárkrókki, C: XXII. 21.
Halldór Daníelsson, bóndi frá Langholti, C: XIII. 8.
Halldór Kr. Friðriksson, yfirkennari, B. 21; C: XI. 5. 7. 9; E: II. 14, IV. 1, VIII. 1.
Halldór Jónsson, prófastur á Hofi, B. 6; C: I. 5. 7; E: I. 7, II. 3.
Halldór Steinsson, læknir í Ólafsvík, C: XIV. 17.
Hallgrímur Jónsson, prófastur á Hólmum, C: III. 3.
Hallgrímur Jónsson, bóndi í Guðrúnarkoti, C: XII. 5.
Hallgrímur Sveinsson, biskup, B. 29. 35; E: III. 10, VI. 7.
Hannes Hafstein, f. ráðherra, í Reykjavík, A: III. 1; C: XVII. 9, XXIV. 14; E: III. 13.
Hannes Stephensen, prófastur á Ytra-Hólmi. C: XII. 1; E: I. 5.
Hannes Þorsteinsson, skjalavörður í Reykjavík, C: IX. 11; E: IV. 11, VII. 9.
Helgi Hálfdanarson, lektor prestaskólans, C: VII. 6, X. 5.
Helgi Helgason, bóndi í Vogi, C: XIII. 1.
Helgi Thordersen, biskup, B. 4.
Hermann Jónasson, f.spítalaráðsm., C: XXII. 18.
Hjálmur Pétursson, bóndi frá Norðtungu, C: XIII. 4.
Hjörtur Snorrason, bóndi á Skeljabrekku, C: XII. 13.
Holger Clausen, kaupmaður í Reykjavík, C: XIV. 10.
Indriði Einarsson, skrifstofustjóri í Reykjavík, C: VII. 9.
Indriði Gíslason, bóndi á Hvoli, C: XV. 3.
Ísleifur Gíslason, prestur í Arnarbæli, C: VIII. 8; E. IV. 3, VIII. 3.
Jakob Guðmundsson, prestur á Kvennabrekku, C: XI. 3, XV. 6; E: VI. 9.
Jakob Pétursson, umboðsmaður á Breiðumýri, C: XXVIII. 1.
Jens Pálsson, prófastur í Görðum, C: X. 14, XV. 7; E: V. 7.
Jens Sigurðsson, rektor í Reykjavík, C: X. 3.
Jóhann Briem, prófastur í Hruna, C: IX. 2.
Jóhann Eyjólfsson, bóndi í Sveinatungu, C: XIII. 12.
Jóhannes Jóhannesson, sýslumaður og bæjarfógeti á Seyðisfirði, C: I. 16. 19; E. IV. 9.
Jóhannes Ólafsson, póstafgreiðslumaður á Þingeyri, C: XVIII. 1.
Jón Bjarnason, bóndi á Óspakseyri, C: XV. 4.
Jón Blöndal, kaupfélagsstjóri í Grafarósi, C: XXIII. 7.
Jón Guðmundsson, ritstjóri í Reykjavík, C: IV. 1, VI. 1; E. I. 6, II. 1.
Jón Hávarðsson, prestur í Heydölum, C: III. 4.
Jón Hjaltalín, dr. med., landlæknir, B. 18.
Jón A. Hjaltalín, skólastjóri á Akureyri, B. 33; E: VI. 10.
Jón Jakobsson, landsbókavörður í Reykjavík, C: XXII. 20, XXIII. 13; E: VI. 12.
Jón Jensson, yfirdómari, C; XI. 10; F. 7.
Jón Johnsen, bæjarfógeti í Álaborg, C: IX. 1.
Jón Jónatansson, ritstjóri á Ásgautsstöðum, C: IX. 16.
Jón Jónsson, umboðsmaður á Árbakka, C: XXVII. 2, XXVIII. 4.
Jón Jónsson, bóndi á Lundarbrekku, C: XXVII. 3.
Jón Jónsson, umboðsmaður í Vík, C: VI. 3.
Jón Jónsson, landritari, C: XXIII. 10.
Jón Jónsson, prófastur á Stafafelli, C: V. 2. 4.
Jón Jónsson, bóndi frá Sleðbrjót, C: I. 14. 18.
Jón Jónsson frá Múla, umboðsmaður kaupfélaga, C: II. 1, III. 17, XXIV. 12, XXVIII. 9.
Jón Jónsson, háskólakennari í Reykjavík, C: XI. 16; E: VIII. 20.
Jón Jónsson, bóndi á Hvanná C: I. 20. 23.
Jón Kristjánsson, prestur á Breiðabólsstað, C: XXII. 10, XXVII. 4.
Jón Magnússon, bæjarfógeti í Reykjavík, C: VII. 12, XI. 18; E: III. 14, VIII. 15.
Jón Ólafsson, rithöfundur í Reykjavík, B. 41; C: III. 10. 18; E: IV. 15, VI. 8, VIII. 16.
Jón Pálmason, bóndi á Stóradal, C: XXII. 8.
Jón Pétursson, háyfirdómari í Reykjavík, B. 17; C: XXI. 3.

Jón Samsonarson, bóndi í Keldudal, C: XXIII. 1. 3.
Jón Sigurðsson, bóndi á Haugum, C: XIII. 2.
Jón Sigurðsson, skjalavörður í Kaupmannahöfn, C: XVII. 1; E. I. 3, III. 1, VII. 1.
Jón Sigurðsson, umboðsmaður á Gautlöndum, C: XXIV. 8, XXVI. 2, XXVII. 5; E. VII. 2.
Jón Sigurðsson, bóndi á Haukagili. C: XIII. 10.
Jón Thorstensen, landlæknir, B. 7; C: XI. 4.
Jón Þórarinsson, umsjónarmaður fræðslumála, C: X. 10; E: VIII. 8.
Jón Þórðarson, bóndi í Eyvindarmúla, C: VIII. 2.
Jón Þorkelsson, dr. phil., landsskjalavörður, C: XI. 13, XIV. 13; F. 8.
Jónas Jónassen, landlæknir, B. 38; C: XI. 8.
Jósafat Jónatansson, bóndi á Holtastöðum, C: XXII. 19.
Jósef Björnsson, kennari, bóndi á Vatnsleysu, C: XXIII. 15.
Jósef Skaftason, læknir á Hnausum, C: XXII. 4.
Júlíus Havsteen, amtmaður, B. 31, 37; E: V. 5.
Jörgen Peter Havsteen, amtmaður, B. 13.
Karl Einarsson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, C: VII. 13.
Karl Finnbogason, kennari á Seyðisfirði, C: II. 4.
Klemens Jónsson, landritari, C: XXIV. 11; E: VII. 7, VIII. 11.
Kolbeinn Árnason, bóndi á Hofsstöðum, C: XII. 3.
Kristinn Daníelsson, prófastur á Útskálum, C: X. 15, XVIII. 2; E: III. 15. VI. 17.
Kristján Christiansson, amtmaður, B. 9; C: XI. 2; E: II. 5.
Kristján Jónsson, háyfirdómari, A: III. 3; B. 34; C: XII. 12; E: V. 6; F. 2.
Kristján Magnusen, sýslumaður í Dalasýslu, C: XIV. 1.
Lárus H. Bjarnason, prófessor í Reykjavík, B. 45; C: XI. 15, XIV. 15; E: IV. 12.
Lárus Blöndal, sýslumaður í Húnavatnssýslu, C: XXII. 14.
Lárus Halldórsson, fríkirkjuprestur í Reykjavík, C: III. 11; E: IV. 6.
Lárus M. Johnsen, prestur í Skarðsþingum, C: XVII. 2.
Lauritz E. Sveinbjörnsson, háyfirdómari, B. 28; F. 4.
Magnús Andrésson, bóndi í Langholti, C: IX. 4.
Magnús Andrésson, prófastur á Gilsbakka, C: IX. 7, XIII. 9. 11; E: VII. 10, VIII. 6; F. 3.
Magnús Austmann, bóndi í Nýjabæ, C: VII. 1.
Magnús Blöndahl, umboðssali í Reykjavík, C: XI. 14.
Magnús Gíslason, bóndi á Hrafnabjörgum, C: XIII. 3.
Magnús Jónsson, kaupmaður í Bráðræði, C: XI. 6.
Magnús Kristjánsson, kaupmaður á Akureyri C: XXV. 1. 4.
Magnús Pétursson, læknir í Hólmavík, C: XXI. 12.
Magnús Stephensen, sýslumaður í Rangárvallasýslu, C: VIII. 4.
Magnús Stephensen, landshöfðingi, A: II. 3; B. 25; C: VIII. 16; E: III. 4, VI. 3, VII. 8; F. 1.
Magnús Torfason, sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, C: VIII. 13.
Matthías Ólafsson, ráðunautur í Reykjavík, C: XVIII. 3.
Ólafur Briem, bóndi á Grund, C: XXIV. 3.
Ólafur Briem, umboðsmaður á Álfgeirsvöllum, C: XXIII. 12; E: III. 9, VII. 11.
Ólafur F. Davíðsson, verzlunarstjóri á Ísafirði, C: I. 17.
Ólafur E. Johnsen, prófastur á Stað, C: XVI. 3.
Ólafur Jónsson, bóndi á Sveinsstöðum, C: XXII. 7.
Ólafur Ólafsson, fríkirkjuprestur í Reykjavík, C: V. 5, VIII. 11, IX. 14; E: IV. 10, VI. 13.
Ólafur Pálsson, prófastur á Melstað, B. 22; E: VI. 1.
Ólafur Pálsson, umboðsmaður á Höfðabrekku, C: VI. 4.
Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður í Ási, C: XXIII. 5.
Ólafur Sívertsen, prófastur í Flatey, C: XVI. 4.
Ólafur Thorlacius, læknir í Búlandsnesi, C: III. 16.
Páll Briem, amtmaður, C: XIV. 12; F. 5.
Páll Melsted, amtmaður, A: I. 2; B. 8. 12; E: I. 4.

Páll Melsted, kennari í Reykjavík, C: XIV. 2. 5; E: II. 7.
Páll Ólafsson, skáld, umboðsmaður, C: I. 6. 8.
Páli Ólafsson, prófastur í Vatnsfirði, C: XXI. 8; E: VIII. 9.
Páll Pálsson, prófastur á Hörgsdal, C: IV. 2.
Páll Pálsson, bóndi í Dæli, C: XXII. 13.
Páll Pálsson, prestur í Þingmúla, C: IV. 3; VI. 2.
Páll Sigurðsson, bóndi í Árkvörn, C: VIII. 3;
Páll J. Vídalín, bóndi í Víðidalstungu, C: XXII. 9. 11.
Pétur Guðjohnsen, organleikari í Reykjavík, C: X. 6.
Pétur Jónsson, umboðsmaður á Gautlöndum, C: XXVII. 8.
Pétur Pétursson, biskup, B. 10; E: III. 2, V. 1.
Rannólfur Magnús Ólsen, umboðsmaður á Þingeyrum, C: XXII. 1. 3. 6; E: II. 4.
Sigfús Arnason, bóndi frá Löndum, C: VII. 10.
Sighvatur Árnason, bóndi í Eyvindarholti, C: VIII. 5. 7. 15.
Sigurður Brynjólfsson, bóndi í Múla, C: III. 2.
Sigurður Eggerz, ráðherra, A: III. 4; C: VI. 7.
Sigurður Gunnarsson, prófastur á Hallormsstað, C: I. 3, III. 6.
Sigurður Gunnarsson, prófastur í Stykkishólmi, C: III. 12, XIV. 16. 18.
Sigurður Hjörleifsson, læknir á Eskifirði, C: XXV. 2
Sigurður Jensson, prófastur í Flatey, C: XVI. 7; E: VI. 14, VIII. 10.
Sigurður Jónsson, sýslumaður í Stykkishólmi, C: XIV. 11.
Sigurður Melsted, lektor prestaskólans, B. 24. 27; E: VI. 6.
Sigurður Sigurðsson, ráðunautur í Reykjavík, C: IX. 12. 15.
Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur, C: XVII. 6. 10, XIX. 1; E: IV. 7.
Skúli Thorarensen, læknir á Móeiðarhvoli, C: VIII. 1.
Skúli Thoroddsen. fyrv. sýslumaður, ritstjóri í Reykjavík, C: XVII. 8, XX. 1, XXIV. 10; E: III. 12.
Skúli Þorvarðsson, bóndi í Austurey, C: VIII. 9, IX. 8.
Snorri Pálsson, verzlunarstjóri á Siglufirði, C: XXIV. 6.
Stefán Eiríksson, bóndi í Árnanesi, C: IV. 4, V. 1.
Stefán Jónsson, umboðsmaður á Steinsstöðum, C: XXIII. 2, XXIV. 1. 4.
Stefán Stefánsson, bóndi í Fagraskógi, C: XXIV. 13. 15.
Stefán Stefánsson, skólameistari á Akureyri, B. 46; C: XXIII. 14; E: V. 8.
Stefán P. Stephensen, prófastur í Vatnsfirði, C: XVII. 3.
Stefán Thordersen, prestur í Vestmannaeyjum, C: VII. 5.
Steingrímur Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, B. 44; E: VI. 18.
Sveinbjörn Hallgrímsson, prestur í Glæsibæ, C: XII. 2.
Sveinn Björnsson, yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík, C: XI. 17.
Sveinn Eiríksson, prestur í Ásum, C: V. 3.
Sveinn Níelsson, prófastur á Staðastað, C: XIV. 6, XXIII. 5.
Sveinn Skúlason, prestur á Kirkjubæ, C: XXVIII. 5.
Sveinn Sveinsson, bóndi í Vestdal, C: III. 1.
Torfi Einarsson, bóndi á Kleifum, C: XXI. 5.
Tryggvi Bjarnason, bóndi í Kothvammi, C: XXII. 24.
Tryggvi Gunnarsson, fv. bankastjóri í Reykjavík, C: III. 8, IX. 10, XI. 11, XXVIII. 6.
Valtýr Guðmundsson, dr. phil., háskólakennari í Kaupmannahöfn, C: II. 3, VII. 11, X. 13.
Vilhjálmur Finsen, dr. jur., hæstaréttardómari, B. 14; E: II. 11.
Vilhjálmur Oddsen, bóndi á Hellisfjörubökkum, C: I. 4.
Þórarinn Benediktsson, bóndi á Gilsárteigi, C: III. 20.
Þórarinn Böðvarsson, prófastur í Görðum, C: X. 7; E: VII. 5.
Þórarinn Jónsson, bóndi á Hjaltabakka, B. 43; C: XXII. 23.
Þórarinn Kristjánsson, prestur í Vatnsfirði, C: XXI. 2; E: II. 8.
Þórður Guðmundsson, sýslumaður í Árnessýslu, B: 11. 15.
Þórður Guðmundsson, bóndi í Hala, C: VIII. 12.
Þórður Jónasson, háyfirdómari, A: I. 4; B. 3. 23; E: II. 2.
Þórður Magnússon, bóndi frá Hattardal, C: XVII. 5.

Þórður Sveinbjörnsson, háyfirdómari, B. 2; E: I. 2.
Þórður J. Thoroddsen, læknir, C: X. 11.
Þórður Þórðarson, bóndi á Rauðkollsstöðum, C: XIV. 9.
Þorgrímur Tómasson, bóndi og skólaráðsmaður á Bessastöðum, C: X. 1.
Þorgrímur Þórðarson, læknir í Keflavík, C: V. 6.
Þórhallur Bjarnarson, biskup, C: XII. 9. 11; E: VII. 6.
Þorkell Bjarnason, prestur á Reynivöllum, B. 36; C: X. 9.
Þorlákur Guðmundsson, bóndi í Eskihlíð, C: IX. 6.
Þorleifur Jónsson, póstafgreiðslumaður í Reykjavík, C: XXII. 16; E: IV. 5, VI. 11.
Þorleifur Jónsson, bóndi í Hólum, C: V. 7.
Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Hreimsstöðum, C: I. 1.
Þorsteinn Jónsson, bóndi í Nýjabæ, C: VII. 7.
Þorsteinn Jónsson, læknir í Vestmannaeyjum, C: VII. 8.
Þorsteinn Pálsson, prestur á Hálsi, C: XXVII. 1.
Þorsteinn Thorsteinsson, kaupmaður og bakari á Ísafirði, C: XVII. 4.
Þorvaldur Björnsson, bóndi á Þorvaldseyri, C: VIII. 10.
Þorvaldur Sivertsen, umboðsmaður í Hrappsey, C: XV. 1.
Þorvarður Kjerúlf, læknir, C: I. 11.

E.

Embættismenn Alþingis 1845—1914.[1]

Með »tilskipun um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing«, frá 8. marz 1843, var lögákveðið óskift þing. (Sbr. fyrirmæli 48.—53. gr. tilsk. um forseta og skrifara þingsins). Sú skipun hélst til þess, er Kristján konungur hinn níundi gaf 5. janúar 1874 stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands. Þá varð sú breyting á Alþingi lögboðin, auk þess, er þingmönnum var fjölgað um 9, að því skyldi skift í tvær deildir, efri deild og neðri deild, og að báðar deildirnar gæti myndað eina málstofu, sameinað þing, er nauðsyn bæri til. Í 15. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæðin um deildaskiftinguna, og í 28. gr. eru ákvæðin um sameinað þing.

Þessi skifting þingsins kom að sjálfsögðu til framkvæmda 1. júlí 1875, er löggjafarvald þess hófst. —

Af þessum ástæðum verður eðlilega að greina forseta og skrifara þingsins 1845—1873 frá forsetum og skrifurum þess 1875—1914, eins og gert er hér að neðan.

---

[1]) Þó að lagt hafi verið til grundvallar um skrá þessa, að hafa hana beinlínis eftir tímaröð, þá hefir verið frá því vikið allvíða, til þess að þurfa ekki að endurtaka nöfn embættismanna. Sést þetta þegar á forsetatali 1845—1873, þar sem talinn er Jón Sigurðsson (I. 3). Hefði tímaröðinni verið haldið að öllu leyti, þá hefði þurft að tilfæra nafn hans þrem sinnum oftar, við árið 1853, 1857 og 1865. — Fæðingardaga og ár embættismanna þingsins, svo og dánardaga og ár þeirra, sem látnir eru, má sjá með því að finna nöfn þeirra í skránni D (Alþingismannatal eftir stafrófsröð 1845—1914). Þar sem sú skrá bendir til, að þeir sé fyrst nefndir, þar er þær upplýsingar að finna.

I. Forsetar Alþingis 1845—1873.

1.	Bjarni Thorsteinsson	1845
2.	Þórður Sveinbjörnsson	1847
3.	Jón Sigurðsson	1849, 1853, 1857 og 1865—1873
4.	Páll Melsted, amtmaður	1851
5.	Hannes Stephensen	1855
6.	Jón Guðmundsson	1859—1861
7.	Halldór Jónsson	1863

II. Skrifarar Alþingis 1845—1873.

1.	Jón Guðmundsson	1845
2.	Þórður Jónasson	1845—1847
3.	Halldór Jónsson	1847
4.	Runólfur M. Ólsen	1849, 1857
5.	Kristján Christiansson	1849
6.	Björn Halldórsson	1851
7.	Páll Melsted, sagnfræðingur	1851, 1859
8.	Þórarinn Kristjánsson	1851
9.	Árni Böðvarsson	1851
10.	Guðmundur Einarsson	1853—1857
11.	Vilhjálmur Finsen	1853
12.	Eiríkur Kúld	1855 og 1865—1873
13.	Brynjólfur Jónsson	1859, 1863
14.	Halldór Kr. Friðriksson	1861 og 1865—1873
15.	Benedikt Þórðarson	1861—1863

III. Forsetar sameinaðs Alþingis 1875—1914.

1.	Jón Sigurðsson	1875—1877
2.	Pétur Pétursson	1879
3.	Bergur Thorberg	1881
4.	Magnús Stephensen	1883
5.	Árni Thorsteinsson	1885
6.	Benedikt Sveinsson	1886—1887 og 1893—1894
7.	Benedikt Kristjánsson	1889
8.	Eiríkur Briem	1891 og 1901—1907
9.	Ólafur Briem	1895

10. Hallgrímur Sveinsson . . . . . 1897—1899
11. Björn Jónsson 1909
12. Skúli Thoroddsen . . . . . 1909—1911
13. Hannes Hafstein 1912
14. Jón Magnússon . . . . . 1912—1913
15. Kristinn Daníelsson 1914

IV. Skrifarar sameinaðs Alþingis 1875—1914.

1. Halldór Kr. Friðriksson 1875
2. Eiríkur Kúld . . . . . 1875—1885
3. Ísleifur Gíslason . . . . . 1877—1879
4. Eiríkur Briem . . . . . 1881—1885
   og 1887
5. Þorleifur Jónsson . . . . . 1886—1894
   og 1897—1899
6. Lárus Halldórsson 1886
7. Sigurður Stefánsson . . . . . 1889—1899
   1909—1912
   og 1914
8. Guðlaugur Guðmundsson 1895
9. Jóhannes Jóhannesson 1901
   og 1912—1913
10. Ólafur Ólafsson 1901
11. Hannes Þorsteinsson . . . . . 1902—1907
12. Lárus H. Bjarnason . . . . . 1902—1903
13. Guðmundur Björnsson . . . . . 1905—1907
14. Eggert Pálsson 1909
15. Jón Ólafsson 1911
16. Ólafur Briem 1913
17. Einar Arnórsson 1914

V. Forsetar efri deildar 1875—1914.

1. Pétur Pétursson . . . . . 1875—1879
   og 1883—1885
2. Bergur Thorberg 1881
3. Árni Thorsteinsson . . . . . 1886—1887
   og 1893—1903
4. Benedikt Kristjánsson . . . . . 1889—1891
5. Júlíus Havsteen . . . . . 1905—1907
   og 1912
6. Kristján Jónsson. 1909
7. Jens Pálsson 1911
8. Stefán Stefánsson . . . . . 1913—1914

VI. Skrifarar efri deildar 1875—1914.

1.	Ólafur Pálsson	1875
2.	Bergur Thorberg	1875
3.	Magnús Stephensen	1877—1885
4.	Benedikt Kristjánsson	1877, 1881 og 1886
5.	Eiríkur Kúld	1879
6.	Sigurður Melsted	1883
7.	Hallgrímur Sveinsson	1885
8.	Jón Ólafsson	1886—1889 og 1905
9.	Jakob Guðmundsson	1887
10.	Jón A. Hjaltalín	1889—1897
11.	Þorleifur Jónsson	1891—1894 og 1897—1899
12.	Jón Jakobsson	1895, 1899 og 1903
13.	Ólafur Ólafsson	1901
14.	Sigurður Jensson	1901—1903 og 1907
15.	Eggert Pálsson	1902
16.	Björn M. Ólsen	1905—1907
17.	Kristinn Daníelsson	1909—1911
18.	Steingrímur Jónsson	1909—1914
19.	Björn Þorláksson	1912—1914

VII. Forsetar neðri deildar 1875—1914.

1.	Jón Sigurðsson, þm. Ísf.	1875—1877
2.	Jón Sigurðsson, þm. Þing.	1879—1883 og 1886—1887
3.	Grímur Thomsen	1885
4.	Benedikt Sveinsson	1889, 1893 og 1895
5.	Þórarinn Böðvarsson	1891, 1894
6.	Þórhallur Bjarnarson	1897—1899
7.	Klemens Jónsson	1901—1903
8.	Magnús Stephensen	1905—1907
9.	Hannes Þorsteinsson	1909—1911
10.	Magnús Andrésson	1912—1913
11.	Ólafur Briem	1914

VIII. Skrifarar neðri deildar 1875—1914.

1.	Halldór Kr. Friðriksson	1875—1877 og 1883—1885
2.	Guðmundur Einarsson	1875
3.	Ísleifur Gíslason	1877—1879
4.	Björn Jónsson	1879
5.	Eiríkur Briem	1881
6.	Magnús Andrésson	1881—1883
7.	Eiríkur Kúld	1885
8.	Jón Þórarinsson	1886—1887
9.	Páll Ólafsson	1886—1891
10.	Sigurður Jensson	1889—1891
11.	Klemens Jónsson	1893, og 1895—1899
12.	Einar Jónsson	1893—1901
13.	Guðlaugur Guðmundsson	1894, 1901
14.	Árni Jónsson	1902—1907
15.	Jón Magnússon	1902—1907
16.	Jón Ólafsson	1909
17.	Bjarni Jónsson	1909
18.	Eggert Pálsson	1911—1914
19.	Björn Þorláksson	1911
20.	Jón Jónsson	1912—1913
21.	Guðmundur Hannesson	1914

F.

Skrifstofustjórar Alþingis 1875—1914.[1]

1.	*Magnús Stephensen* (A. II. 3)	1875
2.	*Kristján Jónsson* (B. 34)	1877, 1887 og 1891
3.	*Magnús Andrésson* (C. IX. 7)	1879
4.	*Lauritz E. Sveinbjörnsson* (B. 28)	1881—1883

[1]) Á þingunum 1845—1873 voru ekki skrifstofustjórar. En aftur á móti höfðu forsetar Alþingis sérstaka skrifara, er munu hafa haft með höndum lík störf og nú hafa skrifstofustjórar. Þessir voru skrifarar forseta 1845—1873:

1. *Jens Sigurðsson* (C. X. 3) 1845
2. *Þórarinn Böðvarsson* (C. X. 7) 1847
3. *Hans Theodor Thorstensen*, síðar stud. theol. (f. 22. sept. 1832, d. 9. júní 1860) 1849

5. *Páll Briem* (C. XIV. 12) 1885
6. *Gestur Pálsson*, skáld, ritstjóri (f. 25. sept. 1852, d. 19. ág. 1891) 1886, 1889
7. *Jón Jensson* (C. XI. 10) 1893
8. *Jón Þorkelsson* (C. XI. 13) 1894
og 1901—1905
9. *Steingrímur Johnsen*, cand. theol., söngkennari í Reykjavík (f. 10. des. 1846, d. 3. jan. 1901) . . . . . 1895—1899
10. Rasmus *Morten Hansen*, skólastjóri (f. 20. okt. 1855) 1907
11. *Einar* Gísli *Hjörleifsson*, skáld (f. 6. des. 1859) . . . . . 1909—1911
12. *Halldór Daníelsson*, yfirdómari (f. 6. febr. 1855) . . . . . 1912—1913
13. *Einar Þorkelsson*, skrifari (f. 11. júní 1867) 1914

---

4. *Jón Jakobsson*, síðar prestur í Glæsibæ (f. 12. maí 1834, d. 19. jan. 1873) . . 1853
og 1857—1859
5. *Stefán Stephensen*, síðar prestur á Mosfelli (f. 20. jan. 1832) 1855
6. *Þorvaldur Jónsson*, síðar læknir á Isafirði (f. 3. sept. 1837) . . . . . 1861—1863
7. *Páll Melsted* (C. XIV. 2) . . . . . 1865—1873

Það hafa enn þá ekki fundist full rök fyrir því, hver verið hafi skrifari forseta Þjóðfundarins 1851. En það er ætlan fróðra manna og minnugra, að þá hafi forsetaskrifari verið *Sigurður Melsted* (B. 24), og virðist það allsennilegt, þegar þess er gætt, að Páll amtmaður Melsted, faðir Sigurðar, var forseti fundarins.

Leiðréttingar.

Á bls 3, 3. neðanmálsgrein, stendur: „1. *Pétur Guðjohnsson* (C. X. 6) . . . 1861—1863“, en mun vera réttara:

1. *Pétur Guðjohnsson* (C. X. 6) . . . . 1861—1863, 1869.

Á. bls. 4, 1. neðanmálsgrein, stendur: „Samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 á landritari sæti á Alþingi í forföllum ráðherra“. En þetta er ekki allskostar nákvæmt. Þó að 1. gr. nefndra stjórnarskipunarlaga mæli svo fyrir: „Nú deyr ráðherra, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra“, þá sýna þessi ákvæði 10. gr. greindra laga: „Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á Alþingi fyrir sína hönd“, að það er ekki óhjákvæmilega lögbundið, að landritari fari með umboð ráðherra á Alþingi, en það hefir verið venja.

Á bls. 8, við „13. Einar Thorlacius“, í stað 1885 *komi* 1886.

Á sömu bls. (í Norður-Múlasýslu) hefir óvart fallið úr í prentuninni, næst á eftir „19. Jóhannes Jóhannesson“ o. s. frv.:

Einar Þórðarson, prestur á Hofteigi, síðar á Desjarmýri (f. 7. ág. 1867, d. 6. ág. 1909) . . . . . 2. þm. 1903—1907